Alþingi 1948.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1948, mánudaginn 11. október, var sextugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það 51. aðalþing í röðinni, en 83. samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Jón Guðjónsson steig í stólinn og lagði út af Mark. 1.15.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Auður Auðuns, 3. (vara) þm. Reykv.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
4. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
5. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
6. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
7. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
8. Björn Kristjánsson, þm. N-Þ.
9. Björn Ólafsson, 1. þm. Reykv.
10. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
11. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
12. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
13. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Guðm. Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
19. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
20. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
21. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
22. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
23. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
24. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
25. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
26. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
27. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
28. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
29. Jónas Jónsson, þm. S-Þ.
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
31. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
32. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
33. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
34. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
35. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
36. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
37. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
38. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
39. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
40. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
41. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
42. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
43. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
44. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
45. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi, nema Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm., og Jónas Jónsson, þm. S-Þ.

Ókomnir voru til þings:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. N-Ísf.
2. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
3. Hermann Jónasson, þm. Str.
4. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
5. Ólafur Thors, þm. G-K.
6. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
7. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 23. fyrra mánaðar var gefið út svolátandi

forsetabréf um, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. okt. 1948:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1948 skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík 23. sept. 1948.
Sveinn Björnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Frá endurreisn Alþingis fyrir 105 árum er þetta 83. samkoma þess, en frá því er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 74 árum, er þetta þing hið 68. í röðinni, en 51. aðalþing.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum."

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, mælti: „Lifi Ísland". — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forseti kvaddi nú elzta þingmanninn, Björn Kristjánsson, þm. N-Þ., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs Alþingis. Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurð Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (BK): Háttvirtu alþingismenn. Frá því er síðasta þingi sleit hefur einn hinna mikilhæfustu manna úr vorum hópi fallið frá, Pétur Magnússon bankastjóri og fyrrv. fjármálaráðherra. Vér kvöddum hann hér um síðustu páska heilan á húfi, að því er virtist, en skömmu síðar tók hann hættulega veiki og fór til Ameríku til þess að leita sér lækninga, en þar lézt hann eftir uppskurð 26. júní síðastliðinn í Boston, sextugur að aldri.

Pétur Magnússon fæddist á Gilsbakka í Hvítársíðu 10. janúar 1888, sonur séra Magnúsar Andréssonar og konu hans Sigríðar Pétursdóttur Sivertsens. Hann útskrifaðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1911 og lauk lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 4 árum síðar, 1915, gerðist þá starfsmaður í Landsbankanum og hafði það starf á hendi til 1920. Í rúm 20 ár þar á eftir, eða til 1941, hafði hann með höndum málaflutningsstörf í Reykjavík og varð hæstaréttarlögmaður 1921, en gegndi á því árabili ýmsum öðrum störfum, var framkvæmdastjóri Ræktunarsjóðs Íslands 1924—1930 og bankastjóri í Búnaðarbankanum 1930—1937. Árið 1941 var hann skipaður bankastjóri í Landsbankanum og gegndi þeim starfa að því sinni um þriggja ára skeið, til 1944, en þá varð hann fjármála- og viðskiptamálaráðherra og fór einnig með landbúnaðarmál. Þegar hann lét af því embætti í febrúar 1947, hvarf hann að málflutningsstörfum í nokkra mánuði, en var aftur í nóvember s. á. skipaður landsbankastjóri, og það starf hafði hann á hendi til dauðadags. Á Alþingi átti hann alls sæti í 13 ár og sat á 16 þingum, var landskjörinn þingmaður 1930—1933 og aftur 1942—1946, þingmaður Rangæinga 1933—1937 og þingmaður Reykvíkinga frá 1946. Í bæjarstjórn Reykjavíkur sat hann á árunum 1922—1928 og var forseti bæjarstjórnar. Af öðrum störfum, er hann hafði á hendi, má nefna, að hann átti sæti í milliþinganefnd í kjördæmamálinu 1931—1932 og var nokkrum sinnum á síðari árum stjórnskipaður í sáttanefnd í meiri háttar vinnudeilum.

Í öllum þeim ábyrgðarmiklu störfum, er Pétur Magnússon hafði á hendi og nú hafa verið að nokkru rakin, naut hann almannatrausts og virðingar framar flestum öðrum mönnum, jafnt í hópi andstæðinga sem samherja, þótt hann kæmist ekki hjá því að verða stundum fyrir aðkasti, eins og dæmin gerast um forustumenn á stjórnmálasviðinu, enda var maðurinn óvenjulega starfshæfur, að hverju sem hann gekk, glöggskyggn lögfræðingur, kunni góð skil á aðalatriðum og aukaatriðum, manna þýðastur í viðmóti, góðviljaður og greiðvikinn. Að eðlisfari var hann maður hlédrægur og sóttist lítt eftir frama eða vegtyllum, en hann var þeim hæfileikum búinn, viti, réttsýni, þekkingu og mannkostum, að hann komst ekki undan því að takast á hendur hin mikilvægustu trúnaðarstörf í þarfir þjóðfélagsins, þótt honum væri það oft þvert um geð. Og öll störf sín rækti hann af alúð og kostgæfni.

Oss er öllum í fersku minni, hver áhrifamaður hann var á þingi, hverjum manni betur máli farinn, rökfastur og fylginn sér, en þó jafnan stilltur, hófsamur og orðprúður. Í eðli sínu var hann ekki bardagamaður, þó að hann væri vel vopnum búinn og manna vaskastur að beita þeim, ef til þurfti að taka, heldur friðarhöfðingi og mannasættir, seinþreyttur til stórræða.

Alþingi og öll þjóðin hefur misst einn sinna færustu og beztu manna.

Ég vil biðja hv. þingmenn að votta minningu Péturs Magnússonar virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Þá vil ég einnig minnast tveggja þjóðkunnra fyrrverandi alþingismanna, er látizt hafa á þessu sumri, Magnúsar Torfasonar sýslumanns, er andaðist 14. ágúst síðastl., áttræður að aldri, og Héðins Valdimarssonar forstjóra, er andaðist 12. f. m., á 57. aldursári.

Magnús Torfason fæddist 12. maí 1868 í Reykjavík, sonur Torfa bókhaldara Magnússonar prests í Eyvindarhólum Torfasonar og konu hans Jóhönnu Jóhannsdóttur verzlunarstjóra í Vestmannaeyjum Bjarnasonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1889 og lauk síðan á tæpu 4½ ári, veturinn 1894, lögfræðiprófi við háskólann í Kaupmannahöfn. Á

sama ári, um haustið, var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu og fékk veitingu fyrir því embætti á næsta ári. Á sýslumannsárum sínum í Rangárvallasýslu bjó hann jafnframt góðu búi á Árbæ í Holtum. Tæpum 10 árum síðar, vorið 1904, var honum veitt Ísafjarðarsýsla og bæjarfógetaembættið á Ísafirði, og hafði hann það embætti á hendi í 17 ár, til 1921, en það ár var honum veitt sýslumannsembættið í Árnessýslu, og gegndi hann því til þess, er honum var veitt lausn frá embætti frá árslokum 1936, en þá fluttist hann til Reykjavíkur. Hafði hann þá verið sýslumaður í 42 ár samfleytt. Á Alþingi átti hann sæti í tæp 19 ár samtals og sat á 21 þingi, var fyrst þingmaður Rangæinga á þinginu 1901, þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar 1916—1919, þingmaður Árnesinga 1924—1933 og loks landskjörinn þingmaður 1934—1937. Hann var forseti sameinaðs Alþingis á árunum 1927—1929. Af öðrum störfum, er hann gegndi í almenningsþarfir, má nefna, að hann átti í mörg ár sæti í bankaráði Útvegsbankans.

Magnús Torfason var umsvifamikill og röggsamur embættismaður, fljótur að úrskurða mál eða afgreiða á annan hátt, reglusamur og verkhygginn og var sérstaklega sýnt um að stýra farsællega fjármálum sýslna þeirra og bæjarfélaga, er hann veitti forstöðu.

Hann var stórbrotinn í lund, kappsfullur og óvæginn við andstæðinga, ef því var að skipta, en mildur við alþýðu manna og vildi jafnan rétta hlut þeirra, er miður máttu sín í þjóðfélaginu, og bæta kjör þeirra.

Á Alþingi lét hann allmikið að sér kveða og háði hér marga hildi. Einkum lét hann til sín taka sjálfstæðismálið og skipaði sér þar á bekk með þem, sem kröfuharðastir voru fyrir landsins hönd. Hann var, eins og kunnugt er, annar þeirra þingmanna, er hafna vildu sambandslagasamningnum við Dani 1918.

Með Magnúsi Torfasyni er til moldar genginn einn hinna aðsópsmestu embættismanna landsins á þessari öld.

Héðinn Valdimarsson fæddist í Reykjavík 26. maí 1892, sonur Valdimars ritstjóra Ásmundssonar bónda í Flögu í Þistilfirði Sæmundssonar og konu hans Bríetar ritstjóra Bjarnhéðinsdóttur bónda í Böðvarshólum Sæmundssonar. Hann lauk stúdentsprófi í menntaskólanum í Reykjavík 1911 og hagfræðiprófi í háskólanum í Kaupmannahöfn 1917. Að loknu embættisprófi varð hann skrifstofustjóri landsverzlunar og gegndi því starfi til 1926. Þá stofnaði hann Tóbaksverzlun Íslands og var framkvæmdastjóri hennar til 1929, en árið 1928 stofnaði hann Olíuverzlun Íslands og var forstjóri hennar til dauðadags.

Þegar á námsárum hneigðist hugur hans að stjórnmálum, og hallaðist hann snemma að jafnaðarstefnunni. Þegar hann kom heim frá námi, gekk hann í Alþýðuflokkinn, sem þá var nýstofnaður, gerðist brátt einhver helzti forustumaður hans og átti manna mestan þátt í að móta og skipuleggja starfsemi hans. Hann var formaður stærsta verkamannafélags landsins, Dagsbrúnar, í 15 ár, átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur í 7 ár, 1922—1929, var þingmaður Reykvíkinga um 15 ára skeið samfleytt, 1927—1942 og sat á 21 þingi. Af öðrum störfum, er hann hafði á hendi, eru þau helzt, að hann var skipaður í verðlagsnefnd 1920, átti sæti í bankaráði Landsbankans 1930—1934, var formaður fiskimálanefndar 1935—1937, formaður Byggingarfélags alþýðu frá stofnun þess 1931 og var tvívegis skipaður í samninganefndir við erlend ríki um viðskiptamál. Hann var einn af stofnendum Sameiningarflokks alþýðu — sósialistaflokksins og fyrsti formaður hans, 1938—1939, en gekk þá úr flokknum af ástæðum, sem ekki verða raktar hér, og var utan flokka þau ár, sem eftir voru af kjörtímabilinu. Upp frá því hætti hann opinberum afskiptum af stjórnmálum.

Héðinn Valdimarsson var maður skapmikill og harðskeyttur, skeleggur baráttumaður, vikingur til vinnu og framkvæmda og hinn mesti áhrifamaður. Fyrir ötula forgöngu hans á þingi var sett löggjöf um ýmsar réttarbætur alþýðu manna til handa, svo sem lög um verkamannabústaði og alþýðutryggingar.

Héðins Valdimarssonar mun jafnan verða minnzt sem eins hinna dugmestu frumherja jafnaðarstefnunnar hér á landi.

Ég vil einnig biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum sínum til virðingar við minningu þessara merku fyrrverandi þingmanna. [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (BK): Borizt hefur bréf frá miðstjórn Sjálfstfl., þar sem skýrt er frá því, að einn alþm., hv. 3. þm. Reykv. (HB), hafi óskað eftir því, að varamaður hans, frú Auður Auðuns, taki sæti hans fyrst um sinn, þar sem hann er staddur erlendis. — Bréfið er stílað til forseta sameinaðs þings.

Þetta þarf ekki að takast fyrir af kjördeild í þinginu, því að frú Auður hefur áður setið á þingi og réttur hennar þá verið rannsakaður. Tekur hún nú sæti á þingi fyrst um sinn vegna fjarveru aðalmanns.

Rannsókn kjörbréfs.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁÁ, ÁS, BK, BrB, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJós, PZ, SK, SÁÓ, SkG, StSt, ÞÞ.

2. kjördeild:

ÁkJ, BÁ, EOl, EE, GÞG, HÁ, HermG, IngJ, JJós, KTh, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, StgrA.

3. kjördeild:

BG, BSt, BBen, BÓ, EmJ, GTh, AuA, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, LJóh, PÞ, StJSt, StgrSt.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Björns Ólafssonar, 1. þm. Reykv., og fékk 1. kjördeild bréfið til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr salnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur haldið fund og athugað það eina kjörbréf, sem lá fyrir henni til athugunar, þ. e. kjörbréf Björns Ólafssonar. Hefur öll kjördeildin, eftir að hafa athugað bréfið, orðið sammála um að mæla eindregið með því, að kjörbréfið verði tekið gilt og þm. taki hér sæti á Alþingi.

ATKVGR.
Till. kjördeildarinnar samþ. með 32 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Aldursforseti (BK): Þá lýsi ég yfir því, að Björn Ólafsson tekur sæti á Alþingi, og verður lagt fyrir hann að undirrita drengskaparyfirlýsingu, eins og venja er til um nýkjörna þingmenn.

Hinn nýi þingmaður, Björn Ólafsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Aldursforseti (BK): Ríkisstj. hefur óskað þess, að ekki yrði meira aðhafzt á þessum fundi, en kosningu forseta og skrifara verði frestað til klukkan 2 á morgun. Þá vænti ég, að þm. mæti hér stundvíslega.

Þriðjudaginn 12. október, kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið. Pétur Ottesen, þm. Borgf., og Finnur Jónsson, þm. Ísaf., voru nú til þings komnir.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sömu skrifara og í fundarbyrjun, þá Sigurð Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kosning forseta.

Þá lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,

með 25 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 30 atkv. — Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm., fékk 8 atkv., Finnur Jónsson, þm. Ísaf., 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn síðari varaforseti,

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 31 atkv. — Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm., fékk 4 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst fór fram kosning skrifara sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SkG, á B-lista SK. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir skrifarar án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Þar eð fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Sigurður Guðnason (C),
Lárus Jóhannessson (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin á dagskrá kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti skýrði frá, að skv. ósk ríkisstj. yrði leitað afbrigða um að fresta kosningu í fjárveitinganefnd og utanríkismálanefnd. Voru þau afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Tekin var til meðferðar kosning í allsherjarnefnd. — Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Rétt kjörnir án atkvgr. voru því í

allsherjarnefnd:

Ingólfur Jónsson (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Sigurður Bjarnason (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Jón Gíslason (B),
Jón Sigurðsson (D).

Á 3. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fjárveitinganefnd. — Fram komu fjórir listar, og voru þar tilnefndir jafnmargir menn og kjósa skyldi. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr. í

fjárveitinganefnd:

Gísli Jónsson (D),
Helgi Jónasson (B),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Sigurður Kristjánsson (D),
Sigurjón Á. Ólafsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Pétur Ottesen (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Ingólfur Jónsson (D).

Á sama fundi var tekin á dagskrá kosning í utanríkismálanefnd.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Sþ., 19 okt., var kosningin tekin til meðferðar. Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa, bæði við kosningu aðalmanna og varamanna. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. í

utanríkismálanefnd:

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Gunnar Thoroddsen (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Jóhann Hafstein (D).

Varamenn:
Björn Ólafsson (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Jóhann Jósefsson (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Bjarni Benediktsson (D).

Kosning fastanefnda.

Þingfararkaupsnefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar. — Fram komu fjórir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kjörnir voru því í nefndina án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Sigurður E. Hlíðar (D),
Hannibal Valdimarsson (A).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Birni Kristjánssyni. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. landsk. þm.
3. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
4. Björn Kristjánsson, þm. N-Þ.
5. Björn Ólafsson, 1. þm. Reykv.
6. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
7. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
8. Gísli Jónsson, þm. Barð.
9. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
10. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
11. Hermann Jónasson, þm. Str.
12. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
13. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allur þorri þdm. var á fundi. Ókomnir voru til þings Hermann Jónasson og Steingrímur Aðalsteinsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eirík Einarsson og Pál Zóphóníasson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 11 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson hlaut 2 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu 1. varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.,

með 12 atkv. — Auðir seðlar voru 2.

2. varaforseti var kosinn

Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.,

með 11 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 2 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BK, á B-lista EE. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., og
Björn Kristjánsson, þm. N-Þ.

Sætaskipun.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera þá ósk fram, að veitt verði afbrigði frá hlutkesti um sætaskipun.

Forseti (BSt): Ég get ekki veitt afbrigði frá þingsköpum. Hæstv. ríkisstj. verður að leyfa þau og d. að samþ. Mun ég nú leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 8:1 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar. Voru á þeim hverju sinni jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Björn Ólafsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Einarsson (D),
Björn Kristjánsson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Eiríkur Einarsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (D),
Björn Kristjánsson (B),

Björn Ólafsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Björn Ólafsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Eiríkur Einarsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Björn Ólafsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Lárus Jóhannesson (D),
Hermann Jónasson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þm. voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti. Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Auður Auðuns, 3. (vara) þm. Reykv.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
4. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
7. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
11. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
12. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
15. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
16. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
17. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
18. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
19. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
20. Jónas Jónsson, þm. S-Þ.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
23. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
24. Ólafur Thors, þm. G-K.
25. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
26. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
27. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
28. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
29. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
30. Sigurður E. Hliðar, þm. Ak.
31. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allur þorri þdm. var á fundi. Ókomnir voru til þings Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf., Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M., og Ólafur Thors, þm. G-K.

Aldursforseti deildarinnar, Jörundur Brynjólfsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Ingólf Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.,

með 15 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk eitt atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.,

með 21 atkv. — Sigfús Sigurhjartarson fékk 6 atkv., Sigurður Bjarnason 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 20 atkv. — Sigfús Sigurhjartarson fékk 1 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista IngJ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Jón Sigurðsson,
9. — — Katrín Thoroddsen,
10. — — Sigurður Bjarnason,
11. — — Helgi Jónasson,
12. — — Áki Jakobsson,
13. — — Sigfús Sigurhjartarson,
14. — — Gunnar Thoroddsen,
15. — — Jónas Jónsson,
16. — — Jón Gíslason,
17. — — Stefán Stefánsson,
18. — — Sigurður Kristjánsson,
19. — — Auður Auðuns,
20. — — Pétur Ottesen,
21. — — Halldór Ásgrímsson,
22. — — Jóhann Hafstein,
23. — — Gylfi Þ. Gíslason,
24. — — Skúli Guðmundsson,
25. — — Steingrímur Steinþórsson,
26. — — Ólafur Thors,
27. — — Sigurður Guðnason,

28. sæti hlaut Sigurður E. Hlíðar,
29. — — Jörundur Brynjólfsson,
30. — — Einar Olgeirsson,
31. — — Finnur Jónsson,
32. — — Hermann Guðmundsson,
33. — — Ásgeir Ásgeirsson,
34. — — Jón Pálmason,
35. — — Lúðvík Jósefsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C, D, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Thors (D),
Skúli Guðmundsson (A),
Einar Olgeirsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (C),
Hallgrímur Benediktsson (D).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Jón Gíslason (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Barði Guðmundsson (B),
Stefán Stefánsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Pálmason (B),
Steingrímur Steinþórsson (D),
Sigurður Guðnason (C),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Jón Sigurðsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (A),
Halldór Ásgrímsson (C),
Áki Jakobsson (D),
Finnur Jónsson (B),
Pétur Ottesen (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Sigurður E. Hlíðar (B),
Páll Þorsteinsson (D),
Hermann Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Ingólfur Jónsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar (A),
Helgi Jónasson (D),
Katrín Thoroddsen (C),
Gylfi Þ. Gíslason (B),
Hallgrímur Benediktsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (B),
Páll Þorsteinsson (D),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Barði Guðmundsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

8. Allsherjarnefnd.
Stefán Stefánsson (A),
Jörundur Brynjólfsson (D),
Áki Jakobsson (C),
Finnur Jónsson (B),
Jóhann Hafstein (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Happdrættislán ríkissjóðs.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs [26. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 50).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum áður útgefnum, og í raun og veru eru framkvæmdirnar búnar, að minnsta kosti fyrsta atrennan. N. er með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Fyrirsögn frv. skiptir í sjálfu sér litlu, en það virðist vera óþarfi að hafa þetta fyrirhugað og gæti komið til mála að láta það falla niður. Kannske verður síðar flutt um það brtt. við 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég kann ekki við að láta þetta mál fara gegnum d. án þess að láta álit mitt í ljós. Ég tel, að stj. hafi í þessu máli valið þá verstu leið, sem hægt var að velja. Ég hef frá öndverðu talið happdrætti mesta ólán, þau ala á verri kenndum manna og styðja að öryggisleysi í öllum hlutum. En stj. ýtir undir happdrættið, öryggisleysið. „Spilið þið bara. Setjið bara allt á guð og gaddinn og farið á hausinn á milli" — það er sú hugsun, sem kemur fram í frv. Þessi hugsunarháttur hefur fram að þessu verið framandi öllum ráðandi mönnum þjóðarinnar, en nú notar stj. sjálf happdrætti. Ef vel gengur, græðist, annars fæst ekkert. Ég fyrirlít þetta af hjartans grunni, en sjálfsagt verður þetta samþ. hér, því að „hasard" er nú orðið talinn sjálfsagður í öllum hlutum, en ég vil hafa í þeim öryggi.

En það er einnig annað, sem er athugavert í sambandi við þetta frv., og það er það, að hér er gengið inn á þá braut að leyfa mönnum að svíkjast undan skatti. Út frá mínum bæjardyrum séð er það sjálfsagður hlutur, að vinningarnir eiga að vera skattskyldir eins og aðrar tekjur, hitt hefur aðeins spillandi áhrif á hugsunarhátt manna. Og undir öllum kringumstæðum þarf að breyta frv. svo, að ljóst liggi þó fyrir, að menn eigi að greiða skatt af þeirri eign, sem myndast vegna vinninga í happdrættinu.

Hv. þm. Dal. gat þess, að l. væru þegar framkvæmd, og að sjálfsögðu verður gerð leiðrétting á fyrirsögn frv. í samræmi við það. Ég mun ekki bera fram neinar brtt. við frv., heldur greiða atkv. gegn því. Sá hugsunarháttur, sem býr að baki frv., er óforsvaranlegur og andstæður öllu því, sem heilbrigt er. — Ég vildi segja þessi orð til þess að láta í ljós álit mitt á þessu frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls. — Það vill vera svo, að sínum augum lítur hver á silfrið, og það má vera, að einhverjir séu sama sinnis og hv. 1. þm. N-M., sem talaði hér síðast og fordæmdi frv. með svo sterkum orðum, að varla verður sterkara að orði kveðið. En það er öllum kunnugt, að verðbólgan og þær niðurgreiðslur og uppbætur, sem ríkisstj. er að reyna að standa undir, hafa haft í för með sér yfirdrátt við Landsbankann, sem skiptir tugum millj. kr., og venjulegar tekjuöflunarleiðir hafa því ekki orðið nægilegar. Sú leið, sem hér er farin, hefur verið reynd bæði í Danmörku og Svíþjóð með góðum árangri, m. a. verður þetta til þess að draga úr seðlaveltunni, og það er ekki hvað síst ríkissjóði til góðs. Það vita líka allir, að Háskóli Íslands er byggður upp fyrir fé, sem fengizt hefur með happdrætti, og engum hefur þótt þetta hneykslanlegt, þótt þar sé áhættan miklu meiri en í sambandi við þetta lán ríkissjóðs, þar sem engin hætta er á því, að menn missi stofnfé sitt. Það er því fjarri því, að hér sé um nokkurt glæfrafyrirtæki að ræða,

stofnféð er tryggt, og auk þess hafa menn mikla möguleika til þess að verða fyrir happi. Það er kannske líka vert að geta þess, að þjóðbankinn hefur hvatt til þessara aðgerða, og þau hvatskeytlegu orð, sem hv. 1. þm. N-M. lét sér um munn fara, stefna því jafnmikið að stj. bankans og ríkisstj. Það vita líka allir, að happdrætti, bæði þörf og óþörf, eru daglegur viðburður, en enginn mun efa það, að ekkert þeirra á eins tryggan grundvöll og þetta happdrætti ríkissjóðs. Ég ber ákaflega mikla virðingu fyrir áhuga hv. 1. þm. N-M. varðandi sálarheill almennings, en skýzt, þótt skýrir séu. Þótt menn í fljótræði reiði hátt til höggs, verður stundum lítið úr. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vil að endingu minna hv. 1. þm. N-M. á það, að ætli hann að gera þetta mál að hneykslunarmáli, þá hefur hann ekki bara ástæðu til þess að tala við ríkisstj., heldur líka við stj. Landsbankans.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður, því að hæstv. fjmrh. hefur tekið flest það fram, er ég vildi segja, enda þýðir það lítið að teygja lopann við hv. 1. þm. N-M., en það er kannske ástæða til að vekja athygli hans á því, að fullir vextir eru greiddir af þessu láni, 5 % að því að mér skilst. Hitt er svo annað mál, að skipting þessara vaxta er komin undir happi, svo að verið getur, að einn fái meira en annar. — Ég verð að segja, að mér finnst sæmra að eyða fé sínu í þetta en að eyða því í fjárhættuspil. — Ef athugað er, hverjir hafa keypt þessi bréf, kemur m. a. í ljós, að menn kaupa þau handa börnum sínum og láta sig litlu skipta vextina, þar sem þeir vita, að stofnféð er tryggt og kemur þeim í hendur að 15 árum liðnum. Að öllu athuguðu er ég ekki í efa um, hvar mitt atkvæði fellur í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það skiptir mig engu, hvort aðrar þjóðir hafa farið þessa leið. Hér er verið að lokka fólk til þess að spila „hasard", og það er jafnillt, þó að aðrir geri það líka. Við þurfum og eigum að gera það, sem okkur finnst rétt, en ekki apa allt eftir öðrum. Af því hefur verið gert nóg, sbr. t. d. stjórnarskrá okkar.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er nauðsynlegt að draga úr seðlaveltunni, en það mátti gera það með fleiri leiðum en þessari. Í fyrra vetur benti ég hæstv. ráðh. á leið, sem er miklu happasælli en þessi leið og ég veit, að hann hefur hugsað um fyrr og síðar. Það var ekki mín hugmynd, þótt ég ætti tal við hann um hana. Ég skal ekki fara nánar út í það. Ég gæti hugsað, að það þyrfti að gera meira til að draga úr seðlaveltunni en þetta happdrættislán. Það má tala um það seinna, hvað heppilegast er að gera í því efni. Hæstv. ráðh. vitnaði í það, að hér væru mörg önnur happdrætti. Ég hélt, að þau væru öll með leyfi ríkisstj. Ég held, að happdrætti væru óleyfileg nema með leyfi ríkisstj. Það þarf leyfi stj. til að halda tombólu og bögglauppboð, ef það fer út fyrir mjög þröngan félagshring. Það er stj., sem gefur leyfin, og hún ber ábyrgð á öllum happdrættum. Þó að hún hafi áður gefið óheppileg leyfi til slíkra hluta, þá bætir það ekki úr að bæta þessu síðasta við.

Hæstv. fjmrh. fór að tala um, að ég sem ráðunautur hefði átt að sjá um öryggi 1936, þegar karakúlfé var flutt inn. Lögin um innflutning karakúlfjár voru samþ. löngu fyrr. Ég var ekki á þingi þá. En ég sá ásamt Metúsalem Stefánssyni um samningu frv. um innflutning sauðfjár, sem lög voru samþ. um 1931—32. Og ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ég setti það ákvæði til öryggis í frv., að fé skyldi einangrað í 2 ár á eyju og enginn samgangur fjár skyldi vera við það frá landi, þar til víst væri, að það væri heilbrigt. Það skyldi líka rannsakað, hvaða gagn mætti hafa af því, áður en það yrði flutt til lands, en Alþ., sem þá sat, tók þetta út úr frv. Þessi ákvæði voru því ekki í lögunum. Ég gerði þess vegna það, sem mér bar að gera, til þess að reyna að skapa það öryggi, sem þar þurfti að vera, en aðrir tóku það burt, þar á meðal hæstv. ráðh. Það kemur þessu máli ekki við, og ég ræði því ekki meira um það, en sem sagt, hvað sem gert er af hálfu þess opinbera til að draga úr öryggi, þjóðfélagslegu og atvinnulegu öryggi, og til að ýta undir þá losaratilfinningu, sem mörgum er í brjóst borin, það tel ég illa gert. Og það tel ég gert með þessu happdrætti.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er leiðinlegt, að þetta skyldi grípa hv. þm. á þennan hátt. Ég fer að halda, að þetta sé sannfæring hans, sem hann er að tala. Það er alveg þveröfugt við það, sem hann segir, þegar, eins og hér er ástatt, að seðlaveltan er búin að ná því hámarki, sem hún hefur haldið í langan tíma og seðlainnköllunin út af fyrir sig gat ekki stöðvað. Það sótti í sama horfið aftur. Menn héldu, að hún mundi minnka verulega og varanlega við innköllun seðlanna, en eftir misseri sótti hratt og jafnvel hraðara en áður í sama horfið. Samfara þessu eru miklir peningar milli handa manna víðs vegar um landið og vöruþurrð í landinu, örlítið hægt að kaupa af gagnlegum hlutum og allt skammtað, sem menn geta veitt sér. Aðstaðan verður þannig, að menn hafa nóg af peningum, en lítið gagnlegt til að kaupa fyrir þá, og ég tel það ekki nema til bóta, að ríkið geri ráðstöfun til að draga úr seðlaveltunni, eins og þá, sem hér um ræðir. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði um þetta happdrætti. Það verður fyrir einhverja menn, sem taka þátt í því, happdrætti, en á hinn bóginn verður það ekki til skaða eða tjóns fyrir neinn, sem tekur þátt í því. Þetta er yfirleitt þægileg leið til að draga saman fé, eyða því ekki. Þetta fé, sem lagt er í bréfin, er sett fast þau árin, sem um er að ræða, þangað til þau verða á sínum tíma innleyst. Það er að því er virðist orðið happdrætti, sem hefur hertekið huga hv. þm., en ef hann hugsar rólega um málið og athugar það með skynsemi, hvað um er að ræða, sér hann, að hér

er ekki verið að gera neitt til skaðræðis fyrir landsfólkið, alls ekki. — Um þörf ríkissjóðs fyrir að afla lánsfjár á þennan hátt þarf ég ekki að eyða mörgum orðum. Ég hef ekki haft neina ánægju af því að sitja uppi í fjmrn. mánuðum saman og vera í stökustu vandræðum með að svara út því, sem réttilega hefur verið þaðan krafið samkv. ákvörðunum Alþ. Þetta hefur svona gengið um alllangan tíma, svo að séð frá þeirri hlið líka er verið að létta undir á þennan hátt með fjáröflun. Það er verið að gera tilraun til að draga úr seðlaveltunni og gefa þeim, sem það vilja, tækifæri til að spara fé, leggja það til hliðar vissan árafjölda, og svo eiga eigendurnir vissan aðgang að höfuðstólnum aftur, en er um leið gefið tækifæri til að hagnast á því á þennan hátt, sem hér segir.

Það var ein aths. hv. 1. þm. N-M., sem ég fór óviljandi fram hjá, sem var réttlát. Hitt var allt óréttlátt. Það var þetta, að það er gengið nokkuð til móts við kaupendur happdrættisbréfanna, til þess að örva þá til að kaupa þau, á þann hátt, að þau eru ekki skattskyld að öllu leyti. Ég skal játa, að það er rétt athugað hjá hv. þm., að það má telja frá „skattteknisku" sjónarmiði vafasama ráðstöfun. Það var álitið af öllum, sem um þetta hafa fjallað, nauðsynlegt, að einhver uppörvun væri fyrir fólkið til þess að það frekar léti peninga fyrir þessi bréf, heldur en að eyða þeim á annan hátt, og út frá þeirri hugsun var sett inn í frv. þetta ákvæði um skattfrelsi að hálfu leyti. Ég skal játa, að um hentisemi þeirrar stefnu má deila.

Það er svo ekki á þann veg að skilja, að ekki hafi verið reyndar margar aðrar aðferðir til þess að ná inn fé. Við höfum setið og sitjum með lánsheimild ofan á lánsheimild til ýmissa framkvæmda í landinu, sem við höfum hvað eftir annað otað framan í lánsstofnanir og reynt að fá fé út á þá. Þrátt fyrir það að seðlaveltan er svona mikil, þá er sífellt meiri vandkvæðum bundið að fá banka og lánsstofnanir til að lána, jafnvel ríkinu, fé til langs tíma. Það er ekki svo, að allar dyr aðrar hafi staðið opnar ríkisstj. til fjáröflunar og hún hafi bara upp á „fikt," ef nota mætti það orð, farið inn á þessa leið, sem hér um ræðir. Þó að undarlegt sé, er lánsfé ákaflega takmarkað og lánsfjármöguleikar, og það verður að vonum, að eftirspurnin eftir slíku fé er gífurleg og er búin að vera það í fleiri ár. Á hinn bóginn er það vitað af seðlaveltunni, að ákaflega mikið af lausu fé er manna á meðal, og það var álit landsbankastj. og ríkisstj., að þetta fé væri miklu betur farið að einhverju leyti fest í þessum happdrættisbréfum ríkissjóðs en eytt í þarft og óþarft, kannske allt of mikil óþarfakaup á ýmsu, sem hér er á boðstólum, bæði leyfilega og óleyfilega. Hv. þm. segist ekki leggja upp úr því, þó að slík lán sem þetta ættu sér stað hjá öðrum þjóðum, og yfir höfuð að tala ekki miða sitt álit við það, hvað aðrar þjóðir gerðu í þessum málum. Hv. þm. er frjáls að því að hafa sína skoðun um þetta, eins og aðrir að taka tillit til hennar. Hitt er þó rétt, að svona lánsfjáröflun og fjárfesting hefur verið notuð hjá Svíum og Dönum og reynzt þar ákaflega góð og auðveld, og þess vegna varð okkur hér starsýnt á þessa fjáröflunarleið. Það, sem gert er með góðum árangri í þjóðfélagsmálum hjá nágrannalöndum okkar, er a. m. k. þess vert að athuga það og taka tillit til þess. Ég er ekki að segja, að við eigum að apa í öllum hlutum í blindni eftir öðrum þjóðum, en við getum aldrei horft fram hjá þeirri staðreynd, þegar um jafnskyldar þjóðir og Svía, Dani og Íslendinga er að ræða, að hafi einhver þjóðfélagsleg aðgerð gefizt vel í einu landinu, þá má einkennilega við bregða, ef hún er alveg forkastanleg í öðru landinu. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vona, að hv. d. fallist á álit fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun aðeins gera örstutta athugasemd. Það hefur glatt mig, að hæstv. fjmrh. reyndi ekki að verja það, sem ég hafði hér vítt, að hér væri verið að ýta undir lægstu hvatir þjóðarinnar. Hitt er ég sammála honum um, að það þarf að taka peninga úr veltu. Til þess eru margar aðrar aðferðir en sú, sem hér er reynd og venur menn á að eiga allt á hættu. Það þarf að uppræta þann hugsunarhátt og reyna að innræta hverjum manni að starfa þannig, að hann sé fjárhagslega öruggur. En það er það, sem hæstv. ríkisstj. vinnur á móti með þessu frv. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um, að peningum þarf að ná úr umferð, en til þess eru margar miklu heppilegri leiðir en þessi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að standa upp hvað eftir annað til að andmæla hv. 1. þm. N-M. Það er eins og hann sé hertekinn af einhverri sótt, sem elnar, eftir því sem ég reyni að bera honum lyf og smyrsl og reyni að fá hann til að skilja eðli málsins. Ég verð alvarlega að mótmæla því, að með þessu sé stj. að spila á lægstu hvatir manna. Þetta er svo fáránleg staðhæfing, að ég er alveg hissa á, að hv. þm. skuli láta sér þetta um munn fara. Hvað leggja menn í hættu, sem kaupa þessi bréf? Þeir leggja það í hættu, að þeir festa peninga í 15 ár, vaxtalaust. Þeir hafa svo aftur á móti talsverð tækifæri, til að fá þessa peninga margfalda í happdrættinu, og í öllu falli verða vextir greiddir til einhverra þeirra, sem spilað hafa í happdrættinu. Að meðaltali verða um 5% vextir greiddir. Ég er hissa á, að hv. þm. skuli láta sér sæma að halda fram staðhæfingum, eins og hann hefur gert, eftir að hafa þekkt málið frá öndverðu og eftir að reynt hefur verið að skýra það hér út. Það er á engan hátt unnið að öryggisleysi með þessari aðferð til að afla ríkissjóði lánsfjár og hvergi komið nálægt því að blekkja fólk eða hafa áhrif í þá átt að minnka öryggi þess. Ég verð að vísa þessum orðum hv. þm. á bug sem algerlega órökstuddum sleggjudómi, sem mér er erfitt að skilja, hvernig hefur orðið til í huga hans. En það skeður svo margt undarlegt á þeim bæ, og þetta er ef til vill eitt af því. Það væri

líka ákaflega undarlegt, ef stjórn þjóðbanka landsins, sem beinlínis hefur ráðlagt ríkisstj. að fara þessa leið, hefði missýnzt eins hrapallega og vera mundi, ef réttur væri dómur hv. 1. þm. N-M. Ég hef heyrt marga mæta menn segja, eftir að þetta happdrættislán ríkisins fór af stað, að það væri mjög að þeirra skapi, og meira að segja hafa menn hvatt ríkisstj. að halda áfram á sömu leið, til þess að reyna að festa fé til framkvæmda í landinu, fé, sem annars fer viðs vegar, og festa það ríkissjóði til hagsbóta og eigendum þess til öryggis, því að það er öryggi í því, ef menn hafa of mikið fé milli handa, að binda það til ákveðins tíma í öruggu láni. Það er ekki öryggisleysi, heldur öryggisráðstöfun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 8. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. N. þarf að athuga þetta mál betur í samráði við fjmrh. Ég vildi því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Forseti (BSt): Ég verð að sjálfsögðu við þessari ósk, og er því málið tekið út af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 27, 80).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur komið fram með nokkrar breytingar á frv., sem enn hafa ekki komið okkur í hendur, en ég held, að ég muni þær, þrátt fyrir það að ég hef ekki þskj. fyrir framan mig.

Það er þá fyrst, að fellt sé niður orðið „fyrirhugað" í fyrirsögn frv., þar sem þegar er búið að taka lánið. Síðan er brtt. við 1. gr., sem gengur í þá átt, að taka má fleiri lán samkvæmt frv. Þá er brtt. við 3. gr., sem líka stefnir í þá átt, að stj. hafi óbundnar hendur um það að bjóða út fleiri lán, ef henni sýnist.

Það var og kunnugt, að fjmrh. hefur haft með höndum undirbúning að frv. til heimildar um lántöku, en hæstv. stj. álítur, að sérstaka heimild þurfi. Það var á það minnzt, að það frv. yrði falið fjhn. þessarar hv. d., en mér er sagt, að því muni verða skotið til fjhn. hv. Nd. Það skiptir að vísu ekki miklu máli, en ég tel rétt, að þessi mál fylgist að. Sem sagt, fjhn. Ed. hefur orðið sammála um að flytja þær brtt., er ég hef getið um, á þskj. 80, og allir nm. eru sammála um þær.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi fá skýringu hjá hv. þm. Dal. viðvíkjandi 1. gr. Eins og hún er orðuð, skilst mér, að ekki sé heimilt að leggja útsvar eða tekjuskatt á vinningana, en það má líka fara lengra og segja, að hún feli í sér, að aldrei megi leggja útsvar né eignarskatt á þá eign, er myndast vegna vinninganna. Ég geri ráð fyrir því, að átt sé bara við það ár, er menn fá vinningana, en eins og þetta er orðað nú, má alveg eins túlka það á þann veg, að aldrei megi leggja á þetta útsvör eða tekjuskatt. Ég held, að það þurfi að athuga þetta atriði betur, því að þótt margir vilji styðja þessi lán, hygg ég, að enginn sé með því, að þessi undanþága gildi um tíma og eilífð.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það má vera, að hægt sé að fetta fingur út í orðalag 1. gr. frv., en n. sá ekki ástæðu til þess að gera neina breyt. í þessu sambandi. Ég held sannast að segja, að þetta orðalag sé ekki svo hættulegt og verði ekki til ásteytingar. Ég fæ ekki betur séð en það feli í sér, að vinningarnir séu undanskildir útsvari og tekjuskatti, þegar þeir koma inn, en svo ekki lengur. Auðvitað vex eignin, og því er ákveðið, að þeir skuli ekki undanþegnir eignarskatti.

Það má athuga þetta, en ég sé tæpast ástæðu til þess að breyta því, þetta verður naumast túlkað nema á einn veg, ekki heldur af ríkisskattanefnd. Ég held, að hér sé ekki nein verulég hætta á ferðum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þetta mál, en hér hefur komið fram fyrirspurn, sem ég tel, að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. ættu að svara, svo að ekki leiki neinn vafi á því, hvort slíkur vinningur er útsvarsskyldur eða ekki, og ekki verði neinar deilur um það í framtíðinni. Mér skildist, að hér væri aðeins um skattfrelsi að ræða það ár, sem tekjurnar tilfalla, eins og er um Happdrætti Háskóla Íslands, en það er full ástæða til þess, að það komi skýrt fram, hvort svo er eða ekki.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég skal játa það, að ég hef lítið lagavit, en ég verð að segja, að mér virðist orðalag 1. gr. nægilega skýrt, en í niðurlagi hennar stendur: „og skulu þá vinningar þess undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti". Í mínum huga nær sú undanþága, sem hér er um að ræða, til þeirra gjalda, sem lögð eru á af hálfu hins opinbera og miðuð við tekjur, hvort sem um ríki eða bæjar- eða sveitarfélög er að ræða. Eignarskatturinn er hins vegar undantekinn. Hann á að greiða. Mér virðist gr. skýra sig sjálf.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er enginn efi á því, að vinningarnir eru gjaldfrjálsir það ár, sem þeir falla. En segjum, að barn fái 200 þús. kr. vinning, og segjum, að þessum vinning sé komið vel fyrir og það fái vexti af honum. Barnið á þá 200 þús. kr. eign, og á þessa eign má leggja útsvar undir venjulegum kringumstæðum, allt upp í 6% þar, sem útsvör

eru hæst. En nú stafar þessi eign frá vinningi í happdrættisláninu, og er þá leyfilegt að leggja útsvar á hana? Eins og 1. gr. hljóðar nú, er ljóst, að það má ekki. Þótt það hafi verið ætlunin, að þessir vinningar væru útsvarsfrjálsir á fyrsta ári, þá held ég, að það hafi ekki vakað fyrir neinum, að þeir yrðu útsvarsfrjálsir um alla tíð. Ég held því, að það þurfi að breyta þessu, þó að ég muni ekki bera fram neina brtt. um það. Því vitlausari sem þessi lög eru, því betra.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur komið fram hér í umr., að ekki er ætlazt til þess, að útsvarshlífð verði nema í eitt skipti, eins og ætlazt er til, að tekjuskattur falli niður í eitt skipti. Um þetta held ég að ekki geti ráðið neinn efi. Ef ég man rétt, eru ákvæðin um þetta í l. um happdrætti Háskóla Íslands hliðstæð því, sem hér er gert ráð fyrir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mér finnst ekki ástæða til að taka það fram í l., að bæjar- og sveitarsjóðir missi ekki eignarútsvar. Samkvæmt l. missir ríkissjóður tekjuskatt og bæjar- og sveitarfélög útsvör, en ríkið heldur eignarskattinum, og þá virðist sanngjarnt, að bæjarfélögin haldi eignarútsvarinu.

Forseti (BSt): Þetta er 3. umr. málsins, og fer því fram fullnaðaratkvgr. um málið, nema umr. verði frestað. Ég tel engan vafa á því, að ákvæði gr. eiga aðeins við það ár, sem vinningurinn til fellur, því að vinningurinn er ekki tekjur nema það eina ár. Ég skal hins vegar doka við, ef einhver vildi bera fram skriflega brtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér datt í hug, að aftan við 1. gr. mætti bæta: „eða útsvari af eign". Mér skilst, að það mundi skera úr um þetta atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. réttilega benti á. Það má segja, eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, að þetta sé ekki alveg vafalaust.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hæstv. dómsmrh., þess efnis, að aftan við brtt. á þskj. 80, 2. tölul., bætist: „eða útsvari af eign". Það þarf tvöföld afbrigði til þess að þessi till. komi til meðferðar, og vil ég leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 87) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins spyrja, úr því að þessi brtt. er komin fram, hvort hugsunin sé, að heimilt sé að leggja á eignarútsvar þegar á fyrsta ári. Það held ég, að hæstv. fjmrh. hafi aldrei hugsað sér. Ef þessi brtt. er samþ., sé ég þó ekki annað en heimilt sé að leggja á eignarútsvar þegar á fyrsta ári, sem numið getur 6%.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði, og bæta því við, sem raunar öllum er vitanlegt, að þessar skattívilnanir eru til þess gerðar að gera það aðgengilegra fyrir fólk að kaupa þessi bréf, svo að ekki verði strax allt tekið í skatta. Brtt. sú, sem fram er komin, er að mínu áliti dálítið tvíræð. Ég álít það óheppilegt, ef þannig fer, að almenningi finnist, að ríkið hafi dregið að sér hendina í þessum efnum. Annars virðist mér, að hér sé að nokkru leyti verið að deila um keisarans skegg. Það vita allir, að vinningarnir eiga að vera undanþegnir opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

Af því að hér í hv. d. hafa komið fram deildar meiningar um þetta mál og af því að það er í fyrsta lagi sjálfsagt, að ekki sé deilt um framkvæmd þess, en menn líta misjöfnum augum á þetta atriði, og mér virðist hv. n., sem ég lái henni ekki, ekki hafa tekið þetta atriði sérstaklega til athugunar, þætti mér tilhlýðilegt, að hv. n. fengi þetta aftur til athugunar og hæstv. forseti vildi fresta umr. og taka málið út af dagskrá. En ég vil láta þau ummæli fylgja til hv. n., að ég væri mjög leiður yfir því, ef þetta frv. yrði afgr. þannig frá Alþ., að þjóðin yfirleitt yrði þess vör eða fyndi til þess, af orðalagi frv. eða öðru, að nokkurn skapaðan hlut væri verið að draga í land með þessum l. af því, sem lofað var í sambandi við þetta happdrætti og hugsað er, að gildi fyrir fleiri slík lán, ef til kemur. Það er talsverð uppörvun, eins og skattálagning og útsvarsálagning er hér, ef menn geta fengið fyrirheit um að eiga einhverja aura í friði fyrir þessari ásælni skattyfirvaldanna, frá ríki og bæjum, sem höfð hefur verið í frammi, og þetta er hugsað þannig af minni hálfu, að það yrði ekki annað, sem krafið yrði af viðkomandi vinningshandhöfum, heldur en eignarskattur. Það er þess vegna mín ósk, að hv. n. vildi athuga frv. frekar, ekki fyrir það, að hún hafi haft nokkurt handahóf á vinnubrögðum sínum, heldur hitt, að hér hafa í hv. d. komið fram skiptar skoðanir um málið, og hins vegar liggur málinu ekki svo mikið á, að ástæða sé til að afgreiða það í flaustri. Till. dómsmrh. þarf ekki að taka aftur, en er þó ef til vill heppilegra, ef hv. n. fær hana til athugunar, að hún þurfi ekki að koma undir atkv. hér.

Forseti (BSt): Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að fresta umr., svo að n. gefist kostur á að athuga málið á ný, ef þess þykir þurfa, en mér þykir rétt að veita þeim orðið, sem þegar hafa kvatt sér hljóðs, áður en umr. er frestað, ef þeir óska þess að tala nú.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég flutti þessa brtt. vegna þess, að mér virtist það rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að ef frv. er samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir, þá er erfitt að skilja það á annan veg heldur en þann, að þessi eign eigi að halda áfram að vera undanþegin eignarútsvari ætíð meðan hún finnst, ekki aðeins fyrsta árið, heldur ætíð. Það er að vísu rangt, sem mér skildist á hans orð-

um, að tekjur af þessu ættu að vera undanþegnar sköttum. Ég hef aldrei skilið frv. svo, að eignin ætti að halda áfram að vera útsvarsfrjáls ætíð meðan hún finnst, og ég efast um það, þrátt fyrir ummæli hæstv. fjmrh., að honum hafi dottið sú skýring í hug. Þess vegna finnst mér aths. hv. 1. þm. N-M. að þessu leyti á fullum rökum reist og nauðsynlegt sé að breyta frv. í þetta horf. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að gera hér upp á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er nú vitað mál, að eignarútsvar er yfirleitt ákaflega lítið hvarvetna á landinu. Ég held, að það fái ekki staðizt, að það sé 6% nokkurs staðar á landinu, og trúi ég varla, að það yrði talið útsvar á eign, þó að það væri sérstaklega tilbúið af þessu tilefni. Það yrði þá að liggja fyrir líka, að slíkur eignarskattsskali hefði verið settur og honum fylgt af viðkomandi sveitarfélagi, ekki aðeins í þessu eina tilfelli, heldur almennt. Ég get þá ekki séð, að þetta sé varhugavert, ef menn eru sammála um, og ég held, að allir séu sammála um, að þetta komi inn í eignarskattsgreiðslur, bæði hjá ríki og bæjum, eftir fyrsta árið. Annað er óframkvæmanlegt, að ætla að fara að halda þessari eign sérskilinni, og sé ég þá ekki, að það muni neinu, þó að það komi undir eignarskattsframtalið á fyrsta ári. Það stendur ekki til, að hér sé um að ræða almenna útsvarsálagningu, heldur aðeins eignarútsvar, og venjulega er það aðeins brot úr 1% og hefur ekki neina þýðingu til þess að fæla einn einasta mann frá að kaupa þessa hluti, eða til hins, að hægt sé að líta á það sem svik eða brigðmælgi við nokkurn mann. Það er aðeins eðlilegt, að sveitarfélögin verði jafnrétthá og ríkið, og það væri aðeins hæverska af ríkinu að gera sig sjálft réttlægra, heldur en að svipta sveitarfélögin þeim rétti, sem ríkið æskir til handa sjálfu sér. Mér finnst þess vegna sú aths. hv. 1. þm. N-M. rétt, að ef ekki er fyrirvari um þetta í frv., þá verði afleiðingin önnur en til var ætlazt, sem sé sú, að það eigi að halda þessari eign sérskilinni hjá þessum aðilum, og ekki megi leggja á hana útsvar. Þetta hlýtur að enda í glundroða, og verður að finna leið gegn því. Ég er mjög ásáttur með, að málinu verði frestað og n. fái það til athugunar aftur. Ég held ekki fast við orðalagið á brtt. minni, ef menn komast að annarri leið, sem mér finnst betri, og skal ég þá með ánægju draga hana aftur, en mér finnst eðlilegt, að hún gangi til hv. n. að svo komnu máli með frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður, þar sem bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Barð. eru búnir að láta í ljós skoðun sína á þessu máli. En ég er dálítið hissa á hæstv. dómsmrh. Honum hefur oft farizt höndulegar með till. en í þetta skipti. Ég sé ekki, að till. hans lækni það á nokkurn hátt, sem hv. 1. þm. N-M. vildi fá ákveðið fram. Það er ekkert sagt með þessu. En ef það er skoðun þeirra, að enn komi ný gjöld af þessum vinningum, þá er það vægast sagt mjög óheppilegt, af því að í flestum umdæmum, þar sem lagt er á útsvar, einkum í sveitum, er erfitt að gera greinarmun á eignarskatti og tekjuskatti. Enda er í útsvarslögunum hreint út sagt, að leggja skuli á eftir efnum og ástæðum, og á þann hátt er svo leitazt við að jafna byrðina, en binda sig ekki mjög fast við skalann sjálfan. Ef það á að verða útkoman hér hjá ríkisstj., að gefin séu út brbl. — og seldir happdrættismiðar samkv. þeim, — þar sem enginn vafi er á því, hvernig beri að skilja, hvaða gjöld eða skatta eigi að greiða samkv. þeim, en svo, þegar menn eru búnir að kaupa þessi bréf, þá er á Alþ. verið að læða nýjum gjöldum inn, eftir á, halda menn þá, að það verði hægara fyrir ríkisstj. að koma út, núna á sama ári, skuldabréfum, eftir að búið er að tilkynna, að menn eigi að borga meira en stóð í l.? Þetta er algerlega ófært. Ég hef því miður ekki athugað happdrættislög Háskólans eins vel og skyldi, en ég hygg, að það mundi vera nægilegt til lögjafnaðar að fara eftir fyrirmælum, sem þar eru, um það, hvort þetta skuli ná til fleiri ára eða ekki. Ég get ekki fellt mig við þá skýringu hæstv. dómsmrh., að þetta eigi að ná til fleiri ára eða allt til 15 ára. Það vandast mikið málið, þegar jafnskýr og ágætur lögfræðingur kemur með þessar lagaskýringar. Það má vera, þó að maður hefði ekki tekið þetta allt of hátíðlega, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, þá sé maður þarna búinn að fá erfiðara hlutverk að leysa en annars hefði orðið.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Út af þeim ágreiningi, sem hér hefur komið fram varðandi þetta skattfrelsi, þá vil ég leyfa mér að benda á eina leið, sem mér finnst bæði eðlileg og enn fremur mun vera einhver einfaldasta leiðin í þessu máli. Hún er sú, að þessir væntanlegu vinningar verði algerlega undanþegnir öllum opinberum gjöldum það ár, sem þeir falla til, síðan ekki meir, þ. e. a. s. að ríkið taki ekki heldur eignarskatt það ár. Þá gæti þessi brtt., sem hér liggur fyrir frá n., verið þannig, að felld yrðu burt síðustu orðin, „öðrum en eignarskatti", en í staðinn komi, „það ár, sem þau falla" eða eitthvað líkt, sem n. gæti orðað. Ég held, að þetta sé bezt í samræmi við þá hugsun, sem liggur til grundvallar hjá ríkisstj., þ. e. a. s. að örva menn til að kaupa bréfin, og sá skattur, sem ríkið tapaði við að fella líka niður eignarskattinn, mundi ekki skipta verulegu máli fyrir afkomu ríkisins. Með því yrði líka komið í veg fyrir það misræmi, sem réttilega hefur verið bent á nú, að ætti sér stað milli ríkis og sveitarfélaga, því að ef ríkið tæki ekki eignarskatt það árið, biðu sveitarfélögin heldur ekki órétt eða verulegt fjárhagslegt tjón, þó að það ákvæði næði til þess, að ekki yrði heldur sett á eignarútsvar þetta eina ár, sem vinningar féllu. Hins vegar mundi það leiða af sjálfu sér, að bæði ríkið og sveitarfélögin mundu innheimta af þessu eignarskatt og útsvar, eftir því sem ástæður þættu til á hverjum stað, eftir að þetta ár væri liðið. Mér finnst, að þetta muni vera einfaldasta leiðin. Ég ætla ekki að flytja neina till. um þetta, þar sem ákveðið er að fresta

umr., en vildi aðeins skjóta því til n., fyrst hún fær málið til meðferðar á ný, að athuga, hvort þetta er ekki einfaldasta lausnin á málinu.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Ed., 11. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 27, 80, 87, 89, 90).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Við umr. voru víst flestir búnir að tala sig dauða, svo að hér verður sennilega ekki langt mál um þetta atriði, enda útrætt að flestu leyti. En ég skal taka fram, að fjhn. athugaði þessa till. á þskj. 80 og féllst á það, til þess að enginn vafi væri á, hvað hér er um að ræða, að bera fram till. þá, sem er á þskj. 90 og tekur af allan vafa um það, hvað langt það nær þetta skattfrelsi, sem er af happdrættisláninu. En aftur á móti er komin fram till., sem ég hafði ekki vitað um áður, hvernig yrði orðuð, frá hv. 1. þm. N-M. og er á þá leið, að það falli niður, að eignarskattur verði tekinn af þessu, eins og var í brbl., og yrði þá allmikil breyt. á l. frá því, sem áður var. Hv. 1. þm. N-M. hefur verið hér í húsinu, og hélt ég, að hann kæmi hingað. Mér skildist, að hann mundi taka till. sína aftur, en ég hef ekki umboð til þess og verð að óska, að atkvæði gangi um hana. En við fjhnm. vorum sem sagt sammála um það að bera fram þessa brtt., sem hér er á þskj. 90 og er þannig, að aftan við 2. lið 1. gr. bætist: á því ári, sem þeir falla til útborgunar. En hvað viðvíkur brtt. á þskj. 87 þá hefur hæstv. dómsmrh. tjáð mér, að hann mundi taka hana aftur, og lýsti yfir því við mig, að ég hefði heimild til að kalla hana aftur. Ég vænti þess, að hæstv. forseti vefengi mig ekki varðandi þetta, og tek ég því till. aftur. Þetta mál hefur nú verið allmikið rætt, og ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar, heldur læt hér staðar numið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það gleður mig, að hv. frsm. fjhn. og n. í heild hafa séð villu síns vegar og komið fram með brtt. á þskj. 90. Ég skal með ánægju taka mína till. aftur. Henni var kastað fram í gær til þess að opna augu manna fyrir því, hve lögin eru vitlaus. Hér með tek ég hana aftur. Það er gott að vita, að þetta atriði er svo ljóst, að það þarf ekki að valda deilum í framtíðinni, en það hefði það gert, ef það hefði ekki verið umbætt.

ATKVGR.

Brtt. 87 og 89 teknar aftur.
— 90 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 80,2, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 80,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 80,1 (orðið „fyrirhugað" falli úr fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 103).

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 135).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég vil bara geta þess, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta fjallar um það, ef fjmrh. ákveður að nota lántökuheimild ríkissjóðs með happdrættisláni, að þá skuli allir vinningarnir, sem upp koma, vera undanþegnir sköttum nema eignarskatti. Ég tel nú vera varhugavert að ganga lengra á þeirri braut að undanþiggja vissa aðila sköttum en komið er. Hins vegar veit ég, að margir þm. eru meðmæltir þessu, en í nál. fjhn. er bent á, að nauðsynlegt sé, að þeir, sem njóta skattfrelsis vegna þess, að þeir hafi hlotið happdrættisvinning, geti sannað vinning sinn með vottorði. Ef eignaraukning kemur fram á því ári, mun það venja, að hún sé í samræmi við tekjuaukninguna, og áætlar skattanefnd skattana eftir því. Ef nú tekjur eiga sér stað, sem ekki er skylt að telja fram, getur framtal þeirra, sem hlotið hafa happdrættisvinning, sýnt óeðlilega eignaraukningu á árinu, sem ekki kemur fram í tekjuframtalinu. Það er því nauðsynlegt fyrir skattanefndir, að menn geti fært sönnur á tekjurnar. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann vilji setja í reglugerð ákvæði um það, að þeir, sem vinning fá í happdrættisláninu, geti fengið vottorð fjmrn. fyrir því, að þeir hafi hlotið vinning. Ég vildi fá að heyra álit hæstv. ráðh. um þetta.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir afgreiðsluna á þessu máli, og vona ég, að það gangi fljótt og vel í gegnum þingið. Út af aths. hv. þm. V-Húnv. vil ég láta þess getið, án þess að hefja umr. um skattfrelsi almennt, þá er það vitað, að peningar til útlána liggja ekki lausir meðal þjóðarinnar eins og sakir standa, en þetta mál er tilkomið til þess að gefa fólki kost á því að lána ríkissjóði, um leið og það hefur möguleika til þess að hafa eitthvað að sækjast eftir. Það er því lagt til, að þeir, sem hljóta vinning, verði undanskildir tekjuskatti. Það er vitað mál, að eftir núgildandi skattalöggjöf mundu þeir, sem fengju háan drátt, hafa lítið eftir, ef það heyrði undir núgildandi skattaákvæði og reglur. Ég hef þá trú, að ríkissjóður hefði fyrr getað aflað sér hærri rekstrarlána með þessum hætti, ef upp hefði verið tekinn — ef það hefði verið gert nógu snemma að gera

það aðgengilegt fyrir borgarana að lána ríkinu fé — einmitt að lána ríkinu fé. Ég endurtek: Það þarf að gera þjóðinni aðgengilegt að lána ríkinu fé. Með þeim hætti, sem hér er lagt til, hefði mátt ná og má ná tugum milljóna kr., sem greiða fyrir framkvæmdum og framförum í landinu. Varðandi spurningu hv. þm. til mín um framkvæmd þessa máls, þá er ég honum í höfuðatriðum sammála. Stjórnarvöldin þurfa að láta gjaldþegna sína hafa full sönnunargögn í höndunum, til þess að þeir geti sannað fyrir skattanefndum, að um vinningspeninga hafi verið að ræða. Ég skal fúslega láta taka til athugunar í fjmrn., að það gefi skattanefndum greinileg fyrirmæli í reglugerð um skattfrelsi vinninga happdrættislánsins og að þeir aðilar, sem greiða út vinningana (í Reykjavík ríkisféhirðir), gefi vottorð um vinning númers, um leið og vinningur er borgaður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

2. Skemmtanaskattur.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949 [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 49).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er aðeins framhald á ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Það er ekki um neinar breytingar að ræða, nema ekki er krafizt skattauka af íslenzkum kvikmyndum. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 136).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 151).

---

3. Virkjun Sogsins.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Í 1. um virkjun Sogsins frá 23. apríl 1946 er gert ráð fyrir í 7. gr., að ríkið og Reykjavíkurbær taki upp samninga um sameign og sam-

rekstur Sogsvirkjunarinnar. Samkvæmt þessu hófust viðræður milli atvmrn., sem fer með raforkumál ríkisins, og borgarstjórans í Reykjavík og annarra þeirra, sem fara með þessi mál fyrir hönd bæjarins, um væntanlega samninga milli ríkis og bæjar um þessa samvinnu og sameign. Þessar umræður hófust snemma sumars 1947, og hefur þeim verið haldið áfram síðan milli fulltrúa frá atvmrn. annars vegar og Reykjavíkurbæ hins vegar. Nú á þessu sumri var þessum samningum lokið í bili með sameiginlegri niðurstöðu og samkomulagi um samning. Í 7. gr. l. er gert ráð fyrir, að þegar ríkið verður meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þá verði það eigandi að henni hálfri og fari þá fram samningar um, að ríkið yfirtaki eignir þær, sem Reykjavíkurbær á í Sogsvirkjuninni, og ef ekki náist samningar, þá fari fram mat, þannig að það verði metið, hvað ríkinu ber að greiða bænum. En það varð samkomulag um að láta þessa eign myndast með öðru móti, m. ö. o. þannig, að ríkið eignist smátt og smátt Sogsvirkjunina í hlutfalli við þá orkunotkun, sem ríkið hefur í virkjuninni á hverjum tíma. Þetta fyrirkomulag er tekið upp í 5. gr. samningsins, og vil ég lesa hana upp til skýringar, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarhlutföll Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs í Sogsvirkjuninni skulu vera sem hér segir:

Við undirskrift samnings þessa verður Reykjavíkurbær eigandi að 85 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 15, og skal svo haldast, þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 65 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 35, og skal svo haldast, þar til lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 50 hundraðshlutum og ríkissjóður að 50, og skal svo haldast áfram.

Ríkissjóður verður eigandi að mannvirkjum þeim, sem fyrir eru í fyrirtækinu í framangreindum hlutföllum, þegar hann hefur tekið á sig þá ábyrgð, er segir í 7. gr., og aðrar þær skuldbindingar, sem ríkið gengst undir með samningi þessum.“

Með þessu fyrirkomulagi verður ríkið automatiskt eigandi að Sogsvirkjuninni á móti Reykjavíkurbæ eftir þeim hlutföllum, sem notkunin segir til við orkuaukninguna. Koma því ekki til greina sérstök kaup eða mat á þeim eignum, sem fyrir eru.

En í sambandi við þessa niðurstöðu breytast ástæðurnar fyrir því, hvernig stjórn þessa fyrirtækis skuli skipuð. Þannig var gert ráð fyrir í l., að stjórnin væri þannig skipuð, að Reykjavíkurbær skipaði tvo menn, ríkið tvo, en hæstiréttur þann fimmta sem oddamann. En þetta ákvæði var byggt á því, að ríkið og Reykjavíkurbær ættu þetta fyrirtæki að jöfnum hlutum. En við þessa breytingu var farið fram á það af hálfu Reykjavíkurbæjar, að sú breyt. yrði gerð á fyrirkomulagi stjórnarinnar, að á meðan Reykjavíkurbær á yfirgnæfandi meiri hluta í fyrirtækinu, þá skipaði hann þrjá menn, en ríkið tvo, þangað til hlutföllin yrðu þannig, að ríki og bær ættu jafnmikið, þá komi þetta upphaflega ákvæði í gildi, að hvor aðili tilnefni tvo menn og hæstiréttur einn. Mér þótti eðlilegt f. h. ríkisins að ganga inn á þessa breyt. á fyrirkomulagi stj., með því líka að ég hef kynnt mér, að það er mjög svipað því fyrirkomulagi, sem nú er í gildi og hefur verið komið á í sambandi við sameign Noregs og Óslóborgar í virkjuðum fallvötnum. Um þetta varð samkomulag milli atvmrn. og fulltrúa þess, m. a. raforkumálastjóra, sem hefur haft forgöngu um þessa samninga, og borgarstjóra hins vegar og bæjaryfirvaldanna, og vil ég í því sambandi lesa upp bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, þar sem hann staðfestir þetta samkomulag. Það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér að staðfesta, að nú um nokkurra mánaða skeið hefur verið unnið að samningagerð milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um það mikilvæga málefni, með hverjum hætti ríkisstjórnin skuli verða meðeigandi Sogsvirkjunarinnar samkvæmt 7. grein laga um virkjun Sogsins, nr. 28 23. apríl 1946.

Ég staðfesti, að bæjarráð mun fyrir sitt leyti samþykkja meðfylgjandi samningsfrumvarp að efni til, en það frumvarp hefur verið rætt af fulltrúum bæjarráðs við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, Jakob Gíslason raforkumálastjóra og Ólaf Jóhannesson prófessor, og að síðustu við Gunnlaug E. Briem skrifstofustjóra.

Samkvæmt samningsfrv. verður ekki hjá því komizt að gera þær breytingar á gildandi lögum um virkjun Sogsins, er að framan getur, að 8. gr. laganna verði breytt í það horf, er í samningsfrv. greinir.

Ég vísa til viðtals við hæstv. atvinnumálaráðherra um þetta málefni og staðfesti samkomulag við hann um, að nauðsyn beri til breytinga á 8. gr. Sogsvirkjunarlaganna, til að samningar megi takast, og staðfesti jafnframt þá sameiginlegu skoðun okkar, að til þess að ganga megi hið fyrsta frá fullnaðarsamningum, sé æskilegt, að gefin verði út bráðabirgðalög um framangreinda lagabreytingu.“

Ég tel, að eins og sakir standa, séu þetta mjög hagkvæmir samningar og vil þakka borgarstjóra og bæjaryfirvöldum að því leyti, sem þau hafa fjallað um þetta mál. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 57).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Um þetta frv. er nú ekki mikið að segja. Það er stutt og hefur enda verið nokkuð hreyft við 1. umr. Landbn. hefur haft það til meðferðar og fallizt á að samþ. það óbreytt. Til skýringar frv. fylgir hér uppkast að samningum, sem rík-

isstj. og Reykjavíkurbær hafa gert með sér. Sömuleiðis fskj. 2, bréf borgarstjórans í Rvík, þar sem hann lýsir sig samþykkan frv., og fskj. 3, bréf raforkumálastjóra, þar sem einnig hann telur þessa samningagerð heppilega.

Landbn. er sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt, og telur mjög heppilegt, að ríkisstjórnin og Reykjavíkurbær skuli hafa komið sér saman um mál það, er hér um ræðir.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., 12. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Mér finnst rétt að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Eins og hv. þm. sjá, þá er sú breyting, sem farið er fram á, að verði gerð á þessum l., að víkja við einni grein gildandi laga um virkjun Sogsins, frá 1946. Í þeim l. er svo kveðið á, að ríkinu sé heimilað að vera meðeigandi Reykjavíkurbæjar að Soginu og þeim mannvirkjum, sem þar rísa. Nú hafa ríkisstjórnin og bæjarstjórnin staðið á annað ár í samningum til þess að komast á grundvöll með það, hvernig slíkt gæti orðið. Í l. frá 1946 er svo kveðið á, að gert er ráð fyrir, að ríkið kaupi helming eigna Reykjavíkurbæjar í Sogsvirkjuninni, og er greint frá þessu í 8. gr. l., að þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn. Lagt er til, að stjórnin skuli vera skipuð til þriggja ára í senn. Það þótti eðlilegt, að Reykjavíkurbær hefði helming fulltrúanna í stjórn fyrirtækisins, enda er hér um sameiginlega eign ríkis og bæjar að ræða, og svipuð leið mun vera farin víða annars staðar, þar sem líkt er ástatt, t. d. í Noregi á milli Óslóborgar og ríkisins.

Hv. Nd. tók þessu máli vel, og leyfi ég mér að vænta, að þessi hv. d. afgr. málið með skilningi og velvild og að málinu verði vísað til hv. iðnn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 153).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, er um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 23. sept. s.l. Málið hefur þegar legið fyrir Nd. og verið samþykkt. Iðnn. þessarar deildar hefur haft það til meðferðar og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Efni frv. er eins og sjá má af grg., sem þó er nokkru fyllri í nál. iðnn. Nd. — Það virðist liggja ljóst fyrir, að þessa breytingu þurfi að gera samkvæmt gerðum samningum, og tel ég óþarft að fjölyrða um þetta. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermJ, PZ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, EE, GJ, GÍG, BSt.
6 þm. (JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BÓ, BrB) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 170).

---

4. Bifreiðaskattur o. fl. (stjfrv. um hækkun benzíntolls 1948).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.* [27. mál] (stjfrv., A. 28).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þess að fjmrh. er ekki kominn, vil ég að nafninu til gera grein fyrir þessu frv. Eins og menn sjá, var nauðsynlegt að setja brbl. um skattheimtu þá, sem hér um ræðir, vegna þess að það beinlínis gleymdist að framlengja heimildina til að innheimta gjald þetta, en hins vegar er þó gert ráð fyrir þessum tekjum í sjálfu lagafrv. Það var því nauðsynlegt að setja brbl. um þetta, og er þetta frv. flutt til staðfestingar á þeim.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 52, 48).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Með l. nr. 84 frá 1932 var svo ákveðið, að leggja skyldi 4 aura innflutningsgjald á hvern l af innfluttu benzíni. Fyrir nokkru var ákveðið að hækka þetta gjald upp í 9 aura, en þessi hækkun var þó tímabundin, þ. e. a. s. miðuð við eitt ár í senn. Síðan hefur þessi hækkun verið framkvæmd árlega, en 1947 gekk hún úr gildi. Í fjárlögum fyrir 1948 var gert ráð fyrir því, að ríkið hefði tekjur sem samsvaraði þessu 9 aura gjaldi, en það fórst fyrir að leggja fram frv. um þetta, og stj. varð því að gefa út bráðabirgðalög þau, sem nú hafa verið lögð fyrir d. Í nál. á þskj. 52 leggja 4 nm. það til, að frv. verði samþ. óbreytt. Álitinu til rökstuðnings skal á það bent, að ríkissjóður hefur haft þessar tekjur og má ekki af þeim missa. Einn af hv. nm. varð að hverfa af fundi, og kemur því ekki hans skoðun fram í nál. Á þskj. 48 ber hv. 8. landsk. fram tvær brtt. við frv., og gengur önnur út á það, að tekjur þær, sem fást samkv. ákvæðum þessara l., skuli renna til brúargerðar og að fyrst skuli byggð brú á Jökulsá í Lóni. Þessi brtt. kom ekki fram fyrr en n. hafði tekið sína afstöðu, og get ég því ekki sagt neitt um afstöðu n. til hennar. Ég vildi óska þess, að hún yrði tekin aftur til 3. umr., svo að n. geti tekið afstöðu til hennar.

Forseti (BSt): Hvað frestun till. á þskj. 48 viðvíkur er þess að geta, að þær liggja hér einnig fyrir til umr. og ákvörðunar. Þeim var útbýtt með nægilegum fyrirvara, og þarf því engin afbrigði. Að þeirra er ekki getið á dagskrá, stafar af vangá hjá prentsmiðjunni eða öðrum.

Ásmundur Sigurðsson: Eins og hv. 7. landsk. sagði, flyt ég tvær brtt. við þetta frv., og vil ég gera nokkra grein fyrir þeim. Fyrri till. gengur út á það, að hætt verði að framlengja þetta gjald árlega og að í stað þess verði ákveðið, að það skuli lagt á frá og með 1. jan. 1948. Í síðari till. er farið fram á, að brúasjóður verði endurreistur og að fyrst verði byggð brú á Jökulsá í Lóni. Með þessu ákvæði yrði í fyrsta sinn í sögu þingsins ákveðinn tekjustofn ætlaður til brúargerða og séð fyrir því, að framkvæmdir geti haldið áfram á þessu sviði. Ég tel það tvímælalaust afturför, spor í skakka átt, að halda ekki áfram eins og til var ætlazt með stofnun brúasjóðs 1941. Hins vegar er hér gengið nokkru lengra en þar er gert ráð fyrir, þar sem hér er ætlazt til, að 5 aura gjaldið sé allt notað til að byggja brýr yfir stórár. Ég get tekið fram, að í áliti, sem vegamálastjóri sendi samgmn. á síðasta þingi vegna frv., sem hann var beðinn að segja álit sitt um, er hann meðmæltur því að endurreisa ákvæðið um brúasjóð, þ. e. a. s. láta 5 aura gjaldið fara til að byggja þessar stóru brýr. Hann telur, að ekki muni veita af því til að koma á næstu 3—4 árum brúm yfir 3 verstu stórvötn landsins, sem hann telur, að eigi að brúa á þessum tíma. Í þessari till. er gert ráð fyrir að lögfesta þetta í samræmi við álit vegamálastjóra um þetta efni. Hins vegar get ég tekið fram, að hann mun ekki vera því fyllilega samþ., að þessi brú verði sú fyrsta, enda mun hann hugsa sér, að Þjórsárbrú verði á undan. Hins vegar vil ég leyfa mér að gera grein fyrir, hvers vegna ég sæki svo fast, að Jökulsá í Lóni verði brúuð fyrir þetta fé. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að það er þegar farið að byggja Þjórsárbrú. Það er búið að leggja mikið fé til hennar og búið að vinna þar að byggingu í sumar, búið að steypa stöplana. Það má telja, að það mannvirki sé komið næsta langt áleiðis. Því verður ekki neitað, að Jökulsá í Lóni er eitt versta stórfljót landsins, sem enn þá er óbrúað. Hún er erfiðasti farartálminn á leiðinni frá Hornafirði til Austurlandsins, því að þjóðvegurinn þar liggur yfir hana. Hins vegar er svo komið með samgöngumál Austurlands, að það má segja, að það sé í þann veginn að koma vegasamband að Jökulsá í Lóni austan frá, og er hún þá eftir sem aðalþröskuldurinn á leiðinni til Austfjarða. Þess vegna leggjum við Skaftfellingar mikið kapp á, að áður en langt um líður verði hafizt handa um að brúa þetta vatnsfall og koma þessu héraði í samband við aðalhéraðið austanlands. Þetta má telja mesta framfaramál héraðsins í heild sinni. Það er kunnugt, að á leiðinni frá A.-Skaftafellssýslu til Vesturlandsins eru miklu stærri fljót óbrúuð og litlar líkur til, að það geti orðið í náinni framtíð. — Ég mun svo ekki orðlengja þetta meira. Út af þeirri fyrirspurn frsm. n., hvort ég mundi taka brtt. aftur til 3. umr. til þess að n. geti athugað hana, þá vil ég það mjög gjarnan.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs af tveimur ástæðum. Önnur er sú, að ég þarf að fá upplýsingar, en hin ástæðan er sú, að ég vil benda á ákveðið atriði í sambandi við þetta frv. til athugunar fyrir n. Upplýsingarnar, sem ég vil fá, eru þær, hvort hægt sé 16. júlí 1948 að ákveða toll af benzíni, sem er flutt inn í janúar og febrúar 1948, eða af hverri annarri vörutegund, sem inn er flutt, t. d. sykri eða nauðsynjavöru. Er þetta hægt? Stenzt þetta lög? Þegar engin l. eru í gildi frá 1. janúar til 16. júlí um annan toll en fjögurra aura, getur þá Alþingi komið og sagt mönnum að borga viðbótartoll af benzíni, sem þeir eru búnir að kaupa og nota? Það er ákaflega hæpið. Það hefur verið talið hæpið, hvort skattalöggjöfin, sem Alþ. setur, geti náð aftur fyrir sig, af tekjum frá árinu á undan. Það eru lögfræðingar í n., og ég geri ráð fyrir, að þeir geti úr því skorið, hvort þetta er hægt. Mér finnst það ákaflega hæpið, réttlætiskennd mín segir mér það, jafnvel þó að gleymzt hafi að framlengja lögin, bæði af stj. og fjvn. Alþ.

Hitt atriðið, sem ég vildi leyfa mér að benda á í þessu sambandi, er það, að ég tel benzintollinn allt of lágan hér á landi. Ríkið á sín strandferðaskip, og það er nú svo, að það er ódýrara að senda vörur með bílum héðan úr Reykjavík,

bæði til Akureyrar, austur á land og til Breiðafjarðar og Stykkishólms, heldur en að senda þær með skipum. Skipin sigla hálftóm með allt, sem þarf til að láta þau ganga, meðan allir bílar eru upptéknir við að flytja vörur út um landið, af því að það er ódýrara að flytja með þeim. Ég er ekki að segja, að við eigum að hætta að láta skipin sigla. Ég held því fram, að til þess að fá meira samræmi í flutningana með bílum og skipum og til þess að ekki verði stórtap á útgerð ríkisskipanna, þá sé sjálfsagður hlutur að hækka benzíntollinn. Það mætti setja um það sérstök lög, þar sem hér er um að ræða brbl., sem ekki gilda nema til áramóta.

Eins og áður er fram tekið, tel ég mjög hæpið, að hægt sé að samþ. þessa hækkun á benzíntolli svona löngu eftir á, því vildi ég skjóta til n. og enn fremur því, í sambandi við þær brtt., sem hér eru komnar fram, hvort ekki ætti um leið að hækka benzíntollinn verulega, a. m. k. um 10 til 20 aura. Um það, hvort um leið ætti að taka af benzíntollinum til að brúa stórár, sem ekki er veitt fé til í fjárl., þá var það gert áður, og ætti að vera mjög til athugunar, hvort ekki ætti að gera það aftur. Það er ekki venja, þó að það hafi verið gert, að binda það við sérstaka brú. Það var hverjum manni ljóst, að með því að byggja þá brú, sparaðist á fáum árum sá gjaldeyrir, sem þurfti að leggja fram fyrir efni í hana, í sparnaði á benzíni og viðhaldi bíla, því að vegurinn til Austurlands styttist um 82 km. Ég vil biðja hv. n. að taka það til athugunar, hvort ekki ætti að taka upp aftur þann sið að leggja til hliðar af benzíntollinum til að brúa stórár. — Ég vænti þess svo að endingu að geta fengið nú strax svör frá lögfræðingum n. um, hvort hægt sé að leggja þennan toll á aftur fyrir sig, og enn fremur að n. taki til athugunar, hvort ekki eigi að hækka benzíntollinn verulega og leggja af honum í brúasjóð.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til að þakka n. fyrir afgreiðslu á þessu máli, en eftir það kom sá hv. þm., sem síðast talaði, með fyrirspurnir, sem hann lagði fyrir lögfræðinga n., eins og hann orðaði það. Þess vegna er ég ekki í réttri röð til að svara því, og skal ég ekki þreyta lög við hv. þm. Það er alveg rétt, það þarf ekki að kenna fjhn. síðasta Alþ. um það, heldur fjmrn., að þessi skattur var ekki endurnýjaður löglega á réttum tíma. Frv. það, sem hér er fram komið, er gert til að leiðrétta þá niðurfellingu. Hins vegar var gert ráð fyrir því af Alþ. eða fjvn. að þessi skattur héldist. Þetta er ekki nýr skattur, sem um ræðir, heldur er hann hér innifalinn í þeirri benzínskattuppbót, sem í núverandi fjárl. stendur, en þótti, þegar ljóst varð, að láðst hafði að endurnýja hann, nauðsynlegt að fara fram á að fá þessa heimild lögfesta á þennan hátt, sem gert var með brbl., sem hér er leitað staðfestu Alþ. á. Ég vona eftir atvikum, að hv. d. fallist á að veita þetta samþykki. Ég skal hins vegar fúslega viðurkenna, að hér er um vanrækslu ráðun. að ræða, sem enginn ber ábyrgð á annar en ég, eins og sakir standa. Mér þykir það leitt, en ég var sjálfur óafvitandi um þetta fyrr en komið var langt fram á árið. Um hitt, sem hv. þm. minntist á, að taka ætti í sérstakan sjóð hluta af benzínskattinum, og eins það, að benzínskatturinn eigi að hækka, skal ég segja það, að yfirleitt finnst mér það leiðinleg aðferð, þó að það hafi átt sér stað, að vera að ákveða vissa skatta til vissra, ákveðinna hluta. Um hækkun á benzínskattinum yfir höfuð að tala mun ég ekki deila að þessu sinni. Það má vel vera, — ég hef heyrt það úr fleiri áttum — að það sé rétt, að hann sé allt of lágur. Það getur vel verið, að nauðsynlegt reynist á síðara stigi málsins að bera fram einhverja lögheimilaða till. í því efni, en það liggur ekki fyrir eins og sakir standa. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég get því miður ekki tekið þátt í frekari umr. í hv. d. Ég kom til að vera við afgreiðslu á þessum tveimur málum, en af því að ég átti að vera mættur á öðrum fundi kl. 2, verð ég að hverfa burt og vona, að hv. d. sjái sér fært að láta málið ganga áfram til 3. umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Að vísu er brtt. á þskj. 48 tekin aftur til 3. umr., en samt sem áður er það sú till., sem gaf mér tilefni til að kveðja mér hljóðs. Það er öðru nær en svo, að ég játi ekki nauðsyn þess, að gerð verði brú yfir Jökulsá í Lóni. Það er sjálfsagt mikil nauðsyn að brúa það fljót. En úr því að svo er ákveðið, að fresta skuli afgreiðslu till. og hún fari til 3. umr., svo að n. geti athugað og gert till. um hana, þá vil ég taka það fram, úr því að hv. flm. leggur svo mikið kapp á að flýta þessari brúargerð, til athugunar fyrir n., að það er önnur brú, sem Alþ. sjálft hefur ákveðið, að skuli verða fyrr gerð. Það er til alþingissamþykkt um það, að sú brú skuli reist 1948, síðastl. sumar. Sumarið er nú liðið hjá, en alþingissamþykktin stendur óhögguð. Þessi brú á að koma yfir Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum. Það eru vitanleg atvik, sem liggja fyrir um það, að þessu var frestað. Það var gert af brýnni, sérstakri nauðsyn, þegar menn fóru að óttast um, að Þjórsárbrúin gamla þyldi ekki þann þunga, sem henni var boðinn. Menn fóru að óttast um, að eins færi fyrir þessari gömlu brú og gömlu Ölfusárbrúnni, og því þótti sjálfsagt, að Þjórsárbrúin gengi fyrir lögmætri framkvæmd hinnar brúarinnar. Það var þetta, sem ég vildi láta koma ljóst fram, og ég vona, þar sem samþykkt þingsins liggur fyrir um það, að það verði, eins og einn gamansamur hv. þm. orðaði það, látið ganga fyrir að „brúa þessa brú". — Hv. n. vil ég segja þetta, að ég álít, að þ. eigi að standa við sínar ákvarðanir og láta byggja brúna yfir Hvítá hjá Iðu, þegar lokið er við að gera Þjórsárbrú, þó að ég viðurkenni hins vegar nauðsyn þess, að ekki verði endalaust frestað að gera brú yfir Jökulsá í Lóni. Hins vegar verður að gæta þess, hvernig málið liggur fyrir og hvernig búið er að binda röð þeirra framkvæmda, sem hér koma til greina.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð, vegna ræðu hv. 2. þm. Árn., þó að ég hafi ekki gert ráð fyrir að tala meira um þessa till. í þetta sinn. Ég vil benda á það í sambandi við ræðu hans, að það er svo fjarri því, að þ. hafi ákveðið að byggja þessa brú á Hvítá hjá Iðu á einhverjum ákveðnum tíma og ekki megi byggja aðrar brýr á undan henni. Ég get ekki fallizt á rök hv. þm. um það, að sjálfsagt sé að láta þessa brú verða á undan brúnni yfir Jökulsá í Lóni. Ég tel í hæsta máta vafasamt, að brúin yfir Hvítá hjá Iðu sé rétthærri eða nauðsynlegri en brúin yfir Jökulsá í Lóni.

ATKVGR.
Brtt. 48 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BBen, BK, BÓ, EE, GÍG, BSt.
BrB greiddi ekki atkv.
4 þm. (HermJ, JJós, StgrA, GJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég telji, að ekki sé hægt 16. júlí 1948 að tolla vöru, sem er flutt inn í jan.—maí og búið er að selja, og að þess vegna sé ekki hægt að samþ. þessi l. á öðrum forsendum en þeim, að með því sé verið að leiðrétta yfirsjón hjá Alþ. og ríkisstj., og það verði að líta þannig á, að lögin hafi verið löglega samþ. á Alþ. og að samþykkt þessara l. skapi ekkert fordæmi, alveg skilyrðislaust ekkert fordæmi um það, að þ. geti hvenær sem er komið aftan að mönnum og lagt tolla á innflutninginn svo og svo langt aftur í tímann, og aðeins til leiðréttingar á yfirsjón, sem orðið hefur í sambandi við þetta, segi ég já.

Björn Kristjánsson: Ég vísa til grg. hv. 1. þm. N-M. og segi já.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var til 2. umr. hér, kom fram till. í d. um það, að frv. yrði breytt þannig, að ákveðið yrði, að tekjum þeim, sem ríkissjóður fær vegna frv., yrði varið til brúargerða, lagt í sérstakan brúasjóð, og fyrst skyldi þessum sjóði varið til að byggja brú yfir Jökulsá í Lóni. Fyrir hönd fjhn. óskaði ég eftir, að þessi till. yrði tekin aftur til 3. umr., til þess að n. fengi tækifæri til að athuga till. nánar. Hv. flm. féllst á þetta, og nú, milli 2. og 3. umr., hefur fjhn. athugað till. Á fundi, sem n. hélt í morgun, var ákveðið að mæla gegn því, að þessi till. yrði samþ. Á þessum fundi voru ekki mættir nema 3 af nm., hv. þm. Barð., hv. þm. Dal. og ég, en 2 nm. voru fjarverandi, og er því ekki kunnugt um afstöðu þeirra til málsins.

Ástæðan fyrir því, að meiri hl. fjhn. mælir gegn því, að þessi till. verði samþ., er fyrst og fremst sú, að n. telur, að ef ætti að fara að verja þessu fé í sérstakan brúasjóð og ákveða að byggja ákveðnar brýr fyrir fé, þá þyrfti auðvitað að fara fram sérstök athugun á því, í hvaða röð þessar brýr skyldu byggðar. Þarf það mál talsvert mikinn undirbúning og meiri en nú liggur fyrir. Hér við bætist og það, að Alþ. hefur sjálft athugað þetta mál nokkuð í sambandi við afgreiðslu fjárl. og dregið ákveðna línu um það, í hvaða röð stórbrýrnar skuli byggðar. Hefur þegar verið veitt nokkuð fé í þessu skyni til nokkurra stórbrúa á landinu, og er brúin yfir Jökulsá í Lóni ekki á meðal þeirra. Ef farið væri því að lögfesta þessa brú með þessum l., þá væri með því farið í gagnstæða átt við ákvarðanir, sem Alþ. hefur tekið áður. Mundi slíkt og valda miklum átökum og væri líklegt til að setja frv. í hættu, ef að því ráði væri horfið. Til enn betri glöggvunar á málinu ákvað fjhn. að senda málið til vegamálastjóra og fá hans till. um, hvernig við þessari brtt. skyldi snúast. Hefur n. nú nýverið borizt umsögn vegamálastjóra, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp úr umsögninni það, sem máli skiptir hér. Vegamálastjóri segir svo:

„Alþingi hefur þegar ákveðið, að nokkrar stórbrýr skuli ganga fyrir brú á Jökulsá í Lóni, sérstaklega á Þjórsá, Hvítá hjá Iðu, Skjálfandafljót í Bárðardal, Blöndu hjá Löngumýri og fleiri brýr, sem nokkurt fé hefur þegar verið veitt til í fjárlögum. Með tilliti til þess vil ég ekki mæla með brtt. á þskj. 48, um að 5 aura innflutningsgjaldinu verði varið til brúargerðar á Jökulsá í Lóni."

Meira er það ekki, sem hann segir um þetta mál. (*PZ:* Hvað segir hann fleira?) Hann segir ekki meira um till. sjálfa. Hann afsakar aðeins dráttinn á því að skrifa ekki fyrr, og þar með er hans máli lokið. Annars liggur bréfið hér til athugunar fyrir hv. þm. Með tilvísun til þessarar umsagnar vegamálastjóra og þeirra atriða, sem ég hef bent á hér, mælir sá hluti n., sem mætti á fundinum í morgun, gegn því, að þessi brtt. nái fram að ganga, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hæstv. ráðh.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki á þessum fundi, sem haldinn var í morgun, en það hefur verið rætt um þessa till. áður í n., og ég var því fylgjandi, að hún yrði tekin upp. Ég hefði hins vegar getað fallizt á það, að þessi till. yrði tekin í frv. fyrir 1949 og að það hefði ekki verið brýn nauðsyn að gera það fyrir 1948. Hér er um að ræða eitt af stórfljótum landsins, sem áreiðanlega er nauðsyn á, að komist í fremstu röð þeirra fljóta, sem brúuð verða, og ef benzínskattinum verður ekki varið til þess samkv. l., þá standa

engar vonir til þess, að þetta fljót verði brúað. Af þessari ástæðu hef ég fylgt þessari till. og vil mæla með því, að hún verði samþ.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum vegna afgreiðslu meiri hl. fjhn. á þessu máli, af því að ég bjóst við, að meiri skilningur mundi ríkja innan þeirrar n. á því, hversu nauðsynlegt er að taka upp það fyrirkomulag að safna fé til brúargerða á stærstu stórfljót landsins, sem eins og hv. 4. landsk. tók fram, ættu að koma í fremstu röð. Ég varð einnig nokkuð hissa á því, hvernig vegamálastjóri afgreiddi till., vegna þess að ég þóttist hafa fyrir mér annað álit frá honum um svipað mál, sem lá fyrir síðasta þingi, álit, sem var nokkuð á annan veg en þetta, a. m. k. hvað aðalatriðin snerti, sem var endurreisn brúasjóðs. Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir hv. d., lá ekki fyrir nein vissa um, að á þessu þingi yrði lagt fram sams konar frv. fyrir árið 1949. Hefði frv. fyrir 1949 verið komið við 2. umr. málsins, þá hefði ég flutt brtt. við það. Ég ætla, að það hafi verið fyllilega vitað í fjhn., að ég mundi sætta mig við, að till. yrði tekin upp í það frv. Hins vegar sé ég ekki annað en hægt hefði verið að afgreiða till. í sambandi við þetta frv. — Það er aðallega sú stefna, sem kemur fram hjá meiri hl. fjhn. í þessu máli, sem ég vildi gera að umræðuefni. Það er meira falið í þessari till. en að byggja brú yfir Jökulsá í Lóni. Það, sem er falið í þessari till. og er annað aðalatriði hennar, er að endurreisa eigi brúasjóð, sem var búinn að starfa í nokkur ár, en var síðan lagður niður. Með starfsemi þessarar stofnunar tókst að koma brú yfir Jökulsá á Fjöllum, sem annars væri ekki enn komin. Í öðru lagi leyfi ég mér að fullyrða, að þær brýr sumar, sem vegamálastjóri nefnir í áliti sínu, eiga ekki að koma undir ákvæðið um brúasjóð, vegna þess að það er þegar búið að veita í fjárl. nokkurt fé til þeirra, og því verður vitanlega haldið áfram. Það, sem ég vildi alveg sérstaklega taka fram í sambandi við þetta mál, er það, að mig undrar að nokkru leyti álit vegamálastjóra, vegna þess að þegar þetta mál, endurreisn brúasjóðs í þeirri mynd, sem hann áður var, þ. e. a. s. að ⅗ hlutar benzínskattsins færu til vegagerða, en ⅖ hlutar til brúargerða, var til umr. hér á síðasta þingi, þá var vegamálastjóri beðinn um álit, og það álit hef ég hér og vildi leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp. Í sambandi við það vildi ég geta þess, að þegar ég talaði fyrir till. hér við 2. umr. málsins, þá gat ég þess, að hann væri ekki sammála mér um það, að Jökulsá í Lóni yrði brúuð fyrst. Álit vegamálastjóra er á þessa leið:

„Eins og um er getið í greinargerðinni, var með lögum nr. 53 1946 numið úr gildi ákvæði eldri laga um að ⅖ hlutar 5 aura innflutningsgjaldsins af benzíni skyldi varið til brúargerða og ⅗ til lagningar þjóðvega. Þessi upphæð nam alls um 1,5 millj. kr. Frá því ákvæði þetta var lögtekið 1941 til og að meðtöldu árinu 1946 nam hlutur brúasjóðs samtals kr. 2077273,31. Hefur öllu því fé verið varið til nýju hengibrúarinnar á Jökulsá í Axarfirði, og vantar þó um 225 þús. kr. á, að hún sé greidd að öllu úr brúasjóði.

Nú liggur samkv. ákvörðunum Alþingis fyrir að byggja stórbrýr á Þjórsá og á Hvítá hjá Iðu, sem samanlagt munu kosta um 5,2 millj. kr. Fjárveitingar til beggja þessara brúa tel ég verða að sitja fyrir brúargerð á Jökulsá í Lóni, en brú á hana ásamt varnargörðum er áætlað að kosti 2 millj. kr. Teldi ég mjög æskilegt, að unnt yrði að byggja þessar 3 brýr á næstu 4—5 árum, en til þess þarf 1,5—1,8 millj. kr. að meðaltali á ári.

Þar sem mjög lítil bílaumferð verður um væntanlega brú á Jökulsá, tel ég ekki eðlilegt að taka upp aftur ákvæði um brúasjóð og ákveða þar, að tekjum hans, líklega næstu 3 árin, skuli varið til að byggja brú á Jökulsá í Lóni, meðan ekki er séð nema taka þurfi þennan tekjustofn til þess að tryggja fé til byggingar Þjórsárbrúar og Hvítárbrúar.

Hins vegar er ég meðmæltur því, að ákvæði um brúasjóð verði tekin upp aftur, að því tilskildu, að hann fái svo háan hluta benzínskattsins, að árstekjur yrðu 1,5—1,8 millj. kr., til þess, ef þarf að tryggja, að fyrrgreindar brýr verði byggðar á næstu árum og síðan árlega eða annaðhvort ár ein stórbrú.

Mér þykir eins og komið er rétt að sleppa því, að nokkrum hluta slíks skatts skuli varið til vegagerða, heldur til brúargerða eingöngu."

Þegar þessi viljayfirlýsing vegamálastjóra er athuguð, þá virðist hún vera í andstöðu við það, sem gert var 9. febr. 1948, því að þá er gengið fram hjá að endurnýja brúasjóð, en í stað þess veitt fé á fjárlögum til brúargerða. Ég tel því, að þessi till. eigi fullan rétt á sér, og sé ekki ástæðu til að taka hana til baka.

Réttmæti Þjórsárbrúarinnar rengi ég alls ekki, og var ekki nema sjálfsagt, að til hennar væri veitt fé á undan öðrum brúm í landinu. Hins vegar viðurkenni ég ekki, að brú á Hvítá hjá Iðu sé nauðsynlegri en brú á Jökulsá í Lóni. Í fyrsta lagi vegna þess, að Hvítá er brúuð á öðrum stað, en í öðru lagi af því, að Jökulsá er hættuleg hindrun á aðalsamgönguleið héraðsins.

Að síðustu vil ég taka það fram, að ég hefði getað sætt mig við, þó að n. hefði talið nauðsynlegt að fresta þessum aðgerðum t. d. til 1950, en um það var ekki að ræða, og undrast ég mjög afgreiðslu málsins, sem meiri hl. virðist hafa gert að litt athuguðu máli.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Aðeins nokkrar athugasemdir við ræðu 8. landsk. Háttv. flm. brtt. getur sætt sig við framlengingu á umræddum l., svo að það mál út af fyrir sig er ekki ágreiningsatriði, en svo vill hann um leið fá ákveðið af Alþ., að fé það, sem fæst vegna l., verði veitt til byggingar á brú yfir Jökulsá í Lóni. Á fundi n. var meiri hl. samþ. því, að frv. væri samþ. óbreytt, og taldi ekki rétt að taka umrædda brtt. upp í þetta frv. (*BrB:* Ég

var ekki á fundi í n.). Það er rétt, enda tók ég það fram, að ekki hefðu allir verið mættir, en meiri hl. hefði skilað umræddu áliti. Aðalefni brtt. er það, að byrjað verði á að brúa Jökulsá í Lóni. Nú efa ég ekki, að það er mikil þörf á að byggja brú á Jökulsá, en hins vegar hafa allir orðið sammála um, að meiri þörf væri á byggingu Þjórsárbrúar, sem nú er hafin og það með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, en þó ekki talið fært að veita fé í einu lagi. Það virðist vera eðlilegast eins og með byggingu Þjórsárbrúar, að Alþ. ákveði hverju sinni, hvað mikið fé það getur lagt til slíkra stórbrúa, og taki þá um leið ákvörðun um það, hvar þörfin er mest, og þess vegna taldi n. ekki rétt að taka þessa brtt. í frv.

Annað er það, ef þessi till. væri samþ., þá mætti búast við fjölda brtt. með kröfum um nýjar brýr hingað og þangað, sem vissulega eru nauðsynlegar, en varla heppilegt að blanda slíkri lagasetningu inn í þetta mál. Þá má benda á, að till. um brú á Jökulsá í Lóni hefur áður verið til umr. í d., en ekki fengizt samþ. Ef nú væri farið að endurnýja brúasjóð, þá mundi það varla fara á annan veg en að ítrekaðar væru þær samþykktir, sem gerðar hafa verið á Alþ. Hins vegar gæti það tafið þetta mál og jafnvel stofnað því í hættu að hnýta brúasjóð við það. — Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meir.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í umr. um þetta mál, en vegna þess, sem sagt hefur verið, vil ég láta koma fram það, sem ákveðið er, en samkvæmt því er brú á Hvítá hjá Iðu næsti áfangi, þegar Þjórsárbrú er lokið. Alþ. gengi því á gefin heit, ef það færi nú að ákveða, að brú á Jökulsá í Lóni yrði hleypt fram fyrir. Ég er ekki með þessum orðum að mæla á móti, að Jökulsá í Lóni verði brúuð, þvert á móti þykist ég vita, að þörfin á því sé mjög brýn. En eins og bókað er í samþ. Alþ., þá skal Hvítá vera næst, og að fara að breyta því væri ranglát þvermóðska, enda til lítils að keppast við að fá samþykktir Alþ. fyrir málum, ef slíkar ákvarðanir væru að engu hafðar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því, sem fram hefur komið. Vegna ummæla frsm. n. vil ég taka það fram, að ég mundi hafa verið fús til að taka þessa brtt. aftur, ef n. hefði á einhvern hátt viljað sinna málinu, en þar sem hún hefur ekki gert það, vil ég láta till. ganga undir atkv., nema n. breyti afstöðu sinni. Um það atriði, að þetta mál hafi fyrr legið fyrir Alþ. og ekki fengizt staðfest, vil ég segja það, að nú þegar hefur verið veitt fé til fyrirhleðslu þar eystra, sem er beinlínis undirbúningur undir brúargerð á Jökulsá, en auk þess er brú á Jökulsá löngu komin á brúalög. Þá vildi 2. þm. Árn. halda því fram, að með samþykkt þessarar till. væri verið að brjóta samþ. Alþ. Ég vil leyfa mér að halda fram, að það sé ekki rétt, því að hér er gert ráð fyrir að endurnýja brúasjóð og nota fé úr honum til að byggja brú á Jökulsá. Sömuleiðis vil ég algerlega mótmæla því, að það sé ýtni og þvermóðska, þó að byrjað yrði á því að reisa brú á Jökulsá, ef þessi leið yrði farin.

Það hafa komið fram tilmæli um, að ég flytti þessa till. heldur í sambandi við 66. mál, en ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu, og sé þess vegna ekki ástæðu til að verða við þeim tilmælum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst eftir umr. um þetta mál, að þá muni þessi brtt. eiga betur við í 66. máli, og vil því sérstaklega mælast til, að flm. sjái sér fært að taka hana aftur hér og flytja hana heldur við 66. mál. — Um málið sjálft verð ég að segja það, að mér er ekki fullkomlega ljóst, hvort hægt er að samþ. þessi l. Ég er nefnilega alls ekki viss um, að hægt sé að setja l. 16. júlí 1948 um það að innheimta skatt frá 1. jan. sama ár. Það er að minnsta kosti mjög hæpið, að hægt sé að láta lög verka þannig aftur fyrir sig. Annars langar mig að fá umsögn lögfróðra manna um þetta atriði, áður en ég greiði atkv. um málið.

Hvað viðvíkur framkominni brtt. um að ákveða, að fyrst skuli byggja brú yfir Jökulsá í Lóni fyrir fé úr brúasjóði, þá tel ég ekki að það sé rétt. Það á að mínu áliti að ákveðast af Alþ. á hverjum tíma, hvenær taka skuli fé úr brúasjóði og hvaða ár skuli þá brúa fyrir það. Ég vil því skora á hv. 8. landsk. þm. að taka till. aftur.

Að lokum vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann telur sér fært að láta fara fram atkvgr. um frv., sem verkar aftur fyrir sig, eins og þetta gerir.

Forseti (BSt): Í tilefni af orðum þm. N-M. vil ég taka það fram, að þar sem fyrir sams konar tilviki og hér um ræðir, þ. e. a. s., að gleymzt hafi að framlengja lög á tilsettum tíma, en þau síðan framlengd síðar og sú framlenging látin ná aftur fyrir sig til þess tíma, er þau voru útrunnin, eru fleiri en eitt dæmi hér á Alþ., þá sé ég mér ekki fært að vísa þessu máli frá á þeim forsendum, að það sé ólöglega fram borið.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna áskorunar 1. þm. N-M. skal ég verða við þeirri ósk að taka brtt. mína aftur og flytja hana við 66. mál, þó að ég hafi ekki ætlað mér það, eins og ég hafði látið í ljós. Og geri ég það vegna þess, að mér skildist á ræðu síðasta ræðumanns, að möguleiki væri á, að menn fylgdu till. frekar, ef hún kæmi fram við 66. mál. Till. er því tekin aftur.

ATKVGR.
Brtt. 48 tekin aftur.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar

Á 31. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 201).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. um 5 aura hækkun á benzínskattinum. N. leggur til, að frv. verði samþ., enda tjáir ekki annað, því að árið, sem frv. gildir fyrir, er að líða á enda. Það er einnig væntanlegt síðar annað frv. um framlengingu skattsins fyrir næsta ár.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GTh, GÞG, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, SB, StJSt, StSt, ÁÁ, BG.
EOl, KTh, LJós, SigfS, ÁkJ greiddu ekki atkv.
14 þm. (BÁ, EmJ, EystJ, HelgJ, HermJ, JPálm, JJ, ÓTh, PO, SG, SEH, SK, SkG, StgrSt) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 221).

---

5. Tekjuskattsviðauki 1949.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1949 [89. mál] (stjfrv., A. 165).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 165, n. 199).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Nefndin leggur til, að þetta frv. verði samþ. Hinsvegar komu fram raddir í n. um það, að ef lagt væri fyrir þingið frv. um breyt. á skattalögunum almennt, þá kynni þessi framlenging að reynast óþörf. N. leitaði sér upplýsinga hjá ríkisstj. um það, hvort hún mundi síðar á þessu þingi leggja fyrir frv. að nýjum skattal., byggt á athugunum mþn., sem hefur þetta mál nú með höndum. Ríkisstj. svaraði því, að hún hefði hug á að leggja slíkt frv. fyrir upp úr áramótunum, en þar sem hún hefði ekki enn fengið í hendur nál. þessu viðvíkjandi, þá gæti hún ekki gefið ákveðið loforð um það. Í samræmi við þetta, og með óskum til ríkisstj. um að flýta þessari endurskoðun leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 165, n. 228).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og hefur verið þannig ástatt, að þeir þrír nm., sem til náðist, leggja til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 4. landsk., hefur eigi tekið afstöðu til málsins. Þetta frv. er aðeins framlenging á l., sem um mörg undanfarin ár hafa verið framkvæmd á sama hátt og í frv. segir.

N. sá sér ekki fært að leggja til að fella niður tekjurnar, sem eru teknar af þeim mönnum í landinu, er mestar hafa tekjurnar, en lægri gjaldþegnar sleppa við þetta og greiða eigi gjaldið skv. frv. þessu. M. ö. o. mælir meiri hluti n. fram með frv., en einn nm. hefur enga afstöðu tekið til málsins, að því er hann hefur lýst yfir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

---

6. Gjaldaviðauki 1949 (vitagjald, aukatekjur, stimpilgjald og eignarskattur).

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka [90. mál] (stjfrv., A. 166).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 200, 203).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. mælir með samþykkt þessa frv. og ber fram brtt. á þskj. 203, en sú brtt. er eingöngu leiðrétting. Það hafði viljað til það óhapp, þegar l. yfirstandandi árs voru afrituð, að það féll niður úr 1. gr. heimildin um að innheimta með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949. Þessar reglur hafa gilt undanfarið, og er þess að vænta, ef d. vill samþykkja þessa framlengingu á annað borð, að hún fallist á að hafa þessa hækkun á eignarskattinum með, eins og verið hefur undanfarið.

ATKVGR.
Brtt. 203 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 214).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 229).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta frv. er líkt að segja og hið næsta á undan, sem verið var að samþykkja, að hér eru engar breytingar gerðar, heldur um framlengingu eina á l. að ræða, þ. e. hækkun á stimpilgjaldi um 100% og hækkun á aukatekjur ríkissjóðs skv. I.—VI. kafla þeirra l. N. varð sammála um að leggja til, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Það náðist eigi til tveggja nm. í málinu, en þrír nm. urðu sammála um, að gjöldin gyldust, eins og þetta hefur verið áður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

---

7. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum [92. mál] (stjfrv., A. 168).

Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og athugasemdirnar segja, til komið vegna þess, að með l. nr. 121 1947 var ríkisstj. heimilað að innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum á árinu 1948 með 50% viðauka. Með l. nr. 18 1948 var henni heimilað að innheimta þetta gjald, eins og það var orðið með 50% viðaukanum, með 100% álagi. Og með l. nr. 50 1948, 5. lið, var 100% álagið hækkað upp í 200%. Allar þessar hækkanir nema samtals 350%, þannig að gjald það, sem samkv. l. nr. 60 1939 var 1 króna, er nú kr. 4,50. Tekjuþörfin, sem réttlætti hækkanir þessar á árinu 1948, er engu minni nú en þá, og er því lagt til hér, að heimildin verði endurnýjuð á þann veg sem segir í frv., — þannig að hún er gefin í einu lagi. — Ég vil óska þess, að þetta frv. fari til fjhn. að loknum þessum umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þetta frv. ásamt nokkrum öðrum, sem hér hefur verið útbýtt, er tekjuaukafrv. fyrir ríkissjóð. — Nú langar mig til að fá það upplýst frá ráðh., hvort hann telur, að hér sé um næga tekjuöflun að ræða fyrir ríkissjóð. Það má líta á þær vörur þannig, sem hér falla undir, að þær séu meðal þeirra vara, sem mönnum er í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa eða ekki, og eru að því leyti skyldastar t. d. víni og tóbaki. Og ég vildi heyra það hjá ráðh., hvort hann telur, að þessar tollahækkanir — í þessu og öðrum frv. — séu nægilega háar fyrir ríkissjóð. — Ég leyfi mér að draga það í efa. Og ef sá efi hefur við rök að styðjast, teldi ég einsætt, að tolla af þessum vörum mætti gjarna innheimta með hærra álagi en hér er gert ráð fyrir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef þegar tekið fram, þótt það væri ekki við þessa umræðu, að ríkissjóð vantar viðbótartekjur af einhverju tagi, og þarf ekki að lýsa eftir þeirri skoðun minni hér af þeim ástæðum. — Í fjárlagaræðu minni benti ég á, að ýmsir kostnaðarliðir ríkissjóðs væru úr hófi háir — og tók ég einkum til eina 4 eða 5 liði: dýrtíðargreiðslurnar, sem árið 1947 voru yfir 60 millj.; kennslumálin, um 35 millj.; landbúnaðarmálin, yfir 20 millj. fyrir utan allar uppbætur, sem landbúnaðurinn fær; vegamálin, en til þeirra fóru að mig minnir um 20 millj. Og þessi 4—5 atriði, sem ég þarna taldi, munu hirða um ⅔ allra ríkisteknanna. Ég minntist einnig á, að útlagðar dýrtíðargreiðslur mundu verða hærri árið 1948. Og ég held, að reynslan ætli að sanna það, þó að við sleppum líklega betur við fiskábyrgðarnar en út leit fyrir, þar sem svo hefur rætzt úr, að við höfum fengið loforð fyrir að fá seldan fisk, sem við liggjum með, fyrir ábyrgðarverð. En þó gleypa dýrtíðarniðurgreiðslurnar um 70 millj., og niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum eru þar síhækkandi liður. Mér dettur því langt frá í hug, að ríkissjóður standist, ef niðurgreiðslunum á að halda áfram í sama formi og hingað til. Ég notaði í fjárlagaræðu minni tækifærið til að benda á leið til að draga úr fiskábyrgðinni, en mér heyrist, að þeir, sem annars telja, að ríkissjóður eigi að standa undir öllu, séu ekkert hrifnir af því né því ráði, sem útvegsmenn voru með á þingi sínu í haust. Út af þessu frv. vil ég taka það fram, að umrætt gjald hefur farið síhækkandi. Það var upphaflega 1 kr., en er nú orðið 4,50 kr. Og það eru takmörk fyrir því, hvað hækka má, jafnvel þennan toll. Sumt, sem framleitt er, er vitanlega ekki alveg bráðnauðsynlegt. Mætti taka til dæmis öl, sérstaklega maltöl, sem ýmsir kaupa að jafnaði sér til heilsubótar, sem mundi falla undir þennan toll. Þá mundi einnig súkkulaði og góðgæti falla hér undir, en súkkulaði er a. m. k. ekki talið til sérstaks óhófs í öðrum löndum, þótt það sé ef til vill hér, og hæfileg notkun þess ekki frekar talin lúxus en kaffi og te. Þetta gjald er áætlað í frv. 3 millj. kr. fyrir næsta ár, en ég veit ekki, hvort það verður meira en 3 millj. á þessu ári, en sjálfsagt ekki stór munur á. En þær millj., sem með frv. nást, hækka varla tekjurnar svo, að nokkrar keilur verði slegnar með því, nema þá að hækka tollana úr hófi fram. En svo er þess að gæta, að hér hefur risið upp nokkur iðnaður í sambandi við þetta. Og á yfirstandandi ári hefur það komið nokkuð við mig, að framleiðendurnir á öli og gosdrykkjum hafa fengið mjög lítið af hráefnum, og hafa þeir kvartað undan því við fjmrn. Segja þeir, að ráðuneytið hljóti að hafa áhuga á því, að ekki verði að loka verksmiðjunum, en það hefur gengið illa að fá áheyrn hjá innflutningsyfirvöldunum, þó að innflutningur þessi og starfræksla falli saman við hagsmuni ríkissjóðs. Þegar þessum atvinnuvegi er íþyngt með tollum, á sama tíma og stórlega eru takmörkuð við hann hráefni, þá má segja, að mjög sé gengið að þessum atvinnuvegi. Einhverjir kunna að segja, að þetta sé óþarfi. En það er það ekki og í öðru lagi löglegur atvinnuvegur, sem hluti landsmanna stundar og ríkið leyfir og skattleggur sér til ágóða. Frekari hækkun á tollum mundi því fremur verða til tjóns fyrir borgarana en til hagnaðar fyrir ríkissjóð. Þetta þýðir ekki, að ekki séu möguleikar á að hækka tollana eitthvað, þó ég vilji ekki með þeim tollum verða frumkvöðull að því, að menn þessir verði að stöðva framleiðslu sína. En þó gæti komið til mála að hækka þá eitthvað vegna útgjalda, sem Alþ. stendur beint eða óbeint að vegna ábyrgðar fyrir héruð og bæjarfélög. Það verður að líta í fleiri áttir en öllum þykir gott til þess að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum ríkisins. En

ef hækka á tekjurnar, finnst mér sjálfsagt að hækka tolla á innlendum lítt þörfum vörum. Sumir þurfa að drekka sherry, en það er samt selt háu verði. En þessar vörur eru að meira eða minna leyti óþarfar, og finnst mér því alrangt að hækka ekki þennan toll meira, ef ríkissjóður er í brýnni þörf, eins og ég held, að hann sé, en það veit ráðherra betur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 187).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þessu var fylgt úr hlaði og skýrt frá efni þess af hæstv. fjmrh. Það er því ekki ástæða til að fara að taka það upp aftur. Hér er í raun og veru ekki um neina lagabreytingu að ræða frá því, sem nú er, heldur er aðeins ætlazt til þess, að þessi ákvæði l. haldist áfram á næsta ári eins og þau eru á þessu ári. — Nefndin hefur athugað frv., og þeir nm., sem mættir voru á þeim fundi, sem fjallað var um þetta frv., voru sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, SÁÓ, ÞÞ, BSt.
nei: BrB, PZ, StgrA.
ÁS greiddi ekki atkv.
4 þm. (BÓ, HermJ, LJóh, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég lít þannig á, að því fari fjarri, að enn sé búið að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem hann mun þurfa, eigi niðurgreiðslu- og uppbóta-fjármálastefnu fyrri ára að verða fylgt áfram, en á móti því er ég, og ég tel réttara að hafa tolla þá, er hér ræðir um, hærri en þurfa síðar að bæta við öðrum á nauðsynjar manna, þá segi ég nei.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EE, GJ, HV, JJós, SÁÓ, ÞÞ, BSt.
nei: BrB, StgrA.
ÁS greiddi ekki atkv.
6 þm. (BÓ, GÍG, HermJ, LJóh, PZ, BBen) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 232, 220).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Meiri hl. n. leggur til, að þetta frv. verði samþ. Það er aðeins framlenging á eldri l., og sú brtt., sem n. öll stendur að, er eingöngu leiðrétting, þar sem breytt er einu orði, að í staðinn fyrir að vitna í lagakafla er vitnað í 1. gr. frv. Að öðru leyti hefur meiri hl. ekkert um þetta að segja, enda er þetta aðeins framlenging vegna nauðsynja ríkissjóðs. — Ég hélt, að þetta væri 3. dagskrármálið [tollskrá o. fl.]. Ég óska, að hæstv. forseti taki 2. mál af dagskrá um stundarsakir, vegna þess að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur, en hann þurfti að hafa framsögu fyrir brtt. Það, sem ég hef sagt, gildir um 3. dagskrármálið, sem ég vænti, að nú verði tekið fyrir.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við þetta frv. hef ég leyft mér að koma fram með brtt., sem er prentuð á þskj. 220 og hækkar mjög verulega það álag, sem er í gildi samkvæmt lögum nr. 60 frá 1939. Samkvæmt brtt. minni heimilast ríkisstj. að innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum með 450% álagi árið 1949 og sumpart með 550% og 600% álagi, eins og nefnt er í tillögunni, en hækkunin nær þó ekki til gjalds af kaffibæti. Þessi tillaga mín er í beinu sambandi við fyrirhugaða opinbera aðstoð við atvinnuvegina samkvæmt því frv., sem hér var á dagskrá í gær, þar sem ríkinu er beint ætlað að láta 22 millj. kr. af tekjum sínum í dýrtíðarsjóð, og verður einhvers staðar að afla ríkissjóði tekna á móti þeim útgjöldum. Nú er að vísu ekki fyllt upp það tap með þessu frv. hér, þótt brtt. mín verði samþ., og þarf að leita fleiri úrræða til að jafna þau met. En um leið og ég þannig — ekki allfús — neyðist til að leggja til, að það álag, sem hér um ræðir, sé enn hækkað, þá vil ég taka fram, að það þarf að búa svo að þessum iðngreinum í landinu, sem ríkið byggir svo miklar tekjuvonir á, að ekki liggi við, að þær stöðvist og leggist niður. Það er til lítils að hækka tolla af slíkum varningi, ef innflutningsyfirvöldin taka svo ekkert tillit

til þess, hvort ríkið fær miklar eða litlar tekjur af framleiðslunni eða vörunum. Það hefur komið mjög við fjmrn. þetta ár þetta tillitsleysi í viðskiptanefnd eða fjárhagsráði gagnvart hinum innlenda tollvöruiðnaði. Það hefur komið fyrir í fleiri skipti, að aðstandendur þessa iðnaðar hafa leitað á minn fund til að kvarta undan hráefnaleysi og jafnvel áheyrnarleysi. Að vísu er þeim kunnugt um, að ég veiti ekki innflutningsleyfi, en þeir hafa sagt sem svo: Hvað segir fjármálaráðherrann um það, ef rekstur okkar stöðvast, fólk missir atvinnu sína og ríkið missir tekjur sínar af þessum atvinnurekstri? — Þegar ég því nú þarf að leggja til, vegna afkomu ríkisins, að þessir framleiðslutollar verði hækkaðir samkvæmt brtt. á þskj. 220, þá geri ég það í því trausti, að séð verði betur fyrir þörfum þessara iðngreina en gert hefur verið á þessu ári, að greitt verði a. m. k. betur fyrir hráefnaöflun til þessarar framleiðslu. Frá sjónarmiði fjmrn. er eðlilegt að bera þann iðnað fyrst og fremst fyrir brjósti, sem mestar tekjur gefur í ríkissjóð til að standa undir útgjöldum hans, því að þegar ekki er fé fyrir hendi til að standa straum af þeim útgjöldum, er ekkert vísara en að fjármálastjórninni sé um það kennt, svo að frá hennar sjónarmiði er þetta ofur eðlilegt sjónarmið. — Þetta vildi ég sagt hafa varðandi þessa brtt., sem ég leyfi mér að fara fram á, að samþykkt verði við afgreiðslu þessa máls.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við umræður í fjhn. um þetta mál skildist mér fyrst, að meiri hl. n. tæki afstöðu með þessari brtt. hæstv. fjmrh., sem þá lá fyrir, en ég lýsti yfir í n., að ég væri andvígur þessari till. En svo fór það þannig, að raunverulega hefur meiri hl. fjhn. ekki tekið afstöðu með þessari stórfelldu hækkun. Það hefur ekki orðið nein smáræðishækkun á þessu gjaldi frá því að núverandi stjórn tók við völdum. Ég get ekki betur séð en verið sé að gera þessar vörur að hálfgerðum lúxusvörum, og eru þetta þó vörur, sem almenningur hefur mikið notað.

Mér þótti í meira lagi einkennilegt að heyra hæstv. fjmrh. kvarta undan viðskiptanefnd, að hún hefði neitað um efni í þessar vörur og að stjórnin réði ekkert við þessa nefnd, að manni skildist. Það væri fróðlegt að heyra eitthvað greinilegra um þetta. Þessi nefnd er ekkert annað en deild úr fjárhagsráði, og ekki vantaði það á sínum tíma, þegar frv. til laga um fjárhagsráð var til umr. hér í Alþ., að ríkisstj. og hennar lið lýsti því yfir hvað eftir annað og staðhæfði, að fjárhagsráð ætti að verða ríkisstj. gersamlega undirgefið. En nú lítur allt í einu helzt út fyrir, að ríkisstj. ráði við hvorugt, viðskiptanefnd og fjárhagsráð, því að ráðherrarnir eru farnir að koma dag eftir dag og kvarta við okkur alþm. hér í d. um það, að þessar stofnanir stjórnarinnar fáist ekki til að taka neitt tillit til tilmæla hennar. Hæstv. menntmrh. kvartaði um þetta í gær og hæstv. fjmrh. í dag. (*Fjmrh.:* Ég sagði aldrei, að viðskiptanefnd tæki ekkert tillit til vilja stjórnarinnar.) Er stjórnin alveg búin að missa taumhaldið á þessum nefndum sínum og ráðum? Til þess voru þessir undirmenn skipaðir í stöður sínar, að þeir hlýddu og heyrðu beint undir stjórnina og framkvæmdu stefnu hennar. Svo ótvírætt áttu þeir að heyra undir stjórnina og starfa í hennar þjónustu, að Alþ. mátti ekki kjósa þessa menn á sínum tíma, stjórnin varð að skipa þá. Eru þessar kvartanir ráðherranna því ekki í meira lagi undarlegar?

En sem sagt, ég skal ekki tefja þessar umr. lengur, það liggur svo mikið fyrir, sem við þurfum að ljúka við fyrir jól. Ég vildi aðeins lýsa yfir því, að ég er á móti brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 220 (ný 1. gr.) samþ. með 18:5 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 249).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:7 atkv. og endursent Ed.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

---

8. Tollskrá o. fl.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. [93. mál] (stjfrv., A. 169).

Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Með l. nr. 28 1947 var ákveðin til ársloka 1947 hækkun á vörumagnstolli og verðtolli. Ákvæði lagana voru framlengd fyrir árið 1948 með VI. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir. Í frv. þessu eru framlengd til ársloka 1949 ákvæði fyrrgreindra laga, óbreytt að efni til, en nokkuð breytt að orðalagi. Tekjuþörf ríkissjóðs

er sízt minni nú en undanfarin 2 ár, og er því ekki talið fært annað en leggja til, að tollahækkunin verði látin gilda fyrir árið 1949. Í frv. þessu eru þessi ákvæði framlengd til ársloka 1949 óbreytt að efni, en nokkuð breytt að orðalagi, til samræmingar við tollskrána. Ég lýsti þessum ástæðum nokkuð, þegar ég talaði í sambandi við síðasta mál. Ég vil mælast til, að því verði vísað til fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda á það, að í a-lið þessa frv. undir A er áætlað, að tollur af benzíni hækki í 20 aura, og undrast ég, að hækkunin skuli ekki vera meiri. Benzíntollurinn er ekki meiri en svo, að það borgar sig að flytja þungavöru á bílum norður á Sauðárkrók, Skagaströnd, Blönduós og vestur í Dali og Barðaströnd í stað þess að flytja hana með skipum. Skip Skipaútgerðar ríkisins verða að sigla hálftóm, svo að gefa verður með þeim úr ríkissjóði, en kastað frá sér tekjum í þess stað með of lágum benzínskatti. Ég tel því nauðsynlegt að hækka þennan skatt verulega. Ég er hissa á hæstv. ráðh., þegar hann leggur þetta frv. fyrir þingið og finnur vanmátt ríkissjóðs til að standa í skilum, að hann skuli ekki reyna að koma í veg fyrir, að Ríkisskip gangi tóm, en það sé hagnaður í því að flytja vörurnar með bílum í stað skipa. Ég vænti þess, að n. taki þetta til athugunar, því að þetta er ranghverfa í þessu máli, en auk þess verður að taka með í reikninginn hinar stórkostlegu fjárhæðir, sem fara til vegaviðhalds. En aðalatriðið er það, að benzínskatturinn er svo lágur, að ódýrara er að flytja með bílum en skipum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það má vera rétt hjá hv. þm., að benzínskatturinn mætti vera hærri en nú er, en hvað snertir gagnrýni þá, er hann beinir að mér vegna þess, tek ég hana ekki nærri mér. Eins og hv. þm. mun reka minni til, hefur benzínskatturinn stórhækkað í minni ráðherratíð, en hann var allt of lágur áður miðað við annað.

Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm., að það borgi sig betur að flytja vörur með bílum heldur en skipum, en það er ekki vegna þess, að svo ódýrt sé að flytja með bílum, heldur af því, að svo dýrt er að flytja með skipum. Rekstur inn á strandferðunum gengur með skýháum töxtum, og samt sem áður er rungandi tap á öllu saman, sem ríkissjóður og gjaldendur verða að standa undir. Það eru því engin undur, þótt ódýrara sé að flytja með bílum en skipum, og ég samgleðst þeim, sem geta fært sér slíkt í nyt og fengið vörurnar ókolaðar heim í hlað og losna við farm- og uppskipunarkostnað. Bílaflutningurinn er ekki eins ægilega dýr og með strandferðunum, en hann er að sjálfsögðu ekki sérlega ódýr fyrir því. Hitt getur komið til athugunar að hækka þennan skatt sem annað, og getur hv. n. ef til vill átt tal um það við ríkisstj. Það getur komið til greina að líta á þetta frá sjónarmiði hv. þm., en kíkirinn, sem hann horfir í gegnum, er ekki réttur, en ég þakka hv. þm. fyrir þessa ábendingu. Hann veit, að ráðh. er ekki einráður um þetta, heldur verður að fara nokkuð eftir því, hvernig kaupin gerast á eyrinni, en verður jafnframt að sjá um, að jafnvægi sé í ríkisbúinu.

Málið fer nú til nefndar, og mun hún sennilega í samráði við ríkisstj. athuga, hvað mæli með og móti hækkun á þessum tolli, og segi ég þetta ekki til að hnekkja því, að ábendingar hv. þm. hafi við rök að styðjast, en þeir, sem mæla á móti, hafa ef til vill líka eitthvað máli sínu til stuðnings. Helzta ástæðan til hækkunar er sennilega sú, hve vegaviðhaldið er orðið taumlaust, þegar það hleypur 5 millj. kr. fram úr því, sem áætlað er í fjárlögum. Og kallar það í sjálfu sér á hækkun. En ýmislegt í atvinnu manna byggist á því, hve benzín sem drifkraftur er dýrt, og gætu stafað ýmsir örðugleikar af því, að það væri dýrara en nú er. Ég mun nú ekki leggja frekari dóm á þetta, en er fús til að ræða við hv. n. um þetta mál og eins um till. hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 186).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þessu frv. var lýst rækilega við 1. umr. af hæstv. fjmrh. og er því ekki ástæða til að fjölyrða um málið. Í þessu frv. felast ekki neinar breytingar, heldur er aðeins að ræða um lögfestingu á því, að vörumagnstollur og verðtollur verði eins og verið hefur á þessu ári, og eru þau ákvæði dregin hér saman í meiri heild en verið hefur. — Fjárhn. hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi ákvæði. Þeir 3 nm., sem mættir voru á fundi, þegar um þetta mál var fjallað, voru sammála um, að þar sem ekki hefði komið nein hvatning frá ríkisstj. um að hafa álagið enn hærra, tók n. það ekki fyrir. Að vísu var því hreyft af hv. 1. þm. N-M. við 1. umr., að það mætti hafa þetta gjald hærra. En hæstv. fjmrh. hefur ekki óskað þess, að flutt yrði brtt. um þetta atriði. Við þessir þrír, sem mættu á nefndarfundinum um þetta mál, leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, þegar þetta mál var afgr. á nefndarfundi. Ég hafði ekki verið í bænum. Ég mundi hafa verið þar í minni hl. Ég gerði ráð fyrir því, að málið kæmi ekki svona fljótt til umr. Þar sem ég hef ekki komið með nál., vil ég gera grein fyrir minni afstöðu til málsins, að ég er andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Ég var andvígur frv. því, sem lagt var fram 1947 og fól í sér þær tollahækkanir, sem eru í þessu frv. og nú er lagt til, að verði enn einu sinni framlengdar, sem eru þær stórkostlegustu, sem samþ. hafa verið á Alþ. í einu lagi

fyrr og síðar. Ég benti þá á, að þessi mikla tollahækkun mundi verða til þess að hækka mjög allt verðlag í landinu og auka dýrtíðina, og það er búið að koma fram. Það er ekki nóg með það, að erlendar vörur hafi hækkað í verði, heldur hafa líka iðnaðarvörur hækkað mjög í verði vegna þeirra hækkanna, sem hafa orðið á erlendum vörum. Íslenzkar iðnaðarvörur hafa hækkað í verði vegna hækkunar á hráefnum. Kaup hefur hækkað vegna þeirrar óbeinu kauphækkunar, sem 1. höfðu í för með sér. Og af öllum þessum ástæðum hefur orðið mikil hækkun á landbúnaðarafurðum, sem annars hefði verið hægt að komast hjá og hefur orðið til þess, að verja hefur orðið tugum millj. kr. úr ríkissjóði til þess að greiða þessar landbúnaðarafurðir niður.

Nú er svo komið, að raunveruleg vísitala er talsvert á fimmta hundrað stig. Það hefur ekki verið látin fara fram nein rannsókn á því, hver hin raunverulega vísitala er, en það er víst, að hún er á fimmta hundrað stig. Hagfræðingarnir Ólafur Björnsson og Jónas Haralz hafa í áliti, sem þeir hafa samið fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, komizt að raun um, að raunveruleg vísitala sé að minnsta kosti 400 stig. En ýmsar staðreyndir, sem þeir hafa sett fram, benda til þess, að hún sé talsvert á fimmta hundraðinu.

Þegar þessar till. um tollahækkanir, sem í þessu frv. eru, voru fyrst bornar fram, var gert ráð fyrir því, að þær yrðu aðeins til bráðabirgða eða til eins árs. Ég leyfði mér þá að draga það í efa, vegna fyrri reynslu. En reyndin hefur alltaf orðið sú, að slíkar svokallaðar bráðabirgðaráðstafanir, þegar um tekjuöflun er að ræða, hafa orðið fastir tekjustofnar. Og nú virðist augljóst, að ætlunin er að gera þessar gífurlegu álögur að l. til frambúðar. Ef svo er, þá er alveg fráleitt að fara þessa leið. Með þessu móti verður hlutfallsleg tollahækkun jafnmikil á öllum vörum, bæði þörfum og óþörfum, svo að þessar gífurlegu hækkanir koma þannig niður á allar vörur og líka nauðsynjavörur, að undanteknum allra algengustu matvörum. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt, ef um frambúðarráðstafanir er að ræða, eins og virðist nú vera alveg augljóst, þegar lagt er til, að þetta verði samþ. í þriðja skipti.

Þetta raskar sem sagt allri tollskránni og þeim grundvelli, sem hún byggist á. En ef á að hækka tolla almennt svo stórkostlega til frambúðar, þá er vitaskuld ekkert vit í öðru en endurskoða alla tollskrána. Þetta virðast allir vera sammála um, að eina vandamálið nú sé að lækka dýrtíðina og halda henni í skefjum. En þegar svo er, þá er undarlegt, að þessir sömu menn skuli ekki geta líka orðið sammála um að forðast ráðstafanir, sem stórauka dýrtíðina.

Af öllum þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði fellt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. 4. landsk. gerði nokkrar athugasemdir við þetta frv. frá sínu sjónarmiði. Ég vil benda á, að það er ekki hér lagt til, að þessi skattur verði festur um ófyrirsjáanlegan tíma, því að það er hér ekki farið fram á annað en að hann gildi fyrir næsta ár, eins og hann var lögfestur til eins árs upphaflega. — Í öðru lagi, eins og hv. 4. landsk. benti á, þá eru undanþegnar matvörur, þar með kaffi og sykur og jafnvel tóbak. Hitt er svo allt annað mál, að það er ekki neitt skemmtilegt að þurfa að halda þessum gjöldum svo háum sem raun ber vitni um. En þjóðin virðist ekki enn vera ásátt um það að fara þá heilbrigðustu leið til lækkunar á þessu dýrtíðarástandi. Á það bendir t. d. sá sífelldi þrýstingur til hækkunnar á afurðaverði, sem kemur fram af landbúnaðarins hálfu. Og fleira mætti hér tilnefna, sem virðist frekar vera til þess að auka dýrtíðina en minnka hana. Það er að vísu rétt athugað hjá hv. 4. landsk., að hjá því verður ekki komizt, þegar farin er þessi svokallaða tollaleið, að það út af fyrir sig auki tilkostnaðinn hjá fólkinu við heimilishald og annað. En með þeirri fjárþörf, sem orðin er hjá ríkinu, er ekki vel hægt að sjá, að aðrar leiðir séu færar til tekjuöflunar, sem þá gefa raunhæfan árangur, heldur en þær, sem farnar eru, og þykja sumar þeirra, t. d. öflun tekna gegnum áfengissölu, ekki vera sem skemmtilegastar. Ég held, að öllum beri orðið saman um, að hinir beinu skattar á millistéttinni í landinu — og hún er langfjölmennust — séu orðnir næsta þungir. Og hvað hina snertir, sem kunna að reiknast í öðrum flokkum en millistéttinni, er það í fyrsta lagi takmörkuð tala, enda er skattstiginn þannig, að það sýnir sig við útreikning á skattinum, að harla lítið verður eftir af tekjunum, þegar menn hafa langt fyrir ofan þau laun, sem venjulegur millistéttarmaður hefur. Og ég hef sérstaklega orðið var við það í ár, að tollstjóri kvartar mjög undan því, að einkum þær hærri skattsummur gjaldist treglega. Á hinn bóginn linnir ekkert úr neinni átt á þeim kröfum, sem gerðar eru til ríkissjóðs af hálfu — ja, hvað á maður að segja — þjóðarinnar eða að minnsta kosti fulltrúa þjóðarinnar. Og hver sá maður, sem á þessum tímum á að semja fjárlfrv., lendir í hreinustu vandræðum með að koma því plaggi saman, svo að á nokkurn hátt sé frambærilegt, mestmegnis vegna þess, að það eru svo margir stórir útgjaldaliðir í fjárl., sem eru bundnir með annarri löggjöf og verður ekkert við ráðið. Fjmrh. eða rn., jafnvel Alþingi sjálft ræður ekki við það nema breyta þessari löggjöf.

Hv. þm., sem síðast talaði, er víst eins ringlaður og allir aðrir yfir dýrtíðinni og álögunum á landsfólkinu. En tökum t. d. eina löggjöf, sem hann hefur staðið að að þenja mjög mikið út, en þar á ég við fræðslulöggjöfina í landinu. Það mun hafa verið í hans stjórnartíð, sem lengst var gengið í því að efna til sjaukins tilkostnaðar í sambandi við þessa blessuðu fræðslulöggjöf. Og hvað kostar hún orðið þjóðina? Um 35 millj. kr. Enda eru skólarnir fullir af námfúsu fólki og í mörgum tilfellum af vel vinnandi fólki, sem kannske stundum að því er sveitirnar snertir er tekið frá þörfum

störfum á sveitaheimilum og sent hingað til Reykjavíkur. Ég sé t. d. á hverjum degi allmyndarlega fylkingu ungra manna og kvenna, sem sækja kennaraskólann. Þetta er allt fólk á bezta aldri, sem er að búa sig undir kennarastarf í landinu, sem er ekki heldur að furða, því að búið er að búa svo í haginn fyrir slíka menn, að það er eftirsóknarvert að komast í slíkar stöður, mjög sæmilega launaðar. Langan tíma ársins eru þessir menn algerlega frjálsir allra sinna ferða og geta unnið sér inn peninga á öðrum sviðum eða gert hvað sem þeir menn vilja gera, en þurfa ekki að bera áhyggjur fyrir komandi degi, því að launin eru þeim tryggð hvort sem er. Ég hef meira að segja heyrt eftir einum slíkum manni, að hann hafi sagt, að hann kærði sig ekkert um að fara í vinnu — hvað það eru nú margir mánuðir af sumrinu, sem þeir hafa frí, því að skattarnir yrðu bara þeim mun hærri, að hann teldi það ekki borga sig.

Ég hef áður bent á það og get bent á það enn, að það eru fimm útgjaldagreinar á fjárl. af eitthvað 23, sem þar eru taldar, sem eru svo stórvaxnar og fjárfrekar, að þær taka ⅝ af öllum ríkistekjunum. Á ég þar við dýrtíðarráðstafanir, fræðslustarfsemi, vegamál, landbúnaðarlöggjöf o. s. frv. Þriðjungur af ríkistekjunum á svo að halda uppi allri annarri starfsemi í landinu, öllum dómsstörfum, löggæzlu, tollgæzlu og öllu öðru en þessum fimm liðum. Því miður er það svo, að þær tekjur, sem ríkissjóður hefur nú eftir þeim lögum, sem gilda í dag, endast ekki næsta ár, ef niðurgreiðslurnar eiga að haldast á sama hátt og verið hefur og fiskábyrgðin verður tekin. Þess vegna þarf engan að undra, þótt reynt sé að framlengja þetta frv. um eitt ár í viðbót. (*HV:* Hvað gefur þetta frv. ríkissjóði miklar tekjur?) Því get ég ekki svarað á þessari stundu, en það má upplýsa við 3. umr. málsins. Ég bara veit það og skal út af þessu gefna tilefni segja frá því, að verðtollurinn, sem er nú meginþátturinn í þessu, var áætlaður í fjárl. s. l. ár 60 millj. kr. En sökum þess, hve innflutningurinn hefur verið skorinn við nögl hér, sérstaklega á vefnaðarvöru og ýmsum öðrum vörum, sem gefa ríkissjóði beztar tekjur, mun verðtollurinn, eftir því sem starfsmenn í ráðuneytinu halda, tæplega fara upp í meir en um 50 millj., í stað 60 millj. eins og áætlað var, og kemur það blátt áfram til af því, að innflutningur á þessum tollháu vörum hefur verið svo lítill, og hefur fjmrn. þó oft á árinu bent á þá hættu, sem ríkissjóði stafar af þessum stórfellda niðurskurði. — Ég man ekki, hvort vörumagnstollurinn er áætlaður 17 millj. í fjárlfrv. í ár, en hann mun ná sér betur en verðtollurinn.

Þessar aths. vildi ég gjarnan láta koma fram í sambandi við það, sem sagt var um þetta mál af hálfu hv. 4. landsk. þm.

Brynjólfur Bjarnason: Mér þykir vænt að heyra, að hæstv. ráðh. ætlar að gefa upplýsingar um það, hve miklar tekjur eru áætlaðar af þessu frv. út af fyrir sig. Það er hlutur, sem mjög fróðlegt er að vita og hefur náttúrlega sérstaklega þýðingu, þegar meta á þetta frv. (*Fjmrh.:* Meinar þm. þá að fá upp gefið, hvað sé áætlaður verðtollur og vörumagnstollur með þeirri hækkun, sem þarna er um að ræða?) Ég á bara við hækkunina, aðeins þær tekjur, sem fást með samþykkt þessa frv. — Annars býst ég nú við, að það sé nokkuð tilgangslaust af okkur hæstv. ráðh. að deila lengi um þetta atriði. Hér er um að ræða mjög mikinn grundvallarskoðanamismun, og ég býst ekki við, að miklar líkur séu til, að við sannfærum hvor annan með löngum umr.

Út af því, sem ráðh. sagði um það, að ekki væri farið fram á annað en framlengingu þessarar tollahækkunar um eitt ár, þannig að frv. bæri það ekki með sér, að hér væri um frambúðarráðstafanir að ræða, þá vildi ég bara segja það, að það er ekkert nýtt, að skattar, sem hafa orðið fastir skattar, hafa einmitt verið gerðir að föstum tekjustofnum á þann hátt, að þeir hafa verið framlengdir ár eftir ár og jafnvel um áratugi. Og mér virðist, að þegar nú er lagt til, að þessi tekjustofn verði enn framlengdur, — það er í annað skipti, sem hann er framlengdur, — þá sé einmitt til þess ætlazt, að hér verði um áframhaldandi tekjustofn að ræða, enda hefur hæstv. ráðh. ekki gefið neitt fyrirheit um, að hann verði ekki framlengdur áfram, og ef svo er, held ég, að rétt sé að láta fara fram allsherjar endurskoðun á tollskránni, því að þessi skattur raskar óneitanlega öllum grundvelli hennar.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að hann sæi enga leið betri til þess að afla þeirra tekna, sem hann teldi nauðsynlegar fyrir ríkissjóð. Ég verð aftur á móti að segja það, að ég tel þetta allra verstu leiðina, sem hægt sé að láta sér til hugar koma, af þeim ástæðum, sem ég sagði áðan, að hún hefur það í för með sér, að dýrtíðin í landinu stóreykst. Ekki aðeins, að allar tollvörur hækki í verði, heldur líka innlendar vörur. Þetta er stundum borið saman við tekjuskattinn og spurt, hvort þeir, sem andmæla svona leið, telji þá rétt að hækka tekjuskattinn, og er á það bent í þessu sambandi, sem rétt er, að flestum muni nú þykja tekjuskatturinn nægilega hár. En þá er bara því til að svara, að þetta er líka skattur. Þetta er engu síður skattur á öllum almenningi en tekjuskatturinn, og hækkun á tekjuskattinum kæmi ekki verr niður á millistéttinni, þó að hann sé orðinn svona hár, en þetta hér. Millistéttin, sem er orðin pínd af háum tekjuskatti, verður enn þrautpíndari, þegar svona skattur er á hana lagður. Munurinn er aðeins á, að þessi skattaleið kemur tiltölulega þyngra niður á þeim, sem hafa lágar tekjur, og það er kannske einmitt þetta, sem ráðh. telur kostinn við þessa leið.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um þenslu í útgjöldum ríkissjóðs og tók sem dæmi fjárframlög til fræðslulöggjafarinnar. Skildist mér á honum, að þarna væri nú einn af þeim útgjaldaliðum, sem kæmi til greina að draga saman, ef menn vildu heldur fara þá leið. Ég verð að segja, að ég álít, að þetta sé eitt af því,

sem sízt komi til greina. Það er rétt, að margt þarf að draga saman og þótt fyrr hefði verið. En það, sem ég álít að komi þar til greina, er sjálft ríkisbáknið. Það er að draga úr þeirri miklu þenslu, sem hefur orðið í sjálfu ríkisbákninu síðustu ár. Og hvað fræðslumálin snertir, þá er það náttúrlega misskilningur, að öll sú þensla, sem hefur orðið í útgjöldum til fræðslumála, sé eingöngu hinu nýja fræðslukerfi að kenna, þótt það hafi aukinn kostnað í för með sér, en það er fjarri því, að öll sú þensla sé af þeirri ástæðu. Það var orðin brýn nauðsyn að byggja fjölda skólahúsa vegna þess, hvað það hafði verið vanrækt um langan tíma. Skólarnir voru að grotna niður í landinu, og það hefði ekki verið hægt að koma á hinni nýju fræðslulöggjöf né heldur framkvæma þá gömlu, enda þótt engin ný fræðslulöggjöf hefði verið sett.

Hæstv. ráðh. óx kennaralaunin mjög í augum. Það er rétt, að þegar nýju l. voru sett, bötnuðu mikið laun kennara, og má segja, að þau laun hafi verið sæmileg. En síðan hefur orðið stórbreyting á, því að dýrtíðin hefur stóraukizt, þannig að það er fjarri því, að ástæða sé til að láta sér vaxa í augum þau laun, sem kennarar hafa nú. Þau eru orðin of lág, ef gert er ráð fyrir, að kennarar þurfi ekki að afla sér aukatekna með því að vinna á sumrin.

Hæstv. ráðh. minntist á, að einn af stærstu útgjaldaliðum fjárl. væru dýrtíðarráðstafanirnar. En ég vil benda á í því sambandi, að einmitt þetta frv. eða þessi lög, sem hér er lagt til að framlengja, hafa orðið til þess, þegar þau voru sett á sínum tíma, að hækka stórlega þennan útgjaldalið, og er það ein röksemdin fyrir því, hvað þessi leið er óheppileg sem tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð á þeim tíma, sem viðurkennt er af öllum, að aðalvandamálið sé að draga úr dýrtíðinni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég er ekki sammála hv. 4. landsk. í því, að hækkun á þeim vörum, sem krefjast stærsta fórna í niðurgreiðslum, t. d. kjöti og mjólk, eigi öflugar rætur í þeim tollahækkunum, sem um ræðir í þessu frv., því að þar eru undanskildar ýmsar þær vörur, sem mundu, ef þær væru mjög hátt tollaðar, geta verið þess valdandi, en þær eru bara undanskildar. Það eru því aðrar ástæður, sem koma þar til greina, og skal ég ekki fara langt út í það. Hitt viðurkenni ég, að það hafi nokkra verðhækkun í för með sér, að tollar eru hækkaðir eða aðflutningsgjald á vörum. Það er nú svo, að ekki er hægt að komast hjá slíku. — Endurskoðun tollskrárinnar kann vel að vera nauðsynleg. Að vísu er ekki langt síðan hún var endurskoðuð, en ég skal ekkert taka af um það, að endurskoðun nú kunni að vera nauðsynleg.

Hv. þm. sagði eitt, sem kom mér leiðinlega fyrir. Ræða mín gaf ekkert tilefni til persónulegra hnífilyrða, og það er ólíkt þessum hv. þm. að vera með slíkt. Ég get sagt það honum til hróss, að hann er ekki vanur því að gera manni upp illar hvatir. Það hlýtur því að hafa verið óvart, er hann sagði, að þessi skattur væri þannig, að hann kæmi verr niður á þeim efnaminni en þeim efnameiri, og það væri kannske ástæðan fyrir því, að ég telji óhjákvæmilegt að halda þessum skatti við a. m. k. eitt ár. Ég kannast ekki við, að ég eigi þann lífsferil að baki, að það verði með sanni sagt, að ég hafi nokkru sinni lagzt á þá sveif að baka þeim minni máttar í þjóðfélaginu tjón eða skaða eða vera þeim til ills. Ef þm. getur bent á slíkt, er bezt að hann geri það, en annars frábið ég mér svona getsakir. — Þeir þykjast stundum mjög miklir vinir alþýðunnar, sem tala hæst á torgum og strætum þjóðfélagsins um velvilja sinn til alþýðunnar, berja sér á brjóst og þakka að minnsta kosti einhverjum Mólok fyrir það, að þeir séu ekki gerðir eins og aðrir menn. En það vill nú stundum verða svo, ef gáð er ofan í kjölinn, að ekki sjáist nein sérstök afrek, sem þeir hafi unnið raunverulega til þess að rétta við hag alþýðunnar, annað en þetta glamur í pólitiskum tilgangi.

Þá fór hv. þm. að tala um, að ég sæi ofsjónum yfir launum kennara. Ég benti á laun kennara sem einn þátt í kostnaðinum við fræðslumálin, sem vitaskuld eru miklu meiri en laun kennaranna. Ég benti á þetta sem einn af hinum gífurlegu póstum í fjárl. þjóðarinnar. Og þegar talað er um þenslu á ríkisbákninu, liggur þenslan einna mest í þessu, í fræðslumálunum, og að þeirri þenslu hefur þessi hv. þm. unnið af mjög miklum dugnaði. Það var einhver maður, sem sagði hér um daginn, að það mundi vera fróðlegt að bera saman, hvað þeir yrðu margir, sem fengjust við einhverja fræðslustarfsemi, samanborið við þá, sem stunda sjómennsku. Ég hef satt að segja ekki mátt vera að snúast í að fá það rannsakað, en ég ætla, að það mundi verða talsvert lærdómsríkt fyrir ýmsa menn að sjá þessi hlutföll. Og hvað sem um ágæti menntunar kann að vera að segja, en hana skal ég ekki lasta, er það víst, að 130 þús. manna þjóð hefur sínar hendur sannarlega fullar hvað það snertir að standa undir 35 millj. kr. útgjöldum til fræðslumála á hverju ári, fyrir svo utan þensluna í öllu öðru. Það væri svo líka fróðlegt að spyrja hv. 4. landsk., sem var ráðh. fyrir nokkrum árum, hvort hann hafi gert nokkuð sérstakt til að draga úr þenslu ríkisbúsins með breyt. á l. eða á annan hátt gert tilraun til að draga úr starfsmannahaldi, sem hann er að fordæma. Ég get fyrir fram sagt þessum hv. þm. það, að ég get bent hér á verk, sem ég hef unnið í þessari ríkisstj. einmitt í þá átt að draga úr starfsmannahaldi og þegar kemur fram í þessu fjárlfrv., þannig að til þeirra starfa, sem þar um ræðir, er nú áætlað að verja helmingi minni upphæð en áður var. Ég bíð svo eftir því með óþreyju að heyra það frá þessum hv. þm., sem er ólukkulegur með þessar tollaálögur, og fordæmir þensluna á starfsmannahaldi ríkisins, hvað hann hefur gert til þess að draga úr þessu og með hvaða móti hann gerði það. Ég sagði það í upphafi, að örðugleikarnir við að fá fjárl. til að ballansera nú orðið eru mestir vegna þess, að útgjaldaliðirnir, bæði þeir stóru og þeir smáu, eru allir lögfestir, ýmist með

gömlum eða nýjum l. Þessu verður ekki kippt í lag, nema stjórn og þing taki sig saman um að breyta þessum l. Það var einmitt sú leið, sem ég fór s. l. ár, þegar ég lét sameina fiskimatið í landinu til þess að draga nokkuð saman þann hóp, sem þar var að kominn. Væri þetta gert á mörgum sviðum, þá mundi mega færa mikið niður það fjárlfrv., sem nú liggur fyrir Alþ. En það er ekki skemmtilegt verk að fást við það og verða þess valdandi á þann hátt, að menn, sem hafa verið mismunandi langan tíma við ýmiss konar störf, verði frá þeim að hverfa og taka sér eitthvert nýtt starf fyrir hendur. Þetta er orðin áberandi nauðsyn í svo mörgum efnum í þjóðfélaginu, og það mætti að skaðlausu gera það sama hvað landbúnaðinn snertir, að draga saman starfskrafta, sem kostaðir eru af opinberu fé, og ekki hvað landbúnaðinn einan snertir, heldur víðar og víðar. Það fer ekki saman og er ekki rökrétt og ekki sæmandi manni, sem er orðinn roskinn og reyndur eins og hv. 4. landsk. þm., að fella harða dóma yfir vaxandi útgjöldum fjárl., en vera svo í hópi þeirrar fylkingar á Alþ., sem vill auka útgjöld ríkissjóðs, og þann feril hefur hv. 4. landsk. þm. óneitanlega að baki sér þann tíma, sem hann hefur setið hér á þingi. Hann og hans flokkur hafa jafnan staðið að hærri og stærri brtt. við fjárl. en þingið hefur viljað fallast á. Það er vinsælt að flytja slíkar till. Það má bregða upp mýraljósi fyrir fjölda manna með slíku og blekkja þá. Slíkar hækkanir, ef lögfestar eru, leiða einmitt af sér jafnóvefengjanlega það böl, sem hv. 4. landsk. þm. er nú að átelja, þ. e. a. s. hækkunina á gjaldabyrði almennings.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá það skýrar fram en komið er í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvort það er rétt, sem mér skildist á hv. frsm. n., að n. hefði átt tal við hæstv. ráðh., sem teldi, að ekki væri hækkunar þörf á þeim liðum, sem liggja hér fyrir, frekar en hér er lagt til. Ef þetta er réttur skilningur, þá skil ég það svo, að ríkisstj. sé búin að finna leið til að koma fjárl. saman, án þess að það þurfi að hækka skatta og tolla. Hv. frsm. sagði, að það hefði verið athugað í samráði við hæstv. fjmrh., að ekki þyrfti að koma til greina frekari hækkun og þessir tollar skyldu vera óbreyttir. En ég benti á það hér í hv. d. við 1. umr. málsins, að ég teldi, að tollar þyrftu að hækka, og alveg sérstaklega taldi ég, að benzínskatturinn þyrfti að hækka, ef tekjur ríkissjóðs ættu að standa undir tekjum fjárl. Þegar hér koma nú til umr. frv. viðvíkjandi innheimtu tolla, sem hv. fjhn. segir, að ekki þurfi að hækka, þykist ég skilja, að hæstv. ríkisstj. sé búin að finna aðrar leiðir, og það gleður mig, þó að ég sé ekki viss um, að ég sé henni þar samþykkari heldur en þó að einhverju hefði verið breytt hér.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta frv. hafi ekki orðið til að stórauka útgjöld til dýrtíðarráðstafana. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að sú verðhækkun, sem orðið hefði vegna þeirra l., sem hér er lagt til, að verði framlengd, hafi ekki orkað svo mjög á verðlag landbúnaðarafurðanna. Það er samt vitað og kemur skýrt fram í þeim rökstuðningi, sem hér hefur verið færður fram, að svo hefur einmitt verið. *(Fjmrh.:* Landbúnaðurinn hefur vísað til markaðsverðhækkunar á framleiðsluvörum sínum, en ekki tollahækkunar.) Landbúnaðurinn hefur vísað til hækkunar á vörum, sem hann þarf að nota. Það hefur orðið hækkun á efnisvörum til iðnaðar, og iðnaðarvörur hafa hækkað, nauðsynjavörur hafa hækkað, vefnaðarvörur og búsáhöld hafa hækkað, enn fremur koma líka kauphækkanir til greina. Af þessu leiðir, að útgjöld búanna hafa stóraukizt. Það hefur ekki verið reiknað út, hvað þetta nemur miklu, og þegar ekki liggja fyrir neinar tölur, þá er lengi hægt að deila um, hvað þungt þetta atriði verður á metum í sambandi við verðhækkun landbúnaðarafurðanna. Svo mikið er víst, að það hlýtur að muna mjög miklu, þegar á það er litið, hvaða afleiðingar svona frv. hafa haft. — Hæstv. ráðh. var gramur mér fyrir það, að ég hefði borið honum á brýn slæmar hvatir, vegna þess að ég hefði látið svo um mælt, að sennilega væri það eitt af því, sem hæstv. ráðh. teldi til kosta á þessu frv., að það kæmi þyngra niður á þeim tekjulágu en þeim, sem væru tekjuháir. Það er fjarri því, að ég hafi verið að bera honum á brýn slæmar hvatir. Ég geri ráð fyrir, að hann viðurkenni ekki, að þessi skoðun hans sé sprottin af slæmum hvötum. Ég sagði þetta að gefnu tilefni í ræðu hæstv. ráðh., en hann sagði í sinni ræðu, að tollstjórinn héldi því fram, að hæstu skattarnir innheimtust verr. *(Fjmrh.:* Tollstjórinn hefur á hendi að innheimta tekju- og eignarskatt.) Mér skildist, að af þessu mætti draga þá ályktun, að skattarnir væru of háir. Þess vegna er það eðlilegt, að samkvæmt þessari skoðun hæstv. ráðh. kæmi mér til hugar, að hann teldi það kost á frv., að það kæmi þyngra niður á þeim tekjulágu, og var alveg óþarft fyrir hæstv. ráðh. að fyrtast af því. *(Fjmrh.:* Veit hv. þm. ekki, að það er verið að tala um tollafrv.?) Hæstv. ráðh. hlýtur að skilja það, að almenningur þarf að borga þessa tolla af tekjum sínum, engu síður en beina skatta. Ég var einmitt að sýna fram á það, að þessir skattar, sem í frv. felast, koma þyngra niður á þeim tekjulágu en tekjuhærri, og mér skildist, að hæstv. ráðh. teldi þetta til kosta á frv. og hefði fært rök að því. *(Fjmrh.:* Ég held ég hafi ekki reynt að færa nein rök fyrir því. Hv. þm. virðist blanda saman óskyldum málum.) Ég blanda ekki saman tveimur óskyldum málum. Það er misskilningur, að skattar og tollar séu óskyld mál. Það er misskilningur að halda, að tollar séu í eðli sínu eitthvað allt annað en beinir skattar, og hvort sem hæstv. ráðh. skilur það eða skilur það ekki, eru þær tekjur, sem ríkissjóður fær með frv. eins og þessu, teknar af almenningi. Ráðh. þurfti því ekki að fyrtast af því, þó að ég áliti það hans skoðun, að það væri kostur á frv., að það kæmi þyngra niður á

þeim, sem höfðu lægri tekjur, vegna þess að hann hafði haldið fram þeirri skoðun, að skattar og t. d. tekjuskatturinn væri orðinn of hár. Og ég gat ekki betur skilið en að hann væri einmitt að færa rök fyrir því.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ekki rétt, að sér yxu í augum þau laun, sem kennarar hefðu. Það er gott, að hann er kominn á þá skoðun, að laun kennara séu ekki of há. Einmitt í síðustu ræðu sinni tók hann sérstaklega sem dæmi, þegar hann talaði um útgjaldaaukninguna, hin háu laun, sem kennarar hefðu, og fór um það mörgum orðum, að launin væru orðin svo há, að kennarar þyrftu ekki að fara í aðra vinnu á sumrin og gerðu það ekki, af því að þá þyrftu þeir að borga hærri skatta. Þess er því að vænta, að hann muni ekki leggja til, að dregið verði úr launum þeirra eða þeirra kjör verði rýrð. Samt var það svo, að það var eina dæmið, sem hann nefndi, útgjaldaaukningin til fræðslumála. (*Fjmrh.:* Af þeirri ástæðu, að hv. 4. landsk. þm. ber mesta ábyrgð á þeirri þenslu, sem þar hefur orðið.) Ég blygðast mín ekki fyrir þá ábyrgð, en ég er stoltur af henni. Það er, auk þess sem ég benti hæstv. ráðh. á í fyrri ræðu minni, að mesta útgjaldaaukningin stafar ekki af hinum nýju fræðslul., heldur af brýnni nauðsyn, þó að engin ný l. hefðu verið samþ. Þá vil ég benda honum á það til viðbótar, sem líka verður að athuga, að allmikið af þessari útgjaldaaukningu eru útgjöld, sem áður voru greidd af bæjar- og sveitarfélögunum, en nú hafa færzt yfir á ríkissjóð. Þetta þýðir ekki útgjaldaaukningu, heldur aðeins það, að gjöldin hafa áður verið greidd af öðru opinberu fé, en færast nú yfir á ríkissjóð. Hins vegar gat hæstv. ráðh. ekki um þá miklu þenslu, sem hefur orðið á dómgæzlu- og lögreglumálum, kostnaði við stjórn landsins o. s. frv., sem hefur vaxið mest á allra síðustu tímum, en einmitt þessa hluti þarf að taka til athugunar, og hér hefur þenslan orðið tiltölulega langmest síðan núverandi ríkisstj. tók við.

Við þeirri spurningu hæstv. ráðh., hvað ég hafi gert á þeim tíma, sem ég var ráðh., til þess að draga úr gjöldum ríkissjóðs, er þessu til að svara. Ég hafði út af fyrir sig ekki nein skilyrði til þess. Ég var ekki fjmrh., og það embætti, sem ég var í, gaf mér ekki tækifæri til þess að geta komið á stórfelldum sparnaði á útgjöldum ríkissjóðs. En ég get sagt hæstv. ráðh. það, að hvað eftir annað hreyfði ég því innan ríkisstj., og eins hef ég oft hreyft því hér á Alþ., að nauðsynlegt væri að endurskoða starfsmannakerfi ríkisins, að það yrði að setja sérfróða menn til að endurskoða þetta og til að athuga, hvað væri hægt að spara. Hitt er aftur á móti misskilningur, að það sé alltaf sparnaður að vera á móti útgjöldum. Það eru mörg útgjöld, sem hafa orðið til þess að stórauka tekjur ríkissjóðs, og nenni ég ekki að taka einstök dæmi um það. Þetta er einfalt mál, sem bæði hv. þm. og hæstv. ráðh. hljóta að skilja.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég benti á það hér áðan, að það væri ákaflega óvenjulegt, að hv. 4. landsk. þm. sendi svona hnýfla yfir borð í ræðum sínum, og hefur honum sjálfum þótt það, því að hann hefur ekki viljað við það kannast, og er það að vísu gott, að hann lítur sjálfur þannig á, að það hæfi ekki. Ég þarf ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég hef svarað hér þeim mótbárum í stórum dráttum, sem hreyft var á móti frv. Eins og ég áður minntist á, þá nefndi ég sérstaklega hina gífurlegu útgjaldaaukningu, sem sprottið hefði af nýju fræðslul., með tilliti til þeirra verðleika, sem hv. 4. landsk. þm. telur sig þar eiga. Fyrst hann er svona ánægður með að hafa lagt þessar auknu byrðar á þjóðina, þá óska ég honum til hamingju með það, en er ekki viss um, að landsfólkið yfirleitt sé svona hrifið af þessu. — Þá þarf ekki að ræða sparnaðartilraunir hv. þm. Það liggur hér fyrir samkvæmt upplýsingum hans, að hann hafi ekkert gert í því efni annað en að tala um það á stjórnarfundum, hvað oft veit ég ekki, að endurskoða þyrfti starfsmannakerfið. Síðan ekki söguna meir. Ég er ánægður með þessa yfirlýsingu hans. Hún undirstrikar það, sem ég áður benti á.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hv. 1. þm. N-M., sem ég vildi leiðrétta með nokkrum orðum, skauzt út úr d. rétt í þessu. Að öðru leyti vildi ég taka það fram, að n. sem slík hefur aldrei talað við hæstv. fjmrh. um frv. Það, sem ég sagði, var það, að það hefði ekki komið nein ósk frá fjmrh. eða ríkisstj. um breyt. á þessu frv. eða um, að hækkaðir yrðu þeir tollar, sem þar væru taldir upp. Ég vildi aðeins taka það fram, að þetta flutti ég ekki frá n., heldur hafði mér skilizt, að um þetta lægju ekki neinar óskir fyrir, a. m. k. ekki við þessa umr. málsins. Ég læt það svo bíða að svara hv. 1. þm. N-M., þar til hann kemur í d. aftur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það eru aðeins örfá orð. Fjmrh. hefur vitaskuld ekki í hendi sér eða hefur a. m. k. ekki neitt einræði í þeim efnum að ákveða, hvaða stefna sé tekin í skatta- og tollamálum af hverju þingi sem situr. Hins vegar gefur auga leið með það, að þegar fjárlagafrv. er samið, verður fjmrh. að reikna með því, a. m. k. ef ekki er annað fyrir fram ákveðið, að þeir tekjustofnar haldist, sem eru í l., og það var gert ráð fyrir því, þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var samið, að þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, héldust. Það er eiginlega nokkurs konar skylda, að ráðun. leggi fram slík frv. og sjái um, að þau séu sýnd þinginu í hæfilega tíð, til þess að niður falli ekki þeir tekjustofnar, sem um er að ræða. En með því er engan veginn gefin nein yfirlýsing um, eins og hv. 1. þm. N-M. vildi vera láta, að málið kunni ekki eitthvað að breytast í meðferð Alþ. Það er ekki fjmrh. einn, sem hefur úrskurðarvaldið, heldur er það Alþ., sem markar þá stefnu um lausn dýrtíðarmálanna, sem kann að verða upp tekin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, ÞÞ, BSt.
BrB, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.
6 þm. (BÓ, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Ég er í sjálfu sér samþykkur 2. og 3. gr., en andvígur, að frv. í heild sinni nái fram að ganga og l., eins og tiltekið er. Því greiði ég ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 31. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 169, n. 193).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 233, 240).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þegar ég lýsti brtt. í sambandi við það mál, sem síðast var á dagskrá (frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum), þá átti það við brtt., sem fyrir liggur við þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er stórmál, sem í raun og veru hefði átt að ræða ýtarlega, en ég mun geyma það vegna þess, hvað mikið liggur fyrir nú. Þetta er framlenging á ýmsum af þeim tollum og álögum, sem var bætt við í árslok síðast. Þá var því mjög ákveðið lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að þessi hækkun á vörumagnstolli og verðtolli, sem fólst í þessum l. þá, væri aðeins til bráðabirgða, sérstakar ráðstafanir, sem gerðar væru í sambandi við það að lækka dýrtíðina og samtímis þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar gagnvart kaupgreiðslu í landinu. Átti þetta aðeins að vera fórn, sem menn tækju á sig um nokkurra mánaða skeið til að fá dýrtíðina minnkaða. Við sósíalistar vorum andvígir þessari hækkun. Nú sýnir það sig eins og oft áður í sambandi við álögur, sem samþ. eru á Alþ., að þótt það eigi fyrst að heita til bráðabirgða, þá koma síðar fram till. frá ríkisstj. að gera þetta fastan tekjustofn. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í þetta, það er öllum hv. þm. kunnugt. Við vorum á móti þessu máli í fyrra, og eftir allar þær hækkanir, sem till. eru komnar um í sambandi við annað mál frá fjhn., er enn þá meiri ástæða til að standa nú á móti þessum tollaálögum. Það er hvort sem er sýnt, að með því að hlaða þannig hverri byrðinni á aðra ofan kemur að því, að burðarþolið brestur hjá almenningi. Ég mun því greiða atkv. móti þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 240 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 250).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:7 atkv. og endursent Ed.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að eins og venja hefur verið á þingi, þá gerði annaðhvort nefnd eða ráðh. grein fyrir þeim breyt., sem frv. taka í annarri d., svo að menn viti, um hvað er verið að greiða atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er ekki um neinar verulegar breyt. að ræða á þessu frv., a. m. k. eru þær ekki orðnar að minni tilhlutan. Og ég hélt satt að segja, að málið þyrfti ekki hingað að fara til hv. d., en mér var bent á, að það hefði verið leiðrétt einhver prentvilla í frv. og þess vegna hefði það þurft að fara til þessarar hv. d. á ný.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

9. Bifreiðaskattur o. fl. (stjfrv. um hækkun benzíntolls 1949).

Á 12. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. [66. mál] (stjfrv., A. 98).

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð. Þessi skattur var settur með brbl. 1948, og var svo gert ráð fyrir, að þessar nýju reglur um bifreiðaskatt væru aðeins í gildi stuttan tíma. Ég hafði áður flutt till. varðandi þetta mál, en þær tillögur liggja enn til athugunar hjá fjhn., og ég leyfi mér að beina því til n., að eðlilegra er að ganga frá þessum tveim málum í einu. Ef þær till. yrðu samþ., væri frv. þetta óþarft.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það var einmitt um þetta frv., sem ég ætlaði að tala áðan. Ég óska þess, að umr. um mál þetta sé frestað, og mun frsm. sennilega geta mætt á morgun. Óska ég þessa fyrir hönd allshn. og vænti, að hæstv. forseti sjái sér fært að verða við ósk þessari.

Forseti (BSt): Ég verð að verða við þessari ósk, þótt bagalegt sé, því að afgreiða þyrfti mál þetta fyrir jól.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 98, n. 188, 185, 202).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.
Fyrir nokkrum dögum var hér á ferðinni frv. um mikið til sama efni, og þær athugasemdir og sú grein, sem ég gerði þá fyrir því máli, vænti ég, að geti skoðazt sem fullnægjandi framsaga um þetta, og vil ég vísa til þess, sem ég sagði þá.
Við þetta frv. hefur komið fram brtt. frá 1. þm. N-M. og brtt. við hana frá öðrum þm. Ég vil mælast til, að hv. þm. taki þessar brtt. aftur til 3. umr., ef eitthvert tóm kynni þá að gefast til þess að athuga þær á milli umræðna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir þessari brtt. Ég benti á, að gjald af benzíni, sem nú er 29 aurar á lítra, væri miklu lægra en í öllum okkar nágrannalöndum og svo lágt, að það borgaði sig betur að senda vörur með bílum vestur á Króksfjarðarnes t. d. heldur en flytja þær með skipum, og afleiðingin yrði sú, að ríkisskip sigldu tóm; mætti því slá tvær flugur í einu höggi með hækkun á skattinum: fá meiri tolltekjur og láta skipaútgerðina borga sig betur eða vera með minni halla. — Héðan er vegalengdin að Króksfjarðarnesi 276 km. og hér um bil sama vegalengd austur að Kirkjubæjarklaustri, en það munar um 200 kr. á tonn, hvað það er ódýrara að flytja vöruna á bílum til Króksfjarðarness en á skipum. Það er sjálfsagður hlutur að hækka þennan skatt, og ég hef þó ekki lagt til að hækka hann nema um 5 aura. Ég hef bent ráðh. á, að þetta væri einn af þeim skattstofnum, sem ætti að hækka til þess að afla ríkissjóði tekna, en hann tekið því heldur fálega, og ég lagði því ekki til, að hækkun yrði meiri en 5 aurar, og verður þó eftir sem áður ódýrara að flytja vörur með bílum á vegalengdinni innan við 150 km., en áhöld um það á vegalengdum, sem fara yfir 200 km. — Hækkunin vil ég að renni í sérstakan brúasjóð. Mér hefur skilizt á ýmsum, að þeir teldu það vafasama ráðstöfun, en ég vil benda á, að við þurfum að byggja brú á Þjórsá, en við tökum hana í áföngum og hljótum að gera það, því að næg fjárveiting fæst ekki á einu ári. Við þurfum að byggja brú á Hvítá hjá Iðu, Jökulsá í Lóni og Jökulsá í Fljótsdal, Blöndu og fleiri ár, sem kostar það mikið að brúa, að fjárveiting fæst ekki til þess í einu lagi. Þetta vita menn og ausa nú í brúarsjóði eins og fyrir Blöndubrú, í hann hefur verið lagt í tvö ár, og eins hefur verið myndaður brúarsjóður fyrir Jökulsá í Fljótsdal. Þá þurfum við enn að byggja brýr yfir Lagarfljót hjá Steinboga, yfir Skjálfandafljót hjá Stóru-Völlum. — Og þetta eru allt brýr upp á 2 til 4—5 milljónir. Eina leiðin til að koma þessu í framkvæmd er að taka það ekki upp í fjárlög, heldur safna í brúasjóð og taka úr honum til bygginga stórbrúa eftir því, sem Alþingi síðar ákveður. — Hvítárbrú hjá Bjarnastöðum kostar ekki nema um 50 þús. kr., ef hún er byggð á Barnafossum, — svo að þetta eru þær stórbrýr, sem við eigum fyrir höndum að reisa næstu árin.
Nú hefur fjmrh. mælzt til þess, að ég taki brtt. mína aftur til 3. umr., og mér skilst, að hann hafi gefið um það hálfgildings loforð, að það verði athugað milli umræðna, hvort ekki sé rétt að hverfa að þessu ráði. Nefndin virðist hins vegar ekki hafa sýnt neinn vilja til að athuga þetta, og eru þó margar nýjar till. mörgum sinnum ranglátari en hækkun á benzínskattinum á döfinni, en ég veit ekki til, að hún hafi einu sinni kallað saman fund um þetta. En ég skil ráðh. svo sem hann vilji að þetta sé athugað milli umræðna, og í trausti þess skal ég taka till. mína aftur til 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti.

Ég skal taka það fram, að ég er að ýmsu leyti á svipaðri skoðun og hv. 1. þm. N-M. og þó ekki að öllu leyti, og sízt er ég honum sammála um að ásaka hv. fjhn. Það er miklu fremur mín sök eða ríkisstj. í heild. En hugsanlegt er, að úr þessu megi bæta. En till. hv. þm., eins og hún liggur fyrir, að benzíngjaldinu óbreyttu er mér ekki geðfelld. Til brúanna á að veita beint úr ríkissjóði, en ekki binda fjárveitingar við einstaka liði. En um þetta má tala. Ég get þó ekki gefið nein fyrirheit um forgöngu mína önnur en þau, að okkar óskir fara mjög saman um það, að brtt. hans og hv. 8. landsk. verði athugaðar á milli umræðna, ef þær verða teknar til baka nú.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð. Ég þykist að vísu hafa gert grein fyrir minni afstöðu áður, en út af því, sem minnzt hefur verið á, þá finnst mér dálítið einkennilegt, ef sá orðrómur er réttur, að það standi til að hækka benzínskattinn alveg stórkostlega, ef ekki á að samræma þetta. Það hefði þá verið nær að ríkisstj. hefði flutt það frv. og tekið þetta inn í það. — En þar sem hv. 1. þm. N-M. tekur sína till. aftur til 3. umr., liggur í augum uppi, að ég tek mína till., sem ekki er annað en brtt. við hana, líka aftur.

ATKVGR.
Brtt. 185 og 202 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar 2. umr. um þetta mál fór hér fram, mæltist ég til þess við hv. flm., að þeir tækju brtt. á þskj. 185 og 202 aftur í bili, með því að í hv. Nd. var annað mál á ferðinni, sem líka gat komið til mála, að snerti benzínskattinn. Og ég vildi sjá, hvað gerðist í því máli, áður en ég fyrir mitt leyti tæki endanlega afstöðu til þeirra óska, sem hv. þm. hafa komið fram með í sínum brtt., sem sé að skerða bifreiðaskattstekjur ríkissjóðs þannig að áætla af honum vissan hluta í brúasjóð. Hér er að vísu lagt til að hækka um leið skattinn sem því nemur, svo að það er í raun og veru ekki rétt hjá mér að segja, að hv. þm. vilji skerða skattinn frá því, sem hann nú er til ríkissjóðs, því að þeir leggja til hækkun á honum. En hér er samt sem áður verið inni á heldur leiðinlegri braut hvað þetta snertir, að leggja til, að ákveðið verði í sjálfum skattalögunum, að ákveðinn hluti verði tekinn af ríkistekjunum og honum ráðstafað í ákveðnu augnamiði. Og þó að ég fyllilega viðurkenni þá þörf, sem er á því að fá brýrnar, og vildi ekki vera því til trafala, að til þeirra væru eftir eðlilegum leiðum ákveðnar fjárveitingar, ef hagur ríkissjóðs leyfði það, þá get ég ekki annað en mælt móti því, að þessi leið sé farin, og legg ég því til, að þessar till. verði felldar. Ef svo veruleg hækkun verður gerð á benzínskattinum — ég segi veruleg —, sem hefur nú legið í loftinu, en af einhverjum ástæðum hefur ekki fengið samþykki allra aðila, að sú ráðstöfun kæmi fram þegar í stað, sem ég tel mjög óheppilegt, vegna þess að það verkaði til hækkunar á fargjöldin, þá er mjög líklegt, að ríkissjóður mundi einhvern hluta af þeirri hækkun þurfa að fá til almennra nota. — En þetta er sem sagt mín afstaða gagnvart þessum brtt.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 2. umr., óskaði ég eftir því við hv. flm. brtt. á þskj. 185 og 202, að þeir tækju þær aftur til 3. umr., til þess að fjhn. gæti athugað þessar brtt. nokkuð og rætt þær á fundi sínum. Fjhn. hefur haldið einn fund síðan 2. umr. um þetta mál var lokið í gær. Var þá þetta mál og brtt. þessar tekið fyrir. Eftir að nm. höfðu rætt þessar brtt., var komizt að þeirri niðurstöðu, að fjhn. sem heild hafi ekki neinar till. fram að bera í málinu umfram það, sem kemur fram í hennar nál., og vísar hún til sinna till. þar. Hins vegar óskuðu nm. sér að hafa óbundnar hendur í sambandi við þessar brtt. og aðrar, sem fram kynnu að koma. En í heild var till. meiri hl. fjhn. sú, að frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir, og vil ég leyfa mér að vísa til þess hér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég benti á það áður, að ég teldi, að eðlilegt væri að hækka benzínskattinn. Því var þá af n. og hæstv. ráðh. tekið á þá leið, að þeir töldu, að það væri vafasamt, hvort það mundi þurfa að gera og hvort það væri rétt, og hafa síðan staðið fast á þeirri skoðun hér á Alþ. Ég benti þá líka þann sama dag á það, að rétt væri að hækka skatt á innlendum tollvörutegundum. Það var líka álitið fjarstæða þá. Það var svo gert í hv. Nd. og samþ. nú aftur af hv. Ed.

En ég vil benda hæstv. fjmrh. á það atriði, að hann má eiga það alveg víst, að ríkissjóður kemst ekki undan því að láta hálfa til heila milljón kr. í brúna á Þjórsá, sem verið er að byggja og vantar fé til og vafalaust á að reyna að halda áfram að byggja. Og þá skilst mér, að fjárhagur ríkisins sé þannig, að hæstv. ráðh. ætti að taka fegins hendi hækkun á benzínskattinum, til þess að hann þá gæti sparað af öðrum tekjum ríkissjóðs þá aura, sem lagðir eru í Þjórsárbrúna nú í ár, með því að fá þessa fimm aura viðbót á benzínskattinum í brúasjóðinn, svo að hægt yrði að reyna að klára Þjórsárbrúna í ár. Þetta virðist liggja ljóst fyrir. Og ég verð að líta þannig á, að ef hæstv. ráðh. og aðrir hv. þm. verða á móti þessu, þá telji þeir, að nægar tekjur muni verða eftir þeim venjulegu leiðum, sem fyrir liggja á Alþ., til þess að geta veitt fé bæði til brúargerðarinnar á Þjórsá nú í ár og til annarra nauð-

synja, sem að kalla, þegar kemur að því að afgreiða fjárlögin. Náttúrlega er gleðilegt, ef þeim mönnum finnst það, því að þá sjá þeir víst leiðir til að spara á fjárlögunum, og þeir sjá kannske fleiri leiðir til þess að koma vel saman fjárlögunum. En ég sé samt sem áður ekki annað en að brúasjóði eða ríkissjóði veiti ekki af að fá þetta fé m. a. vegna þeirra atriða, sem ég nefndi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. má ekki skilja mig þannig, að ég hafi álitið, að nóg fé væri í ríkissjóði til þess að veita í þessa brú að óbreyttu ástandi. Það, sem ég finn að brtt., er ekki það, að benzínskatturinn sé hækkaður um þessa aura, heldur finnst mér það ekki vera góður siður á Alþ., að það sé verið að binda ákveðnar framkvæmdir með breyt. á skattalöggjöf á þennan hátt, sem í brtt. er gert ráð fyrir. Þetta er eiginlega það, sem ég hef á móti brtt. hv. þm., því að hér virðist það vera hugmyndin að leggja þarna tiltekið fé rétt í þetta eina fyrirtæki. Og ef þetta væri samþ. á þennan hátt, hversu margir mundu þá ekki hafa slíka tilhneigingu um tilsvarandi ákvæði í lögum vegna annarra brúargerða? Ég bið hv. þm. að athuga þetta. En hann má ekki skilja álit mitt þann veg, að ríkissjóður hafi nóg fé fyrir hendi og af þeim ástæðum þurfi ekki að hækka benzínskattinn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Fjárþörf ríkissjóðs er mikil og í raun og veru fram yfir getu þjóðarinnar. Og þó að deilt sé nú og oft hafi verið deilt á fjármálastjórn landsins fyrir þetta, þá má þó segja, að þetta sé eðlilegur hlutur. Við erum fámenn þjóð, en búum þó í töluvert stóru landi og höfum lifað miðaldalífi fram á allra síðustu tíma, en erum nú að reyna að taka upp nútíma skipulag í ýmsum efnum. Og þar af leiðandi er ákaflega eðlilegt, að þetta rekist á og það sé erfitt að útvega fé til allra þeirra hluta, sem gera þarf í landinu af hendi þess opinbera. Og það er þá einnig svo ástatt nú, að það er mikil nauðsyn á fjáröflun, eins og allir vita, m. a. í sambandi við stuðning við sjávarútveginn o. fl. Af öllum sköttum — ég held bara öllum sköttum, sem til eru í landinu, — þá er það mín skoðun, að benzínskatturinn sé lægstur og að það væri sá skattur, sem eðlilegast væri að hækka. Þegar ég segi þetta, miða ég vitanlega við það, sem annars staðar er, því að dómar okkar mannanna eru allir byggðir á samanburði við eitthvað annað.

Þegar ég var í fjhn. fyrir nokkrum árum, þá lá fyrir frv. um benzínskatt, og athugaði þó n., hvað benzínskattur væri hár í ýmsum löndum, og kom í ljós, að á Íslandi var benzínskatturinn lægstur af öllum þeim löndum, sem n. hafði upplýsingar frá, en hitt er vitanlegt, að þörfin til þess að leggja nýja vegi á Íslandi er margföld á við það, sem er hjá þeim þjóðum, sem við höfum skýrslur frá um þetta. Ég verð því að játa það, eins og hv. 1. þm. N-M., að í þeim miklu tekjuöflunarleiðum, sem nú eru farnar í sambandi við önnur mál hér, þá sakna ég þess, að benzínskatturinn skuli ekki vera hækkaður alveg sérstaklega. Ég get ekki verið hæstv. ráðh. sammála um það, þegar um svo sérstakan skatt sem benzínskattinn er að ræða, að þá eigi enga hliðsjón að hafa af því í löggjöfinni, til hvers hann er notaður. Mér finnst sjálfsagt að hafa benzínskattinn háan og jafnframt að nota hann til vegagerða og brúagerða. Nú hefur benzínskatturinn ekki verið hækkaður, þrátt fyrir það að töluvert fylgi sé fyrir því að hækka hann verulega í sambandi við það tekjuöflunarfrv., sem hér er á ferðinni í sambandi við stuðning við sjávarútveginn, og þótt farið væri að bæta 5 aurum við nú, þá álít ég það svo litla hækkun, að hún skipti litlu máli. Ég lít því svo á, að þetta mál sé alls ekki útkljáð hér á þessu þingi með því frv., sem nú er samþ., heldur hljóti einmitt þetta mál um benzínskattinn að verða tekið upp í sambandi við afgreiðslu fjárl. síðar á þinginu. Frv., eins og það liggur fyrir, er í rauninni aðeins framlenging á því, sem áður hefur gilt, og úr því skrefið er ekki tekið eins og þarf að taka það, þá finnst mér ekkert unnið við það að fara að káka við þetta og breyta aðeins lítils háttar þeim l., sem hér eru til framlengingar. Ég held það sé réttara, að það bíði þá eftir endurskoðun l., sem ef til vill yrði þá látin gilda eitthvað lengur en 1 ár. Þess vegna vil ég lýsa þeirri afstöðu minni og gera þá grein fyrir atkv. mínu, að þrátt fyrir þessa skoðun mína, að ég vil hækka skatt af benzíni og verja honum til samgöngubóta, mun ég þó með tilliti til þess, sem ég sagði, greiða atkv. á móti þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og brtt. við hana, því að ég tel, að úr því sem komið er eigi framtíðarlausn þessa máls að bíða eftir fjárlagaafgreiðslu síðar á þinginu og þá verði gerð miklu gagngerðari breyt. á þessu en mundi fást með þessari brtt., sem fyrir liggur.

Ásmundur Sigurðsson: Ég býst við, að það hafi ekki mikil áhrif á úrslit þessa máls, hvort haldnar eru langar eða stuttar umr., en ég vil þó segja fáein orð út af þeim umr., sem farið hafa fram. Hæstv. fjmrh. minntist á það, og mér virtist það vera aðalástæða hans á móti frv., að sér þætti það leiðinleg braut að taka hluta af rekstrartekjum ríkisins eftir öðrum leiðum en beinlínis fjárl. Ég vil benda á það, að hér er ekki, þótt hér sé gert ráð fyrir því að taka þennan hluta af þeim rekstrartekjum, sem annars mundu fara í ríkissjóðinn, verið að veita fé úr ríkissjóði að neinu ráði, og ég vil benda á það atriði, að hér er nú verið að afgreiða í Nd. frv. um svokallaðar dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Þar er gert ráð fyrir því, ekki aðeins að það verði teknar 1—2 millj. kr. af tekjum ríkisins, sem verður bundið til ákveðinna hluta öðruvísi en í fjárl., heldur er gert ráð fyrir, að 70 millj. verði teknar í svokallaðan dýrtíðarsjóð, án þess að það komi beinlínis fram í fjárl. nema lítill hluti af því. Hér er um tvenns konar atriði að ræða. Í fyrsta lagi, hvort taka eigi fé á þennan hátt og safna því til verklegra framkvæmda, sem erfitt er að leggja til á einu ári, og það er það, sem

gert er ráð fyrir í þessu frv., svo er að hinu leytinu það, sem um er að ræða í þessum dýrtíðarl., en þar er gert ráð fyrir að taka slíkt fé í stórum stíl í beina eyðslu, og það er það atriði, sem ég álít, að eigi miklu síður að fara inn á heldur en þetta. Þá má minna á það, að þessi aðferð, sem hér er farið fram á, hefur verið notuð áður, og einmitt í þeirri mynd, sem ég fer fram á í þeirri brtt., sem ég flyt við till. hv. 1. þm. N-M., en það er það að taka fé í brúasjóð og binda það við ákveðna brú, sem mjög mikil þörf er á, að verði byggð og það sem fyrst.

Þegar ákveðið var að stofna brúasjóð, þá var það m. a. ákveðið, að því fé skyldi varið til brúargerðar á Jökulsá á Fjöllum, vegna þess að það þótti tvísýnt, að sú brú yrði byggð að öðrum kosti. Ég býst við að annað atriði hafi líka komið til greina, þegar ákveðið var að brúasjóður skyldi starfa á þennan hátt, það er það, að ef brúasjóður er stofnaður án þess, að ákveðið sé jafnframt, hvernig honum skuli varið, heldur skuli Alþ. í hvert skipti, þegar fé er veitt úr sjóðnum, ákveða, hvernig fénu skuli varið, þá er mikil hætta á því, að sjóðurinn verði að bitbeini um það, hvaða brú ætti að verða fyrir valinu. Er þá hætt við, að fram kæmu till. um brýr, sem yrðu ofan á, en brýr, sem ekki er ástæða til að safna fé til í brúasjóð, heldur veita fé til þeirra á fjárl. í hvert skipti. Þess vegna vil ég ákveðið mæla með því, að samþ. verði þessi till. mín á þskj. 202, þar sem ákveðið er gert ráð fyrir því, að fé brúasjóðs skuli eingöngu varið til brúargerða á stærstu fljót landsins og fyrst skuli byggð brú á Jökulsá í Lóni, vegna þess að ég tel liggja fyrir upplýsingar um það, að það sé réttmætt, að sú brú verði með þeim allra fyrstu, sem veitt verður fé til úr brúasjóði. Ég vil taka það fram, að ég viðurkenni, að brú á Þjórsá eigi að koma á undan, en hvað öðrum brúm viðvíkur, þá tel ég, að þessi eigi að koma fyrst.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. viðhafði þau orð, að ég yrði að hugleiða það, að það væri ekki á hans valdi að ákveða, til hvaða framkvæmda þessi hluti af benzínskattinum skuli fara, og sagði, að ég yrði að aðgæta, að aðrir hefðu áhuga fyrir öðru en brú á Þjórsá, en það, sem ég meinti, var það, að brúasjóðurinn yrði framtíðarsjóður, sem leysti sem sitt fyrsta verkefnið brú á Þjórsá, og ég sé ekki betur en að bílarnir, sem fyrst og fremst borga benzínskattinn, þurfi á brúnum að halda og það sé þess vegna sjálfsagður hlutur að ákveða, að viss hluti af því, sem þeir leggja fram, renni til þess að gera þeim fært að komast yfir stórárnar, sem ekki verða brúaðar með einni fjárveitingu frá Alþ. og þarf þess vegna að safna fé til í fleiri ár.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að bara í þetta sinn vekti fyrir mér áhugi á Þjórsá, en því er ekki til að dreifa, því að ég hef áhuga á því, að til að brúa stórárnar, sem ekki verða brúaðar með einni fjárveitingu, fáist fé, svo að þær verði brúaðar. Minn áhugi er ekki aðeins bundinn við eina sérstaka á.

Hv. 1. þm. Eyf. vildi láta fella þetta af því, að skatturinn væri of lágur, og vildi láta taka það upp síðar. Það verður þá kannske í fjórða skiptið, sem Alþ. breytir benzínskattinum, það er búið að gera það með tvennum l. áður, og nú á að gera það í þriðja skiptið. Það getur vel verið, að það þyki bezt við eiga að koma í hverri viku með brtt. við sömu l., en sjálfsagt er það ekki til að flýta vinnubrögðum þingsins að taka benzínskattinn í áföngum, eins og manni skilst, að eigi að gera hér.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. N-M. um það, að hér er ekki verið með annað en staðfestingu á ákvæði, sem setja varð með brbl. vegna þess, að það hafði fallið niður að endurnýja það. Ég er annars sammála hv. 1. þm. N-M., en bara ekki í því að fara að samþykkja till. hans og því síður till. hv. 8. landsk., af því að hún bindur sig við alveg ákveðna brú, sem till. hv. 1. þm. N-M. gerir þó ekki. Ég er fyllilega hlynntur því, að brúasjóður verði stofnaður og stórbrýr landsins verði brúaðar, en mér finnst, að það eigi að ganga að því þá reglulegu boðleið, sem liggur í gegnum fjvn. þingsins. Annars er talsvert til í þeirri ádeilu hv. þm., að það er dálítið sárt fyrir mig að verða að standa hér upp og verja það, að benzínskatturinn sé ekki hækkaður það ríflega, að hann komi að verulegu gagni, en þar til er því að svara, að það hefur ekki fengizt til þess samþykki manna, sem standa hv. þm. nær en ég geri, svo að það er ekki mín sök. En við skulum vona, að þetta verði lagfært og þá um leið verði tækifæri til þess að taka sjónarmið þessara beggja þm. til greina, sem hér standa að þessum brtt., og í rauninni erum við ásáttir um þetta allt saman nema aðferðina.

Eiríkur Einarsson: Ég skal fúslega játa það, að sú hvatning til að brúa stórár landsins, sem kemur fram í brtt. þeim, sem hér eru ræddar, er virðingarverð og á rétt á sér, því að til þess að framtíðarskipulagið hér á landi geti heitað viðunandi, þá er þetta, einmitt að brúa stórárnar, jafnvel frumskilyrðið, svo að sú hvatning er nauðsynleg og góð hvar sem er. En um aðferðina, sem gengið er inn á í þessum brtt., hvort eigi að nota sérstakan skatt, benzínskattinn, að meira eða minna leyti til þessara aðgerða, það er svo aðferðarmál fyrir sig. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég ætlast til þess, að sú siðferðiskennd verði ævinlega vakandi hjá ríkisstj. Íslands, hver sem hún er í hvert sinn, að henni sé þetta ljóst og fylgi því á eftir, að það þarf að halda áfram brúargerðum á stórám landsins meðan nauðsyn krefur, þar til lokið er. Hitt er svo allt annað mál, hvort á að láta þennan skatt og aðrar ríkistekjur, sem innheimtast í hvert sinn, svo sem hér er gert ráð fyrir, verða sérákvæði, það er mál út af fyrir sig. Ég fyrir mitt leyti er á móti því að láta þessar skatttekjur verða sérákvæði, láta þetta til þess og annað til hins,

í því trausti, að ríkisstj. gæti þess fyrst, sem nauðsynlegt er. En þetta er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að ég ætla að leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. um orðalag brtt. 202 frá hv. 8. landsk., ef til kæmi, að það næði samþykki. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fé brúasjóðs skal varið til brúargerða á stærstu fljót landsins, og skal byggja brú á Jökulsá í Lóni næst á eftir þeim stórbrúm, er Alþ. hefur sérstaklega ákveðið, að gangi fyrir.“ Þetta tekur af skarið. Það er viðurkennt, að þetta stórfljót þurfi að brúa, og hins jafnframt gætt, að Alþ. gangi ekki á sjálft sig og ógildi þær samþykktir, sem það hefur gert áður um vissar brýr, fyrst og fremst þá stórbrú, sem nú er verið að smíða, Þjórsárbrúna, og einnig brú á Hvítá hjá Iðu, sem samþ. hefur verið, að skuli ganga fyrir. Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að mín brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 261) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ásmundur Sigurðsson: Það eru aðeins örfá orð út af þessari síðustu brtt. Hv. 2. þm. Árn. vill með þessari till. segja það, að Alþ. sé áður búið að ákveða brú á Hvítá hjá Iðu og sé því ekki hægt að ákveða að byggja aðra brú fyrr. En ég vil benda hv. þm. á það, að Alþ. er líka búið að ákveða aðrar stórbrýr með því að veita fé til þeirra. T. d. hefur verið veitt fé til fyrirhleðslu við Jökulsá í Lóni, sem er nauðsynlegur liður í brúargerðinni og verður að fara á undan, og fyrirhleðslan kemur að því leyti að gagni, þótt hún sé gerð á undan brúnni, að hún mundi varna því, að áin færi í nýjan farveg. Þetta má því skoða sem fjárveitingu til brúargerðarinnar. Ég vil enn fremur benda á það, að á Hvítá eru ekki minna en 3 brýr fyrir, þ. e. Ölfusárbrúin, brúin á Brúarhlöðum og brú hjá Hvítárvatni. Það mátti setja 3 brýr á Hvítá áður en farið var að hugsa um að brúa Jökulsá í Lóni, sem sker heila sýslu frá öðrum byggðarlögum. Ætli það verði ekki krafizt fimmtu brúarinnar á Hvítá áður en það næst samþykki um eina brú á Jökulsá í Lóni, ef þessi till. nær fram að ganga. Ég get ekki samþ. þessa skriflegu brtt., vegna þess að ég tel enga sanngirni í því.

Eiríkur Einarsson: Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það, að samkvæmt einróma ályktun sameinaðs Alþ., er ríkisstj. falið að sjá um að brú á Hvítá hjá Iðu verði gerð 1948, og efa ég ekki, að sú framkvæmd væri hafin, ef ekkert sérstakt stæði í veginum. Það varð sem sé að láta Þjórsá ganga fyrir, það var að berja höfðinu við steininn, hefði sú nauðsyn ekki verið játuð. Með þessu hafa stjórnarvöldin og hlutaðeigandi ráðh. játað, að Iðubrúin ætti að koma næst á eftir Þjórsá (*Fjmrh.:* Það er um það að ræða, þegar þessu er mótmælt, að slíkar alþingissamþykktir séu að engu hafðar, að ég vil ekki fyrr en í síðustu forvöð leggja þá merkingu í ályktanir Alþ., því að þær eru gildandi sýnishorn af vilja þess engu síður en lagasetning. Vildi ég láta þetta koma skýrt fram vegna ummæla hv. 8. landsk.)

Hv. 8. landsk. talaði um, að það væru svo margar brýr á Hvítá, en engin á Jökulsá í Lóni. Það er nú svo. Ég heimska mig ekki á að halda því fram, að ekki sé nauðsynlegt að brúa Jökulsá í Lóni. En varðandi Hvítá þá eru nú ekki nema tvær brýr á því mikla vatnsfalli, því að vitanlega er ekki hægt að telja ferðamannabrúna við Hvítárvatn þar með sem almenningsbrú. Vegna þess, að brú vantar á Hvítá, er læknishérað höggvið í sundur og fjölmennar og blómlegar sveitir fyrir nútíð og framtíð einnig sundurskornar af þessum farartálma í miðju héraði. Því er það, að Alþ. fékkst til að samþ. þessa brú og í þessa framkvæmd verður ráðizt. Hitt er svo rétt, ef við færum að athuga brúamál allt í kringum landið, að þá kæmu víða fram einkennileg hlutföll í þeim málum og framkvæmdum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í reiptog þeirra hv. 2. þm. Árn. og hv. 8. landsk. um það, í hvaða röð sé réttast að brúa stórárnar í landinu, um það mætti deila óendanlega. Ég vil aðeins segja það í því sambandi, að ég fellst ekki á það sjónarmið að brúa fyrst á fjölförnustu leiðunum og í þéttbýlustu héruðunum undir öllum kringumstæðum. Það er þegar víða búið að brúa stórfljótin, þar sem þéttbýlast er, hins vegar eru líka víða stórfljót í fámennum sveitum, sem nauðsynlegt er að brúa, og það er ekkert réttlæti í því að fjölförnu héruðin, þótt þéttbýl séu, fái margar brýr, áður en þessi fámennu héruð með stórfljótunum fá neina brú.

Viðvíkjandi því, sem hefur verið rætt um þetta frv. að öðru leyti, vil ég sérstaklega víkja að sjónarmiði hv. 1. þm. N-M. Mér finnst hugsanagangur hans í þessu máli mjög eðlilegur. Það er verið að taka þrisvar eða fjórum sinnum til þessa máls, eða verður gert að manni skilst, þótt tíminn sé naumur til að viðhafa slík vinnubrögð. Ég skil ekkert í hæstv. ríkisstj. að láta málið nú bera þannig að, ef nú á að fara að fella brtt. hv. 1. þm. N-M. um smávægilega hækkun á benzínskattinum, en samþykkja svo innan skamms í vetur stórvægilega hækkun á sama skatti. Hitt hefði verið rökréttara, að hækka skattinn þá stórkostlega fyrst og lækka hann síðar eitthvað, í stað þess að fella fyrst smáhækkun og samþykkja litlu síðar stórvægilega hækkun. Ég skil ekki þetta sjónarmið fremur en ýmsir fleiri dm. Ég skal játa, að ég tel vel hægt að samþykkja mjög verulega hækkun á benzínskatti, því að benzínverð er miklu lægra hér en í nágrannalöndunum, eða 69 aurar hér í Reykjavík og yfir 70 aurar úti um land. Ég tel því miklu minna neyðarúrræði að afla fjár til ríkisþarfa með hækkun á benzínskattinum en eftir ýmsum öðrum leiðum, sem ríkið neyðist nú til að fara. Ég tel mig því standa illa að vígi með að fella smávægilega hækkun á þessum skatti, þegar ég tel forsvaranlegt að

ganga inn á stórkostlega hækkun á honum. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki lagt kapp á að láta málið bera þannig að, sem hefði verið miklu eðlilegra.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Hv. 2. þm. Árn. minntist á það síðast í ræðu sinni áðan, að það væru víða einkennileg hlutföll hér á landi varðandi brúargerð í hinum ýmsu héruðum. Ég er honum sammála um það, og eitt af þessu einkennilega er það, að búið er að margbrúa sum stórfljótin, önnur hafa hvergi verið brúuð. Þá vil ég benda á það aftur, að þál. er ekki sama og lög. En fjárlög eru lög, og þegar búið er að veita fé til einhvers mannvirkis á fjárlögum, þá er það röksemd, sem stenzt. Nú ganga atkvæði um þessar tillögur okkar, og vil ég ekki tefja umræðuna lengur.

ATKVGR.

Brtt. 261 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BBen, BrB, EE, GÍG.

nei: BK, BÓ, GJ, HV, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, BSt.

2 þm. (ÞÞ, HermJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Ásmundur Sigurðsson: Vegna þess að ég sé, að atkvæði munu falla þannig hér í deildinni, að eina vonin sé að fá þessa brtt. samþ., þá segi ég já.

Gísli Jónsson: Ég álít, að fjárframlög til brúa eigi að ákveða með fjárlögum, en ekki eins og gert er með þessari till., og segi ég því nei.

Brtt. 202 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BrB.

nei: JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, BBen, BK, BÓ, GJ, GÍG, HV, BSt.

EE greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, ÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Ég var með þeirri skrifl. brtt., sem nú er búið að fella, en hún var tilraun til að gera það, sem eðlilegast og sjálfsagt var, og í réttri röð. En úr því að ég skeytti þá tillögu mína við þessa brtt. hér og af því að hún á nokkurn rétt á sér og af því að mín till. var nokkurs konar fóstur þessarar tillögu og samband þeirra í milli, þá kann ég ekki við að vera á móti henni og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 185,a felld með 9:4 atkv.

Brtt. 185,b tekin aftur.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, BÓ, EE, GJ, HV, JJós, LJóh, SÁÓ, BSt.

ÁS, BrB, PZ, StgrA greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, ÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég hef skilið það hér á umræðum manna, að seinna í vetur verði átt við þennan skatt í fjórða skipti á þessu þingi, og er þá gert ráð fyrir stórfelldri hækkun á honum, en áðan var felld till. frá mér um lítils háttar hækkun. Þetta er órökvísi, sem ég vil ekki eiga þátt í. Ef stjórnin vill breyta þessum l. síðar á þessu þingi, þá er hún vitaskuld sjálfráð um það. En ég vil ekki eftir skamma stund greiða atkvæði þvert ofan í það, sem ég hef gert rétt áður, og það í jafnaugljósu máli og þessu, og ég sit því hjá að þessu sinni við afgreiðslu þessa frv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 18:7 atkv.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að taka það fram, að það er alls ekki til að flýta fyrir afgreiðslu mála að ætla að afgreiða þau með svona hætti. Og ég vil vekja athygli þeirra hv. þdm., sem styðja ríkisstj. að málum, á því, að afgreiðsla mála án þess að vísa þeim til nefndar brýtur algerlega í bága við þingvenjur og anda þingskapa. Ríkisstj. getur ekki kvartað undan því, að stjórnarandstaðan hafi gert sér það að leik að tefja fyrir málum hennar. Ég veit ekki til þess, að það séu dæmi til þess í þingsögunni, að nokkur ríkisstj. hafi átt það eins mikið undir stjórnarandstöðunni að hraða málum sínum í gegnum þingið eins og núverandi ríkisstj., og ég hygg, að það sé líka einsdæmi, að stórmál eins og það, sem nú hefur hlotið afgreiðslu, fari svo að segja umræðulaust í gegnum 2. og 3. umr. Ef ríkisstj. ætlar að svara þessu með því að brjóta þingvenjur og hætta að vísa málum til nefnda, þá skal það ekki flýta fyrir málum hennar.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Fjhn hefur haft til meðferðar sams konar mál og hér liggur fyrir, og þá var um leið gert ráð fyrir, að þetta mál kæmi fram, og engar athugasemdir gerðar við það af nm. Og þar sem þörf er á að hraða þessu máli, sýnist ekki ástæða til að tefja það með því að vísa því til n., þó að það sé að vísu vel hægt, ef þess er eindregið óskað.

Einar Olgeirsson: Í sambandi við mál það, sem var til umr. í fjhn., þá vil ég vekja athygli á því, að það var frv. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. vori um benz-

inskatt 1948. Ég er ekki vanur að tefja mál í fjhn., enda þýddi ekki að sakast um orðinn hlut, því að sannleikurinn var sá í því máli, að ríkisstj. hafði gleymt að framlengja l. um benzínskattinn, en lét innheimta hann sam sem áður. Þegar svo komið var fram á sumar, gaf hún út brbl., sem ekki komu svo fyrir þingið fyrr en í desember. Í sambandi við það mál var svo minnzt á benzínskatt 1949, og taldi ég, að nægur tími væri að ræða hann í nefndinni, þegar það mál kæmi fyrir. Ég hef ekki ætlað mér að tefja sérstaklega fyrir þessu máli, en hins vegar mun ég ekki líða það, að þingvenjur séu brotnar með því að vísa slíkum málum ekki til nefndar. Og nú krefst ég að fá atkvæði um það aftur, hvort vísa á málinu til nefndar, og verði það ekki gert, þá vil ég láta hæstv. ríkisstj. vita, að 2. og 3. umr. geta dregizt nokkra daga.

Forseti (BG): Út af ummælum 2. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er ekki rétt, að þingsköp hafi verið brotin.

Einar Olgeirsson: Ég sagði ekki, að þingsköp hefðu verið brotin, heldur þingvenjur. Okkar þingfyrirkomulag byggist jafnvel meira á venjum en lögum og þess vegna verður að ganga út frá, að þær venjur séu haldnar. Og venjurnar hafa eins mikla þýðingu í þessu atriði og þau skráðu þingsköp eða lög. Ég vil standa fast á því í þessu sambandi, að það sé haldið fast við þær venjur, sem hér hafa tíðkazt. — Viðkomandi því, sem hæstv. forseti sagði, vil ég taka fram, að það er fjarri mér að bera á hann, að hann hafi brotið þingsköp. Síður en svo. En það vil ég aðeins taka fram um það, sem hann minntist á, að hann myndi eftir, að það hefði komið fyrir, að mál hafi gengið í gegn án nefnda, þá er vitað, að það er til, en slíkt er ákaflega sjaldgæft. Hitt er miklu algengara, að mál gangi fram án þess, að umsögn nefnda um þau liggi fyrir. En af því að mér kom það óvænt, að ætlað var að vísa hér stóru tekjuöflunarmáli til 2. umr., án þess að slíkt mál færi í nefnd, — því að ég man ekki eftir, að það hafi tíðkazt um eitt einasta stjfrv. þann tíma, sem ég hef átt sæti í fjhn., — þá óska ég eftir því hér, að málið fari í n., en get gengið inn á, að málið fari til fjhn. á milli 2. og 3. umr. En ég vil ekki ganga inn á það án frekari átölu, að svona mál séu látin ganga hér í gegnum hv. þd., án þess að þeim sé vísað til nefndar.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég þarf ekki að endurtaka það, sem hæstv. forseti hefur sagt um þingsköp og þingvenjur. Ég vil bjóðast til þess að boða fund í fjhn., hvort sem málinu verður vísað þangað eða ekki, ef einhverjum skyldi vera fróun í því. Ef fundur í n. verður ekki sóttur án þess, að málinu sé vísað til n., þá held ég, að það sé útlátalaust fyrir okkur að vísa málinu til n. á milli 2. og 3. umr., og fundur verður þá þegar boðaður við fundarslit hér í ráðherraherberginu.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég legg til, að þessu máli sé vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 21:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:5 atkv. og til fjhn. með 18:1 atkv.

Forseti (BG): Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. form. fjhn., hvað hann hyggur, að n. muni þurfa langan tíma til athugunar á frv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil beina sömu spurningu til hv. 2. þm. Reykv.

Einar Olgeirsson: Ég mun, herra forseti, eins og vant er, þegar við reynum að flýta málum fyrir ríkisstj., að reyna að sjá til þess að taka ekki nema 4 til 5 mínútur, verði fundurinn boðaður strax.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haldið fund um þetta mál. Fór fundurinn mjög friðsamlega fram, eins og alltaf í þeirri nefnd. Samt klofnaði n. um málið. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. Ég vil hér með leyfa mér að afhenda hæstv. forseta nál.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Með því að ekki hefur unnizt tími til að prenta nál., verð ég að flytja það munnlega.

Þar sem nýlega hafa nú verið samþ. á Alþ. mjög miklar álögur í viðbót við þær gjaldaálögur á skattþegnana, sem fyrir voru, álít ég ekki nauðsyn á að framlengja nú þessar álögur, sem verið hafa fram að þessu, og álít því, að gjarna mætti einu sinni gera mönnum það til geðs að fella niður eitthvað af þeim álögum, sem áður hafa verið á lagðar. Og með því að upplýsingar hafa komið hér fram um það, að stórkostlegar hækkanir á benzínskattinum eigi að gerast nú rétt strax, álít ég því síður ástæðu til að leggja á þennan fimm aura benzínskatt nú og legg til, að frv. þetta sé fellt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 271).

10. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [107. mál] (stjfrv., A. 226).

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Á undanförnum dögum og vikum hefur Alþingi haft til meðferðar frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er stunduðu síldveiðar sumarið 1948. Þetta frv. hefur nú hlotið staðfestingu sem l. nr. 85 1948. Ríkisstj. var ljóst, að meira þyrfti að gera en þessi l. bjóða, enda hafði hún lýst yfir við umr. um málið, að það væri ekki nema einn liður í því, sem nauðsynlegt væri til aðstoðar útveginum, og að von væri á öðru frv. í því sambandi. Það var einnig vitað, að nú um áramótin rennur út ábyrgð sú, sem ríkissjóður ber á verði sjávarútvegsafurða eftir l. nr. 28 1947, en hins vegar augljóst, að útvegurinn færi ekki á stað á komandi vertíð nema fá einhverja tryggingu fyrir framleiðslukostnaði. Ríkisstj. lét því trúnaðarmenn sína athuga, að fengnum skýrslum frá útvegsmönnum, hvort framleiðslukostnaðurinn hefði breytzt frá síðasta ári og hvaða leiðir væru líklegastar til úrbóta. Niðurstaðan af þessum athugunum trúnaðarmanna stj. urðu þær hvað snertir rekstrarkostnað útgerðarinnar, að á honum hefðu orðið litlar breytingar, þar sem á annað borð um sæmilega veiði var að ræða. Hins vegar kom það skýrt í ljós, sem vitað var, að þeir útvegsmenn, er gerðu út á síldveiðar s. l. sumar, eru skuldunum fjötraðir og fáir þeirra eiga fyrir skuldum, og heildarútkoman var sú, að skuldir þeirra væru samanlagt 25 millj. fram yfir allar eignir. Það lætur að líkum, að þessi hali er þungur að veifa fyrir útvegsmenn, og sýnir, hver nauðsyn það er, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að skuldir útvegsmanna verði viðráðanlegri í framtíðinni. Úrlausnarefnið var því að laga úr sér genginn fjárhag útgerðarinnar og tryggja rekstur, sem gæti borið útgerðarkostnaðinn, því að öllum er ljóst, að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem aflar henni gjaldeyris, verður að halda gangandi. Hins vegar hlaut ríkisstj. að líta á það, að ekki mátti binda ríkissjóði þyngri bagga en hann gæti staðið undir, því að lítill stuðningur væri það fyrir útvegsmenn að heita stuðningi, sem ekki væri hægt að standa við.

Bátaútvegsmenn höfðu lagt fram till., og var í þeim drepið á ábyrgðarverð og svo nefnt tvöfalt gengi og auk þess, að útvegsmenn fengju gjaldeyri til ráðstöfunar. Eftir mjög nákvæma athugun hvað snerti tvöfalt gengi og afhendingu gjaldeyris til útvegsmanna gat stj. ekki orðið sammála um þær till., en til þess lágu margar ástæður, sem ég tel ekki þörf að rekja hér. Það varð því að finna aðrar leiðir, og var sú tekin, sem mörkuð var með l. nr. 85 1948. Í þeim l. eru tvö merkileg nýmæli, annað er ákvörðun um 6 millj. kr. framlag til að innleysa lögveð og sjóveð af hinum skuldum vöfðu bátum, en hitt er ákvæðið um greiðslufrest fyrir útveginn til 1. júlí. Þrátt fyrir þessi nýmæli var stj. ljóst, eins og tekið hefur verið fram, að meira þurfti að gera. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er framhaldið og er lagt fram til að reyna að tryggja atvinnurekstur landsmanna og halda niðri verðbólgu og vísitölu án þess að rýra lífskjör almennings, eftir því sem mögulegt er.

I. kafli frv. er í raun og veru bara framlenging á ábyrgðarverði á sjávarafurðum, sem ákveðið var með l. nr. 128 1947, en fellur úr gildi nú um áramótin samkvæmt þeim l. Rökin fyrir því, að stj. sá sér ekki fært að ábyrgjast hærra verð, eru í fyrsta lagi þau, að framleiðslukostnaður er ekki talinn hafa hækkað, en auk þess væri það lítils virði fyrir útvegsmenn að fá loforð um hærra verð, ef ekki yrði svo hægt að standa við þær skuldbindingar. Hins vegar vill ríkisstj. gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að bæta úr því fjárhagsöngþveiti, sem orðið hefur vegna aflaleysisins á síðustu síldarvertíð. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að ríkisstj. er ákveðin í að leggja fram nú á þessu þingi frv. til l. um aflatryggingasjóð, enda var svo ákveðið með l., að helmingur af þeim tekjum, sem ríkið fengi með eignaaukaskattinum, færi í þennan sjóð. Fjmrh. hefur þegar látið gera frumdrög að þessu frv., en ekki er ákveðið, hvenær það verður lagt fram. Með slíkum sjóð ætti að vera hægara að ráða fram úr örðugleikum, þegar aflaleysi herjar þjóðina. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða efni I. kafla frv. nánar, því að það er öllum þm. kunnugt.

Þá vil ég víkja að II. kafla frv., en í honum eru ráðstafanir til aðstoðar þeim, sem síldveiðar hafa stundað á tímabilinu 1945—48. Þar er m. a. farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að losa verulega á skuldaklafa síldarútvegsmanna. Í fyrsta lagi er heimild til að gefa eftir hin innleystu lögveð og sjóveð, það er að segja þær 6 millj., sem veittar voru til innlausnar þessum veðum með l. nr. 85 1948, og sömuleiðis uppgjöf á lánum samkv. 2. mgr. 2. gr. sömu laga, en auk þess uppgjöf á lánum, sem síldarútvegsmönnum voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945 og 1947. Um skilyrði fyrir uppgjöf á þessum skuldum og kröfum er rætt í 14. gr. Þar er gert ráð fyrir, að skilanefnd, sem um getur í 5. gr. l. nr. 85 1948, hafi úrskurðarvald um það, hvort skilyrðum sé fullnægt, en þó vænzt, að öll skuldaskil, sem þetta varða, séu gerð með frjálsum samningum. Hins vegar þótti nauðsynlegt að hafa ákvæði um lögþvinguð skuldaskil, ef samningar tækjust ekki milli útvegsmanna og skilanefndar, þó að ríkisstj. óski, að til þess þurfi ekki að koma, en taldi hins vegar óviturlegt að reikna ekki með þeim möguleika. Ég held svo, að þessi kafli frv. þurfi ekki nánari skýringar við.

Þá er III. kafli, en hann fjallar um fjáröflunarleiðir, til þess að hægt verði að standa undir þeim skuldbindingum, sem gert er ráð fyrir í frv. Það þótti rétt af mörgum ástæðum að stofna sérstakan sjóð, í fyrsta lagi til að styrkja

bátaútveginn og standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins og í öðru lagi til að halda niðri vöruverði á nauðsynjavörum almennings í landinu. Menn tala oft um það, hversu mjög útgjöld ríkisins séu aukin frá ári til árs, — og það er vitanlega rétt, — en hitt verður þá líka að athuga, að ríkið hefur mörg undanfarin ár tekið á sig skuldbindingar, sem valda stórum fjárútlátum, er miða að því að reyna að halda við lífskjörum fólksins í landinu. Eftir líkum má telja, að sjóður í þessu skyni þyrfti að vera 70 millj. kr., og er þá miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur á árinu 1948. Þetta verður sjálfsagt aldrei áætlað alveg nákvæmlega, en reynslan bendir þó ákveðið til, að þessi tala megi alls ekki lægri vera. Það þótti því sjálfsagt að tryggja, að þessi sjóður gæti fengið þær tekjur, er samtals næmu þessum 70 millj. kr. Hv. þm. er það vel kunnugt, hvernig á síðasta fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 33 millj.kr.fram yfir rekstrarútgjöld. Þó hefur hæstv. fjmrh. boðað, að hann óskaði eftir löggjöf um, að tekjur væru fengnar með tvöföldun á söluskattinum. Það er því fyrst og fremst — þegar búið er að ákveða dýrtíðarsjóðinn — lagt til, að söluskatturinn verði tvöfaldaður í samræmi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og áætlun hans um tekjur af söluskattinum. Þó er gert ráð fyrir, að hann verði ekki tvöfaldaður á nákvæmlega sama hátt, á sumt er lagt meira en áður. Hann hækkar þannig mest á heildsölu, en minna á smásölu, og á annarri sölu hækkar hann í 3% í stað 1½% áður. Um söluskattinn almennt er það að segja, að sitthvað má að honum finna, en hann hefur þó ýmsa kosti í framkvæmd, og eitt er víst, að Íslendingar eru ekki eina þjóðin, sem fer þessa leið til fjáröflunar, það gera margar aðrar þjóðir, og ekki sízt stórþjóðir eins og Bandaríkin og Sovétríkin. — Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um söluskattinn og hækkun á honum, þar sem þm. getur ekki komið sú hækkun neitt á óvart; hún var, eins og ég tók fram áðan, boðuð af hæstv. fjmrh., er hann lagði fram fjárlagafrv. Ég vildi aðeins geta þess, að svolítið meira er undanþegið söluskattinum en áður. En í heild er áætlað, að skatturinn nemi 34 millj. kr. í stað 17 áður.

Þá er lagt til, að af venjulegum tolltekjum séu 22 millj. færðar yfir til dýrtíðarsjóðs. Það er byggt á þeim rökum, að þessi hækkun var lögð á 1947 til þess einmitt að standa undir ábyrgðarverði og öðrum byrðum, sem er ætlazt til, að dýrtíðarsjóður geri.

Þá er í 29. og 30. gr. lagt til, að aflað sé tekna með nýju móti. Til dæmis er lagt til í a-lið 29. gr., að 100% séu innheimt af gjaldeyrisleyfum fyrir kvikmyndum, og er sá tekjuliður áætlaður 1 millj. kr. Í b-lið er gert ráð fyrir því, að af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, séu greidd 75%, og er það áætlað 3 millj. kr. Í c-lið 50% af leyfisfjárhæð innflutningsleyfa fyrir bílum, og er áætlað, að sá liður nemi um 4 millj. kr. Enn fremur í c-lið af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota 100%, nema af eldavélum og þvottavélum 50%, — og er það áætlað 1 milljón. Í 30. gr. er svo gjald af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum innanlands, en sá liður er áætlaður 5 milljónir.

Ég skal nú aðeins víkja örfáum orðum að hverjum þessara liða fyrir sig, sem valdir eru með það fyrir augum, að þeir verði fastur tekjustofn og komi ekki niður á brýnustu nauðsynjum almennings í landinu, heldur fyrst og fremst á þeim, sem rífust hafa fjárráðin. — Kvikmyndaleyfisfjárskatturinn er þannig ekki óeðlilegur, jafnvel þó eitthvað kynni að hækka aðgangseyrir að kvikmyndahúsunum, því að hann er nú mjög lágur í samanburði við annað, eins og t. d. aðgangseyri í leikhús eða á hljómleika. — Skatturinn á gjaldeyrisleyfum til utanferða er miðaður við það, að allur fjöldinn af þeim, sem fara til útlanda, eru venjulega menn, sem hafa mjög rúm fjárráð; og því er nú svo háttað, að gengi á íslenzku krónunni er svo hagstætt, að þeir menn verða aðnjótandi hreinna fríðinda, sem fá slíkan gjaldeyri. Erlendis getur þeim orðið svo miklu meira úr hverri íslenzkri krónu, að því hefur jafnvel verið haldið fram í gamni og alvöru, að það væri ódýrara að ferðast til útlanda sér til skemmtunar heldur en innanlands. — Þótt leyfisfjárhæð af innflutningsleyfum fyrir bílum hækki um 50%, kaupa menn með glöðu geði bíla á svörtum markaði fyrir langtum hærra verð. Og það sýnist því ekki óeðlilegt, að slíkt leyfisfjárgjald sé greitt af þeim, sem flytja bílana inn og fá þá þó betri og ódýrari heldur en á svörtum markaði. — Um rafmagnsvörurnar er þess að geta, að þær eru líka að nokkru leyti á svörtum markaði, og fjöldinn allur vill með gleði greiða t. d. ísskápa með tvö- til þrefalt meira verði en þeir kosta raunverulega.

Í 30. gr. er gert ráð fyrir gjaldi af kaupum og sölum bifreiða innanlands. Árið 1947 gengu 2200 bílar hér kaupum og sölum innanlands með uppsprengdu verði, og það er vissulega ekki óeðlilegt, að tollur sé lagður á þessi viðskipti — og þá miðað við alþekkt svartamarkaðsverð. Það er ekkert launungarmál, hvað þessir bílar eru seldir, um það geta matsmenn komizt að öruggri niðurstöðu og lagt á það verð 20%.

Með þessu móti er gert ráð fyrir, að inn komi í dýrtíðarsjóð fyrir söluskattinn 34 millj., í tollum 22 millj., í kvikmyndaleyfisgjöldum 1 millj., í skatti af gjaldeyrisleyfum til utanferða 3 millj., í gjaldi af innflutningsleyfum fyrir bifreiðar 4 millj., í gjöldum af innflutningsleyfum fyrir raftækjum 1 millj. kr., í gjöldum af matsverði bifreiða, sem keyptar eru og seldar innanlands, 5 millj. kr., — eða samtals 70 millj. kr., sem ríkissjóður þarf til að geta staðið straum af niðurgreiðslum og ábyrgðarverði vegna dýrtíðarinnar. Ég vil svo að lokum benda hv. þm. á, að það hafa slæðzt prentvillur inn í frv., sem sú n., sem það fær væntanlega til meðferðar, þarf sérstaklega að athuga. Í 18. gr. í 2. línu stendur „veði" — á að vera „verði". Í 23. gr. er vísað til 2. gr. í stað 21. gr.

Þetta frv. er á þann veg, að það þarf ekki mikilla skýringa við. Menn kannast við ábyrgðina síðan í fyrra. Hún er nú endurtekin í I. kafla. Með þeim rökum, sem ég hef nefnt, treystir ríkisstj. sér ekki til að fara hærra með ábyrgðarverðið. Í II. kafla er fjallað um aðstoðina við

útvegsmenn, og í III. kafla er fjallað um fjáröflunarleiðir. Ríkisstj. telur ómögulegt að taka með lögum að sér skuldbindingar um fjárútlát án þess að tryggja fé til þess um leið.

Þetta er tiltölulega einfalt mál, sem ég vona, að þurfi ekki lengi að vera til umræðna. Það er framhald af tilraunum ríkisstj. til þess að framkvæma þá stefnu, að halda við framleiðslunni og atvinnuvegunum og lífskjörum almennings, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Hvort þetta tekst, leiðir tíminn í ljós, en í þessu efni vill ríkisstj. gera það, sem hún getur.

Að lokum vil ég svo leggja til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að loknum umræðum, og af eðlilegum ástæðum, sem hv. þm. þekkja, þá er nauðsynlegt, að þær taki ekki of langan tíma. Þessi löggjöf verður að fást í gegn, áður en nýtt ár byrjar. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji þetta, að þessu verður að hraða sem mest, sérstaklega vegna utanbæjarþm., sem vilja dvelja á heimilum sínum yfir hátíðina. Ég óska því eftir, að fjhn. afgreiði málið svo fljótt sem þess er kostur og að því verði hraðað svo sem unnt er.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Aðeins örfá orð, sem ég vil bæta við skýringar hæstv. forsrh. Ég vil taka það fram, að þeir, sem að ríkisstj. standa, hafa auðvitað ekki verið á einu máli um samningu þessa frv. og að það er vitanlega ekki að efni til eins og það hefði orðið, ef hver flokkur um sig hefði einn haft aðstöðu til að móta það.

Framsfl. fyrir sitt leyti hefði álitið, að skynsamlegra hefði verið að stíga spor í verðhjöðnunarátt, en þar sem ekki fékkst samkomulag um slíkt, er ekki um annað að ræða en halda áfram á bráðabirgðabrautinni og afla tekna til þess að halda áfram niðurgreiðslunum og ábyrgðarverðinu. En til þess þarf að afla meira fjár en fram að þessu hefur verið gert, og við samþykktum því að fallast á þær leiðir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. — Þó álitum við óaðgengilegt að hafa sama innflutningsgjald á alla bíla, sem fluttir eru til landsins, þar sem um þá gildir ekki svipað því sama máli, og hafa jepparnir einkum sérstöðu. Það mun því verða flutt um það brtt. og bent þá á aðrar leiðir til að afla fjár í skarðið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú lýst innihaldi þessa frv. Eins og þegar hefur verið tekið fram og algerlega að óþörfu — það gefur auga leið — þá er það ekki mótað af neinum einum flokki, þar sem fleiri flokkar standa að stj. Þetta er samkomulagsmál, og vitanlega hefði það litið öðruvísi út, eins og hæstv. menntmrh. tók fram, ef það hefði verið mótað af einhverjum aðilanum einum. Yfirlýsinga er lítil þörf í því efni, svo eðlilegt sem þetta er. Á sama hátt hefur Sjálfstfl. ekki staðið einn að samningu þessa frv. Hann hefur og lagt til hliðar önnur sjónarmið til þess að þjóna aðaltilgangi frv., þeim að freista að gera ráðstafanir, sem ætla mætti, að gengju langt í því að tryggja það, að aðalatvinnuvegir okkar geti starfað. Um fjáröflunarleiðir gildir það sama, að persónulegar skoðanir hafa ekki allt að segja um það, heldur það, hvað hægt er að fá samkomulag um. En ég vildi benda á það — og undirstrika það sérstaklega, að tekjuöflunin verður að vera það mikil, að ekki reki í strand að standa við þau loforð, sem gefin eru með þessu frv. og öðrum slíkum. Ég tek undir það með hæstv. forsrh., að fyrir þessu verður vel að sjá. Þeir, sem því kynnu að vilja rýra þessar tekjuöflunarleiðir, verða að taka tillit til þess, að á þeim hvílir þá sú skylda að benda á jafnöruggar leiðir í staðinn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það má raunar segja það sama um þetta frv. og það, sem nú er nýafgreitt, þ. e. um stuðning til síldarútvegsmanna, því er kastað fram á síðustu stundu, svo að þm. hafa varla tíma til að lesa það yfir, og svo illa samið, að naumast verður skilið. Og sagt er, að hespa verði málið af í skyndi. Og þetta er höfuðmál hæstv. ríkisstj., málið, sem átti að leysa dýrtíðarvandamálið, en því er kastað fram á síðustu dögum þingsins og á að hespast af í skyndi. Þetta er forkastanlegt og fyrir neðan allar hellur. Hér er verið að baksa við það ákvæði í þingsköpum að láta mál fara í gegnum þrjár umr. Slíkt er gert um minkamál og hrossageldingamál, en þegar um þýðingarmestu málin er að ræða, er þetta raunar ekki gert og þau hespuð í gegn umræðulaust að kalla. Mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi gefizt nægur tími til að undirbúa mál þetta s. l. 2 ár með skaplegum fresti, svo að þm. hefði gefizt kostur á að athuga það frekar og það hefði getað fengið afgreiðslu á þinglegri hátt. Nú er það knúið í gegnum 1. umr. í dag og 2. og 3. umr. á morgun.

Það er fróðlegt að athuga, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur snúizt við þessu aðalverkefni sínu, að vinna bug á dýrtíðinni, minnka verðbólguna og tryggja rekstur atvinnuveganna. Hverjar eru ráðstafanirnar? Aðaltillaga ríkisstj. er að koma hér fram með frv., sem auka stórlega dýrtíðina og hækka verðlagið ekki um tugi millj., heldur hundruð millj. kr. Tollar hækka um 60—70 millj. kr. Söluskatturinn er nú um 34 millj. kr., eða svipaður og aðaltollurinn allur var metinn, er hæstv. ríkisstj. tók við. Allt þetta hefur stóraukið dýrtíðina, en samt sem áður hefur það ekki þótt nóg, og því er bætt við nýjum sköttum, benzínskatti, bílaskatti og bíóskatti, sem allir miða að því að hækka dýrtíðina. Útkoman fyrir atvinnuvegina er sú, að þessir hækkuðu tollar hafa skollið á þeim. Ekki er hægt að kaupa nokkurn hlut til endurnýjunar á bátunum án þess, að tollar leggist þar á og stórhækki útgerðarkostnaðinn. Þessir stórauknu skattar á þegnana kalla á hærra kaup frá atvinnuvegunum og auka þannig framleiðslukostnaðinn. Ég minnist þess, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var sett á stofn, að sumir ráðh. settu það sem skilyrði fyrir þátttöku sinni í henni, að verðbólgan yrði minnkuð, en virðast nú una sér þar vel, þótt þeir séu að auka verðbólguna nú í stað þess að minnka hana. Og í frv. frá því í fyrra lýsa þeir yfir því í 1. gr., að það sé til þess að minnka dýrtíðina, þó að reyndin væri þveröfug. En nú er sú bót í máli, að í þetta sinn hafa þeir sleppt því úr 1. gr. frv., að það sé til að minnka verð-

bólguna, það hefur ekki þótt fært lengur. Auk þeirra ákvæða, sem falizt hafa í frv. ríkisstj. í fyrra og nú, hefur það gerzt, að ríkisstj. hefur látið viðgangast aðrar hækkanir, sem hafa stórhækkað rekstrarkostnaðinn. Nokkru eftir að hæstv. ríkisstj. tók við, stórhækkuðu vextir bankanna, en það leiddi aftur af sér hækkanir á mörgum sviðum. Enn fremur hefur verið leyfð hækkun á aðflutningsgjöldum, sem hefur í för með sér hækkað verðlag í landinu. Allt þetta hefur gerzt í tíð núverandi hæstv. ríkisstj., sem taldi, að ómögulegt væri að stjórna í landinu, ef ekki yrði unninn bugur á dýrtíðinni. Um þetta frv. verð ég að segja það, að mér finnst það enn verra en frv. í fyrra. Og mun nú koma að einstökum köflum eftir fljótan yfirlestur.

I. kaflinn er að mestu leyti eins og núgildandi ákvæði um fiskábyrgð, en nú er þessi ábyrgð handa hraðfrystihúsunum ekki veitt skilyrðislaust, heldur er hnýtt þannig ákvæði aftan við 2. gr., að ég get ekki skilið, að hægt sé að ganga að því. En í 2. málsgr. 2. gr. segir. „Ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstj. ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma." Eða með öðrum orðum fer það eftir vilja ríkisstj., hvort nokkurt ábyrgðarverð verður á fiskinum, og fer eftir því, hvort hún leyfir að selja hann til þessa eða hins landsins. Samkvæmt ábyrgðarákvæðum og öðrum lögum hefur ríkisstj. óskoraðan ráðstöfunarrétt á framleiðslu hraðfrystihúsanna og hefur stjórnað sölu á henni. En nú er því bætt við, að þessi ábyrgð komi aðeins til greina, að fiskurinn fari til einstakra landa, þar sem ríkisstj. telji markaðshorfur. En enginn getur byggt á þessu ákvæði, enda munu hraðfrystihúsin neita þessu og ekki hefja framleiðslu, meðan ábyrgðin er bundin þessu skilyrði. — Í 1. og 2. gr. er lagt til, að ábyrgð til báta og frystihúsa og í 3. gr. til saltfisksframleiðenda sé hin sama og í ár. Þetta er of lágt og óhugsandi, að fiskútflutningurinn geti staðið undir kostnaði með þessu verðlagi. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi vilyrði fyrir því, að bátarnir muni fara á sjó og frystihúsin verða starfrækt, ef þetta verður svona. Ég veit, að samtök þeirra hafa lýst öðru yfir. Ég var á fundi hraðfrystihúsaeigenda, þar sem skýrt var tekið fram, að þeir mundu ekki hefja rekstur á þessum grundvelli, enda hefur kostnaðurinn við fiskiðnaðinn farið svo verulega hækkandi þetta ár, að ekki er unnt að sætta sig við sama verð og nú er. Og nú er enn verið að íþyngja bátaútveginum og frystihúsunum svo, að ég er sannfærður um það, að ekki blessast að binda þetta ábyrgðarverð svo lágt, nema meiningin sé að setja þetta allt á hausinn og knýja fram skuldaskil og uppgjör, eins og hlýtur að leiða af þessu frv., og ná þannig kverkataki á þessum atvinnurekstri eins og síldarútveginum, — koma að óvörum án þess að hafa nokkurt samband við útvegsmenn og skella á skuldaskilum á þessa útgerð, en það er gert í þessu frv. og þvert ofan í vilja þeirra, sem þetta varðar. Og það er það furðulegasta, að Alþ. skipi skuldaskil á heila atvinnugrein án þess að hafa leitað samkomulags við viðkomandi aðila. — Í 8. gr., þar, sem rætt er um fiskábyrgð, er skotið inn breyt., sem sýnist ekki nauðsynleg, þ. e. að ríkisstj. geti krafið útvegsmenn um rekstrarreikninga. Ef þessu verður beitt, er hægt að skylda alla smábátakarla til að senda ríkisstj. nákvæman rekstrarreikning sinn. Ég get ekki skilið, hvað þetta á að þýða, og vafasamar kröfur gagnvart frystihúsunum og bátunum, þar sem þau ganga út frá því, að það verð, sem þeim er tryggt, sé hið rétta verð og að ríkisstj. hafi ekki leyfi til að skyggnast inn í allan rekstur þeirra. Því er verið að skylda þessi fyrirtæki til að senda ríkisstj. allt sitt bókhald, þegar þetta er hið rétta markaðsverð? Því eru ekki allir kaupsýslumenn skyldaðir til að senda sitt bókhald? Á að stimpla útgerðina sem vandræða atvinnuveg, sem verði að vera undir ríkiseftirliti og verði að skila öllum þeim skýrslum, sem aðrir geta sloppið við að sýna?

Í II. kafla eru svo ákvæði um skuldaskil. Það er sá kafli, sem ég tel vanhugsaðastan og hættulegastan af þeim öllum. Það mætti segja, að væri hugmyndin sú, að útgerðarmenn fengju gefið eftir það, sem ríkið hefur veitt þeim samkv. 12. og 13. gr., þá gæti það sett skilyrði fyrir þeim eftirgjöfum, eða ef ríkið lánaði útgerðarmönnum upphæðir og vildi gefa þær upp, væri ástæða til að setja skilyrði. En hér er ekki miðað við það, heldur það, ef þeir fá lán til að losa sjóveð, þá eru þeir skyldir til að þola skuldaskil, ef svo er mælt fyrir. En 15. gr. byrjar svo: „Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til skilanefnd hefur afgreitt mál hans." Skilanefnd sú, sem hér er nefnd, er hin sama sem við síldarútveginn, og ef einhver útgerðarmaður snýr sér til hennar um lán, þá hefur nefndin vald til að fyrirskipa skuldaskil hjá þessum útgerðarmanni. En ef til vill er miðað við, að um útstrikanir á lánum sé að ræða, en svo er ekki í frv., eins og það er orðað nú. En hvernig mundi þetta verða í framkvæmd? Í 14. og 15. gr. er gert ráð fyrir, að ef útgerðarmaður hafi óskað eftir stuðningi, þá sé viðkomandi útgerðarmaður tekinn á sama hátt og bú til gjaldþrotaskipta og megi ekki ráðstafa neinu á eigin spýtur, þótt skipti þessi taki langan tíma. Meira að segja er orðalagið svo fast bundið, að útgerðarmaður, sem á bát eða frystihús eða annan rekstur og sækir um stuðning vegna bátsins, er gerður ómerkur gagnvart frystihúsinu og getur ekki rekið það og má ekki ráðstafa sínum eignum, meðan skiptin standa yfir. Það verður laglegt ástand í þeim bæjum, þar sem aðallega er stundaður bátaútvegur, meðan skuldaskilin standa yfir. Enginn þorir að eiga viðskipti við þessa vandræða atvinnugrein, sem liggur undir gjaldþrotaskiptum. Hverjir eiga svo að standa undir skuldaskilunum? Bátaeigendurnir eiga heima í nokkrum aðalfiskveiðabæjunum víðs vegar um landið, og það eru vélaverkstæði, dráttarbrautir og verzlanir á þessum stöðum, sem verða að standa undir skuldaskilunum og verða fyrir öllu tapinu. Verkamenn og sjómenn verða einnig að standa undir þessum skuldaskilum og verða að

þola það, að inneignir þeirra verði strikaðar út. En bankarnir og þeir, sem eiga veð í eignum útgerðarinnar, eiga óskerta sína ábyrgð allt að 100%. Bankarnir eru því öruggir, þar sem þeir hafa veð í bátum og veiðarfærum, og tapa því engu, nema í úrtökutilfellum. En nokkur fyrirtæki í útgerðarbæjum eins og Vestmannaeyjum, Norðfirði og Ísafirði eru látin standa undir öllum þunganum af þessum skuldaskilum. Það, sem Alþ. er að samþykkja með þessu, er að gefa ávísun á þessa fátæku bæi, og afleiðingin verður stærra og meira höfuðhögg í sambandi við útveg og bátaútgerð en nokkru sinni hefur þekkzt áður. Menn hræðast þennan atvinnuveg, þeir munu varast að koma nærri útgerð. Fólkið flýr til Reykjavíkur, hættir að stunda þennan atvinnuveg, sem settur er á hausinn vegna þeirra, sem dútla í höfuðstaðnum, hnýta þar einhverjar slaufur, búa til öskjur, fást við verzlun og skriffinnsku og eru öruggir með sinn gróða eða sína vinnu. Þessir menn fá útborgað reglulega, þeir þurfa ekki að óttast að verða settir á hausinn, þar eru ekki gerð skuldaskil. En kannske er þetta lausnin, kannske er það þetta, sem koma skal. Þá þarf Alþingi ekki lengur að streitast við þann vanda að ráða fram úr því, hvernig greiða eigi töp útvegsins, ef það er laust við útveginn einu sinni fyrir allt og búið að draga allt líf úr þeim stöðum, sem standa fyrst og fremst undir þeim atvinnuvegi og eiga sitt fyrst og fremst undir honum.

Í 17. gr. þessa frv. hér er orðalagið þannig, að það er ekki einu sinni nóg með það, að hægt sé nú að taka þá útgerðarmenn til skuldameðferðar, sem studdir eru fjárhagslega af ríkinu vegna taps á síldveiðunum í sumar, heldur er orðalagið þannig, að ef tilraun, sem þar er nefnd, heppnast ekki, má setja reglugerð um skuldaskil allra útvegsmanna, sem gerðu út á síld í sumar, þar er enginn undanskilinn, engin undantekning. Ég býst hins vegar ekki við, að það sé meiningin, en þetta orðalag er ágætt dæmi um það, hve flausturslega þetta frv. er samið. Ég býst við, að ákvæðið um skuldaskil eigi aðeins við þá útgerðarmenn, sem hafa sótt um og fengið einhver stuðningslán hjá ríkinu.

Ég minntist á það áðan, að mér er fullkunnugt um það, að þessi skuldaskil eru lögð hér til alveg án samráðs og þvert ofan í vilja samtaka útvegsmanna. Það var minnzt á þetta á fundi L. Í. Ú. í haust, en það var einróma álit fundarmanna, að þessi leið væri engin leið og hreint neyðarúrræði. Og framkvæmdastjóri landssambandsins lýsti þessu sama sérstaklega yfir fyrir fáum dögum á fundi nefndarinnar. Þetta er því gert að samtökum útvegsmanna fornspurðum, þvert ofan í vilja þeirra og ályktanir, án nokkurs samráðs við þau. Ég vara alvarlega við þessum vinnubrögðum og að samþ. þetta frv. eins og það er. Ég vara ríkisstj. alvarlega við að fara eins að og ávallt áður, ef við sósialistar höfum borið fram tillögur eða varnaðarorð, að lakka þá fyrir öll skilningarvit sín af þeirri ástæðu, að það eru sósialistar, sem vara við eða gera tillögur til úrbóta. Þessi háttur hefur verið hafður á hjá hv. stjórn og liði hennar, hversu góðu máli sem hefur verið hallað. Hafi sósialistar aðeins átt einhvern hlut að því, þá var það nóg, nægileg ástæða ein og út af fyrir sig til að lakka fyrir öll skilningarvit og hespa tillögur stj. sem fljótast í gegnum þingið og helzt að ræða málin sem minnst og umfram allt að taka aldrei undir neinum kringumstæðum neitt tillit til tillagna okkar sósialista, hversu réttmætar og sjálfsagðar sem þær hafa verið. Þetta mál á nú að hespa og berja í gegn sem fljótast, svo að þingmönnum gefist sem minnst færi á að íhuga það, og helzt breytingalaust, og allar tillögur okkar sósialista eru fyrir fram dauðadæmdar. Þessi málsmeðferð á að verða hin sama og með síldarkreppuna hér á dögunum, athugasemdir okkar sósialista í sambandi við það mál voru allar réttar og munu sannast í veruleikanum og framkvæmdinni, en til þeirra var ekkert tillit tekið.

En ef skilja á orðalag þessa frv. hér beint, fullyrði ég, að síldarkreppan, sem samþ. var hér nýlega, er þar með gersamlega að engu orðin sem hjálp eða aðstoð, því að enginn útgerðarmaður mun af frjálsum vilja leggja í þessi skuldaskil, ekki þeir heldur, sem fyrri lögin eiga við. Þeir munu afsala sér friðindum þeirra laga, ef vandkvæði og vandræði þessa frv. eiga að fylgja með eins og böggull skammrifi.

Þegar verið var að afgreiða hér mál útgerðarinnar rétt fyrir áramótin í fyrra, lögðum við sósialistar fram okkar tillögur til úrlausnar. Hið sama höfum við nú gert, og vil ég koma nokkuð inn á tillögur okkar og muninn á þeim og þessum tillögum hér.

Í fyrsta lagi er á það bent, að það er auðveldlega hægt að lækka rekstrarútgjöld útgerðarinnar, ef Alþ. vill samþykkja það, og má fyrst nefna vexti í því sambandi, sem eru þungur baggi á útgerðinni, bæði vextir af stofnlánum, veiðarfærum og öllu rekstrarfé, sem útgerðin þarf að fá. Yfirleitt verður útgerðin að greiða 6—7% vexti af þeim lánum, sem á henni hvíla. Það er aðeins lítill hluti bátanna á stofnlánum með stofnlánadeildarvöxtum. Vextir af lánsfé til útgerðarinnar hafa verið hækkaðir og það jafnvel á síðasta ári, er verst gegndi, og vaxtaívilnanir þær, sem samþ. voru á síðasta þingi og hér er einnig lagt til, hafa verið þverbrotnar af bönkunum. Í fyrsta lagi hefur útgerðin aðeins getað fengið mjög lítið af stofnlánum og því orðið að taka víxillán. Í öðru lagi, þar sem um bein rekstrarlán hefur verið að ræða, hafa þau ekki fengizt nema til þriggja mánaða. Það eru 4% lán, en til viðbótar koma svo framlengingarvextir og annar kostnaður, svo að við það hækka hinir raunverulegu vextir af þessum lánum yfirleitt upp í 6 eða 6½%. Það er auðveldur hlutur og sjálfsagður, eins og rekstrarafkoma bátanna er annars vegar og bankanna hins vegar, að lækka vexti til útgerðarinnar til mikilla muna. Með því væru bátunum spöruð veruleg útgjöld, og bankarnir hafa grætt 20—30 millj. kr. á undanförnum árum, svo að það er ekkert auðveldara fyrir þá en að slaka til í þessu efni. En það vantar vilja bankavaldsins og skilning Alþingis, eða

meiri hluta þess, sem ekki hefur viljað hlusta á tillögur okkar sósialista í þessum málum fremur en öðrum.

Þá eru það vátryggingariðgjöld bátanna, sem eru 5—7%. Þau eru langtum of há, og ríkið á að lækka vátryggingariðgjöldin, sem hvíla á bátunum. Meðalbátur greiðir 15—30 þús. kr. á hverju ári í þessi útgjöld, og sér hver maður, að sú upphæð dregur ekki lítið, þegar útgerðin berst í bökkum að öllu leyti.

Þá er það annað atriði, sem einnig er augljóst mál, það eru samningar um afborganir af lánum til báta og frystihúsa. Lánstíminn er nefnilega allt of stuttur. Árlegar afborganir eru allt of háar, til þess að hægt sé að búast við, að reksturinn þoli þær eða beri uppi. Eða halda menn að öllum, sem til þekkja, sé ekki fullkunnugt um, að það er ekkert vit í að lána út á ný steinsteypt frystihús t. d. til aðeins 10—15 ára, þar sem þessi hús geta hæglega enzt í 100 ár og vélarnar í 20—30 ár. En mönnum er gert að greiða upp lán út á þessi atvinnutæki á 10—15 árum aðeins. Stofnlánin eiga að veitast til miklu lengri tíma, eins og víða tíðkast erlendis. Ef lánstíminn væri yfirleitt lengdur upp í 20—30 ár t. d., mundu rekstrarútgjöld útgerðarinnar stórlækka á ári hverju. Það er há upphæð, 200—400 þús. kr., sem frystihús þurfa að greiða í afborganir árlega, það þarf mikinn hagnað til þess, að reksturinn beri sig. En þetta verður að hafa upp eins og nú er, til þess að unnt sé að standa í skilum, af því að lánstíminn er allt of stuttur.

Þá kem ég að því atriði í tillögum okkar sósialista að létta af útgerðinni þeim þunga bagga, sem hvílir á henni í sambandi við verzlunar- og gjaldeyrismálin. Við hv. þm. Siglf. höfum lagt til í frumvarpsformi, að útgerðarmenn fái til eigin þarfa töluverðan hluta þess gjaldeyris, sem þeir afla, fái hann til eigin ráðstöfunar, svo að þeir geti fyrir hann keypt og flutt inn það, sem þeir þurfa vegna atvinnurekstrarins, en þurfi ekki að kaupa nauðsynjar útgerðarinnar af heildsölum eða öðrum. Hvaða ástæða er nú til að neita þeim um gjaldeyri fyrir varahlutum, efni, vélum og öðru til rekstrarþarfa? Hvers vegna á að skylda bátana til að kaupa þessar vörur í gegnum einn *þrjá milliliði, sem hafa fengið gjaldeyri;* heildsala, smásala og jafnvel fleiri aðila, þegar engin þörf er á þessu fyrirkomulagi. Mér dettur í þessu sambandi í hug að segja frá samtali, sem ég átti nýlega við frystihússtjóra, sem mér var kunnugt um, að hafði fengið 50 þús. kr. í frjálsum gjaldeyri, aðallega fyrir hrogn. Hann sagðist ekki hafa farið út í að verzla með þennan gjaldeyri að ráði. Í sama húsi og *hann bjó heildsali, sem verzlaði með vélar, og* lét frystihússtjórinn hann fá leyfi út á þennan gjaldeyri. Síðan flutti heildsalinn inn vélar fyrir og lagði á full 40%, og sömdu þeir um að skipta álagningunni með sér til helminga, og taldi heildsalinn sig þó stórgræða á þessum viðskiptum. Með þessu sparaði frystihússtjórinn sér a. m. k. 10 þús. kr., en þetta dæmi gefur enn frekara tilefni til að spyrja: Hví ekki að leyfa þeim, sem vinna við útgerð og gjaldeyrisöflun, að fá hluta af gjaldeyrinum frjálsan vegna þarfa atvinnurekstrarins og létta þannig af útveginum óþörfum milliliðum og þar með óþarfa kostnaði? Við þetta miðast okkar tillögur, og þar, sem gjaldeyrisöflunin er meiri en svarar til nauðsynja útgerðarinnar, hafi framleiðendur sama rétt til innkaupa og aðrir, sem fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Í þessum tillögum felst raunverulegur stuðningur við útgerðarmenn, og þetta mundu útgerðarmenn einmitt fara fram á. En hví þá ekki að sinna þessu á Alþingi? Er það af því, að ákafi manna hér við það að berjast gegn dýrtíðinni sé svo mikill, að þeir þurfi endilega að koma á nýrri verðhækkunaröldu? Það væri auðvelt, eins og við sósialistar lögðum til strax í fyrra, að spara fúlgur á verzlunar- og gjaldeyrismálunum, en þær tillögur fengust ekki einu sinni ræddar.

Það eru svo nokkur atriði í sambandi við frv., sem ég vildi sérstaklega ræða um og spyrja hæstv. fjmrh. um. Þar er talað um 70 millj. kr. í dýrtíðargreiðslur af hálfu ríkisins fyrir yfirstandandi ár, og látið skína í það hér í umræðum, eins og mér skildist á hæstv. forsrh., að þessar greiðslur séu fyrst og fremst vegna fiskábyrgðarinnar. Hvaða tölur liggja fyrir um árið 1948 í sambandi við fiskábyrgðina og greiðslur vegna hennar? Það kemur mér ákaflega einkennilega fyrir sjónir, ef verulegar greiðslur þarf að inna af hendi vegna hennar í ár. Allar fisksölur til Englands, Hollands og Tékkóslóvakíu hafa verið á fullu ábyrgðarverði. Og nú síðast þessi margumtalaða Marshallgjöf, hún var reiknuð á því verði. Hvað er það þá? Hvernig er það með saltfiskinn, sem er einn aðalliðurinn? Saltfisksölurnar hafa verið mun hagstæðari í ár en í fyrra ætla ég, t. d. til Ítalíu. Þar var að vísu selt fyrir lírur, en það er auðvelt að selja þær til innflytjenda á fullu ábyrgðarverði. Til Grikklands var að vísu seldur saltfiskur undir ábyrgðarverði, það veit ég, en þar getur ekki verið um háa tölu að ræða, sem greiða þarf vegna ábyrgðarverðsins, það veit ég líka. Og sáralítið magn af ísfiskinum var selt með uppbótargreiðslum. Hvað er þá um að tala? Hversu háa upphæð hefur orðið að greiða úr ríkissjóði vegna fiskábyrgðarinnar 1948 *nú þegar, og hvað má búast við* að sú tala verði há fyrir allt árið, og hvernig sundurliðast hún? Ég veit, að hæstv. fjmrh. veit þetta og getur svarað. Mér er ekki kunnugt um annað en hér sé um óverulega upphæð að ræða í heild. Einnig væri gaman að vita, hvað kostað hefur að verðbæta kjöt á þessu ári og hve miklu hefur orðið að kosta til úr ríkissjóði til að greiða niður verð á landbúnaðarvörum í heild. Ég held, að það sé ljóst mál, að dýrtíðargreiðslur ríkisins á þessu ári séu fyrst og fremst inntar af hendi vegna niðurgreiðslu á afurðaverði innanlands, svo einkennileg vindmylluaðferð sem þetta nú er hjá ríkisstj. til að glíma við dýrtíðina. En þær greiðslur, sem hér um ræðir, eru ekki fyrst og fremst vegna fiskábyrgðarinnar, heldur niðurgreiðslu innanlands.

Í III. kafla þessa frv. kemur svo dýrtíðar-

sjóður. Hann er í minum augum ákaflega einkennilegur. Nú er allt í einu fundið upp þetta patent, að búa til sérstakt hólf í ríkissjóðnum, sem á að heita dýrtíðarsjóður. Hingað til hefur það verið ríkissjóður, sem tekjurnar hafa runnið í og gjöldin runnið úr. Ég hef ekki getað komið auga á, hvaða praktiska þýðingu þetta ákvæði á að hafa. Svo er í þessum kafla ákvæði um söluskatt, þennan ósanngjarnasta og versta skatt, sem nokkurn tíma hefur verið lagður á, eftir því sem núverandi hæstv. menntmrh. sagði á sínum tíma, meðan hann var utan við stj., hann stendur nú að því að leggja þennan skatt á í annað sinn, og nú hefur hann enn verið hækkaður frá því, sem áður var, efalaust með sérstöku tilliti til þess, að hann sé ósanngjarnasti skattur, sem nokkurn tíma hefur verið lagður á þjóðina. En samkvæmt þessum skatti er í fyrsta lagi ákveðið að leggja á 6% söluskatt, og í rauninni að hækka innflutningstoll á allri vöru, sem flutt er til landsins. Af hverri einustu vöru, sem til landsins er flutt og tollafgreidd, ber að greiða 6% og innheimta það í þennan skatt. Það sjá allir, að þetta ýtir undir hækkað verðlag. Þetta er ekkert annað en nýr aðflutningstollur, sem skellur verulega á bátaútveginum. Það er ekki hægt að reka bát nema flytja fjölda margar nauðsynjar inn til þess, og fjöldi af bátum, þótt nokkrir séu undanskildir, mundi verða fyrir þessum skatti. Það munar talsvert um það að fá 6% ofan á tollverð. Ég býst við því, ef tími væri til þess að rekja það, hvað mikil álagning er lögð á útgerðina og ýmsar fylgigreinar hennar, bæði í þessu frv. og öðrum frá ríkisstj., að þá færi nokkuð að vega salt það, sem á að heita stuðningur til hennar gegnum fiskábyrgðina. En svo þykir mönnum þægilegt að segja, að allt sé gert vegna útgerðarinnar. — Í 22. gr. eru nokkrar vörur undanþegnar þessum söluskatti, og ég tek eftir því, að tvö atriði hafa slæðzt þarna inn í, sem ekki voru í l. í fyrra, þ. e. dagblöð og vikublöð, en mánaðarblöð og tímarit skilst manni, að séu fyrir utan þetta. Þetta sýnist vera sett þarna inn af handahófi, því að ég skil ekki, hvaða samleið þetta á með benzíni, smurningsolíu o. s. frv., enda hafa mánaðarritin gleymzt í þessu sambandi. — Svo eru hér alveg ný ákvæði, sem eru allnýstárleg í sambandi við tolltekjur, en það er salan á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Nú á beinlínis að fara að selja útgefin gjaldeyris- og innflutningsleyfi og það allt háu verði. Ef veitt er innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum, þá á þar að greiða 100% af leyfisfjárhæð, og það er ráðgert, að þetta geri 1—2 millj. kr. í tekjum. Vitanlega verður þetta til þess í framkvæmdinni, að verð á aðgöngumiðum að kvikmyndahúsum hækkar. Þetta er tiltölulega mjög almenn skemmtun almennings og ódýr, og hana á að skattleggja. Það er rétt að gera sér það ljóst, að þetta hækkar skatt á alþýðu manna, því að hún notfærir sér þessa skemmtun. Þetta er enginn skattur á hátekjumenn, það er ekki verið að snerta við gróða bíóeigendanna sjálfra. Það er ekki verið að segja, að það eigi að taka bíóin og þjóðnýta þau og ríkissjóður eigi að taka hagnaðinn af því, sá hagnaður má ganga í þann vasa, sem hann hefur gengið, og það er sennilega meiningin með þessu að láta hina, sem kaupa sig inn í bíóin, borga þennan skatt í dýrtíðarsjóðinn. Svipað er að segja um allar þessar gjaldeyris- og innflutningsleyfavörur, sem gert er ráð fyrir í 29. gr., það þýðir aukin útgjöld hjá almenningi í flestum tilfellum.

Ég tók eftir því, að hæstv. menntmrh. gerði hér þann fyrirvara við þetta frv., að hér væri um samningamál á milli flokka að ræða og vitanlega hefði þetta verið á annan veg, ef hver flokkur fyrir sig hefði komið fram með sínar till., eins og hann hefði óskað.

Ég verð að segja það, að þetta er það gamla skálkaskjól, sem menn hlaupa alltaf í — um það er ekki að villast, nema þá að flokkur hæstv. ráðh. leggi fram sínar skýlausu till. þar um, því að öðrum kosti verða þetta alltaf að teljast hans till. og hans flokks, sú lausn, sem hann hefur fram að færa í dýrtíðar- og atvinnumálum. Það er vitanlegt, að Framsfl. þykir heppilegt að geta sagt: Ég vildi eitthvað annað — án þess að hann segi, hvað hann vildi. Hverjar eru hans till., sem hann hefur gengið með svo lengi? Það er talað um að fara verðhjöðnunarleiðina að einhverju leyti, en því sýnir ekki Framsfl. þetta einhvers staðar? Meðan hann ekki sýnir það, verður að álíta, að þetta frv., sem hann stendur hér að og flutt er á hverju þinginu á fætur öðru, séu hans till. í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Ef sérstaðan er ekki önnur en sú, að einhverjum framsóknarmanni hafi fundizt till. um bílaskattinn ekki eiga að koma á jeppabíla, ef það er ágreiningurinn, þá verður það ekki álitið af neinum sem neinn verulegur ágreiningur í sambandi við þessi stóru mál. Svo lengi sem Framsfl. ekki leggur fram sínar till. í dýrtíðar- og verðlagsmálum og skilgreinir þær til fulls, þá verður maður að álykta sem svo, að þetta séu hans till. Hann stendur því að fullu og öllu í sömu ábyrgð og aðrir flokkar í stj. gagnvart þessum till. — Ég get farið að ljúka máli mínu, en vil að lokum sérstaklega undirstrika það, að ég óska eftir því, að hæstv. sjútvmrh. upplýsi það, sem ég beindi sérstaklega til hans í sambandi við fjárgreiðslur úr ríkissjóði á þessu ári vegna fiskábyrgðarlaganna. — [Fundarhlé.]

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér skildist svo, að hæstv. fjmrh. ætlaði að taka fyrstur til máls. Hefði verið gott að fá upplýsingar hjá honum. En sé þessu eigi þannig farið, vil ég nota tækifærið til að ræða ofurlítið þetta mál.

Svo lízt mér sem með þessu frv. gangi hæstv. stj. spori lengra en áður í þá átt að auglýsa ráðleysi sitt í aðsteðjandi vandamálum. Virðist mér, að ekki verði komizt hjá því að ræða ýtarlega ástand það, sem sjávarútvegurinn á nú við að búa, og hvernig þessar ráðstafanir munu verka á hann. Hæstv. ríkisstj. telur, að frv. eigi að vera aðstoð við bátaútveginn. En

ég vildi kalla það aðför að honum. Mér sýnist, að af hálfu hæstv. stj. sé markvisst unnið að því að ganga af sjávarútveginum dauðum. Ég sé ekki betur en verið sé — og það er kórónan á allt saman — að tryggja þeim mönnum, sem græða á framleiðslu þjóðarinnar og í landi eru, völd og sérréttindi áfram. Mér sýnist, að með frv. sé stefnt að því að eyðileggja sjávarútveginn, sem þjóðin lifir af, en tryggja skrifstofuvaldinu í landi og sterkasta auðvaldinu æ betri aðstöðu til að kreppa að sjávarútveginum. Við verðum að gera oss ljóst, að sjávarútvegurinn er vandræðum hlaðinn. Í fyrsta lagi fyrir sakir þess, að með valdboði eru afurðir hans teknar af honum, og í öðru lagi, þegar vörurnar hafa verið teknar, þá er gjaldeyri þeim, sem kemur inn fyrir þær, úthlutað til óviðkomandi manna í þjóðfélaginu. Svo fremi sem hér ríkti það frelsi í atvinnulífinu, sem stjskr. gerir ráð fyrir, væri sjávarútvegurinn hin eftirsóttasta atvinnugrein sökum valda þeirra, sem útvegsmenn hlytu í þjóðfélaginu vegna yfirráða sinna yfir eigin afurðum og gjaldeyrinum fyrir þær. En nú sviptir ríkið sjávarútveginn þeim vörum, sem hann framleiðir til útflutnings. Leggur þetta þær skyldur á þjóðfélagið að taka það tillit til sjávarútvegarins, að honum sé eigi þjakað með svo þungum byrðum, að hann brotni undir þeim, og veita öðrum stéttum ekki meiri fríðindi en honum. Á hinn bóginn er með pólitík þeirri, sem rekin hefur verið undanfarið, verið að flæma menn inn í skriffinnsku- og verzlunarstéttirnar, en koma þeim burt frá framleiðslustörfunum, höfuðatvinnuvegum landsmanna. Hefur aldrei áður verið gert eins mikið í þessu skyni og nú í þessu frv. Hér í þjóðfélagi voru hefur átt sér stað barátta um skeið: hvort ríkið eigi að gera ráðstafanir til að efla sjávarútveginn eða auka skriffinnskuapparatið. Í tíð fyrrv. stj. voru skipin spor í eflingarátt sjávarútveginum til undirstöðu þjóðlífsins. Þá baráttu varð að heyja, þar sem bankavaldið var í broddi fylkingar og verzlunarauðvaldið og skriffinnskuapparatið þeir aðilar, sem berjast varð við. Stóð í þófi við Landsbankann mánuði eða eitt ár út af stofnlánadeildinni til lána handa sjávarútveginum. Ég vissi, að svo framarlega sem þessi öfl væru látin leika lausum hala áfram, að verzlunarauðvaldið rakaði til sín gróðanum af okurvöxtum, þá mundi sjávarútvegurinn lenda í sömu vandræðunum og milli stríðanna. Það varð að gera út um það, hvort ríkið vildi styðja sjávarútveginn í sama mæli og landbúnaðinn, sem ég man eigi betur en njóti í fjárlagafrv. um 20 millj. kr. framlags úr ríkissjóði, þó að eigi sé nægilegt til fulls til styrktar, en til sjávarútvegsmála mun lögð um 1 milljón. Það varð eindregið að skera úr um, hvor stefnan ætti að verða ofan á, afætustefnan eða stefna framleiðenda. Við sósialistar urðum varir við, meðan við sátum í stj., hve sterk þau öfl voru, er koma vildu útveginum í sama ófremdarástandið og fyrir ófriðinn. Og þessi öfl hafa nú sigrað, sem lýsir sér í þessari beinu árás á sjávarútveginn, sem fram kemur í frv., — að gera á hann upp, á sama tíma og þjóðfélag vort er ríkara en nokkru sinni fyrr og meira til af milljónamæringum í Reykjavík en áður, þótt fæstir þeirra hafi auðgazt á útgerðinni sjálfri. Gott er, að fram komi, að um frv. verði nú sú barátta, hvort skriffinnskuapparatið eigi að fá að læsa helgreipum sínum um atvinnuvegina. Það er eigi hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að tala um flóttann frá framleiðslustörfunum, þegar um leið er rýrð aðstaða þeirra, sem að framleiðslunni standa, en greitt fyrir skriffinnunum og auðmönnunum í Reykjavík. Sjávarútvegurinn er algerlega fjötraður. Ríkið hefur allt ráð hans í höndum sér. Hæstv. stj. spyr ekki útvegsmenn, heldur selur vörur þeirra, án þess að þeir fái að fylgjast með. Afurðirnar eru teknar með valdboði, eins og á tímum lénsfyrirkomulagsins, þegar aðalsmenn réðu yfir afurðum ánauðabændanna. Á svipaðan hátt er nú sýslað með afurðir smábátaútgerðarinnar. Hæstv. stj. tekur sér valdið, og útvegsmenn eru ekki frjálsir. Ég var t. d. eitt sinn staddur á Djúpavogi. Þar er nýtt hraðfrystihús, er miklar vonir eru bundnar við varðandi útgerðina. En þá berst bara tilkynning frá bönkunum, að þeir láni hvorki út á steinbít né þorsk, nema fiskurinn sé settur í amerískar pakningar. Útgerðarmenn á staðnum höfðu þá eigi bolmagn og engan rétt til að flytja út fiskinn. Þó voru hundrað fyrir einn, sem buðust til að kaupa hann. En allt stöðvaðist. Þeir voru ekki frjálsir. Og þannig er farið að því á ýmsa vegu að stöðva bátaútveginn. Ég veit, að á Austurlandi eru t. d. 10 hraðfrystihús. En útgerðarmenn þar finna aðeins skilningsleysi. Þegar þá langar til að halda áfram, fá þeir ekki lán, eru sviptir yfirráðum afurða sinna og eru svo allar bjargir bannaðar. Vegna þessa býr útvegurinn við kröpp kjör. Ég sé á frv., að hert er harðvituglega að útgerðarmönnum. Er alveg dæmalaust, að hægt skuli á svo skömmum tíma eftir stór átök til að auka sjávarútveginn að koma fram með slíkar aðgerðir. Verður þess ekki vart, að hv. þm. geri sér ljóst, að verið er að koma sjávarútveginum í sjálfheldu. Þrátt fyrir aflabrest hefði hann komizt betur af, ef hann hefði fengið að ráða fyrir afurðum sínum sjálfur. Er hart aðgöngu, að enginn skilningur skuli koma fram um þetta. Hér er fyrst og fremst framið óréttlæti gagnvart sjávarútveginum og þeim, er að honum vinna. Hagur þeirra er rýrður, og verið er að koma skuldaskilum á útveginn, á meðan stéttum þeim, sem græða, er hlíft, og án þess að hér fylgi með álögur á auðmannastéttina. Mér var það ljóst við stjórnarskiptin, að um var að ræða átök milli sjávarútvegsins og verzlunarauðvaldsins í Reykjavík. Og í þessu frv. lætur það nú kné fylgja kviði. Við sósialistar lögðum það til, þegar samningar fóru fram um stjórnarmyndun veturinn 1946—47, að gerðar yrðu þjóðfélagslegar ráðstafanir varðandi verzlunarauðvaldið, því að skera varð niður gróða þess. Öllum slíkum till. var hafnað, og hinir urðu ofan á, þeir er rýra vildu lífskjör fólksins. Kemur hér fram enn ein ráðstöfun í þá áttina. Þetta er þeim mun verra, að hér er verið að ráðast á alþýðumenn, en hinum hlíft, þar sem auðurinn er meiri. En nú er það svo,

að um 200 ríkustu einstaklingar og einkahlutafélög í Reykjavík eiga um 500—600 millj. kr. í skuldlausum eignum, fasteignum og öðru. Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. muni sem fyrr svara því til, að vandræðaástandið í sjávarútvegsmálum stafi frá verðbólgunni. Þá mætti búast við till. um að draga úr henni. En hér er reynt að auka hana. Á sama tíma og verzlunarauðvaldið græðir, er sjávarútvegurinn rekinn með tapi — með valdboði. Þetta ástand stafar eigi frá verðbólgunni. Jafnvel þótt hæstv. stj. væri búin að koma hér á atvinnuleysi að nýju, lækka kaup verkamanna og rýra kjör þeirra eins og á árunum 1933—34 og hún væri búin að koma fram öllu því, sem hana dreymir um og einkenndi kreppuárin um lágt verð á ölum sjávarafurðum, þá hefði þetta ástand ekki breytzt. Hvernig var t. d. ástatt 1933? Sjávarútvegurinn var þá rekinn með tapi, þó að kaupið væri lágt. Eftir skýrslum frá Rauðku nam tapið á árinu um tveim millj. kr., en gróði verzlunarinnar um 500 milljónum. Núverandi ástand mun því haldast, þótt verð og kaup væri orðið eins og það var 1933, þegar útvegurinn var rekinn með tapi, en verzlunarauðvaldið græddi. Þetta er því aldagömul barátta, og verður hún eigi gerð upp á annan hátt en þann, að tryggðar séu aðalatvinnugreinar þjóðarinnar, svo að betur borgi sig að starfa við þær en drottna í skriffinnskuhappdrættinu og verzlunarbákninu í Reykjavík. En frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur í þveröfuga átt. — Þetta vildi ég sagt hafa varðandi höfuðstefnu frv. og hverjum höndum hér er tekið á aðalvandamálunum.

Hv. 2. þm. S-M. bar hér fram fsp. um síðari mgr. 2. gr. í I. kafla frv.: hvers vegna fiskábyrgðin takmarkaðist af markaðshorfunum. Ég hafði nú búizt við svari frá hæstv. ríkisstj., — og því meiri ástæða var til þess, sem auðséð er, að hæstv. ríkisstj. vegna ráðstafana sinna um afurðasöluna liggur undir harðri gagnrýni og þungum grun um að hafa eigi hagnýtt sér sölumöguleikana til fulls. Og ég verð að taka það fram, að hart er í meira lagi, úr því að hér er um milljónaálög á þjóðina að ræða, að hæstv. stj. fái í hendur allar afurðir sjávarútvegsins. Hún á að annast sölu þeirra, án þess að Alþ. sé gerð grein fyrir ráðstöfunum hennar eða það fái að hafa þar hönd í bagga. Það er ekki óeðlilegt, þó að menn sjái ástæðu til að andmæla því, að með einokun, valdboði eins ráðh., sé farið að selja allar afurðirnar út úr landinu og því næst afnumið allt eftirlit. Það er staðreynd, að n. þær, sem áður störfuðu að þessum málum, hafa verið afnumdar í því skyni að einoka þetta undir stj. og koma sölunni undan öllu eftirliti. Hart er, að hægt skuli vera að fara svona að, örfáir menn skuli geta framið ábyrgðarlausa hluti, án þess að þjóðin fái aðstöðu til að rannsaka gerðir þeirra til hlítar. Hart er og, að síðan skuli komið og þess krafizt eftir á, að fulltrúar þjóðarinnar samþykki 20 millj. kr. álög á þjóðina, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hafi ekki getað selt þessar afurðir fyrir ábyrgðarverð. Ég hef skorað á hæstv. stj. að hreinsa nú til hjá sér, gefa yfirlýsingu eða heimila frjálsa sölu, og skora á hana enn að láta nú staðreyndirnar tala. En í þess stað eru afurðirnar teknar með valdi af landsmönnum og seldar við því verði, sem hæstv. stj. ein veit um. Síðan eru lagðar álögur á landslýðinn til að bæta mönnum upp tapið, þó að hægt hefði verið að selja fyrir hærra verð en hæstv. ríkisstj. fékk. Íslendingar hafa of lengi búið við einokun til þess að þola möglunarlaust, að slíku sé fram haldið í skjóli einokunar. En það er einmitt það, sem verið er að gera. Maður skyldi nú ætla, að fyrsta ríkisstj., sem Alþfl. myndar hér á landi, — maður hefði getað ætlað, að hún sýndi ofur litla viðleitni til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi. En það er öðru nær, og hvergi bólar á einu einasta atriði í þessu frv., sem miðar að því að bæta hag alþýðunnar í landinu, heldur er þvert á móti allt gert til þess að hlaða undir heildsala og svartamarkaðsbraskara. Ríkisstj. hefur ekki með þessu frv. sýnt neina viðleitni til þess að bæta kjör alþýðu manna, heldur miða allar hennar gerðir að því að hlaða undir auðmenn og svartamarkaðsbraskara, að ógleymdu skrifstofubákni því, sem ríkisstj. hefur komið upp. Það er hvergi gerð tilraun til þess að draga úr því, heldur þvert á móti. Það er þegar á þessu þingi búið að bæta við nefndum, og því er haldið áfram með þessu frv.

Ég ætla ekki að gera II. kafla að umræðuefni hér, meðan hæstv. ráðh. er ekki búinn að svara þeim fyrirspurnum, sem fram hafa verið bornar af flokksbróður mínum varðandi þann kafla, hv. 2. þm. S-M., en það væri óneitanlega gott að fá skýringar á þeim kafla, áður en málinu verður vísað til nefndar.

Viðvíkjandi III. kafla vildi ég gera nokkrar athugasemdir við 29. gr. Þar virðist vera gert ráð fyrir allmiklum innflutningi bíla, því að mér skildist það á hæstv. forsrh., að þessi liður mundi gefa af sér 4 millj. kr., en til þess að það geti orðið, þá þarf að flytja inn bíla fyrir 8 milljónir. Að stj. slái því föstu, að flytja eigi inn bíla fyrir 8 millj. kr., það verð ég að segja, að beri ekki mikinn vott um gjaldeyrisskort. Ekki veit ég, hvers konar bílar þetta eru, sem stj. hefur í hyggju að flytja inn, en varla geta það allt verið jeppar til landbúnaðarins. En ef þetta verður samþ., þá er það sýnilegt, að stj. ætlar sér að flytja inn ekki minna en 400—500 bifreiðar á næsta ári. Ef stj. ætlar að flytja inn 400 lúxusbíla, þá er gaman að athuga það, sem hæstv. forsrh. sagði: að ríkisstj. miðaði verðið við svartamarkaðsverð, og þó að menn þyrftu að greiða þessa tolla, þá væri samt hægt að selja þá með 50 þús. kr. álagi. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert í þessu sambandi? Á allur ágóðinn að renna áfram í hendur svartamarkaðsbraskaranna? Ef bílar verða fluttir inn fyrir 8 milljónir, eða samtals 400—500 bifreiðar, þá verður 20—25 milljóna svartamarkaðságóði af bílainnflutningi ríkisstj. látinn renna áfram til þeirra, sem alltaf fá að græða í skjóli ríkisstj. Er það ekki þetta, sem er meiningin? Ef hæstv. ríkisstj. er ekki búin að gera ráðstafanir, hvernig væri þá að láta þennan gróða renna til útgerðarinnar, láta útvegsmenn hafa svartamarkaðságóðann? Mér er næst að leggja hér fram till. um, að þessum leyfum verði úthlutað til útgerðarmanna, en það má vera, að það fari í

bága við móral hæstv. ríkisstj. — þ. e. a. s., að auðvaldið skuli græða, skrifstofubáknið í Reykjavík skuli tútna og blása út, en útveginn skuli umfram allt drepa. Það er verið með einum undirlið 29. gr., c-lið, — það er verið með þessum eina lið að skapa 20—25 millj. kr. fyrir auðvaldsbraskarana hér í höfuðstaðnum. Það væri því synd að segja, að ekki væri til nóg af peningunum, — það er gróðinn, sem gengur hér manna á milli. Þennan gróða gæti stj. tekið, ef hún vildi. Það væri ekki mikill vandi fyrir stj. að klípa svona 20% af milliliðaálagningunni. Nei, ég segi það, að ef stj. hefði snefil af vilja, þá væri vandalaust fyrir hana að aftaka þennan milliliðagróða, náttúrlega á kostnað auðvaldsbraskaranna, og þar með komið útgerðinni að notum og bætt kjör alþýðunnar. En það virðist ekki mega gera.

Við vorum í fjhn. að athuga álagningu á gosdrykkjum og þess konar vöru. Það var talað um að tvöfalda hana. En því þá ekki að þjóðnýta gosdrykkjaverksmiðjurnar? Nei, það má nú ekki. Haldið þið ekki, að „Egill Skallagrímsson" og „Coca-Cola" sé heilagt. Haldið þið, að það megi taka gróðann af þeim. Nei, sá fátæki á varla að hafa í sig eða á, en sá ríkari á að vera enn ríkari með hverjum deginum sem líður. Við sósialistar höfum alltaf haldið því fram, að það væri enginn betur að því kominn en ríkið að hirða þann gróða, sem lendir í höndum svartamarkaðsbraskaranna. En með þessu frv. er stj. að styðja svarta markaðinn, en flæma menn frá framleiðslustörfunum. Ég hef sýnt fram á, að það er hægt að koma útgerðinni á réttan kjöl, til þess er ein leið: að taka til þess svartamarkaðsgróðann. Það þarf enginn að telja neinum trú um, að það sé nauðsynlegt að leggja þessar álögur á almenning í landinu, ef viljinn væri til annars. Því ekki að taka gróðann sem safnast á fárra manna hendur, í stað þess að þyngja á og þrautpína almenning? Ég ætla ekki að tala um það, að þó að ríkisstj. taki dálítið af íslenzka svartamarkaðnum, þá er ameríski svarti markaðurinn á Keflavíkurflugvellinum eftir. En ríkisstj. er ekki komin svo langt, að hún nái til hans.

Það er auðséð, að með áframhaldi þessarar stefnu, ef þetta frv. verður samþykkt, þá er hert á þeirri stefnu að gera sjávarútveginn, aðalatvinnuveg þjóðarinnar, gjaldþrota, hert á því að pína hina smáu, en gera þá ríku ríkari. Það er mjög undarlegt, að það skuli eiga að fara að skipa hér nefnd, sem á að ákveða það, að hvaða fyrirtækjum skuli gengið. Það eru þessir menn, sem eiga að ráða því, hvort og að hvaða manni er gengið. Þeir segja fyrst: Við tökum gjaldeyrinn af ykkur. Þegar búið er að nota valútuna, þá segja þeir: Nú ert þú búinn að tapa, og ef þú ert óþægur drengur, þá gerum við þig bara upp, en ef þú ert þægur og hlýðinn og kýst rétt, þá sleppum við þér núna í þetta skipti. — Það verður að hafa kontrol með nefndinni. Menn verða að fá að vita, hvað hún gerir, og fylgjast með störfum hennar.

Ég mótmæli þessu — ég mótmæli svona till., sem miðar að því að stefna hagsmunum almennings í glötun. Íslenzka þjóðin vill hafa lýðræði. Hún vill fá að hafa hönd í bagga með því, sem stj. og þingið er að gera. En hvað er verið að gera hér? Það er verið að gera jafnrétti manna að lögum að engu með þessu háttalagi. Það er verið að þverbrjóta öll stjórnarskrárleg réttindi. Ég verð að segja það, að ef haldið verður áfram á þessari sömu braut, þá verður á örskömmum tíma búið að steypa þjóðinni í sama öngþveitisástandið og ríkti á kreppuárunum milli styrjaldanna. Ég er hissa á því, að ekki skuli vera hægt að fá hv. þm. til þess að koma auga á þetta og viðurkenna það.

Hæstv. menntmrh. hafði þau orð, að Framsfl. skoðaði þetta sem bráðabirgðaleið. Má ég þá spyrja: Skoðar hæstv. ríkisstj. sig þá sem einhverja bráðabirgðastjórn, sem hefur það að aðalstefnumáli sínu að auka dýrtíðina í landinu. Ráðherrann segir, að hann verði að sætta sig við þessa bráðabirgðaleið, sem stefnir að því að auka vald skrifstofubáknsins hér í Reykjavík. Hvers konar blekking er þetta eiginlega að fara að kalla þetta bráðabirgðaleið. Þessi sama leið hefur verið farin undanfarið ár, og þá var þetta líka kölluð bráðabirgðaleið. Menn vildu ekki horfast í augu við þetta við síðustu stjórnarmyndun. Þá lögðum við sósialistar til að fá fjármagn til sjávarútvegsins. Í kapitalisku þjóðskipulagi fer fjármagnið til þeirrar atvinnugreinar, þar sem gróðamöguleikarnir eru mestir. En hér hefur stj. hrúgað undir verzlunarstéttina. Svarti markaðurinn hefur aldrei gefið annan eins gróða og nú. Það þýðir ekki að vera að tala um að fá fjármagn handa útveginum, en gera á sama tíma ráðstafanir til þess að flæma allt fjármagn burt frá honum eins og hér hefur verið gert og verið er að gera. Ég sé ekki betur en að verið sé að rýra kjör almennings í landinu, fjötra útvegsmenn meira en nokkurn tíma undanfarið og stefnt sé að því markvisst að gera þá gjaldþrota, en um leið að skapa gróðamöguleika fyrir svartamarkaðsbraskara og skriffinna hér í Reykjavík. Þetta frv. er raunverulega það sama og að skriffinnskan og verzlunarauðvaldið hrósi sigri, ef það verður samþ., og þið getið verið viss um, að þá verður kné látið fylgja kviði við sjávarútveginn.

Ég kann illa við, að þetta sé kallað hjálp við sjávarútveginn. Þetta er engin hjálp. Þetta er jafnmikil hjálp og hengingarólin er þeim hengda. Hann hangir í henni. Á fjárlögum mun nú vera ráðstafað, — ég man það ekki nákvæmlega, — en það mun vera ráðstafað 1—2 millj. kr. til sjávarútvegsins, en á sama tíma er gert ráð fyrir einum 20 milljónum til landbúnaðarins. Þá hljóta allir að sjá, að þetta öfugstreymi í þjóðfélaginu er með öllu óbærilegt.

Ég ræð hv. þdm. til þess að staldra við og nota hvert tækifæri til þess að sjá, hvert stefnir, ef þessu á að halda áfram.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. sósialista, en áður vildi ég taka undir orð hæstv. menntmrh., er hann sagði, að þetta frv. væri byggt á samkomulagi milli hinna þriggja flokka, sem að ríkisstj.

standa. En það er þannig í okkar þingræðislega þjóðskipulagi, að þar sem einn flokkur er ekki svo sterkur, að hann geti einn saman tekið að sér stjórnina, þá verður að gera samninga til þess að koma málunum áleiðis.

Hv. 2. þm. S-M. kvartaði undan því, að seint væri ríkisstj. á ferð með frv., er það væri ekki lagt fyrir þing fyrr en komið er fram undir jól og árið komið á enda. Ég hélt, að ég hefði tekið það nógu skýrt fram í minni framsöguræðu, að ríkisstj. hefði látið gera miklar athuganir í sambandi við þetta mál og hafa þær dregið það. Ég minnist þess einnig, að þegar fyrst var farið hér hjá okkur inn á þessa braut, að ákveða atvinnuvegunum visst tiltekið verð fyrir sínar útflutningsvörur, — það var í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., sem kommúnistar áttu sæti í, — þá var það mál afgr. á tiltölulega mjög skömmum tíma, rétt fyrir jólin í líka tíð og væntanlega þetta mál verður afgreitt. Þá var stigið fyrsta sporið í þá átt að taka ákvörðun um verð á útflutningsvörum bátaútvegsins. Ég held, að hv. 2. þm. S-M. hafi ekki kvartað undan því, að þá kæmi málið nokkuð seint til Alþ. og ekki til fullnustu undirbúið, því að ef ég man rétt, varð nokkuð að hnika til og breyta því frv. á Alþ. og í n., áður en það var endanlega afgreitt. Ég held, að það sé sannast sagna, að þegar svo stendur á eins og nú er og þá var, að að steðja nokkrir örðugleikar, rétt áður en ný vetrarvertíð byrjar, þá megi varla búast við því, að mál eins og þetta verði afgreitt löngu áður á Alþ. og á löngum tíma. Ég held, að það séu til þess fullgild rök nú, eins og var í árslok 1946, að þetta mál komi nokkuð seint fyrir Alþ., en þó allmikið undirbúið, og það verði að afgreiða það á tiltölulega skömmum tíma. Það er oft svo með stór mál á þjóðþingum, að þau eru afgreidd á ekki mjög löngum tíma, eftir að tekin hefur verið endanleg stefna þeirra manna, sem farið hafa með stjórnir og hafa haft að baki sér meiri hl. löggjafarvaldsins.

Hv. 2. þm. S-M. talaði einnig um það og undirstrikaði það, að ábyrgðarverðið, sem hér er greint á fiskinum, væri of lágt. Ég gerði því atriði nokkur skil í minni frumræðu, þ. e. þeim ástæðum, sem lægju til grundvallar fyrir því, að ríkisstj. treystist ekki til að fara fram á það við Alþ., að ábyrgðarverðið væri hærra, en vildi auk ábyrgðarverðsins gera aðrar ráðstafanir, sem ætla mætti, að kæmu útgerðinni að verulega miklu gagni. — En það er ákaflega auðvelt að koma með yfirboð, sérstaklega fyrir algerlega ábyrgðarlausa menn — gersamlega ábyrgðarlausa menn eins og nú eru í stjórnarandstöðu — raunverulega ábyrgðarlausa, hvort sem þeir eru í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu. Það er auðgert, þegar ríkisstj. býður fram hjálp, að bjóða yfir og segja tveir, þegar ríkisstj. segir einn, og þegar ríkisstj. segir tveir, þá að bjóða yfir og segja þrír. Það er létt verk og löðurmannlegt, en auðvelt verk. Og í þessum frumvarpsóskapnaði, sem hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. S-M. hafa lagt fram, þá er gert ráð fyrir stórkostlegum auknum útgjöldum ríkissjóðs, svo að skiptir jafnvel tugum millj. kr., án þess að gerðar séu nokkrar ráðstafanir né um það rætt yfirleitt að koma málefnislega nokkurs staðar við það, hvort peningar séu fyrir hendi eða ekki. Það skiptir stjórnarandstöðuna ekki nokkru máli, hvort peningar séu til. Það á að hrópa á þá, ef ske mætti, að þeir menn, sem eru illa staddir og þurfa á aðstoð að halda, létu blekkjast af því, að þarna væru þeirra miklu vinir, sem gerðu háar kröfur fyrir þeirra hönd. En ég hygg, að flestir útvegsmenn séu svo þroskaðir og veraldarvanir, að þeir vænti lítils trausts og halds frá hópi þeirra manna hér á Alþ., sem nú þykjast vilja gera mestar og stærstar kröfur fyrir þá. — Ríkisstj. hefði áreiðanlega kosið, ef hægt hefði verið, að ábyrgjast hærra útflutningsverð fyrir útgerðina. En allar skynsamlegar líkur mæla með því, að hver hækkun um eyri á ábyrgðarverðinu fyrir útflutningsafurðir þessar, sem um er að ræða, mundi kosta 1,3 millj. kr. úr ríkissjóði. Og það verður áreiðanlega ekki gert að gamni sínu fyrir neina ríkisstj. né neitt þjóðfélag að gera slíkar ráðstafanir algerlega út í bláinn. Það er þeim einum fært, sem vilja umgangast ríkissjóðinn eins og höfuðóvin sinn.

Hv. 2. þm. S-M. talaði um það, að hér eigi að skella á skuldaskilum án vilja og samráðs við bátaútvegsmenn. Ég hygg, að sjútvn. þessarar hv. d., sem flutti till. um það, að ríkið gæfi eftir fjárframlög sín til kreppuhjálpar bátaútvegsins, og miðaði sjálf við það, að á þann hátt væri hægt að koma útgerðinni á öruggan grundvöll, hafi gert það vegna þess, að þeir hafi vitað það, að útvegsmenn, sem hafa sínar miklu skuldir að bera og stóru skuldabagga, er hafa í för með sér miklar fjárgreiðslur árlega í vöxtum og afborgunum, teldu það nokkurs virði, að þessar skuldir væru lækkaðar og þar með rekstrarkostnaður þeirra minnkaður. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að útvegsmenn skilja það mæta vel og meta, að gera á nú tilraunir til þess að lækka skuldabagga bátaútvegsins. Og þeir vita það, að það er stórkostleg hjálp í sambandi við rekstur bátaútvegsins í framtíðinni. — Sami hv. þm. var að tala um það, að það væri ógerlegt fyrir útvegsmenn að þola skuldaskil. Telja menn virkilega, sem svona tala, að ríkisstj. vilji færa sex millj. kr. úr ríkissjóði bara til þess að gera útvegsmönnum óleik og til þess að gera þeim verra fyrir, að setja það sem skilyrði fyrir þessari eftirgjöf, að hægt verði einnig að lækka aðrar skuldir? Ég held, að allir, sem hlut eiga að máli, skilji það mæta vel, að hér er um verðskuldaða og eðlilega hjálp að ræða til útvegsmanna vegna þess, hve hag þeirra er illa komið, og það sé vissulega af góðum vilja og skilningi gert að gera þessa tilraun til bjargar eða meiri háttar aðstoðar.

Svo hafði ég gaman af þeim einkennilega tvísöng, sem kom fram í ræðum þeirra flokksbræðranna úr hópi kommúnista, sem hér hafa talað í sambandi við þetta mál. Annars vegar talaði hv. 2. þm. S-M. um það, hversu óskaplegt það væri, ef ætti nú bæði að hindra það, að lausaskuldakröfueigendur, kaupsýslumenn og verkstæði gætu gengið að útgerðarmönnum, hversu ógurlegar aðfarir þetta væru. Hins vegar talaði hv. 2. þm. Reykv. um sníkjudýrin á

útgerðinni, kaupsýslumennina, sem seldu útgerðarmönnum vörur, verkstæðin, sem gerðu við bátana þeirra og vélarnar þeirra, og að að þessum mönnum yrði að bjarma. Það verður alltaf svo, þegar auglýsingapólitík er rekin í stórum stíl og eingöngu er um það hugsað að ná eyrum manna, sem illa eru staddir og reyna að telja þeim trú um, að þeim eigi að hjálpa, að það kemur fram ósamræmi í þessari auglýsingapólitík.

Hv. 2. þm. S-M. fór nokkrum orðum um einstakar gr. frv. og leitaðist við að gagnrýna þær. En flest sú gagnrýni virtist mér vera þann veg, að annaðhvort væri byggt á misskilningi eða fullkominni hártogun, eins og þegar hann t. d. var að tala um 17. gr. frv., þar sem hann vildi halda því fram, að þar væri gert ráð fyrir því, að allir útgerðarmenn ættu að fara í lögþvinguð skuldaskil samkv. þeirri gr., ef svo bæri undir. Ég veit, að jafngreindur maður og hv. 2. þm. S-M. sér það, ef hann les þennan kafla, hversu mikill barnaskapur er að halda þessu fram. Það þarf ekki annað en að lesa fyrirsögn kaflans og greinarnar næstu á undan, 12. og 15. gr., til þess að sjá, hvað við er átt. En það er langt seilzt til raka og áróðurs, þegar slíkar athugasemdir eru gerðar. — Þessi hv. þm. talaði um það, að þetta frv. væri illa og flausturslega samið. Ja, aðrir hefðu nú meiri ástæður til að beina þeirri gagnrýni heldur en hann og hans félagar. Ef tekið væri fyrir frv. það, sem þeir hafa lagt fram hér á Alþ. um dýrtíðarráðstafanir, þá mætti frekar þann dóm leggja á það frv. en frv. ríkisstj., sem fyrir liggur hér. — Þessi sami hv. þm. sagði, að það væri reginmunur á till. sínum og félaga sinna í frv. á þskj. 219 og frv. ríkisstj. Það er rétt. Það er reginmunur þar á. Frv. þeirra kommúnistanna er sýndaryfirboð, þar sem alls ekki er gerð nokkur tilraun til þess að undirbyggja möguleika ríkisins til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem ríkinu væru lagðar á herðar, ef það frv. væri samþ. Aftur á móti er frv. ríkisstj. miðað við það, sem ætla mætti, að gæti komið bátaútvegsmönnum að svo miklu gagni, að þeir héldu áfram atvinnurekstri sínum, samtímis því sem séð væri fyrir, að ríkið hefði tiltæka þá peninga, sem það heitir, til þess að standa við skuldbindingar sínar. Annars vegar er raunhæf, alvarleg og undirbyggð tilraun til þess eftir mætti ríkisvaldsins að hjálpa aðþrengdum bátaútvegi. Hins vegar er órökstutt yfirboð ábyrgðarlausra manna. Þarna er reginmunur á, ég skal játa það. — Sami hv. þm. talaði um það, að einum hluta dýrtíðarsjóðs ætti að verja, eins og ég tók skýrt fram í minni ræðu, til þess að halda áfram niðurgreiðslum á nauðsynjavörum, og öðrum hluta hans til þess að standa undir þeirri ábyrgð, sem ríkið tekst á hendur um verðlag á fiskafurðum bátaútvegsmanna á erlendum markaði. Hæstv. fjmrh. mun á sínum tíma skýra frá því, hvernig þessar greiðslur hafa skipzt, að svo miklu leyti sem vitað verður, á árinu 1948. En frá sjónarmiði ríkisstj. er þetta hvort tveggja jafnnauðsynlegar dýrtíðarráðstafanir, til þess að fólkið í landinu, sem minnsta kaupgetuna hefur, geti fengið neyzluvörur sínar við ódýrara verði en ella, með því að ríkissjóður leggi nokkurt fé af mörkum til þess að greiða niður verðlag á þeim og til þess hins vegar að tryggja útvegsmönnum ákveðið talsvert hátt verðlag á afurðum þeirra erlendis. Ég er alveg viss um það, að ef það væri hætt við þessar niðurgreiðslur, sem nú eru gerðar á kjöti, mjólk og kartöflum og öðrum nauðsynjavörum almennings í landinu, þá mundi margur alþýðumaðurinn finna verulega til, það mundi verða þrengra á heimili alþýðufjölskyldumannsins, ef þessum niðurgreiðslum væri hætt, sem hafa verið framkvæmdar með fé úr ríkissjóði, sem þó að verulegu leyti — þó kannske að of litlu leyti — er aflað með tekjum ríkisins frá efnuðum mönnum og tekjuháum og atvinnurekstri ríkisins. Þessu fé er varið til þess að halda niðri verði á nauðsynjavörum. Þetta eru leiðir, sem allar þjóðir hafa farið inn á meira og minna og talið algerlega nauðsynlegar. Í tveimur nágrannaríkjum okkar eða þremur, þar sem jafnaðarmenn hafa hreinan meiri hluta á þingi, Stóra-Bretlandi, Noregi og Svíþjóð, þar eru verðniðurgreiðslur framkvæmdar í mjög stórum stíl. Og ef tekinn er t. d. samanburður á niðurgreiðslum bæði í Bretlandi og Noregi og miðað við tekjur ríkissjóðs í þessum löndum og það borið saman við niðurgreiðslur íslenzka ríkisins í þessum efnum, miðað við tekjur ríkissjóðs Íslands, þá er það alveg áreiðanlegt, að það er ekki minna fé varið hlutfallslega í þessum löndum til þessa heldur en á Íslandi. Það eru því frá mínu sjónarmiði raunhæfar dýrtíðarráðstafanir að greiða niður með almannafé nauðsynjar almennings. Það heldur í skefjum verðbólgu að verulegu leyti, og það gerir það að verkum, að það er hægt að halda uppi betri kjörum fólksins í landinu. Ef því væri hætt og öllu sleppt og látið leika lausum hala, þá mundi verðlagið á nauðsynjavörum í landinu verða svo margfaldað, að alþýðan neyddist til þess að stórhækka kaup sitt. Og hvernig mundi það allt enda? Mundi það ekki enda á því, að íslenzki bátaútvegurinn strandaði? Mundi það ekki verða gráasti leikurinn við íslenzka bátaútvegsinn að fara inn á þær brautir?

Hv. 2. þm. S-M. sagði að síðustu, og beindi að vísu sínum orðum þar til hæstv. fjmrh., að það væri gamla skálkaskjólið, sem hann og við aðrir í stjórnarflokkunum flýðum inn í, er við töluðum um það, að um samkomulagstillögur sé hér að ræða í frv., sem fyrir liggur. — Ég hygg nú, að íslenzkir kommúnistar, sem áttu fulltrúa í ríkisstj. í rúm tvö ár, hafi orðið þess varir þá, að þeir gátu ekki komið öllu því fram, sem þeir vildu, og þeir urðu að semja við og taka tillit til samstarfsflokka sinna. Þeir hafa sjálfir beinlínis þreifað á þessu og hafa sjálfir undan því kvartað. En svo þegar aðrir flokkar eiga samstarf, þar sem þeir eru ekki með, þá dugar ekki fyrir neinn af þeim flokkum að halda því fram, að það hafi orðið að gera samkomulag um málin. Ósamræmið er svona allt á eina lund í málflutningi þessara manna.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um ræðu hv. 2. þm. S-M., því að

verulegur hluti af ræðu hans var sama efnis eins og ræður þær, er hann hefur flutt í öðrum málum hér í hv. þd. í sambandi við nýafgreidda löggjöf út af stuðningi við bátaútveginn vegna aflabrestsins 1948, og sérstaklega á þetta við þann hluta ræðu hans, sem fjallaði um skuldaskilin. Og hefur hæstv. fjmrh. í þeim umr., sem þá fóru fram um það nýafgreidda mál, gert þeim atriðum fullkomin skil, og er engin ástæða til að endurtaka þær umr. hér. — En ég þarf að víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. Það voru nú hans venjulegu stórpólitísku hugleiðingar, sem við alþm. höfum svo oft heyrt hér á undanförnum árum, með mismunandi blæbrigðum, en svipuðu orðalagi eins og oftast áður. Það var um stríðið, sem hann hélt fram, að háð væri milli kaupsýsluauðvaldsins og útgerðarmannanna. Ég vildi nú segja það fyrst, að í eina skiptið, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur staðið að og stutt ríkisstj., þá held ég, að kaupsýsluauðvaldið hafi aldrei blómgazt jafnmikið eins og á því tímabili — aldrei nokkru sinni — og hann *jafnvel átti nokkurn þátt í því sjálfur*. Ég held, að hann hafi með sínum ráðstöfunum, þar sem vald hans náði til, ekkert úr því dregið, að hagur þess, sem hann kallar kaupsýsluauðvald, gæti orðið sem allra beztur. Ég held líka hins vegar, að á stjórnartímabili þessarar ríkisstj., sem nú er, sé það svo, að sjaldan áður hafi verið þrengt jafnmikið að kaupsýslustéttinni eins og á þessu tímabili. Ég gæti fært fyrir því góð og gild rök. Það hefur verið kostað kapps um og teknar ákvarðanir um það, að þeir, sem kaupsýslu stunda, *megi minna leggja á vörur sínar en áður*. Það hafa á þessu tímabili verið lögð innflutningsgjöld á vörur, sem þeir hafa orðið að innheimta og bera ábyrgð á innheimtu á, án þess að mega nokkuð á vörurnar leggja vegna þessara innflutningsgjalda. Og vörur, sem mestur gróði hefur verið af að selja, hafa verið minna fluttar inn í landið á þessu tímabili en á löngu tímabili áður o. s. frv., o. s. frv. Ég held því, að það sé alveg áreiðanlegt, að ef kaupsýslumenn ættu að velja um tvö tímabil, tímabil þessarar ríkisstj., sem nú er, eða tímabil fyrrv. ríkisstj., þá mundu þeir ekki vera í vafa um, að þeir kysu fyrra tímabilið, einmitt þegar kommúnistar áttu fulltrúa í ríkisstj. Ég er nú ekki að segja, að það hafi verið sök þeirrar ríkisstj., sem ég studdi og var með, að svo var mynduð, heldur voru tímarnir allt aðrir þá en þeir eru nú. Og þeir tímar voru þannig, að einmitt innflytjendur höfðu ódáinsdaga á þeim árum. Ég segi það líka með stolti, hvað snertir sjávarútveginn, að á tímabili fyrrv. ríkisstj. var *gert stórkostlega mikið til þess að fá ný og* fullkomin framleiðslutæki inn í landið. Sú nýsköpun, sem þá var framkvæmd, hafði geysilega mikla þýðingu. En það var nokkuð þægilegra um vik fyrir útveginn á þeim tíma að koma framleiðslunni í verð en nú, og aðstæður á mörkuðum erlendis og annað slíkt var nokkru þægilegra þá heldur en nú. Og ég hygg, að í raun og veru hafi þessi núverandi ríkisstj. reynt að gera það, sem máttur íslenzka ríkisins hefur náð til, til þess að styðja og styrkja sjávarútveginn, *ekki sízt þar, sem mest* er þörfin á því, þ. e. bátaútveginn. Það er vegna þess, að ríkisstj. er fullkomlega ljóst, eins og ég tók fram í minni frumræðu, að hann er svo þýðingarmikill undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, að ríkisvaldið annars vegar og þeir, sem reka þennan atvinnurekstur, hins vegar verða að leggjast á eitt um það, að sá atvinnuvegur stöðvist ekki, heldur vinni áfram með von um það, að það sé hægt að halda rekstrinum í því horfi, að hann beri sig. Ég er ekkert að þakka ríkisstj., þó að hún vilji gera þetta. Og það er í raun og veru heldur ekki hægt að skamma ríkisstj. fyrir, að hún skuli ekki gera enn þá meira. Henni ber skylda til þess að gera það, sem hún getur. En að gera meira en hún getur og ríkið hefur ráð á, það leyfir engin ríkisstj. sér að gera, sem hefur nokkra ábyrgðartilfinningu og kann að meta sína ábyrgð. — Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að gerð væri árás á sjávarútveginn með þeim frv., sem ríkisstj. hefur staðið að og flutt hafa verið. Er það árás á sjávarútveginn að verja 6 millj. kr. til þess að létta sjóveðum og lögveðum af bátunum? Er það árás á sjávarútveginn að gefa honum eftir 16 millj. og nota það til að fá honum til handa viðbótareftirgjöf annars staðar frá? Er það árás á sjávarútveginn að reyna að tryggja, að skuldheimtumenn geti ekki gengið að útgerðarmönnum, þegar verst gegnir og vertíð er að hefjast. Það er að hafa hausavíxl á hlutunum, gera rétt að röngu, hvítt að svörtu, að halda fram, að þetta sé árás. Það er aðstoð, veitt að vísu af takmörkuðum mætti, en aðstoð, sem er skylt að gera og láta í té vegna þess, um hvað þýðingarmikinn atvinnurekstur er að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um örfáa liði í 29.—31. gr., þar sem stj. hefur lagt til, að leitað sé nokkurra nýrra leiða í tekjuöflun til að standa undir þeim dýrtíðarsjóði, sem á að halda niðri verðlagi á nauðsynjavörum almennings og tryggja ákveðið verð á útflutningsvöru bátaútvegsmanna. Í því sambandi fór hann með alls konar fleipur og bollaleggingar, sérstaklega út af bílunum og möguleikum til að ná þar í tekjur. Það er varla hægt að búast við öðru en eitthvað verði flutt inn af bifreiðum á árinu 1949. A. m. k. virðist allstór hópur manna í þinginu telja sjálfsagt að flytja inn sérstaka tegund bifreiða, sem sé jeppa, í stórum stíl. Tveir stærstu flokkar þingsins hafa nú flutt till. um það. Bílakostur landsmanna er nú orðinn talsvert mikill og mikill hluti af honum er nú notaður í almennings þágu. Hér á landi eru engar járnbrautir, en akvegir, sem eru mörg hundruð km. á lengd. Bílanotkun hér er því mikil, og ganga bílarnir því allmikið úr sér á hverju ári. Bifreiðastöðvar og bifreiðarstjórar, sem þar reka atvinnu sína, kvarta undan að fá ekki nægа endurnýjun. Það verður því að flytja inn eitthvað af bílum, þó að vegna gjaldeyrisins verði að skera það við nögl. En ég verð að segja, að betur er sá bílstjóri, sem stundar atvinnu á bílstöð, leikinn með því að fá nýjan bíl frá útlöndum, þó að álag sé á hann lagt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., en að kaupa bíl á svörtum markaði. Ég álít, að ef nokkuð væri flutt inn að ráði af bílum, þá ættu þeir ekki hvað

sizt að fara til stöðvarbílstjóra, og er þeim þá gefinn kostur á að fá betri bíl og nýrri bíl við miklu lægra verði en almennt svartamarkaðsverð er með því að sæta þeim kaupum, sem þeir fengju, þó að þessi skattur væri lagður á. Það væri hægt að gera tvennt í senn, ef viturlega væri á haldið og kostur væri af gjaldeyrisástæðum, að flytja eitthvað af bifreiðum inn, sem menn þurfa nauðsynlega að nota, bæði bifreiðarstjórar og læknar og aðrir, sem nauðsynlega á bílum þurfa að halda, og láta þá fá slíka bíla, þó að með þessu leyfisgjaldi sé, svo að þeir þurfi ekki að leita á svarta markaðinn í vandræðum sínum og kaupa þar verri bíla með miklu hærra verði, og um leið fær ríkissjóður nokkrar tekjur. Ég ætla því, þegar á þetta er litið og maður skoðar það frá þessu rétta sjónarmiði, að ekki sé ástæða til að ætla, að þetta verði til að auka brask og gróða einstakra manna á svörtum markaði, heldur þvert á móti til að draga úr honum og stuðla að því, að þeir, sem helzt þurfa með, geti fengið góða bíla á réttu verði.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ríkisstj. væri með ráðstöfunum sínum að gera bátaútveginn gjaldþrota. Ég hef í raun og veru svarað þessum fáránlegu fullyrðingum með þeim aths., sem ég gerði áður í ræðu minni. Þó að einhverjir standi hér upp á Alþingi Íslendinga og segi slíka fjarstæðu eins og þessa, að ríkisstj. sé með ráðstöfunum sínum að reyna til, að mér skildist af sérstökum illvilja við bátaútveginn, að gera hann gjaldþrota, þá munu bátaútvegsmenn líta nokkuð öðruvísi á það mál, sem hafa á því meiri skilning og meiri sanngirni. Hitt kann að vera rétt, að bátaútvegsmenn vildu gjarna fá meiri aðstoð, hærra ábyrgðarverð og meiri styrk úr opinberum sjóðum til rekstrar síns en hér er lagt til. Og þó að segja mætti, að ástæða gæti verið til þess, þá takmarkast allt af því, að ríkið getur ekki gert meira af sinni hálfu en það, sem geta þess og fjáröflunarmöguleikar ná til. Ríkisstj. þykist spenna bogann svo hátt sem unnt er í fjáröflun og að sú fjáröflun verði þó aðeins til að standa straum af því ábyrgðarverði, sem gert er ráð fyrir í frv. stj., því sama og áður hefur verið. En eins og ég hef margoft tekið fram og vil að lokum undirstrika, þá er það ekki það eina, sem stj. vill gera og leggur til, heldur hitt, sem er stórkostleg aðstoð við rekstur bátaútvegsins, að reyna að klippa verulegan hluta af þeim skuldahala, sem bátaútvegurinn verður nú að veifa. Og þar með er þá létt af bátaútveginum þeirri byrði, sem þessir þm. kommúnista hafa talað mjög um, að væri tilfinnanleg fyrir hann, og ég mæli ekki gegn. Það er hægt að draga verulega úr þeim erfiðleikum, ef tekst að lækka þessar skuldir til muna. Það kemur fram á rekstrinum í stórum stíl. Bátaútgerðarmenn kunna að reikna dæmið og láta ekki villa sér sýn með yfirboðum manna og skrumi hér á þingi, sem hafa það eitt að marki að reyna að nota sér erfiðar ástæður þeirra til þess að æsa þá upp til þess að standa á móti skynsamlegum ráðstöfunum, sem gerðar eru með till. stj.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 2. þm. S-M. sýndi mér þann sóma eins og oft áður að minnast mín nokkuð í ræðu sinni í kvöld. Þótt ég ætli mér ekki að taka mikinn þátt í umr. um þetta mál, þá vil ég víkja fáum orðum að sumu af því, sem hann sagði.

Hv. 2. þm. S-M. talaði um, að það væri aðeins skálkaskjól, sem flúið væri til, þegar ég minntist á, að Framsfl. hefði tekið þátt í samningum um þetta mál og að sjálfsögðu tekið tillit til annarra sjónarmiða en sinna eigin í því sambandi og yrði að gera það. Út af þessu er ástæða til að minna hv. þm. á það, sem hæstv. forsrh. nú greindi, að þegar hans flokkur átti sæti í stj., var hann óþreytandi á því að gera grein fyrir því, hvað hann hefði viljað láta gera og getað gert, ef hann hefði ráðið einn, en hann hefði orðið að taka tillit til annarra, og þessi hv. þm. sýndi mikla elju í því eins og öðru, því að hann er mikill eljumaður. En úr því að hann telur allt slíkt skálkaskjól hjá öðrum, þá má nærri geta, hvað honum hefur gengið til sams konar afsakana, því að margur hyggur mann af sér.

Hann spyr, hvort þetta séu till. Framsfl. Ég gat þess lauslega, að Framsfl. mundi hafa viljað ganga nokkuð inn á verðhjöðnunarleiðina að þessu sinni, en ekki mikið. Hann gerði till. um það í fyrra að lækka nokkuð meira hina lögboðnu vísitölu en þá var gert. Hann hefði viljað lækka hana nokkuð nú, en ekki mikið. Síðan hefði flokkurinn viljað taka upp nýja stefnu í verzlunarmálum, sem hv. þm. þekkja og gerðar hafa verið till. um. Fleiri uppástungur hafði flokkurinn um einstök atriði, en ég sé ekki ástæðu til að rekja þau hér, en það mun verða gert, þegar ástæða þykir til.

Framsfl. hefur aldrei haldið fram, að hann ætti neitt leynivopn gegn verðbólgunni, þó að það kynni að mega segja það um suma aðra, að þeir þættust eiga slíkt vopn í fórum sínum. Þess vegna tók flokkurinn á sig óvinsældir, sem leiddi af að halda því fram, að ekki ætti að hækka allt eins mikið og gert hefur verið, því að hann óttaðist afleiðingarnar, og það hefur fullkomlega komið í ljós, að það var ástæða til að óttast þær, því að á hverju ári hafa verið gerðar einhverjar vandræðaráðstafanir út af því, hvernig þessum málum er komið, og ekki séð fyrir endann á því enn og verður að sjálfsögðu ekki ráðið til lykta á einni nótt. Það kostar mikla vinnu og langan tíma, áður en því er komið í sæmilegt horf.

Hv. 2. þm. S-M. skaut því einnig til mín, að það mundi vera ósamræmi í því, að Framsfl. hefði, eins og hann sagði, áður ekki viljað taka þátt í stjórnarmyndun, nema dýrtíðin væri stórlækkuð, en nú stæði hann að stj. og gengi illa að stöðva verðbólguna. Hann hefur búið þessa afstöðu til, að Framsfl. hefði ekki viljað standa að ríkisstj., nema dýrtíðin væri stórlækkuð. Það er rétt, að þegar við sátum að samningum með sósialistum, vildum við ekki fara í stj., nema leiðrétt væru að nokkru þau mistök, sem áttu sér stað 1942, og það var auðvelt að gera það þá. Við vildum líka láta kommúnista sýna, að

þeir vildu vera ábyrgur flokkur, með því að færa þetta til betri vegar. Þeir vildu ekki gera það, enda kom í ljós síðar, að þeir vildu ekki fara í stj., nema þeir gætu ráðið því, að stjórnarstefnan væri ábyrgðarlaus, og þess vegna varð ekki úr samningum. Framsfl. vildi ekki fara í ríkisstj., nema unnið væri af alvöru gegn vexti verðbólgunnar. Hann sá, að það var ekki meiningin, heldur að gera ráðstafanir til, að hún yxi. En hann stendur að því ráðuneyti, sem nú starfar, af því að hann hefur orðið þess var, að þeir, sem að ráðuneytinu standa, vilja vinna gegn vexti verðbólgunnar og hafa beitt sér fyrir því af alefli. Hitt er annað mál, að rennsli þeirrar elfu er svo þungt, að það verður ekki stöðvað í einni svipan, en samt hefur þegar náðst mikill árangur. En barátta kommúnista á móti því hefur borið furðulega lítinn árangur á síðustu missirum. Hins vegar er það, að hv. 2. þm. S-M. er kannske nokkuð gramur út af því, hversu illa málpípum kommúnista hefur tekizt að ófrægja stj. fyrir ráðstafanir hennar. Ég skal ekki fara mikið út í það nú, hvaða ráðstafanir það eru, en vil aðeins leyfa mér að benda á það, sem upplýst hefur verið í þessum umr., að þrátt fyrir allt, sem á móti hefur gengið, hefur þó ekki verið unnið fyrir gig, því að það er upplýst, að framleiðslukostnaður sjávarafurða er ekki meiri nú en hann var fyrir einu ári, en það er meira en hægt hefur verið að segja nokkurn tíma áður, síðan fyrir stríð.

Hv. 2. þm. S-M. og hv. 2. þm. Reykv. halda fram, að nú væri skipt um til hins verra fyrir sjávarútveginn og nú sé flutt frv. til að afsaka sig við þennan atvinnuveg, en það hafi nú verið eitthvað öðru til að dreifa, meðan þeir höfðu einhver áhrif á þessi mál. Hv. 2. þm. Reykv. segir, að í tíð fyrrv. stj. hafi verið stigin stór spor til eflingar sjávarútveginum. Ég get ekki stillt mig um að leiða vitni um þetta mál, en vitnin eru sjávarútvegsmenn sjálfir, en þeir vita sennilega eins vel og hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. S-M., hvað að þeim snýr. Sannleikurinn er sá, að það hefur ekki verið haldið svo sjávarútvegsmannamót síðan á þessum dýrðarárum, að ekki hafi verið lýst yfir, að ekki hafi verið síðan 1942 rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn á Íslandi. Þetta er harður dómur, en þannig hljóðar hann. Í greinargerð, sem samin var í fyrra á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, segir svo um þessi mál:

„Þegar samningarnir voru gerðir við brezka matvælaráðuneytið 1942 um fisksölur til Bretlands, var vísitala framleiðslukostnaðarins í landinu 183 stig. Þá var verð á nýjum fiski innanlands, slægðum með haus, kr. 0,45 fyrir kg. Var afkoma vélbátaflotans þá sæmileg og hafði verið það frá árinu 1940. Eftir það fer alvarlega að halla undan fæti fyrir útveginn í landinu, því að frá þeim tíma fer framleiðslukostnaður ört hækkandi (dýrtíðin), en fiskverðið stendur svo að segja í stað."

Síðar í þessu sama áliti segir svo:

„Í þessu sambandi má geta þess, sem er mjög mikilsvert atriði, en virðist þó oft gleymast, þegar rætt er um þessi mál, að grunnkaup við alla vinnu hefur hækkað gífurlega síðan 1942. Mest varð hækkunin það ár, en síðan hefur orðið svo að segja árleg grunnkaupshækkun víðast hvar á landinu."

Að síðustu segir svo þetta nefndarálit:

„En í þessu stutta erindi er glögglega sýnt fram á, hvernig jafnt og þétt hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir aðalatvinnuvegi þjóðarinnar síðustu 5 árin, eða frá því að fiskverðið innanlands var 45 aurar fyrir kg. og dýrtíðarvísitalan 183 stig."

Svo ærast þessir hv. þm., þegar verið er að koma með stórfelldar till. til endurbóta fyrir sjávarútveginn. Þannig liggur þetta fyrir. Hvernig skildi hv. þm. Siglf., flokksbróðir þessara manna, við sjávarútveginn? Árið 1946 þurfti að hækka fiskverðið með ríkisábyrgð um 50%, til þess að nokkur von væri, að útgerðin gæti hreyft sig. Og þegar útgerðin var þannig stödd, þá fleygði hv. þm. Siglf. öllu frá sér, en lausnin er að fleygja inn í þingið frv. um, að ríkissjóður taki ábyrgð á fiskverðinu, um leið og hann hleypur fyrir borð. En hvar átti að taka peningana? Um það var auðvitað ekkert sagt. Það urðu aðrir að sjá um. Það urðu aðrir að bjarga úr rústunum því, sem bjargað varð. Og svo er það hlutverk þessara manna að standa eins og strákar og senda þeim tóninn, sem eru að koma í veg fyrir þessi bolabrögð, afstýra, að allt fari í strand. Þannig er hagað afskiptum þessara tveggja hv. þm. og ýmissa annarra, sem gætu verið í sama númeri. Þannig er aðstaða þeirra til að tala digurt í dag og gagnrýna neyðarráðstafanir, sem verður að gera.

En hverjar eru þá till. og úrræði þessara manna? Jú, það er að taka hærri ábyrgð og veita meira fé. Hvaðan? Því fæst ekki svarað. Ekkert orð um, hvar eigi að taka peningana, svo að hægt sé að veita meira fé. Það forðast þeir eins og heitan eldinn. Svo kemur hv. 2. þm. S-M., sem flytur frv. sjálfur um það ekki aðeins að útvega það fé, sem ríkisstj. leggur til, heldur tugi milljóna til viðbótar. Og um leið svívirðir hann ríkisstj. fyrir, að hún skuli leggja tolla á landsmenn. En hvar ætlar hann að taka féð? Vill hann ekki svara því? Heldur hann, að skattarnir verði minni, ef á að fá milljónatugum meira? Vill hann ekki gera grein fyrir þessu í stað þess að spyrja aðra, hvað þeir leggi til, þegar það liggur ljóst fyrir?

Ég sé svo ekki ástæðu til að eyða meiri dýrmætum tíma í að húðfletta hv. 2. þm. S-M. Ég ætla þó að bæta því við, að mig furðar á því hlutskipti, sem hann hefur valið sér, þegar hann er að halda því fram blygðunarlaust, eða það er a. m. k. ekki hægt að sjá nokkra blygðun á honum, að það sé verið að reyna að afsaka sig við útgerðina með því að veita henni gjaldfrest. En afsökunin er þá til þess, að hvaða kröfuhafi sem er geti ekki gengið að útgerðarmönnum, þegar aðstaða þeirra er sem verst. Þetta er það hlutverk, sem hann velur sér, og þá heldur hann sjálfsagt einnig fram, að það sé aðeins til að afsaka sig, að það skuli eiga að gefa eftir 17 millj. og setja skilyrði, að enn þá meira verði gefið eftir. Ég held, að hann sé ekki öfundsverður af þessu hlutskipti, sem hann hefur hér valið sér.

Þá fór hann að tala um söluskattinn og veltuskattinn. Ég hélt satt að segja, að ég væri svo oft búinn að segja honum til í því, að óþarfi væri að tyggja það enn í hann. Langar hann í raun og veru til að rifja það upp enn, hvernig veltuskatturinn var, þetta viðundur, sem styðst ekki við nokkurt dæmi á byggðu bóli? En sú var náttúra þessarar löggjafar, að verzlunar- og iðnfyrirtæki áttu greiða þennan skatt eftir því, hvað mikið þau seldu, þau máttu ekki reikna skattinn í verðinu, heldur átti hann að teljast gróði fyrirtækjanna, sem borguðu hann. Og af þessum peningum áttu svo fyrirtækin að borga tekjuskatt og útsvar. Þetta var reiknað sem gróði. Fyrirtæki, sem seldu mikið, en lögðu lítið á, hlutu þannig refsingu með skattinum, því að þau voru talin græða svo mikið og urðu að greiða háan skatt. En fyrirtæki, sem seldu lítið og lögðu mikið á, fóru miklu betur út úr því, þau sluppu með lágan skatt. Langar hv. þm. til að rifja þetta upp? Ég trúi því varla, en það er þó svo að sjá. Söluskatturinn á ekkert skylt við þetta. Hann verkar sem hver annar tollur. Hann er lagður á innflutning, og það, sem ekki er lagt á innflytjendur, kemur eins og hver annar tollur, hvorki betri né verri en aðrir tollar. En veltuskatturinn gat ekki haldið áfram, af því að hann var endemi, sem hvergi átti sér fordæmi, þar sem ég hef fregnir af.

Að lokum vil ég aðeins segja út af því, sem sagt hefur verið um bílainnflutninginn, að ekki hefur verið gengið frá innflutningsáætluninni, hvorki í ríkisstj. né í fjárhagsráði, og tel ég vafasamt, að talið verði fært að veita innflutningsleyfi fyrir bifreiðum upp á 8 millj. kr., nema það gangi út yfir þær till., sem fyrir liggja um jeppabíla. En hvort sem þetta verður gert eða ekki, vil ég vara við að reikna með svona miklum tolltekjum í þessu sambandi og hvetja menn til þess að samþ. þær till., sem munu koma fram um það að lækka stórlega þessa prósentu á jeppabílunum, en láta hana haldast á öðrum bifreiðum, en reikna ekki með svona miklum tekjum af því, en fylgja till., sem kæmu um að afla þeirra tekna með öðru móti.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins minnast á örfá atriði úr ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem var hneykslaður á mörgu og ekki sízt á því, að þessari svokölluðu skilanefnd væru fengin allt of mikil völd í hendur samkv. frv. til þess að ákveða, hvort lán skuli veita og hversu með skuli fara. Enn fremur hafa tveir þm. úr sama flokki talið ákaflega mikla firru, að sjóðstjórnin eða skilanefndin væru skipaðar af ráðh. Ég vil aðeins drepa á þetta í sambandi við svipaða löggjöf, sem sett var hér 1935 og heitir Lög um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda. Þar eru alveg hliðstæð ákvæði hvað bæði þessi atriði snertir. 10. gr. mælir svo fyrir, að sjóðstjórnin skuli skipuð af ráðh. Og viðvíkjandi því, sem þm. taldi hina mestu óhæfu, að fela pólitískri n. svo mikið vald eins og hann tiltók, þá á það sér líka fordæmi í þessum l. frá 1935. Upphaf 14. gr. hljóðar svo: „Þegar er sjóðstjórnin hefur fengið í hendur tillögur umboðsmanna og virðingargerðir matsmanna, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi getur komið til greina við fjárveitingu.“ Og ákvörðunin er alveg afgerandi um það, eftir þeim l., hvort honum er hugsað líf eftir þeim l. eða ekki að dómi þessarar sjóðstjórnar. — Ég bendi á þetta til þess að sýna fram á það, að í þessu frv. er núv. ríkisstj. ekki að koma með nein nýmæli hvað þetta snertir eða frekari þrengingar en Alþ. hefur á því herrans ári 1935 látið sér sæma að lögfesta.

Að öðru leyti að því er snertir skuldaskilin þá minnist ég þess, að þegar skuldaskil vélbátaeigenda voru lögfest að undangenginni till. til þál., sem ég mun hafa verið 1. flm. að, var því ekki tekið þannig, að það væri skoðað sem fjandskapur við útvegsmenn, heldur þvert á móti, og þó er ég viss um það, að hagur vélbátaútvegsins 1935 var ekki nærri eins slæmur og hagur þeirra, sem verst eru leiknir af skuldum núna. Þessi óánægja núna með skuldaskilin hlýtur að liggja í mikilli breytingu að undanförnu. Á þeim tíma var litið á þetta sem ráðstafanir til björgunar, en eftir ræðum þm. Sósfl. að dæma mætti ætla, að þeir litu á þetta sem eitthvað fjandsamlegt útgerðinni. Annars vil ég benda á það, að í frv., sem ég flutti hér eða flutt var undir nafni sjútvmrh. um aðstoð við bátaútveginn og þessar 6 millj. kr., var ekkert farið inn á þessi atriði. Rn. tók ekki á þeim málum á annan veg en áður hafði verið gert, sem sé að þetta yrði veitt sem lán útvegsmönnum, eins og áður hafði átt sér stað. En í þessari hv. d. kom einhuga krafa frá hv. sjútvn. um það, að þessu yrði breytt og gert að nokkurs konar framlagi, óafturkræfu, og um leið, að strikað væri yfir kreppulánin frá 1945 og 1947, sem mundi þýða 15 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð, og mér var alls ekki sleppt við að gefa yfirlýsingu um, að slík löggjöf kæmi til greina síðar meir. Ég held, að hvorki mér né neinum öðrum í ríkisstj. hafi verið það neitt afar mikið kappsmál að setja þennan skuldaskilakafla inn í, en hann er bein afleiðing af þeirri kröfu, að því skuli slegið föstu, að ríkissjóður skuli einn bera þungan af þessum 15 millj., hvernig sem færi um hag skuldunautanna í framtíðinni. Ég tók það fram við framsögu málsins, þegar á því var imprað af einhverjum hér, að þetta ætti að vera styrkur, en ekki lán, að ég teldi engan veginn vonlaust, að bátaútvegurinn gæti goldið þetta á sínum tíma, ef hann fengi góða vertíð, og var það sannfæring mín, enda veit maður, að sveiflurnar hér geta verið bæði upp á við og niður á við. En menn voru nú annarrar skoðunar og þar með hv. flokksbróðir hv. 2. þm. Reykv., hv. þm. Siglf., sem er fulltrúi sósialista í sjútvn. En þegar svo er komið, að Alþ. vill endilega láta ríkissjóð bera svona stór gjöld, er óverjandi fyrir ríkisstj. að gera engar ráðstafanir til þess, að aðrir lánardrottnar sjávarútvegsins gefi svipaða eftirgjöf. Það er nú svo með þessi skuldaskil, að litið er á þau allt öðrum augum nú en fyrir 13 árum, eins og komið hefur fram í ræðum þm. Það er sem sé sú slæma hugarfarsbreyting, að gera megi ótakmarkaðar kröfur til ríkissjóðs. En ef þeir, sem þann og

þann daginn eru í forsvari fyrir ríkissjóð eða hagsmuni ríkisins, draga af því rökréttar ályktanir og bera fram, eins og í þessu tilfelli, till. um skuldaskil útvegsins, er það á máli þessara þm. sérstakur fjandskapur við skuldunautana.

Hv. 2. þm. Reykv. var ákaflega gramur yfir ýmsum aðgerðum ríkisvaldsins, og mér skildist og raunar veit, að hann er það vel að sér í þingsögunni og að öðru leyti það skýr, að hann veit vel, að margt af því, sem hann hér hellti úr skálum reiði sinnar yfir, stafar ekki frá þessari ríkisstj., sem nú situr, einni saman né af aðgerðum þeirra þinga, sem haldin hafa verið í hennar tíð, heldur verður að sækja það miklu lengra aftur í tímann, t. d. afskipti af utanríkisverzlun og afurðasölu. Það byrjaði auðvitað fyrir alvöru í stríðinu og hefur haldizt síðan, m. a. vegna þess, að einmitt þeir menn, sem fylla flokk hv. 2. þm. Reykv., hafa viljað halda af öllum mætti í þessi afskipti ríkisvaldsins af afurðasölunni, t. d. með því að verða fyrstir manna til þess að kveða upp úr með það, að ríkissjóður ætti að bera ábyrgð á og tryggja ákveðið verð á fiskinum, þegar sá tími var liðinn, sem gat heitið ófriðarástand. En þegar þess er krafizt af hv. 2. þm. Reykv. og flokki hans, að ríkið ábyrgist fyrir fram ákveðið verð fyrir afurðirnar, er vissulega beinlínis verið að halda við afskiptum ríkisvaldsins af afurðasölu. Það þarf ekki að rökstyðja það fyrir skynbærum mönnum. Það væri undarlegt ríkisvald, sem léti sig afurðasölu engu skipta, eftir að ríkissjóður væri settur undir áhættu af henni. Nú er það ekki eins og hv. þm. vildi halda fram, og getur verið, að hann sé þessu máli ekki eins kunnugur í einstökum atriðum og honum er það tamt og leikið að tala snjallt og fellt og skýrt og stundum fordæmandi um það í almennum atriðum. Það eru t. d. ekki allar afurðir, sem ríkisvaldið skiptir sér beint af að selja. Á ýmsum sviðum, líka hvað sjávarafurðir snertir, hafa þegnarnir — ég vil segja sem betur fer — athafnafrelsi að öðru leyti en því, að þeir verða að sækja um útflutningsleyfi á vörum. Það hafði lengi með höndum n., sem hét samninganefnd utanríkisviðskipta, og var hún nokkurs konar arftaki nefndar með öðru nafni, er skipuð var til svipaðra starfa í byrjun síðasta stríðs. Nú hefur hún látið af störfum, var margmenn, og heyrðust útflytjendur oft kvarta yfir seinni afgreiðslu hjá þessari n. og þótti erfitt við hana að eiga, ekki af öðrum ástæðum en þeim, að nm. höfðu allir einhverjum öðrum störfum að sinna, og það þótti dragast oft á langinn meir en góðu hófi gegndi að afgreiða beiðni um útflutning o. s. frv. Svo var það líka, að í ýmsum atriðum vildi þessi n. ekki taka endanlegar ákvarðanir og taldi sig oft þurfa að bera sig saman við ríkisstj. um sölu og verð, og tafði þetta líka talsvert fyrir afgreiðslu. Nú hefur þetta verið gert einfaldara, þannig að í utanrrn. er deild, eða réttara sagt, það heitir svo, því að það er einn maður, mjög duglegur og glöggur, sem hefur þetta með höndum fyrir ríkisstj., og veit ég með vissu, að það er orðið miklu liprari gangur á þessum málum nú við það að komast úr höndum margmennrar n., sem hafði líka mörgum öðrum störfum að sinna og, eins og ég líka sagði áður, þurfti oft að bera sig saman við ríkisstj. Nú er þetta mál komið í deild í stjórnarráðinu, þar sem afgreiðslan getur gengið fljótt.

Ég sagði áðan, að það væru fjölmargar vörur, sem væru frjálsar til þess að selja, t. d. saltfiskur. Hann er seldur af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Það er sölusamlag, sem upphaflega er stofnað af fjöldasamtökum allra fiskframleiðenda í landinu. Þeir hafa þar sína fulltrúa kosna í stjórn, halda þar sinn aðalfund með þar til kjörnum fulltrúum á hverju ári. Hefur svo verið í nokkur undanfarin ár, að þeim hefur verið falið að hafa á hendi sölu saltfisks, alveg án íhlutunar ríkisvaldsins að öllu leyti, þangað til Alþ. fór inn á þá braut, eftir kröfu hv. 2. þm. Reykv. m. a., að ganga í ábyrgð fyrir saltfiskinn. — Síldarútvegsnefnd er dálitið hliðstæð stofnun. Hún er kosin af Alþ. og hefur með höndum sölu á saltsíld, eins og allir vita, og starfar á svipaðan hátt að öðru leyti. Og svo eru vörutegundir, sem tilheyra sjávarútveginum, t. d. þorskamjöl, niðursuðuvörur og margt annað, sem til fellur. Það er í frjálsri sölu og engu háð nema því, er snertir utanríkissamninga, sem landið gerir, þar sem Íslendingar verða að lofa einhverri þjóð einhverjum hluta af lýsi eða mjöli gegn því að fá leyfi fyrir öðrum vörum þaðan í staðinn. Um sjálfar síldarafurðirnar, síldarlýsi og síldarmjöl, er það að segja, að þær eru að mestu leyti tilheyrandi stofnun, sem ríkið sjálft rekur, síldarverksmiðjur ríkisins. — Svo að þegar þetta er athugað, er ofmælt hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann kemst þannig að orði, að ríkisstj. taki vörurnar með valdi af landsmönnum. Og engar af þessum ráðstöfunum eru upp teknar af núv. stj., heldur er þetta búið að vera svona lengi.

Hv. 2. þm. S-M. beindi til mín fyrirspurn um það, hver kostnaður ríkissjóðs yrði vegna fiskábyrgðar á þessu ári. Þegar ég flutti hér fjárlagaræðuna, gaf ég nokkurt yfirlit yfir þetta, eiginlega hvort tveggja, sem hann spurði um, bæði hvað kostnaður ríkissjóðs hefði orðið á árinu 1947 og hvað væri líklegt, að hann yrði í ár, ekki einasta fyrir ríkisábyrgð á fiski, heldur líka fyrir dýrtíðarráðstafanir. Ég gerði þá ráð fyrir, að dýrtíðarráðstafanirnar í heild mundu á þessu ári kosta ríkissjóð kringum 68 millj. kr. Ég skal nú bæta því við, að þessi tala er víst heldur lág, og má víst gera ráð fyrir ekki lægri upphæð en 70 millj. kr., þegar allt er tekið með, bæði fiskábyrgðin, útflutningsuppbætur á kjöt og allar niðurgreiðslur. En ég segi þó ekki, að þetta sé nákvæm upphæð, því að um einn liðinn í niðurgreiðslunum, þ. e. kjötniðurgreiðslur til neytenda, sem sýslumenn um land allt gera upp við skattgreiðendur, koma víst ekki skýrslur til stjórnarráðsins fyrr en löngu eftir áramót. — Í sömu ræðu gerði ég ráð fyrir, að fiskuppbæturnar mundu nema 14½ millj. kr. þetta ár, og vil ég hafa sama fyrirvara hvað þetta snertir, því að ekki er enn séð, hvað þetta verður mikið, en mun ekki verða langt frá 15 millj. *(LJós:* Væri ekki hægt að fá þetta

sundurliðað?) Sundurliðun hef ég ekki hér við höndina.

Þá spurði hv. þm., hvað verðuppbætur á útflutt kjöt hefðu verið miklar þetta ár. Þar liggur fyrir alveg ákveðin tala, 4,6 millj., eins og ég hef líka skýrt frá áður. Saltfiskframleiðslan, sem var 26 þús. tonn í fyrra og kostaði 10 millj. þá í útflutningsuppbætur, mun vera nálægt 13 þús. tonnum nú, eða helmingi minni en í fyrra. Maður hafði jafnvel búizt við, að hún yrði enn þá minni, en nú í haust hefur verið álitinn góður afli við Norður- og Norðausturland, og mér er sagt, að þessi framleiðsla muni verða um 13 þús. tonn. Niðurgreiðslurnar námu 10 millj. í fyrra á helmingi meira magni, en ég hef von um, að salan hafi tekizt það betur á þessu ári, að ekki verði tilsvarandi niðurgreiðslur á saltfiski, miðað við það magn, sem var í fyrra. Það er náttúrlega skylda þeirra, sem fyrir þessum málum standa hverju sinni, að leitast við að draga úr þessum niðurgreiðslum eftir mætti með því að leitast við að selja þessar vörur sem bezt. Það telja allar ríkisstjórnir sér skylt, og núverandi ríkisstj. hefur unnið dyggilega í þessu efni, einkum með því að gera sölusamninga við erlend ríki, þar sem ábyrgðarverði er náð. Ég tel mig þá hafa leyst úr þessari fyrirspurn hv. þm. Hv. þm. spurði einnig um aðgreiningu á niðurgreiðslum fisksins, en ég hef ekki tök á að gefa um það sundurliðaða skýrslu fyrr en um áramót. Það er t. d. núna ráðgert að afskipa með „Brúarfossi" hleðslu af freðfiski, sem er afgangsframleiðsla og verkaður þannig, að ekki er hægt að selja hann nema í Bretlandi, og verður hann seldur með afföllum, sem ég veit ekki nú, hver verða.

Hér hefur nú verið sagt margt um þetta mál, og er það kannske eðlilegt, því að nú er miklu meiri vanda að ráða en nokkru sinni áður. Hv. 2. þm. S-M. taldi sig hneykslaðan á því, að það væri talað um þetta frv. sem aðstoð við bátaútgerðina. Frv. heitir nú raunar ekki því nafni, og þótt segja megi, að ef 70 millj. kr. fari í dýrtíðarráðstafanir og útflutningsuppbætur á fisk nemi aðeins 15 millj. kr., að það sé ekki stór hluti af 70 milljónum, þá er þó stór liður, sem vissulega er háður því, hvort verðlag er hátt eða lágt, og því koma niðurgreiðslur á afurðum landbúnaðarins að haldi fyrir sjávarútveginn eins og aðra. Frv. er til þess að reyna að halda við ráðstöfunum, sem áður hafa verið gerðar til þess að létta á verðbólgunni. Því hefur þegar verið lýst af hæstv. forsrh., og þarf ég ekki að orðlengja það. En þegar maður, sem eins mikið er við sjávarútveg riðinn og hv. 2. þm. S-M., hneykslast svona á þessu frv., þá verður manni að spyrja. Hvað vill hv. þm. láta gera? Hvað treystir hann sér út í af öðrum leiðum, svo að ekki þyrfti þennan dýrtíðarpóst í fjárlögin og svo að ekki þyrfti að afla neinna tolla og gjalda upp í þann kostnað? Vill hv. 2. þm. S-M. lækka kaupgjald yfirleitt, eða vill hann hitt, að þvinga niður landbúnaðarafurðir þvert ofan í landslög, sem hann hefur átt sinn þátt í að staðfesta? Hvern kostinn vill hann taka? Ef hann — eins og ég — játar, að hann hafi ekki orku til að koma þessu til leiðar, svo að nægði til að tryggja öruggan og ábatasaman atvinnurekstur, vill hann þá samt ekki reyna aðrar leiðir til að halda um stund atvinnuleysinu frá dyrum landsmanna? Hv. 2. þm. S-M. hefur sjálfur játað á þessu þingi að reyna niðurgreiðslur á innlendum neyzluvörum og hins vegar að veita útflutningsuppbætur fyrir fisk, og þegar hann og aðrir hv. þm. greiða atkv. með slíku, þá krefst rökrétt hugsun þess, að hinir sömu sýni þá tillitssemi, að þeir sjái ríkissjóði fyrir tekjunum, er þarf til að standa við skuldbindingar Alþingis í þessu efni. Hann flytur hér sjálfur frv. um fiskábyrgð, og þar er öllu fögru lofað, hærri fiskábyrgð en ríkisstj. treystir sér til að lofa, lægri beitukostnaði, stórlækkuðum vöxtum, lækkuðum iðgjöldum o. s. frv., og það góða við þetta frá hans sjónarmiði er það, að hann getur tekið undir með skáldinu og sagt:

„Það er ókeypis allt
og með ánægju falt."

Það er ekkert verið að láta í það skína, að þetta kosti einhvern eitthvað. En getur hv. 2. þm. S-M. haldið því fram, að það sé samboðið ábyrgðartilfinningu nokkurs manns að bera svona fram og lítilsvirða alveg þá leið málsins, sem snýr að því að afla tekna handa ríkissjóði, sem standa á undir útgjöldunum, sem af þessu leiðir. Það þarf ekki valinn mann úr sveit til þess að benda á galla á ráðstöfunum þeim, sem ríkisstj. er að reyna að gera til þess að halda uppi framleiðslu og atvinnu. Eins og dýrtíðin er mögnuð, er það hægðarleikur að benda á gallana, en höfuðatriðið er það, að Alþingi beri gæfu til þess að sníða sem mest af þessum göllum af og ganga svo frá, að flestir megi við una, hafandi þó fyrir augum, að hvað eina sem krafizt er af ríkissjóði, þá verðum við að sjá til þess, að hann fái endurgreiðslu fyrir, því að annars eru till. hv. þm. í þessu efni harla léttvægar og lítils virði. — Skal ég svo ekki fara hér um fleiri orðum. Ég þykist hafa reynt að gefa hv. andmælingum frv. í fyrsta lagi andsvör við spurningum og í öðru lagi mynd af því, hvernig þeirra hugsunarháttur birtist raunsæjum augum. Þeir hafa ekki ómakað sig á því lítilræði að gera það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér finnst skorta svo ráðherra hér inni, er ég vildi beina orðum mínum til, að ég vildi óska að þeir kæmu inn. (*Forseti:* Ég skal gjarna hringja fyrir hv. þm. einu sinni eða tvisvar. Annars hygg ég, að hæstv. forsrh. sé á næstu grösum, svo að hann megi heyra.) Er það? Það er leitt, að hann skuli ekki vera hér, svo langt mál, sem hann flutti. (*Rödd frá ráðherraherbergisdyrum:* Hann segist heyra.) Það er mesti munur að vita, að hann er lifandi og í húsinu.

Í ræðu sinni beindi hæstv. forsrh. allmörgum orðum til mín í tilefni af því, sem ég hafði sagt við fyrri umr., og skal ég koma að því nokkrum orðum. Hann vildi afsaka það, að frv. er borið fram á síðustu stundu, með því, að það hefði hent áður, m. a. er við sósíalistar áttum menn í stj. Til margs má nú grípa. Frv. um fiskábyrgðina, sem fyrrv. atvmrh., hv. þm. Siglf., bar fram, var eitt af fyrstu frv., sem lögð voru

fyrir stj. Það má hæstv. forsrh. muna. Það var síðan langan tíma til umr. í stj., þar sem ekki var fullt samkomulag um það, og við sósíalistar áttum ekki sök á þeim drætti, sem varð á afgreiðslu þess eða að það yrði gert að lögum. En hæstv. forsrh. hefur þau vinnubrögð að kasta inn á síðustu stundu umfangsmiklum frv. og gefa þm. varla kost á að lesa þau, hvað þá heldur ræða, að maður nú ekki tali um það, að útvegsmenn fái sómasamlegan tíma til að átta sig á þeim og láta í ljós álit sitt. Meiningin er að drífa málið í gegn á skömmum tíma með öllum ágöllum. Það er engin afsökun fyrir því, hvað þetta frv. er illa undir búið. Það er óverjandi. Í sambandi við það frv., sem ég og hv. þm. Siglf. flytjum um fiskábyrgð, hafði ráðh. stór orð, sagði, að það væri óskapnaður og mundi hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, er næmu tugum milljóna. Síðar sagði hann hins vegar, að hver eyrir, sem fiskverðið hækkaði um, kostaði ríkissjóð 1,3 millj. kr. Í okkar frv. er gert ráð fyrir því, að fiskverðið verði 5 aurum hærra, og aukast þá útgjöld ríkissjóðs samkvæmt því um 6,5 millj. kr. Það er allt og sumt og mun láta nærri sanni. En þetta þykir ofrausn, þótt útvegsmenn hafi tilkynnt, að óhugsandi sé að stunda útgerð, nema þetta verð fáist. Þá kom forsrh. nokkuð að því, að skuldaskilakafli frv. væri til kominn fyrir kröfu sjútvn. þessarar d. Það er rétt, að n. svari fyrir sig, en ég vil þó beina því til n., hvaðan henni kemur heimild til slíks án samstarfs við útvegsmenn, sem hafa lýst sig andvíga þessum ákvæðum. Sjávarútvegsmenn óska, að styrktarlán og stuðningslán verði gefin eftir að fullu, og í sambandi við umr. um stuðninginn við síldarútvegsinn fékkst yfirlýsing stj. um það, að þetta yrði gert. En er á er tekið, fylgir böggull, og enginn mun vilja þiggja þessi lán með þeim vandræðaskilyrðum, sem þeim fylgja.

Ég segi fyrir mig, sem þekki vel inn á hag útgerðarinnar í þessum efnum, að ég veit það, að útgerðarmenn mundu margir hverjir ekki óska eftir því að fá skuldir sínar útskrifaðar, ef það skilyrði fylgdi með, að þeir yrðu gerðir upp sem gjaldþrota. En þetta verður svo aftur að metast, eins og mörgum þykir eðlilegt, að þegar ríkisstj. er búin að gefa hátíðlega yfirlýsingu um það hér á Alþ., að hún skuli setja löggjöf nú innan skamms, sem gefi útgerðarmönnum kost á að fá eftirgefnar þær skuldir, sem hér um ræðir, að það skuli þá gert með þeim skilyrðum, að enginn útgerðarmaður vill ganga að því. Ríkisstj. getur svo hælt sér af því, að hún hafi boðið þetta, en bara boðið það með þeim skilyrðum, að enginn útgerðarmaður gat þegið það boð. Ég fyrir mitt leyti skal þó fagna því, ef það ber að skilja þennan kafla svo, að ekki komi skuldaskil til greina nema í því falli, að útgerðarmenn krefjist þess eða óski eftir að fá sín fyrri lán hjá ríkinu strikuð út. Ég benti á það, að eins og kaflinn er orðaður nú, þá er ekki hægt að sjá, að svo sé. Það er beinlínis tekið fram í þeim gr. frv., sem ég hef vitnað í, t. d. í upphafi 15. gr. stendur: „Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni.“ Það er engin frekari skilgreining á því. Ef útgerðarmaður óskar eftir 15 þús. kr. láni til þess að létta sjóveðum af bát sínum, þá hefur þessari skilanefnd, sem á að veita lánin samkvæmt þessum nýsamþykktu lögum, borizt beiðni um stuðning, og ef hann á í staðinn að þiggja skuldaskil og gjaldþrotauppgjör, þá tekur enginn útgerðarmaður þetta stuðningslán. En þetta ber vitanlega hæstv. ríkisstj. að skýra hér fyrir þessari hv. d. Ber að skilja þennan kafla, eins og hann er orðaður, að hver sá, sem leitar til skilanefndar um eitthvert lán eða einhvern stuðning, skuli hljóta skuldaskilameðferð og gjaldþrotaskipti á öllu sínu búi? Ber að skilja þetta þannig, eða þá eingöngu að þetta komi til framkvæmda í þeim tilfellum, ef menn vilja fá eftirgjöf á sínum lánum samkv. 12. gr. Þá á að orða 15. gr. þannig: „Jafnskjótt og skilanefnd tekur við aðstoðarbeiðni samkv. 12. gr.“, en það er aðstoðarbeiðni um að fá eftirgefnar þessar skuldir. En annars verður því ekki neitað, að allur þessi kafli, sem ég hef verið að tala um hér, er illa saminn, og mér liggur við að segja vitlaus. 1. gr. hans er þannig, að þar er sagt, að þeir útgerðarmenn og þau útgerðarfyrirtæki, sem síldveiðar hafi stundað sumarið 1948, geti fengið eftirgefnar þær skuldir eða þau lán, sem ríkið hafi lánað þeim vegna útgerðarinnar 1948, en þau lán, sem veitt voru á árinu 1947 vegna útgerðarinnar og vegna síldarútgerðarinnar 1945, eru ekki nefnd. Nú veit ég það, að þeir, sem hafa samið frv., ætla sér alls ekki að binda ákvæði þessarar gr. við þetta eina ár, 1948. Þeir ætlast efalaust til þess, að þeir geti einnig notið hlunninda þessarar gr. um eftirgjöf á skuldum, sem stunduðu síldveiðar 1947 og stórtöpuðu þá. Orðalagið er þannig, að hjálpin er bundin því skilyrði, að þeir hafi stundað síldveiðar 1948, en allir vita, að það þarf alls ekki að vera, að þeir, sem síldveiðar hafa stundað 1948, hafi gert það líka 1947 eða 1945, og í mörgum tilfellum hefur það ekki verið. Meiningin hefur auðvitað verið sú, að gefa þeim síldarútvegsmönnum kost á að fá útstrikuð þessi lán, sem síldveiðar hafa stundað 1945, 1947 og 1948, veita þeim öllum sama rétt í þessu efni. Því verður heldur ekki neitað, að á grundvelli þess, hvernig greinin er orðuð, eru ákvæðin í 17. gr. þannig, að ef ekki næst tilskilið samkomulag, þá er heimilt með reglugerð að fyrirskipa skuldaskil útvegsmanna, sem stunduðu síldveiðar 1948. M. ö. o., það er leyfilegt að fyrirskipa skuldaskil allra útvegsmanna, sem síldveiðar stunduðu 1948, ef tilskilið samkomulag næst ekki um útstrikun skuldanna. Það er anzi hart, að menn, sem ekki óska eftir að fá neitt eftirgefið hjá ríkissjóði og jafnvel óska ekki eftir aðstoð ríkisins, en hins vegar skulda ýmsum fyrirtækjum, geti ekki náð frjálsu samkomulagi um greiðslur á þessum skuldum. Samkv. 17. gr. hefur ákveðin nefnd vald til þess að fyrirskipa skuldaskil hjá þessum mönnum líka. Ég er sannfærður um, að þetta eru bara mistök hjá þeim, mönnum, sem hafa samið þetta, þar sem þessu er flaustrað af á síðustu stundu. Meiningin hefur sjálfsagt verið sú að fyrirskipa þetta ákvæði eingöngu á þá aðila, sem sækja um eftirgjöf á lánum frá ríkissjóði.

Svo segir hæstv. forsrh., að ég verði að viðurkenna og aðrir, að þetta frv. sé flutt af góðum vilja og miklum skilningi. Ég skal nú út af fyrir sig ekkert segja um viljann, en ég fullyrði hitt, að skilningurinn er bágborinn. Það er alveg augljóst mál, þegar menn fara að kynna sér frv. og athuga aðstöðu útgerðarinnar, að skilningurinn er afar bágborinn bak við frv.

Þá vék hæstv. forsrh. og sömuleiðis hæstv. menntmrh. að þeim orðum mínum, þar sem ég hafði nefnt það skálkaskjól, sem menn væru að reyna að hlaupa í, þegar þeir væru að afsaka sig með því, að það væri ekki þeirra stefna, sem kæmi fram í frv., heldur hrærigrautur þriggja flokka, sem hefðu ólíkar skoðanir um málin. Sérstaklega kom það fram í ræðu hæstv. forsrh., sem vildi sverja þetta af sér, eins og hans er vandi og hans flokks í þessum málum. Ég sagði, að svona afsakanir væru fyrirlitlegar og ég tæki þær ekki alvarlega, á meðan þeir ekki legðu skýrt fram, hver þeirra stefna væri í þessum efnum. Ég skal játa það, að þegar þrír flokkar eru í samstarfi, þá mega þeir búast við að þurfa að semja nokkuð af sinni stefnu til þess að ná samkomulagi. Ég hef ekki borið á móti því, að við sósialistar höfum gert það, þegar við tókum þátt í ríkisstj. En það var eins og hæstv. forsrh. orðaði það, þegar hann sagði, að við sósialistar hefðum verið óþreytandi að skýra okkar sérstöðu í málunum, hvað við hefðum viljað og hvað við hefðum lagt til, en hins vegar þurft að fara inn á samkomulagsleiðina. Þetta er það sanna í málinu, og það er einmitt þetta, sem ég óskaði, að hann gerði, ef taka ætti orð hans alvarlega í þessum efnum. Ég get skilið, að Framsfl. og aðrir flokkar, sem að ríkisstj. standa, hafi orðið að semja af sinni stefnu, en ég óska eftir því, að Framsfl., og reyndar hver flokkurinn um sig, skýri það, hver þeirra hreina flokksstefna er í þessu merkilega máli. Þá sér maður, af hverju þeir hafa þurft að slá, hver á mest í þessu og hver á sök á hverju fyrir sig. Hæstv. menntmrh. fannst, að hann mætti til með að gera í þessu efni nokkuð hreint fyrir sínum dyrum, og hann sagði frá því, hver stefna Framsfl. væri í dýrtíðarmálunum. Í rauninni fór hann hjá sér, eins og oft þegar hann ræðir um þau mál. Hann sagði það, að hann hefði viljað og vildi helzt kjósa, að farin yrði verðhjöðnunarleiðin að nokkru leyti, það mætti eiginlega ekki verða mikið. Þegar gripið var fram í fyrir honum og hann var spurður um, að hve miklu leyti, þá sagði hann: t. d. að binda kaupgjaldsvísitöluna við 280 stig. Það var ljómandi gott að fá þetta fram frá ráðherra Framsfl., að hans megintillaga væri að binda kaupgjaldsvísitöluna við 280 stig. Þetta hefur hann ekki fengið hina flokkana inn á. Vitanlega veit maður, að þetta leysir sáralítið. Það hefur t. d. verið reiknað út af sérfræðingi, að í sambandi við bátaútveginn skiptir þetta í rauninni engu máli. Hvað er það svo til viðbótar, sem Framsfl. hefur á sinni margumtöluðu dýrtíðarstefnuskrá? Jú, hæstv. menntmrh. sagði, að svo væri okkur kunnugt um, að Framsfl. hefði sérstaka stefnu í verzlunarmálum, sem hann hefði lagt fram frv. um. Það er eflaust frv. um, að innflutningsleyfin séu fengin þeim, sem skaffa skömmtunarseðla. Ég skal fyrir mitt leyti játa, að þetta yrði veruleg bót, en hins vegar munu allir verða að viðurkenna, að hún áorkar mjög skammt í þessum málum, dýrtíðar- og verðbólgumálunum. Lítið verður maður því að telja læknisráð Framsfl. og sérstaklega hæstv. menntmrh., sem hefur spreytt sig á verðbólgumálunum í sífellu, ár eftir ár, ef hann hefur aðeins þetta fram að færa. Það er ein till. táknræn í þessu efni og skýrir greinilegast dýrtíðarpólitík Framsfl., það er jeppatill., sem sá flokkur ber fram. Framsfl. flytur till. um að undanskilja jeppa hinum nýja skatti á alla innflutta bíla. Sennilega mun það svo vera um samið, að aðrir flokkar drepi till., og svo er allt klappað og klárt og allir lausir við allan vanda af þessu. Þar með má það heita, að stefnu Framsfl. í dýrtíðar- og verðbólgumálunum sé að fullu lýst. Hæstv. forsrh. vék sér undan að segja frá stefnu Alþfl. í þessum málum, og af hálfu Sjálfstfl. hefur ekki enn heyrzt neitt um þetta. Hæstv. menntmrh. sagði, að ég hefði í rauninni búið hér til þá afstöðu Framsfl., þegar ég sagði, að hann hefði haft það við orð, áður en hann settist í ríkisstj., að Framsfl. tæki ekki þátt í neinni ríkisstj., nema snúizt væri af alvöru gegn verðbólgunni og dýrtíðin lækkuð til *stórra muna. Ég hef ekki haft tíma til að leita* í gömlum Tímablöðum, en ég efast ekki um það, að ég muni finna þar nóg af slíkum skrifum, og mun ég þá lofa hæstv. menntmrh. að heyra, hvað flokkur hans sagði um þessi mál, rétt áður en hann gekk í ríkisstj. Þetta segir hæstv. menntmrh. æ ofan í æ, að sé rangt, hann segir að vísu, að 1942 hafi það verið skilyrði Framsfl., að það yrði að lækka dýrtíðina, 1944 var það enn fremur skilyrði, að dýrtíðin yrði lækkuð, en hins vegar hafi það ekki beint verið skilyrði 1946, þegar hann gekk í stj. Þá hefur dýrtíðin og verðbólgan verið orðin svo mikil, að ekki hefur tekið að berjast við það lengur, og þá mátti það drasla. Ég hygg, að það hafi komið skýrt fram, að fram til þess tíma, er menntmrh. tók sæti í stj., þá hafi það verið skýlaus krafa Framsfl. að heimta, að dýrtíðin yrði mikið lækkuð. Hitt er svo staðreynd, að hæstv. menntmrh. og einnig hæstv. forsrh. hafa tekið þátt í að auka dýrtíðina frá því að þeir tóku þátt í ríkisstj., leggja á nýja tolla og skatta og hækka vöruverðið. Hæstv. menntmrh. hefur að vísu verið fylgjandi því að binda vísitöluna við 300 stig, og rýrt með því lífskjör bæði bænda og verkamanna. Aðrar hliðar dýrtíðarinnar hafa fengið að vaxa óhindrað allan tímann, sem hann hefur setið í stjórn.

Þá kom hæstv. menntmrh. að því, að það væri hart, að við sósialistar leyfðum okkur að halda því fram, að á árunum 1944—46, eða á þeim tíma, sem nýsköpunarstjórnin sat, hafi verið unnið mikið í þágu sjávarútvegsins, og sagðist hann mundi leiða vitni í því máli, sem væri ályktun, *sem samin hefði verið af útvegsmönnum* og birt í blöðum, um það, að það hefði í raun og veru aldrei verið rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina síðan árið 1942, allan tímann síðan hafi verið svo hátt verðlag, að útgerðin hafi ekki haft nóg til síns rekstrar, og hafi þess

vegna verið halli á rekstrinum. En nú er það upplýst, sagði hæstv. menntmrh., að framleiðslukostnaðurinn við útgerðina hefur ekki hækkað frá í fyrra. Af hverju kom hæstv. ráðh. ekki með sama vitnið og lét það segja til um, hvernig væri með framleiðslukostnaðinn í ár, borið saman við það, sem hann var, þegar stj. tók við völdum? Nú hefur þetta sama vitni reiknað það út og tilkynnt öllum landslýð, að þar sem hægt var að framleiða þorsk fyrir 65 aura verð áður, þurfi nú 88 aura í stað þess, og í síðari áætlun hefur þetta sama vitni reiknað það út, að til þess þurfi jafnvel 97 aura sums staðar á landinu, utan Faxaflóa. Þetta er nú vitnisburður þessa sama vitnis um það, hvernig yfirleitt hefur farið með framleiðslukostnaðinn á þessu tímabili. Ég hygg, að það láti mjög nærri, að síðan núverandi ríkisstj. tók við hafi rekstrarkostnaður útgerðarinnar aukizt svo, að fiskverðið þurfi í raun og veru að hækka úr 65 aurum upp í 88 aura, þegar tekið er tillit til þeirra hækkana á útgjöldum til rekstrar útgerðinni, sem hlotizt hafa af öllum þeim hækkunum, sem ríkisstj. hefur beinlínis í flestum tilfellum staðið fyrir að íþyngja útgerðinni með. Hitt vita svo allir, og þarf ekki umsögn neinna útgerðarmanna um það í sambandi við fiskverðið, sem þeir höfðu við að búa á árunum 1944—46, að þær framkvæmdir, sem gerðar voru í þágu útgerðarinnar á tímum nýsköpunarstj., voru stórkostlega þýðingarmiklar fyrir útgerðina og þjóðarbúið í heild sinni í sambandi við rekstur sjávarútvegsins. Þetta vita allir, útgerðarmenn og landslýður allur yfirleitt, nema líklega hæstv. menntmrh. Hvernig halda menn, að það mundi ganga nú með því verðlagi, sem nú er í landinu, að reka bátaútveginn með þeim bátum, sem hér voru yfirleitt fyrir tíð nýsköpunarstj., og með þeim útbúnaði, sem þá var hér yfirleitt notaður? Hvernig halda menn, að það hefði gengið að halda mönnum við þennan rekstur, ef nýju bátarnir hefðu ekki komið til sögunnar og hin stórkostlega lagfæring, sem þó fékkst þá í sambandi við stofnlán útgerðarinnar? Enda vita allir menn það, að þjóðfélagið í dag flýtur á þessum aðgerðum, það flýtur á þeirri framleiðslu, sem þessi atvinnutæki efla nú í dag og færa þjóðinni, en hin gömlu hefðu á engan hátt getað fært þjóðarbúinu. Þetta var þýðingarmikið átak, sem hæstv. menntmrh. og Framsfl. vildu ekki vera með til að lyfta, á neinn hátt og hann hefur aldrei getað litið réttu auga síðan.

Hæstv. menntmrh. minntist hér á veltuskattinn í tilefni af því, sem ég hef sagt um hann eða söluskattinn, eins og hann heitir nú, og mjög á þá lund, sem ég þekki svo mæta vel áður, því að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég hef minnzt á þennan skatt við hann. Það hefur alltaf farið svo, að það er eins og að það láti illa í kroppnum á honum, ef minnzt er á þennan skatt, og fer hann þá jafnan að reyna að útlista, hvað þessi veltuskattur hafi haft einkennilegar náttúrur. Ég hef áður bent þessum hæstv. ráðh. á það og ætla að gera það enn, þó í færri orðum en áður, sem allir hv. þm. vita, að veltuskatturinn, sem fyrst var samþ. í tíð fyrrv. ríkisstj., var tekinn af núverandi ríkisstj. og samþ. orðréttur, hver ein einasta gr., 1., 2., 3., 4. gr. o.s.frv. Ég hef áður lesið það yfir hæstv. menntmrh., þegar samanburður hefur verið gerður á þessu, að gamli veltuskatturinn var samþ. orðréttur nema eitt einasta orð, í staðinn fyrir „veltuskattur" stóð „söluskattur". Og þessi „náttúra", sem hæstv. menntmrh. ræðir um í sambandi við þennan skatt, er sú, að það var ákveðið í sambandi við veltuskattinn, að hann ætti að leggjast á kaupsýslumenn og kaupfélög og þá, sem verzla með vöruna, þeir áttu að bera hann. Það mátti ekki leggja hann ofan á vöruna, sem fólkið keypti, ekki velta honum á fólkið. En þessi nýi söluskattur var þess einkennilega eðlis, að það mátti hækka allt vöruverð, leggja hann ofan á vöruverðið, láta fólkið borga hann. Þetta var munurinn á þessum tveim sköttum, á þeim versta skatti, að dómi hæstv. menntmrh., sem nokkurn tíma hefur verið lagður á og hæstv. menntmrh., sem er spesialisti í skattamálum, hefur ekki getað fundið neinn líka, hvar sem hann hefur leitað. Ef hann lítur réttum augum á þetta, sér hann, að veltuskatturinn er nákvæmlega sami skatturinn og söluskatturinn, sem lagður hefur verið á undanfarin 2 ár, að því undanskildu, að söluskatturinn hefur verið lagður á vöruverðið og þar með hækkað vöruverð, aukið dýrtíðina og orðið til þess að þenja út verðbólguna, en hinn skatturinn var borinn uppi af kaupsýslumönnunum sjálfum. Það er eðlilegt, að hæstv. ráðh. líði ekki vel, þegar minnzt er á þennan skatt og öll þau orð, sem hann er búinn að tala um hann, sem hann finnur nú, að hann þarf að kingja öllum í einu. Það er vonlaust að blekkja hv. þm. eða nokkurn mann með því, að þessi skattur sé sérstaks eðlis, að hann hafi einhverja einkennilega, undarlega eða yfirnáttúrlega náttúru, og af þeim ástæðum beri að gera greinarmun á veltuskattinum og þessum söluskatti. Menn kunna svo vel að gera skil á því, sem skrifað stendur um þessi mál, að þeir geta áreiðanlega gert það upp við sig.

Það hefur hér verið beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh., aðallega í sambandi við fiskábyrgðina, hvernig útkoma hennar væri á árinu 1948. Hæstv. fjmrh. svaraði þessu, en því miður voru upplýsingar hans ófullnægjandi, og ég óska eftir því, að hann við fyrsta tækifæri gefi fyllri og skýrari upplýsingar um þetta efni. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það geti ekki annað komið til mála en að þessi áætlun, sem gerð var af ráðun. á sínum tíma, sé of há. Hæstv. fjmrh. segir, að saltfiskgreiðslurnar vegna ábyrgðarlaganna hafi á árinu 1947 numið rúmum 10 millj. kr. Þetta er rétt, og þá var saltfiskurinn, sem verðbæta þurfti, í kringum 26 þús. tonn. Nú er hann 13 þús. tonn, og vegna þess að salan í ár er betri en í fyrra, þá er það alveg gefið mál, að uppbæturnar á saltfiskinn geta ekki numið 5 millj. kr., og ekki nema 3—4 millj. kr. Ef þær yrðu 4 millj. kr., en heildaráætlunin var sú sem fjmrh. gat um í fjárlagaræðu sinni, að þessar fiskuppbætur yrðu 14½ millj. kr., þá eru samt sem áður eftir 10½ millj. kr. Árið 1947 er gefið upp, að það hafi verið 21 millj. (*Fjmrh.*: Það komu frá fyrra ári greiðslur að upphæð 1,7 millj. kr.) Það er þá al-

veg útilokað með öllu, að á hraðfrysta fiskinn falli álíka mikil upphæð í ár og síðasta ár. Þá voru stórar sölur, sem seldar voru undir verði, en allar sölur nú, hver einasta, sem ég þekki til, hafa verið á fullu ábyrgðarverði. Þetta á við allar sölur nema þær, er farið hafa til Ameríku. Sölurnar til Hollands, Tékkóslóvakíu o. fl. landa hafa allar verið á fullu ábyrgðarverði. Dálítið hefur verið selt til Ameríku, og eitthvað er eftir af fiski, sem verður umfram. Það er ríflega áætlað, að greiða þurfi vegna ábyrgðar um 10 millj. kr. Reynslan mun svo sýna, hvernig þetta fer. Jafnvel þótt greiða ætti um 14 millj. kr., þá sjá menn, að það er alveg rangt, að þær 70 millj. kr., sem hér eru innheimtar, séu vegna ábyrgðar á fiskverðinu. Þær eru aðeins að litlu leyti vegna þess, aðeins lítill hluti, ef miðað er við yfirstandandi ár. Mér finnst sem hv. þm. hafi ekki komið auga á, hvað raunverulega felst í fiskábyrgðarlögunum, því að óhjákvæmilegt mun verða, ef tryggja á rekstur útgerðarinnar, að kveða á um fulla ábyrgð, þó að við höfum selt í ár fyrir ábyrgðarverð og ekki þurft að greiða neitt úr ríkissjóði. Það er eigi hægt að kippa lögunum burt. Þess vegna mun ekki hægt að fá menn til útvegsins, nema þeir séu ráðnir upp á fastan hlut. Allir aðrir eru á föstu kaupi, og vonlaust er, að hlutarráðning beri tilætlaðan árangur, nema margar og miklar ábyrgðir liggi fyrir, þó að það sé nokkur áhætta, en hún er eigi svo, að vaxa þurfi mönnum í augu. Rétt er og að áætla tekjur á móti. Mundu eigendur hraðfrystihúsanna ekki treysta sér til að reka húsin, nema örugg ákvæði lægju fyrir um verð. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að hafa fiskábyrgðarlögin, þótt eigi sé gert ráð fyrir verulegum útgjöldum. Allt öðru máli gegnir um útfluttar landbúnaðarafurðir. Við vitum fyrir víst, hvert verðið er á þeim, svo að þar getur eigi skakkað miklu. Við getum þar áætlað gjöldin úr ríkissjóði. Áhættan er eigi mikil varðandi það mál, en raunar er það ekki sambærilegt við það, er hér um ræðir. Hæstv. fjmrh. minntist á, hvað það væri, sem við sósialistar vildum í málum þessum. Hef ég gert grein fyrir því í ræðu minni hér áður, hvað við leggjum til, að gert verði. Það er því óþarfi að spyrja um, hvort við viljum lækka útgjöld ríkissjóðs. Lækkun á launum skiptir litlu máli. Það eru aðrar ráðstafanir, sem talsvert mundu lækka útgjöldin og skipta útveginn meira máli en launalækkun. Og við sýndum fram á, hvaða aðgerðir það væru. Við sögðum í fyrra, að við værum reiðubúnir til að athuga, hvaða skatta leggja ætti á til þess að standa undir áhættunni af ábyrgðarlögunum. Við vorum með í því að samþykkja tekjustofna handa ríkissjóði. Við vorum reiðubúnir að semja um 25 aura hækkun, og hefði það haft í för með sér 6,5 millj. kr. aukningu. En það voru bara ýmsar leiðir, er til álita komu. Ég er á þeirri skoðun, að sjálfsagt sé að ábyrgjast úr ríkissjóði útgjöld útvegsins. Áætlað er, að rekstrarútgjöldin hækki í frv. þessu um 21 millj. kr. Það er sama, hvaða ríkisfyrirtæki er athugað: Allar stofnanir auka við sig mannahaldi o. fl., og útgjöld þeirra fara síhækkandi. Þetta er ævinlega allt samþ. af hæstv. ríkisstj. Staflað er upp ráðum og nefndum, en sjálfsagt má þykja að draga úr þessum óhóflegu útgjöldum ríkisins, og hefur aldrei staðið á okkur sósialistum að taka þetta mál til athugunar. En ætli það standi ekki á hæstv. ríkisstj. að skera niður þessi gjöld? Kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hefur hækkað úr 7 millj. frá 1945 upp í 14 millj. árið 1947. Hvað er það, sem hefur gerzt og gerir þetta að verkum? Hvaðan stafar þessi hækkun? Það er bætt við greiðslubáknið árlega.

Ég verð að álíta, að maður verði að líta þannig á II. kafla frv., þann er fjallar um skuldaskil við útvegsmenn, að hann eigi einvörðungu við, þá er útgerðarmenn fari fram á eftirgjöf á skuldum sínum. Er þetta álit mitt rétt? Annars veit ég ekki, hvort hæstv. ríkisstj. heyrir til mín. Hæstv. ráðh. eru e. t. v. allir flúnir af hólminum. Þó vildi ég nú fá skýringu á þessu. Að öðru leyti eru nokkur atriði í frv., sem ég vil skjóta til n. Í fyrsta lagi: Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sömu mistök eigi sér stað á árinu 1947 sem slæddust inn í fyrra varðandi geymslukostnað hraðfrysts vetrarvertíðarfisks. Eiga þau ákvæði við um það, að geymslukostnað megi greiða þeim húsum, sem fengið hafa vetrarvertíðarfisk. Þau frystihús, sem framleiða vöru til útflutnings í sumar, geta fengið greiddan geymslukostnað á fiskinum. En hinir, sem verða að bíða um vorið, allt sumarið og e. t. v. fram á vetur, geta ekki fengið hann greiddan. Ég vil láta eitt yfir alla ganga og að allir fái eitthvað greitt, ef fiskurinn liggur í geymslu einhvern tiltekinn tíma. Í öðru lagi er einkennilegt það ákvæði í 2. gr., sem skilorðsbindur ábyrgðina til hraðfrystihúsanna. Enginn hæstv. ráðh. hefur fengizt til að minnast á þetta aukateknu orði, og er þó ástæða til þess. Þessi 2. mgr. 2. gr. hljóðar svo: „Ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstj. ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.“ Hvernig á að skilja það, að ábyrgðin sé veitt á þar tilteknum fiski, sem fari til þar til tekinna landa? Hvað á þetta eiginlega að þýða? Til hvers er þetta skilyrði sett í frv.? Slíka ábyrgð munu hraðfrystihúseigendur meta að engu. Þá vildi ég fá frekari skýringu frá hæstv. ríkisstj. á fyrri mgr. í 20. gr. frv., er svo hljóðar: „Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, skal greiða 6% söluskatt. Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 21. gr. og tekur hún aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.“

Ég hef lesið þetta nokkrum sinnum og lagt mig allan fram við að reyna að skilja þessa grein, og ég veit um fleiri, sem gert hafa hið sama. En hvað á þetta eiginlega að tákna? Það er svo hrúgað saman orðum, að mest er óskiljanlegt. (*Einhver:* Krossgáta e. t. v.?) Já, fyrir mér er þetta alger krossgáta, — þó að ég renni nú grun í hvað við muni átt í gr. „Heildsala er undanþegin söluskatti ...., og tekur hún aðeins til venjubundinna umboðslauna ....“.

Hvernig á að framkvæma þetta, ef til kæmi? Mér er það hulið.

Ég geri ráð fyrir, að málið fari til n., og mun þá gefa mér tóm til að flytja brtt. Ég beini því til hennar, hvort eigi sé ástæða til að fresta II. kafla frv., um aðstoðina til útvegsmanna, skuldaskilin. Það yrði þó allténd til bóta þessari jólagjöf hæstv. ríkisstj. til þjóðarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur furðað á málflutningi okkar sósialista, og hæstv. forsrh. talaði um, að stjórnarandstaðan væri ábyrgðarlaus. Það væri þokkalegt framferði af stjórnarandstöðunni að koma ekki fram með neinar till. um að borga tapið. Hví rýkur hæstv. ráðh. upp til handa og fóta, þegar fyrir liggur, að fiskurinn sé seldur? Því byrjar hann á því að skammast út af því, að hér skuli vera komið fram frv. um ábyrgð til handa sjávarútveginum? Ég vil sjá um, að á þessu verði ekkert tap. Við erum að reyna að troða því inn í hæstv. ríkisstj., að hún geti selt, en hún er alveg trúlaus á annað en hún verði að tryggja þessar ráðstafanir með nýjum álögum. Hæstv. forsrh. talaði langt mál um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar. Það er e. t. v. fyrirgefanlegt, en hvað kallar hann það framferði að leggja fram frv. eins og þetta, svo að enginn annar úr hæstv. ríkisstj. sér sér fært að vera með því? Engum hv. þm. úr liði hv. stj. kemur til hugar að standa upp til að mæla fyrir frv. Dettur hæstv. forsrh. yfirleitt annað í hug en þetta frv. sé hámark ábyrgðarleysisins. Hæstv. meðráðherrar hans skildu þetta og reyndu að þvo sig hreina. Þetta frv. verður e. t. v. skoðað sem aðalverk „fyrstu stjórnar, sem Alþfl. myndar á Íslandi" og á vafalaust að sýna, hvernig landinu skuli stjórnað. Og ekki var hugsað til annars en hæstv. forsrh. legði á það vizkunnar blæ. Það er ábyrgðarleysi að viðurkenna, að mál þetta sé bráðabirgðaleið, sem menn draslist svona rétt inn á af berri ólund vegna ósamkomulags. Hvað er eiginlega ábyrgðarleysi, ef þetta er það ekki? Það er vítavert ábyrgðarleysi að lýsa slíku yfir úr forsætisráðherrastól. Og hæstv. forsrh. ferst ekki að eyða að því orðum, þótt frv. komi frá stjórnarandstöðunni, þar sem menn sjá eigi ástæðu til að skoða fiskábyrgðina sem yfirvarp fyrir auknum álögum á þjóðina. Hér er um lýðskrum eitt að ræða. Hvaðan annars staðar skyldu þá útgerðarmenn vænta sér trausts? Áreiðanlega ekki frá hæstv. forsrh. Þeir trúa ekki á gull þaðan. Mér þætti gaman að fá traustsyfirlýsingu útvegsmanna varðandi þetta frv. En vill hæstv. forsrh. lýsa því yfir, að hæstv. ríkisstj. hafi í fyrstu verið þess fullviss, að útgerðarmenn færu af stað og gerðu báta út, þegar búið væri að samþykkja þetta frv.? En sé svo eigi, hvers konar tegund af ábyrgðarleysi er það þá að koma fram með slíkt frv. og fá það síðan framan í sig frá útgerðarmönnunum, að ekki sé hið minnsta gagn að því? Nei, ég hef ekki enn komið auga á traustið til hæstv. ríkisstj. í þessum efnum né heldur, að hæstv. ráðh. hafi tilkynnt þessari hv. d. það traust útvegsmanna. Mér virðist hann vera hræddur um, að þessi leið dugi ekki, og telur hann okkur gera rangt í því að æsa útgerðarmenn upp. En ég held, að hæstv. fjmrh. hafi fengið sannanir fyrir því, að það eru útgerðarmenn, sem voru æstir fyrir, án þess að við sósialistar höfum þurft að auka þar meiru við. Og ein af ástæðum þess er þetta ráðleysi og þetta fálm og úrræðaleysi um það allt, sem varðar sjávarútveginn. Það var og talað um það, að mjög mikill hluti af tekjum ríkissjóðs væri notaður til niðurgreiðslna afurðaverðsins og væri það gert fyrir fólkið, svo að alþýðunni væri gert léttbærara að bera dýrtíðina í landinu. En hæstv. ráðh. þarf að fara til annarra til þess að fá það álit, að rétt sé að taka úr öðrum vasa alþýðunnar til að setja í hinn. Allt eru þetta álög á fólkið, og það er síður en svo nokkurt réttlæti í þessu. Ef hæstv. ráðh. gæti sýnt fram á, að hér væri einnig verið að leggja á auðmennina, þá gætu hlutföllin eitthvað breytzt í landinu. En hér er bara verið að hækka vörurnar í verði.

Þá kom hæstv. ráðh. inn á, að verzlunarauðvaldið hefði átt bezta daga, þegar við sósialistar áttum sæti í ríkisstjórn. Við hefðum nú e. t. v. við litla athugun getað komizt að þeirri niðurstöðu, að skárra hefði verið fyrir auðmennina, þegar form. Sjálfstfl. myndaði stj., en þegar hinn róttæki Alþfl. gerði það. Það væri nú ekkert óeðlilegt, þó að form. helzta auðmannaflokksins hér á landi mundi hugsa eitthvað nær sínum en aðrir. Annars er ekki nema rétt, að þetta sé krufið til mergjar. Það urðu átök í stj., meðan við sósialistar sátum þar, um, hvað gera skyldi fyrir hvorn aðila um sig, útveginn og verzlunarauðvaldið. Á þeim tímum var mest gert fyrir sjávarútveginn og var nýsköpunarstjórnin stórvirk í þeim efnum. Þess vegna runnu nú hærri tekjur til þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr. Bjó stj. í haginn fyrir framtíðina með margvíslegum framkvæmdum, og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur lifað á þessu síðan. En hverjir hafa ríðið hér baggamuninn? Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, voru til í inneignum erlendis upp undir 580 millj. kr. Sósialistar lögðu til, að fjárhæðir þessar yrðu hafðar til nýsköpunarframkvæmda, en Alþfl. sá um það með hinum alræmdu skilyrðum sínum að koma þeirri upphæð, er til nýsköpunar gengi, niður í 300 millj. kr. En mismunurinn, 280 millj. kr. af fé, sem við vildum verja til nýsköpunar atvinnuveganna, var settur inn á almennan notkunarreikning fyrir þjóðina. Þetta var nú hið fyrsta, — en við skulum halda áfram. Næsta afrekið varð, þegar dollarana þraut. Þegar hin fyrstu átök urðu innan stj. um það, hvort taka ætti dollarana og leggja þá inn á nýbyggingarreikning, þá varð atkvgr. í stj. nýsköpunarinnar, þar sem Sjálfstfl. hafði tvo ráðh. og leyfði hinum flokkunum einnig að hafa tvo hvorn, svo að hann var í minni hluta. En hvað gerðist? Alþfl. gekk með Sjálfstfl., en móti sósíalistum, í því að taka dollarana út af nýbyggingarreikningi. Kom það ævinlega í ljós, þegar til átaka einhverra kom um, hvort gengið skyldi til nýsköpunarframkvæmda eða ekki, að þá gekk Alþfl. með Sjálfstfl. Síðan hefur Alþfl. haft aðstöðu til að sýna, hvað hann vildi gera, þessi flokkur, sem svo

oft hefur stært sig af skilyrðunum, sem hann hafi sett við myndun stj. En hver er svo útkoman? Jú, sjávarútvegurinn hefur aldrei verið verr leikinn, skriffinnskan aldrei verið meiri og verzlunarauðvaldið aldrei verið voldugra. Þetta eru afrekin. Nei, ég held, að hæstv. forsrh. ætti ekki að hætta sér lengra út í samanburð. Hann hefur hlotið þau ömurlegu örlög að veita forstöðu aumustu og óvinsælustu stjórn, sem nokkurn tíma hefur verið við völd á Íslandi.

Hæstv. forsrh. hefur reynt að afsaka þetta frv. með því, að það væri bráðabirgðaleið, þar sem stj. hefði ekki komið sér saman um aðrar leiðir. En sannleikurinn er, að stj. hefur yfirleitt ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut til lausnar málinu, og svo telur forsrh. það alveg makalaust að tala um frv. sem árás á sjávarútveginn, en það er frv., þegar það er skoðað sem stefna ríkisstj. Þegar hæstv. forsrh. var að tala um aðstoð við útveginn, þá datt mér í hug, að þetta væri svona svipuð aðstoð og hengingarólin er fyrir þann hengda. Ástæðan til þess, að svona er komið fyrir sjávarútveginum, er fyrst og fremst sú, að ríkisstj. þorir ekki að horfast í augu við að taka upp baráttu við verzlunarvaldið í landinu. Hæstv. forsrh. talaði um, að við segðum, að stj. sýndi hatur sitt til útvegsins með þessu frv. Það er síður en svo, að þetta sé rétt, heldur er það aumingjaskapur og úrræðaleysi ríkisstj. gagnvart verzlunarvaldinu, sem bitnar á sjávarútveginum.

Svo talaði hæstv. menntmrh. og komst nú heldur betur í essið sitt, þegar hann fór að rifja upp gamla dýrtíðarsönginn sinn og stefnu Framsóknar frá 1942. Og niðurstaðan fyrir núverandi ástandi sjávarútvegsins væri verðbólgan, þó að ríkisstj. sé hvað eftir annað búin að lýsa því yfir áður, að þetta frv. sé borið fram vegna aflabrests hjá útgerðinni, en því gleymir ráðh. alveg, þegar hann er byrjaður á dýrtíðarsöngnum. Nei, það er ekki verðbólgan ein, sem hefur skapað núverandi ástand sjávarútvegsins. En hitt er rétt, að aflabrestur á undangengnum síldarvertíðum hefur átt mikinn þátt í því, þó að ríkisstj. og afskipti hennar af afurðasölunni eigi líka sinn drjúga skerf í því, að svo er komið. Allur þessi dýrtíðarsöngur menntmrh. endaði svo eins og venjulega á tilvitnun í stefnu Framsóknar. Og hver var svo þessi stefna? Jú, hún var sú að binda kaupið strax 1942 og koma með því í veg fyrir, að verkamenn gætu á nokkurn hátt bætt kjör sín á þeim gróðatímum sem í hönd fóru, en auk þess var það sama og að vísa frá sér miklum erlendum gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnaðist í sambandi við hækkandi kaup verkamanna, sem unnu við setuliðsvinnuna. Við stjórnarmyndunina 1944 var enn stagazt á lækkun launa og afurðaverðs af hálfu Framsfl. og það sett sem skilyrði fyrir þátttöku hans í ríkisstj. Og svo blindur var menntmrh. þá, að hann knúði bændur til að afsala sér nokkru af verði framleiðsluvöru sinnar í þeim tilgangi, að með því yrði hægara að komast að samkomulagi við Sjálfstfl. til að knýja fram launhækkun. En þegar þessi tilraun mistókst, þá neitaði flokkurinn að taka þátt í ríkisstj. og virtist aðalástæðan sú, að tryggja átti alþýðunni svolitlar kjarabætur. Svo ætlar þessi hæstv. ráðh. að telja fólkinu trú um, að hann og flokkur hans hafi með þessu verið að berjast fyrir hag og velferð verkamanna og bænda. Sú var tíð, að hæstv. menntmrh. ásakaði okkur sósialista fyrir þátttöku okkar í stj. með Sjálfstfl. og sagði, að við styddum einungis með því auðmenn og braskara. En hver varð raunin? Jú, hún varð sú, að aldrei hafa verið gerðar meiri umbætur í þjóðfélaginu en á meðan sú stj. sat að völdum, hvorki fyrir verkamenn né bændur, þrátt fyrir langa valdatíð Framsóknar. Þá var hæstv. menntmrh. að gera tilraun til að grínast með hinar stórkostlegu framkvæmdir í sjávarútveginum í tíð nýsköpunarstj. Ég tel, að hann ætti að endurskoða afstöðu sína, ef hann ætlar að fara að líta smánaraugum á nýsköpunina í sjávarútveginum, sem þá var gerð. Það er að minnsta kosti víst, að hefði stefna hæstv. menntmrh. fengið að ráða, þá flyttu nýsköpunartogararnir ekki til landsins 100 millj. í erlendum gjaldeyri.

Ég ætla ekki að gera veltuskattinn hér að umtalsefni, en undarlegt þykir mér, þegar menntmrh. heldur því fram, að þessi skattur verki eins og tollar, og ekki sízt vegna þess, að einhvers staðar í stefnu Framsóknar er ákvæði um að afnema alla tolla, en svo er bara allt í lagi með veltuskattinn, af því að hann verkar eins og tollar.

Hæstv. menntmrh. lauk máli sínu með því að koma að bílaáætluninni. Það er dálítið fróðlegt fyrir þm. að heyra um störf ríkisstj. og fjárhagsráðs. Eða hvernig leyfir forsrh. sér að segja, að skatturinn af innfluttum bílum muni nema 4 millj., en svo kemur menntmrh. og segir, að það sé engin áætlun til um bílainnflutning á næsta ári? Hvernig er þetta eiginlega? Hverju á að trúa? Er engin innflutningsáætlun til? Er þetta allt saman út í bláinn? Getur stj. ekki einu sinni komið sér saman um að segja allt á einn veg, svo að ósannindin rekist ekki svona áberandi á? Það verður tilhlökkunarefni, ef við í fjhn. þurfum að byrja á því í fyrramálið að yfirheyra fjárhagsráð og ríkisstj., og svo eru ef til vill engar áætlanir til hjá þessum aðilum. Það er flutt hér frv., sem gerir ráð fyrir tekjuliðum af innflutningi, sem ráðh. hafa alls ekki komið sér saman um, að verði fluttur inn. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Ég get skilið, að það sé erfitt fyrir stj. að afgreiða fjárlög, ef ekki er hægt að gera 29. gr. frv. öðruvísi en svo, að hún sé tóm vitleysa. Hvað hefur ríkisstj. verið að gera undanfarið? Eru öll störf hennar bara kák út í loftið? Svo var hæstv. fjmrh. að upplýsa viðvíkjandi skilanefndinni, að á því væri svipað fyrirkomulag og 1935. Ég hélt nú, að hæstv. fjmrh. hefði ekki þótt það nein fyrirmynd. Þá saknaði ég skýringa á 2. gr. frá ráðherranum. Varðandi það atriði, að eðlilegt væri, að aðrir lánardrottnar gæfu eftir eins og ríkið, þá verður að koma því inn hjá hæstv. ríkisstj. .... Og það er þetta, sem er ákaflega erfitt að koma ríkisstj. í skilning um eða hún vill ekki skilja. Við vitum, að okkar verzlun innanlands hefur sína góðu og öruggu afkomu, vegna þess að sjávarútvegur-

inn starfar að því að afla gjaldeyrisins. Þess vegna væri ekki óeðlilegt einmitt í sambandi við svona frv., að gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess að draga úr því, hve mikið af tekjum þjóðfélagsins fer til þeirra aðila, sem verzlun stunda. Og það væri nær að gera það en að gera þær ráðstafanir, sem hér er stefnt að gagnvart beinum lánardrottnum sjávarútvegsins. Þó er einn lánardrottinn sjávarútvegsins hér dreginn undan hjá ríkisstj., sá, sem mest hefur grætt, þ. e. Landsbankinn.

Svo kom hæstv. fjmrh. inn á það, hvernig afskipti ríkisvaldsins hefðu verið af afurðasölumálunum og yfirleitt atvinnuvegunum. Ja, þar vildi ég gjarna mega beina dálitlum spurningum til hæstv. fjmrh. Hann vildi sérstaklega kenna okkur sósialistum um það, hve þessi afskipti væru mikil, og sagði, að æskilegt væri, að hægt væri að hverfa með verzlunina inn á frjálsar brautir. En vald ríkisstj. um að ráða því, hvort menn megi flytja vörur út úr landinu, það var komið á, þegar stríðið byrjaði, og var eðlilegt á stríðstíma, og var líka eðlilegt á ýmsan hátt, svo framarlega að ekki væri tekin upp þjóðnýting á framleiðsluatvinnuvegunum, að rýmkun hefði orðið á um verzlunina til þess að gera hana frjálsari með stríðslokum eða nokkru eftir að hlutirnir fóru að komast í eðlilegra horf. M. ö. o., það hefði verið ákaflega eðlilegt fyrir núverandi hæstv. ríkisstj. að sjá til þess, að þarna yrði farið að losa um þessi höft. Og nú vil ég spyrja: Hvað hefur Sjálfstfl. í ríkisstj. gert til þess að fá einhverju slíku framgengt? Við verðum varir við, að Sjálfstfl. talar ákaflega mikið um frjálsa verzlun. Og hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað í þessum umr. talað um, að hann óskaði, að meira frelsi væri gefið í verzluninni. — Ég hef sérstaklega og af ásettu ráði tekið mjög greinilega fram, að ég álít, þó að ég sé hlynntur öðru framtíðarfyrirkomulagi, að heppilegra væri, að verzlun landsmanna væri frjálsari nú, heldur en að hún sé bundin þeirri einokun, sem nú er. Og ég efast ekkert um, að útvegurinn mundi bjarga sér betur, ef hann nyti meira frjálsræðis en hann gerir undir einokunarfyrirkomulagi hæstv. ríkisstj. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Vill hann og hans flokkur gera ráðstafanir til þess að losa um þessi höft, sem sjávarútvegurinn á nú við að búa? Vill hann gefa útgerðarmönnum meira frelsi til þess að mega ráða yfir sínum gjaldeyri? Eða er það einokunin, sem hann vill halda í til handa sjávarútveginum? Þetta vildi ég ræða. Og ef hæstv. fjmrh. vildi gefa mér ofurlítið undir fótinn, mundi ég freista þess að bera fram brtt. í þessa átt. Og hæstv. fjmrh. sagði tvisvar, að útflutningsverzlun sjávarútvegsins væri nú ekki öll svo þrælbundin, því að verzlunin með hrognin væri frjáls. — Og við skyldum nú segja, að eitthvað fleira ætti að vera frjálst á tuttugustu öldinni heldur en hrognin. Á sínum tíma var verzlunin á Íslandi gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs. Ég ætla, að ekki væri það nú óeðlilegt, að sjávarútvegsmenn hefðu frjálsræði til að selja ofur lítið meira en hrogn. — Hæstv. fjmrh. vildi alveg sérstaklega kenna okkar till. um fiskábyrgðina um það, að þessi höft væru á útflutningsverzluninni. Þetta hefur snúizt við í hans höfði. Fiskábyrgðin er afleiðing af valdboði, sem ríkið hefur komið þarna á. Vegna þess, að ríkið tekur sér það vald að taka afurðirnar af útvegsmönnum og ráða sjálft, fyrir hvað þær eru seldar, og að taka gjaldeyrinn af sjávarútveginum á ákveðnu verði og ráða, hverjir megi nota hann, — vegna þess er það ekki nema eðlileg krafa, að slíkt ríki sem þetta gerir taki gagnvart útveginum ábyrgð á, hvaða verð það gefur honum fyrir fiskinn. Ríki, sem tekur fiskinn þannig af útveginum og gjaldeyrinn, sem það fær fyrir hann, verður a. m. k. að geta sagt við útveginn: Ég gef a. m. k. þetta fyrir fiskinn. En ef útvegurinn væri frjáls viðkomandi útflutningsverzluninni og gjaldeyrinum fyrir fiskinn, þá væri hægt að tala um, að ríkið eigi ekki að ábyrgjast verðið fyrir fiskinn. En það getur ekki farið saman, að ríkið taki afurðirnar og gjaldeyrinn fyrir þær og ætli að láta verðið fyrir þær fara niður úr öllu valdi og skapa útgerðarmönnum kannske stórtap á þeirra rekstri.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri, sem betur færi, til athafnafrelsi á þessum sviðum og talaði um síldarolíu, síldarmjöl og saltfisk í því sambandi. Og svo bætti hann við: Þeir eru aðeins háðir útflutningsleyfum. En það eru útflutningsleyfin, sem ríkið notar til þess að hafa allt valdið í sínum höndum yfir íslenzkum útflutningi. Nei, sem betur fer, sagði hæstv. fjmrh., er athafnafrelsi til á einstaka sviði. En það er bara ekki til í útflutningsverzluninni nema bara viðkomandi hrognum. Þetta er bezt, að menn geri sér ljóst, þegar rætt er um þessi mál. *(ÓTh:* Verður það ekki, þegar kommúnistar koma á sínu fyrirkomulagi?) Hv. þm. G-K. veit, að svo framarlega að það eigi að leiða gott tímabil yfir þessa þjóð, þá er bezt að hafa samstarf við sósialista. Það er í það eina skipti, sem tekizt hefur að láta Sjálfstfl. vinna góð verk fyrir þessa þjóð, þegar hann stjórnaði í samvinnu við Sósfl. Hafi hann annars unnið fyrir þessa þjóð, þá hefur hann meira og minna orðið til skammar. En í það eina skipti, sem hann hefur unnið með Sósfl., þá hefur hann unnið vel. *(ÓTh:* Góð áhrif höfum við á ykkur.) Eða við á hann.

Þá kom hæstv. fjmrh. að lokum með þá spurningu, — ég held, að ég fari ekki rangt með það, — hvort við vildum eitt af tvennu, lækka kaupið eða landbúnaðarafurðaverðið. Það var bara þetta tvennt, sem hæstv. ráðh. virtist álíta, að væri til ráða. Ég verð nú bara að segja það, að það er hægt að stjórna þessu landi án þess að lækka kaupið og meira að segja án þess að lækka landbúnaðarafurðaverðið. A. m. k. er hægt að stjórna því án þess að lækka það raunverulega verðgildi, sem verkamenn og bændur fá af þessu hvoru tveggja, með því að taka af öðrum aðilum, sem hafa sannarlega þó nokkuð, sem hægt er að taka af. Ég hef í nál., sem ég hef lagt hér fyrir einmitt í sambandi við mál, sem snertir dýrtíðarlöggjöfina, lagt fram upplýsingar um tekju- og eignaskiptingu bara hér í Reykjavík. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. — og að sumu leyti má beina því líka til hæstv. menntmrh., hvort þeim finnst nú ástæða til þess að setja það sem númer eitt í

öllum gerðum vegna erfiðleika atvinnuveganna að lækka landbúnaðarvísitöluverðið, meðan tekjur t. d. í Reykjavík eru þær, sem ég skal upplýsa. Heildartekjur í Reykjavík, sem til skatts koma, að frádregnu öllu nema sjálfum sköttunum, voru 1947 kr. 591 millj. hjá þeim, sem greiddu tekjuskatt. Ef við viljum fá heildartekjur nettó út, þá verðum við að bæta þarna við tekjum hjá þeim mönnum, sem ekki greiða tekjuskatt, og verður þá upphæðin yfir 600 millj. kr. Og ef við vildum draga frá þessu skatta og útsvör, sem menn greiða í Reykjavík, þá mun það vera um 100 millj. kr. Samkv. þessu munu meðalnettótekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík vera um 50 þús. kr. Þegar svo vitað er, að meginið af verkamönnum hér í Reykjavík hafa varla yfir 20 þús. kr. til 25 þús. kr. til að lifa af, þó að um 5 manna fjölskyldu sé að ræða, þá er auðséð, að það eru það stórir partar af tekjunum, sem ganga til yfirstéttarinnar, að það er sannarlega af þó nokkru að taka þar, ef til er ríkisstj. í landinu, sem þorir að leggja á yfirstéttina. Enda er það upplýst af skattstofunni, að 100 tekjuhæstu félögin í Reykjavík hafi um 25 millj. kr. í tekjur, eða um einn fjórða úr milljón að meðaltali hvert. Meðan heildartekjurnar eru svona miklar og meðan sá hlutur, sem verkamenn fá þarna í, er svona tiltölulega lítill, þá er það sannarlega ekki númer eitt að lækka tekjur verkamannanna, þegar um er að ræða ráðstafanir til að rétta við atvinnuvegina, — jafnvel þótt hæstv. fjmrh. áliti það viturlegustu till., sem hann getur komið með í ríkisstj. — Og enn þá skýrar en tekjuskiptingin talar eignaskiptingin í Reykjavík. Ef athuguð er eignaskiptingin í Reykjavík, þá kemur í ljós, að 200 ríkustu félögin og einstaklingarnir í Reykjavík, ef dregnar eru frá eignir S. Í. S., Sláturfélags Suðurlands og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, miðað við fasteignamat og nafnverð hlutabréfa, að þeir aðilar eiga samtals eignir upp á 109 millj. kr., eða ef miðað er við það mat, sem eignarskatturinn byggist á, þá þýðir það, að 200 ríkustu félögin og einstaklingarnir í Reykjavík eiga sínar 600 millj. kr. í skuldlausum eignum. Það virðist þess vegna koma allundarlega fyrir, að það skuli ekki vera neitt annað til í heila tveggja hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., heldur en annaðhvort að lækka laun hjá verkamönnum eða lækka tekjur hjá bændum. Hins vegar sýna spor hæstv. ríkisstj., að í heila hæstv. forsrh. er heldur ekki neitt annað til. Hjá honum og hans flokki er auðsjáanlega ekkert vikið að því, að það ætti að fara að taka eitthvað af fjárfúlgum, sem safnazt hafa saman hjá auðmönnum í Reykjavík.

Ég kem þessum upplýsingum hér inn í aðeins til þess að benda á, að svo framarlega að vilji væri fyrir hendi hjá meiri hl. á Alþ. til þess að leggja skatta á auðmenn, þá er hægt að taka þarna nóg fé. Og ég hef bent á það í sambandi við þær álögur, sem alltaf er verið að samþ. hér í þessari hv. d., að það væri nær að þjóðnýta eitthvað af þessum einkafyrirtækjum, sem hér eru rekin. En það er svo langt frá því, að hæstv. ríkisstj. geti látið sér detta í hug að snerta við einhverju af þessu. Hæstv. ríkisstj. er búin áður, þegar hún fékk dýrtíðarlög samþ., að rýra kjör almennings um a. m. k. 8%. Og hún hefur þetta ár svikið allt, sem hún lofaði, þegar hún fékk þau lög í gegn. Hún lýsti yfir, þegar hún batt kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig, að þá mundi raunverulega framfærsluvísitalan lækka við það niður í 315 stig og svo eftir mánuð niður í 300 stig, þ. e. raunverulega vísitalan. Og hálærðir prófessorar tóku undir þetta til þess að leggja blessun vísindanna yfir aðfarir ríkisstj. Og hvað sýndi sig svo? Jú, vísitalan er álíka há þrátt fyrir allar niðurgreiðslur eins og hún var í fyrra, og raunverulega vísitalan í landinu er hærri en hún hefur nokkurn tíma verið áður. Og það er nú þó ár liðið síðan hæstv. ríkisstj. kom fram með sín dýrtíðaráform, og svona er árangurinn. — Svo stöndum við hér með frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir okkur, þar sem ríkisstj. sjálf hefur ekki meiri trú á því frv. heldur en svo, að hún reynir ekki að telja okkur trú um, að ástandið í þeim málum, sem það tekur til, batni nokkurn skapaðan hlut við samþykkt þessa frv. Hún gengur ekki með þær byltingar í kollinum nú, sem hún virðist þó að hafa verið með í fyrra, en ætlazt er til, að Alþ. samþ. þetta. Og svona er sett fram úrræðaleysið í þessum málum með því að samþ. þetta frv., sem ríkisstj. álítur aðeins bráðabirgðaleið. Nei, ég get ákaflega vel skilið það, að þegar svona frumvörpum er fleygt fram, þegar ríkisstj. hefur aldrei komið sér saman um málin, meðan hæstv. ráðh. hafa rætt þau í ríkisstj., og geta ekki einu sinni komið sér saman um útreikninga viðvíkjandi þeim hér og ekki, með hverju þeir eigi að blekkja þm., og ekki einu sinni nær samkomulagið svo langt, að þeir geti komið sér saman um að auka nokkru við frv. og ekki nokkra leið til þess að ráða bót á dýrtíðinni, þá erum við komnir að því, að ríkisstj. er að gefast upp við lausn dýrtíðarmálanna og að því er virðist skoðar það sem sitt einasta verkefni bara að sitja og sitja, hvað sem á dynur, þótt segja megi, að hún væri til annarra hluta valin. Eru þetta einu úrræðin, sem hún nú sér — annað virðist ekki vera sjáanlegt, — og að finna einhverjar bráðabirgðalausnir, til þess að hún geti setið? Hún hefur meira að segja sjálf hætt að reyna að telja okkur trú um, að hún ætli að gera eitthvað með því að sitja. Hvert er Alþ. komið, ef það lætur bjóða sér svona hluti hvað eftir annað?

Nei, það væri ákaflega ánægjulegt að geta rætt við hæstv. ríkisstj. í alvöru um þessi mál. En meðan hæstv. ríkisstj. ætlar að reyna bara með sínu flokkavaldi að pína svona frv. í gegnum þingið, þá get ég fyrir mitt leyti ekki annað en reynt a. m. k. að vekja eftirtekt hv. þm. á því, hvað verið er að gera með þessu máli, og í þeirri n., sem ég næ til, reynt, ef þess er kostur, að fá einhvern botn í, hvað ríkisstj. hugsar sér í sambandi við þessi mál, ef nokkur leið er til þess að fá slíkar upplýsingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 17. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Forseti hefur nú boðað til nýs fundar þegar að loknum þessum fundi, og ég heyrði, að hann sagði, að á dagskrá þess fundar yrði m. a. tekið frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Meiri hl. virðist því ætla að fresta brtt. sínum til 3. umr. málsins. En ég er nú einmitt að undirbúa álit minni hl. í þessu máli og bíð eftir upplýsingum frá samtökum útvegsmanna í því sambandi, og ég óska eftir, að til fundar verði ekki boðað um málið fyrr en kl. 5. Fyrir þann tíma getur nál. mitt verið til, en ekki fyrr. Ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál ekki fyrir fyrr en kl. 5 í dag.

Forseti (BG): Það var óþarfi fyrir hv. 2. þm. Reykv. að bera fram þessa ósk. Ég ætlaði að taka síðara dagskrármálið fyrir á undan og sjá, hverjar umræður yrðu um það. Að vísu er þó ekki hægt að fresta fundi lengi, því að tíminn er naumur, eins og hv. þm. sagði sjálfur áðan í lok ræðu sinnar.

Einar Olgeirsson: Ég vildi aðeins segja þetta: Eins og hæstv. forseti veit manna bezt, er það ekki d. að kenna, hve seint þetta mál er hér á ferðinni. Það var afgr. klukkan 3 í nótt til n., og strax í morgun tók ég að undirbúa nál. mitt. Ég skrifaði þegar stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og hún heldur fund klukkan tvö í dag, og eftir svari hennar bíð ég. Hér er um það að ræða, hvort bátaútvegurinn fer á stað eða gengur ekki í vetur, þótt þetta frv. verði samþ., og upplýsingar um það efni skipta öllu máli í sambandi við afgreiðslu frv. Það eru því eindregin tilmæli mín til forseta, að farið verði eftir þingsköpum og nefndarálitum leyft að koma fram. Ég læt ekki standa á mér að hraða áliti mínu eins og framast er unnt, ég verð aðeins að bíða eftir þeim upplýsingum, sem hafa úrslitaáhrif í málinu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég skýt því til hæstv. forseta vegna nauðsynjar á að afgreiða þetta frv. sem allra fyrst, að hann taki málið fyrir á næsta fundi, sem nú hefur verið boðað til. Mér skilst, að meiri hl. n. athugi frv. til 3. umr. og komi þá fram með brtt. sínar, og geta þá komið fram brtt. bæði frá meiri hl. og minni hl. hennar. En ég álít, að tíminn sé svo dýrmætur, að nú megi engan tíma missa, enda hafði forseti ekki ætlað sér það.

Forseti (BG): Ég tel mér skylt að hliðra til við hv. stjórnarandstöðu eftir megni. Það er á valdi forseta, en eins og nú standa sakir er mjög takmarkað, hvað hægt er að ganga langt í því efni.

Á 43. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil út af umræðum á síðasta fundi deildarinnar um fyrirkomulag á dagskrá þessa fundar leyfa mér að mælast til þess við forseta, að fyrra málið á dagskránni verði tekið út af dagskrá, sökum þess að nál. mitt liggur ekki fyrir ennþá, og hef ég áður greint ástæðuna fyrir því, að það er ekki tilbúið, enda langt frá því, að þingsköp geri ráð fyrir slíku, þar eð l. umr. málsins lauk ekki fyrr en kl. 3 í nótt. Forseti skilur, að stjórnarandstaðan reynir að hraða nál. sínu eins og framast er unnt að ætlast til, þar sem lofað hefur verið, að það liggi fyrir kl. 5 í dag. Og þetta gerir stjórnarandstaðan, þótt við séum svo ógæfusöm að hafa ríkisstj., sem er svo seint fyrir með höfuðmálin og reynir svo á þolinmæði forseta um að fá nú allt afgreitt með slíkum afbrigðum sem hér eru tíðkuð, enda þótt þingið hafi verið starfslaust fram að þessu. Ég fæ ekki séð, að stjórnarandstaðan hafi tafið fyrir neinu af þeim málum, sem ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að koma í gegn, og á þeim fundi, sem var verið að ljúka áðan, voru afgr. tvenn mál, sem eru tekjuöflunarmál fyrir ríkisstj., og ég var frsm. í báðum þessum málum og fór ekki fram á tíma til að skýra frá nál., og umr. urðu ekki það miklar, að þær tefðu afgreiðslu þessara mála. Hins vegar er það mál, sem nú er fyrr á dagskránni, sem fyrir liggur, slíkt stórmál, að mér finnst, ef það fer í n. á annað borð, að manni beri skylda til að útvega þm. þær upplýsingar, sem unnt er, viðkomandi málinu, og ég álít ófært að gefa ekki minni hl. tækifæri til slíks. Og af því að ég veit, að hæstv. forseti lítur alltaf svo á, að honum beri að vernda rétt allra þm. í þeim tilgangi að tryggja, að meðferð hvers máls verði sem bezt, meðan hæstv. forseti ekki álítur, að málið sé tafið óhæfilega, þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, eða þá að þingfundi væri frestað, þegar kemur að því að meta það, þannig að málið yrði ekki tekið fyrir fyrr en kl. 5. Vona ég, að ég verði þá tilbúinn til að taka þátt í umr.

Forseti (BG): Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem hann hélt nú og á síðasta fundi, vil ég taka það fram, að þær eru alveg óþarfar. Það er engin ástæða til að vera að taka fyrra dagskrármálið af dagskránni, því að það er eins auðvelt að fresta fundi eins og að setja nýjan fund til að taka málið á dagskrá. Það er ætlun mín að taka síðara dagskrármálið fyrir á þessum fundi og fresta síðan fundi um nokkurt bil. Ég er ekki enn búinn að ákveða, hvort það verður til kl. 5, en það er það allra síðasta, sem gæti komið til greina, en ég mun ákveða það nú innan stundar.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 241, 236, 238, 239, 242).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf litlu við það að bæta, sem frá segir í nál. meiri hl. Gangur málsins hefur verið sá, að n. hefur reynt að hraða afgreiðslu þess

af fremsta megni. Eftir umr., sem fram fóru í nótt, kom fljótlega í ljós á fundi n. að meiri hl. hennar fylgdi frv. í grundvallaratriðum, enda þótt endurskoða þyrfti nokkur atriði. N. hefur því óskað þess að halda rétti til að bera fram brtt. við 3. umr. málsins og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt við 2. umr., og áskilja nm. sér rétt til að fylgja brtt., sem kunna að koma fram við 3. umr. málsins. Með tilvísun til þessa óskar n. þess, að brtt. verði teknar aftur til 3. umr. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að svo komnu máli, en við gátum og sáum okkur ekki fært að undirbúa og flytja brtt. við þessa umr. frv.

Pétur Ottesen: Ég á brtt. við þetta frv., en vegna tilmæla frá hv. frsm. meiri hl. fjhn. skal ég taka brtt. mína aftur til 3. umr. og bíða með að gera grein fyrir henni þar til við 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við frv. þetta, sem sjá má á þskj. 239, og hef hugsað mér að segja hér nú nokkur orð um mál þetta í heild, þó að atkvgr. muni bíða um brtt. mínar þar til við 3. umr.

Um þetta leyti í fyrravetur var hér á ferðinni annað hliðstætt frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir. Eins og menn mun nú kannske reka minni til, greiddi ég atkv. gegn því frv., og ástæðan var sú, að ég hélt því fram, að ef þau l. næðu samþ., mundi það kosta ríkissjóð á árinu 1948 um eða undir 70 millj. kr. Ég taldi, að ríkinu yrði það ofvaxið að leggja þá upphæð fram, og mundi slíkt leiða af sér minnkandi verklegar framkvæmdir, sem þm. leggja annars mikla áherzlu á, að veitt sé fé til, en að öðrum kosti yrði um skuldasöfnun að ræða hjá ríkinu. Í fyrra var áætlað, að þessi l. mundu kosta ríkissjóð um 55 millj. kr., og því fór alls fjarri, að athuganir mínar væru taldar réttar. En nú hefur reynslan sýnt og sannað annað. Hæstv. fjmrh. hefur yfirlýst og hæstv. forsrh. staðfest í ræðu, að kostnaður vegna þessara l. á þessu yfirstandandi ári muni nema um 70 millj. kr., eða nákvæmlega eins og ég tók fram í fyrra. Útgjöld ríkissjóðs fóru því 15 millj. kr. fram úr áætlun. Jafnframt er reyndin sú, að verklegar framkvæmdir hafa verið skornar niður um 35%, og má jafnframt reikna með, að þær 15 milljónir, sem fóru fram úr áætlun, komi fram sem skuld ríkissjóðs á ríkisreikningnum í árslok. Er hæstv. fjmrh. flutti fjárlagaræðu sína, þá benti hann á, að halli á fjárlögum ársins 1947 hefði numið 71 millj. kr. Sú upphæð kom fram sem skuldaaukning hjá ríkissjóði, og ég hygg, að ekki fari betur en svo með afkomu þessa yfirstandandi árs, að þar verði yfir 70 millj. kr. skuldaaukning. Mér líst ekki á, ef svona skal áfram halda. Mér sýnist, að ekki sé seinna vænna að breyta til. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að verja á næsta ári 70 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, án þess að fé sé fyrir hendi til þess. Í fyrsta lagi virðist það vera mjög varhugavert að samþ. svo stór fjárframlög, áður en fjárlög eru afgreidd, og er því hæstv. ríkisstj. sá kostur vænstur að afgreiða nýja tolla og skatta á þjóðina til að ná þessum tekjum. Sömuleiðis er með fiskábyrgðina, sem verður víst að halda áfram sem undanfarin ár. Hér er því um tvennt að ræða í þessu frv., annars vegar viðbótargjöld á fólkið í landinu, og hins vegar — eins og segir í I. kafla frv. — fiskábyrgðina. En ef nú á að fara að afgreiða l., sem kosta munu ríkissjóð 70 milljónir á næsta ári, þá hlýtur það að kosta það, að verklegar framkvæmdir verða skornar niður, eða að öðrum kosti skuldasöfnun hjá ríkinu. Mín brtt., sem prentuð er á þskj. 239, fer fram á það, að felld verði niður 28. gr. frv., að teknar séu 22 millj. kr. tolltekjur í dýrtíðarsjóð. Einnig mótmæli ég því, að mál sem þetta sé afgr. áður en afgreiðsla fjárlaga fer fram. Það liggur ekkert á, fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd.

Sú barátta, sem fram hefur farið á undanförnum árum við dýrtíðina, er undarleg barátta, og hefur oft ekki verið nein barátta við dýrtíðina í framkvæmdinni, en hefur leitt af sér hækkað verðlag á svo að segja öllum hlutum. Þessi draugur var vakinn fyrir 9 árum með vísitöluvitleysunni, og allar ráðstafanir, sem reyndar hafa verið til að halda vísitölunni niðri, hafa verið svipað verk og að slá í hausinn á Fróðárselnum, sem varð því magnaðri sem hann fékk fleiri högg. Það var að vísu nokkur bót í fyrra að binda vísitöluna við 300 stig, en kemur þó ekkert að gagni til þess að ráða bót á ástandinu innanlands, fyrr en hún er með öllu afnumin. En slíkt verður að gera, ef stöðva á þessa vitleysislegu skrúfu og lækna böllið, sem hún veldur atvinnuvegum og afkomu landsmanna. Um leið og vísitalan verður afnumin, á vöruverðið að lækka, og það jafnskjótt. Síðan skal aflétta hinum þungu vöru- og verðtollum og skapa heilbrigt verðlag jafnt á innfluttum vörum sem innlendri framleiðslu.

Ég skal ekki hafa mörg orð um meðferð þessa máls hér í þessari hv. þd., en verð að víkja lítillega að I. kaflanum í frv. þessu.

Það voru samþ. l. hér á Alþ. þann 15. þ. m., að láta útvegsmönnum þeim, sem hafa haft taprekstur á undanförnum síldarvertíðum, 6 millj. kr., en daginn eftir, hinn 16. des., kemur hér fram frv. til l. um að gefa eftir lánin til þessara manna og meira og minna af skuldum þeirra. Ég skal nú ekki mikið um þetta segja, en þessi vinnubrögð í setningu löggjafar hér á Alþingi eru ólík því, sem áður hefur fram undið á Alþingi, a. m. k. síðan ég tók sæti þar. Ég sé nú ekki, að svona mikið hefði legið á. Það er veitt lán í 5 mánuði, en nú hefur verið ákveðið að gefa þau eftir. Ég sé því ekki annað en að full rök séu fyrir því, að þessi kafli sé vanhugsaður. Ég vil þess vegna skjóta því til hæstv. ríkisstj. og hv. fjhn., hvort hún sjái sér ekki fært að taka þennan kafla burt úr frv. og láta þetta bíða síns tíma, hvað nauðsynlegt verður. Ég held, að það yrði sízt til tjóns. Að öðru leyti skal ég ekki tefja umr. um málið, en hér eru í frv. annars vegar gjaldahækkanir og hins vegar hækkanir á tollum og sköttum. Það er reynt að koma þessu á eyðsluna í landinu, en það þarf stórar fjárfúlgur til þess að standa sífellt undir slíkum dýrtíðarráðstöfunum sem hér er um að ræða. Að lokum skal því yfir lýst, að ég

geng inn á það, að atkvgr. um brtt. mína bíði þar til við 3. umr. málsins.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við frv. þetta, sem prentuð er á þskj. 238 og ég vil leyfa mér að fylgja úr hlaði með nokkrum orðum. Þessi brtt. er flutt við c-lið 29. gr. og er þess efnis, að undanþegnar þessu gjaldi skuli vera jeppabifreiðar eða aðrar hliðstæðar bifreiðar, sem fluttar eru inn í þágu landbúnaðarins, enn fremur bifreiðar, sem verið hafa 4 ár eða lengur í eigu íslenzkra manna, er dvalið hafa erlendis. Rökin eru þau, að á undanförnum árum hafa bifreiðar mikið verið fluttar til landsins, svo að tala bifreiða nemur nú 11 þús. Þar af hafa um 4 þús. bifreiðar flutzt inn nú síðustu 2 árin. Langsamlega mestur hlutinn eða svo að segja allar hafa verið fluttar inn af fólki í kaupstöðum. Að vísu hafa verið fluttir um 1200 jeppabílar, sem aðallega hafa farið til bænda, en eins og áður er rakið, þá er ekki yfir helmingur þessara bifreiða í eigu landbúnaðarins eða sveitamanna. Nú er í ráði að auka innflutning á þessum handhægu og vinsælu tækjum, og má búast við, að nokkur hundruð verði flutt inn á næsta ári. Ég tel það rangt, að nú, þegar hægt er að flytja þetta inn til landbúnaðarins, þá skuli vera skellt á því gjaldi, sem hér er gert ráð fyrir. Og þetta bitnar eingöngu á landbúnaðarframleiðendum, sem hafa þó nógu lengi setið við skertan hlut. Ég held, að þetta séu mjög réttlát rök. Það hefur flutzt svo mikið inn af vörubifreiðum til landsins, að atvinna vörubílstjóra er nú þegar tekin að rýrna og atvinnuleysi farið að skapast, svo að orðið hefur að grípa til atvinnubótavinnu vegna þess. Þess vegna er ekki hægt að bera þá saman við jeppa, sem mikil þörf er fyrir í sveitunum og vissulega mundu létta mjög þungan róður landbúnaðarins. Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái nauðsyn þessa og samþykki brtt.

Og þá er það síðari liðurinn. Ég held, að því verði ekki mótmælt, að menn, sem búnir eru að vera erlendis, eigi kröfu til þess að fá að flytja inn búslóð sína og bifreiðar, sem þeir hafa keypt erlendis, sérstaklega þegar tillit er tekið til þeirrar baráttu, sem þeir hafa orðið að eiga í við gjaldeyris- og innflutningsyfirvöldin. Ég þekki dæmi þess, að menn hafa átt í slíkri baráttu, og sumir hafa fengið loforð um að mega flytja þetta inn núna, en á meðan er skatti skellt á, og bitnar hann óneitanlega mjög á þessum mönnum. Ég hygg, að það sé vel hægt að koma í veg fyrir, að slíkt yrði misnotað, og hef ég þess vegna flutt fram þessa brtt., en mun verða við þeim tilmælum, að hún bíði atkvgr. þar til við 3. umr.

Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta frv. og stefnu þess. Ég vil þó segja þetta, að í því felst ekki nægileg trygging fyrir því, að bátaflotinn komist af stað — því miður. Mér eru ljós fjárhagsvandræði ríkisstj. og skil það vel, að ekki skuli vera hægt að hækka ábyrgðarverðið frá því, sem nú er. Ég vil samt vænta þess, að hv. nefnd reyni að finna aðrar leiðir til þess að tryggja höfuðsjónarmið frv., tryggja rekstur útvegsins næstu vertíð.

Ég ber nokkurn ugg í brjósti um, að þau gjöld, sem frv. gerir ráð fyrir, muni auka dýrtíðina. Virðist mér hækkun á söluskattinum benda eindregið til þessa. Ég bendi á þetta til þess, að þingið geri sér það ljóst og reyni að tryggja rekstur útgerðarinnar án þess að láta það koma fram í aukinni dýrtíð. Ég veit, að það er þetta, sem vakir fyrir hv. ríkisstj., að tryggja þær hliðar atvinnulífsins, sem þjóðin á afkomu sína mest undir. En eins og ráðh. lýsti yfir í gær, þá felur þetta frv. í sér tilraun til þess að samrýma sjónarmið þeirra, er að ríkisstj. standa, en það hlýtur að vera álit sjálfstæðismanna, að með þessu sé ekki mörkuð stefna til að leysa þjóðfélagsleg vandamál, en við viljum þó standa saman. Þess vegna mun ég fylgja þessu frv. þrátt fyrir þann ugg, sem ég ber í brjósti, í þeirri von, að hv. n. komist að niðurstöðu um að tryggja útveginn betur.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 243, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem nú liggur fyrir, er mjög umfangsmikið og skiptist að efni til í tvo höfuðþætti. Fyrri þátturinn er um það, að ríkisstj. skuli halda áfram að tryggja og ábyrgjast verð fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir, og síðari hlutinn er um það, hvernig fjár skuli aflað til þess að standa við þær skuldbindingar, sem af því leiðir.

Ég ætla ekki að ræða mikið þær brtt. er fram hafa komið, þar sem flutningsmenn hafa fallizt á, að þær verði ekki teknar til afgreiðslu fyrr en við 3. umr., og þá gefst tækifæri til þess að ræða þær sérstaklega.

Þrátt fyrir það að skoðanir mínar séu áður kunnar hv. þdm., þá ætla ég samt að gera ofur litla grein fyrir þeim í þetta skipti, og það er þá fljótt yfir sögu að fara.— Ég hef alltaf verið á móti ríkisábyrgð afurða, og það byggist á því, að ég er sannfærður um, að ríkisstj. getur ekki staðið undir slíku, þetta þýðir ekki annað en meðgjöf. En frá mínu sjónarmiði er það augljóst mál, að ríkisstj. er ekki fær um að ábyrgjast verðlagið, en ráða engu um framleiðsluna. Á því getur aldrei orðið annar endir en sá, að ríkið hlýtur fyrr eða síðar að taka allan rekstur í sínar hendur. Hér er gengið beint spor að ríkisrekstri framleiðslutækjanna. Þess vegna er mér ekki aðeins ógeðfellt að styðja þessa stefnu, heldur er ég blátt áfram á móti henni. Ég vakti athygli á því strax, um leið og ríkisstj. ákvað á sínum tíma að ábyrgjast landbúnaðinum ákveðið verð fyrir landbúnaðarafurðir, að sú ráðstöfun væri frá mínu sjónarmiði algert glapræði. Því var haldið fram þá, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, en það hefur bara endurtekið sig ár frá ári. En það er sýnilegt, að svona getur það ekki verið til frambúðar, og það er jafnsýnilegt, að það er ekki hægt að leysa þessi vandræði til bráðabirgða. Það var hægara að komast í þennan vanda en að sleppa úr honum. Síðan hefur alltaf verið ábyrgð á landbúnaðarafurðum, en í kjölfar þessa kom svo ábyrgð á afurðum sjávarútvegsins, og

þá var líka sagt, að hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða og þetta gæti ekki verið til frambúðar, en vegna þess að útgerðin ætti það á hættu að stöðvast, þá þætti ekki annað ráðlegra en að grípa til þessa sama bragðs — en aðeins til bráðabirgða. Því er haldið fram, að útgerðin muni stöðvast, ef ríkið hlaupi ekki undir bagga. En ég vil spyrja hv. þdm., hvaða líkur séu fyrir því, að þetta verði á annan veg næsta ár. Það er hægt að segja, að það leiði til óútreiknanlegra vandræða fyrir land og þjóð, ef útgerðin stöðvast, það er mér ljóst sem öllum öðrum, en ef ríkisstj. er ekki fær um að standa undir þeim afleiðingum, sem leiðir af því, að hún tekur að sér að ábyrgjast lágmarksverð sjávarafurða, þá hlýtur að koma að því, að stöðvun á sér stað. Við skulum segja, að ríkið hafi verið fært um að standa við skuldbindingar sínar s. l. ár, hafi klórað sig fram úr því núna, en liggur þá ekki við stöðvun næsta ár? Ef menn þora að horfast í augu við þá staðreynd, þá er það, sem mest hefur komið útgerðinni niður í djúpið, í fyrsta lagi aflatregðan og í öðru lagi geysilegur tilkostnaður og ekkert annað. Ég veit, að við mikla örðugleika er að etja, en það kemur að því, að lífið sker úr því, að þetta er hlutur, sem ekki er hægt að komast undan, ekki lengi. Ég hef haft tækifæri til þess að athuga kostnaðarliði, sem leggjast á útgerðina, og þeir hafa þyngzt stórkostlega. En þessa kostnaðarliði verður að berja niður. Ég veit, að það verður ekki sársaukalaust, einhver verður að missa spón úr sínum aski. En þetta er eina leiðin, að útgerðin borgi ekki hærri útgjöld en hún aflar fyrir á venjulegum tímum. Meðan ríkið heldur áfram að ábyrgjast það, sem á vantar, þá dregur enginn úr sínum kröfum. Ég man eftir því, er ég sá fyrst og kynntist aðgerð skipa. Þá var engin ríkisábyrgð til. Þá sóttist iðnaðurinn eftir skipunum. Svo snerist þetta við. Skipaeigendur urðu nú að fara biðjandi til verkstæðanna og oft að fara bónleiðis til búðar, en að öðrum kosti greiða mjög hátt fyrir viðgerðina. Nú vil ég segja það, að ég þykist vita, að þetta mál verði afgreitt hér, með því að það þykir ekki vera hægt að komast undan þessari ábyrgð nú, og enn fremur að þetta sé einungis bráðabirgðaráðstöfun. En ég geri ráð fyrir því, að þó að ég sé stuðningsmaður ríkisstj. og hafi stutt hana að málum, þá geri hún ekki þær kröfur, að ég framselji sannfæringu mína, en þrátt fyrir það mun ég verða stuðningsmaður hennar meðan happavænlegt er fyrir ríkið.

Þá kem ég að öðrum kaflanum, um það, hvernig ríkisstj. ætlar að afla tekna til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem af þessari ráðstöfun leiðir. Hingað til hefur það verið gert með almennum tekjum ríkissjóðs, en nú er það ekki lengur hægt. Það sýnir það, að ekki verður við það unað. En þá koma til tvær leiðir. Önnur leiðin er sú að leggja nú enn á nýjar álögur til þess að standast þennan kostnað, sem áætlaður er í þessu frv., um 70 millj. kr., þ. e. a. s. nýjar álögur að því leyti, sem núverandi tekjustofnar ríkisins ekki teljast færir um að standa undir. Hin leiðin er sú að láta ríkissjóð standa undir þessu með þeim almennu tekjum, sem hann hefur nú, en fella niður önnur útgjöld sem því svarar, en það þýðir niðurskurð á útgjöldum fjárlaganna til annarra framkvæmda. Nú ber mér þarna einnig á milli við hæstv. ríkisstj. og þá að sjálfsögðu við meiri hl. Alþ. En ég hef hvað eftir annað fengið tækifæri til að láta opinberlega í ljós, að ég teldi álögur á landsfólkið vera orðnar miklu hærri en skynsamlegt geti talizt, enda þótt tollar og skattar hafi innheimzt nokkurn veginn hingað til.

Mér er það ljóst, að það er ekki hægt að fella niður svo að segja neitt af útgjöldum ríkissjóðs, þeim sem verið hafa á fjárlögum og eru nú í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., nema því fylgi allmikill sársauki. Flest af því eru æskilegir og margt af því nauðsynlegir hlutir. Ég held, að Íslendingar séu of fljótir að gleyma því, að þjóðin hefur allt frá landnámstíð þurft að draga fram lífið með því að neita sér um æskilega hluti, og það hefur víst aldrei komið fyrir þessa þjóð, að hún hafi getað veitt sér allt, sem henni hefur þótt æskilegt. Þar af leiðandi virðist svo sem þjóðin nú þurfi ekki að kippa sér svo mikið upp við það, þótt hún enn verði að neita sér um einhverja æskilega hluti, ef hægt er með því að bjarga því, sem nauðsynlegast er að bjarga, atvinnurekstrinum í landinu. Slíkir hlutir geta verið æskilegir frá menningarlegu sjónarmiði og fleiri sjónarmiðum, og get ég nefnt í því sambandi þau mörgu stórhýsi, sem við höfum verið að byggja, sem flest eru til menningarauka, þ. á m. skólar. En ég get ekki séð betur en að við getum alveg eins vel kennt börnum og unglingum í sömu húsakynnum næsta ár eins og þetta ár, og þannig er hægt að nefna margt fleira, sem við getum neitað okkur um í bili, ef við viljum gera það og ef við viðurkennum, að við höfum ekki efni á að láta allt eftir okkur, sem okkur finnst æskilegt. Ég mundi þess vegna miklu heldur hafa óskað eftir því, að Alþ. gengi inn á þá braut að skera niður útgjöld á fjárl., heldur en leggja nýjar álögur á þjóðina. Ég veit, að það er ákaflega óvinsælt að fella það niður af fjárl., sem áður hefur verið á fjárl., af því að flest af því — ef ekki allt — er veitt eftir óskum eða kröfum fólksins, og óttinn við að styggja fólkið hefur náttúrlega afar mikið að segja. Menn halda kannske, að fólkið styggist ekki eins við það, þótt lagðar séu á nýjar álögur, eins og ef því er neitað um alls konar styrki og fríðindi, sem verið hafa og eru á fjárl. Vegna hinnar hörðu flokkabaráttu þingsins má segja, að ein hætta sé fyrir flokk að koma fram með skynsamlegar till., sem koma illa við fólkið, því að þá reyni ef til vill einn flokkur að sæta lagi og reyna að fá fólkið til þess að trúa því, að einmitt sá flokkur, sem vill eitthvað spara, sé því fjandsamlegur. En fari svo, að ríkissjóður komist í greiðsluvandræði eða greiðsluþrot, þá verður ekki notuð þessi leið, sem hér á að fara, heldur sú að skera niður fjárveitingar, sem sumar eru æskilegar og sumar afar þarflegar.

Ég tók fram í upphafi, að ég ætlaði ekki að fara í gegnum einstök atriði í þessu frv. Ég mun að sjálfsögðu, þótt ég sé ekki samþykk-

ur hæstv. ríkisstj., hvorki um það, sem í fyrri hluta frv. felst, þ. e. að taka á sig þær miklu ábyrgðir, né heldur um hitt, sem í síðari hlutanum er, hvernig afla skuli fjár til þess að standa við þær skuldbindingar, fylgja og greiða atkv. með þeim brtt., sem koma fram við einstakar gr. þess, ef telja má þær til bóta, því að sjálfsagt tel ég það snerta mig eins og alla hv. þm., að frv. verði sem bezt úr garði gert. En ef nú þetta illa á að ske, að tekin sé sú mér svo mjög óviðfelldna stefna, sem felst bæði í fyrri og síðari hluta þessa frv. og ég nokkuð hef lýst, þá held ég, að ég mundi fella mig bezt við að frv. yrði sem allra mest óbreytt. Eins og ég tók fram áðan, tel ég ekki tímabært að fara að ræða um þær brtt., sem fram hafa komið, af því að þær hafa verið teknar aftur til 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Það verða aðeins örfá orð í sambandi við brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér. Ég hafði í raun og veru rökstutt þessar brtt. í umr. hér í gær og þarf því ekki að fara mörgum orðum um þær. En ég hef flutt hér aðrar brtt., sem ekki er búið að útbýta. Brtt. á þskj. 243 eru í fyrsta lagi um það, að ábyrgðarverð á fiski verði hækkað úr 65 aurum í 70 aura, og í öðru lagi, að tilsvarandi hækkun fari fram á ábyrgðarverði til frystihúsanna. Þessa verðhækkun rökstuddi ég nokkuð í umr. í gær, og félagssamtök útgerðarmanna hafa einnig rökstutt þetta mál ýtarlega í sínum grg. Og meðan það liggur ekki fyrir, að þetta gamla ábyrgðarverð, sem í gildi hefur verið, dugi til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, þá skil ég varla í því, að hæstv. ríkisstj. leggi í það að samþ. frv. í því formi, sem það nú er, nema því aðeins að hún gæti tryggt sér frá hlið þessara aðila, að rekstri fyrirtækjanna verði borgið. Ég álít, að sú hækkun, sem lögð er til í minni brtt., sé sú allra minnsta, sem hægt er að komast af með. — Þá legg ég einnig hér til, að ákvæðið í 2. gr. frv. um geymslukostnað á frystum fiski gildi ekki aðeins fyrir vetrarfrystan fisk, heldur allan fisk og verði aðeins miðað við það, hvað fiskurinn hefur verið geymdur lengi, og gangi það jafnt yfir alla, en ekki þetta hlutdrægnislega ákvæði eins og það er nú í frv. og hefur verið í 1. síðasta ár. — Þá hef ég lagt til, að meginhlutinn af kaflanum um skuldaskil, en það eru 13.—17. gr., verði felldur niður, og vísa ég þar til þeirra raka, sem ég færði fram hér í gær, að þessi skuldaskil mundu koma illa við og verða illa liðin af útgerðarmönnum og gerð alveg þvert ofan í samþykkt þeirra um þessi mál. Það verður að teljast alveg einstakt ofbeldi að ætla að taka menn þannig til gjaldþrotameðferðar án nokkurs samstarfs við þá aðila. Ég tel þess vegna rétt að fella niður þennan kafla eða að minnsta kosti að fresta að samþ. hann, þar til rætt hefur verið um þessi mál við þá aðila, sem hlut eiga að máli, og ætti að verða nægur tími til þess að taka þessi mál til athugunar eftir áramótin. — Þá er sú brtt., sem ég flyt hér, en hefur ekki verið útbýtt enn, en ég vildi með leyfi hæstv. forseta skýra efni hennar, sem er, að bátum verði gefinn kostur á því að fá gjaldeyri, sem nemur helmingi af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans, og skal heimilt að nota þennan gjaldeyri til kaupa á hvers konar útgerðarnauðsynjum, án þess að til þeirra kaupa þurfi önnur leyfi; og einnig, að heimilt sé að hagnýta þennan gjaldeyri til innkaupa á öðrum vörum, sem inn má flytja samkv. gildandi innflutningsáætlun, að fengnu samþykki innflutningsyfirvaldanna, og verði nánari reglur settar um þetta í reglugerð, og skulu samtök útvegsmanna hafa rétt til tillagna um þá reglugerð. Ég vil í þessu sambandi benda á, að önnur útgerð í landinu hefur þegar fengið þessi fríðindi. Togaraútgerðin hefur öll þessi fríðindi. Togarar, sem sigla með farm sinn til útlanda, mega nú þegar taka af gjaldeyrssölu sinni það, sem þeir þurfa til veiðarfæra og nauðsynjakaupa. En bátaútvegurinn hefur ekki haft þessi hlunnindi og hefur orðið að sætta sig við að kaupa allar sínar nauðsynjar, í hvaða formi sem er, í gegnum hendur heildsala og smásala og jafnvel fleiri milliliða, og hefur þetta vitanlega stórkostlegan kostnað í för með sér fyrir bátaútveginn. Þegar á nú að fara að gera sérstakar ráðstafanir til þess að styrkja bátaútveginn, virðist ekkert eðlilegra en að einmitt þetta atriði sé tekið til athugunar og honum séu veitt þessi hlunnindi og þar með gert jafnt undir höfði og togaraútgerðinni í landinu. Í brtt. felst ekki annað en það, sem sanngjarnt er, að veitt verði þessum atvinnurekstri, bátaútveginum, þegar miðað er við aðra útgerð í landinu, og ef þessar brtt. mínar verða samþ., má telja nokkurn veginn tryggt, að útgerðin muni starfa af fullum krafti, og þá má búast við, að afkoma bátaútvegsins verði sæmileg.

Hv. þm. Borgf. flytur brtt. á þskj. 242 um nokkur gjaldeyrishlunnindi til handa bátaútveginum, eins og þar segir. Ég skal viðurkenna, að það er að vísu til bóta, en ég kann ekki við að fara þá leið, sem þar er gert ráð fyrir. Þar er aðeins gert ráð fyrir að taka 10 millj. kr. af þeim erlenda gjaldeyri, sem bátaútvegurinn aflar, gegn viðbótargjaldi, er nemi 100% af leyfisfjárhæð. Veita skal ¼ hluta þessara leyfa á hverjum ársfjórðungi. Gjald þetta skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna. Leyfi má ekki veita fyrir gjaldeyri þessum til innflutnings á þeim vörum, sem verðlagsvísitalan tekur til, nema því aðeins að færðar séu sönnur á, að slíkur innflutningur valdi ekki hækkun á vísitölunni. Þetta er að vísu nokkur bót fyrir útgerðarmenn og sjómenn, en ég tel þetta ekki æskilega eða eðlilega leið, og útvegsmenn telja sér það miklu meiri hagnað að mega selja nokkuð af framleiðslunni og ráðstafa gjaldeyrinum fyrir það, og þá leið kysi ég fremur. Ég mun verða með brtt. hv. þm. Borgf. að minni brtt. felldri.

Mér þykir heldur erfitt að ræða þessi mál, þar sem nál. frá minni hl. n. hefur ekki komið fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 248, 251 og 253, sem of seint

voru fram komnar, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Því miður er álit minni hl. n. ekki komið enn þá, en með því eiga að fylgja tvö fylgiskjöl, og hef ég beðið eftir því að geta fengið þau inn í nál., en það er ályktun frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. En það er ákaflega slæmt að geta ekki lagt þetta nál. fyrir nú, áður en ég hef framsöguræðu um þetta mál.

Eins og áður hefur verið tekið fram í þessu sambandi og margir hv. þm. hafa minnzt á í umr. um þetta mál, þá er tilgangur ríkisstj. með þessu frv. fyrst og fremst sá að tryggja það, að bátaflotinn fari á stað. Landssamband ísl. útvegsmanna mun vafalaust vera einn sá aðilinn, sem fyrst og fremst reynir á í því sambandi, og er það mjög slæmt, að ályktun fundar stj. þeirra samtaka skuli ekki liggja hér fyrir. Ég mun samt sem áður fara nokkrum orðum um mína afstöðu gagnvart frv. að öðru leyti en höfuðatriðunum í raun og veru, vegna þess að við ræddum þau það ýtarlega hér í gærkvöld, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka neitt af því. Það eru nokkur atriði í hinum einstöku gr. þessa frv., sem beðið var um skýringar á í gær, en ekki fengust að öllu leyti, og að nokkru leyti langar mig til að fá á þeim skýringar í viðbót við þær, sem ég fékk í gær.

Í 2. gr. í I. kaflanum er ákvæði, sem takmarkar ábyrgð ríkissjóðs við ákveðin markaðslönd. Ég bað um skýringu á þessu ákvæði, og ég bið enn um skýringu á þessu ákvæði. Og ef hæstv. forsrh. eða einhver annar hæstv. ráðh. væri hér í húsinu og vildi gefa skýringu á þessu, þætti mér vænt um það að fá þá skýringu áður en þessari umr. lýkur. Með þessu ákvæði getur verið um svo víðtæka heimild að ræða, að það er ekki von, að menn samþ. hana án þess að fá skýringu á því, hvernig henni skuli beitt yfirleitt. Og vænti ég þess vegna fastlega, af því að ég held, að meiri hl. n. hafi heldur ekki gert sér það ljóst, hvernig skilja eigi þetta ákvæði, að skýringin komi nú við þessa umr. málsins.

Um II. kafla frv. var allýtarlega rætt við 1. umr. málsins, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða mikið um hann heldur. En ég álít 12. gr. vera í raun og veru einu gr. í þeim kafla, sem eigi rétt á sér og sé nauðsynleg, og hefur hv. 2. þm. S-M. flutt brtt. um að fella hinar gr. niður, og er ég honum þar alveg sammála.

Viðvíkjandi III. kaflanum hefur komið í ljós hjá hv. þm., sem eru þó stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., nokkur ótti við þann kafla frv. og við þær álögur, sem hann gerir ráð fyrir. Hafa ýmsir þeirra hv. þm. látið í ljós þá skoðun, að þessi kafli muni ekki ná þeim tilgangi, sem ætlazt er til. Ég skil þá ákaflega vel. En það var annar hlutur, sem kom á óvart — ég held, að það hafi verið hv. þm. N-Ísf., sem virtist hafa trú á því, að fjhn. mundi geta lagað allt þetta, sem aflaga fer í frv. og hann áleit að einhverju leyti ástæðu til að óttast í frv. þessu, nú á milli 2. og 3. umr. Og mér virtist, að eftir því sem hann hefði litla trú á gerðum hæstv. ríkisstj., hefði hann því meira traust á hv. fjhn. Nú vil ég ekki á nokkurn hátt úr því draga, að fjhn. er mjög góð n., og það hefur vissulega komið fyrir hér á Alþ., að fjhn. hefur tekið að sér stjfrv., sem hefur verið álíka illa úr garði gert og þetta frv., og umskapað það svo, að viðkomandi ríkisstj. hefði þá ekki þekkt það aftur. En þetta var þegar við höfðum utanþingsríkisstj. og hv. þm. virtust dálítið sjálfstæðari en nú, þegar þeir skoða sig bundna við að fylgja hverju, sem ríkisstj. dettur í hug að koma með, hvað litla trú sem þeir hafa á þeim till. hennar.

Eitt er það, sem ég vil, að d. athugi vel við þessa umr., en það er um þessa aðferð, að ætla að taka meginið af brtt. til baka til 3. umr. og láta alla afgreiðslu verða við 3. umr., þannig að d. hafi ekki hugmynd um, hvernig hún afgr. málið. Ég skal nefna dæmi. Það liggur hér fyrir brtt. frá hv. þm. N-Ísf. á þskj. 238 um að breyta frv. þannig, að jeppabifreiðar séu undanþegnar þeim skatti, sem þar er um að ræða. Nú skildist mér á hæstv. forsrh., að hann vænti allmikilla tekna í sambandi við þennan bílaskatt. Eigi nú að fella niður þennan skatt af innfluttum jeppabifreiðum, og það verða kannske þær bifreiðarnar, sem helzt verða fluttar inn, þá hlýtur það að hafa mikil áhrif á þennan tekjustofn. Ég er því hræddur um, að það sé betra fyrir þá, sem vilja sjá hæstv. ríkisstj. fyrir fé, að greiða atkv. um þessa till. við 2. umr., því að ef brtt. hv. þm. N-Ísf. yrði samþ. við 2. umr., gæti fjhn. athugað fyrir 3. umr., hvað væri tiltækilegast að gera til að bæta úr þeim tekjumissi, sem samþykkt brtt. hefði í för með sér.

Ég hef áður óskað eftir því, að það yrði gefið það langt hlé við þessa umr., að álit stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem ég hef látið prenta með mínu nál., gæti legið hér fyrir. Ég held, að það þyrfti ekki að tefja umr. um málið. Við höfum enga löngun til þess að lengja þessa umr. Við tókum almennar umr. um málið í gærkvöld og nótt. Við vildum láta koma skýrt fram, hver afstaða manna væri til málsins, en hins vegar viljum við á engan hátt draga afgreiðslu þess. Og af því að ég álít heppilegast, að sem mest sé afgr. við 2. umr., hefði ég helzt óskað, að hæstv. forseti hefði nú frestað málinu um stund og sjá, hvort ekki er hægt að fá nál. svo snemma, að takast megi að koma því frá í dag. Ég þykist vita, að það taki ekki langan tíma, þegar það er komið, og það, sem 2. umr. kynni að lengjast við þessa aðferð, gæti aftur sparazt við 3. umr. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Mig er nú farið að lengja eftir því áliti, sem von er á frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, en hins vegar skildist mér, eftir þann stjórnarfund, sem haldinn hefur verið í Landssambandi ísl. útvegsmanna, að ekkert samkomulag hafi orðið um þær till., sem ríkisstj. hefur lagt fram, og var það raunar eins og ég bjóst við. Hins vegar hef ég áður í ræðum mínum gert grein fyrir því, að með því að samþ. I. kafla í þessum lögum fáist engin trygging fyrir því, að bátaútvegurinn verði rekinn, og þarf ég engu við það að bæta. Ríkisstj. mun ekki

með þessu ná því, sem hún ætlast til, því að þetta getur ekki tryggt rekstur hans.

Hæstv. forseti verður að gera eins og honum finnst réttast í sambandi við nál., hvort okkur sé fært að bíða þar nokkuð lengur.

Ég er meðflm. að till. á þskj. 253, þess efnis, að fræðslukvikmyndir skuli vera undanþegnar því gjaldi, sem um ræðir í a-lið 29. gr. Vænti ég, að hún verði samþ.

Ég hef ekki enn þá fengið svör hjá ráðh. viðvíkjandi því, sem ég spurði um í sambandi við 2. gr. og 12. gr., en vona samt, að þau svör komi, en mun annars ýta betur eftir því við 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég stend aðeins upp í tilefni af því, að ég hef lagt fram eina brtt. enn, sem ekki er búið að útbýta enn, en vildi, að hún kæmi til atkv. við 2. umr. (*Forseti:* Hvað er þingskjalsnúmerið?) Það er ekki búið að útbýta till., en ég lagði hana fram fyrir nokkuð löngu og vildi biðja hæstv. forseta að sjá til þess, að umr. verði ekki slitið fyrr en hún kemur.

Ég vil þá skýra frá efni till. Hún er á þá leið, að við 5. tölulið 17. gr. bætist nýr stafl., en á þessum 5. lið (a og b) er um upptalningu að ræða á þeim kröfum, ef til skuldaskila kemur, sem eru forgangskröfur í sambandi við þessi skuldaskil, þ. e. kröfur þeirra, sem í flestum tilfellum koma ekki til með að tapa vegna þessara skuldaskila. Ég legg til, að þarna bætist við einn stafl. (c), svo hljóðandi: „Kröfur félagssamtaka útvegsmanna, svo sem olíusamlaga, viðgerðarverkstæða, verzlunarsamtaka o. fl., enda séu þau opin öllum útvegsmönnum á félagssvæðinu". Kröfur þessara félaga hafi einnig forgangsrétt sambærilegan við þær kröfur, sem taldar eru upp í a og b, og verði því ekki eins áhættusamt fyrir þessi félög í sambandi við þessi skuldaskil, að kröfur þeirra verði að engu, eins og annars mundi verða. Ég hef minnzt á það áður, að mikið er um það, að útvegsmenn hafa komið sér upp félagssamtökum á samvinnugrundvelli. Alþ. hefur hvatt þá til þess, flestir flokkar, og sett hér lög um stofnun olíusamlaga útvegsmanna, sem rekin eru á samvinnugrundvelli og annast olíusölu til bátaútvegsins á viðkomandi stöðum og selja þessa vöru útgerðinni með kostnaðarverði og hafa yfirleitt haldið verðinu talsvert fyrir neðan hið almenna olíuverð. Þessi félög hafa hins vegar ekki verulegt stofnfé, og ef fara ætti nú þannig að þeim að heimta af þeim þær olíuskuldir, sem á þeim hvíla, einkum vegna óhappa síldarútvegsins, og setja þau á höfuðið, þá vitanlega væri það tekið með annarri hendinni, sem væri gefið með hinni, og útvegsmenn og félagssamtök þeirra illa leikin. — Sama gildir um viðgerðarverkstæði, verzlunarsamtök o. fl., sem útvegsmenn hafa komið sér upp og rekið á samvinnugrundvelli, þar sem þetta er opið öllum útvegsmönnum á viðkomandi stöðum og þannig reynt að létta af sér því óeðlilega okri, sem verið hefur í þessum efnum hjá einstökum félögum. Það er hart, ef á að eyðileggja með þessu skuldaskil þessara félaga og setja þau á höfuðið með því, að réttar kröfur þeirra yrðu þannig útstrikaðar.

Þetta er efni till. Ég vil fá skýrt úr því skorið, hvaða þm. vilja verða til þess að steypa þessum félagssamtökum útvegsmanna á höfuðið með þeim aðferðum, sem hér er til stofnað. Aðaltill. mín er sú, að þessi skuldaskil verði ekki samþ. Verði hún felld og eigi að lögleiða hér þessi skuldaskil þvert ofan í vilja útvegsmanna, eins og mér skilst að meiningin sé, þá vildi ég þó bera fram þessa brtt. við 17. gr., til þess að vernda þessi samtök og sjá, hvernig henni mundi reiða af. Að öðru leyti skal ég ekki hafa fleiri orð um málið að sinni, en vænti, að forseti taki fullt tillit til þess, að þessi till. hefur verið lögð inn fyrir alllöngu, og vænti þess, að hún fái að koma til atkvgr. við 2. umr.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 251 í sambandi við d-lið 29. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að viðbótargjald fyrir innflutningsleyfi skuli greiða af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%. — Brtt. mín er á þá leið, að þessi liður falli niður. Það er í rauninni óþarft að skýra þessa brtt. Allir vita, að tilfinnanlegur skortur er á tækjum til heimilisnota, t. d. þvottavélum, sem verða að teljast nauðsynleg heimilistæki. Munar gífurlega fyrir húsmóður að hafa vélar til þvotta eða gera það upp á gamla móðinn, þar sem þess er kostur. Sama er að segja um straujárn. Mörg heimili eru þannig sett, að ekki er hægt að hita önnur járn til þess að draga á lín og fatnað en með rafmagni. Þá eru það hraðsuðupottar og hitunarplötur. Margir neyðast til að elda allt með hitunarplötum inni í herbergjum sínum, og verður að teljast afar ósanngjarnt að skattleggja þau hitunartæki, sem fólk hefur til þess að elda með, þó að þau séu ekki unnin í landinu sjálfu. — Ég vil því leyfa mér að mæla eindregið með því, að þessi liður verði felldur niður. Helzt hefði ég kosið, að allt frv. yrði fellt.

Forseti (BG): Þar sem dráttur hefur orðið á því, að þskj. bærist, hefur hv. 2. þm. S-M. lagt fram skriflega brtt. í staðinn fyrir þá brtt., sem átti að leggjast fram prentuð. Hv. þm. hefur í ræðu sinni lýst þessari brtt., og sé ég því ekki ástæðu til að lesa hana upp, nema hv. þm. óski þess, en leyfi mér að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 256) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Mér hefur nú loks borizt þetta skjal, sem ég gat um í minni hl. nál. mínu, þ. e. a. s. afrit af bréfi, sem Landssamband ísl. útvegsmanna sendi Alþ. í dag. Ég tel rétt að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, upphaf þessa bréfs, en þar segir svo:

„Á fundi, sem haldinn var í dag í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna með formanni Sölu-

miðstöðvar hraðfrystihúsanna og sjávarútvegsnefnd L. Í. Ú., var til umræðu frv. til laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi í gær, fimmtudaginn 16. desember.

Eftirfarandi ályktanir voru gerðar á fundinum í sambandi við umrætt frv., og leyfum vér oss hér með að senda þær hinu háa Alþingi í trausti þess, að þær verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar við afgreiðslu frv.: Fundurinn telur, að frv. feli engan veginn í sér ákvæði, er skapi grundvöll undir rekstri vélbátaflotans og hraðfrystihúsanna á næsta ári, og harmar það, að ríkisstj. og Alþ. skuli enn ekki sjá sér fært að gera slíkar ráðstafanir.

I. kafli frv. kveður á um verð á fiski veiðiskipa og framleiðslu hraðfrystihúsa. Fundurinn vill benda hinu háa Alþ. á það, að verð þetta er allt of lágt ákveðið, og vill í þessu sambandi minna á ályktun síðasta aðalfundar Landssambandsins um það, að fiskverðið þyrfti að vera 88 aurar fyrir hvert kíló af slægðum fiski með haus, og samþykkt aukafundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um það, að frystihúsin yrðu að fá kr. 1,50 fyrir hvert enskt pund af flökum, miðað við 65 aura verð á fiskinum, ef rekstur fyrirtækjanna ætti ekki að stöðvast.

Viðræður, sem fram hafa farið milli verðlagsráðs sjávarútvegsins og stjórnskipaðrar nefndar, hafa leitt í ljós, að ályktanir aðalfundar Landssambandsins um 88 aura fiskverð sé sízt of hátt. Þess vegna telur fundurinn augljóst, að verði engar frekari ráðstafanir gerðar en fram kemur í frv. þessu, hljóti þessar atvinnugreinar að stöðvast, enda hljóta þá allsherjarsamtök útvegsins að beita sér fyrir slíku. Ef Alþ. og ríkisstj. vilja komast hjá þeim þjóðfélagslega vanda, sem af þessu mundi leiða, verður að setja inn í frv. ákvæði, sem brúa bilið á milli verðsins í frv. og þess, sem útvegsmenn og hraðfrystihúseigendur verða að fá. Landssambandið hefur fyrr og síðar sýnt fram á leiðir út úr þessum vandamálum, en þær ábendingar ekki teknar til greina."

Síðan heldur bréfið áfram og getur um till. þær, sem útvegsmenn koma með varðandi ráðstöfun á erlenda gjaldeyrinum. Ég mun síðar láta prenta bréfið í heild, svo að þm. geti kynnt sér það. Ég mun láta þetta nægja nú, þar sem ég hef lofað að tefja ekki umr., en þetta bréf gefur sannarlega tilefni til þess, að málið sé athugað betur.

ATKVGR.

Brtt. 236, 238, 239 og 242 teknar aftur til 3. umr.

Brtt. 243,1 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, BG.

5 þm. (EmJ, GTh, JPálm, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Finnur Jónsson: Ég mundi geta freistazt til að segja já, en þar sem ekki er gert ráð fyrir því að afla tekna á móti, segi ég nei.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 243,2.a felld með 19:7 atkv.

Brtt. 243,2.b felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG.

nei: ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, BG.

4 þm. (GTh, JPálm, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 243,2.c felld með 22:7 atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 243,3—4 tekin aftur.

3.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 243,5 felld með 22:6 atkv.

8.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 248 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, BG.

PO greiddi ekki atkv.

4 þm. (JPálm, JJ, SK, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Thors: Nei, ekki að svo komnu máli, þar sem leitað er sátta í málinu.

12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 243,6 felld með 24:7 atkv.

13.—16. gr. samþ. með 24:6 atkv.

Brtt. 256 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, BG.

JG greiddi ekki atkv.

4 þm. (JPálm, JJ, SK, GTh) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 22:6 atkv.

18.—28. gr. samþ. með 23:7 atkv.

Brtt. 253 felld með 21:7 atkv.

Brtt. 251 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞG, BG.

5 þm. (JPálm, JJ, SK, FJ, GTh) fjarstaddir.

29.—32. gr. samþ. með 22:5 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 226, 236, 238, 239, 242, 257).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Afbrigði um brtt. 257, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, þá geymdi meiri hl. fjhn. að flytja brtt. við frv. þar til við 3. umr. þess og einnig að athuga sumar brtt. hv. þm., sem borizt höfðu og fluttar voru við 2. umr. frv., og skal ég nú gera grein fyrir þeim breytingum, sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., en till. þessar eru prentaðar á þskj. 257.

Það má segja, að n. hafi lagt aðaláherzlu á að athuga þá þætti frv., sem víkja að aðstoð ríkisins við sjávarútvegsmenn, sem felst í I.—II. kafla frv. þessa. Meiri hl. n. hafði í gær viðtal við fulltrúa Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og létu þeir einnig n. í té grg. og skýrðu henni frá þeim breyt., sem þeir vildu gera á frv. Það lá ljóst fyrir, að fulltrúar útvegsmanna töldu 65 aura ábyrgðarverðið vera of lágt, og var það ekkert nýtt. Þeir vildu fá 88 aura í stað 65 aura og hafa ítrekað þá kröfu æ ofan í æ, eins og tekið er fram í bréfi til Alþ. frá þeim. N. athugaði málið allgaumgæfilega og samþ. að mæta útvegsmönnum í viðbótarákvæði við frv. Niðurstaðan kemur fram í 3. brtt. n., og þær breyt. fela það í sér að heimila ríkisstj. að verja allt að 5 millj. kr. til lækkunar á framleiðslukostnaði sjávarafurða. Ekki er frekar sagt frá því, hvernig slíkt yrði framkvæmt, en reynslan mun sýna, með hverjum hætti þessi stuðningur kemur að beztu liði með tilliti til afkomu og sölu. Útvegsmenn hafa ítrekað óskir sínar um tvöfalt gengi, en meiri hl. n. vill ekki fara inn á þær brautir. Útvegsmenn hafa látið þær óskir í ljós, að verð veiðarfæra verði lækkað frá því, sem nú er, svo og tryggingargjöld skipa. Það er þetta atriði, sem n. hefur haft í huga. Tryggingariðgjöldin munu nú nema um 11 þús. kr. á bát, en það ætti að vera hægt að greiða þau eitthvað niður. Við hlið þessarar brtt. um 5 millj. kr. eru aðrar brtt., og vil ég sérstaklega vekja athygli hv. þm. á brtt. 1. Þar er lagt til, að aftan við fyrri málsgr. 2. gr. bætist: „og tilsvarandi geymslukostnaður vegna fisks, sem veiddur er á öðrum tíma." Hér er því lagt til, að einhver hluti sé greiddur, hvenær sem fiskur veiðist. En ef sú ábyrgð nægir ekki, sem felst í frv. þessu, þá er ríkisstj. heimilt að hlaupa frekar undir bagga. Þá er og gert ráð fyrir, að hluti geymslukostnaðar sé greiddur, t. d. fyrir rýrnun á saltfiski, sem lengi hefur legið í geymslu. Þá vil ég einnig benda á í sambandi við brtt., en hún er umorðun á 10 gr. frv., að þar er lagt til, að ríkisstj. láti nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum; ráðherra skipi tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina. Hér er því verið að gera tilraun til þess að lækka verð ýmissa hluta, sem snerta útveginn.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þessar till. Hvernig þessar till. reynast í framkvæmd, fer að sjálfsögðu mikið eftir atvikum. Það verður komið undir atvinnu-, markaðs- og sölumöguleikum. Ég tel persónulega, að ef til vill sé of skammt gengið í sumum atriðum. En megintilgangurinn er að tryggja, að bátarnir fari af stað nú upp úr áramótunum, og n. vonar, að svo muni fara, og hefur hún gengið svo langt til móts við útvegsmenn sem mögulegt er að ná samkomulagi um.

N. hefur borið fram brtt. við II. kafla frv. Aðalefnið er það, að útvegsmenn mótmæltu mjög harðlega lögþvinguðum skuldaskilum, og kom slíkur skilningur fram í meðferð málsins í fjhn., að í 17. gr. væru lögþvinguð skuldaskil. Við nánari athugun litu menn misjafnt á þetta. Fulltrúar útgerðarmanna lýstu fylgi við 12.—16 gr., en voru á móti lögþvinguðum skuldaskilum samkvæmt 17. gr., en því var breytt á þann hátt, sem þeir töldu sig geta unað við. Ég vona, að greinin sé með þessu greinilega orðuð. Ef útgerðarmaður hefur óskað eftir aðstoð samkv. 12. og 13. gr. og ekki komizt að samkomulagi við lánardrottna sína, getur hann gengið lengra og krafizt skuldaskila samkv. 17. gr. Þá er lagt til, að heiti kafla þessa verði breytt og komi tímabilið 1945—48, en verði ekki aðeins sumarið 1948. Það getur hagað svo til, að útgerðarmaður hafi stundað síldveiðar sumurin 1945—47, en hætt svo eða stundað annan útveg sumarið 1948, og er að sjálfsögðu ekki meiningin að svipta þá menn aðstoð. Þá er lagt til í 7. brtt., að 4. tölul. 13. gr. breytist nokkuð frá því, sem er í frv. N. leggur til, að hann orðist þannig: „Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli." Og það, sem stendur á bak við þetta, er það, að það gæti verið metið viðunandi, ef útgerðarmaður semdi við lánardrottin þannig að breyta skuld í langsamningsbundið lán, þannig að aðstaða útgerðarmannsins yrði hagstæðari. Þetta er venjulega ekki kallaður afsláttur, og því er 7. brtt. flutt.

Aðrar breyt. n. eru minni háttar, en þó er rétt að geta þess, að n. leggur til í 12. brtt., b-lið, að bætt verði inn í frv. nýjum tekjuöflunarlið til að mæta 5 millj. kr. framlaginu, þannig að nýr liður komi á eftir c-lið 29. gr., að greiða skuli 50% af leyfisfjárhæð eins og þar segir. Þetta gæti munað um 3—4 millj. kr. tekjum eftir upplýsingum, sem n. hafa borizt. En til viðbótar skal ég geta þess, að sú tekjuöflun, sem frv. fer fram á til dýrtíðarsjóðs, getur orðið 70 millj. kr., og er þá miðað við þá upphæð, sem greidd var í fyrra, en ég vil vekja athygli á því, að uppbætur á útflutt kjöt samkv. 5. gr. koma nú sennilega ekki til greina, eftir því, sem komið hefur fram í umr. í fjhn., þar sem kjötmagn sé ekki svo mikið, að til útflutnings komi, en uppbætur á útflutt kjöt námu 4,6 millj. á s. l. ári, og koma þær því ekki til útgjalda nú. — 9. brtt. er breyting á 17. gr. Þá eru smávegis breyt. í 10. og 11. brtt., sem hv. þm. átta sig auðveldlega á, og þótti ástæða til að lengja kærufrestinn í 23. gr. úr 10 dögum í mánuð. — Þá er ekki ótalið annað en a-liður 12. brtt., að lækka álagið á jeppabifreiðar og vörubíla. Í frv. er gert ráð fyrir 50% af bílum, en n. leggur til, að af þessum tveim tegundum verði 25% gjald,

og til nánari skýringar, að leyfisgjald miðist við tollmat, ef gjaldeyris- og innflutningsgjald hljóðar ekki á ákveðna upphæð. — Þá held ég, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð að svo komnu fyrir brtt. n. á þskj. 257.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða efni frv. að verulegi leyti né brtt. Ég vil aðeins benda á þá staðreynd, að í III. kafla frv. eru lagðar á almenning fjárhagsbyrðar, sem hljóta að leiða til aukinnar dýrtíðar og vaxandi verðbólgu. Mér virðist, að Alþ. ætti, um leið og það stígur svona alvarlegt spor, að reyna að bæta eitthvað úr fyrir almenningi, sem gæti leitt til að gera þessar þungu byrðar léttbærari. En ekkert slíkt mun uppi í hv. deild. Mér er ljóst, að ekki mun byr fyrir að gera stórkostlegar ráðstafanir, en ætla þó, að margir hv. þm. geti orðið sammála um að gera eitthvað í þessu efni. Mér virðist einkum tvennt koma til greina: Í fyrsta lagi að tryggja rétt hvers neytenda til að fá þá vöru, sem honum ber samkv. skömmtuninni, og enn fremur að tryggja rétt hans að kaupa vöruna hvar sem honum sýnist, og í þriðja lagi að tryggja það, að neytendur þurfi ekki að fara á svartan markað og kaupa vörur með okurverði. 26. okt. bar ég fram frv. á þskj. 38, sem átti að miða að þessu. Málinu var vísað til fjhn. 2. nóv., og hefur ekkert til þess spurzt síðan, og ætti þó að hafa gefizt tími til afgreiðslu, ekki sízt þar sem það er ekki nýtt. Ég bar það fram á síðasta þingi, og olli það deilum, en var samþ. hér í d., og vænti ég, að svo verði enn. Það virðist einsætt að taka efni þess frv. í þetta frv. og sýna lit á að vilja tryggja neytendum einhvern rétt, um leið og lagðir eru á þá milljónatugir með söluskatti og leyfisgjöldum. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en leyfi mér að leggja fram svohljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við frv. kemur svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða: Meðan innheimt eru gjöld, sem um getur í III. kafla laga þessara, og fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabilsins haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum. Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 262) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Við 2. umr. varð ég við tilmælum hv. frsm. fjhn. að taka aftur brtt. mína til 3. umr., og enn fremur frestaði ég þá að reifa þessa till. mína, en ég vil gera það nú. Mig langar aðeins að segja nokkur orð almennt um málið. Þetta er í þriðja skipti, sem hæstv. ríkisstj. ábyrgist lágmarksverð á fiski fyrir bátaútveginn, og orsakir til þess eru alkunnar og bezt lýst í samþykkt L. Í. Ú. s. l. haust, sem sé, að enginn starfsgrundvöllur hafi verið fyrir bátaútveginn í 4 ár. Reynslan hefur sýnt, að þetta er svona. Orsakirnar eru fleiri en ein og fleiri en tvær. Það er vissulega rétt, að hér kemur aflabrestur mjög til greina, og að því leyti sem síldveiðarnar bera atvinnuveginn uppi, hafa þær brugðizt. Hins vegar hefur ekki verið aflabrestur á þorskveiðunum, en nokkur aflatregða hefur þó verið á sumum stöðum. Aflabrestur kemur því vissulega til greina, en er ekki höfuðorsök. Við þá breytingu, sem orðið hefur á útgerðinni, er hún nú miklu dýrari en áður, en um leið afkastameiri, en vegna aflabrests á síldveiðum hefur slíkt ekki notazt. En þessi stærri og afkastameiri skip hafa ekki borið sig betur en áður, þegar róið var að morgni og komið aftur að kvöldi. Á þeim hefur því aukizt kostnaður, en aflamagnið ekki aukizt að sama skapi. En það, sem er þyngst á metunum, er hin mikla dýrtíð og verðbólga, sem nú er í landinu. Þessar ástæður, dýrtíð og verðbólga, eiga stóran þátt í því, hvernig nú er komið hér, að verð sjávarafurða, annarra en síldar og síldarafurða, er svo lágt á erlendum markaði, að ekki svarar kostnaði að framleiða það hér hjá okkur. Þetta kemur fyrst og fremst niður á útgerðarmönnum og hlutarsjómönnum, en þeir eiga allt sitt undir því, að varan seljist svo vel, að þeir fái aftur það, sem þeir hafa lagt fram, og til þess að árangur verði af starfinu, þurfa þeir hagnað, en nú fá þeir þvert á móti halla. Auk þess hafa hlutarsjómenn borið minna úr býtum en þeir, sem hafa unnið hjá útgerðinni í landi og því erfitt að fá menn á bátana. Og meðan þetta ástand helzt, varir það sennilega við. Þá hefur verið gripið til þess af valdhöfunum að veita útgerðinni þá tryggingu að ábyrgjast lágmarksverð, og það hefur komið til góða fyrir hlutarsjómenn. Þetta hefur verið gert fremur en láta útgerðarmenn hafa ráðstöfun á gjaldeyri eða þá hitt, að skrá gengið með hliðsjón af því ástandi, sem nú er ríkjandi, en með núverandi gengisskráningu er lokað augunum fyrir ástandinu í landinu. Þessar ráðstafanir hafa að vísu orðið þess valdandi, að þetta ástand hefur verið framlengt, en alltaf hefur sigið á sömu ógæfuhlið, og nú í þriðja skiptið, þegar farið er fram á að endurnýja þessar ráðstafanir, þá er hag útgerðarinnar svo komið, að aldrei á þessu tímabili hefur hann verið jafnbágborinn og nú. Þessar ráðstafanir eru aðeins til að framlengja þetta sjúklega ástand, eins og upplýst hefur verið, en hins vegar er ekki reynt að lækna þá djúpstæðu meinsemd, sem hér er fyrir hendi. Með því að halda áfram á þessari braut, þá er það vottur þess, að valdhafarnir, og sennilega allur almenningur í þessu landi, eru enn þá milli svefns og vöku að því er það snertir að búast til raunhæfna aðgerða gagnvart lausn dýrtíðarvandamálsins. Dýrtíðarvandamálið hvað þetta snertir verður ekki leyst

með öðru móti en því, að Íslendingar geti með eðlilegum hætti orðið aftur samkeppnisfærir á þeim mörkuðum erlendis, þar sem þeir þurfa að selja sínar framleiðsluvörur. Mér skilst þess vegna, að eins og nú er komið, þá sé ekki um að ræða nema þær leiðir, sem geti legið til grundvallar breytingu á þessu ástandi. Önnur leiðin er sú að afnema gildandi dýrtíðar- og haftaráðstafanir varðandi atvinnuvegina og viðskiptalífið í landinu, afnema þetta gersamlega, og láta það svo, eftir þeim leiðum, sem þá eru fyrir hendi, leita jafnvægis eins og það hefur lengst af gert í sögu þessarar þjóðar. Hin leiðin er svo sú að skrá gengið með hliðsjón af því ástandi, sem ríkjandi er, og er þá sennilega jafnframt nauðsynlegt að lögbinda bæði kaup og verðlag á innlendum afurðum í landinu. Ég sé ekki annað en að aðra hvora þessa leið verði að fara til þess að fá starfshæfan grundvöll fyrir útveginn, og í rauninni er það fullkomlega sýnt, að þessar ráðstafanir, sem við erum að gera, fela aðeins í sér möguleika til þess að halda útgerðinni áfram, án þess að líkur séu til, að það beri árangur, og ef á að halda slíku áfram, en ekki grípa til annarrar hvorrar þessara leiða, þá mun það á næsta ári kosta sams konar ráðstafanir, öflun nýrra tekna til að standa undir þeim ráðstöfunum, eins og reynslan hefur sýnt, að alltaf hefur þurft að gera í sambandi við þetta. Ég sagði, að það mundi verða óhjákvæmilegt að gera nú slíkar ráðstafanir, því að það er að sjálfsögðu enginn tími til þess nú fyrir áramót að gera slíka breyt. sem í því felst, sem ég nefndi, til þess að koma þessu aftur á grundvöll. Það er öllum kunnugt, hvað mikið er í húfi um það, að bátaútvegurinn geti haldið áfram, því að það er nú svo, að afkoma þessarar þjóðar byggist vitanlega fyrst og fremst á afkomu höfuðatvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs, sem hvor hefur sitt mikla hlutverk að inna af hendi, landbúnaðurinn að framleiða nauðsynjavörur fyrir þjóðina og að nokkru leyti að leggja fram vörur, sem afla gjaldeyris, en sjávarútvegurinn aftur á móti framleiðir líka til eigin nauðsynja verulegt magn, en hans aðalhlutverk er að framleiða gjaldeyri til þarfa þjóðarinnar. Þegar þess er svo gætt, að bátaútvegurinn framleiðir a. m. k. ⅔ þess gjaldeyris, sem þjóðin þarf til sinna nota árlega, þá má það öllum vera ljóst, hvernig ástandið yrði, er hann gæti ekki haldið áfram að starfa.

Mér var það ljóst, þegar ég sá þetta frv., að endurnýjun á þessum stuðningi óbreyttum mundi ekki nægja til þess, að bátaútvegurinn treystist til að halda útgerðinni áfram. Mér hafði þess vegna dottið í hug, — og þá sennilega haft í huga óskir útgerðarmanna til þings og ríkisstj., sem sprottnar eru af því, að gjaldeyririnn er af þeim tekinn, að þeir fái íhlutun um ráðstöfun gjaldeyrisins til eigin þarfa, — að bera fram brtt. við þetta frv., að í stað þess að ríkið ákveði útgerðarmönnum visst lágmark, þá fái þeir það rífleg yfirráð yfir gjaldeyrinum, að þeir gætu tryggt útgerðarreksturinn fjárhagslega með hagnýtingu á honum. Upphaflega hafði ég hugsað mér það þannig, að þeir fengju þann hluta af gjaldeyrinum, sem þeir framleiða, sem þeir telja nauðsynlegt til þess að reka útgerð. En mér er það ljóst, að meðan haldið er uppi í landinu ráðstöfunum með gjaldeyrinn og hagnýtingu hans, þá yrði erfitt að samræma þetta þeim ráðstöfunum, og í öðru lagi mundi slík meðferð á gjaldeyrinum koma í bága við ákvæði alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Íslendingar eru þátttakendur í. Af þessum ástæðum féll ég frá því að bera fram till. í þessa átt. En þar sem mér var alveg ljóst annars vegar, að sá stuðningur, sem fólst í frv. ríkisstj., mundi verða ónógur, og hins vegar erfiðleikarnir á því fyrir ríkisstj. að binda sér þyngri bagga en gert er í sambandi við þær till., þá ákvað ég að bera fram þá brtt., sem ég flyt hér á þskj. 242 um það, að útgerðarmenn fengju til slíkra nota 10 millj. kr. af þeim gjaldeyri, sem þeir fá fyrir ísaðan og saltaðan fisk og sömuleiðis hrogn, er þeir selja á erlendum markaði, og megi leggja á þessar 10 millj. 100% viðbótargjald, en þeir séu að öðru leyti um það, hvaða vörur þeir flytja inn fyrir þennan gjaldeyri, háðir gjaldeyrisyfirvöldum landsins. En þó ætlast ég til þess, að gjaldeyrisyfirvöldin taki tillit til þess, að með þessu er stefnt að því, að þetta gæti verið til hægs fyrir útgerðina. Þá er lagt bann við því að flytja inn vörur, sem ganga beint inn í vísitöluna, nema því aðeins að færðar séu sönnur á, að slíkur innflutningur valdi ekki hækkun á vísitölunni. Í þriðja lagi er svo lagt til í þessari brtt., að þeir útvegsmenn, sem jafnframt stunda innflutningsverzlun, hafi forgangsrétt að þessum hluta gjaldeyrisins, 10 millj. kr. Tel ég mjög eðlilegt, að þeir menn, sem leggja fram fé sitt í útgerð, eigi að hafa slíkan forgangsrétt, tel ég þá eins vel að því komna og þá, sem eingöngu stunda verzlun, en leggja ekki í neina áhættu í sambandi við útgerð. Þá er í þessari brtt. nýtt ákvæði um það, hvernig haga skuli veitingu gjaldeyrisleyfa og greiðslum af þeim hagnaði, sem kemur fyrir sölu gjaldeyris. Þetta er engan veginn tæmandi í brtt., en hins vegar ætlast ég til, að það heyri undir þau ákvæði, sem felast í 8. gr., þar sem sagt er, að ríkisstj. geti með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla l. En það er vitanlega algengt í l., að ýmislegt þarf að setja í reglugerð til frekari skýringar á ýmsum framkvæmdaratriðum, sem þar koma til greina. Svo er gert ráð fyrir því, að þetta fé, sem kemur inn fyrir leyfi þau, er hér um ræðir, sé greitt til Fiskifélags Íslands og það greiði það svo aftur til útvegsins. Þetta fé á að koma jafnt í hlut útgerðarmanna og hlutarsjómanna, eftir reglum, sem settar verða um þetta. Í brtt. er svo sagt, að þetta yrði nánar fram tekið í reglugerð, sem ríkisstj. gæfi út, að fengnum till. Fiskifélagsins. Ætla ég því, að að forminu til sé sæmilega frá þessari brtt. gengið og hún að því leyti geti fullkomlega jafnazt á við ýmislegt annað og önnur ákvæði í þessu frv.

Hv. frsm. meiri hl. hefur lýst því yfir, að meiri hl. fjhn. hafi ekki getað fallizt á þessa brtt. mína, þó að hann hins vegar hafi fallizt á það, að það væri rétt, sem fram kemur í þessari brtt.,

að frv., eins og það liggur fyrir, mundi ekki leysa þá þörf, sem hér er fyrir hendi. Mér er kunnugt um það, að það hefur greinilega komið fram í þeim viðskiptum, sem ríkisstj. og fjhn. Nd. nú hafa haft við forustumenn útgerðarinnar, að þeir hafa talið í fremstu röð til hagsbóta fyrir sig, að þeir fengju aukna úthlutun á gjaldeyri, *og hafa lagt á það megináherzlu.* Ég býst við því, að þeir hafi í till. sínum gengið allmiklu lengra en í minni till. er gert, og þó er ég þess fullviss, að útvegsmenn og hlutarsjómenn, sem eiga hagnaðar von samkvæmt þessari till., líta á þetta sem allverulega hagsbót fyrir sig. En í stað þess að líta á þessa afstöðu með því að fallast á þessa till., þá hefur fjhn. borið fram brtt., sem mér skilst, að sé meginkjarni í þeim brtt., sem hún flytur, um það, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Þó mun þetta vera miðað við það, að greiddir verði að einhverju eða öllu leyti úr ríkissjóði vissir kostnaðarliðir útgerðarinnar, þ. e. a. s. útgerðarmannanna sjálfra, því að það er vitað, að sumum kostnaðarliðum við útgerðina er skipt á milli útgerðarmannsins og hlutarsjómannsins. En mér skilst, að þessi till. miði að því eingöngu að taka þátt í þeim kostnaðarliðum, sem vita að útgerðarmönnum einum saman. Nú vil ég fyrst benda á það í sambandi við þessa brtt., að í þeim stuðningi, sem bátaútveginum hefur verið veittur af hálfu Alþ. á undanförnum árum, þá hefur ekki verið gert neitt upp á milli útgerðarmannsins og hlutarsjómannsins, þannig að hvor fyrir sig hefur borið hlutfallslega jafnt úr býtum af þeim stuðningi, sem ríkissjóður hefur lagt fram í þessu skyni. Samkv. þessu frv., eins og það liggur fyrir af hálfu ríkisstj., er þessari stefnu fylgt, og samkv. minni till. er þessari stefnu einnig fylgt, svo að það, sem út úr því kæmi, væri það, að þetta kæmi báðum þessum aðilum jafnt til góða. Hér í till. meiri hl. fjhn. er aftur á móti farið að gera greinarmun á, hér er aðeins lagt til, að ríkisstj. sé þetta heimilt (sbr. 3. lið brtt. 257). Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að aðrar ráðstafanir í þessu frv. eru bundnar við, að Alþ. ákveði að heimila, en hér er ríkisstj. að þessu leyti aðeins gefin heimild til þess að gera þetta. Í þessu felst meiningarmunur. Þetta er varhugaverð braut, og ég efast um, að þeir menn, sem bera till. fram, hafi athugað það eins og vert er, hvort það geti ekki orðið óvinafagnaður út af því, að þarna sé horfið út af þeirri braut, sem fylgt hefur verið áður hér á Alþ. í þessu efni. Ég er engan veginn að halda því fram, að það sé ekki fyllsta ástæða til að veita útgerðinni, eins og nú er komið, slíkan stuðning, en ég tel, að heppilegra hefði verið, — og það átti einnig að geta komið útgerðinni að sama gagni, — að líta á þá samninga, sem eru milli útgerðarmanna og hlutarsjómanna, og það var hægt að þjóna þessum hagsmunum báðum fullkomlega með því að fylgja þeirri leið, sem gert var í þessum efnum og gert er einnig með minni till. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að ég tel hér stefnt inn á hættulega braut, sem ekki er fyrir fram hægt að segja um, hvaða afleiðingar kann að hafa.

Að öðru leyti gengur þessi till. ekki nema hálfa leið til viðbótarúrlausnar fyrir bátaútveginn, samanborið við það, sem mín till. gerir, því að í henni felst möguleiki til 10 millj. kr. stuðnings við útveginn, en með henni er ríkissjóði ekki bundinn neinn baggi. Útvegsmenn eiga þá undir því, hvort þeir fá þessar tekjur eða ekki, að hægt sé að selja þessi gjaldeyrisleyfi með 100% álagi. Hins vegar eru líkur til, að þetta mundi takast, eins og viðhorfið er nú, jafnmikill reginmunur og er nú á gjaldeyrisgetu landsins út á við og gjaldeyrisgetunnar inn á við.

Ég minnist þess, að í framsöguræðu hæstv. forsrh. færði hann það sem ástæðu fyrir því, að ríkisstj. gengi ekki lengra í þessum efnum, að hún treysti sér ekki til að taka á sig þyngri fjárhagsbyrðar en í frv. þessu felst. En nú hefur orðið breyting á þessari afstöðu ríkisstj., þar sem ég þykist vita, að hv. fjhn. muni ekki hafa tekið ákvörðun um að bera fram slíka till. nema í samráði við ríkisstj. Þess vegna finnst mér það einkennilegt, samanborið við þessa yfirlýsingu, að svona till. skuli koma fram, sem felur í sér helmingi meiri stuðning við bátaútveginn en í frv. felst, án þess að ríkissjóði sé með því bundinn nokkur skuldarbaggi. Ég sé heldur ekki, að þessi brtt., sem ég flyt, mundi á nokkurn hátt valda erfiðleikum á framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í sambandi við innflutning til landsins, þar sem þetta er allt lagt á vald innflutningsyfirvaldanna. Það eru heldur ekki líkur fyrir því, að það verði á næstu árum til svo mikill gjaldeyrir, að það verði ekki full þörf á því að nota þessar 10 millj. eins og annað, sem fæst fyrir gjaldeyrisvörurnar. Þá er það og vitað, að með brtt. fjhn. stendur miklu fjær því en í minni till. að verða við óskum útgerðarmanna og leysa þetta mikla vandamál, bæði af því að hér er um hálfu minni upphæð að nota þeim til handa, og í öðru lagi er hér farið inn á leið, sem þeim er ógeðfelldari en sú leið, sem gert er ráð fyrir í minni till. Það er þess vegna með tvennum hætti ógeðfellt fyrir útgerðina að taka við stuðningi eftir þessari leið, auk þess sem það stefnir fjær því að leysa þetta vandamál að gera það með þessum hætti en ef það er gert eftir minni brtt.

Ég hef svo gert grein fyrir því, sem í þessari brtt. felst, og stefnu hennar, og þarf ég raunar ekki að fara um það fleiri orðum. Eins og ég sagði áðan, er auðvitað skammt gengið til móts við útgerðarmenn með till. minni. Mér skilst á bréfi, sem hv. form. minni hl. fjhn. var hér með í gær, þar sem útgerðarmenn bera upp vandkvæði sín við hæstv. ríkisstj. og hv. n. og vilja fá gjaldeyri til ráðstöfunar og leyfi til innflutnings, að þeir þarfnist í því skyni um 31 millj. kr., bæði til útgerðar og rekstrar hraðfrystihúsanna. Skv. till. minni er þar veitt aðeins þriðja parts úrlausn, en aftur helmingi minni úrlausn í till. n. Minnir mig, að í bréfinu stæði, að þeir legðu höfuðáherzlu á þetta, en tækju annars eigi af um leið þá, sem farin væri í frv., ef þeir fengju svipaða fjárhagslega

úrlausn og þeir fara fram á eftir þessari leið. En auga gefur leið um það, að ákaflega mikið ber á milli.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það verða aðeins nokkur orð út af brtt. meiri hl. hv. fjhn. á þskj. 257. Reyndar er nú búið að ræða þetta mál talsvert, en enn er það eigi fullrætt, og hæstv. ríkisstj. þurfti meiri tíma til að skila því sómasamlega af sér. Ég gerði margar aths. við 1. umr. málsins, og nú er komið í ljós, að þær allar hafa reynzt réttar. Hæstv. stj. verður nú að koma fram með margar brtt. til úrbóta frv., því að hv. fjhn. fann að því. En hún hefur þrjózkast enn, eins og ég benti á, svo að hún gengur nú ekki nema stutt í þessu, og enn er engin lausn finnanleg. Hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem talaði af hálfu hæstv. stj., viðurkennir, að skv. skoðun hans sé of skammt gengið, og enn fremur, að ráðstafanir þessar muni eigi reynast fullnægjandi. Hér liggur nú fyrir skýlaus yfirlýsing um það, að samtök útgerðarmanna muni beita sér fyrir stöðvun bátaútvegsins, ef frv. verður samþ. á þessa lund. En hér eru nokkur önnur atriði, og ég vildi nota tækifærið til að beina enn einu sinni fsp. til hv. fjhn. *vegna þeirra, — ef þá er unnt að fá svör við þeim.* Ég spyr þá fyrst um merkinguna í 3. brtt. á þskj. 257: „Ríkisstj. er heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða." Hvað þýðir þetta? Hvernig á að haga framkvæmdum? Eiga greiðslurnar að lækka rekstrarútgjöld bátanna, eða eiga þær að ganga til að greiða almennt niður verðlag í landinu? Með því væri bætt afkoma manna við framleiðslu sjávarafurða. Eða á að verja þessum 5 milljónum til að greiða niður vinnulaun hraðfrystihúsanna? Þær munu að athuguðu máli hrökkva harla skammt. Verða þær *lítill* stuðningur, ef dreifa á upphæðinni á marga aðila, sem standa að framleiðslu sjávarafurða yfirleitt. Ef lækka ætti rekstrarkostnaðinn með þessu fé, þá munar að vísu mikið um það, en hvergi nærri nóg í sambandi við það, er útgerðarmenn þurfa. En hitt er vonlaust verk að ætla sér að dreifa upphæðinni á allan framleiðslukostnað. Hv. þm. Borgf. minntist á það, sem ekki kom fram í framsöguræðu hv. 7. þm. Reykv., að menn mundu nota fjárhæðirnar til að greiða niður þann hluta kostnaðarins, sem félli á útgerðarmenn eina, en hlutarsjómenn kæmu ekki til með að njóta þeirra. Hér er farið inn á háskabraut, og eiga útgerðarmenn engan hlut að þessu. Hér er komið aftan að hlutarráðnum sjómönnum, sem eiga að taka við ákveðnum hluta rekstrarkostnaðar. En ríkisvaldið hleypur til og ætlar að breyta hlutföllunum milli fiskimanna og útgerðarmanna. Fiskimennirnir munu auðvitað heimta hlutföllunum breytt aftur. Hér er verið á hættulegri braut, ef þessi er ætlunin, eins og kom fram hjá hv. þm. Borgf. Ég spyr hv. frsm. fjhn., hvort hæstv. stj. sé eigi fáanleg til að gefa yfirlýsingu hér í hv. d. eða öðrum kosti breyta orðalaginu í till., svo að ótvírætt verði, hvernig nota eigi heimildina. Eða á þetta e. t. v. aðeins að vera loforð á pappírnum? Hæstv. ríkisstj. hafði ekki talið þessa þörf. Einn hæstv. ráðh. hefur sagt, að það þyrfti ekki að auka ábyrgðarverðið, og annar, að stj. gæti það ekki. Er hægt að fá yfirlýsingu um, að þetta skuli verða greitt? Má orðalagið ekki vera alveg tvímælalaust?

Þá er hér atriði í sambandi við II. kafla frv., þann er fjallar um skuldaskil útvegsins. Hv. frsm. minntist á það sem hið eina atriði, er hann gerði að umtalsefni og taldi sig geta gert aths. við, að útgerðarmenn vildu fallast á 12.—16. gr. frv. En annars var ég andvígur þeim og taldi þær ganga gegn útgerðarmönnum. Ég var samþykkur ákvæðum 12. gr., þar sem mælt er fyrir um eftirgjöf á lítt innheimtanlegum lánum, og er hún þá ekki mikil gjöf. Og þar eð áður var komin fram till. um eftirgjöf, þá vildi ég fallast á þetta, þó að ég legði eigi kapp á það. Á hinn bóginn eru 13.—16. gr. frv. á þá leið, að ég fullyrði, þó að ákvæðin um skuldaskil hafi verið mistúlkuð, þá séu þau á móti hagsmunum útgerðarmanna. Verði ákvæði þessi að l., vonast ég til að fá tækifæri til að ræða málið við menn, og gaman væri að vita, hve margir hv. þm. verða þá samþykkir skuldaskilum og óska eftir, að þau nái fram að ganga samkvæmt þessum gr. En við fyrri umr. málsins *minntist ég á, að það skipti höfuðmáli* að fá upplýsingar um, hvort ákvæði 14.—15. gr. ættu einvörðungu að ná til þeirra, er óska að fá skuldir eftirgefnar, eða allra útgerðarmanna, er lána æskja af hinum 6 milljónum, sem l. eru nýsett um. Er hv. þm. kunnugt, að hið háa Alþ. hefur sett l. um þær 6 milljónir, sem skilanefnd hefur til ráðstöfunar. Ég benti á, að orðalagið 15. gr.: „Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda", væri þannig, að sæki einhver útgerðarmaður um lán, biðjist aðstoðar hjá n., þá á skv. gr. að tilkynna hann til gjaldþrotaskipta, nema skýlaus yfirlýsing verði gefin útgerðarmönnum af hæstv. ríkisstj. um það, að þessi ákvæði eigi aðeins við þá þeirra, er biðja um lán, sem óska eftir skuldaskilum. En því er ekki hægt að fá þessa yfirlýsingu? Margir lögfræðingar í hópi hv. þm. hafa sitt sagt um þetta hver maður, einn þetta, annar hitt. Ég vil benda á, ef skilja ber 15. gr. á þá leið, að þeir útvegsmenn, sem sækja um lán af 6 milljónunum, þurfi að gangast undir skuldaskil, að þá munu víst engir sækja um þá sýndargjöf, því að engir óska þess að vera gerðir upp, þótt þeir fái 50 þús. kr. Með brtt. fjhn. við 1. mgr. 17. gr. er sagt, að ákvæði hennar beri að skilja þannig, að engir lendi í skuldaskilum nema þeir, sem þeirra óska. En engin yfirlýsing er fengin um það, þótt þetta sé til bóta. Ég veit af persónulegum viðtölum við útgerðarmenn, að þeir vilja eigi, að lögleitt sé, að hægt sé að þvinga þá til skuldaskila. Og bót við þessu er með brtt. n. komin inn í 17. gr., þar sem þó eigi er skýrt kveðið á um þetta. Ég vænti þess, að hv. frsm. skilji, hvað ég á við, og hann gefi svör sín. Ákvæði 14. og 15. gr. eru ekki skilin sem skilyrði fyrir því, að eftirgjöfin sé veitt. En þau þýða bara sama og neitun um útstrikun skuldanna, og er þetta því sýndargjöf.

Þá bar ég fram fsp. og beini henni nú til hv. frsm., hvernig skilja eigi síðari málsl. í 1. mgr. 20.

gr. Ég sagðist hafa reynt að ráða fram úr gr. og leitaði eftir skýringu á henni, en hana hef ég ekki fengið, og fsp. minni var alls ekki anzað. En ég hef komizt að raun um, að þetta er óskiljanleg vitleysa. Mun hafa fallið úr setning. Það á að hespa málið af og ekki tekið mark á fsp. En það er svo sem í samræmi við aðra meðferð málsins. Hv. þm. fá varla að lesa þskj. yfir, fsp. um merkingu mikilvægra gr. er ekki svarað og aðeins kastað fram bráðabirgðaleiðréttingum á augljósum endileysum. Komið er fram, að meginatriði frv. — um að tryggja hraðfrystihúsunum og bátunum nýtt ábyrgðarverð — eru ófullnægjandi, verðið of lágt. Hafa till. minar, sem gætu leyst málið, verið felldar. Og eftir allt þófið við útgerðarmenn verður talsmaður hæstv. stj. að segja, að samkomulag hafi eigi náðst enn. En hvers vegna er verið að samþykkja þetta frv., ef bátaútvegurinn stendur fastur eftir sem áður? — Ég hef áður flutt brtt. við 2. gr. varðandi geymslukostnaðinn. Vildi ég, að öllum útgerðarmönnum væri gert jafnhátt undir höfði, svo að allir gætu fengið greidd geymslugjöld, ef afli þeirra er geymdur fullunninn um tiltekinn tíma. Þessari till. var vísað frá, en vitanlega varð hæstv. ríkisstj. að lagfæra þetta, svo að nú er eitt látið yfir alla ganga. Það er ekki hægt að binda fiskgeymsluverðið við ákveðinn tíma, og nú eru komnar fram till. um það, þótt ólíkar séu till. mínum. En hér er þó verið að til bóta, ef takast má að smásannfæra hæstv. stj. Ég lagði og höfuðáherzlu á það, að óhjákvæmilegt væri að vinna að því að lækka rekstrarútgjöld bátanna. Í frv. okkar sósíalista er bent á, hvaða leiðir sé hægt að fara í því efni, þar sem eru till. útgerðarmanna í bréfi þeirra. Við þetta er nú hv. fjhn. að bögglast. Nú er verið að glíma við að komast inn á þá braut að lækka útgjöld bátanna. Enn þora menn þó eigi að draga úr þunga vaxtabyrðanna eða lækka vátryggingariðgjöld, þó að vitað sé, að bátarnir séu mjög hátt tryggðir í tryggingu ríkisins, hærra en í frjálsri tryggingu. Hins vegar er nú farið að tala um að borga eitthvað niður af þeim vörum, sem útvegurinn þarf á að halda. Það fylgir þó með, að neita á smábátaútveginum um þann gjaldeyri til kaupa á nýjum nauðsynjum, er fæst fyrir hans eigin útflutta fisk, á sama tíma og hinir stærri fiskibátar, sem sigla á útlönd, hafa þegar öðlazt rétt til að kaupa vörur fyrir þann gjaldeyri, er þeir afla. En heimabátunum er bannað að gera þetta. Með því að leggja fram um 5 millj. kr. til að greiða niður verðlag á ýmsum vörum fyrir bátaútveginn, þá er í rauninni verið að greiða niður gróða milliliðanna. Hér er því um styrk til innflytjendanna að ræða, en ekki bátaútvegsins. Það er þó ein aðalkrafa bátaútgerðarmannanna, að þeir fái að kaupa nauðsynjavörur fyrir gjaldeyri sinn milliliðalaust.

Ég minntist á það, að II. kafli frv., um skuldaskilin, væri ranglega orðaður, að öll eftirgjöfin, sem þar er ákvörðuð, væri miðuð við síldveiðar 1948, þótt skuldirnar hafi e. t. v. myndazt árin 1945 og 1947. Var þetta ekkert athugað við 1. umr. málsins, en nú tekið til meðferðar af hv. fjhn. Er hér um réttmæta kröfu að ræða, þó að frá stjórnarandstöðunni komi. En hingað til hafa þær leiðréttingar verið fordæmdar, sem komið hafa úr þeirri átt. Ég hef einnig bent á, að ákvæðunum um skuldaskilin væri þannig farið, að óverjandi væri með öllu að hafa eigi haft samstarf við félagssamtök útgerðarmanna. Mun það einsdæmi, að rifin séu í gegn ákvæði um skuldaskil á heilli atvinnugrein, án þess að talað sé við atvinnurekendur, hér útgerðarmenn, enda er þetta aðalundirstrikunin í bréfi sjávarútvegsmanna, því að þeir vita þetta harðlega. Þetta hafði ég bent á, en menn daufheyrðust við. Ég hef sagt, og ég álít, að það sé heilladrýgst að fresta kaflanum um skuldaskil. Verði hann samþykktur, þá mun það koma í ljós, að þetta er vandræðalöggjöf, en það er hvergi hægt að benda á neinar ástæður, er knýi það fram, að þetta sé gert fyrir jól. Búast menn við því, að útgerðin verði gerð upp? Það hefði verið eðlilegt að láta útvegsmenn hafa nokkra hönd í bagga með því, hvort taka eigi útgerðina til skuldaskila. — Ég skal ekki lengja umr. um þetta, ég ætla að þær athugasemdir, sem ég gerði í upphafi, séu augljósar.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. kvartar yfir því, að frv. sitt hafi ekki verið tekið til afgreiðslu í nefnd. Þetta er ekki af vanrækslu, heldur af ásetningi. Það liggja fyrir tvö frv., sem viðskmrh. hefur til athugunar og umsagnar. Ekki hefur unnizt tími til þess enn þá að ljúka athugun á þeim, en því verður væntanlega lokið, er þing kemur saman að nýju, en hann hefur í hyggju að leggja þá fram frv. um þessi efni, og er þá hægt að afgreiða bæði í einu.

Meiri hl. fjhn. ber fram till. við 18. gr., að í stað „vöruverði innanlands" komi: „vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands." Þetta er ekki efnisbreyting, heldur orðalagsbreyting. Hv. 2. þm. S-M. kvartar yfir því, að 2. tölul. 20. gr. sé óskýrt orðaður. Við athugun kom í ljós, að fallið hafði úr ein setning, og ber n. fram brtt. við 20. gr., að 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: „Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 21. gr. Umboðssala er einnig undanþegin söluskatti samkv. 21. gr., og tekur sú undanþága aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu." Þessi brtt. þarf ekki frekari skýringar við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 267) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í almennar umræður um þetta mál á þessu stigi málsins, þó að full ástæða væri til að svara ýmsum, sérstaklega hv. 2. þm. S-M.

Þess er ekki nokkur von, eins og nú er ástatt, að nokkur stj., sem ekki vill lofa meiru en hún getur staðið við, gefi loforð fullkominni lausn á málefnum bátaútvegsins. Það er svo langt milli tryggingar og fullkominnar lausnar og

milli hins, að hafðar eru í frammi þær aðgerðir, sem geta veitt þá aðstoð, að framleiðslan þurfi ekki að stöðvast. Eins og nú horfir, þá er það þakkarvert, ef Alþ. getur sett stefnuna svo hátt, og ég er þess fullviss, að þær ráðstafanir, sem hér eru til umr. og stj. og fjhn. hafa komið sér saman um, þær eru þess eðlis, að útvegsmenn munu ekki heima sitja, ef þær komast í framkvæmd. Það er ákaflega misjafnt, hvað menn gera ákveðnar kröfur um lausn, og þó að það sé mikill hávaði hér við ýmsar stöðvar við Faxaflóann, þá er ekki svo að skilja, að bátaútvegsmenn annars staðar af landinu geri jafnharðar kröfur. Hitt er annað mál, að ríkisstj. ber skylda til að ganga eins langt til þess að hagræða þessu og hún treystir sér til, og ég vil halda því fram, að það sé gert með þessu frv. og brtt. fjhn.

Í framhaldi af ræðu hv. frsm. fjhn. vil ég segja, að viðvíkjandi undanþáguvörum, sem taldar eru í 22. gr., þá er það samkomulag, að fóðurbætir reiknist einnig með. Að öðru leyti vildi ég gefa þá yfirlýsingu fyrir stj. hönd, að ríkisstj. mun veita bátaútveginum ráðstöfunarheimild um það, sem fæst fyrir útflutt hrogn, og einnig mun það tekið til athugunar varðandi aðrar vörutegundir. Það er vitanlegt, að útvegsmenn hafa haft lítilsháttar fríðindi í þessu efni nú í eitt ár, og hefur það verið þeim til mikils hagræðis að þeirra sögn, og með þeirri yfirlýsingu, sem hér er gefin, þá verða þessi hlunnindi ekki tekin af þeim og möguleikar athugaðir á því, hvort vörur, sem ekki hafa verið fluttar út áður, vegna þess að nægilegt verð hefur ekki fengizt fyrir þær, geti komizt hér undir.

Ég vil vona, að þetta frv. geti sem fyrst fengið afgreiðslu í þessari deild, þar sem svo nærri er liðið jólahelgi og þingmenn farnir að vonast til þess að losna við skyldustörfin.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Aðeins nokkrar setningar, sem ég vildi segja. — Hv. 6 þm. Reykv. lagði hér fram brtt., og er hún samhljóða að efni til og frv., sem hann hefur flutt. Ég vil taka það fram, að ég er fylgjandi því frv. um þetta efni, sem flutt er af hv. þm. V-Húnv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hér leggur forsrh. fram frv. og fer fram á, að það verði látið ganga í gegn í einum hvelli. Þegar fundur er búinn við 1. umr. kl. 3 um nótt og frv. fer í nefnd, þá má ekki bíða eftir áliti minni hl. n., heldur er hver venja þverbrotin og allur andi þingskapa. Ég sem frsm. minni hl. leyfi mér að mótmæla þessum aðferðum. Í gær létum við í minni hl. fara 3 mál í gegn umræðulaust, en hver er svo afleiðingin. Jú, hún er sú, að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að afgreiða þetta mál eftir þingvenjum. Hæstv. forsrh. ætlar að láta hespa þessu hér fram, sem hann treystir sér þó ekki sjálfur til að fylgja eftir. Af hverju stafar þetta? Þetta stafar af því, að allur undirbúningurinn hefur verið svo hraksmánarlegur, að ríkisstj. treystir sér ekki til þess. Þm. er boðið að fella hverja brtt., sem nokkurt vit er í. Í gær er þeim boðið að fella það, sem meiri hluti fjhn. er látinn bera upp í dag. Það kemur í ljós, að annaðhvort hafa ráðh. ekki lesið eða ekki skilið frv., því að í því eru heilar gloppur, sem ganga í gegnum 1. og 2. umr. En hæstv. stjórnarlið er allt samþykkt þessu. Það kemur í ljós við lestur 20. gr., að þar hefur heil setning fallið úr. Hæstv. ríkisstj. hafði ekki séð það. En núna fyrst kemur þetta í ljós, og þá kemur leiðrétting. Hvers konar óskapagangur er þetta? Svo gengur forsrh. af fundi, svo að það er ekki hægt að tala við hann. Er ekki hægt að tala við stjórnarandstæðinga um þetta atriði, mér er spurn. Hvað er svo næst? Jú, í dag er svo komið með 5 millj. kr. útgjöld til viðbótar, veskú, takk! Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Mér er spurn. Og hvað er stj. eiginlega öll að gera? Ég hef gert það að kröfu minni, og þm. eiga kröfu á því, að forsrh. reyni að rækja starf sitt eins og sæmilegur embættismaður, en það verður ekki sagt um hann, því að hérna hefur hann lagt fram frv. eins og lélegur skrifstofumaður, svo að það verður að fara að leiðrétta það eftir 2. umr. Það eina af viti, sem komið hefur frá stj. í þessu máli, er það, að það verði athugað, hvort ekki muni vera hægt að koma fleiri vörutegundum undir greinina um hrognin. En hvar er trygging fyrir því, að útvegurinn fari af stað? Ég las upp bréf frá útvegsmönnum, Landssambandi ísl. útvegsmanna, og ég býst við, að það bréf hafi orðið til þess, að stj. fór nú eitthvað að hugsa. En hvar er trygging fyrir því, að I. kafli komi nokkurn tíma að gagni? Hæstv. fjmrh. sagði það, að frv. gæti ekki skapað neina fullkomna lausn á vandamálum útvegsins, enda hafði enginn vænzt þess, að það væri hægt. En það, sem hægt var að vænta, var, að hægt væri að skapa bráðabirgðalausn. En það hefur bara ekki verið gert, það er ekki sköpuð bráðabirgðalausn með þessu frv., ef það verður að l. Í I. kafla er engin trygging fyrir því, að bátaflotinn fari af stað. [Frh.] — [Fundarhlé.].

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 263, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson) [Frh.]: Herra forseti. Það væri nú máske viðkunnanlegra, a. m. k. ef á að reyna að afgr. þetta mál fljótt, að hæstv. ráðh. vildu vera hér viðstaddir í þingsalnum, annars getur það dregizt of lengi, að ég komi að þeim atriðum, sem ég þarf að ræða við ráðh. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann léti þau boð ganga til hæstv. ráðh., að ef þeir vilja flýta þessu máli, þá sé bezt fyrir þá að koma og hlusta á það, sem ég hafði ætlað mér að ræða við hæstv. ríkisstj., en á meðan hæstv. ríkisstj. eða partur af henni birtist ekki hér í þingsalnum, mun ég ræða önnur atriði frv. — Hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér í sinni framsöguræðu, að hann hefði enga trú á því, sem ríkisstj. hefði sagt og væri að gera með þessu frv., að það væri að neinu gagni. Hann áleit, að ef hann mætti láta í ljós sína persónulegu skoðun, að frv. næði of skammt, og hann kom inn á það í sinni ræðu, að ef til vill

gæti svo vel tekizt með sölu og aflabrögð, að þetta fullnægði, en ég held, að hann hafi hugsað nokkuð skammt, þegar hann sagði þetta. Hvað söluhorfur snertir, þá er þar um svo hreina einokun að ræða, að útvegsmenn bíða þar stórtjón vegna þess, að þeir, sem hafa sölsað undir sig yfirráð þessara mála í ríkisstj., hafa unnið alveg sérstaklega illa að þeim, svo að slíkt tjón mun nema tugum millj. kr., og fiskurinn og síldarafurðir hafa verið seldar undir því verði, sem annars staðar var hægt að fá fyrir þær. Það er þess vegna afar einkennilegt að heyra hv. frsm. meiri hl. vera að tala um söluhorfur í þessu sambandi, — hann veit vel, að útvegsmenn hafa þar engin ráð og ekkert vald, ríkisstj. virðist hafa tekið það af þeim. Ef þeim væri leyft að selja sínar afurðir sjálfir og þeir væru frjálsir að því, þá mundi allt öðruvísi vera umhorfs hjá þeim, og þá mundu þeir komast að þeirri niðurstöðu, að þeim væri fært að gera út. Útvegsmenn mundu sjá, að sér væri borgið, ef þeir mættu selja afurðir sínar sjálfir út úr landinu. Þeir gætu verið búnir að selja þær allar, ef þeir hefðu verið frjálsir að því.

Hvað snertir hraðfrysta fiskinn, þá hefur að því er virðist verið mjög mikill möguleiki fyrir hendi að selja hann. Eitt af okkar stærstu viðskiptalöndum hefur beðið um, að sendur yrði út héðan hraðfrystur fiskur, og það er vitað, að ríkisstj. hefur látið undir höfuð leggjast að senda út n. til þess að semja um slíkt. Hv. frsm. meiri hl. veit þetta líka vel. Þetta land hefur ekki aðeins gefið okkur kost á að kaupa af okkur hraðfrystan fisk, heldur hefur gert það án þess að gera það að skilyrði að fá með síldarolíu. En útvegsmenn eru sviptir öllu frelsi um þetta.

Það virðist enn þá fráleitara að tala um aflabrögð í sambandi við þetta frv. Hv. frsm. sagði, að þetta gæti ef til vill fullnægt, ef þau yrðu góð. En hver veit, hvernig aflabrögðin eru, ef flotinn fer aldrei af stað? Þetta frv., sem hér liggur fyrir, mun ekki koma flotanum á fiskimiðin. Það virðist svo um búið af ríkisstj., að hann fer aldrei af stað á veiðar. Ég er reiðubúinn að ræða þetta ýtarlega við hv. frsm. meiri hl. fjhn., a. m. k. á meðan enginn hæstv. ráðh. birtist hér í þingsalnum, en annars mun ég snúa máli mínu til þeirra.

Það liggur fyrir utanrmn., að Tékkóslóvakía hafi beðið um að send yrði þangað n. til þess að semja um fiskafurðir þangað í lok nóv. s. l., en ríkisstj. hefur svikizt um að gera það, og það er ekki komið fram með betri afsökun af hálfu ráðh. fyrir þessu máli en að ríkisstj. hafi ekki fengið neina menn til þess að fara til samninga við Tékkóslóvakíu. Mér er ekki kunnugt um, að einn einasti útvegsmaður hafi verið beðinn að fara þessa ferð, en það kann að vera, að þeir heildsalar, sem venjulega eru sendir í slíkar samningaferðir, hafi verið upptekni í öðrum ferðum. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um ráðslag hæstv. ríkisstj. og hvernig hún kemur fram gagnvart landi, sem kaupir mest af hraðfrysta fiskinum, landi, sem hefur stærstan markað fyrir hraðfrystan fisk og gefur okkur fullt ábyrgðarverð fyrir þann fisk án þess að tengja slíka sölu við síldarolíu. Þannig fer ríkisstj. að við þetta land og segist svo ekki hafa getað fengið neinn mann til þess að tala við það. Svo kemur ríkisstj. hér fram og segir, að nú þurfi að styðja bátaútveginn, og meira að segja eru blöð heildsalanna nú að tala um, að ríkisstj. sé með frv. um stórkostlegan stuðning fyrir bátaútveginn. En sannleikurinn er sá, að það er verið að leggja álögur á fólkið í landinu, samtímis því sem bátaútveginum er bannað að flytja út fisk og selja afurðir sínar, þó að það liggi í augum uppi, hvaða möguleikar fyrir sölu þeirra afurða eru fyrir hendi. Svo kemur hæstv. ríkisstj. með þetta frv. fyrir þingið og ætlar svo að segja í einum grænum hvelli að koma því í gegn. Ég held, að meiri hl. hv. þm. þessarar d. hafi ofboðið þessi vinnubrögð, og kom það greinilega fram í umr. í gær, þar sem þm. sögðust treysta meiri hl. fjhn. til þess að grípa inn í, þar sem hæstv. ríkisstj. hefði gengið illa frá frv.

Út af því, sem ríkisstj. virðist hafa fallizt á af till. meiri hl. n., vil ég aðeins segja það, að þær 5 millj. kr., sem þar er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að verja til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða, þýða í raun og veru ekkert annað en nýjar álögur á almenning. Hæstv. fjmrh. sagði hér í gær, að það væri ábyrgðarlaust hjal að vera að koma með till. um aukin útgjöld úr ríkissjóði án þess að koma með till. um tekjuöflun á móti. Já, hvers vegna er ekki komið með till. um, að þessum 5 millj. kr. sé jafnað niður á þá ríku, sem hafa grætt undanfarin ár, svo að tugum millj. kr. nemur? Það er bezt að vita, hvort þær till. koma og hvaða ábyrgðartilfinning birtist í þeim. Það hefur réttilega verið bent á í sambandi við þessar 5 millj. kr. af hv. þm. Borgf., hversu skiptingin er ósanngjörn í sambandi við hlutarsjómenn, og það er alveg rétt hjá honum. Við sósialistar erum með till., sem mundi tryggja rétt bæði hlutarsjómanna og eins útvegsmanna. Hins vegar sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með till. hv. þm. Borgf., þótt ég muni heldur ekki greiða atkv. gegn henni, því þó að hægt væri að fara réttlátlega með þetta fé, þá treysti ég ekki hæstv. ríkisstj. að gera það.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í umr. hér í gær, að c-liðurinn í 29. gr. ætti að geta gefið ríkissjóði 4 millj. kr. tekjur, m. ö. o., hann ætlar að flytja inn bíla fyrir 8 millj. kr. En ég hef ekki getað fengið neinar upplýsingar um það, hvaðan eða hvers konar bifreiðar eigi að flytja inn, og ráðh. sagði, að engin áætlun lægi þá fyrir um þetta mál. Þetta er allt út í bláinn talað. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga hjá þeim stofnunum, sem með þessi mál hafa að gera, hvort nokkur slík áætlun lægi fyrir. En þessar stofnanir hafa ekki hugmynd um neitt slíkt, þær hafa ekki einu sinni hugmynd um, hvað búið er að flytja inn mikið af skömmtunarvörum. Það er því svo fjarri því, að hér sé um byrjun á áætlunarbúskap að ræða, eins og Alþýðublaðið er að tala um. Hér er aðeins um slóðaskap og einokun að ræða.

Þá vil ég koma að því atriði, sem mér virðist vera erfitt að fá suma til þess að skilja í þessu sambandi, en það er, að útvegurinn þarf ekki

að biðja um neina aðstoð, hann þarf fyrst og fremst frelsi og almennilegt skipulag til þess að geta ráðið fram úr sínum málum. Hér hefur átt sér stað mikil einokun, sem hefur ekki einungis þjarmað að útveginum, heldur og allri alþýðu í landinu til ágóða fyrir verzlunarvaldið í landinu. Það er rétt að taka þetta fram, vegna þess að heildsalar í Reykjavík reyna mjög mikið til þess að koma þeirri skoðun inn hjá fólki, að það sé nú verið að hjálpa sjávarútveginum, en þessar aðgerðir, sem kallaðar eru hjálp við sjávarútveginn, eru ekki í öðrum tilgangi gerðar en til þess að verzlunarauðvaldið geti haldið áfram að ræna sjávarútveginn. — Ég vildi enn mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sendi boð annaðhvort til hæstv. fjmrh. eða atvmrh., ef þeir mættu vera að því að stanza hér í hv. d. ofur litla stund, svo að hægt sé að ræða við þá um sum atriði sérstaklega í þessu máli.

Það hefur verið upplýst hér á Alþ., að fyrir utan allar þær millj. kr., sem í þessu frv. felst, að eigi að leggja á þjóðina, þá sé á ferðinni annað frv. frá ríkisstj., um benzínskatt. Það er gert ráð fyrir, að hækkunin nemi um 30 aurum á lítra. Hv. þm. N-Ísf. mun hafa gefið þessar upplýsingar hér í gær, og finnst mér rétt, að hv. þm. hafi þetta á bak við eyrað, þegar þeir taka ákvörðun um það, sem nú á að greiða atkv. um, sem er hvorki fyrsta né síðasta höggið, sem ríkisstj. greiðir alþýðu þessa lands.

Þar birtist hæstv. menntmrh. Ég vildi þá leyfa mér að spyrja hann, hvað liði því frv., sem hann tilkynnti, að mundi koma eftir nokkra daga, frv. um breyt. á l. um fjárhagsráð. .... Þá verð ég að segja, að það geti verið örvænt fyrir menntmrh. að búast við því, að þetta frv. komi úr þessari n. með meirihlutastuðningi þar. Ég vil þess vegna segja, að menntmrh. ætti mjög alvarlega að athuga sitt mál, af þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf áðan. Það er engan veginn víst, að þetta mál komi frá meiri hl. fjhn., og ég þykist vita, að hann viti nokkuð, hvernig tónninn er innan ríkisstj. viðvíkjandi því. Ég vil í því sambandi leyfa mér að eggja hann lögeggjan að fylgja nú sínum eigin yfirlýsingum. Ég veit ekki betur en hann hafi í dag í ritstjórnargrein í Tímanum, sem hann annaðhvort hefur ritað sjálfur eða rituð er eftir hans fyrirsögn, talað mjög skarplega til þjóðarinnar um það, hvað gera bæri í þessu máli. Hæstv. ráðh. man áreiðanlega sjálfur, hvað þarna stendur, en ef einhverjir hv. þm. skyldu ekki muna það, vil ég lofa þeim að heyra, hvað hæstv. ráðh. segir þar til ráðamanna þjóðarinnar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðamönnum þjóðarinnar mætti verða það ljóst, að til langframa hlýtur það að verða þjóðinni ofætlun að taka stöðugt við nýjum og nýjum álögum, meðan hún býr við þvingun í verzlunarmálunum og telur sig vera fésletta í gegnum þau. Siðferðislega eru slíkar álögur líka alrangar, ef ekkert er gert jafnhliða til að draga úr dýrtíðinni, eins og með frjálslegri og bættri verzlun. Þau samtök, sem eiga að gæta hagsmuna neytenda, geta vart gert sér það að góðu, að söluskatturinn sé tvöfaldaður og byrðarnar þarna auknar á almenningi um 17 millj. kr. á ári, án þess að eitthvað sé gert til að gera verzlunina hagfelldari og draga þannig úr dýrtíðinni. Hinir nýju skattar geta verið nauðsynlegir, en því aðeins eru þeir sanngjarnir og réttlátir, að reynt sé jafnhliða að bæta verzlunina og draga úr öðrum milliliðakostnaði. Það er ranglæti, sem ekki er hægt að mæla bót, að álögur á almenning séu auknar, ef milliliðirnir eru á sama tíma látnir halda öllu sínu. Þess vegna hlýtur nú að verða spurt: Hvað gera aðilar eins og Alþýðusambandið, er á þingi sínu í haust setti fram einbeittar kröfur um ákveðnar endurbætur á verzluninni? Lætur hin nýja stjórn sér lynda, að söluskatturinn sé tvöfaldaður og byrðar almennings auknar um 17 millj. kr., án þess að nokkuð fáist fram af kröfum alþýðusamtakanna í verzlunarmálunum? Og ætlar Alþfl., sem einnig setti fram einbeittar kröfur á flokksþingi sínu í haust um endurbætur á verzluninni, að láta sér þetta lynda? Eða er það kannske ætlun þessara aðila að vinna það sér til friðar við heildsalastéttina að láta þessi mál afskiptalaus og stefna verkalýðsstéttunum heldur út í nýja kauphækkunarbaráttu, sem þó getur varla leitt til annars en fjárhagslegs hruns, en þá kröfu settu þau fram á þingi sínu í haust, að grunnkaupið yrði hækkað, ef dýrtíðin héldi áfram að vaxa og ekkert yrði gert til þess að draga úr henni.

Það er bezt fyrir alla aðila að gera sér ljóst, að nýju álögurnar gera leiðréttingu verzlunarmálanna enn nauðsynlegri en áður".

Þannig mælir Tíminn í dag í ritstjórnargrein, sem er skrifuð í anda menntmrh. Hefur hann nú tækifæri til þess að standa við þessi orð, sem hann hefur skrifað í dag, — tækifæri til að sýna, hvort hann og Framsfl. meina nokkuð með því, sem þeir segja og skrifa. Ef hæstv. ráðh. ætlar að semja við heildsalastéttina, fær hann enga leiðréttingu á þessum málum; það veit bæði hann og ég. Og sé ekki hægt að koma þeirri leiðréttingu fram nú, er það Framsfl. að kenna, ef hann notar sér ekki tækifærið til þess. — Þetta vildi ég aðeins segja við hæstv. menntmrh., ef hann skyldi verða of ginnkeyptur við heildsalana. Tíminn skeytir í dag þessum tveimur málum saman: verzlunarmálunum og álögum á þjóðina. Ætlar nú hæstv. menntmrh. að höggva í sundur það, sem Tíminn hefur saman skeytt?

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 263 leyfi ég mér að bera fram smábrtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Við 2. umr. þessa frv. flutti ég brtt. í sambandi við d-lið 29. gr., en sá liður mælir svo fyrir, að viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, séu 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%. — Þessi brtt. náði ekki samþykki hv. d., en þótt svo færi, vil ég ekki láta það óreynt að sjá, hvort hv. þm. eru ekki fáanlegir til að lækka þessa okurálagningu nokkuð, helzt afnema hana alveg, og leyfi ég mér því að flytja svo hljóðandi brtt. við d-lið 29. gr.: „Liðurinn orðist svo: Af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækj-

um til heimilisnota, öðrum en þvottavélum og eldavélum, 5% af leyfisupphæðinni".

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða langt mál fyrir þessari brtt., en læt nægja að vísa til ræðu minnar við 2. umr. í gær. Ég vil aðeins árétta, að það er bæði mjög óeðlileg og ósanngjörn leið til fjáröflunar að skattleggja með okri innflutningsleyfi fyrir þeim vörum, sem hvorki heimili né einstaklingar geta án verið, og það um leið og rafmagnsnotkun er mjög að færast í vöxt. Og þó að vitað sé, að megintilgangur ríkisstj., þeirrar fyrstu, sem Alþfl. hefur skapað, sé að kreppa svo að alþýðu manna, að hún hafi ekkert, skal ég ekki að óreyndu trúa, að þeir fulltrúar þjóðarinnar, sem hér eiga sæti, séu sama sinnis, og treysti því, að brtt. þessi verði samþ. af hv. deild.

Pétur Ottesen: Það var hæstv. fjmrh., sem mig langaði til að segja nokkur orð við, vegna þess að hann lét orð falla um það, að aðalhávaðinn um þetta mál úr herbúðum útvegsmanna væri kominn hér frá útgerðarmönnum við Faxaflóa. Það var aðeins þetta, sem ég vildi ræða við fjmrh. En þetta, að bátaútvegsmenn úti um land væru ekki þessu sammála eða litu öðrum augum á þetta mál, er áreiðanlega sprottið af misskilningi hjá ráðh., en ekki af því, að hann vilji vitandi vits bera fram fullyrðingar í þessa átt. Það veit ég, að vera muni. Það eru að vísu menn búsettir hér við Faxaflóa, sem hafa komið hér fram fyrir hönd útgerðarmanna gagnvart ríkisstj. og Alþ., en bak við þetta standa útgerðarmenn um allt land. Á nýafstöðnum fundi íslenzkra útvegsmanna, þar sem mættir voru fulltrúar alls staðar af landinu, voru gerðar ályktanir, sem þessum mönnum var falið að koma á framfæri, þannig að útvegsmenn um allt land standa að þeim málflutningi, sem hafður hefur verið í frammi af hálfu þeirra hér.

Annars vil ég í sambandi við till. mínar benda á það, að hæstv. fjmrh. hefur látið í ljós mjög svipaðar skoðanir og fram koma í þessum till. mínum. Ég benti á það m. a. í sambandi við fjárlagaræðuna, sem hann flutti hér, að vel gæti komið til greina að greiða til bátaútvegsins eftir þeim leiðum, og er kunnugt, að ráðh. hefur innan ríkisstj. haldið fram svipaðri skoðun, þó að þetta hafi ekki borið þann árangur, að í tillöguformi liggi neitt fyrir frá ríkisstj. í þá átt. Ráðh. á þess nú ekki kost að greiða atkv. um þessa till. mína hér í kvöld, en ég vænti þess, að þessi till. verði samþ., og vil þá eiga fjmrh. að, þegar frv. kemur þannig breytt í hans d., þ. e. Ed., og veit ég, að ég á þá hauk í horni, þar sem hann er, hvað þetta snertir, og útgerðin, að því leyti sem þetta gæti orðið til úrlausnar fyrir hana.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ég hef í fjárlagaræðu bent á úrlausnarleið í þessu vandamáli, sem mun hafa farið í svipaða átt og það, sem hann hefur borið fram í sinni brtt. Ég hef líka unnið að því að fá þessa leið gaumgæfilega rannsakaða, og það hefur verið gert, en ekki með þeim árangri, sem ég hafði vænzt, og þess vegna hefur ekki orðið meiri hluti fyrir þeirri skoðun í ríkisstj. Fyrir því er fylgt öðrum till., sem eru ekki að öllu leyti á þeim grundvelli, sem við hv. þm. Borgf. e. t. v. helzt kysum, en þó er ekki því að neita, að í þessum brtt., sem hér liggja fyrir, og í frv. sjálfu er að nokkru leyti gengið inn á þennan skilning í vissum atriðum hvað tekjuöflun snertir.

Hv. þm. taldi, að ég mundi, ætti ég þess kost, taka upp slag í Ed. fyrir einmitt svipaðri leið og brtt. hans gengur út á, þar sem ég á ekki hér atkvæðisrétt. En þm. verður að gera sér ljóst, að þar sem orðið hefur ofan á í ríkisstj. að fara aðra leið og þar sem ég hef fylgzt þar með hinum, úr því að hugmyndir mínar töldust ekki heppilegar, þó að ég hafi ekki sannfærzt af þeim rökum, sem sérfræðingar töldu fram gegn þeim, þá teldi ég mig ekki gera málinu neitt gagn með því að kljúfa mig úr á þessu stigi málsins frá þeirri tilraun til úrlausnar, sem hér liggur fyrir.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. vitnaði í Tímann og las úr honum hluta af ritstjórnargrein og sagði, að það væri óskynsamlegt af mér að fylgja þeim málum, sem hér væri verið að samþ., án þess að sú stefna fengist samþ. í verzlunarmálum, sem ég og aðrir berðust fyrir, — út af þessu við ég segja, að ég hef ekki farið dult með það, að við teldum, að gera þyrfti gagngerða stefnubreytingu í verzlunarmálunum, — vita allir, í hverju hún er fólgin, — og ekki aðeins um leið og þetta er gert, heldur fyrir löngu, en hitt er annað mál og því óskylt, að þótt slík stefnubreyting fáist ekki fram þessa dagana, mun ég samt fylgja þeim ráðstöfunum, sem skjótast fást fyrir útveginn, þó að dráttur verði á, að sú stefna í verzlunarmálum, sem ég hef borið uppi, beri árangur.

Í sambandi við áhuga hv. 2. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. fyrir þessum málum, verzlunarmálunum, finn ég ástæðu til að undirstrika, að þessir þm. hafa látið flytja úr sínum flokki till. um ráðstafanir, sem mundu, ef samþ. væru, hafa í för með sér miklu þyngri byrðar á landsmenn en þær till., sem við ætlum að framfylgja fyrir sjávarútveginn, því að þótt þessir þm. haldi, að menn séu svo miklir sauðir að álíta, að greiða megi þær milljónir, sem ríkisstj. ætlast til, án þess að taka peningana annars staðar, eru menn ekki svo miklir sauðir að sjá ekki, að till. þeirra eru um ráðstafanir, sem hefðu í för með sér miklu þyngri álögur en þær, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. En þó að þeir hafi lagt þetta til, hef ég ekki orðið var við, að í þeirra till. felist nokkur krafa um að leysa verzlunarmálin úr læðingi. Þetta er fádæma ómerkileg framkoma hjá þessum hv. þm. og ekki til þess fallin að auka traust þeirra manna á þeim, sem álíta, að þeir séu í alvöru að berjast fyrir þessum þýðingarmiklu málum. Menn ættu að minnsta kosti að sjá, að þetta hefur þá ekki verið tengt saman á þann hátt, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um.

Ég vildi segja þessi örfáu orð til þess að kvitta fyrir þessa orðsendingu frá 2. þm. Reykv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það var

siður í sveitinni, í minni ætt, að það var kembd ull og spunnið fyrir jólin og reynt að spinna vel og kemba vel. Síðan átti að prjóna úr duggarabandinu sokka handa sjómönnum, og var þá oft klappað á kollinn á börnunum og sagt: „Láttu nú ganga á sokkinn þinn, bráðum koma blessuð jólin". Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. hugsi eitthvað svipað. Hæstv. fjmrh. kemur hér fram í dag og segir: „Það má til að hraða málunum, því að bráðum koma jólin, og þm. þurfa að komast heim". En ég vil í þessu sambandi segja það, að ríkisstj. hefur láðst það, sem gætt var í sveitinni, að kemba og spinna vel, því að *hér er illa kembt og illa spunnið. Hér er kastað* fram frv., sem á að varða mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar, svo illa undirbúnu, að jafnvel ríkisstj. hefur ekki skilið sumar greinar þess, jafnvel ekki lesið þær, svo að starfsmenn verða að leiðrétta það. Síðan kemur einnig fram, að þm., sem talað hafa úr öllum flokkum, eru óánægðir, — sjá ekki hið góða verk ríkisstj., sjá vandræði fram undan, og kemur í ljós, að þeir menn, sem lögin eru miðuð við fyrst og fremst, segja: Það er ekkert í þessu frv., sem *geti tryggt það, að útgerðin fari á stað, eins* og til er ætlazt. — Því segi ég það: Hér er bæði illa kembt og illa spunnið. Það er til lítils fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla að klappa á kollinn á þm. eins og litlum börnum og segja: Prjónið nú, því að bráðum koma blessuð jólin.

Ég vil svo minnast á einstök atriði. Tveir þm. hafa gert að umræðuefni þá till., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 262. Í fyrsta lagi form. fjhn., hv. þm. V-Ísf. Hann viðurkenndi, að rétt væri, að till. væri búin að liggja alllengi hjá fjhn. Hann drap og á, að önnur hliðstæð till., frá hv. þm. V-Húnv., hefði eins legið alllengi hjá hinni virðulegu n., og sagði svo: „En *þetta er gert af ásettu ráði*". Þetta skil ég vel, og hér er mælt af fullum sannindum. Þetta er gert af ásettu ráði, og skýringin er sú, að hæstv. ríkisstj. hefur nú á prjónunum allveglegt frv. um viðskiptamál, og þess vegna verður að bíða með afgreiðslu þessa frv., þar til hún hefur lokið þeirri frumvarpsgerð. — Þá kemur og menntmrh. og gerir till. mína að umræðuefni og segir hér í fyrri ræðu sinni, að hann muni ekki ljá henni fylgi. Hann færir það til, að hér sé verið að tengja hana við mál, sem hún sé ekki réttilega við tengd. Hans eigið blað mótmælir þessari skoðun í dag. — Hann sagði einnig, að ríkisstj. væri að undirbúa frv. um allsherjar lausn viðskiptamálanna. Ég vil minna þennan ráðh. á það, að í hittiðfyrra var rætt um svipaða till. og á þessu þingi. Minnist hann þess, að hann *taldi ekki tímabært þá að fylgja henni?* Hann skaut sér hjá að standa með. Man hann það svo, að á fundi S. Í. S., þar sem hann var varaformaður, var gerð einróma samþykkt um þá stefnu, sem felst í þessari till., sem ég flyt nú? Ég man það næst til þessa máls, að efni þessarar till. var flutt af framsóknarmanni í fjárhagsráði. Till. var samþ. þar með atbeina Framsfl. og Alþfl. Þaðan fór hún til ríkisstj., en var felld þar með atbeina Sjálfstfl. og Alþfl. Man hæstv. ráðh. eftir þessu? En hann hefur þolinmóður *ætlað að bíða eftir lausn, eftir því að hinir* virðulegu samstarfsmenn hans kæmu með lausn, sem hann gæti við unað. — Man hann svo, að á síðasta Alþ. var þessi till. fram borin? Um hana urðu þá allharðar deilur, sem hófust þannig, að hans ágæti flokkur vissi ekki, í hvorn fótinn hann átti að stíga, en endaði þó með því, að hann stóð með frv. gegnum allar umr. á þinginu. Man svo hæstv. ráðh. verkaskiptingu Alþfl., sem bjargaði málinu í gegn, og sami flokkur, sem drap það í Ed.? Þekkir ekki hæstv. ráðh. samstarfsmenn sína — þennan fráskilnaðarleik Alþfl.? Er hann enn tilbúinn að bíða eftir lausn á þessu máli í sambandi við þessa menn? Hann segir svo vera. En þessi loddaraleikur hans mun ekki finna hljómgrunn hjá þeim mönnum, sem léð hafa honum fylgi og treysta honum sem forustumanni samvinnumanna í landinu.

Í síðari ræðu sinni kemur svo hæstv. ráðh. inn á nokkrar aths. og fer að tala um það, að mikið sé ábyrgðarleysi sósíalista, því að þeir hafi nú vissulega komið hér fram með till. um að þyngja byrðarnar á herðum þjóðarinnar, en hafi ekki í því sambandi bent á neina lausn í verzlunarmálunum. Athugum þetta nánar. Höfum við lagt til að þyngja byrðarnar mikið? Ég veit, að ráðh. á við það, að flokksmenn mínir hafa flutt frv. um, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir *nokkru hærra fiskverði en ríkisstj. ráðgerir.* Hefur sjútvmrh. reynt að reikna út, hver munurinn mundi vera, og varð niðurstaðan 6½ millj. Ég ætla, að hæstv. menntmrh. muni mega treysta þessum félaga sínum úr ríkisstj. til þess að hafa útreikninginn að minnsta kosti ekki okkur í vil. Ég held því, að slá megi föstu, að sá hæsti munur, sem þarna gæti verið um að ræða á okkar till. og ríkisstj., sé 6½ millj., sé litið á frv. eins og þau voru lögð fyrir þessa hv. d. En síðan hefur ýmislegt gerzt. Síðan hafa verið bornar fram brtt. að tilhlutun stj. á þskj. 257 og þar gert ráð fyrir að bæta við útgjöldin 5 millj. Þá er munurinn á till. sósíalista og ríkisstj. með ýtrasta reikningi 1½ millj., en í augum menntmrh. urðu þetta milljónatugir. Hann kann að margfalda!

Þá lýsir hæstv. ráðh. því yfir, að það sé *mjög* ómerkileg framkoma af mér að koma með þá till., sem hér um ræðir, það sé skyndiákvörðun, sem kastað sé inn í þingið. Já, einmitt það, skyndiákvörðun! Ég hef nú rakið fyrir hæstv. menntmrh. þá sögu, að till. sama efnis var flutt í hittiðfyrra, nákvæmlega eins orðuð till. var flutt í fyrra og snemma á þessu þingi, og stefna þessarar till. hefur verið samþ. á þremur eða fjórum aðalfundum S. Í. S. Og svo kemur varaformaður þeirra samtaka og talar um skyndi*tillögu af rasandi ráði!* Nei, það er verið að flytja hér þaulhugsaða, þaulkunnuga og þrautrædda till., og það er einmitt hans eigin flokkur, sem réttilega hefur bent á, að þessa till. ætti að tengja við málið, sem fyrir liggur. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að spara sér stór orð um skynditillögur o. s. frv. Það þarf ekki að fjölyrða um þessa till. Hún er þaulhugsuð og þrautrædd, og nú reynir á það, hvort Framsfl. og Alþfl. vilja ganga gegn stefnu heildsalanna eða fylgja henni. Það kemur í ljós, og þau örlög fá þessir flokkar ekki umflúið.

Það eru örfá fleiri atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni. Hv. 2. þm. Rang. flytur brtt. við 22. gr., og fer hún í þá átt að fella undan söluskatti landbúnaðarvélar og fóðurbæti. Fjmrh. hefur nú upplýst, að skilja beri frv. þannig, að fóðurbætir sé undanþeginn. En ég vil leggja hina mestu áherzlu á, að þetta nái fram að ganga að því er landbúnaðarvélar snertir, og stafar það af því fyrst og fremst, að ég hef í allshn. fengið tækifæri til að kynna mér till., sem flutt er af 8. þm. um fyrirgreiðslu á innflutningi landbúnaðarvéla. Þessi 7 manna nefnd hefur orðið sammála um það, að mjög vel athuguðu ráði, að hin mesta nauðsyn bæri til að greiða eftir föngum fyrir þessum innflutningi. Og mér sýnist, að Alþingi sé að taka með annarri hendinni, sem það gefur með hinni, ef það ætlar að gera það tvennt í senn, annars vegar að fela ríkisstj. að flytja inn allt hvað verða má af landbúnaðarvélum, en hins vegar skattleggja þennan innflutning stórlega, þannig að bændur, sem áreiðanlega eiga erfitt með að greiða þessar vélar, þurfi að kaupa þær stórum hærra verði en ella. Ég mun því mjög eindregið mæla með till. hv. þm. og mun, ef hann tekur hana aftur, taka hana upp.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að 29. gr. frv. Ég drep fyrst á b-lið. Þar er svo fyrir mælt, að af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, skuli greiða 75 af leyfisfjárhæð. — Það er ljóst, að fyrir alla venjulega menn þýðir þetta bann við að ferðast til framandi landa. Það þýðir átthagafjötra fyrir alla, sem eru ekki vel efnum búnir. Vera má, að það sé í samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj. að setja þetta bann, og ætla ég, að svo sé, því að hún hefur áður sýnt í verki, að hún vill einangra okkur, þar sem hún hefur komið því til leiðar, að ómögulegt er að fá útlendar bækur á Íslandi, svo að fræði- og vísindamenn, svo sem læknar, verkfræðingar og aðrir, geta ekki keypt nauðsynleg tímarit til þess að fylgjast með í fræðum sínum. Ríkisstj. hefur svo fullkomnað verkið með því að banna mönnum einnig að fara úr landi. En ég vil benda á þá staðreynd, að það er hópur manna, sem þetta kemur ekki hart niður á, og bið ég hæstv. forseta að afsaka orðið, en það eru nokkrir gjaldeyrisþjófar. Þessir menn sigla oft og tíðum, fá gjaldeyrisleyfi upp á eitt, tvö, þrjú, fjögur hundruð kr. — hvað munar þá um að bæta við 75% af þeirri leyfisfjárhæð — og dvelja svo úti mánuðum saman fyrir stolinn gjaldeyri. Segjum, að ríkisstj. hafi hugsað þetta mál og hugsi sér að koma í veg fyrir það, sem kallað er lúxusflakk. Jafnvel þó að það gæti verið gott, að menn veittu sér lúxus, er þó réttlátt að hindra það, þegar aðrar þarfir brýnni kalla að. En það á ekki að gera það svona. Einmitt þetta kemur niður á þeim, sem fara ekki í lúxusflakk. Það mætti benda á aðra leið. Það mætti greiða ákveðna upphæð fyrir hverja viku, sem menn dveldu erlendis, því að þá mundu gjaldeyrisþjófarnir ekki sleppa, þá yrðu þeir að borga líka. Ég býst ekki við, að hæstv. ríkisstj. muni á þetta fallast, því að ég veit, að þessir menn eru undir hennar verndarvæng. En aðrir menn, sem kynnu að vilja fara til annarra landa, eru ekki undir væng hennar.

Þá eru fleiri atriði í þessari gr., sem ég vildi athuga. Í c-lið er gert ráð fyrir, að lagt verði innflutningsgjald á bíla, er nemi 50% af leyfisfjárhæðinni. Hv. þm. N-Ísf. bar fram till. um að undanskilja þessu gjaldi jeppabíla og aðra bíla í þágu landbúnaðarins. Hann hefur nú tjáð mér, að hann muni taka þessa till. aftur, enda hefur fjhn. gengið nokkuð til móts við till., þar sem hún hefur í brtt. sinni á þskj. 257 breytt þessu þannig, að af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum skuli greiða 50%, en af jeppa- og vörubifreiðum 25%. Ég vil nú minna hv. þm. á, að 8 þm. hafa sameinazt um að flytja till. um að leyfa innflutning á ekki færri en 600 jeppabílum á komandi ári, sem notaðir verði til landbúnaðarstarfa. Allshn. fékk þessa till. til meðferðar og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rétt að óska eftir aðeins 600, heldur 750 jeppabifreiðum. Allir þeir 7 menn, er þessa n. skipa, voru sammála um, að þörf landbúnaðarins fyrir þessa bíla væri svo brýn, að hækka yrði töluna upp í 750. Mér er tjáð, að í innkaupi verði þessir bílar 8 þús. kr. Þetta þýðir þá, að á hvern landbúnaðarjeppa, sem inn verður fluttur, á að leggja 2 þús. kr. álag samkv. till. fjhn. Og sé miðað við 750 jeppabíla, eins og allshn. lagði til, mundi þetta þýða 1½ millj. kr. skatt á bændastéttina. Minna má nú gagn gera að mínum dómi. Í allshn. hef ég orðið sannfærður um það, að þörfin fyrir þessa bíla er mjög mikil. Ég veit, að í sveitunum er nú „þarfasti þjónninn", sem einu sinni var kallaður svo, mjög að þoka fyrir vélunum, og meðal annars eru það jeppabílarnir, sem koma í hans stað. Hér er því um mikið nauðsynjamál bænda að ræða, og ég vil segja: Er ekki hæstv. Alþ. að gefa með annarri hendinni, en taka með hinni, ef það ætlar að samþ. að skora á ríkisstj. að veita bændum kost á að fá innflutta 750 bíla á ári komanda, en ætlar um leið að segja: Við tökum af ykkur skatt í leiðinni upp á 2 þús. kr., hverjum og einum, og af ykkur öllum upp á 1½ millj. kr.? Ég mun því bera fram brtt. við till. fjhn. á þskj. 257, 12. a, á þá leið, að orðin „jeppa- og" falli niður, en það þýðir, að jeppabílar verði undanþegnir þessu gjaldi. — Ég sé, að hv. 2. þm. Rang. skemmtir sér prýðilega, og skil það vel. Hann er annálaður í þinginu fyrir að vilja flytja inn jeppabifreiðar og mun nú fá tækifæri til að sýna, hvort hann vill láta hvern bónda borga þennan skatt. Ég sé, að hann skemmtir sér vel þarna í hliðarherberginu, og skil það mætavel. Hann sér náttúrlega í anda, með hve miklum riddaradómi hann mun ríða um Rangárvöllu og duga til þess að útvega bændum þar jeppabíla. Óska ég honum góðs gengis og alls hins bezta í þeirri yfirreið.

Ég álít, að þessi breyt. mundi nægja. Ég geng að sjálfsögðu út frá því, að þegar ríkisstj. leyfir innflutning á jeppum á komandi ári, þá verði eingöngu miðað við landbúnaðarjeppa og kannske aðra þá jeppa, sem notaðir yrðu til nauðsynlegra starfa óbeint í þágu landbúnaðarins. Þó að hér sé aðeins minnzt á jeppabíla, mundu hinir ensku bílar koma undir þetta líka, því

að þeim er ætlað að vinna sama starf og jeppunum. — Mun ég svo leggja fram þessa skriflegu brtt., þar sem hv. þm. N-Ísf. hefur þegar ákveðið að taka till. sína til baka.

Ég held, að ég hafi tekið fram öll atriði, sem ég tel máli skipta á þessu stigi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 269) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: „Kátt er um jólin, koma þau senn. Trúi ég, að upp líti Gilsbakkamenn," segir í gamalli þulu. Nú er tæp vika til jóla, og hér liggur fyrir frv. frá ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem talið er, að verði að fá afgreiðslu fyrir jól. Það er reyndar ekki nýtt, að hér séu þýðingarmikil mál á ferð rétt fyrir jólin. Í hittiðfyrra, í tíð fyrrv. stj., litu Gilsbakkamenn líka upp rétt fyrir jólin. Þá var hér til meðferðar frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., er samþ. var og afgr. sem lög frá Alþ. 22. des. 1946. Var það frv. að því leyti frábrugðið þessu, að þar var ekki gert ráð fyrir tekjuöflun til þess að mæta gjöldunum. Raunar var ákvæði um svokallaðan síldarskatt, sem í reyndinni urðu engar tekjur. — Fyrir jól í fyrra var svipað mál á ferðinni, þ. e. frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, sem var afgr. 20. des. 1947. Í því var hækkuð ríkisábyrgð á bátafiski, ákvæði um eignaraukaskatt og söluskatt. Þar voru gerðar tilraunir til þess að afla tekna á móti útgjöldum, en ég vil segja, að það sé sameiginlegt um öll þessi mál, sem afgr. hafa verið fyrir jól þrjú ár í röð, að í þeim felist engin varanleg lækning á atvinnu- og fjármálalífi okkar. Frv. hafa verið um það í raun og veru að halda tórunni í sjúklingnum áfram, en um annað eiginlega ekki. Sjúkdómurinn er til eftir sem áður. Eins og ég gat um áður, er þó nú reynt að afla tekna móti gjöldum ríkisins, sem ekki var gert í tíð fyrrv. stj., og tekjuöflunin í fyrra mun tæplega hafa verið nægileg móti gjöldunum. Og einmitt fyrir það, að þetta hefur verið vanrækt að undanförnu, þá er svo komið, að ríkið hefur safnað stórskuldum, við landsbankann og víðar, nú síðustu ár, og hefur áður verið að þessu vikið. Vitanlega má þetta ekki þannig til ganga. Á meðan farin er sú leið að borga útflutningsuppbætur og lækka vöruverð innanlands með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, verður að afla nægilegra tekna á móti þessum gjöldum og einnig öðrum að sjálfsögðu. Hitt leiðir til tortímingar, að láta ríkið safna skuldum, sem nema tugum milljóna á ári hverju, hvort sem það er í bönkum eða annars staðar. Það er óverjandi með öllu. Nú skal ég ekki deila um það, hvort í þessu frv. muni vera gert ráð fyrir nægum tekjum móti gjöldum. Um það er erfitt að segja og ekki hægt að reikna það út fyrir fram. En eitt vil ég geta um í þessu sambandi, og það er, að hér er m. a. gert ráð fyrir að leggja aðflutningsgjöld á einstakar vörur, sem mikil eftirspurn er eftir, en ekki er hægt að telja með því allra lífsnauðsynlegasta af því, sem inn er flutt, og er það út af fyrir sig eðlilegt, að frekar sé á það lagt en brýnustu nauðsynjar, en má þó ekki verða til þess, að innflutningur á þessum vörum verði látinn sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum, sem nauðsynlegar eru fyrir landsfólkið. Á tímum gjaldeyrisskorts má ekki miða vöruinnflutninginn til landsins við það, hvaða vörutegundir gefa mestar tekjur í ríkissjóð vegna þess, að þær eru hæst tollaðar. Þeirri stefnu má ekki fylgja í viðskiptamálum. Ef skortur er á gjaldeyri, er nauðsynlegt að láta sitja fyrir að kaupa og flytja inn í landið þær vörur, sem nauðsynlegastar eru fyrir landsfólkið, og álít ég betra, ef ekki verður hjá því komizt að afla viðbótartekna handa ríkinu, að hækka eitthvað tolla á þeim vörum, þó að illt sé, en flytja inn í staðinn fyrir nauðsynlegar vörur aðrar óþarfari bara fyrir það, að þær eru hærra tollaðar. Mér finnst ástæða til þess að benda á þetta, vegna þess að hér hafa komið fram raddir um það, að taka ætti almennt tillit til þess, þegar ákveðið er, hvaða vörur á helzt að flytja til landsins, hvernig ákvæðið er um tolla á innfluttum varningi.

Það eru margir kvillar í þjóðlífi voru, m. a. á sviði atvinnumála, fjármála og viðskiptamála. En þó er það svo, að þjóðin hefur sem betur fer nóg að bíta og brenna. Útlit er fyrir, að verðmæti útflutnings á þessu ári verði um 400 millj. kr. Að vísu er það svo, að allmikill gjaldeyrir eyðist við að afla þessara tekna, þar sem mikið þarf af erlendum vörum til framleiðslunnar. Auk þess, sem hér er talið, er mikil framleiðsla á vörum til neyzlu innanlands, þannig að þjóðartekjurnar eru miklar. Ég held því, að megi fullyrða, að hér sé nóg handa öllum, ef sanngjarnlega væri skipt, en á því er misbrestur, og þar hefur reynzt erfitt að fá leiðréttingu, því að það eru sterk öfl, sem vinna móti því, að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu komist í réttlátt horf, og það eru m. a. sumir menn, sem þó telja sig málsvara hinna efnaminni í þjóðfélaginu, sem oft beita sér móti ráðstöfunum, sem ganga í þá átt. Nærtækt dæmi er um þetta. Í því nál., sem minnihl. fjhn., hv. 2. þm. Reykv., hefur lagt hér fram, er talað um það, að gjöldin eigi að leggja á „breiðu bökin", en ekki almenning. Það er mikið rétt í þessu, og get ég tekið undir það með hv. þm. Hann hefur hér í dag meðal annars talað um álögur á auðmennina. En í gær, um það leyti sem nál. hans var útbýtt hér með þessum ágætu aths. um breiðu bökin annars vegar og almenning hins vegar, var verið að afgr. hér frv. frá þessari d. um skattfrelsi handa langauðugasta fyrirtæki þessa lands, og afgreiðsla þess máls fór þannig hér í d., að það voru tveir þm. úr flokki þessa þm., úr Sameiningarflokki alþýðu, Sósfl., sem réðu því með atkvæðum sínum, að þetta auðugasta fyrirtæki landsins, Eimskipafélag Íslands, yrði áfram skattfrjálst. Mér reiknast svo til, að ef þetta fyrirtæki væri látið greiða skatta sem aðrir, þá yrði eignarskatturinn einn 800—900 þús. kr. á ári. Nú, auðvitað ætti það svo að borga fleiri hundruð þúsund krónur í tekjuskatt, og þegar eignarskatturinn er nálega milljón á ári, þá er þetta enginn smápeningur, sem gefinn er mesta auðfélagi landsins. Og svo koma þm. þess flokks, sem talar um að leggja á breiðu bökin, og sam-

þykkja skattfrelsi þessa félags. Ja, ég verð að segja, að það er lítið gagn í því fyrir almenning, þótt þeir tali sig hása um það, að gróðamönnunum sé hlíft, þegar þessir sömu menn skjóta með atkvæði sínu auðugasta fyrirtæki landsins undan öllum sköttum til ríkissjóðs. Þannig er þetta gróðafyrirtæki komið undir verndarvæng Sósfl. eða hv. þm. hans. En misskipting teknanna og ýmiss konar ranglæti í okkar þjóðlífi má rekja til þess ófremdarástands, sem nú ríkir í verzlunarmálum okkar. Nokkuð hefur verið minnzt á þau frv., sem hér hafa komið fram til úrbóta á þeim málum, en þau liggja óafgreidd vegna þess, að hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, að hann hefði í smíðum frv. um þetta efni, og taldi því fjhn. rétt að fresta afgreiðslu þessara frv. Annars er orðinn óhæfilegur dráttur á lagfæringu þessara mála, þar sem sýnt er, að þau verða ekki afgreidd fyrir þinghlé, og tel ég óhjákvæmilegt, að það verði gert þegar eftir áramótin. Eins og nú er, er almenningur hindraður í að skipta við þá, sem hann vill. Afskipti hins opinbera í þessu sambandi eru óþörf og óþolandi. Hver maður á að ráða því, hvar hann kaupir vöru sína, og það tel ég eitt þýðingarmesta verkefni þessa þings, að afgreiða þessi mál og koma þeim í rétt horf, og ég treysti því, að það verði gert. Því aðeins tel ég verjandi að hækka enn álögurnar á almenning, að viðeigandi lausn fáist á þessu máli.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af athugasemd hv. þm. V-Húnv. varðandi tekjuöflun í ríkissjóð vildi ég aðeins minna á það, að hv. þm. var sjálfur einn af trúnaðarmönnum ríkisstj., sem falið var að benda á leiðir til tekjuöflunar upp í þann tilkostnað, sem leiðir af þeim dýrtíðarráðstöfunum, sem nú eru áformaðar, og vil ég ekki skilja hv. þm. þannig, að hann vilji stuðla að því, að sú áætlun, sem hann ásamt öðrum gerði, verði rofin, því að ríkissjóður getur því aðeins tekið á sig skuldbindingar, að hann fái tekjur, sem vega þar upp á móti, og þegar horfið er að því að afla þeirra tekna með háum álögum á innflutninginn, þá vil ég ekki skilja það svo, að hann ætli að draga í land á þessu sviði, því að þá væri ástæða til að hugsa sig um betur, áður en lögin væru sett. Loks bendi ég á, að dýrtíðarsjóður á vissulega að standa undir útflutningsuppbótum á sjávarafurðir, en þó á hann að miklu meira leyti að standa undir útgjöldum ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu innlendra vara, og þetta verður því aðeins gert, að sjóðurinn hafi fjármagn, og þetta sjónarmið tel ég, að hv. þm. V-Húnv. hafi viðurkennt með starfi sínu í þeirri nefnd, sem hafði tekjuöflunina til athugunar, og ég hlýt að halda því fram, að hér sé um að ræða samkomulag um innflutning á því magni af vörum, sem tekið er upp í frv. og brtt. Ég vil segja þetta vegna þess, að sá, sem á að bera ábyrgð á fjárhag ríkisins, að nafninu til, hlýtur að krefjast þess, að það séu ekki neinar hillingar, sem stillt er upp, þegar rætt er um tekjuöflun handa ríkissjóði fyrir útgjöldum, sem eru í alþjóðarþágu.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. ræddi um það, að hugsjón sín væri sú að leggja ekki álögurnar á almenning, heldur á breiðu bökin. Næstum því samstundis fáum við þá yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra, sem hv. þm. V-Húnv. styður, að álögurnar í II. kafla þessa frv. séu fundnar út af trúnaðarmanni ríkisstj., hv. þm. V-Húnv. Hann er til þess kjörinn af hæstv. ríkisstj. Hann virðist vera einn af þeim fáu, sem nýtur svo mikils trausts hæstv. ríkisstj., að honum er falið að finna út, hvernig leggja skuli á álögurnar. Honum bauðst því alveg sérstakt tækifæri til þess að sýna hugsjón sína í verki, og hér sjáum við afleiðingarnar af till. hans. Í till., sem hann hefur undirbúið, þá er aðalatriðið að hlífa auðmönnunum, en leggja allar byrðarnar á almenning. Þetta stangast nokkuð við orð hans áðan, og eftir þá yfirlýsingu, sem við fengum frá hæstv. ráðh., sé ég ekki annað en heldur lítið sé eftir af hans fögru orðum. Og ef það eru hugsjónir hv. þm. V-Húnv., sem birtast í III. kafla, þá er skiljanlegt, að hann muni reyna að skjótast undan því að samþ. till. hv. 6. þm. Reykv., sem miða að því að hjálpa almenningi. Hv. þm. V-Húnv. minntist á það, að sumir af þm. Sósfl. hafi greitt atkv. með skattfríðindum Eimskipafélags Íslands. Honum er kunn afstaða mín, og vorum við sammála í því máli. Ég skal ekki bera í bætifláka fyrir þeim, er samþ. skattfríðindin, en hitt vil ég segja, að ég skil vel afstöðu minna flokksbræðra. Þeir munu hafa óttazt, að ef skattfríðindin yrðu tekin af Eimskipafélaginu, þá mundi ríkisstj. skella á milljónahækkun flutningsgjalda, sem þýddu stórkostleg álög á almenning hér í Reykjavík. Ríkisstj. hefur þegar hækkað flutningsgjöldin. Hversu gífurleg mundi hækkunin ekki verða, ef Eimskipafélagið yrði svipt skattfríðindunum? Og það er raunar ekki ólíklegt, að flutningsgjöldin verði hækkuð þrátt fyrir skattfríðindin. En það er ekki útséð enn. Hv. þm. V-Húnv. getur ef til vill komið í veg fyrir það. Hann hefur að minnsta kosti tækifæri til þess að hjálpa almenningi með því að gefa samvinnufélögunum verzlunarfrelsi, og hann verður dæmdur eftir því, hvernig hann stendur sig. Hins vegar lýsir formaður flokks hv. þm. V-Húnv. yfir því, að það sé ekki nóg að hækka flutningsgjöldin, heldur vilji Framsfl. berjast fyrir því að lækka vísitöluna niður í 280 stig, en hafi þó til samkomulags sætt sig við, að hún væri ekki í bili lækkuð meira en orðið er. Hv. þm. V-Húnv. ætti því að athuga betur aðgerðir þeirrar ríkisstj., er hann styður, áður en hann fer að vega að mönnum, sem ættu ekki að vera allt of smeykir við gerðir hæstv. ríkisstj. Hv. þm. V-Húnv. talaði um, að ekki ætti að flytja inn ónauðsynlegar vörur. Ég veit ekki betur en þegar hæstv. forsrh. áætlaði bílaskattinn 4 millj. kr., þá þýði það, að 8 millj. kr. í gjaldeyri skuli varið til bílakaupa. Hefur hv. þm. V-Húnv. undirbúið þennan bílainnflutning, þegar ekki fæst einu sinni kaffi til jólanna. Hv. þm. er svo hér með helgisvip að kvarta undan því, að inn hafi verið fluttur óþarfi. Hvers konar loddaraleikur er þetta? Hv. þm.

væri nær að athuga sínar eigin gerðir og sinnar stjórnar. Hann er sérstakur trúnaðarmaður ríkisstj., og segist svo vona, að ekki verði fluttur inn óþarfi, en sjálfur undirbýr hann innflutning á enn þá meiri óþarfa en nokkru sinni fyrr. Hann ætti að tala ögn gætilegar, þegar hann ber aðra eins ábyrgð á þessu frv. og ljóst er orðið, en hann reynir að skjótast undan þessari ábyrgð. Hæstv. menntmrh. ætlaði að upplýsa, að vegna þess að ekki mætti hindra aðstoð til sjávarútvegsins, þá væru engin skilyrði sett um verzlunarmálin. En hér er ekki um neina aðstoð við sjávarútveginn að ræða. Hér er aðeins um að ræða stórauknar álögur á almenning. Hæstv. ráðh. getur ekki sagt, að hér sé verið að gera tilraunir til þess að koma bátaútveginum á stað, því að fyrir liggur yfirlýsing frá L. Í. Ú., þar sem segir, að sambandið muni beita sér fyrir því, að engin bátaútgerð verði eftir nýár. Hér er því um að ræða álögur á almenning, en engan snefil af aðstoð við sjávarútveginn. Hæstv. menntmrh. reynir að skjóta sér undan ábyrgðinni af þessu frv., og ef hann þekkir það ekki, þá ætti hann að lesa leiðara *Tímans*. Þar er talað um álögurnar á almenning, en ekkert orð um aðstoð við sjávarútveginn. Ég skora á hæstv. ráðh. að benda á einn einasta stað í þessum leiðara, þar sem sjávarútvegurinn sé gerður að umtalsefni. Framsfl. er ljóst, hvað hér er á ferðinni og Tíminn reynir ekki að vera með sams konar yfirvarp og hæstv. menntmrh., sem er svo frekur að halda, að hv. þm. trúi honum og láti blekkjast til að halda, að hér sé um að ræða aðstoð við sjávarútveginn. Þeir, sem skrifa Tímann, kalla þetta frv. eingöngu álögur á almenning, enda er það rétt, en það er spursmál, hvort hæstv. menntmrh. og hans flokksbræður hér á Alþingi hafa manndáð í sér til þess að setja skilyrði fyrir samþykkt þessa frv. eða hvort þeir samþykkja þessar nýju álögur án þess að losa fólkið við nokkuð af verzlunarófrelsinu, sem það býr við. Hæstv. ráðh. ætti ekki að derra sig með yfirlýsingum út í loftið. Þetta er 3. umr. um þetta frv., og enn gerir hann sér ekki ljóst, um hvað er verið að ræða. Nema það sé þá annað, sem veldur. Í leiðara Tímans er talað um frið við heildsalastéttina. Hæstv. ráðh. hefur kannske gefizt upp og má nú ekki reyna að gefa almenningi frelsi til að losa sig við eitthvað af þeim álögum, sem heildsalarnir hafa lagt á hann. Það er sannast að segja undarlegt, þegar hæstv. menntmrh. og hans flokksbræður á Alþingi koma með yfirlýsingar, sem virðast eiga að vera til þess að hvítþvo þá af því, sem um er að ræða, en jafnóðum sem þetta er reynt, þá koma þeirra eigin samstarfsmenn með yfirlýsingar um, að þeir séu samsekir og meira að segja einkaráðunautar við undirbúning þeirra till., sem Tíminn telur ómögulegar. Þeir, sem tala um loddaraleik, ættu að líta í sinn eigin barm. Ég skil nú, að þeim hefur þótt gott að hafa hljótt um sig fram að þessu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hefði ekki staðið upp út af fjasi hv. 2. þm. Reykv., ef hann hefði ekki snúið út úr því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég vil taka það fram, að hv. þm. V-Húnv. tók þátt í því að athuga tekjuöflunarleiðir með embættismönnum í stjórnarráðinu. Það voru settir upp ýmsir möguleikar, en eftirfarandi fyrirvari var látinn fylgja, sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, fyrst hv. 2. þm. Reykv. er að snúa út úr: „Í eftirtöldum liðum er bent á ýmsar tekjuöflunarleiðir, en ekki eru menn sammála um allar leiðirnar, og telja t. d. sumir fullhátt gjald lagt á rafmagnsheimilistæki, en aðrir, að innflutningsgjöld af jeppum séu fullhá eða eigi ekki rétt á sér, enda er hér ekki um að ræða tillögur byggðar á sameiginlegu áliti okkar, þar eð skoðanamunur er um einstaka liði.“ — Það var um að ræða fjölda margar leiðir, sumar voru farnar en sumar ekki. Þegar þessi athugun var gerð, var gengið út frá því, að söluskatturinn yrði tvöfaldaður. Það var því ekki verk hv. þm. V-Húnv., heldur stóðu allir stjórnmálaflokkarnir að því. Hér var sem sagt um það að ræða að „rúlla upp“ ýmsum möguleikum. Út af fjasi hv. þm. Reykv. um það, að hv. þm. V-Húnv. hafi gert ráð fyrir 8 millj. kr. bílainnflutningi, get ég upplýst það, að það er misskilningur, að um nokkuð slíkt hafi verið að ræða. *(EOl:* Hvaðan kom hæstv. forsrh. vitneskjan?) Það hafði ekki verið gengið frá innflutningsáætluninni, og það sagði hæstv. forsrh. Það getur mikið færzt á milli. Það liggur nú fyrir till. um innflutning á jeppum, og verði hún samþ., getur þar orðið um háa upphæð að ræða. Enginn veit enn, hvernig þetta verður, en það verður reynt að haga svo til, að tekjur sviki ekki. Þetta vildi ég segja út af fjasi hv. 2. þm. Reykv. Mér finnst skörin vera að færast upp í bekkinn, þegar þessi hv. þm., sem aldrei hefur hreyft hönd né fót til að halda uppi málstað samvinnufélaganna, talar í ögrandi tón til hv. þm. V-Húnv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls, en vegna þess að hv. þm. V-Húnv. var að gagnrýna atkvgr. hér í gær í sambandi við Eimskipafélagið og mína afstöðu, vildi ég segja nokkur orð. Það var helzt á honum að skilja, að ef Eimskipafélagið hefði ekki fengið þessi skattfríðindi þá væri öllu borgið. Ég get sagt honum það, að Sósfl. gerði þetta ekki að flokksmáli, og ég veit ekki til þess, að Framsfl. hafi gert það að flokksmáli fyrr en nú. Það má vera, að sumir af þm. Framsfl. séu óánægðir yfir því að hafa látið binda sig í þessu máli, úr því að þm. Sósfl. voru óbundnir. Framsfl. tekur ekki mikið tillit til verkamanna, þó að bændur geti fengið allt. Það er ekki undarlegt, þótt hv. þm. V-Húnv. gleymi því, að Eimskipafélagið veitir 500—700 manns atvinnu, en við, sem erum fulltrúar fyrir þessa verkamenn, gleymum því ekki. Þó að Eimskipafélagið græði, þarf það ekki að fara í uppbætur til bænda, sem við verðum að borga aftur. Ég álít, og er sannfærður um það, að þetta væri ekki betur farið hjá ríkisstj., eftir því sem hún fer með peningana nú.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það virðist hafa fallið hv. þm. V-Húnv. fyrir brjóst,

að málefni Eimskipafélagsins voru afgreidd hér á þann hátt, sem raun varð á. Mér kom þetta ekki að óvörum, en mér finnst honum ekki farast heiðarlega, þegar hann talar um breiðu bökin. Ég er því fylgjandi, að þeir, sem það geta, borgi lögmæta og sanngjarna skatta, en ég er ekki með skattalögunum eins og þau eru í dag, og eigi að tala um breiðu bökin í sambandi við Eimskipafélagið, þá er ástæða til að draga glögga markalínu. Eimskipafélagið hefur ætíð haft nána samvinnu við hverja ríkisstj. og þau fyrirtæki, sem hv. þm. V-Húnv. hefur unnið fyrir, Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Vestur-Húnvetninga. Ég held, að þessi félög hafi ætíð mætt þar fyllsta skilningi, og ummæli hv. þm. V-Húnv. koma því úr hörðustu átt. Það er einfalt mál að rekja þau hlunnindi, sem komið hafa á móti skattafríðindunum, og samvinnufélögin hafa ekki hvað síst notið góðs af þeim. Eimskipafélagið hefur ávallt haft þjóðarhag fyrir augum og haft nána samvinnu við ríkisstj. í tveimur styrjöldum. Ég ætla ekki að halda langa ræðu, en það kom illa við mig að heyra slík ummæli höfð um Eimskipafélagið af gömlum viðskiptavini. Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að sumir samverkamenn í stj. skriðu undir fald heildsalanna. Það skyldi þó ekki vera þannig, að hv. þm. V-Húnv. sé að „kókettera" við flokk hv. 2. þm. Reykv., svo að ég noti það orð. Verzlunin verður að vera grundvölluð þannig, að hún geti framkvæmt sitt starf eins og í öðrum menningarlöndum. Í öllum löndum er lögð á það höfuðáherzla að styðja viðskiptastéttina allt hvað verða má, og það er hægt að draga fram tölur, sem sýna að bæði kaupfélög og kaupmenn hafa leyst starf sitt betur af hendi en ætla mætti með tilliti til þess, hvernig ástandið hefur verið. Það er því ástæða til að ætla, að það liggi eitthvað annað og meira á bak við þessar árásir á verzlunarstéttina. Þegar ráðizt er á vissar stéttir með rógburði og Gróusögum, er eitthvað á bak við annað en áhugi fyrir hagkvæmum innkaupum. Ég ætla ekki að fara að draga viðskiptamálin inn í skitna pólitík. Það er til lítils sóma, er þm. rjúka upp eins og hanar og nota óþingleg orð, eins og hér hefur verið gert, en ég get ekki annað en harmað það, að fyrirtæki, sem vissulega leggur sín kort á borðið, skuli verða fyrir slíkum árásum. Það, sem kemur á móti þeim skattafríðindum, sem Eimskipafélagið nýtur, er hægt að telja í millj. kr. Þessi mál ætti fremur að ræða í sambandi við viðskiptamál en það mál, sem hér er á dagskrá, en ég get ekki setið undir svona hræsni frá mönnum, er notið hafa skilnings hjá Eimskipafélaginu, og ummæli þeirra, sem mestu ráða í Sambandi ísl. samvinnufélaga, eru ekki á þann veg. — Hv. 6. þm. Reykv. er orðinn einkennilega mikill „Sambandsmaður". Ég efa það ekki, að margt af því, sem hann skaut hér fram, sé sannfæring hans, en það er nú svo um þennan mann, að hann er oft fljótur að skipta um sannfæringu og hlaupa frá einum flokki til annars, og hann er líka þekktur að því að kasta fram stóryrðum (*SigfS:* Ég vil kalla hlutina réttum nöfnum.) Er þá ekki bezt að tilgreina ákveðna menn? (*SigfS:* Vill ekki hv. þm. nefna dæmi um stóryrði mín?) Það er út í bláinn, þegar hv. þm. stimplar fjölda manna sem gjaldeyrisþjófa, og slíkt gengur of langt. Það er ekki sæmandi að leika sér þannig að viðskiptamálum þjóðarinnar. Ég er tilbúinn að ræða þau mál á öðrum vettvangi, en vil ekki nú tefja það mál, sem hér er á dagskrá. Sem lítið dæmi varðandi Eimskipafélagið vil ég þó nefna það, að félagið flytur 50% af allri matvöru ókeypis út um land og um 60% af tilbúnum áburði.

Ég vildi loks segja það, að það er mikil nauðsyn á því að endurskoða allt hið ósamstæða kerfi skattalöggjafarinnar. Ég vil ekki vera með getsakir til samvinnufélaganna, en það er vitanlegt, að síðan 1921, er l. um samvinnufélög voru sett, eru mestu frömuðir nágrannalandanna búnir að breyta skattalöggjöfinni. Í dag veit ég, að mesta ósamræmis gætir í því, hvernig lagt er á einstaklinga og hlutafélög, þótt ég sé ekki svo kunnugur því, hvernig þessu er varið með samvinnufélögin. Ég mun svo ekki ræða þetta frekar nú.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, að hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég notaði ljót orð um heildsalana. Þetta er ekki rétt. Ég sagði, og hafði það eftir skattstofunni, að 200 menn ættu 500—600 millj. kr. í skuldlausum eignum. Þetta er sannað af skattstofunni, og hér er því ekki um neinar getgátur að ræða. Viðvíkjandi yfirlýsingu hæstv. menntmrh. vildi ég segja það, að það er orðið dálítið einkennilegt með yfirlýsingar ráðh. Þeir keppast við að gefa yfirlýsingar hver ofan í annan, eins og stj. sé í mörgum pörtum. Er ekki ein stj. í landinu? Hæstv. ráðh. eru svo hræddir hver við annan, að þeir hvítþvo sig undir drep. Hæstv. menntmrh. ógilti tvennar yfirlýsingar á 5 mínútum. Getur stj. ekki komið sér saman um, hvaða yfirlýsingar þm. eiga að taka gildar? Hæstv. menntmrh. sagði, að það, sem hæstv. fjmrh. sagði, væri ekki rétt, og hann sagði líka, að hæstv. forsrh. hefði sagt vitleysu. Vilja ekki hæstv. ráðh. fara út og koma sér saman um nýja yfirlýsingu? Hæstv. menntmrh. sagði, að hv. þm. V-Húnv. hefði aðeins unnið með skrifstofumönnum í stjórnarráðinu að þessu máli. En er hv. þm. V-Húnv. eini þm., sem vann að þessu með tómum skrifstofumönnum, sá eini, sem krafizt var af stjórnmálavits? Hæstv. menntmrh. sagði, að ýmsir möguleikar hefðu verið athugaðir og komið til greina, aðrir en þeir, sem koma fram í frv. Hvaða möguleikar voru það? Var kannske ráðgert að binda vísitöluna við 280 eða 250, eða hvað langt átti að fara niður? Þá lýsti menntmrh. því yfir, og það sagði hann orðrétt, að Framsfl. hefði engin sérstök áhrif haft á frv. Hvernig stendur á þessu? Hæstv. menntmrh. er áður búinn að lýsa því yfir, að þetta frv. sé stórfelld lausn Framsfl. í dýrtíðarmálunum. (*Menntmrh.:* Þm. ætti að fara til háls-, nef- og eyrnalæknis.) Ætlar menntmrh. þá til augnlæknis í staðinn? Ég er hræddur um, að hæstv. menntmrh. verði að fara að athuga, hvað hann segir hér. Hafði kannske enginn sérstakur flokkur áhrif á þetta frv. Var það samið af einhverjum skrifstofu-

mönnum og kastað hér inn, þannig að línurnar duttu úr því. Hefur svo menntmrh. ekki athugað það fyrr en við 3. umr. um málið, hvernig unnið var að þessu, og tekið það ráð að lýsa því yfir, að Framsfl. hefði engin sérstök áhrif haft í ríkisstj. Eftir yfirlýsingu framsóknarmanna nú að dæma litur út fyrir, að ekki hafi verið um sérstök áhrif að ræða, heldur yfirleitt engin.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Rétt er það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ég tók þátt í því að athuga tekjuöflunarmöguleika fyrir ríkissjóð nú fyrir nokkrum dögum. Hæstv. fjmrh. sagði, að hann hefði ekki orðið var við neitt ágreiningsatkvæði frá mér. Þess var ekki að vænta, því að eins og þegar hefur komið fram í því, sem hæstv. menntmrh. las upp, þá fór engin atkvgr. fram í þessari n., sem starfaði að slíkri athugun, heldur var aðeins af þeim mönnum, sem þar unnu, bent á ýmsa möguleika. Við reyndum að gera okkur það ljóst, hvað gera mætti ráð fyrir, að tolltekjur ríkisins yrðu miklar næsta ár, miðað við þann innflutning, sem fjárhagsráð þá var að gera áætlun um. Ég skal taka það fram, að þá hafði fjárhagsráð alls ekki gengið frá innflutningsáætluninni fyrir næsta ár. Hér var því aðeins um að ræða drög að áætlun um innflutning, og á þeim grundvelli voru þessir útreikningar. Vel kann þetta að breytast enn, og þá að sjálfsögðu einnig tollarnir, sem inn koma. Ég hef því ekki gert neina áætlun, og það er vitanlega hæstv. fjmrh. bezt ljóst, um innflutning næsta árs. Ég var aldrei til þess kvaddur. Það er fjárhagsráð, sem hefur það með höndum að ákveða um innflutninginn, og það er því mér alveg óviðkomandi, sem hæstv. fjmrh. var að tala um samkomulag um innflutning næsta árs.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um það í þessu sambandi, hvort ég ætti manna mestan þátt í þeim till. til tekjuöflunar, sem fram kæmu hér í frv. stj. Eigi er það svo. Till. um söluskattinn voru í raun og veru bornar fram af ríkisstj., þegar hún lagði fram fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir tvöföldun söluskattsins, og í samræmi við það hefur svo stj. sett ákvæðið um söluskattinn í þetta frv., sem hér liggur fyrir. En í frv. eru að vísu ákvæði um tekjuöflun eftir fleiri leiðum en með söluskattinum, og þá einkum í 29. og 30. gr. Ég hefði gjarna viljað spyrja hv. 2. þm. Reykv. um það, ef hann hefði verið hér, hvort honum þætti það góðgá, að ríkisstj. tæki t. d. nokkurn skatt af þeirri verzlun, sem á sér stað, þegar bifreiðar eru seldar manna á milli fyrir margfalt verð. Einn liðurinn er um töluverðan skatt í dýrtíðarsjóð af slíkri verzlun. Einnig mætti spyrja um, hvort hann teldi réttara að hækka hina almennu aðflutningstolla heldur en t. d. að leggja nokkur viðbótargjöld á kvikmyndir og gjaldeyrisleyfi til ferðalaga út úr landinu, svo að nokkuð sé nefnt af því, sem hér er um að ræða. Mér skilst, að hv. þm. hafi kannske ekki á móti því að leggja gjöld á ríkasta fyrirtæki landsins, eins og vikið var að hér áðan. Eins og áður er tekið fram, hef ég því engar sérstakar till. gert um tekjuöflun og sé því ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Hitt er svo annað mál, að einmitt fyrir það, að það var vanrækt í tíð fyrrverandi ríkisstj. að afla tekna í ríkissjóð á móti útgjöldum, þá þarf nú að leggja meiri álögur á þjóðina. Skuldirnar hafa hlaðizt upp í stórum stíl vegna þessarar vanrækslu fyrri tíma. Vitanlega er ekki hægt að segja um það með nokkurri vissu nú, hvað tolltekjur ríkisins muni verða miklar næstu ár. Það er allt í óvissu nú. Það er hægt að gera um þetta áætlun, eins og gert hefur verið. Fjárhagsráð hefur gert áætlun um innflutninginn, en þó að það geri ráð fyrir, að fluttar verði inn vörur fyrir allt að 4 hundruð millj. kr. á árinu, þá getur það raskazt. Það fer vitanlega eftir gjaldeyristekjunum. Ef það kemur á daginn, þegar nokkuð líður á árið, að gjaldeyristekjurnar bregðast, þá verður að draga úr innflutningnum. Þá vil ég leggja áherzlu á það, eins og ég hef alltaf gert í mínum ræðum, að þegar verulega þarf að draga úr innflutningi nauðsynjavöru til landsins af gjaldeyriserfiðleikum, þá eigi þær nauðsynjavörur, sem mest þörf er fyrir, að sitja fyrir, alveg án tillits til þess, hvaða ákvæði eru um tolla hinna einstöku vörutegunda. Við getum ekki — að mínu áliti — leyft okkur að flytja inn ónauðsynlegan varning í stórum stíl, bara til þess að ná tolltekjum í ríkissjóð, ef við þurfum í staðinn að neita okkur um mjög nauðsynlegar vörur frá öðrum löndum. Þá getur vitanlega komið til þess, að óhjákvæmilegt verði að endurskoða tollatill. og tekjuöflunarlöggjöf ríkissjóðs yfirleitt til þess að ná tekjum með öðru móti. Ég get upplýst það, vegna þeirrar fyrirspurnar hv. 2. þm. Reykv., hvort ég hafi gert till. um innflutning á bílum fyrir 8 millj. kr., að ég hef, eins og ég áður hef tekið fram, enga till. um það gert, hvorki um innflutning á bílum né öðru. En hér hafa verið á ferðinni till. um bílainnflutning. Það hefur verið flutt hér till. um innflutning á 600 jeppum á næsta ári. Eftir því sem hv. þm. sósialista upplýsti áðan, þá er sú hv. n., sem um þetta fjallar og hann er í, búin að afgreiða till. og gerir ráð fyrir, að inn verði fluttir 750 jeppar. Ég lít svo á, að þetta sé eðlilegt. Það mun vera þörf fyrir þessa bíla, en ég hef ekki borið fram neina till. um bílainnflutning. Þessi n. hefur gert það og þar með einn af hans flokksmönnum. Nú er í stjfrv. gert ráð fyrir 50% leyfisgjaldi af bílum. Ég var á móti því að leggja þetta á jeppana, og hefur nú verið dregið úr þessu gjaldi í till. fjhn., en til þess að afla tekna í staðinn fyrir þessar tekjur, þá er gert ráð fyrir að leggja gjöld á varahluti til bíla og eitthvað fleira.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það, út af því, sem ég sagði, að því er mér virtist, að ég og þau fyrirtæki, sem ég hefði stjórnað, hefðum oft notið góðrar fyrirgreiðslu hjá Eimskipafélagi Íslands, og þess vegna ætti Eimskipafélagið það ekki skilið, að ég væri á móti því, að það hefði skattfrelsi áfram. Hvað því líður, þó að ég hafi haft góð viðskipti við Eimskipafélagið, þá er ég ekki bundinn við að greiða atkv. með því, að það sé skattfrjálst frekar en önnur fyrirtæki, sem ég hef skipt við.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði nokkuð um þetta mál líka. Mér skildist helzt á honum, að það væri hagsmunamál verkamanna, að auðugasta fyrirtæki í landinu væri skattfrjálst til ríkisins. Hann gaf þær upplýsingar, að það væri ekki flokksmál í Sósfl., hvort þetta auðuga fyrirtæki væri skattfrjálst eða ekki. Þeim væri nokkuð sama um það — að hans dómi. Það er ekkert nýtt fyrir þm. að heyra þetta. Ég býst hins vegar við, að margir utan þessara veggja, sem hafa fylgt þessum flokki undanfarið, hafi gert það í þeirri trú, að það væri flokksmál hjá Sósíalistaflokknum, Sameiningarflokki alþýðu að leggja skatta á auðugustu fyrirtæki landsins og hlífa heldur almenningi. Þetta er mesti misskilningur, eins og nú hefur komið fram, og þeir þurfa þess vegna að endurskoða afstöðu sína, sem hafa fylgt flokknum í þessari trú. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið stór hætta á því, ef skattfrelsið hefði verið afnumið, að stj. hefði skellt stórkostlegri hækkun á farmgjöldin þegar í stað. Þetta er svo mikil fjarstæða, að ég er hissa á því, að hv. 2. þm. Reykv., jafngreindur maður, skuli koma með slíkt hér. Eins og ég sýndi fram á í umr. um þetta, er vitanlega enn meiri hvöt fyrir Eimskipafélagið að fá farmgjöldin sem hæst, þegar það sleppur við skatta til ríkisins af gróðanum. Við skulum segja, að farmgjöldin væru hækkuð eitthvað — það er ekki langt síðan þau voru hækkuð, og var ágreiningur um, hvort þess væri þörf. Væri þá ekki skárra að taka eitthvað af þessari farmgjaldahækkun en að láta félagið stinga því öllu í eigin vasa. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég ætti að greiða fyrir almenningi með því að beita mér fyrir verzlunarfrelsi. Ég held, að hann þurfi ekki að brýna mig í þessu efni. Ég veit ekki betur en að ég hafi verið við riðinn og stutt till., sem fram hafa komið um það, bæði á fyrri þingum og nú á þessu þingi, og er nóg að vísa til þess. Hv. þm. hafði ákaflega hátt, þegar hann flutti síðustu ræðu sína. Ég býst við, að það stafi af því, að það, sem ég sagði um tvöfeldnina í hans flokki viðvíkjandi tekjuöflun handa ríkissjóði, hafi komið óþægilega við hann, þar sem sumir hv. þm. flokksins tala hátt um að leggja skattana á breiðu bökin, en aðrir í sama flokki hindra með sínum atkv., að lagður sé skattur til ríkisins á langauðugasta fyrirtækið, sem til er í landinu. Þetta hefur hv. 2. þm. Reykv. þótt óþægilegt, en hávaðinn gagnar ekki einn út af fyrir sig, ef röksemdirnar vantar.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég mun ekki lengja umr. að óþörfu. Hv. 3. þm. Reykv. lét þess getið, að við sósíalistar værum að „kókettera" við samvinnustefnuna. Við erum alls ekki að „kókettera" við hana og erum ekki einu sinni í tilhugalífi, heldur erum við kvæntir henni. Það er sem sé svo, að það er ekki hægt að vera sósíalisti án þess að vera samvinnumaður. Ég hef alla tíð síðan ég átti þess kost verið starfandi meðlimur í kaupfélagi og reynt að rétta samvinnuhreyfingunni hjálparhönd eftir getu. Svo fór þessi hv. þm. að tala um, að það væri ljótt að draga viðskiptamál inn í þessa skítugu pólitík. Til hvers kom þessi hv. þm. inn í þessa skítugu pólitík? Það væri þó ekki til þess að ræða um viðskipta- og verzlunarmál, og satt að segja þá held ég, að hann viti það, að það er svo högum háttað í okkar landi, að meginþátturinn og einn sterkasti þátturinn í okkar pólitík eru einmitt verzlunarmál og viðskiptamál. Og það er ekki bara hér, heldur alls staðar annars staðar, að pólitík og verzlun og viðskipti verður ekki aðskilið. Það er bara misskilningur hjá þessum hv. þm., að vondir menn séu að draga þessi mál inn í skítuga pólitík. Hv. þm. var hneykslaður yfir því, að ég væri með dylgjur. Ég bað um dæmi, og það kom. Ég nefndi gjaldeyrisleyfi. Hvaðan kemur þessi hv. þm.? Veit hann ekki, að nokkrir menn eru staðnir að því fyrir dómstólunum hér, að þeir hafa farið ólöglega með gjaldeyri, komið gjaldeyri undan úr landinu? Veit hann ekki, að þeir eru fleiri, sem hafa gert það og ekki hefur komizt upp um? Hvers vegna má ekki segja frá þessari staðreynd, og hvers vegna hrekkur hv. 3. þm. Reykv. við, þegar á hana er minnzt? Þessi hv. þm. var að tala um, að menn ættu að halda sér við málið, sem til umræðu væri. Hitt er og staðreynd, að hv. þm. hélt nú langa ræðu og minntist aldrei á málið, sem fyrir liggur.

Þá vildi ég segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um Eimskipafélag Íslands. Ég skal segja það alveg ákveðið, að ég harma það, að Sósfl. skyldi ekki vera búinn að taka ákvörðun um að koma fram sem einn maður, og þess vegna var það svo, að 2 menn úr flokknum greiddu atkv. úr allt annarri átt. Það getum við gert upp okkar á milli. Hvenær varð þetta flokksmál Framsfl.? Hvað oft er þessi hv. þm. búinn að greiða atkv. með skattfrelsi Eimskipafélagsins? Ég vænti þess, að hann gefi skýrar upplýsingar um, hvenær þetta varð að flokksmáli hjá Framsfl. Ég vildi segja hv. þm. að rifja það upp, áður en hann fer að áfellast okkur sósíalista fyrir það, þó að við í þetta sinn ekki hefðum gert neina samþykkt um það, hvernig þm. okkar greiddu atkv. í málinu.

Svo eru það örfá orð út af ræðum hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. og hv. þm. V-Húnv. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að hv. þm. V-Húnv. hefði verið sérstakur trúnaðarmaður ríkisstj. við að undirbúa þetta frv. Hæstv. menntmrh. sagði, að hv. þm. V-Húnv. hefði tekið þátt í að athuga ýmsar leiðir. Svo les hann upp, að ágreiningur hafi verið um leiðirnar, t. d. um það, hvort leggja ætti sérstakan skatt á heimilistæki og jeppa. Það virðist vera eini ágreiningurinn, sem Framsfl. hefur gert. Hvað skeður svo? Það skeður, að það er lagt til að leggja sérstakan skatt á heimilistæki og jeppa. Eina áhugamál Framsfl., sem ráðherra hefur bent á í sambandi við þetta mál, var virt að vettugi. Hv. þm. V-Húnv. segir hins vegar: „Ég hef engar till. gert, það fór engin atkvgr. fram." Hæstv. menntmrh. segir, að hlutverk hv. þm. V-Húnv. hafi verið „að rúlla upp möguleikum." Hann var að rúlla upp möguleikum til þess að leggja skatta á t. d. heimilistæki og jeppa, og ríkisstj. lét leggja skatta á hvort tveggja. Það er erfitt að skilja, hver segir satt og hver hallar réttu máli. En eitt er þó víst, að það hefur verið upplýst hér, að það ætti að

flytja inn bíla fyrir allt að 8 millj. kr. Hæstv. forsrh. byrjaði sína ræðu með því að segja frá því. Svo kemur hæstv. menntmrh. og segir, að það hafi engin áætlun verið gerð um það, enginn viti, hvað verði flutt inn af hverju. Eins verður þó gætt að lokum. Það verður ekki svikizt um að koma þessum byrðum yfir á þjóðina á einn eða annan hátt. Það er eina skýlausa loforðið, sem Framsfl. hefur gefið við þessar umr. Hæstv. menntmrh. endurtók eitt uppáhaldsorð sitt nokkrum sinnum í ræðu sinni. Hann sagði: „Ég vil ekki vera að þessu fjasi." Þetta þýðir sama og að segja: „Ég hef engin rök, og ég hef ekkert að segja." Það er líka mála sannast, að hér er um rökþrot hjá þessum mönnum að ræða. Hver af öðrum segja þeir: „Ekki er þetta mér að kenna." Hv. þm. V-Húnv. var að rúlla upp möguleikum, og stj. valdi úr því, sem rúllað var upp. Ég held, að hæstv. menntmrh. verði að fara að athuga vel, að hann má ekki mikið lengur halda svo á málunum eins og hann hefur gert upp á síðkastið, til þess að það verði ekki fleiri sem „rúlla" en hv. þm. V-Húnv. Það gæti farið svo, að þjóðin rúllaði honum og hans flokki.

Hermann Guðmundsson: Það var ekki ætlun mín að ræða málið, sem hér liggur fyrir, en ég ætla að tala um annað mál, óskylt, sem dregið var inn í þessar umr., ásamt minni afstöðu til þess máls, sem var skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Það var hv. þm. V-Húnv., sem það gerði á þann veg, að hann vildi gera úr því einhverja forsmán, að tveir af þm. Sósfl. greiddu atkv. með áframhaldandi skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Það tilræði tókst ekki, og er það mjög ánægjulegt. Í þessu sambandi mætti íhuga, að hv. andstæðingar hafa haldið því fram, að ég hafi greitt atkv. með þessu frv., enda þótt flokksbræður mínir hér í hv. Nd. hefðu greitt atkv. gegn frv. Ég leyfi mér nú að tilkynna þessum hv. þm., að ég mun fylgja mínum skoðunum, hvað sem öllum flokksaga líður. Undarlegt má það virðast, að hv. 8. þm. Reykv. skuli fjargviðrast yfir því, að verkamenn í Reykjavík, og reyndar úti um allt land, munu láta sig miklu skipta, hver hagur Eimskipafélags Íslands er og hvernig er að því búið. En reynslan bendir til þess, að verkamenn eigi mikið undir því komið, að þetta félag sé sem allra sterkast, því að mikill fjöldi þeirra hefur hagsmuna að gæta í sambandi við vinnu hjá félaginu. En það get ég sagt hv. 8. þm. Reykv., að lítinn hagnað mun verkamannastéttin hafa af því, að upp vaxi sterk yfirstétt hér í landi, en það er annað mál. Að vísu er ýmislegt í fari Eimskipafélagsins, sem ég tel, að betur mætti fara, en félagið læt ég ekki gjalda þess. Eimskipafélag Íslands á vonandi langan aldur fyrir sér.

ATKVGR.

Brtt. 257,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 257,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 257,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 257,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 242 felld með 19:8 atkv.
— 257,5—6 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 257,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 257,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 257,9 samþ. með 21:1 atkv.
— 257,10 samþ. án atkvgr.
— 267,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 267,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 236 felld með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HermG, IngJ, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, BG.

3 þm. (GTh, JJ, SK) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. hér í dag segi ég nei.

Brtt. 257,11 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 239 felld með 20:6 atkv.
— 238 tekin aftur.
— 269 felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG.

nei: ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, BG.

4 þm. (GTh, JPálm, JJ, SK) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þar sem ég hef gengið inn á þetta samkomulag, segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þar sem hv. fjhn. hefur að hálfu leyti gengið inn á brtt. mína, sem ég flutti við 2. umr. málsins, mun ég láta við það standa og segi því nei.

Brtt. 257,12.a samþ. með 24:1 atkv.
— 257,12.b samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, BG.

nei: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

4 þm. (JPálm, JJ, SK, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 263 felld með 18:8 atkv.
— 262 felld með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SigfS, SG, StgrSt, ÁkJ, EOl, HermG, KTh.

nei: ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, BG.

4 þm. (SK, GTh, JPálm, JJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Eins og ég hef áður sagt, þá tel ég, að þessu þingi megi ekki ljúka svo, að þessi mál séu ekki tekin til athugunar. En hins vegar hef ég flutt frv. um þetta efni, sem nú er til meðferðar í þinginu, og ég mun gera kröfu til, að það frv. komi til atkvgr. og þar með þetta mál til afgreiðslu. En meðan ekki er séð fyrir, hvaða afgreiðslu það frv. fær, tel

ég ekki ástæðu til að blanda því saman við þetta mál og segi því nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel þessa till. ekki eiga heima í þessu máli og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, BG.
nei: ÁkJ, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG.
4 þm. (GTh, JPálm, JJ, SK) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Áki Jakobsson: Þar sem ákvæði frv. þessa nægja engan veginn til þess, að útvegurinn komist af stað, en hins vegar er um stórfelldar álögur á almenning að ræða, þá segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með tilvísun til grg. þm. Siglf. segi ég nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég er að vísu andvígur þeirri tvöföldun á söluskattinum, sem felst í frv., og hefði talið æskilegra, að þess fjár, sem þessari hækkun er ætlað að færa ríkissjóði, væri aflað á annan hátt. En þar sem hér er um að ræða lið í heildarsamkomulagi stjórnarflokkanna um þetta mál, læt ég það ekki ráða afstöðu minni til málsins í heild, en ég tel nauðsynlegt, að það nái fram að ganga, og segi því já.

Hallgrímur Benediktsson: Með það fyrir augum, að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og í því trausti, að Alþ. taki fjárhagsmálin til athugunar, segi ég já.

Lúðvík Jósefsson: Nei, með skírskotun til grg. þm. Siglf.

Frv. afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 270).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar fjárlagaræðan var flutt í haust, notaði ég tækifærið til að benda á, að dýrtíðargreiðslur ásamt fiskábyrgð hefðu verið nær 61 millj. kr. á árinu 1947. Sjálf fiskábyrgðin var hér um bil þriðjungur þessarar upphæðar, hitt voru niðurgreiðslur, mest megnis á landbúnaðarvörum, og uppbætur, og þó nokkuð á öðrum vörum, en ekki í stórum mæli. Ég gat þess og, að útlit væri á, að á yfirstandandi ári mundum við þurfa enn hærri upphæð, og líklegt væri, að ekki minna en 70 millj. kr. mundi fara til þessara greiðslna á árinu 1948, en fiskuppbæturnar verða hlutfallslega miklu minni 1948. Ég hef áætlað, að varla muni fara minna í þær en kringum 15 millj. kr., en auðvitað er ekki hægt að segja fyrir um þetta með neinni vissu. Hitt fer svo í landbúnaðarafurðirnar, 4½ millj. í útflutningsuppbætur á kjöt o. s. frv.

Það er ekki ný bóla, að við höfum orðið að grípa til þess að halda niðri afurðaverði með því að greiða fé úr ríkissjóði. Sú stefna var upp tekin fyrir nokkrum árum, þegar mönnum þótti dýtíðin vaxa um of, og var þó ekki þá eins langt komið og nú. Samtímis hafa örðugleikarnir á því að halda atvinnuveginum gangandi vaxið, og lífskjör fólksins eru þannig og erfiðleikarnir það miklir að halda uppi heimilum, að vafasamt er, hvort verulegar kauplækkanir eru sanngjarnar, þó að hægt væri að koma þeim í framkvæmd, sem líka er vafasamt. Hins vegar er svo sjávarútvegurinn, sem stendur undir allri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, og því er reynt að bæta erlenda markaðsverðið með greiðslum úr ríkissjóði, þar sem þetta erlenda markaðsverð er ekki nægilegt. En þrátt fyrir þessar uppbætur standa ýmis fyrirtæki höllum fæti, sérstaklega þó vélbátaflotinn, enda hafa líka komið þar til aðrar örlagaríkar orsakir, aflaleysið á síldarvertíðunum. En það virðist enn svo í okkar þjóðfélagi, að hugur manna sé þannig, að um verulegar niðurfærslur sé ekki að ræða, og er ekki heldur þess að vænta, að hægt sé að knýja niður kaupgjald. Það eru margir, sem segja, að uppbæturnar á fisk sé vitleysa, og það eru líka margir, sem segja, að það sé líka vitleysa að reyna að halda niðri verðinu á neyzluvörum með greiðslum úr ríkissjóði. Þeir, sem þetta segja, hafa sjálfsagt mikið til síns máls, en menn hafa ekki enn verið reiðubúnir að ganga inn á slíka niðurfellingu hins opinbera, af henni mundi vissulega leiða atvinnuleysi, og engan langar til að bjóða því ástandi heim. Stj. hefur áður farið sömu götu og nú varðandi niðurgreiðslur, og það sama gerði fyrrverandi ríkisstj. En róðurinn hefur ekki orðið léttari, hann hefur frekar þyngzt en létzt vegna aflaleysis vélbátaflotans. Efnahagur útvegsmanna er og sýnu verri en áður, og þeir hafa minna þol til þess að standa undir opinberum gjöldum, vöxtum, afborgunum og vátryggingargjöldum og þess vegna tilhneigingu til þess að stefna hærra í kröfum sínum. Landbúnaðurinn stendur hins vegar svo að segja með pálmann í höndunum, þar sem hann hefur fengið lögfest verð á sínum vörum og verður að hlíta því, meðan annað er ekki í lög tekið. Eftir það geigvænlega aflaleysi, sem var í sumar, var það sýnt að reyna þurfti að innleysa lögveðskröfur og sjóveðskröfur með opinberri hjálp. Það var ef til vill neyðarúrræði, en þó úrræði, og nýlega hefur Alþ. samþ. l., sem ganga í þá átt. Ríkisstj. hefur enn fremur þótt nauðsyn bera til að freista þess enn að framlengja ábyrgð ríkisins á fiskverðinu á sama hátt og gert var á s. l. ári. Mörgum þykir það verð, sem unnt er að ábyrgjast, of lágt, og er það rökstutt með ýmsu móti, en geta ríkissjóðs verður að vera nokkurt takmark fyrir því, hve langt er gengið í því efni. Það hefur þess vegna ekki þótt kleift, eins og hag ríkissjóðs er komið, m. a. vegna óárana fyrri ára, að hækka ábyrgðarverðið. Það er nú vitað, enda þótt kröfur útvegsmanna séu ekki

með öllu órökstuddar, að kröfur stéttanna í þessu landi eru mjög á baugi, og ekki ofmælt það, sem einn nafnkunnur gáfumaður sagði nýlega í erindi, er hann hélt 1. des., að um nokkurt skeið hafi raunar öll þjóðin verið í kröfugöngu. Erfiðleikar útvegsmanna eru raunar svo miklir, að ekki getur talizt undarlegt, þótt þeir stefni nokkuð hátt í kröfum sínum, en það er hins vegar ekki hægt að verða við þeim óskum til fulls.

Frv. hefur nú gengið gegnum Nd. og þar hefur verið á það fallizt að hækka nokkuð þá fjárfúlgu, sem hugsuð er til aðstoðar útveginum, samkv. till. fjhn. deildarinnar og samtölum hennar við ríkisstj. Í fyrrgreindri fjárlagaræðu minni taldi ég nauðsyn á, að ríkissjóður sjálfur yrði losaður við að standa undir þessum ábyrgðargreiðslum. Samþykktir Landssambands íslenzkra útvegsmanna um leiðir hafa ekki fengið byr hjá sérfræðingum né meiri hluta ríkisstj. En hitt — að safna í sérstakan sjóð til þess að mæta niðurgreiðslunum — var farið inn á og ákveðið að stofna dýrtíðarsjóð svokallaðan, og honum á svo að afla tekna eins og segir í III. kafla frv. Það hirði ég ekki um að rekja; hv. þm. er það kunnugt af umræðunum í Nd., auk þess sem það liggur skjallega fyrir. Það er nú líklegt, og enda sýnilegt af þeim brtt., sem fram komu við frv. í Nd., að ekki muni allir á eitt sáttir um það, hvar taka skuli fé, en atkvgr. við endanlega afgreiðslu frv. sýndi þó, að yfirgnæfandi meiri hluti í þeirri deild féllst á að samþykkja fiskábyrgðina og fjáröflunarleiðirnar í öllum aðalatriðum. Það hefur verið reynt að stilla svo til um gjaldahækkanirnar, að þær kæmu ekki niður á almennum neyzluvörum að öðru leyti en því sem áhrærir söluskattinn, heldur hefur verið lagt á ýmis tæki og vörur, sem ekki eru að vísu óþörf, en teljast ekki til brýnna lífsnauðsynja manna. Hér er viðleitni til þess m. ö. o. að ráðast sem minnst á lífskjör almennings. Hitt er annað mál, hvort þetta verður nægilegt til að standa undir þeim gjöldum, sem til hefur verið stofnað, því að það eitt er víst, að ef eftir verða 28 þús. tonn af hraðfrystum fiski og dýrtíðin helzt, verður það ekki minni upphæð árið 1949 en á árinu 1948, sem þarf að leggja fram í þessu skyni. Saltfiskframleiðslan er líka nokkuð þung á metunum um uppbótargreiðslur, því að þrátt fyrir það að í raun og veru sé hægara að selja saltfisk, er þó það verð, sem ábyrgzt hefur verið á þessu ári, langt fyrir ofan það, sem hægt er að selja fiskinn fyrir gegn greiðslu í frjálsum gjaldeyri. Hann hefur hins vegar verið seldur fyrir lírur fyrir sem næst venjulegt ábyrgðarverð, en líran er ekki frjáls gjaldeyrir. Með þessu frv. er þannig gerð tilraun til að forða stöðvun framleiðslunnar. Sumir segja, að það sé ekki nægileg aðstoð veitt útveginum, — það verði ekki farið út með þessu móti, eins og þeir komast að orði. Ég er nú ekki á því, að sá spádómur reynist réttur. Og hitt er víst, að útgjöldin til fiskábyrgðar og kjötuppbóta eru það há, að óhætt er að segja, að það er teflt á yztu nöf, hvað sem öðru líður.

Það getur skeð, að ég hafi ekki farið nóg í einstök atriði frv., en það mun þá gefast tækifæri til þess síðar í sambandi við fyrirspurnir, er fram kynnu að koma. En ég vil skýra frá því, að í viðbót við þær umbætur frá sjónarmiði útvegsmanna, sem gerðar voru á frv. í Nd., þá gaf ég fyrir hönd ríkisstj. þá yfirlýsingu, að bátaútvegsmenn skyldu á komandi ári njóta sömu friðinda í sambandi við sölu hrogna og í ár og að athugað skyldi, að hve miklu leyti mætti fara frekar inn á þá leið, ef um væri að ræða vöru, sem ekki hefði selzt fyrr á erlendum markaði.

Ég vil svo að endingu mælast til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar verið er að ræða um það frv. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, þá er naumast hægt að komast hjá því að minnast nokkrum orðum á svokallaða baráttu ríkisstj. gegn dýrtíðinni, sem hún hefur talið sitt höfuðverkefni. Hv. þm. muna það eflaust allir, er hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að hún taldi það sitt höfuðverkefni að lækka dýrtíðina, sem þrátt fyrir það lætur ekkert á sjá og er reyndar ekki minni en þá, ef að er gáð. Það vill nefnilega svo undarlega til, að raunverulega hefur barátta hæstv. ríkisstj. miðað að því einu að auka dýrtíðina, — í fyrsta lagi með því að gera stöðugt ráðstafanir til þess að hækka vöruverðið; í öðru lagi með því að binda kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig, hvað sem raunverulegri verðlagsvísitölu líði, lækka á þann hátt laun allra launþega og gera þeim erfiðara og erfiðara fyrir að kaupa þær lífsnauðsynjar, sem þá á annað borð er unnt að fá.

Eitt fyrsta verkefni hæstv. ríkisstj. var það að fá samþykktar gífurlegar tollahækkanir í ársbyrjun 1947. Þær voru síðan framlengdar fyrir árið, sem nú er að líða, og enn eru nú gerðar ráðstafanir til þess að láta þær enn gilda, gera þær að fastri reglu og tekjustofni. Það lætur nærri, að hækkunin á vöruverðinu nemi um 50 millj. vegna tollanna á ári. Þá hefur ríkisstj. líka beitt sér fyrir söluskatti á allar neyzluvörur. Var hann áætlaður um 17 millj. kr. um s. l. áramót. Og nú beitir hæstv. ríkisstj. sér fyrir því að hækka hann um helming, eða í 34 millj., og þó sennilega öllu meira. Þessi uppskrúfun öll hlýtur að koma fram sem hækkað vöruverð. Það má nefna benzínskattinn til dæmis. Það er augljóst, að endanlega verkar hann mjög í þá átt að hækka vöruverðið og þá einkum á landbúnaðarvörum.

Síðast en ekki sízt eru í þessu frv. hæstv. ríkisstj. ákvæði um það, að teknir skuli nýir skattar, sem nema 14—18 millj. kr. og verka líka til hækkunar á vöruverðinu. Það nemur þannig þegar á annað hundrað millj. kr., sem ráðstafanir ríkisstj. hafa hækkað vöruverðið. Þar við bætist svo, að á tolla af aðfluttri vöru er innflytjendum leyft að leggja ásamt vöruverðinu, svo að þessar verðhækkanir munu nema mjög mikið á annað hundrað millj. kr. — og sést þá árangurinn af baráttu hæstv. ríkisstj. við dýrtíðina. Það er einkennandi, að árangurinn er svo stórkostlega hækkað vöruverð. Hins vegar er svo með löggjöf lækkað kaup

launþeganna með bindingu vísitölunnar. Og það verður ekki annað sagt en að þetta frv., sem hér er til umræðu, gangi í sömu átt og áður hvað þessa stefnu ríkisstj. snertir.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En þar sem það hefur verið látið í veðri vaka af ríkisstj. og málgögnum hennar, að þessar ráðstafanir þurfi að gera til að bjarga atvinnuvegunum og fyrst og fremst vélbátaútveginum, þá get ég ekki stillt mig um að benda á, að það virðist hafa verið lögð áherzla á að móta umræður um þetta mál svo, að allar þessar álögur séu nauðsynlegar til þess að bjarga þessum vesalings atvinnuvegi. Einkum kemur þessi tilhneiging greinilega fram í Vísi frá í dag. Ríkisstj. hefur ákveðið að hlaupa undir bagga með vélbátaútveginum, og í því augnamiði þykist hún verða að afla 70 millj. kr. með nýjum álögum á ári. Og í þessu sambandi er lögð áherzla á það, hve mikill ómagi vesalings bátaútvegurinn sé á landslýðnum og honum verði ekki bjargað nema með „drastískum" aðgerðum. Nú er þetta hins vegar gersamlega rangt. Sú fjárhagslega aðstoð, sem veita á bátaútveginum, er aðeins lítill hluti af þeirri upphæð, sem áætlað er að taka af landslýðnum með frv. Hæstv. fjmrh. hefur a. m. k. áætlað, að ekki þurfi nema 14—15 millj. kr. til að standa undir þeirri ábyrgð, sem í ár var tekin á fiskinum. Í umr. í Nd. hefur því verið haldið fram með sterkum rökum, að ekki sé ólíklegt, að þessi upphæð yrði ca. 10 millj. kr. Hæstv. ráðh. hefur auk þess viðurkennt, að 14—15 millj. kr. áætlunin hafi verið gerð áður en samið var um Marshallsöluna, og hann hefur ábyggilega reiknað með að verðbæta það, sem þá var eftir af frosna fiskinum, en það þurfti svo ekki að gera, þegar til kom. En hvor talan, sem rétt er, — 10 eða 14 millj., er það þó tiltölulega lítill hluti af þeim 70 milljónum, sem í ráði er að taka af landsmönnum með þessu frv. .... Ég er að tala um umr. almennt og málgögn hæstv. ríkisstj. og var að lesa úr einu áðan. En ég vil mótmæla því, að verið sé að gera þessar ráðstafanir til að bjarga útgerðinni, hér er fyrst og fremst um almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða. Bátaútvegurinn þarf nokkra aðstoð, og hún er að nokkru veitt í frv., og á ég þar fyrst og fremst við I. kaflann. Og það er nauðsynleg aðstoð, sem vélbátaútvegurinn verður að fá til þess að geta starfað, einkum með tilliti til vinnuafls. Sósfl. hefur alltaf staðið að slíkum málum, þegar þau hafa komið fram, og lagt fram frv. um þessi efni. Það, sem við höfum einkum að athuga við þetta frv., er, að of skammt sé gengið með ábyrgðinni, og að hún sé ekki nægilega há, 65 aurar, eins og verið hefur tvö undanfarin ár. Þetta er ekki nægilegt fyrir vélbátana, en að sjálfsögðu má deila um, hve há hún skuli vera. Útvegsmenn vilja hana 88 aura og sósíalistar 70 aura í stað 65 aura. Nú mun ríkisstj. hafa fengið nokkra vitneskju um það, eftir að frv. kom fram, að útvegsmenn eru fyllilega þeirrar skoðunar, að þetta muni ekki nægja, og að nokkur tvísýna sé á, hvort útgerðin muni fara af stað, verði þetta 65 aura verð lögbundið. Því var sú breyting gerð á frv. á síðustu stundu í Nd., sem hæstv. sjútvmrh. nú hefur lýst, að til viðbótar við 65 aura ábyrgðina sé nú ríkisstj. heimilað að verja allt að 5 millj. kr. til lækkunar á framleiðslu sjávarafurða. Ef fallizt hefði verið á tillögur sósíalista um 70 aura ábyrgðina, hefði sá mismunur orðið 6½ millj. kr. Það hefði sem sé kostað ríkissjóð 6½ millj. kr., ef farið hefði verið eftir till. sósíalista. En nú hefur ríkisstj. eftir samningana við útvegsmenn ákveðið að heimila 5 millj. kr. aukaframlag. Það, sem á milli ber, er því aðeins 1½ millj. kr., eða einber hégómi. Það getur því ekki verið um það að ræða, þegar hæstv. ríkisstj. vildi ekki hækka ábyrgðarverðið um 5 aura, heldur eitthvað annað. Það er nokkuð auðséð, að það er handhægara fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa þessa heimild, 5 millj. kr., sem hún getur ráðstafað að vild, þar sem í lögum felast engin ákvæði um, hvernig þeim skuli varið. Það er óvenjulegt, að Alþ. gefi slíka heimild, þar sem ekkert liggur fyrir um það, hvernig skipt skuli. Það hefði verið miklu sæmra og þinglegra, þegar hæstv. ríkisstj. sá, að útgerðarmenn vildu ekki fallast á þetta verð og hún varð að hækka upphæðina um 5 millj., að hækka ábyrgðarverðið í 70 aura, eins og sósíalistar höfðu lagt til. En svo er vert að minna á annað í þessu sambandi, að jafnvel þótt ríkissjóður hafi orðið að taka á sig nokkrar greiðslur fyrir útgerðina, þá hefði verið hægt að komast hjá þeim, ef afurðasalan hefði verið öðruvísi. Því hefur verið haldið fram, að hægt hefði verið að fá hærra verð fyrir sjávarafurðir og létta þannig þessari upphæð af ríkissjóði, og um leið hefði útveginum verið tryggt, að hann gæti sjálfur staðið undir sér.

Á síðasta þingi fluttu sósíalistar frv., sem stefndi að því að lækka kostnað á meðalbát um 50—60 þús. kr., og hefði það verið nægilegt til þess, að útgerðin hefði verið fjárhagslega tryggð, og um leið létt verulega á ríkissjóði. Sósfl. hefur enn lagt frv. fram, en í fyrra vildi hæstv. ríkisstj. ekki líta við því og svo fer sennilega einnig nú. En hún getur þá sjálfri sér um kennt, ef útgjöldin verða hærri en efni standa til. Sósfl. hefur bent á, að hægt er að lækka framleiðslukostnaðinn, þannig að bátaútvegurinn geti komizt af án aðstoðar ríkissjóðs, sem nú er talið nauðsynlegt.

Og það er leiðin, sem fara á. Í þessu frv. eru fleiri ráðstafanir en þessi ábyrgð, sem taldar eru mikils virði. II. kaflinn fjallar um aðstoð til síldarútvegsmanna. Í þessum kafla er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé gefin heimild til að gefa þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar hafa stundað síðan 1945 og orðið hafa fyrir skakkaföllum, upp skuldir, þ. e. að gefa þeim upp bráðabirgðalán, sem ríkið veitti 1945 og 1947 og sjóveðskröfur, sem innleystar verði eftir heimild á Alþ. nýlega. Upphæð þessi mun nema um 15—16 millj. kr. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast á, hvernig ríkisvaldið hefur komið fram gegn síldarútvegsmönnum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvernig ríkisstj. hefur hagað sölu á afurðum þeirra síðan hæstv. núverandi ríkisstj. tók við. Það vita allir, að síldarlýsið er ein útgengilegasta varan, sem við Ís-

lendingar höfum, og er bókstaflega slegizt um að fá hana keypta. Þessa vöru hefur hæstv. ríkisstj. selt lægra verði en hægt var að fá. Tonnið var selt á ca. 95 pund, þegar frjálst verð á tonninu var ca. 130 pund. Með þessu móti hefur ríkisstj. tekið af síldarútvegsmönnum um 900 kr. af hverju tonni, sem út er flutt. Framleiðslan 1946 og 1947 mun hafa verið um 45—50 þús. tonn hvort árið. Ég veit ekki nákvæmlega um framleiðsluna á þessu ári, en í september var búið að flytja út um 45 þús. tonn, — ég veit ekki nákvæmlega, hve mikið hefur þá verið eftir, en þykir sennilegt, að það hafi verið um 5 þús. tonn. Þetta þýðir, að ríkisstj. hefur tekið 45—50 millj. kr. af síldarútvegsmönnum, sem hún hefur síðan ráðstafað til að bæta aðra vöru til að firra ríkissjóð ábyrgð gagnvart öðrum. Eða með öðrum orðum, þegar verið er að tala um, að gefa eigi síldarútvegsmönnum 15—16 millj. kr., þá er verið að skila þeim aftur nokkrum hluta þess, sem þeir áttu, eða verið að láta þá hafa fé til baka, sem þeir siðferðislega eiga hjá ríkissjóði, eða um ⅓ hluta þess, sem af þeim var haft með þeim ráðstöfunum, sem ég nefndi áðan. Það er eftirgjöfin! En það er ekki gert án skilyrða. Í 13. gr. er talað um skilyrði þau, sem fullnægja þarf til þess að fá eftirgjöf, skilyrði til að fá aftur sína eigin peninga. Fyrsta skilyrðið er, að útgerðarmaður sé vel hæfur að dómi skilanefndar. Ekki er gott að vita, hvaða eiginleika hann þarf að hafa til að bera til að njóta þessara hlunninda. Varla þeir, sem eru ábyrgðarlausir, eins og sagt er um stjórnarandstöðuna, sem svo sterk orð eru höfð um. Ef útgerðarmenn eru stjórnarandstæðingar, fá þeir því varla eftirgjöf. Í 4. tölulið þessarar gr. er sett sem skilyrði, að útgerðarmaður fái nægilegan afslátt, eins og stóð í frv., hjá öðrum lánardrottnum sínum. Ef það ekki tækist, átti að vera heimild til að taka útgerðarmanninn til lögbundinna skuldaskila. (*Fjmrh.*: Þeir verða að óska þess sjálfir.) Já, því var breytt til batnaðar, svo að nú er það ekki hægt, nema þeir óski þess sjálfir. En ef þeir óska ekki eftir slíkri gjaldþrotameðferð, verða þeir ekki aðnjótandi hlunnindanna. Athuga verður við skuldaskilin, að samkv. 18. gr., áður 17. gr., ná skuldaskilin ekki yfir skuldir, sem tryggðar eru með veði, eins og segir í 5. tölulið. Það þýðir, að bankarnir eiga ekki að gefa eftir sínar skuldir. Það, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera að seilast eftir með frv. þessu, er að þvinga fram eftirgjöf á lausaskuldum bátaútvegsins, þvinga fram vanskil við þá, sem bezt hafa treyst útgerðarmönnunum og ekki heimtað tryggingu. Það virðist vera markmið hæstv. ríkisstj. með kafla þessum eins og hann er byggður upp. Nú, það virðist vera í samræmi við skoðun og túlkun stj., sem kom fram í sambandi við annað frv. hér nýlega, sem var afgreitt og er orðið að lögum, þar sem haldið var til streitu, að gefinn yrði gjaldfrestur um ákveðinn tíma á lausaskuldum útgerðarmanna til að reyna að pína fram eftirgjafir á þeim hjá þeim aðilum, sem útgerðarmönnum er nauðsynlegt að hafa góð samskipti við. Ef útgerðarmenn glata trausti þessara aðila, eru miklir erfiðleikar fram undan fyrir útgerðina í landinu, og það er mjög hætt við, að svo verði vegna þessara aðgerða. Ég álít, að sú hjálp, sem talin er felast í II. kafla þessa frv., geti verið mjög hæpin, enda er vitað, að sá kafli er settur inn án nokkurs samráðs við samtök útvegsmanna, meira að segja þvert ofan í samþykktir samtaka þeirra á undanfarandi fundum og þingum þeirra, og fer ekki hjá því, að stj. sé kunnugt um þær samþykktir, enda mun það fyllilega hafa komið í ljós, eftir að farið var að ræða þetta frv. hér í þinginu, að útvegsmenn hafi látið til sín heyra, bæði út af fyrsta og öðrum kaflanum, og hefur það orðið til þess, að stj. hefur þó orðið að gera nokkrar breytingar á frv. síðan það kom fram, og er þó ekki langt síðan.

Ég álít, að fiskábyrgðin sé ófullnægjandi og að sú aðstoð, sem talin er í II. kafla, sé enn þá hæpnari og að það hefði þurft allt aðrar aðferðir til úrbóta. Ég álít réttmætt, að síldarútvegsmenn hefðu fengið eftirgefin þau kreppulán, sem þeir eru taldir skulda ríkinu, það er raunverulega siðferðisleg skylda, og þá hefði ekki þurft skuldaskil þau, sem um ræðir í þessum kafla. Hins vegar hefur Sósfl. lagt fram sitt frv. um þetta efni, og bent á sínar leiðir, sem koma útvegsmönnum og útgerðinni til hjálpar í raun og veru. Í fyrsta lagi er þar gert ráð fyrir hærra fiskábyrgðarverði, eins og ég hef minnzt á. Önnur aðaltillaga Sósfl. er sú, að útvegsmenn fái nokkurn hluta þess gjaldeyris, er þeir afla, til eigin ráðstöfunar, en eins og kunnugt er, þá eru fiskafurðir og fiskur mjög mikill hluti af allri útflutningsframleiðslu landsmanna. Ég heyrði hv. þm. Ísaf. nýlega segja það í hv. Nd., og hann er manna kunnugastur þessum málum, að útflutningsverðmæti það, sem bátaútvegurinn skapar, væru þrír fjórðu hlutar af öllum útflutningstekjum þjóðarinnar. En jafnvel þó að svo væri ekki, þá er hitt þó staðreynd, að hér er um verulegan hluta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar að ræða. Það virðist því engin fjarstæða, að útvegsmenn fái a. m. k. nokkurn hluta af þessum gjaldeyristekjum til ráðstöfunar, það gæti verið þeim mjög verðmæt aðstoð í þeim þrengingum, sem þeir eiga nú í og m. a. eru kallaðar yfir þá af ríkinu sjálfu. Í fyrsta lagi gætu útvegsmenn notað þann gjaldeyri, sem í þeirra hlut kæmi, til að kaupa nauðsynjavörur til útgerðarinnar, og þá fyrir mun lægra verð en ella, og þannig sparað rekstrarútgjöld sín að verulegu leyti. Í öðru lagi er svo ráð fyrir gert, að þeir megi nota nokkurn hluta af þeim gjaldeyri, sem þeir fá til umráða, til að kaupa aðrar vörur en beinlínis þarf til atvinnurekstrarins og njóta hagnaðarins af sölu þeirra, og er það auðvitað bundið því skilyrði, að innflutningsyfirvöldin leyfi það. Munurinn er þá sá frá því, sem er, að útvegsmönnum er gefinn kostur á nokkru af þeim hagnaði, sem aðrir, þ. e. heildsalarnir, fá nú. Og þegar athugað er, hve gífurlegur gróði er að ýmiss konar innflutningi og að sá gróði rennur í vasa auðugustu manna þjóðarinnar, en ekki til þeirra, sem skapa mest af gjaldeyrinum, þá sýnist ekki óeðlilegt að aðstoða aðþrengda útvegsmenn í þessu formi, taka nokkurn hluta gjaldeyrisins úr vörzlu heildsalanna og fá hann útgerðar-

mönnum í hendur. Ég held, að það yrði ekki illa séð meðal alþýðu manna, þótt ofur lítill spónn væri tekinn úr aski heildsalanna og fenginn útvegsmönnum, sem mest hafa til matarins unnið. Í þriðja lagi hefðu útvegsmenn með þessum aukagjaldeyri sömu möguleika og stj. er nú að reyna að notfæra sér til að selja þennan gjaldeyri svo að segja á svörtum markaði. Það er að vísu álitamál, hvort slíkt er heilbrigt yfirleitt, en það er a. m. k. ekki vítaverðara af útvegsmönnum en ríkisstj., sbr. t. d. 29. gr þessa frv. Með þessu frv. er stj. komin inn á þá braut að selja gjaldeyri til ákveðinna nota á svartamarkaðsverði, það þarf að greiða allt að tvöfalt verð fyrir gjaldeyrinn, svo að hér er raunverulega ekki um annað en svartamarkaðsverð að ræða. En þó að þessi leið væri ekki æskilegust til aðstoðar útvegsmönnum í erfiðleikum þeirra, tel ég það a. m. k. ekki vítaverðara að leyfa þeim að fara hana en að stj. sjálf skuli lögleiða svartamarkaðsverð. En það, sem við sósíalistar leggjum áherzluna á til aðstoðar útvegsmönnum auk þess, er ég hef nefnt um gjaldeyrinn, er það, að komið verði á verulegum sparnaði á rekstrarútgjöldum bátanna. Það væri hægt að spara 50—60 þús. kr. á bát, og þar með væri í flestum tilfellum komið í veg fyrir, að þeir væru reknir með halla, og er þessu lýst með rökum í tillögum okkar sósíalista. Í öðru lagi sé farið inn á þetta nýmæli, að veita útvegsmönnum hlutdeild í ráðstöfun gjaldeyrisins, og hagnast á því beint og óbeint. *(Fjmrh.:* Þessu var ég að halda fram í fjárlagaræðu minni.) Þá hefur hæstv. fjmrh. horfið frá því. Þær hugmyndir, sem hann mun þá hafa verið að tæpa á, voru *óskýrar og allt aðrar en hugmyndir* okkar sósíalista með þessu. Með okkar tillögum er verið að tryggja afkomu bátaútvegsins á raunverulegan hátt. Ríkisstj. þarf ekki að úthluta styrkjum handa útvegsmönnum, heldur er það hennar hlutverk að koma þessum mikilvægasta atvinnuvegi landsins á heilbrigðan og rekstrarhæfan grundvöll, og það er það, sem útgerðarmenn vilja. Þótt hugmyndir manna hafi kannske verið meira eða minna á reiki um það, hvernig að þessu ætti að fara, þá hefur þetta verið grundvallarsjónarmið útgerðarmanna.

Sósfl. hefur að íhuguðu máli lagt fram sínar tillögur í þessu efni, þær tillögur, sem hann telur heilbrigðastar og happadrýgstar. Og þær eru áreiðanlega haldbetri en allar tillögur þessarar stj. fyrr og nú í þessum efnum, allar tillögur hennar, sem hér hafa verið til umræðu eða afgreiddar.

Gísli Jónsson: Ég vildi mega óska eftir því, að hæstv. forseti mæltist til þess að einhver af hæstv. ráðherrum væri hér viðstaddur þessa umræðu. *(Forseti:* Forseti á mjög bágt með það að ráða við það, hverjir eru við og hverjir ekki. En hann gæti náttúrlega frestað fundi, ef þess væri óskað.) Ég vil benda hæstv. forseta á, að ég er að óska eftir þessu af því, að ég tel það nauðsynlegt, að einhver ráðherranna sé hér viðstaddur. Vegna þess að hugað er að ljúka þessu máli hér í nótt og búizt er við því, að brtt. nái ekki fram að ganga, er mér nauðsynlegt að bera fram fyrirspurnir til ráðherra, sem mikilsvarðandi eru í sambandi við afgreiðslu málsins og ég óska eindregið eftir, að ráðherra svari hér í deilinni. Ég sé nú, að hæstv. fjmrh. er kominn, og get ég þá haldið áfram máli mínu.

Já, ég sagði, að ég hefði sérstaklega óskað eftir, að einhver úr hæstv. ríkisstj. væri hér viðstaddur, með tilvísun til þess, hvernig mál þetta ber að og hvernig með það hefur verið farið á s. l. sólarhring og hversu fljótt er ætlazt til, að það gangi í gegnum þessa hv. d. Ég mun því gera fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, sem ég teldi mikilsvarðandi, að svarað yrði á þann veg, að til bóta mætti vera fyrir málið í heild. Ég vil þá leyfa mér að benda á, að þetta mál er nú fyrst að koma fyrir þessa hv. d. rétt fyrir jólin, eftir að þing hefur setið á þriðja mánuð. Og þó er þetta ekki einasta aðalfrumvarp þingsins, sem öll þjóðin hefur beðið eftir með óþreyju og aðalatvinnuvegur þjóðarinnar veltur á á næsta ári, heldur er hér um það mál að ræða, sem núverandi ríkisstj. hefur sérstaklega tekið að sér að leysa og hún í upphafi taldi sitt aðalverkefni að glíma við. Það er því í hæsta máta kynlegt, svo að ekki sé meira sagt, að búið skuli vera að ráða málinu til lykta, áður en það kemur til þessarar deildar og þar með útiloka allar breytingar, einkum þó þegar vitað er, að mikill fjöldi þm. er mjög andvígur því, eins og það var samþ. í neðri deild. Umræður um málið í þessari hv. d. eru með öðrum orðum eingöngu til málamynda, en ekki til að sníða af því auðsýnilega agnúa, sem á því eru. Því vildi ég, að hæstv. sjútvmrh. væri hér viðstaddur umræðurnar, ef hann gæti mildað þessa agnúa eitthvað með yfirlýsingum hér í deildinni um framkvæmd laganna, er til kemur.

Fyrir tveimur árum, eða 28. des. 1946, voru sett hér lög nr. 97, þar sem í fyrsta sinn var farið inn á þá braut að ábyrgjast verð fyrir fisk á Íslandi, aðalútflutningsvöru landsmanna. Þá stóð líkt á og nú. Þá var málinu að miklu ráðið til lykta í hv. Nd. eins og nú. Þessi hv. deild fékk málið að kvöldi til og átti að afgreiða það á einni nóttu, rétt eins og nú. Var þá svo frá málinu gengið í Nd., að ábyrgðarverðið var ekki einasta ákveðið 65 aurar, heldur var þá og jafnframt fyrir harðfylgi Framsfl. tekið út úr frv. ákvæði, er tryggði, að ríkið bæri ekki þungann af ábyrgðinni, heldur útvegsmenn sjálfir, þ. e. a. s. síldarútvegsmenn. Einnig var þar þá sett inn í frv. ákvæði um að taka fulla ábyrgð á landbúnaðarvörum, sem út kynnu að verða fluttar árið 1947 á því verði, sem greitt yrði til bænda fyrir sömu vöru selda innanlands. Og hvort tveggja var þetta gert án þess að tryggja ríkinu nokkrar tekjur, er kæmu í móti. Allur ábyrgðarþunginn var þannig lagður á ríkissjóðinn án þess að tryggja tekjur á móti.

Sjálfstæðismenn hér á þingi bentu þá á, að hér væri verið að taka óheillastefnu, sem hlyti að leiða til greiðsluerfiðleika ríkissjóðs, ef frá henni væri ekki horfið. Urðu um þetta töluverð átök hér í hv. Ed. Ég beitti mér þá fyrir því, að ábyrgðin á útfluttu kjöti yrði felld niður, og náði það fram að ganga. Var mér eigi alllítið lár að

ganga þannig í berhögg við hagsmuni bænda og því spáð, að bændur mundu muna mér það við næstu kosningar og endurgreiða mér þá frammistöðuna. Einnig var þá hér í hv. Ed. sett inn það skilyrði fyrir ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu, að kúfurinn af síldarverðinu skyldi tekinn til að standa undir væntanlegum útgjöldum í þessu sambandi. Þá var því lýst yfir hér á Alþ. af sjálfstæðismönnum, að þessi lagasetning væri aðeins tilraun til að koma útgerðinni á stað í það sinn, en ætti ekki að endurtaka sig. En árið eftir tóku nýir menn við stjórn landsins, og nú hefur sagan ekki einasta endurtekið sig hvað snertir fiskverðið, heldur hefur verð gengið miklu lengra inn á þessa braut, þar sem nú hefur verið ákveðið, að einnig skuli veittar uppbætur fyrir útflutt kjöt, og engin trygging er lengur fyrir því, að sjómenn og útvegsmenn beri sjálfir þungann af ábyrgðinni á fiskverðinu, heldur lendir sá þungi allur á ríkinu. Og afleiðingin hefur orðið sú, að með útfluttu kjöti varð að greiða um 4 millj. kr. á síðasta ári, en allar ábyrgðir og uppbætur, sem ríkið varð að greiða vegna atvinnuveganna, voru um 70 millj. kr. Þessi óheillastefna, sem sjálfstæðismenn vöruðu við að ganga inn á 1946, hefur þannig eflzt í tíð núverandi hæstv. ríkisstj., þannig að nú er stefnt í hreina ófæru. Nú sannast það, sem við bentum á 1946, að ríkið getur ekki tekið þessa áhættu og að nauðsynlegt er að fara aðrar leiðir. Ég er ekki að ásaka hæstv. ríkisstj. með þessum orðum mínum, heldur er ég að benda á, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefði þurft að taka miklu fastari tökum og undirbúa það betur en gert hefur verið. Og þó að frv. verði að lögum í nótt, er það skoðun mín, að ríkisstj. beri að taka þessi mál fljótlega til nýrrar yfirvegunar, því að þessi leikur verður tæplega leikinn 1949, nema eitthvert sérstakt happ komi til. Það er ég hárviss um.

Þegar lögin um dýrtíðarráðstafanir voru samþ. hér í fyrra, þá urðu afar hörð átök milli útgerðarmanna og ríkisstj., því að útvegsmönnum þótti þá eins og nú verðið of lágt. Þá var borið sáttarorð á milli á síðustu stundu. Meðal þeirra loforða, sem þá voru gefin, var loforð um aflatryggingasjóðinn, sem komið skyldi á með sérstakri löggjöf og sérstöku fjárframlagi. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað líður því máli? Standa vonir til þess, að lög um afla- og hlutatryggingasjóð sjómanna verði afgreidd á þessu þingi og þar með uppfyllt það loforð, sem gefið var útgerðarmönnum fyrir ári síðan. Það er ekki lítið atriði fyrir útgerðarmenn að fá að vita alveg ákveðið um, hvers þeir megi vænta um þetta mál, þar sem vitað er, að til þess var ætlazt, að einmitt þessi væntanlegi sjóður yrði til þess að standast þau áföll, sem kæmu vegna aflaskorts, og að af þeim ástæðum þyrfti ekki að leita til ríkissjóðs til þess að fá eftirgjöf á rekstrarhalla, sem beinlínis stafaði af aflaskorti. Þeim er því mjög umhugað um að fá að vita, hvað líður þessu máli og hvort gengið verði þannig frá því, að þeir megi treysta því að þurfa ekki að gera fleiri göngur til Alþ. eða ríkisstj., þótt aflaskortur verði í framtíðinni, heldur geti sent sínar sjálfsögðu kröfur til þessa sjóðs, sem lofað var, að skyldi settur á stofn með ákveðnum sköttum í sambandi við dýrtíðarráðstafanir í fyrra. Göngur útgerðarmanna til ríkisstj. hafa engan veginn verið léttar, hvorki fyrir hæstv. ríkisstj. né útgerðarmenn, og kannske enn þyngri fyrir útgerðarmenn sjálfa. Ég vænti þess því, að hæstv. ráðherra sjái sér fært að lýsa því yfir hér við þessa umr., að strax og þing kemur saman aftur eftir jólafrið, verði þetta mál svo undirbúið, að það verði hægt að ganga frá því á þann hátt, sem lofað var, sem einum lið í því samkomulagi, sem gert var á síðasta ári.

Ég skal þá fara hér nokkrum orðum um sjálft frv., eins og það nú liggur fyrir, og benda á, að enn þá er ekkert samkomulag á milli hæstv. ríkisstj. og þeirra útgerðarmanna, sem aðallega eiga að búa við þessi lög. Það er miklu meira bil á milli þessara tveggja aðila nú en var á sama tíma í fyrra, þegar gengið var frá dýrtíðarlögunum, sem er m. a. vegna þess, að í viðbót við þann ótta, sem þá var hjá útgerðarmönnum um, að ekki væri hægt að reka útgerðina með því verði, sem ákveðið var í fyrra, er nú komin vissan fyrir því, að það er ekki hægt að gera það. Ég vil því vænta þess, að þrátt fyrir alla erfiðleika, sem hæstv. ríkisstj. á í sambandi við þetta mál, þá taki hún til athugunar kröfur og óskir þessara manna, þótt sumar þeirra hafi komið fram á elleftu stundu, og reyni að draga úr þeim verstu agnúum, sem nú eru á frv., ef ekki með breyt. á frv. hér, sem ég býst ekki við, að næðu fram að ganga, þá a. m. k. með yfirlýsingu um sérbætur í framkvæmd laganna, þar sem hæstv. ríkisstj. getur bætt fyrir hinum illa stöddu útgerðarmönnum, ef fé er til þess í dýrtíðarsjóði, því að það eitt gæti leyst þennan vanda, sem nú er framundan. Þá vil ég einnig benda á, að í 2. gr. frv. er nú ákveðið, eins og á tveim undanförnum árum, að greiða skuli kr. 1,33 fyrir hvert enskt pund af hraðfrystum fiski, sem fluttur er út. En það þykir, sem vonlegt er nú orðið, frystihúsunum allt of lágt. Þau eiga því ekki annars kost en annaðhvort að hætta starfrækslu eða að fá einhverjar breyt. á þessu verði, því að þau eiga enga sjóði lengur til þess að standa undir þeim rekstrarhalla, sem vitanlega kemur til með að leiða af verði því, sem skammtað er hér af hæstv. Alþ. og ríkisstj. Til stuðnings máli mínu vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að verð á hráefninu til framleiðslunnar til frystihúsanna var árið 1944 45 aurar. En framleiðsluverðið var þá á hraðfrystum fiski 98 aurar fyrir hvert pund. Þá var fiskurinn frystur með þunnildum og afkoma frystihúsanna því sæmileg. Árið 1945 er fiskverðið enn 45 aurar. Þá er framleiðsluverðið 98 aurar. En þá var ekki leyft að hafa þunnildin með í frystingunni. Og það gerði þann mismun, að frystihúsin urðu þá fyrir töluverðum rekstrarhalla og urðu að taka af sjóðum sínum, sem þau áður höfðu safnað, til þess að mæta rekstrarhallanum. Það varð þó að samkomulagi, að þessu verði skyldi ekki raska á því ári, frystihúsin skyldu ekki hækka kröfur sínar það ár, í trausti þess, að þetta yrði lagað í framtíðinni. Árið 1947 var fiskverðið 65 aurar og þá 1,33 kr. ábyrgð á verði afurðanna.

Frystihúsin sýndu þá fram á það með rökum, að þau þyrftu þá að fá kr. 1,43 fyrir pundið til þess að geta haft sams konar rekstrarafkomu eins og þau höfðu reiknað með að þurfa að hafa árið áður, og sérstaklega miðað við árið 1944. Þetta vildi hæstv. Alþ. þá ekki fallast á og ákvað gegn mótmælum frystihúsaeigenda, að fiskútflutningsverðið skyldi vera kr. 1,33 fyrir pundið. Þetta var svo enn endurtekið á s. l. ári, þegar fiskverðið var einnig ákveðið 65 aurar fyrir kg. til frystihúsanna og fiskverðið til útflutnings kr. 1,33 fyrir enskt pund. Nú hafa þessir menn farið fram á, að fiskverðið verði ákveðið kr. 1,50 til útflutnings, enda sé það það lægsta, sem þeir treysti sér til að reka sín frystihús fyrir. Þau rök, sem þeir hafa fært fyrir þessu máli, eru fyrst og fremst þau, að þeir hafa á undanförnum árum verið af ríkisvaldinu og hæstv. Alþ. þvingaðir til að gera annað tveggja að hætta rekstrinum eða eyða sínum sjóðum, safna skuldum og komast í raun og veru í greiðsluþrot. Þess vegna er nú svo komið, að ekki minna en 80% af öllum frystihúsum á landinu, sem starfa eingöngu við fiskframleiðslu, eru komin í greiðsluþrot, eiga ekki orðið fyrir skuldum. Þetta er orðið svo alvarlegt mál, að þess er ekki að vænta, að menn, sem standa að þessum atvinnurekstri, geti tekið við slíkri jólagjöf eins og þeirri, sem hér er rétt að þeim frá hæstv. Alþ. og ríkisstj. — Önnur rök þeirra fyrir því, að þeir vilja fá hækkað ábyrgðarverðið úr kr. 1,33 upp í kr. 1,50, eru þau, að síðan rætt var um málið á Alþ. síðast, hafa umbúðir til frystihúsanna hækkað í verði sem svarar átta aurum á hvert kg. af fiski. Að vísu má segja, að móti þessu komi það, að vinnulaun hafa lækkað frá því, sem þá var, þar sem nú er greitt aðeins 300 ofan á grunnlaun vísitöluna 315 í stað 315 áður, og hefur það náttúrlega nokkur áhrif á starfrækslu frystihúsanna. En hinu er þá heldur ekki að neita, að í sumum frystihúsum hafa einnig orðið grunnkaupshækkanir. Það má kannske segja, að það sé þeirra sök. En það má þá kannske einnig skipta þeirri sök nokkuð á hæstv. ríkisstj., sem beinlínis tók að sér að sjá um, að verðlagið í landinu og dýrtíðin yxi ekki frá því, sem var, er stj. tók við völdum, enda hennar meginverkefni að sporna við hækkandi launum og vaxandi dýrtíð. En þótt reiknað sé með nokkurri kauphækkun þarna, þá vegur hinn aukni kostnaður vegna hækkunar á verði umbúða meira en sparast með þeim 15 stigum í vísitölunni, sem kaupið hækkaði um. Það er að vísu hægt enn, þrátt fyrir það að þetta frv. verði samþ., að bæta úr þessu með velvilja hæstv. ríkisstj., ef til þess er fé hjá ríkissjóði eða í dýrtíðarsjóði, eins og nú skal bent á.

Í 2. gr. frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst, og tilsvarandi geymslukostnað vegna fisks, sem veiddur er á öðrum tíma.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstj. ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.“ — Ef hæstv. ríkisstj. treystir sér til þess að nota þessa heimild til hins ýtrasta og mæta hér erfiðleikum frystihúsanna með því að greiða fyrir þessa geymslu svo ríflega, að það geti eitthvað hjálpað þeim í rekstrinum, þá mundi það að sjálfsögðu mjög milda marga agnúa á frv. Ég vildi því vænta þess, að hæstv. sjútvmrh. vildi lýsa hér yfir, að hann vildi mæta þessu með velvilja og gera sitt ýtrasta til þess að bæta hér frystihúsunum upp á þennan hátt, sem hér er heimilað í 2. gr. frv., eftir að hann hefði fullvissað sig um það, að frystihúsin þyrftu þess með vegna rekstrar síns, svo framarlega sem fé er fyrir hendi til þessara útgjalda, annaðhvort í ríkissjóði eða í dýrtíðarsjóði. Í fullu trausti þess, að hæstv. ráðh. láti alveg sérstaklega rannsaka þessi mál, — því að það er ein af mótbárunum, og hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstj., að þessi mál hafa ekki verið rannsökuð eins vel og rekstur bátaútvegsins, — og að þeirri rannsókn lokinni noti heimildina í lögunum, ef sýnt er að þess sé þörf, mun ég fylgja þessu frv. eins og það er þrátt fyrir þá galla, sem á því eru, svo framarlega sem yfirlýsing kemur hér fram af hálfu hæstv. ráðherra, eins og ég hef áður minnzt á.

Þá vil ég einnig benda á, að í 3. gr. frv. er nú ákveðið, að útflutningssöluverð á fullsöltuðum fiski verði kr. 2,25 fyrir kg. fob. Í þeim umr., sem fram hafa farið hér milli útvegsmanna og hæstv. ríkisstj., hafa engir umboðsmenn komið frá þeim útvegsmönnum, sem hér eiga hlut að máli, til þess að ræða um verð á saltfiski eða til þess að óska eftir hækkun á því. Ég veit ekki ástæðuna fyrir því, að svo hefur til tekizt. Þessir menn eiga þó sín samtök, og hygg ég að hæstv. sjútvmrh. sé í stjórn þeirra samtaka. Og mér er óskiljanlegt, að enn skuli ekki hafa komið fram rök fyrir því, að þetta verð fær ekki staðizt. Það er útilokað, að hægt sé að salta fisk á Íslandi, eins og nú er, fyrir þetta verð. Reynsla tveggja undanfarinna ára hefur sýnt, að jafnvel á engu öðru hefur verið eins mikill taprekstur eins og einmitt á saltfiskverkun. Fyrir fjvn. liggja nú kröfur frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda um að fá greiddar stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði til þess að mæta því tapi, sem varð á útfluttum saltfiski árið 1947. Mér er sagt, að afkoman hjá þessum atvinnurekstri 1948 sé engan veginn skárri en árið 1947. Er þetta talið liggja að nokkru í því, hve mikið fiskurinn hafi rýrnað við geymslu. En það er einmitt ákvæði í þessari gr., sem heimilar að bæta úr ríkissjóði eða dýrtíðarsjóði tap, sem verður vegna rýrnunar fyrir langa geymslu á saltfiski. Fer það þá nokkuð eftir framkvæmd ríkisstj., hvernig þetta verður gert, hvort t. d. hér verði sýnd full sanngirni í þessu máli og raunverulegt tjón bætt eða hvort það verður greitt á þann hátt einan, sem ríkisstj. gott þykir, hvernig svo sem hagur útgerðarinnar kann að verða. — Þá er og önnur ástæða fyrir hinni lélegu afkomu hjá þessum atvinnuvegi, en það er reglugerðin, sem ákveður, hve mikið magn skuli reikna af nýjum fiski í skippund af saltfiski, og það er eingöngu á valdi ríkisstj. að bæta úr þessu atriði, og þarf ekki að setja á-

kvæði um það inn í lögin. Það er alveg á valdi hæstv. ráðh. að fyrirskipa, hversu mikið magn skuli áætlað af hráefni af nýjum fiski í eitt skippund af saltfiski. Áður fyrr var það almennt talið, að það þyrfti 600 kg. af fiski með haus og hala í 250 kg. af fullstöðnum fiski upp úr salti. Nú hefur, að mér skilst, þessum hlutföllum verið raskað með gilandi reglugerð til mikils óhagræðis fyrir þá, sem salta fiskinn og fá aðeins ábyrgðarverð, en verða jafnframt að greiða hið lögbundna lágmarksverð, fyrir nýja fiskinn. Og það er að sjálfsögðu á valdi hæstv. ráðh. að láta rannsaka þetta og bæta hér um, ef það sýnir sig, að þess sé þörf.

Þessar tvær leiðir hefur ríkisstj. enn til lagfæringar á málum útvegsmanna, þó að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Ég vil einnig leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að því nauðsynlegra er að hlutast til um hag þeirra, er saltfisk hyggja að framleiða, sem meiri óvissa ríkir um afkomu frystihúsanna og möguleika þeirra til þess að starfa, og þá eigi síður þegar þess er minnzt, sem hæstv. ráðh. gaf upplýsingar um í sinni ræðu, að auðveldara væri í dag að selja saltfisk en frystan fisk, enda þótt það væri ekki fyrir dollara eða sterlingspund. Ég hygg því, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál alveg sérstaklega til athugunar. Ég sé ekki, að það sé neinum vandkvæðum bundið fyrir hæstv. ríkisstj. að láta rannsaka þetta atriði nú þegar og gera á því nauðsynlegar umbætur.

Ég vil þá fara nokkrum orðum hér um 5. gr. frv., en hún var sett inn í það í hv. Nd. Á síðastliðinni nóttu sat meiri hl. fjhn. Nd. á fundum með hæstv. ríkisstj. og útgerðarmönnum og ræddi þá öll þessi mál. Varð þar að samkomulagi, að ákvæði skyldi sett inn í frv. um, að varið skyldi allt að 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Ég var við þessar umr., ekki sem fjhn.-maður Ed., því að þar á ég ekki sæti, heldur sem sá þm. hér frá Ed., sem mest hef haft með þessi mál að gera m. a. verið form. í þeirri n., sem hæstv. ríkisstj. skipaði til þess að athuga þessi mál. Og mér er því kunnugt um, hvað um þetta var rætt á þessum fundi s. l. nótt. Hér í frv. er ekkert um það sagt, hvernig þessu fé skuli skipt milli bátaútvegsins annars vegar og frystihúsanna hins vegar. En ég vil leyfa mér að upplýsa, að lágmarksþörf bátanna var talin að vera 8 millj. kr., til þess að unnt væri að tryggja þeim hallalausan rekstur. Og með tilvísun til þess vænti ég, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta allar þessar 5 millj. kr. ganga til niðurgreiðslu kostnaðar við bátaútveginn til þess að tryggja hann fyrst um sinn, en geti eftir öðrum leiðum, sem ég hef minnzt á, greitt svo úr erfiðleikum frystihúsanna, að þau þurfi ekki að draga saman eða stöðva sína starfrækslu, heldur geti tekið á móti þeim fiski, sem að þeim berst. — Ég veit ekki, hvort hæstv. sjútvmrh. treystir sér til þess að lýsa yfir nokkru um þetta atriði. En það er afdráttarlaus ósk útvegsmanna, að þannig mætti þetta mál leysast, ef yfirleitt er hægt að koma nokkru samkomulagi á milli útvegsmanna og hæstv. ríkisstj. um framhaldandi rekstur, eftir að frv. það, sem hér er til umræðu, verður að lögum.

Ég benti á það í upphafi ræðu minnar, hvernig barizt hafði verið fyrir því á síðasta þingi, að sett voru inn ákvæði 6. gr. þessa frv. í dýrtíðarlöggjöfina 1947. Mig undrar nokkuð, að þessi gr. skuli enn vera í þessu frv. Mig undraði það, þegar hún var borin fram fyrir tveimur árum. Og mig undraði það enn meir, þegar hún var sett inn í lögin í fyrra, þegar vitað var, að laun allra launþega í landinu voru skorin niður um 15 stig eða jafnvel meira. En þetta var einasta stéttin í landinu, sem fékk þá bætt kjör sín frá því, sem áður hafði verið. Ég segi þetta ekki af neinni andúð gagnvart bændastéttinni. Síður en svo. Ég er alveg óhræddur að segja þetta, þó að þeir menn, sem sent hafa mig á þing, hafi af því stundarhagnað, að ákvæðið sé í lögunum. Ég hef aldrei orðið þess var, að ég geti ekki rætt við þá menn um sanngirnismál. Og það er í dag sanngirnismál, að þegar þarf að fara að fórna, þá sé ekki um það togstreita, að ein stétt leggi það á sig, en ekki önnur. Og þetta ákvæði er því undraverðara, þegar því er beinlínis lýst yfir af viðkomandi ráðh. í ríkisstj. eða ríkisstj. allri, að það sé ekkert fé ætlað í fjárlögum til þess að mæta þessum útgjöldum, hvorki úr ríkissjóði né dýrtíðarsjóði, vegna þess að ekkert kjöt þurfi að flytja út á árinu 1949. En hvers vegna er þá verið að hafa þessa gr. nú í frv.? Er það til þess að láta hana vera sem hnefahögg framan í þá menn, sem þurfa að berjast harðri baráttu til þess að halda uppi sínum atvinnuvegi og líta svo á — og það með fullum rétti, að fyrr beri að leysa þann vanda, sem fyrir er, en hinn, sem víst er talið, að aldrei verði fyrir dyrum? Ég fæ ekki skilið svona vinnubrögð. Þau hljóta að hefna sín, vegna þess að þau eru sýnilegt tákn þess, að á bak við liggur eitthvað annað en að leysa stórt vandamál, eins og hér er ætlazt til, að gert verði.

11. gr., sem áður var 10. gr., hefur verið orðuð um. Var það fyrir ábendingu frá mér, að hv. fjhn. breytti henni. Ég vil vænta þess, og vildi gjarna heyra það staðfest af hæstv. ráðh., að þegar eftir að þessi lög eru komin í gildi, verði snúið sér að því að rannsaka þetta atriði, að „endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum.“ Og ég vænti, að til þessa starfs verði valdir góðir og sanngjarnir menn.

Það hafa verið uppi mjög háværar raddir um það, að þetta verðlag væri allt of hátt. Og það er ekki að ófyrirsynju, eftir upplýsingum, sem komið hafa fram frá nefnd, sem falið var að athuga þessi mál, að þessi gr. hefur verið sett inn í þetta frv. En það væri einn þátturinn í að hjálpa útgerðarmönnum, ef hægt væri að laga þessi atriði.

Ég vil þá fara hér nokkrum orðum um II. kafla frv. Það hefur nú verið rætt um það nokkuð af hálfu hv. 6. landsk. þm., að hér sé um endurgreiðslur til útvegsins að ræða. Ég skal ekki frekar fara inn á það atriði. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það kemur fleirum en mér undarlega fyrir sjónir, að nýlega er búið að samþ. hér lög, sem áttu að tryggja rík-

issjóði með forgangsrétti fyrir öllum öðrum skuldum bátanna 6 millj kr., sem hann tók að sér að greiða vegna áfallinna sjóveðskrafna. Ég held, að það hafi verið 16. des., þ. e. í fyrradag, sem það frv. var samþ. En nú, fáum dögum síðar, er verið að gefa þessar skuldir eftir. Og það er ekki einu sinni gerð tilraun til þess, að þessar skuldir séu gerðar að áhættuskuldum, sem ég þó hef minnzt á og hefði talið miklu sjálfsagðara og hyggilegra. Ég tel, að það hefði verið miklu réttara að gera allar þessar skuldir að áhættuskuldum, þannig að ef hagur útgerðarinnar batnaði, þá yrðu þær greiddar til aflatryggingasjóðs, en yrðu hins vegar látnar standa vaxtalausar, þar til útséð væri um það, hvort þær greiddust eða væru tapaðar að fullu. Og batni ekki hagur útvegsins frá því, sem nú er, þá er sá grundvöllur, sem verið er að leggja að öruggri starfrækslu hans, algerlega rangur og barátta hans þá jafnframt vonlaus, en það mun ekki vera tilætlunin með þessum ráðstöfunum. Ég álít því, að breyta ætti þessum kafla þannig að gefa ekki eftir skuldirnar, heldur gera ráð fyrir því, að þær greiddust, og láta það fé síðan renna til útgerðarinnar í aflatryggingasjóð. Það er ekki hægt að taka málið upp aftur, þegar búið er að ákveða 16 millj. kr. eftirgjöf, þá er of seint að breyta því ákvæði. Greiðsla skuldanna í aflatryggingasjóðinn kæmi að betra haldi síðar meir fyrir útgerðina en að þessar fjárfúlgur séu strikaðar út í dag. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þennan kafla frv.

Um III. kafla vil ég segja það, að mér sýnist það nokkuð einkennilegt, að á sama tíma og gefnar eru eftir 16 millj. kr. fyrir útveginn, er ákveðið að leggja 70 millj. kr. gjöld á landslýðinn til þess að standa undir rekstrargjöldum ríkisins vegna útgerðarinnar og dýrtíðarinnar, án þess að rekstur bátaflotans sé tryggður og útgerðarmenn hafi undirritað eða samþykkt slíka meðferð málanna. Þetta hefur þær afleiðingar, að þungur baggi mun lenda á útgerðinni. Það má að vísu teljast virðingarvert að gera tilraun til að bæta aðstöðu útvegsmanna og þar með útgerðarinnar, en það er því miður bersýnilegt, að hér hlýtur mikill þungi að lenda á útveginum sjálfum. Ef litið er á það, ofan á allt annað, sem steðjar að útgerðinni, þá eru vonir útgerðarmanna um áhættulausan rekstur ekki miklar. Ég er því undrandi, að hæstv. fjmrh. skyldi segja hér áðan, að með þessu frv. væri gerð tilraun til þess að forðast, að útvegurinn stöðvaðist. Ég vil fullvissa hæstv. ráðh. um það, að þær vonir hans hljóta að bregðast, nema greitt verði úr þeim vandræðum, sem ég benti á. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa hér upp bréf, sem Alþ. hefur borizt frá útgerðarmönnum, þar sem þeir tjá alþm. skoðun sína á þessu frv., ef það verður samþ. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss hér með að vísa til bréfs vors til hins háa Alþingis, dagsetts í gær, um óskir vorar í sambandi við framkomið frv. á Alþingi til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Þar sem hið háa Alþingi hefur ekki séð sér fært að taka til greina nema að litlu leyti óskir útvegsmanna og hraðfrystihúsanna í sambandi við umrætt frv., sjáum vér oss ekki annað fært en að tilkynna hinu háa Alþingi, að frv., í þeirri mynd sem það er nú, tryggir á engan hátt, að útgerð vélbátaflotans og rekstur hraðfrystihúsanna geti hafizt, og hljóti því að leiða til stöðvunar þessara framleiðslutækja. Munum vér þess vegna kalla saman fulltrúaráðsfund útvegsmanna svo fljótt sem unnt er til þess að ganga endanlega frá afstöðu útvegsmanna og hraðfrystihúsaeigenda til frv.“ *(SÁÓ:* Þetta er verkfall.) Hv. 1. landsk. ætti manna sízt að minnast á verkföll, sem hefur lifað á verkföllum allt sitt líf, og þetta minnir að því leyti á söguna um kölska á fjósbitanum, sem sagt er, að hafi fitnað við hvert ljótt orð, sem haft var yfir í návist hans.

Ég á bágt með að trúa því, að hæstv. fjmrh. sé svo vongóður, að hann haldi, að útgerðin muni ekki stöðvast. Er málin eru rannsökuð niður í kjölinn, þá mun hæstv. ráðh. komast að raun um, að ekki sé unnt að reka áfram þennan atvinnuveg, nema honum komi frekari aðstoð, kannske með lánum út á ótrygg veð, í trausti þess, að er Alþingi kemur aftur saman á næsta ári, þá taki ríkissjóður á sig þær byrðar, sem af því kynni að leiða, að ekki er þegar skapaður traustur starfsgrundvöllur fyrir útgerðina, en þessi stefna virðist mér vera alveg röng. Það er ekkert bjargráð, þótt ríkið taki á sig að greiða vissar upphæðir vegna taprekstrar útgerðarinnar. Það greiðir á engan hátt úr vanda útgerðarinnar, að bankarnir verji fé sínu til útlána til þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar með þeim hætti. Verði þessari stefnu haldið áfram á Alþ., mun það leiða til nýrra kreppulána, einna kreppulánanna enn á Alþ. Ég vil enn einu sinni leyfa mér að benda á, ef hv. 1. landsk. kynni að kalla fram í fyrir mér, að nú er fyrirsjáanlegt, að 15 af gömlu togurunum verði lagt, sem hafa starfað með miklum árangri fyrir landið og ríkissjóðinn. Þessi skip hafa á undanförnum árum skapað 2—3 millj. kr. í gjaldeyri hvert um sig í útflutningsvörum. En nú er búið að binda sum þessara skipa og leggja þeim, en verið er að binda önnur við hlið þeirra. Sjóðir þeirrar útgerðar eru líka að verða upp étnir. Sjóðir þessir voru settir til hliðar með l. frá Alþ., en þeir eru nú þurrausnir, búnir og lánstraust bankanna líka búið, og er því viðbúið, að ríkið verði að taka á sig þann vanda að leysa einnig þeirra vandræði eða að útflutningsverðmætið minnki um 30 millj. kr. á ári sökum þess, að þessir togarar hafa enga möguleika til þess að sinna því hlutverki sínu að framleiða gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Hæstv. ráðh. mun vera kunnugt um það, að sterkar kröfur hafa borizt frá togaraútgerðinni að taka einnig ákvæði um aðstoð henni til handa inn í þetta frv. og að Alþ. gerði sitt til að leitast við að reyna að forða þeirri útgerð frá algerðri stöðvun. Ég hef ekki sótt fast, að sá háttur yrði upp tekinn, en vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á þessa miklu hættu. Hæstv. ráðh. hefur byggt tekjur ríkisins til þess að standa straum af þessum málum með tilliti til 30. gr. frv. á því

— og á því einu, að útflutningurinn minnki ekki. En ef sú von rennur út í sandinn og bregzt og útflutningur næsta árs verður undir 400 millj. kr., þá bregðast einnig tekjustofnar ríkisins. Það er því lífsskilyrði, að ef það á að vera hægt að ná inn þeim tekjum, sem 30. gr. frv. gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt, að flotinn stöðvist ekki. — Það kann að koma til kasta hv. 1. landsk. að glíma við þetta. En það er þá líka rétt, að ég minni hann á það, að ekki var Alþýðusambandið fyrr komið í hendur Alþfl. en þeir komu því til leiðar, að grunnkaup var hækkað á Suðurnesjum um 15 aura á klst., og þetta eina atriði skapaði meiri erfiðleika til samkomulags um þessi mál en margt annað. Mér er vel kunnugt um þá erfiðleika, sem af því mundu stafa, ef enn á nú að fara að hlaupa til og hækka laun manna í landinu. Mér er vel ljóst, hverjar afleiðingar það mundi hafa fyrir útgerðina og atvinnulíf landsmanna yfirleitt. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það í þessu sambandi, að þær 70 milljónir, sem hann talaði um áðan, sem munu nú vera 75 samkvæmt útreikningi, að af þessari upphæð eru útveginum ætlaðar 25 milljónir. Nú er mér ljóst, að útvegsmenn áttu hugmyndina að hinu tvöfalda gengi á afurðum, og jafnframt, að þetta var hugsað til þess eingöngu að bæta hag útgerðarinnar, en ekki til þess að standa undir öðrum gjöldum, sem snerta þeirra eigin rekstur, en nú hafa þessar nýju tekjur verið ætlaðar til þess að ⅔ að standa undir öðrum útgjöldum, en aðeins ⅓ undir sjávarútveginum. Er engin von til þess, að útgerðarmenn uni því, um leið og hagur þeirra er ekki bættur sem skyldi. Dýrtíðin snertir að vísu sjómenn og sjávarútveginn sem aðra, en hún er ekkert sérmál útvegsins, og má þungi hennar því ekki hvíla mest á hennar herðum.

Ég er sammála þeim hluta ríkisstj., sem ekki vildi fallast á, að tekið verði upp svonefnt tvöfalt gengi. Það atriði eða sú leið var gaumgæfilega athuguð, er málið var rætt í fjhn. Nd., og var talin leiða út í hreina ófæru. Það mundi hafa leitt af sér mjög fljótlega algera gengisbreytingu og þá eðlilegra að fara hreinlega þá leið nú þegar. Gert var ráð fyrir að taka um 80 milljónir af útflutningsframleiðslunni, sem greiðast ætti með hærra verði, en við töldum ekki hægt að taka 20% af útflutningsframleiðslu landsmanna og selja hana með tvöföldu verði. Það hefði verið rask, sem reyndist ófært. Hitt er annað mál, hvaða úrbætur ætti að hafa. Mín skoðun er sú, að um 3—4 leiðir sé að ræða til að bæta úr ástandinu:

I. Verðstöðvun. Hún hefur ekki tekizt og mun vart takast, nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir fram yfir það, sem hér er gert í þessu frv.

II. Verðhjöðnun. Sú aðferð mundi hafa í för með sér svo stórkostlegt fjárhagslegt hrun, að allt fjármálakerfi þjóðarinnar mundi fara úr skorðum, svo framarlega sem verðhjöðnunin yrði það mikil, að hún ein dygði til þess, að atvinnuvegirnir gætu stuðningslaust staðið undir kostnaðinum.

III. Gengisfall. Ríkisstj. og þjóðin kallar yfir sig gengisfall, ef ekki verður snúið við af þessari braut, sem farin hefur verið undanfarið. Þegar dýrtíðarlögin voru til umræðu 1946, benti ég á, að ríkissjóður hefði enga aðra möguleika en gengisfall til þess að komast hjá að greiða ábyrgðarverðið, ef varan seldist ekki á því verði. Enn þá hefur verið farin sú leið að taka mismuninn af þjóðinni í sköttum, en þessi leið er nú að lokast, og stendur þá gengisfallið fyrir dyrum, ef ekkert er aðhafzt, enda flýtir það hröðum skrefum fyrir því að lögfesta tvenns konar gengi í landinu, eins og ætlazt er til með þessu frv.

Meiri vinna fyrir sömu laun. Það er sú leið, sem ég tel færasta, að halda uppi föstum launum og afkastameiri vinnu. En það virðist þjóðin því miður ekki vilja. Það er eina færa leiðin til að halda atvinnulífinu gangandi að minnka rekstrarkostnaðinn, en reyna um leið að halda uppi viðunandi launakjörum fyrir fólkið í landinu. En til þess að vel vegni, verður fólkið að leggja eitthvað meira á sig. Í stað þess að vinna 5½ klst. á dag, eiga menn að vinna 10 klst. daglega. — Og ef satt skal segja, hefur enginn gott af minni vinnu. Það kann vel að vera, að mönnum finnst þetta vera kjaraskerðing, en svo er þó ekki, ef það er athugað nánar. Þessi leið mundi hækka verðmæti peninganna, skapa meiri ánægju meðal almennings og halda uppi þeim lífskjörum, sem þjóðin hefur kosið sér og hvorki vill né á að hverfa frá aftur, en henni ber að fórna vinnu fyrir, ef hún vill, að öllum vegni vel.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hefði viljað stuðla að því, að þetta mál kæmist til n., en þar sem hv. þm. Barð. hefur gert nokkrar fyrirspurnir til mín, en ég hef ekki haft tíma til að svara enn þá og þessar fyrirspurnir eru þess eðlis, að ég þarf að fá tíma til þess að hugsa um þær, þá vil ég spyrja hv. þm. að því, hvort hann geri sig ekki ánægðan með, að ég svari honum ekki fyrr en við 2. umr. málsins. (*GJ:* Jú, og þó að það verði ekki fyrr en við 3. umr.)

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Áður en ég sný mér að þessu frv. í heild, langar mig til þess að fá nokkrar upplýsingar um það frá ráðherra, hvort þær 5 milljónir, sem 5. gr. gerir ráð fyrir, eigi að greiðast úr ríkissjóði eða dýrtíðarsjóði. 5. gr. segir, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða, en það er sagt í 19. gr., að stofna skuli sérstakan sjóð, til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands, og mætti af þessu skilja, að þessar 5 milljónir ættu að koma úr ríkissjóði. Þetta langar mig til að fá að vita. Þá langar mig einnig til þess að fá að vita það hjá hæstv. ráðh., hvort aðgerðir þær, sem talað er um í 14. gr., 3. og 4. tölul., sé mögulegt að framkvæma. Þar stendur: í 3. lið, að það sé skilyrði fyrir framkvæmd 13. gr., „að skilanefnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heil-

brigðum grundvelli án aðstoðar," og 4. tölul. setur það skilyrði, „að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli." Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. og þm., sem að frv. standa, hvort þeir álíta að óbreyttum atvinnuháttum í landinu, að nóg sé, að útvegurinn fái uppgjör skv. þessum lið til þess að verða talinn standa á fjárhagslega tryggum grundvelli, og ef ekki, þá skilst mér, að ekki sé hægt að lána nokkrum manni, þó að hann geti ekki haldið áfram útgerð vegna skulda, því að hinn trausti framtíðargrundvöllur sé ekki til. Ég fæ ekki séð, eins og fjárhag útgerðarinnar er komið, að hún fari á fjárhagslega traustan grundvöll með því að fá lán. Ég er gróflega hræddur um, að þessir liðir í 14. gr. hafi það í för með sér, að enginn geti tekið lán eftir frv., því að sá grundvöllur, sem ætlazt er til, að sé, er ekki fyrir hendi og ekki hægt að skapa með þessu frv. Þar þarf annað til. Um þetta langar mig til að fá úrskurð hjá hæstv. ráðh., því að hann viðhafði þau orð, að það, að tala um traustan grundvöll hjá útgerðinni, væri eins mikil fjarstæða og að fljúga til tunglsins.

Þá vil ég benda á það, að ég er hræddur um, að erfitt muni nefndinni að gera mismun á venjulegum umboðsstörfum og þeim, sem skatt eiga að greiða skv. 21. gr.

Í 24. gr. er gert ráð fyrir því, að framtal til skatts skuli komið til skattstjóra 30. júní og leggjast á næst 30. des. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að hér í Reykjavík er skattstofan venjulega ekki búin að ganga frá tekju- og eignarskatti um það leyti, og á s. l. ári varð að fresta þessu öllu þangað til þriðja missirið. Það er enginn tími til þess að komast yfir þetta í júlí, og gæti þá farið eins og nú. Hvers vegna ekki að hafa l. þannig, að þau séu framkvæmanleg, svo að það þurfi ekki eins og á s. l. ári að láta allt drasla og gera þetta ekki fyrr en 2—3 mánuðum eftir að það átti að vera búið eins og þá? Í öðru lagi vil ég benda á það, að ýmis sala, sem þarna á að greiða söluskatt af, er þess eðlis, að það er ekki hægt að gera hana upp fyrr en við áramót eða eftir þau. Þar bendi ég á bókaforlögin, sem senda bækur frá sér til umboðsmanna út um land, fá ekki reikningsskil fyrr en um áramót, þá fyrst fá þeir að vita, hvað hefur verið selt og af hverju eigi að borga söluskatt. Þetta mætti líka laga með lítilli breyt. á niðurlagi 27. gr., þar sem er ætlazt til, að ekki þurfi að gera upp fyrr en á áramótum hjá þeim mönnum, sem litla umsetningu hafa. Eins og þetta er nú, þá hlýtur það að leiða til vandræða, en það mætti koma í veg fyrir það með því að gera þarna lítils háttar breyt. Þetta gildir líka um fleiri vörur en bækur. Þetta vildi ég benda n. á til athugunar.

Þá er ég að koma með brtt. við 23. gr., sem kemur síðar fram, og vona ég, að hæstv. forseti hafi ekki á móti því, þótt ég tali um hana nú. En hún er í því innifalin, að aftan við „vikublöð" komi: tímarit, landbúnaðarverkfæri og fóðurvörur, og þetta geri ég þrátt fyrir það að Nd. lýsti því yfir, að þetta ætti að gera með reglugerð, og það er af því, að þetta er ekki hægt að gera með reglugerð. Það er tekið fram í 27. gr., að það sé heimilt með reglugerð að undanþiggja ýmsar vörutegundir söluskatti, ef það er sérstökum erfiðleikum bundið að reikna hann út, annars ekki, og það er alveg áreiðanlegt, að það er ekki neinum sérstökum erfiðleikum bundið að reikna út söluskatt á maís og öðru þess háttar, svo að ef hæstv. ráðh. færi að gefa út reglugerð og undanþiggja fóðurbæti frá þessu gjaldi eða stærri landbúnaðarverkfæri, þá hefur það ekki neina stoð í l. Þetta vil ég líka benda n. á.

Um lögin í heild vil ég segja það, að dýpra og dýpra sekkur þjóðin í dýrtíðarfenið, sem fyrrverandi ríkisstj. skapaði henni og færði hana niður í. Núverandi ríkisstj. ætlaði sér að reyna að stöðva það, að hún sykki lengra en komið var, en henni hefur ekki tekizt það, henni hefur einungis tekizt að minnka hraðann niður í fenið. Það var sagt af munni þess manns, sem telur sig eins konar samnefnara allra sjálfstæðismanna í landinu, „að þetta mætti allt laga með einu pennastriki." Ég býst við, að þetta frv. eigi nú að laga þetta allt, vera þetta pennastrik. En frá mínu sjónarmiði er langt frá því, að það geri það, ég er meira en efins í, að það stöðvi sigið niður í fenið. Ég held þess vegna, að hér þurfi allt aðrar aðgerðir en þetta frv. til þess að kippa aftur upp úr feninu, ég held, að það þurfi nýtt pennastrik, og þau mörg, til þess að gera það, og athafnir líka, og þar af leiðandi hef ég enga trú á því, að þetta frv. komi að neinum notum. Ég mun þess vegna láta mig afgreiðslu þess engu skipta, enda þótt ég hafi bent hér á ýmsa ágalla, sem ég tel, að þurfi að laga, ef menn ætla að hafa l. í þeim anda, sem þau eru hér, en þau eru Alþingi til háðungar, ná ekki tilgangi sínum, auka verðbólguna og dýrtíðina og láta verða enn verra að koma málunum aftur á réttan kjöl, gera atvinnurekstur í landinu arðbæran.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Afgreiðsla þessa máls, eins og það liggur fyrir, er í rauninni ákveðin, en mér þykir þó rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls með nokkrum orðum og það fyrir þá sök, að mér virðist sem afgreiðsla þessara mála, sem nú endurtekur sig fyrir hver jól, fari að gerast nokkuð sögulegur atburður í okkar sögu, og þykir mér þá rétt að skjalfesta afstöðu mína til málsins.

Það ber það með sér þetta frv., hvar för dýrtíðarinnar er nú komið. Það er að mínu áliti einkennandi fyrir þær dýrtíðarráðstafanir, sem gerðar hafa verið fram til þessa dags, að þær eru með öðrum hætti en dýrtíðarráðstafanir með öðrum þjóðum, a. m. k. nokkuð víða, og þær eru þannig, að það er alltaf verið að stöðva dýrtíðina, þ. e. a. s., það er alltaf verið að segja þjóðinni, að það sé búið að stöðva hana, og meira að segja er sagt, að það sé verið að lækka dýrtíðina með þessum ráðstöfunum, sem gerðar eru. En alltaf heldur dýrtíðin áfram, og í rauninni er það atriði, sem úr sker að mínu áliti, hvort þessar ráðstafanir eru réttlætanlegar eða

ekki, hvort það tekst með þessum dýrtíðarráðstöfunum að ráða við ferð dýrtíðarinnar og og koma henni til baka, þangað sem þarf. Við það eru allar dýrtíðarráðstafanir miðaðar, sem gerðar eru af einhverri skynsemd, því ef öllum þessum fjármunum, sem varið er til dýrtíðarráðstafana, er í raun og veru kastað þannig, að ekki tekst að stöðva dýrtíðina eða ráða ferð hennar, þá er fyrirsjáanlegt, að endalokin verða þau, þrátt fyrir allan þann kostnað, sem af því hefur leitt að reyna að stöðva dýrtíðina, og þrátt fyrir það, að þjóðin hefur reytt upp alla sína varasjóði í þetta og allt sitt lánstraust og seinast nú álögur, sem lagðar eru á þjóðina, — þrátt fyrir allt þetta virðist mér, að það megi svo fara, að dýrtíðin fari sinn gang og hún láti síðar gera upp sakirnar, þar sem ekkert er gert til að stöðva hana og þar sem allt fer fram skipulagslaust. Raunverulega er það það, sem úr sker, hvort dýrtíðarráðstöfunum miðar aftur á bak eða eitthvað á leið, og hér virðist mér allt hafa farið afur á bak, — ég þarf ekki að segja, virðist hafa farið aftur á bak, því að því er yfir lýst af hæstv. fjmrh., að þetta sé gert svona sem tilraun til þess að stöðva dýrtíðina. Fyrir ári síðan og undanfarin ár var þeirri stöðvun lýst yfir og lýst yfir, að það ætti að fara að stöðva dýrtíðina. Sannleikurinn er sá, að við hér á Alþ. höfum alltaf stöðugt í þessum dýrtíðarmálum neitað að hugsa um endinn. Þetta dýrtíðarmál hefur aðeins verið hugsað frá degi til dags. Ef það hefur verið hægt að gera einhverjar ráðstafanir, sem líklegt væri að dygðu til næsta dags, þó að ekki væri líklegt, að þær kæmu að haldi lengur, þá er það kölluð bölsýni, ef bent er á, hverjar afleiðingarnar muni verða. Dæmi um það, hvernig við höfum hrakizt undan dýrtíðinni og hvernig við höfum bognað undan henni á alla lund, er raunverulega það, sem minnzt var hér á af hv. þm. Barð. Þegar tekin er ríkisábyrgð 1946, þá seint á árinu, rétt fyrir jól, þá er sagt hér í þessari hv. d., að raunverulega sé þessi ríkisábyrgð engin ríkisábyrgð, það komi vitanlega ekki til mála. Það er þá reynt með því að láta taka ábyrgð á útflutningi kindakjöts, og því er svarað, að það komi alls ekki til mála, hér sé ekki ríkisábyrgð, þetta sé bara verðjöfnun — verðjöfnunin sé sett fram í þessu formi. Hér eru umræðurnar um þetta, og ef menn læsu það, sem ýmsir þm. segja um þetta mál þá, þá býst ég við, að ýmsir þm. kynnu að kippast talsvert við, því að það var m. a. sett að skilyrði, eins og ef til vill ýmsir hv. þm. muna, að skipuð væri 4 manna n., og hún átti fyrir 1. febr. að vera búin að finna grundvöll undir útveginn. Ríkisábyrgð, sem var ekkert nema form, mátti ekki einu sinni standa sem form nema í einn mánuð, og því er yfir lýst, án þess ég vilji fara að tefja tímann með því að lesa það upp, að ríkisábyrgð komi vitanlega ekki til mála. Þá átti næsta ríkisstj. að finna þennan grundvöll, og það átti að mynda ríkisstj. um það. Og ég er eini þm., sem hafði fyrirvara fyrir atkv. mínu, þegar greitt var atkv. um málið hér út úr þessari d., — fyrirvara, sem ég ætla heldur ekki að fara að lesa hér upp. Þetta er ásetningurinn þá. Það átti að vera búið fyrir 1. febrúar 1947 að finna þennan grundvöll. Og nú skulum við gera langa sögu stutta. Hér í þessu frv. eru efndirnar. Af þessu stutta yfirliti, sem vissulega væri þörf að hafa lengra og ýtarlegra, hygg ég þó, að við ættum að geta séð, hvernig við höfum skref fyrir skref hrakizt undan þessari dýrtíð, sem við höfum alltaf verið að segja þjóðinni, að við værum að stöðva og færa niður. Við höfum sem sé alls ekki staðið við þær yfirlýsingar, sem við höfum verið að gefa á hverjum tíma. Það er oft sagt hér á Alþ.: Hvað á að gera? Sannleikurinn er sá, að leiðin í þessu máli er alls ekki auðveld, síður en svo, — þetta er erfiðasta viðfangsefni, sem Alþ. hefur glímt við um áratugi. En eitt virðist mér vera augljóst, og ég ætla að slá því föstu, án þess að eyða tíma í að rökræða það hér í þessari hv. d., að úrslit orustunnar við dýrtíðina verða því tvísýnni sem orustan stendur lengur. Við veljum okkur stöðugt verri tíma til að slást við dýrtíðina, eftir því sem við drögum lengur að leggja til orustunnar, og þetta er vegna þess, að bilið milli þess mögulega framleiðslukostnaðar og þess, sem við fáum fyrir vöruna, verður æ stærra, þannig að átakið er miklu meira, þegar þarf að gera það, með því að láta þetta halda svona áfram, en möguleikarnir til þess að gera það minnka með hverjum degi, og þjóðin verður meir og meir máttvana til þess að gera það átak, sem gera þarf.

Nú virðist mér það auðsætt, einnig til viðbótar þessu, að það er ekki aðeins þetta, heldur er það og annað, skömmtun Alþ. til allra stétta í þjóðfélaginu, þetta fyrirkomulag, að láta þingið sitja aðgerðalaust síðan í haust til þess að semja við allar framleiðslustéttir í þjóðfélaginu. Þessir 52 menn, sem hér sitja, eiga að skammta öllum þegnum og öllum stéttum þessa þjóðfélags. Þetta er ekki hægt — ekki framkvæmanlegt. Það er vitanlega hrein fjarstæða að láta sér koma það til hugar, að hægt sé að taka ábyrgð á atvinnurekstri, sem tugir og hundruð manna reka, alls konar atvinnurekstri, án þess að ríkið ráði nokkru um það, hvernig þessi atvinnurekstur er rekinn. Við erum hér, menn, sem eru á móti þjóðnýtingu, og eins þeir, sem eru með henni, komnir inn á þjóðnýtingu af langversta tagi, og ég efast um, að hún sé til svona í nokkru þjóðfélagi, þar sem annar hefur ábyrgðina, en hinn ræður rekstrinum, þar sem annar tekur gróðann, ef einhver er, en hinn áhættuna. Í þessu öllu saman er að mínu viti slík hugsanaskekkja, að ég get ekki betur séð en svona vinnubrögð hljóti að liða þingið og þjóðfélagið í sundur, og við hefðum kannske gott af að hugsa um það, hvort þetta er ekki komið öllu lengra en við gerum okkur grein fyrir. Það er alveg auðsætt mál, að hvað sem það kostar, þá verðum við að komast út úr þessari svikamyllu af þeirri einföldu ástæðu, að hvað sem það kostar, þá er það ódýrara en að halda þessu áfram. Það er enginn kostur til verri en að halda þessu áfram. En hvers vegna er ekki veitt viðnám? Mér virðist það vera augljóst, að aukning dýrtíðar er vinsæl — krónufjöldinn er vinsæll, en leiðin út úr þessu aftur er óvin-

sæl. Það er enginn galdur til til þess að komast út úr dýrtíðarmálum eins og hér er. Að áliti hagfræðinga, eru ekki til nema þrjár leiðir. Það er gengisbreyt., sem kostar nokkrar fórnir, þó að vel sé á öllu haldið. Ég ætla ekki að fara að ræða, hvaða leiðir eigi að fara, það er ekki tími til þess, en vitað mál er það, að það, að leggja út í gengisbreyt., er hin allra mesta yfirsjón, sem nokkurn getur hent, nema hafa alla þræði, sem þar til þarf, milli fingra sér. Ef einn þráðurinn raknar upp, þá fer allur vefurinn með. Það sama er að segja um verðhjöðnunarleiðina, hana er ekki hægt að fara nema með alhliða niðurfærslu. Það er þess vegna leið, sem er óvinsæl, þó að það ætti að vera hægt að gera skuldaeigendum og sparifjáreigendum það ljóst, að jafnvel þótt sparisjóðsbókin sé tekin og stimpluð með vissum afslætti í krónufjölda og skuldabréf á sama hátt, þá vitanlega verða þeir peningar, sem eftir eru, verðmeiri en þeir peningar, sem skuldaeigendur og sparifjáreigendur áttu áður. Það ætti að vera hægt að gera fólkinu það skiljanlegt, að með áframhaldi á þeirri leið, sem við erum nú á, þá tapast miklu meira, bæði af innstæðum og skuldum, heldur en með niðurfærslum af þeim ástæðum, að við erum á þeirri leið, að bæði skuldir og innstæður verða verðminni með hverjum mánuðinum sem líður.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hjálpar til þess að gera peningana miklu verðminni en þeir voru daginn áður en það verður að l. Með sama áframhaldi tapa skuldaeigendur og sparifjáreigendur meira en ef þetta væri gert í sambandi við verðhjöðnun, en sú leið er ekki fær nema með almennri niðurfærslu um leið. Nú er ekki samkomulag um þá leið af þeirri ástæðu, að það er óvinsælt að gera þessar ráðstafanir, nema það séu hafin í þessu sambandi skipulögð vinnubrögð og það skýrt fyrir þjóðinni, og ég trúi því, að það mundi vera hægt. Ég tel mig hafa þá reynslu af þjóðinni, að ef skýrt er fyrir henni rétt mál, þá sé alltaf hægt að fá hana til að ganga inn á það. Ég tel það ekki afsökun fyrir mig, að þjóðin hafi ekki gengið inn á einhverja leið í dag, ég tel mér skylt að hafa mínar skoðanir og reyna að flytja þjóðinni og fá hana til að ganga inn á þær. Það er ekki að búast við því, að þjóðin ryðji neina nýja braut, ef leiðtogar hennar á Alþ., þessir 52 menn, reyna ekki að benda á nýjar leiðir og leiða hana inn á rétta braut. Nú er ekki neitt samkomulag um þetta, og þar af leiðandi er farið inn á þetta eins og hér er gert í frv. Það er tekin ábyrgð, sem átti að vera aðeins verðjöfnun milli síldarútvegsins og þorskveiðanna til bráðabirgða. Nú er farið inn á þessa leið. Dýrtíðina, sem ríkisstj. ætlaði að stöðva og síðan að færa niður, segist hún nú ætla að reyna að stöðva með þessu frv. En við vitum, að í því orði — í því, hvernig það er sagt, — liggur engin von um, að það verði gert. En þá kemur það, sem ég vildi gera sérstaka grein fyrir í sambandi við þetta mál. Fyrst ekki er samkomulag um það að reyna að finna rekstrargrundvöll fyrir útveginn og framleiðsluna, sem er það eina, sem er verðmætt, því að aðrar ráðstafanir halda áfram, þá verður seinast gefizt upp við þær líka, það er fyrirsjáanlegt og vitað af þeim reglum, sem dýrtíðin alls staðar fylgir. En þessi leið, sem nú er farin, þessi bráðabirgðalausn á málinu nú fyrir áramótin, hún er ekki lítið eftirtektarverð. Því er sem sé lýst yfir af öllum ráðherrunum, að þeir séu allir óánægðir, og því er lýst yfir af flestum, sem tala um málið, að þeir trúi ekkert á það og þeir telji þetta ómögulega lausn. Þeir segja allir það sama, en þó erum við komnir inn á það, sem má þykja með eindæmum: að um leið og ríkisstj. leggur þetta frv. fram, þá er hún raunverulega með því að lýsa yfir, að hún treysti sér ekki til að framkvæma þá stefnu, sem hún lýsti yfir, að hún ætlaði að samþykkja, þegar hún tók við völdum. . . . En það er einkennilegt, þegar atkvgr. fer þannig úr hendi í þinginu. Þetta er kallað ábyrgðartilfinning, til að koma í veg fyrir, að útgerðin stöðvist, þannig að menn greiða atkv., eftir því sem þeir lýsa yfir, á móti sannfæringu sinni, af því að það kemur á síðustu stund og eitthvað óskaplegt skeður, ef ekki er snúizt þannig við málinu.

En fyrst eitthvað þarf að gera til að reyna að aka þessu áfram, þá álít ég, að það hefði verið skylda stj. að gera aðrar ráðstafanir, áður en hún kom fram með þessar álögur. Við sjáum, að fyrst þegar þessar niðurgreiðslur áttu sér stað, voru þær teknar af stríðsgróðanum. Þar næst voru þær teknar með lánum. Nú er stríðsgróðinn ekki til og ekki hægt að taka lán, Og það er auðsætt, að á þessum árum, 1947—48, hefur komið fyrir annað fyrirbrigði, og það er greiðsluhallinn á fjárl. 1947 var hann 70 millj., og líkur út fyrir, að hann verði á þessu ári um 30 millj. Ríkið safnar þannig skuldum á þessu tímabili um 100 millj. kr. Það er gert ráð fyrir miklum framkvæmdum af hendi ríkisins á þessu ári, en ríkið er ekki fært um að sinna öllum þessum hlutverkum í senn, greiða niður dýrtíðina í stórum stíl og sinna miklum framkvæmdum. Nú er kominn nýr kafli í dýrtíðarsögunni. Fyrst er kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði, margar milljónir. Síðan er byrjað að taka lán til þess. Nú er ekki hægt að taka lán, og stríðsgróðinn er enginn. En dýrtíðarsvikamyllan er þannig, að bilið er alltaf stærra, sem þarf að fylla, og nú er komið að því, að þessi upphæð er orðin 70 eða 75 millj., og þessa peninga verður að taka einhvers staðar í þjóðfélaginu. Og þá er bersýnilegt, að um tvær leiðir er að gera. Það er ekki hægt að leggja á landbúnaðinn, og það er ekki hægt að leggja á sjávarútveginn. Hvar á þá að taka þetta? Það er hægt að taka það að einhverju leyti með því að færa niður rekstrarkostnað útgerðarinnar, og hitt verður annaðhvort að leggja á almenning eða taka það af verzluninni. Þetta hefur staðið í okkur. Það er erfitt að eiga við þetta, af því að það er hvorki hægt að taka lán eða grípa til stríðsgróða.

Ég held satt að segja, að hæstv. ríkisstj. hafi valið allt of einhliða leið í þessu máli. Ég álít, að það sé siðferðilega rangt af hæstv. ríkisstj. að auka þessar álögur án þess að reyna fyrst allar hugsanlegar leiðir aðrar. Ég er eng-

inn sérfræðingur í útgerð og ekki eins kunnugur útgerðarmálum og ýmsir aðrir hv. þm. En þó er mér ljóst, að það má lækka útgerðarkostnaðinn með ýmsu móti. Það er t. d. fullvíst, að það mætti létta mikið undir með útgerðinni með því að lengja lánin. Lánstíminn er yfirleitt of stuttur á ýmsu, sem útgerðinni við kemur. Það er erfitt að lækka bátatryggingarnar nema með framlögum úr ríkissjóði, fyrr en bátarnir eru upp færðir með eðlilegu verði, en það verður að gera innan stundar. Það hefur verið minnzt á viðgerðarkostnað á bátum og vélum, og er nú fyrst verið að rannsaka það. Það er enginn efi, að það má lækka þann kostnað stórkostlega. Það hefði verið vel hægt að fara þá leið, að bátaútvegurinn fengi þann gjaldeyri, sem hann hefur þörf fyrir, til að kaupa vörur frá útlöndum til að annast sinn rekstur. Ég sé ekki, hvaða sanngirni mælir með því, að togarar, sem sigla með ísfisk, fái þannig gjaldeyrinn frjálsan, en bátarnir ekki. Ef það væru mynduð samtök til að kaupa þessar vörur án álagningar, þá mundi það lækka stórkostlega útgerðarkostnaðinn. Þessara ráða og sjálfsagt fleiri átti fyrst að leita, áður en ráðizt væri í að gera ráðstafanir almenns eðlis. Eigi að hjálpa útgerðinni, verður að byrja á að færa niður rekstrarkostnaðinn þar, sem það er hægt. En að ráðast í svona útgjaldaaukningu á fjárl. er svo stórt atriði, að það þarf ekki að vekja athygli hv. þm. á því. Rekstrarkostnaður á fjárl. hefur aukizt um 16—20 millj. frá því á síðasta ári, og það er líka athyglisvert, að vextir og afborganir af skuldum eru nú að verða vegna þeirrar fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu, eins miklar og fjárl. voru öll fyrir stríð.

Ég er ekki heldur í vafa um, að það skref, sem átti að stíga í sambandi við dýrtíðarmálið, það var að flokka húsaleiguna. Það átti að setja húsaleiguna eftir flatarmáli og lækka hana mikið frá því, sem nú er. Ég er viss um, að það mætti lækka húsaleiguna um 20%. Enn fremur var það eitt af þeim málum, sem átti að afgr. í sambandi við þetta mál og áður en farið yrði að þyngja álögur á almenning, og það var að fyrirbyggja það okur, sem nú á sér stað á svörtum markaði með byggingarvörur, föt o. fl. Við sjáum þá baráttu, sem er háð við svarta markaðinn erlendis. Þar gengur hún svo langt, að sums staðar er jafnvel lögð dauðarefsing við okri á svörtum markaði til að friða fólkið. Það sýnir, hvert þessi mál geta komizt, ef ekki er stöðvuð á að ósi. Ég álít jafnframt, að í sambandi við eftirlit með verzlun og í sambandi við dómstólana, sem dæma um verðlagsbrot, hefði beinlínis átt að bjóða neytendum að tilnefna meðdómendur í öll þessi mál, leyfa neytendunum í landinu og fulltrúum framleiðslustéttanna að handfjalla þau, hafa dómstólana opna og prenta dómana. Það má hver og einn gera sér ljóst, að það er svo nú og alltaf í vaxandi mæli, að verzlunin er að verða eitt af okkar mesta böli, enda er reynslan svo annars staðar, og hún hefur verið það hér, því að í gegnum hana höfum við verið féflettir í aldir. Eftir að hæstv. ríkisstj. hefði gert þessar ráðstafanir, vil ég segja, að hún væri búin að sýna einlægan vilja á því að láta ekki álögurnar koma niður á almenning. Þá gat hún sagt við almenning: Nú höfum við gert allt, sem við getum, til að lækka álögurnar á almenningi, fyrirbyggja svartan markað, fela ykkur dómsvald yfir þeim, sem viðhafa okur. Þá gat stj. sagt: Nú komumst við ekki lengra. Nú verðum við að leita til ykkar. — Og þá gat almenningur ekkert við því sagt. Ég álít, að þessi sjónarmið hefðu fyrst átt að koma fram, áður en farið var að þyngja álögurnar á almenningi. Því verður ekki neitað með réttu, að þegar vísitöluskerðingin var gerð, þá átti þetta að koma þar á móti, og ég álít, að það hefði verið hægt að ná þessum tekjum án þess að koma verulega við almenning. Ég skal taka sem dæmi toll af innlendum tollvörutegundum. Það er vitað mál, að þessi framleiðsla skiptir óskaplegum upphæðum. Það er vitað, að menn drekka varla brennivín nema hafa eitthvað af þessum drykkjum út í það og borða eitthvað af þessum tollvörutegundum með. Ég held, að það sé ekki heppilegasta leiðin til að fá auknar tekur að hækka gjaldið af þessum tollvörutegundum, því að það þykir stundum ekki koma of vel til skila. Ég held, að það hefði verið nær í þess stað, að ríkið hefði tekið framleiðsluna á öllu þessu rusli. Ég sé ekki, að það sé meira fyrir ríkið að hafa það en einkasölu á tóbaki og áfengi, og þetta heyrir raunverulega þar undir. Þetta hefði áreiðanlega gefið ríkinu stórkostlegar tekjur.

Mergurinn málsins er sá, sem ég hef verið að tala um, hvernig þessa fjár er aflað. Ég er ekki að halda fram, að það sé hægt að afla alls þessa fjár með þeim aðferðum, sem ég hef nú minnzt á. Ég hef þar ekki tölur til að byggja á þessar staðhæfingar. En nær er mér að halda, að það hefði dugað. Þetta held ég, að hefði verið rétt leið, fyrst ekki var valin sú leið að finna traustan rekstrargrundvöll fyrir útgerðina. En það, sem hér er gert, stefnir allt í gagnstæða átt, að auka dýrtíðina og erfiðleikana við endanlega lausn þessara mála. Þetta, sem ég hef bent á, hefði verið nokkur áfangi á leiðinni.

Ég sagði það áðan og skal segja það að lokum, að það er tízka hér rétt fyrir jólin, að þm. lýsi yfir, að þeir hafi enga trú á þeirri lausn, sem þeir eru að gera, en þeir verði að gera það, af því að annars stöðvist allt. Þetta er talið mikil ábyrgðartilfinning. Þetta verður hver að gera upp við sig. Það getur verið, að það sé misskilningur hjá mér, að það sé það eina rétta að greiða atkv. með málinu eins og maður álítur það vera í sjálfu sér, ekki sízt ef maður hefur þá skoðun, að með þessum ráðstöfunum sé verið að leggja út í kviksyndi. Með þessu er hæstv. stj. að taka enn meir af þeim sjóðum, sem maður þarf að hafa, þegar lokaátakið í baráttunni gegn dýrtíðinni verður gert. En ætli það gæti ekki verið, að þegar búið er að taka alla okkar sjóði í dýrtíðina, að hún fari sína leið og endirinn verði sá, að menn geti ekki látið endana ná saman. Og hvað þá? Þá er fyrirsjáanleg stöðvun, eins og aldrei hefði verið neitt gert, og peningarnir farnir í að vinna verk, sem aldrei tókst, og ekki kæmi mér

á óvart, — þó að ég ætli ekki að spá neinu um þetta mál, — þó að endirinn yrði sá, að það sannaðist, að það, sem verið er að gera nú, sé spor í þá átt, og er þá illa farið.

Ég lýsti því yfir, þegar þessi ábyrgð var tekin, var eini maðurinn í þessari d., sem gerði það, að ég skyldi greiða atkv. með þessu í þetta skipti, til þess að útvegurinn ekki stöðvaðist, meðan verið væri að reyna að koma honum á rekstrarhæfan grundvöll. Ég skipti mér ekki af afgreiðslu málsins í fyrra. Ég væri í mótsögn við það, sem ég hef sagt frá upphafi um dýrtíðarmálið, ef ég færi að greiða atkv. með þessu máli nú, og ég get ekki vegna samvizku minnar gert það, þó að ég viðurkenni, að fyrir þá menn, sem eru á móti málinu, en greiða atkv. með því, af því að þá ógar við því, sem fram undan er, þá er það atriði, sem má deila um, en frá mínu sjónarmiði er það eina rétta, og ég hef frá upphafi aldrei hvikað frá því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Hv. þdm. vita, að ýmsum þm. liggur á að komast heim fyrir jólin. Síðasta skipsferð norður er á morgun, og er það eina örugga ferðin fyrir þá. Nú mundi samt sem áður ekki verða hægt að afgr. þetta mál í nótt nema með því móti, að hv. dm. biði um stund og hv. fjhn. hafi mjög hraðar hendur um afgreiðslu þessa máls. Ég vil því prófa það að boða næsta fund kl. 2 nú í nótt. Það gæti farið svo, að þeim fundi yrði að slíta, vegna þess að ekki verði nægilegur undirbúningur undir hann af n. hálfu, og þá getur málinu ekki orðið lokið fyrr en á mánudag, en ég hef góða von um að þetta megi takast.

Á 43. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi skrifl. nál.: [Sjá þskj. 273 og 274.] Enn fremur hafa mér borizt í tvennu lagi skrifl. brtt. frá hv. 4. landsk., og eru þær á þessa leið: [Sjá þskj. 275 og 276.] Loks er brtt. á þskj. 272 frá hv. 1. þm. N-M., sem nú er verið að útbýta hér í d. Þegar hafa verið leyfð afbrigði um, að málið sjálft megi koma fyrir, en auk þess þarf afbrigði um öll þau þskj., sem ég hef nú greint, svo að þau geti komið til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur mikið verið rætt í gær og dag í þessu húsi og nú seinast var það til 1. umr. í þessari hv. d., og skal ég ekki vera um það margorður. Ég vil aðeins taka það fram frá meiri hl. fjhn., að þrír nm., hv. 1. þm. Eyf., hæstv. forseti þessarar d., hv. 7. landsk. þm. og ég, höfum mælt með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hv. 1. þm. Eyf., hæstv. forseti, og ég vorum s. l. nótt á fundi með hæstv. ríkisstj. og hv. fjhn. Nd. og unnum með þeim að brtt., sem hv. fjhn. Nd. lagði fram, og var okkar samþykkis þá leitað, og töldum við okkur geta fallizt á þær brtt., og þar sem þær náðu samþykki hv. Nd., sjáum við ekki ástæðu til að gera frekari breyt. á frv. Hv. 7. landsk. þm. hafði einnig fylgzt með málinu, áður en það kom fram. Við teljum, að með þessu frv. sé að mjög verulegu leyti hlaupið undir bagga með útveginum. Að vísu lít ég svo á, að þetta sé enginn alverkandi lífselexír, en ef skilningur góður er á þeirri hjálp, sem hér er látin í té, og menn trúa því, að komast megi fram úr erfiðleikunum, þá geri ég mér góðar vonir um, að frv. verði til allmikils gagns fyrir sjávarútveginn. Ég trúi því ekki, að útvegsmenn haldi því fram í alvöru, að ráðizt verði í verkföll, heldur reyni þeir allt hvað má til að yfirstíga erfiðleikana, vitandi það, að ríkisstj. er öll af vilja gerð að haga svo málum, að sem bezt megi verða fyrir þá, sem njóta eiga aðstoðarinnar, og vonandi er, að guð hjálpi þeim, sem hjálpar sér sjálfur, og vænti ég þess, að þetta frv. verði til nokkurs gagns. Fram komnar brtt. mun ég ekki fara út í að ræða að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég hef nú í nál., sem þegar hefur verið lesið hér í hv. d., tekið fram mína afstöðu til málsins, og málið hefur nú verið mikið rætt í báðum þd., svo að lítil þörf er að bæta þar miklu við. Þetta er síðasti áfanginn í viðureign hæstv. ríkisstj. við dýrtíðina, en langstærsta stefnumál hæstv. ríkisstj., sem settt var fram af miklum bægslagangi, var að vinna bug á verðbólgu og dýrtíð. Síðan hefur það skeð, að tollar hafa hækkað meira en dæmi eru til, eða um 50 millj. kr. á ári. Um sama leyti í fyrra lagði hæstv. ríkisstj. fram frv. um nýjar álögur á almenning, jafnframt því að kaupgjaldsvísitalan var bundin í 300 stigum, og nú er lagt fram nýtt frv. um nýjar álögur, sem nema yfir 30 millj. kr. Enn fremur er von á frv. um að margfalda benzínskattinn, og sömuleiðis á að hækka innlendar tollvörutegundir. Þessar hækkanir nema að líkindum milli 10 og 20 millj. kr., eða hækkanirnar alls 40—50 millj. kr. Á tveim árum hafa því nýjar álögur á almenning komizt upp í um 100 millj. kr. Á sama tíma er kaup lækkað með lögfestingu vísitölunnar. Vinnubrögð ríkisstj. einkennast af blygðunarleysi og belgingi, og það sama er um ræður sumra hæstv. ráðh. að segja. Þetta var þó ekki einkenni á ræðu hæstv. fjmrh., því að hann var tiltölulega hógvær í sinni ræðu.

Í upphafi 1. gr. dýrtíðarlaganna, sem hæstv. ríkisstj. bar fram í fyrra, er sagt, að þau séu fram borin til að vinna bug á dýrtíð og verðbólgu, og sýndi ég fram á þá, það sem lá í augum uppi, að frv. mundi ekki verða til þess, heldur til þess að auka dýrtíðina í landinu, svo sem komið hefur á daginn. Dýrtíðin hefur sem sagt stöðugt aukizt og kaupmáttur launanna þorrið. Raunverulega ætti vísitalan að vera á fimmta

hundrað stig. Þetta er að vísu álitamál, en tveir hagfræðingar, sem athuguðu þetta, komust að þeirri niðurstöðu, að vísitalan ætti að vera 405 stig, og er þá ekki tekið tillit til svartamarkaðsverðs, en svartur markaður er nú sívaxandi þáttur í okkar þjóðlífi. Þessi aukna dýrtíð er til komin fyrir beinar aðgerðir hæstv. ríkisstj. og stafar af auknum tollum og gjöldum og vöruskorti. Kauplækkanir af þessum sökum hafa orðið slíkar, að verkalýðsfélögin hafa neyðzt til að knýja fram grunnkaupshækkanir. Þó hefur þeim ekki tekizt að halda í horfinu. En verkföllin, sem af þessu hefur leitt, hafa kostað þjóðina ótaldar milljónir. Það er sama, hvernig hæstv. ríkisstj. rembist, þessu verður ekki mótmælt, og það er sama, þótt hún rífi sig um vonzku kommúnista. Það er engin afsökun fyrir hana.

Kem ég þá að síðasta þætti í viðureign ríkisstj. við dýrtíðina, en það er það frv., sem hér er til umr. Þar er haldið áfram á sömu braut. Allar gömlu álögurnar endurnýjaðar og nýjum bætt við. Mér telst svo til, að nýjar álögur nemi samtals yfir 30 millj. kr., ef maður heldur sér við áætlun stj. Söluskatturinn hækkar um helming, eða um 17 millj. kr., en aðrar álögur í frv., eins og það er nú, nema samtals um 14 millj. kr. En í raun og veru hækkar söluskatturinn um meira en helming, enda þótt tekjur af honum séu ekki áætlaðar meiri en tvöfaldar tekjur s. l. árs. Þá eru þær greinar, sem um hann fjalla, torskildar og illa samdar, það vantaði t. d. í þær heilar setningar. Nú er sagt, að á leiðinni sé frv. um margföldun á benzínskatti og nemi hækkunin 10 millj. kr. eða meira. Alls verða þetta því 40—50 millj. kr., haldi maður sér við áætlun stj. Allt eru þetta nær eingöngu álögur á neyzlu, og dýrtíðin vex því að sama skapi. Söluskatturinn leggst á flestar neyzluvörur almennings, kvikmyndaskatturinn á þá, er sækja kvikmyndahúsin, en það er sem kunnugt er ein helzta dægrastytting almennings, og ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að á næsta ári verði fluttir inn jeppar og bifreiðar til atvinnubílstjóra, sem ég að vísu dreg í efa vegna undanfarandi reynslu, þá kemur skatturinn á þessi farartæki líka fram í hækkuðum fargjöldum og hvað jeppa snertir í þungum skatti á bændur, sem notaður verður sem röksemd fyrir hækkuðu verði á landbúnaðarafurðum, en það leiðir svo aftur af sér aukna þörf á niðurgreiðslum. Þessi skattur var lækkaður í Nd. samkvæmt kröfu Framsfl., en hann hlýtur að hafa áhrif á búrekstur bænda, sérstaklega þegar ráðgerð er stórhækkun á benzínskattinum. Um skattinn á rafmagnstæki til heimilisnotkunar er hið sama að segja, hann lendir einnig á almenningi. Skatturinn á utanferðir lendir ekki fyrst og fremst á ríku fólki, því að margt af því sleppur a. m. k. að verulegu leyti, þar sem það á gjaldeyri erlendis og fær bara gjaldeyri til málamynda. — Ríkisstj., er ætlaði að vinna bug á dýrtíðinni, hefur unnið að því í tvö ár að auka hana. Í tvö ár hefur stj. flutt frv. um dýrtíðarráðstafanir, og það er rétt, það hafa verið frv. um dýrtíðarráðstafanir, en ekki til þess að draga úr dýrtíðinni, heldur til þess að auka hana. Réttnefni hefði verið frv. til l. um aukningu dýrtíðar o. s. frv. Ef þetta frv. er samþ., mun dýrtíðaraldan rísa enn á ný og kaupmáttur launanna þverra, svo að ekki verður hægt að framfleyta venjulegri fjölskyldu með venjulegri dagvinnu allt árið. Það hlýtur þá að því að draga, að verkamenn rísi upp til varnar. Þeir eiga einskis annars kost, ef þeir eiga að geta framfleytt heimilum sínum, og þó að stj. þykist eiga meiri hl. í Alþýðusambandinu, eiga verkamenn samt nóg afl til þess. — Því er haldið fram, að þetta frv. sé fram borið til þess að tryggja rekstur bátaútgerðarinnar og til þess að greiða niður landbúnaðarafurðir. Eins og hv. 6. landsk. hefur sýnt fram á, hafa sum blöð jafnvel haldið því fram, að allar 70 millj., sem renna skulu í dýrtíðarsjóð, eigi að fara til útgerðarinnar. Slíkt er náttúrlega fjarstæða, sem ekki tekur að ræða. Ef frv. er athugað nánar, lítur út fyrir, að það dugi ekki til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins. Útgerðarmenn segjast ekki geta farið af stað, nema þeir fái 70 aura verð fyrir hvert kg. af fiski, það sé það lægsta, sem hugsanlegt sé. Það eru því beinlínis horfur á því, að útgerðin stöðvist, og ef farið hefði verið að ráðum stj. óbreyttum, þá hefði hún stöðvazt. Samtök hraðfrystihúsaeigenda og útgerðarmanna hafa sagt, að þau muni beita sér fyrir stöðvun, og þess vegna voru gerðar breyt. á frv. að ráði ríkisstj., og það eru vissulega hennar handbrögð á breyt. Stj. var heimilað að verja allt að 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða á þann hátt, sem henni sýndist, án þess að nokkrar frekari reglur væru um það settar. Nú hefur verið lesið hér bréf af hv. þm. Barð., þar sem útgerðarmenn lýsa því enn yfir, að þeir muni ekki geta rekið báta sína, ef ekki verði gerðar frekari ráðstafanir en þær, sem felast í frv. Frv. nær því ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir það, að útgerðin stöðvist. Auk þess hafa verið færð rök fyrir því, að skuldaskilakafli frv. nær ekki þeim tilgangi að verða aðstoð fyrir bátaútveginn, heldur munu ákvæði hans valda miklum truflunum í rekstri útvegsins. Þegar nánar er að gáð, sést líka, að það er blekking ein, að skattar þeir, sem frv. gerir ráð fyrir, séu lagðir á til þess að standa undir ábyrgðarverði bátafisksins og til þess að greiða niður landbúnaðarafurðir. Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður þurfi ekki að greiða vegna fiskábyrgðarinnar á þessu ári nema helming þess, sem greitt var í fyrra. En nú er bætt við í þessu frv. nýjum álögum, sem nema yfir 30 millj. kr. Það koma þá 40 millj. kr. á landbúnaðarafurðirnar, þótt því hafi verið lýst yfir, að engar útflutningsuppbætur verði greiddar á kjöt. Það sjá allir, að þetta er fjarstæða, enda auðséð á grg. að þetta er ekki meiningin. Þar er gert ráð fyrir 10 millj. kr. hækkun til þessara hluta, 70 millj. í stað 60 millj., og er sú áætlun hærri en ástæða er til. Af þessu sést, að það eru tylliástæður, að þessir skattar séu lagðir á af þeim sökum, sem stj. segir. Þeir eru ætlaðir til annars, eins og ríkisstj. veit bezt sjálf, og skal ég ekki leiða getur að því, hver ætlunin er, en það á eftir að koma fram. Ég veit, hvert svar stj. verður við till. minum, ég hef

heyrt það svo oft. Hún mun segja, að ekki nægi að bera fram till. um hækkun ábyrgðarverðsins, heldur verði um leið að benda á nýja tekjustofna. Nú er það misskilningur, að það sé hlutverk stjórnarandstöðunnar að semja tekjuöflunarfrv. fyrir hæstv. fjmrh., en ef stj. vill sinna till. sósíalista, þá skal ekki standa á okkur. Ég hef sýnt fram á, að hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða til þess að standa undir bátaútveginum, en ef um það væri að ræða, þá væri bezt að athuga fyrst, hvernig hægt væri að draga úr þenslu ríkisbáknsins. Annars eru stj. kunnar þær leiðir, sem sósíalistar hafa bent á til tekjuöflunar. Við höfum oft lagt þær fram, en þar skilur á milli. Ég álít, að það sé móðgun við útgerðina að gera hana ölmusuþurfa af almenningsfé. Útgerðin er mergsogin af verzlunarauðvaldinu, og hver útgerðarmaður veit, að fengi hún að njóta arðsins af þeim gjaldeyri, er hún skapar, væri hagur hennar góður, ég tala nú ekki um, ef vextir og vátryggingargjöld væru einnig lækkuð. Þá þyrfti útgerðin ekki að lifa á bónbjörgum. Meðan smáútgerðin er rekin með tapi og nokkrir menn hirða gróðann, er það ósvífni að skattleggja hverja spjör og aðrar nauðsynjar, svo að gróðinn renni ætíð í sama farveg. Ef nauðsynlegt er að leggja á skatta, þá er þetta það ráð, sem seinast ætti að grípa til. Það er líka afleitt, þegar blandað er saman sjávarútvegsmálum, fjárhagsmálum, nauðsynjamálum og skaðræðismálum, eins og gert er í þessu frv. Allir eru sammála um það, að fyrsta kaflann þurfi að athuga nánar. Eins og nú er, nær hann ekki tilgangi sínum. Ég legg því til, að I. kafli verði samþ. með mjög verulegum breyt. Ábyrgðarverð fyrir hvert kg. af nýjum fiski verði hækkað upp í 70 aura, og aðrar afurðir hækki í hlutfalli við það, enn fremur fái bátaútgerðin rétt til ¼ af þeim gjaldeyri, sem hún aflar, miðað við innanlandsverð aflans, til kaupa á nauðsynjum til útgerðarinnar. Í Nd. kom fram till. um þetta, sem gekk lengra og var felld, en þessi till. mín er svo sjálfsögð, að ekki verður á móti henni staðið. Þá legg ég til, að 13. gr., sem fjallar um eftirgjöf til útgerðarinnar, verði samþ., en aðrar gr. II. kafla, sem ég tel að mundi valda miklum truflunum í rekstri útvegsins, felldar. Loks legg ég til, að III. kafli verði felldur niður, þar sem hann miðar að því að auka mjög dýrtíðina í landinu. Að því leyti sem tekjuöflunar þarf við, tel ég sjálfsagt að leggja fram sérstök frv. í því skyni.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég tel rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég hef ekki lagt fram nál. og ætla því að gera það munnlega. Ég hef alltaf verið á móti þeirri leið, sem hér er farin, og er það enn, og ég tel hana sízt betri sem hún er oftar farin. Ég tel það ekki fært að gera aðalatvinnuveg landsmanna að ómaga, enda er með þessum ráðstöfunum tjaldað til einnar nætur og ekki til frambúðar, og vafasamt, hve langt þessar ráðstafanir ná. Margar þjóðir halda niðri dýrtíð með því að greiða niður verðlag, en fáar þjóðir greiða niður sinn aðalatvinnuveg. Ég er á móti því, að aðalatvinnuvegur landsmanna og sá, sem gefur af sér allar gjaldeyristekjurnar, sé gerður að ómaga. Slíkt getur ekki gengið til lengdar, það fælir þjóðina frá þeim atvinnuvegi, sem mest þarf að stunda. Fjármagnið leitar frá framleiðslunni og yfir í innflutningsverzlunina. Fyrir hvern dollara, sem útgerðin aflar, fær hún greiddar kr. 6,50, en á svörtum markaði er dollarinn seldur fyrir þrefalt verð. Aðstaða útflutningsframleiðslunnar verður aldrei lagfærð, nema framleiðslan fái það verð fyrir þann gjaldeyri, sem hún framleiðir, sem innlendur markaður er fús til að greiða fyrir erlend gæði. Nú fær þessi framleiðsla ekki nema nokkurn hluta af því, sem hennar gjaldeyrir er verður. Þess vegna er það, að svona lækning eins og þessi getur ekki læknað. Meðan svona hagar til, hlýtur að hallast því meira á ógæfuhliðina sem lengur gengur í þessa átt. Með frv. þessu er stofnaður dýrtíðarsjóður, sem á að standa undir greiðslum til dýrtíðarráðstafana. Það út af fyrir sig er kannske gott form, en það er engin lausn á þessu máli fengin með myndun dýrtíðarsjóðs. Það er bara um formsbreytingu að ræða, vegna þess að ríkissjóður hlýtur áframhaldandi að standa að hálfu leyti undir þessum greiðslum, eftir sem áður, ef dýrtíðarsjóður hrekkur ekki til. En þá kem ég líka að öðru meginatriðinu í þessu máli, sem er það, að ríkissjóður er með þessu að taka á sig byrðar, sem hann hefur ekki hugmynd um, hverjar eru og við höfum ekki hugmynd um, hvort hann getur staðið undir. Árangurinn verður svo sá, að þegar ríkissjóður getur ekki staðið undir þeim byrðum, sem honum eru bundnar, þá sekkur hann dýpra og dýpra í skuldafenið. Ríkissjóður hefur safnað undanfarin 2 ár 100 millj. kr. skuldum, og mjög veruleg upphæð af því er komið af ráðstöfunum eins og þessum, sem nú er verið að gera. Þó að litið sé fram hjá þessum tveimur meginástæðum, að það er verið að halda uppi framleiðslu landsins, sem í raun og veru er svipt því verðmæti, sem hún vinnur inn, og í öðru lagi, að ríkissjóði eru bundnir baggar, sem enginn veit, hversu þungir verða eða hvort ríkissjóður getur staðið undir, þá er óvissan það mest áberandi við frv., óvissan um, hvað þetta kostar allt saman og hvort við getum staðið undir því, og óvissan um það, hvort útgerðin fer af stað, þó að frv. verði samþ. Og þó að ekki sé alltaf tekið mark á bréfum eins og þessu, sem hér hefur verið lagt inn frá útgerðarmönnum, þá verð ég þó að segja það, að mér finnst bréfið vera þannig stílað, að þeir mundu varla senda það inn, eins og það nú liggur fyrir, ef þeir meintu ekki neitt með því, sem þeir eru að segja þar. Eins og áður er tekið fram, er það óvissan, sem er mest áberandi við frv., á báðar hliðar, og mér finnst þá sú óvissa vera mest áberandi, ef frv., þegar samþ. verður, gerir ekki það gagn sem því er ætlað. Svo er það með tekjurnar samkv. 29.—30. gr. frv., sem mér skilst, að eigi að gefa af sér 14 millj. kr. Ég get ekki séð, hvernig hægt er að reikna út summur af þeim liðum, sem þar eru. Óvissan um þá liði er svo mikil, að enginn getur sagt um, hvaða áhrif þeir hafa til þess að geta gefið þær tekjur, sem þeim er ætlað. Ef svo væri, að þessir liðir ættu að gefa þessar

tekjur, þá verður að álíta, að ætlun yfirvaldanna sé að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum, heimilistækjum og til ferðalaga erlendis. Ef ekki verða gefin leyfi fyrir þessum liðum, þá koma heldur engar tekjur vegna þeirra. Ég bendi aðeins á þessi atriði til þess að sýna óvissuna í þeim, en ætla ekki að fara frekar út í frv., vegna þess að ég tel þess ekki neina þörf. Ég hef ætlað að gera grein fyrir minni afstöðu, og hún er þessi, sem ég hef lýst. Ég þykist ganga út frá því gefnu, að sú leið, sem mest hefur verið rætt um undanfarin ár, sem sumir kalla verðjöfnunarleiðina, sé ófarandi eins og komið er. Ég álít, að sá tími sé liðinn, sem sú leið hafi verið fær. En sú leið, sem er nú farin, er ekki til frambúðar og ekki til eilífðar, heldur er hér tjaldað til einnar nætur. En hvað tekur þá við? Ég hef aldrei verið forsvarsmaður gengislækkunar, en tel, að hún sé síðasta neyðarúrræðið, sem verði að fara. En hvaða ráð eru eftir fyrir þing og stj. og þjóðina alla til þess að taka, svo að það verði eitthvað fast undir fæti í framtíðinni? Ég væri ekkert hissa á því, þó að ekki yrði langt þangað til við kæmumst að þeirri niðurstöðu, að við verðum að borga framleiðslunni það verð fyrir þann gjaldeyri, sem hún vinnur inn, sem gjaldeyririnn er verður.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var ekki við hér í hv. d., þegar ég talaði við 1. umr. þessa máls. Þá spurði ég tveggja spurninga, sem mig langar til að endurtaka. Það kemur ekki ljóst fram í frv., að mér skilst, hvort þær 5 millj., sem um ræðir í 5 gr. og ríkisstj. á að leggja fram, eiga að koma úr dýrtíðarsjóði eða beint úr ríkissjóði. Þetta langar mig að fá að vita. Fjmrh., sem fjallað hefur um frv., hefur ekki séð sér fært að gera við það brtt., svo að þetta komi skýrt fram. Vera má, að nóg sé, að þetta komi fram í umr.

Þá vildi ég fá upplýsingar viðvíkjandi 14. gr. Hún fjallar um þau skilyrði, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að það uppgjör, sem ætlazt er til, að fari fram, verði löglegt. Eitt af skilyrðunum fjallar um það, að útgerðarmaðurinn nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum, til þess að útgerð hans verði rekin á fjárhagslega tryggum grundvelli framvegis. Í þessu sambandi spurði ég um það, hvort það væri skoðun ríkisstj., að að óbreyttum atvinnuháttum í landinu væri nóg fyrir útgerðarmanninn að fá þetta skuldauppgjör, hvort hann með því væri kominn á fjárhagslega tryggan grundvöll með sína útgerð. Og ef það væri ekki, þá skilst mér, að öll ákvæði frv. séu fyrir gýg unnin, því að þetta er skilyrðið til þess, að hægt sé að gera upp skuldir útgerðarmannsins. Ég sagði áðan, að mín skoðun væri, að ég sæi ekki, að það væri nokkrum útgerðarmanni nóg, þó að allar skuldir hans væru strikaðar út í dag, grundvöllurinn yrði samt sem áður ekki tryggður framvegis, og þá skilst mér, að ekki sé hægt að veita honum lán samkvæmt 4. tölul. 14. gr.

Svo átti ég hér eina brtt. við 23. gr., á þskj. 272. Það er tekið fram í A-lið 23. gr., að ýmsar vörur séu undanþegnar söluskatti, þ. á m. eru vörur þær, sem þarf til framleiðslu hvað útgerðina snertir, en hins vegar er þar ekkert talað um þær vörur, sem þarf til landbúnaðarframleiðslu. Ég hef heyrt það sagt, að hæstv. fjmrh. hafi gefið þær yfirlýsingar, að þetta mundi verða ákvarðað með sérstakri reglugerð, og fóðurbætir, landbúnaðarvélar o. fl. mundi undanþegið þessum skatti. Þetta hef ég heyrt sagt, en um sannindi þess veit ég ekki og vildi mjög gjarna fá vitneskju um það hér. Ég tel ekki mögulegt að gera slíkt eftir reglugerð. Það er tekið fram í 27. gr., að það megi setja reglugerð um vissar vörutegundir og þjónustu, ef álagning skattsins og innheimta hans sé sérstökum erfiðleikum bundin, annars ekki. Mér skilst, að álagning og innheimta skatts af t. d. maísmjöli sé ekki bundin neinum sérstökum erfiðleikum og þess vegna ekki hægt eftir frv. að taka neitt fram um þetta í reglugerð, nema um framleiðsluvörur, sem notaðar eru jöfnum höndum til manneldis og skepnufóðurs. Þess vegna vil ég hnýta þessu hvoru tveggja aftan í 23. gr. og að tekið sé fram í reglugerð, hvaða vélar það eru, sem undanþegnar eru söluskatti. Þó að það sé tekið fram um ýmislegt smávegis varðandi sjávarútveginn, þá ætlast ég ekki til þess hvað landbúnaðinn snertir, heldur aðeins að það sé gert um hinar stærri vélar.

Að öðru leyti mun ég ekki gera frv. að umtalsefni. Þetta frv. er ekki nema til að minnka hraðann á leiðinni niður í verðbólgudikið, sem fyrrverandi ríkisstj. bjó til. Það stoðar ekki til að koma þjóðinni upp úr því diki, en minnkar eitthvað hraðann niður í hyldýpið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er hvort um sig, að ég hef sjálfur aldrei látið uppi annað álit á þessu frv. en að það væri tilraun til að fá bráðabirgðalausn á þessu máli, enda má heyra það á hv. þm., þeim sem hér hafa talað, að þeir eru ekki hrifnir af þeim till., sem í þessu *máli felast. Annars er nú dálítið furðulegt* að heyra á ræður sumra hv. þm. í þessu máli, þegar þess er gætt, að allir þessir menn hafa verið með í dansinum. Núverandi ríkisstj. bjó ekki upphaflega til dýrtíðarskrúfuna í þessu landi. Hún var komin í fullan gang og farin að verða sýnilega ofvaxin þjóðinni, áður en núverandi ríkisstj. tók við. Hún vitaskuld kemst ekki undan því, frekar en Alþ., að glíma við afleiðingar verðbólgunnar, þó að sú glíma gangi illa, — það er ekki nema skylt að játa það, — þá er það ekki sök stj. út af fyrir sig. Það má vel vera, að hún leggi víða vitlaust á og fari skakkt að, og skal ég engan veginn firra hana ámæli í þeim efnum, og sjálfan mig ekki heldur sem einstakling eða þm. En það er næstum því broslegt að hlusta á ræður, eins og t. d. ræðu hv. þm. Str., sem hefur verið hér mikill valdamaður á öllu verðbólgutímabilinu og breiðir sig nú út yfir, hvað hefði mátt gera og hvað mætti gera. Mér þætti það ákaflega skemmtilegt, ef hans hugmyndir og hans skoðanir á því, hvað ætti að gera í dýrtíðarmálunum fyrir útveginn, hefðu óskipt fylgi hans flokks. Meira að segja hv. 4. landsk. þm. lýsti því yfir hér, að hann vildi láta útgerðarmenn njóta góðs af

sínum gjaldeyri. Ég skyldi ekki vera seinn að fylkja liði með þeim í þessu, ef ég vissi, að það kæmi að nokkru haldi. Það hefur lítið að segja, þó menn segi þetta, þegar flokkar þeirra vilja ekki gera það. Ég á þar ekki við flokk hv. 4. landsk. þm. fremur en flokk hv. þm. Str., en flokkar þeirra vilja ekki standa að lausn málanna á þann veg. Annars féllu skoðanir þessara tveggja hv. þm. ákaflega mikið saman, og hef ég ekkert við það að athuga. Núverandi ríkisstj. á ekki byrjunina að því að binda ríkissjóði fjárhagslegar ábyrgðir fyrir sjávarútveginn. Það var á þeim tíma, sem hv. 4. landsk. þm. var einn af ráðh., sem sú stefna var upp tekin og framfylgt af þeim mönnum, sem studdu þá stjórn, þ. á m. af mér sem þm., í góðri trú á, að þetta yrði til bjargar. En forustuna hafði ríkisstj. og þ. á m. hv. 4. landsk. þm. En það var ekki séð fyrir neinu fé í því efni. Það var ekki verið að gera sig óvinsælan með því að sjá fyrir tekjum eða leggja skatta á þjóðina. Það varð aftur á móti hlutverk núverandi ríkisstj. að taka við yfir 20 millj. kr. skuld af þeim ríkisábyrgðum, sem stofnað var til á árinu 1946, þegar hv. 4. landsk. þm. var í stj. landsins. Jú, það er talað um, að ríkissjóður hafi safnað miklum skuldum undanfarið. Það er rétt. En vegna hvers er það? Það er vegna þess, að hið háa Alþ. hefur verið svo ötult við það að samþ. ýmiss konar löggjöf, sem ríkisstj. hefur svo orðið að reyna að standa við eftir mætti, og þar sem tekjurnar hafa ekki hrokkið til þess að mæta þessum fyrirskipunum Alþ., hafa vitaskuld safnazt skuldir. En sú skuld er ekki eingöngu á reikning núverandi stj. Ég gæti talað hér miklu meira og lengra mál, ef mér þætti nokkuð þýða að fara í þess háttar umræður nú, þegar svo langt er liðið á nóttu sem nú er og verið er að reyna að ganga frá þessu máli, áður en þm. þurfa að fara úr bænum, sumir. Sem sagt, þó að ég, sem fyrirsvarsmaður fjárhagsins, þessa auma fjárhags, sem hv. þm. hver á fætur öðrum hafa lýst með svo svörtum litum, — þó að ég vildi fallast á þá gjaldeyrislausn fyrir útveginn með þeim þm., sem hafa verið að láta í hana skína hér, væri það ekki til neins, vegna þess að ég veit það, eftir því sem komið hefur fram í stjórnarsamvinnunni undir meðferð málsins, þá væri það þýðingarlaust. Það næst ekki þingvilji fyrir því, eins og menn líta á málin nú. Þegar menn eru svo að kvarta yfir því, að það séu gjaldeyrismálin, sem geti leyst þessi vandamál, hvers vegna vilja þeir þá ekki horfast í augu við það, sem hv. 1. þm. Reykv., sá er síðast talaði, benti á? Það er nefnilega alveg rétt, að búið er, ekki bara í ár og ekki bara í fyrra, heldur árum saman, að taka gjaldeyrinn af útvegsmönnum við allt of lágu verði. Þetta er sannleikur. En allar stj., sem setið hafa áður en þessi stj. kom til valda, hafa horft á þetta og hvorki hreyft hönd né fót til lagfæringar. Ekki minnist ég þess, að hv. 4. landsk. þm. eða hans stj. hafi gert minnsta handarvik, meðan hún sat, til þess að rétta hag útvegsins á þá leið, sem hann vill nú vera láta. Nei, hún gerði annað, hún flutti frv. um að ábyrgjast fiskverðið, og með þeim afleiðingum, að ríkið varð fyrir yfir 20 millj. kr. áfalli, sem vitaskuld verður að borga. Ekki dugði að svíkja þá, sem búið var að lofa verðinu. Svo eru menn að barma sér yfir því, að verið sé að þyngja álögurnar á fólkinu o. s. frv. Það eru ekki tvær tungur, sem menn tala með í þessu máli, þær eru langtum fleiri. Menn eru að kvaka kringum þetta og segja, eins og satt er raunar, að hér sé ekki um að ræða nema bráðabirgðalausn. Það er ekkert launungarmál, að hér er um vandræðaástand að ræða. Mér hefur aldrei dottið í hug að mótmæla því, en ég vil ekki undirstrika, að núverandi ríkisstj. hafi ein búið þetta ástand til. Við, sem erum í henni, og við, sem verið höfum þm. undanfarið, berum okkar hluta af ábyrgðinni, engu síður — en ekki fremur — en þeir menn, sem áfellast nú ríkisstj. fyrir það, að hún kemur ekki með þann „voltakross", sem útgerðarmenn segja um: „Þarna er lækningin, við erum ánægðir," — og fyrir það, að hún leitast við að gera þær fjárhagslegar ráðstafanir, sem þarf að gera til þess að halda í horfinu, þannig að ríkissjóður lendi ekki í þroti vegna þeirra ýmsu útgjalda, sem hér er verið að stofna til. Ekki byrjaði núverandi ríkisstj. á því að greiða niður landbúnaðarafurðirnar, ýmist í útflutningsuppbótum á kjöt, ýmist beinum styrkjum til bænda eða þá með niðurgreiðslum til neytenda. Þetta var allt komið í fullan gang, áður en hún kom hér að. Hún hefur að vísu gert það, sem nú virðist vera synd í augum þessara hv. þm., að halda því áfram. En mundi nú ekki t. d. hv. 4. landsk. þm. telja gengið á rétt verkalýðsins, ef hætt væri niðurgreiðslum til neytendanna? Hann veit eins vel og ég, hvað það kostar, 22 millj. kr. á ári sá liður út af fyrir sig.

Þó að full ástæða væri til að fara nokkrum frekari orðum um þetta mál, þá skal ég ekki þreyta hv. d. með öllu lengra tali um þessi mál. Það er búið að tala svo mikið um þau í hv. Nd., og ekki ástæða til að taka þær umr. upp aftur hér. En út af fyrirspurnum þeim, sem til mín hefur verið beint, vildi ég bæta við nokkrum orðum. Hv. þm. Barð. vildi fá yfirlýsingu um, hvað liði aflatryggingasjóðsfrv., sem heitið hefði verið. Það frv. er eiginlega tilbúið til þess að leggja fyrir Alþ. Ég hef alveg nýlega fengið álit þeirra flokka, sem að stj. standa, um afstöðu þeirra til þessa máls. Og það stendur til, að það verði lagt fram, þegar þingið kemur saman aftur eftir jólin og nýárið. Svo spurði sami hv. þm. um það, hvort ríkisstj. vildi greiða fyrir útgerðinni og hraðfrystihúsum að mér skildist með því að leggja velviljaðan skilning í lögin í sambandi við framkvæmd á ýmsum atriðum eftir þessu frv., sem fyrir liggur, varðandi t. d. geymslu á fiski og rýrnun á honum, og ég ímynda mér, að hv. þm. hafi átt við saltfiskinn. Og enn fremur talaði hann um, að endurskoða þyrfti reglugerð varðandi saltfiskinn. — Ég verð nú að segja það, að ég held, að fiskábyrgðarnefndin, sem hefur verið ráðgjafi eða ráðunautur ríkisstj. í þessum málum, hafi reynt að gera það, sem hún hefur getað, til þess að fara réttlátlega með þessi mál í samræmi við þau lög, sem sett hafa verið. Hitt er svo

annað mál, að ráðuneytið getur skorizt í það, að eitthvað sé rýmkað til á þessu sviði, án þess þó að brjóta lög, en með breyt. þá á reglugerð. Og að svo miklu leyti sem ég tel það vera hægt laganna vegna og líka ef ég tel það fjárhagslega óhætt eða mögulegt, þá vil ég gera það, sem í mínu valdi kann að standa, ef ég fer með þau mál, við að leggja velviljaðan skilning í útfærsluna á þessum atriðum, sem ég veit, — eins og ég líka fann, að lá í fyrirspurninni hjá hv. þm., — að getur verið til þæginda fyrir þá, sem að þessu eiga að búa. En frekari eða meiri yfirlýsingu um þetta atriði get ég ekki gefið.

Um það, hversu varið skuli þeim 5 millj. kr., sem heimilaðar eru eða stendur til að heimila ríkisstj. að verja til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða, get ég á þessu stigi málsins ekki sagt neitt ákveðið, vegna þess að það er vitað, að þessi upphæð er tekin inn við nánari athugun málsins og í samráði við hv. fjhn. Nd. og ýmsa hv. þm. úr þessari hv. d., og þetta ákvæði var tekið upp í frv. á s. l. sólarhring. Og það verður vitanlega að athugast, ekki bara, hvað ríkisstj. vill gera í þessu efni, heldur líka, hvar þörfin sé mest fyrir aðstoð eftir þessu ákvæði. Og þar kem ég líka að því, sem hv. þm. mæltist til, að framkvæmt yrði, að það verði athugað, hvernig ástandið er hjá hraðfrystihúsunum og að hve miklu leyti þau hafa þörf fyrir hjálp á þennan hátt. En hv. þm. er það kunnugt eins og mér, að aðallega voru það víst bátarnir, sem hafðir voru í huga, þegar þessi upphæð var sett inn. Varðandi endurskoðun á viðgerðum samkvæmt 11. gr., þá er ég sömu skoðunar og hv. þm., að ég tel, að það þurfi, ef þetta frv. verður samþ., strax að vinda sér að því að gera þær ráðstafanir, sem þar um ræðir. — Hv. 1. þm. N-M. spurði um þessa sömu upphæð, 5 millj. kr., hvort hugsað væri, að þær væru greiddar frá ríkissjóði eða frá dýrtíðarsjóði. Ég held nú, þó að það komi ekki alveg ljóst fram í orðalaginu um þetta atriði, að þetta hafi verið hugsað þannig, að þetta fé kæmi frá dýrtíðarsjóði, og þá yrði það að skiljast þannig, að það yrði svo framarlega að hann gæti undir þessu staðið. En lögin segja — ef frv. verður samþ. —, að ríkisstj. sé heimilt að verja þessu fé á þennan hátt. Og geti dýrtíðarsjóður ekki staðið undir því, en ríkisstj. aftur á móti telji nauðsynlegt að nota sér þessa heimild, þá er vitanlega ekki í annan stað að venda heldur en að ríkissjóður yrði að leysa það fé út. En ég ætla, að ekki muni til þess þurfa að koma, ef tekjuöflun til dýrtíðarsjóðs fer eftir þeirri áætlun, sem gerð hefur verið. Og vil ég, í sambandi við þá aths., sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, hvað tekjuöflunina snertir, benda á það, að ákvæði frv. um tekjuöflunina eru ekki eins út í bláinn og hann vildi vera láta. Er eðlilegt, að sá hv. þm. sé ókunnugur þessu máli, þar sem hann hefur ekki haft tækifæri til að fylgjast eins vel með því eins og aðrir hv. þm. Þetta er byggt á samkomulagi innan ríkisstj. um það, að flutt sé inn t. d. það magn af þeim vörum, sem þarna eru nefndar, sem á að geta staðið undir þessum útgjöldum. Verði það ekki gert, mundi ég a. m. k. sem fjmrh. og tollheimtumaður telja brugðið við mig heitum. *(GJ:* Illa svikinn.)

Þá spurði hv. 1. þm. N-M. um 14. gr. frv., 4. tölul., og um þann fjárhagslega trygga grundvöll, sem þar er talað um. Ég vil benda á, að það er ekki ráðh., sem á að dæma um það, hvað teljist fjárhagslega tryggur grundvöllur í þessu tilliti, heldur er það skilanefndin, sem á að dæma um það atriði. Þess vegna get ég að svo komnu máli ekki gefið yfirlýsingar um það, hvernig grundvöllur sá eigi að vera smíðaður. Það eru aðrir þar til valdir menn, sem ég er þegar búinn að skipa samkv. lögum um aðstoð við vélbátaeigendur, sem samþ. hafa verið nýlega, og það verða þeir, sem eiga að dæma um þessi atriði, enda eru þeir færari til þess allir fimm en ég einn a. m. k.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. N-M., þá held ég, að það hafi verið sams konar brtt., sem felld var í hv. Nd. *(PZ:* Hún er ofurlítið öðruvísi.), um landbúnaðarvélar og fóðurbæti. Og ég vil benda á, að landbúnaðarvélar eru hliðstæðar við mótorvélar í báta, og þær falla undir söluskatt. En varðandi fóðurbætinn, þá er óþarft að vera með till. um hann, því að ég lýsti yfir í hv. Nd. og get endurtekið það hér, að það er samkomulag um það við hæstv. landbrh., að það verði framkvæmt eins og þó að það væri talið í þessari upptalningu. *(StgrA:* Þótt ekki sé til þess heimild í lögum?)

Ég held ég geti látið hér staðar numið með mínar aths., svo langt sem þær ná. Ég veit að vísu, að það væri hægt að segja margt meira um þetta mál. En ég tel, að það hafi ekki nokkra þýðingu að halda hér uppi löngum umr. um þetta mál. Og ég bið hv. þm. að taka það á engan hátt sem neina lítilsvirðingu á þeirra ræðum eða því, sem fram hefur komið, því að vitaskuld er ástandið þannig, að það er hjá hverjum einasta hv. þm., sem um málið hefur talað, mikið af því, sem er rétt athugað, og margt af því, sem gagnrýnt er, þannig, að það á skilið að vera gagnrýnt. En það breytir bara ekki því, að það verður, meðan menn eru ekki búnir að koma sér saman um það að láta allt reka í strand og hafa enga viðleitni um að forða því, samt sem áður að gera tilraun til þess að fá atvinnuleysinu bægt frá, þ. e. með því að reyna að halda atvinnuvegunum gangandi. Hv. þm. segja að vísu margir: Þetta er ekki nóg tilraun, það er engin vissa fyrir því, að hún heppnist. Ja, ég skal ekkert um það segja. Aðrir segja: Hér er allt of miklu til kostað, það er vitleysa, að ríkið taki á sig þessa ábyrgð og komi sér í skuldir fyrir það. Einhvers staðar milli öfganna liggur þó meðalvegurinn, sem, þó að hann e. t. v. sé ekki fær leið og nái ekki til fullkominnar úrlausnar í þessum atriðum, getur samt orðið til þess að halda nokkuð uppi atvinnurekstri, sem e. t. v. annars yrði ekki haldið við. Ég hef aldrei verið neitt stórorður um fyrirætlanir eða framtíðaráætlanir núverandi ríkisstj. Mér hefur frá upphafi verið það algerlega ljóst, að það eru örðug viðfangsefni við að fást í þessu þjóðfélagi fyrir hvaða ríkisstj. sem er og örðugri en svo, að hægt sé með einstökum aðgerðum að ráða bót á ástandinu. Menn tala um það,

að það séu þungir skattar lagðir á, og það er satt, þeir eru þungir. En það er bara búið að stilla því þannig upp, að ríkið krefst svo þungra fórna af þegnunum, vegna þess að menn vilja láta ríkið standa undir þessu öllu, svo og svo miklum framkvæmdum, fjárframlögum til ýmissa greina, svo sem landbúnaðar, kennslumála o. fl., sem allt kostar stórfé. Og þetta fé verður vitaskuld ekki tekið annars staðar en af þegnum þjóðfélagsins. Væri einhver önnur leið opin en sú, þá býst ég við, að einhverjir væru svo skarpskyggnir að vera búnir að koma auga á hana. Með dýrtíðarskrúfunni, sem menn voru svo hjartanlega sammála um að setja hér af stað á árunum, var hafinn sá leikur, að með hækkuðu vinnuverði væri hækkað afurðaverð, og þegar hækkaði afurðaverðið, þá hækkaði vinnuverðið. Síðan komu til sögunnar niðurgreiðslur úr ríkissjóði til þess að halda niðri vöruverðinu, sem námu miklum fjárframlögum. Þetta er saga, sem við þekkjum allir, og er næsta fánýtt að standa í steinkasti innan þingsins vegna þessara hluta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær yfirlýsingar, sem hann hefur gefið hér í sambandi við mínar fyrirspurnir. Ég átti von á því, að hann sýndi þessu máli þann skilning, sem kom fram í hans svörum, og er mér miklu ljúfara, eftir að hafa heyrt hans svör, að fylgja þessu frv. heldur en áður. Þess var að vænta, að sá djúpi skilningur, sem hann hefur jafnan haft á sjávarútvegsmálum, réði mestu um svör hans. Og ég þakka honum fyrir hans afstöðu í þessu máli.

Út af öðrum þeim orðum, sem féllu í ræðu hæstv. ráðh. og gátu snert nokkuð það, sem ég hafði sagt í minni fyrri ræðu, vil ég taka fram, eins og í upphafi míns máls, að þó að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi ekki upphaflega farið þessa leið, þ. e. byrjað að fara þá leið, að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð á fiskverði, heldur hafi núverandi hæstv. ríkisstj. tekið við sem arfi frá fyrrv. ríkisstj. um 20 millj. kr. skuld vegna ábyrgða, sem í þessum efnum höfðu verið veittar, þá er ljóst, að sú ábyrgð, sem áður var tekin á fiskverðinu, var þannig, að það var ekki ætlazt til þess, að greiðslur vegna þeirra ábyrgða kæmu beint úr ríkissjóði, en það var annar samþykkjandi á þeim víxli, sem brást fyrir sérstök óhöpp, og fyrir það fékk ríkissjóður þennan skell. Þetta hefði sannarlega átt að vera nægileg viðvörun — og er ekki í þessu nein ásökun til hæstv. ríkisstj. — til þess, að stungið væri við fæti, því að eins og kom fram bæði í minni ræðu og ræðu hv. þm. Str., þá var þar ekki um ríkisábyrgð að ræða í venjulegum skilningi, þegar fyrst var tekin ábyrgð á fiskverðinu, heldur verðjöfnun milli tveggja atvinnugreina innan útvegsins sjálfs. Skal ég svo láta úttalað um þetta.

En út af ummælum, sem hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. fjhn., hafði um þetta mál, vil ég segja aðeins nokkur orð. Hann lauk máli sínu með því að segja, að hann tryði því ekki, að útvegurinn gerði alvöru úr því að fara í verkfall, eftir að þetta frv. yrði samþ. Nú vildi ég mega spyrja þennan hv. frsm.: Mundi hann telja það verkfall, ef hann, hv. þm. Dal., sendi þjón sinna erinda yfir fjallveg með lítið veganesti og sá þjónn yrði svo óheppinn að fá hrið á leiðinni og yrði svo örmagna af matarleysi og hvíldarleysi og hann gæfist upp á miðri leið? Mundi hv. frsm., ef þessi þjónn væri að fara þessa ferð fyrir hann, hv. þm. Dal., telja, að þarna væri um verkfall að ræða? En þetta væri hliðstætt þeim kjörum, sem hæstv. Alþ. hefur skapað útveginum, sem hefur verið dyggasti þjónninn við öflun fjár í ríkissjóðinn. — Nei, útvegurinn er ekki hér að gera verkfall, ég mótmæli því. Útvegurinn stöðvast ekki, nema því aðeins að hann komist í þrot fyrir aðgerðir Alþ. Og það á ekkert skylt við neitt verkfall.

Ég vil í sambandi við till., sem komið hefur fram frá hv. 4. landsk. þm., benda á, að það er óþarft að samþ., að einn fjórði af þar nefndum gjaldeyri fari til þessara manna til þess að kaupa nauðsynjar til útgerðarinnar, því að þessi útvegur hefur alltaf fengið allan þann gjaldeyri með því verði, sem hann er skráður á Íslandi, sem hann hefur þurft til þess að kaupa nauðsynjar til útgerðarinnar. Honum hefur aldrei verið neitað um það. Og þar kom einnig fram hugsunarvilla hjá hv. þm. Str., sem mér þykir rétt að leiðrétta hér. Hann sagði, að ef bátaútvegurinn gæti fengið gjaldeyri líkt og togarar fengju, væri honum borgið. Togararnir hafa aldrei fengið annan gjaldeyri en þann, sem þeir hafa þurft til sinnar útgerðar, og aldrei neinn hluta af gjaldeyri, sem þeir hafa aflað, til þess að selja á svörtum markaði fyrir hærra verð en skráð hefur verið á honum. Og bátaútvegurinn hefur fengið allan þann gjaldeyri, sem hann hefur þurft til sinna nauðsynja. Hitt er annað atriði, að hann hefur fengið sínar nauðsynjar gegnum aðra innflytjendur. En það á ekkert skylt við þetta mál.

Í sambandi við fyrirspurn, sem kom fram frá hv. 1. þm. N-M. og var að nokkru leyti svarað af hæstv. ráðh., vildi ég aðeins leyfa mér að benda á til frekari skýringar, af því að ég var við, þegar gengið var frá ákvæðunum í 5. gr. frv. á þskj. 270 um þær 5 millj. kr., sem bætt var við, sem verja á til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða, að svo var til ætlazt, þó að það sé ekki sagt berum orðum í frv., að þær eigi að vera greiddar úr dýrtíðarsjóði, og sést það bezt á 30. gr. frv. á þskj. 270 með samanburði við 29. gr. á þskj. eins og þetta frv. var lagt fram fyrst, því að bætt var inn í þessa gr. tveim nýjum tekjuliðum, sem eru undir stafl. d og e, og var það gert bókstaflega með það fyrir augum, að þær auknu tekjur væru notaðar til þess að standa undir þeim kostnaði, sem 5. gr. frv. á þskj. 270 hefði í för með sér, þ. e. a. s. að leggja fram 5 millj. í *áðurgreindu skyni. Og þetta er bezta sönnunin* fyrir því, að þetta 5 millj. kr. framlag á að greiðast úr dýrtíðarsjóði, að þessum tveimur tekjuliðum hefur verið bætt inn í núverandi 30. gr. frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar og vil enn leyfa mér að endurtaka þakk-

læti mitt til hæstv. ráðh. fyrir hans yfirlýsingar í málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er a. m. k. eitt, sem er alveg ljóst af þessu frv., að herkostnaður ríkissjóðs af dýrtíðarflóðinu er a. m. k. orðinn um 70 millj. kr. á ári. Hitt er svo öllum ljóst, að herkostnaður þjóðarinnar af dýrtíðaröldunni er margfalt meiri, og um það hafa sennilega fæstir gert sér glögga hugmynd í tölum. Og dýrtíðin er nú orðin svo óstjórnleg, að Alþ. er óneitanlega ráðafátt út af því ástandi, sem dýrtíðin hefur skapað. Það er kunnugt, að hér hafa aðallega verið nefndar þessar leiðir: Í fyrsta lagi lækka gengi ísl. krónunnar mjög verulega, fara inn á þá leið svona sem einhvers konar miðlunarleið, ef fleiri gætu sætt sig við það en algera gengislækkun, þ. e. að taka upp svo kallað tvöfalt gengi. Í öðru lagi að reyna enn á ný að færa niður vísitöluna með niðurfærsluaðferðinni svo kölluðu, og hygg ég, að lýst hafi verið yfir í Nd. við umr. þessa máls, að einn af stjórnarflokkunum teldi nauðsynlegt og æskilegt, að vísitalan væri lækkuð niður í 280 stig. Og í þriðja lagi hefur enn ein leið verið tekin í mál, að fara út í stórfelldan niðurskurð verklegra framkvæmda í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En það lítur út fyrir það, að meiri hluti hv. þm. hafi ekki litizt það fýsilegt að fara neina af þessum leiðum, en þess vegna sameinazt um þá bráðabirgðalausn, sem allir viðurkenna, að það sé, sem í þessu frv. felst, að reyna eins og á s. l. ári að ábyrgjast bátaútveginum ákveðið verð fyrir fiskinn, það sama og á síðasta ári, að ábyrgjast hraðfrystihúsunum ákveðið verð fyrir sína framleiðslu og fisksaltendum ákveðið verð fyrir saltfisk og leggja fram nokkrar millj. kr. í viðbót við þá aðstoð, sem áður hefur verið veitt til bátaútvegsins, til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða og gefa fyrirheit um uppgjafir á geysilegum skuldafúlgum, sem safnazt hafa á vélbátaútveginn á undanförnum árum vegna aflabrests og dýrtíðar. En til þess að geta innt þessa hjálp af hendi við sjávarútveginn og þar með gert ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og þar af leiðandi atvinnuleysi hefur þótt óumflýjanlegt að afla tekna með ýmiss konar leiðum, sem III. kafli þessa frv. fjallar um. Þar er um að ræða 70 millj. alls. Ég geri ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að sú hjálp við sjávarútveginn gengi allnærri ríkissjóði, og vafasamt, að ríkið þoli meiri framlög. Þó eru margir þm., sem telja þetta ekki nægilega aðstoð til þess að bátaútvegurinn komist af stað, og má benda á bréf frá útvegsmönnum, sem hér hafa verið lesin, því til staðfestingar. Ennfremur er fullyrt, að umrædd aðstoð við hraðfrystihúsin sé ekki nægileg til þess, að þau verði starfrækt. Þó er nefnt það verð, sem hæst hefur þekkzt hingað til, þ. e. a. s. sama verð og s. l. vertíð.

Hvað verkalýðsstéttinni viðkemur, þá átti kaupgjald að greiðast með vísitölu 319 stig fyrir ári síðan, en var þá fært niður í 300 stig, og með því fórnaði verkalýðsstéttin verulega af lífskjörum sínum, sem hún hafði tryggt sér. Síðan hefur dýrtíðin aukizt um 6 vísitölustig, sem hefur haft í för með sér, að kaupgjald hefur raunverulega lækkað sem svarar 25 vísitölustigum. Það má því segja, að verkalýðsstéttin hafi lagt fram sinn skerf. Ef það er á rökum reist, að sjávarútvegurinn stöðvist þrátt fyrir þessa aðstoð, og með því atvinnuleysi, sem það hefði í för með sér, þykir mér ekki ólíklegt, að verkalýðurinn reyni að vernda sinn hag. Verkalýðsfélögin hafa nú haldið þing sitt, og þar kom fram ósk og krafa til ríkisstj. og Alþ., að dýrtíðin yrði stöðvuð. Ef það hins vegar tækist ekki og kaupmáttur launanna rýrnaði áfram, þá var stjórn Alþýðusambandsins falið að beita sér fyrir hækkun á grunnkaupi, svo að „status quo" héldist að minnsta kosti. Ég álít því, að eins megi búast við, að verkalýðsfélögin beiti sér fyrir hækkunum á grunnkaupi til að vega á móti óbeinni kauprýrnun, sem leiða kann af samþykkt þessa frv. Slíkt mundi tvímælalaust hafa í för með sér enn erfiðari aðstöðu fyrir útgerðina og fiskverkun í landinu, en þá sýnist mér harla lítill árangur af löggjöf sem þessari. Verkalýðurinn er nú þegar búinn að aðvara, og stjórnarvöldin mega vita, að frá þeim aðila er ekki lengur hægt að sýna þolinmæði við vaxandi dýrtíð. Kaup Dagsbrúnarverkamanna er nú um 1680 kr. á mánuði, og það liggur í augum uppi, að af slíkum launum er varla mögulegt að lifa fyrir fjölskyldumann, hvað þá er kaupmáttur þeirra verður enn rýrður.

Sú tekjuöflunarleið í þessu frv., sem ég tel hættulegasta, er söluskatturinn. Það er gert ráð fyrir að tvöfalda hann frá því í fyrra og áætlað, að hann gefi 34 millj. kr. í tekjur. Þessi skattur hlýtur að hækka vöruverð og vísitölu og þar af leiðandi rýra kaupmátt vinnulauna.

Ég mundi alls ekki telja mér fært að fylgja frv. sem þessu af öðrum ástæðum en þeim, að það er sú einasta leið, sem Alþ. hefur komið auga á til þess að halda bátaútveginum gangandi, en við áframhaldandi útgerð er afkoma verkalýðsins bundin. Söluskatturinn er illur og ekki verjandi öðruvísi en sem einn nauðsynlegur liður til þess að halda aðalatvinnuvegi þjóðarinnar gangandi. Ég fordæmi ekki hinar tekjuöflunarleiðirnar, því að með nokkrum rétti má segja, að þær skerði ekki beinlínis lífskjör alþýðunnar.

Niðurstaða mín í þessu máli er því sú: Í fyrsta lagi vegna þess, að veita á útveginum aðstoð með þessu frv., og í öðru lagi, að sú aðstoð ætti að forða atvinnuleysi, en hins vegar hefur verkalýðurinn aðvarað þing og stjórn og á þar af leiðandi opna leið til að bæta sér þá kaupgjaldsrýrnun, sem leiða kann af aðgerðum stjórnarvaldanna, þá sé ég mér fært að fylgja þessari bráðabirgðaleið til að bjarga aðalatvinnuvegi þjóðarinnar frá algerri stöðvun.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Aðeins stuttar athugasemdir. Þm. Barð. hélt því fram, að till. mín, sem fjallar um, að útvegurinn fái gjaldeyri til kaupa á nauðsynjum til útgerðarinnar, komi að engu haldi, því að útgerðarmenn hafi fengið gjaldeyri til þessara þarfa. Þetta er mikill misskilningur og fer

víðs fjarri, að útvegsmenn hafi fengið gjaldeyri til ráðstöfunar, sem nægði til kaupa á vörum fyrir reksturinn. Það er þess vegna ekkert vafamál, að fengju útvegsmenn t. d. ¼ af gjaldeyristekjum sínum til ráðstöfunar, þá væri það þeim mikill styrkur.

Það er nú farið að lækka risið á hæstv. ríkisstj., og bar ræða fjmrh. þess ljósan vott. Þau hafa gleymzt, loforðin, sem gefin voru, þegar þessi stj. tók við völdum og þóttist ætla að lækka dýrtíðina og jafnvel vinna bug á verðbólgunni, því að fjmrh. viðurkenndi í sinni ræðu, að dýrtíðin hefði aukizt, en baðst aðeins undan, að núverandi stj. ætti ein sök á því. Þá má vera rétt hjá hæstv. ráðh., en hins vegar á núverandi stj. stóra sök á aukinni dýrtíð, og get ég nefnt dæmi um það. Árið 1945—46 lækkuðu niðurgreiðslur úr ríkissjóði til landbúnaðarins úr 22 millj. í 16 millj., en í tíð núverandi ríkisstj. eru þær komnar upp í 40 millj. Þá minntist ráðh. á, að fyrrverandi stj. hefði fyrst lagt fram frv. um fiskábyrgð. Það var nauðsyn þá og er nauðsyn enn, enda ekki nema rökrétt afleiðing af því, að ríkisstj. tekur gjaldeyrinn af útvegsmönnum og úthlutar honum til heildsala til að græða á. Hæstv. ráðh. gat þess, að þáverandi atvmrh. hefði ekki bent á neinar tekjuöflunarleiðir til þess að standast útgjöld vegna fiskábyrgðarinnar. Þess þurfti ekki, því að fyrrverandi atvmrh. hafði gildar ástæður til að ætla, að umrætt ábyrgðarverð fengist. En vegna stefnu núverandi stj. verður að leggja þungar álögur á allan almenning til þess að standa undir þessum lið. Þá sagði hæstv. ráðh., að það stæði ekki á sér að afhenda útgerðarmönnum gjaldeyrinn fyrir aflann, ef aðrir flokkar vildu styðja það mál. Nú vil ég segja hæstv. ráðh., ef hann talar í umboði síns flokks, að það stendur ekki á Sósfl. að styðja það mál, en ég er bara hræddur um, að heildsalalið Sjálfstfl. mundi aldrei fallast á það. Hins vegar hefur verið rætt um tvöfalt gengi, en það er bara engin lausn á þessu máli og sízt betri leið en sú, sem hér er farin. Hitt er víst, eins og bréf frá hraðfrystihúsaeigendum ber með sér, að lausn vandamálsins er fengin með því að láta útvegsmenn fá gróðann af gjaldeyrinum, og stuðningur Sósfl. stendur hæstv. fjmrh. til boða við framkvæmd á því máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Aðeins stutt athugasemd út af fullyrðingum 4. landsk., að útvegsmenn fái ekki gjaldeyri til sinna þarfa. Sannleikurinn í málinu er sá, að auk nauðsynlegs gjaldeyris til útvegsins hefur Landssambandið fengið 300 þús. kr. í gjaldeyri til ráðstöfunar, og ætti 4. landsk. að vera þetta ljóst.

ATKVGR.
Brtt. 275,1 felld með 10:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 275,2.a og 3—4 teknar aftur.
Brtt. 275,2.b felld með 11:3 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 275,5 felld með 11:3 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 276 felld með 11:3 atkv.
13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 11:3 atkv.
19.—22. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 272 felld með 10:4 atkv.
23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
24.—33. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BSt.

nei: ÁS, BrB, StgrA.

3 þm. (BÓ, HermJ, PZ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Ásmundur Sigurðsson: Þar sem í þessu frv. felast stórkostlegar álögur á alþýðu manna og skuldaskil á bátaútveginn, sem aftur mundu valda mikilli truflun á rekstri hans, en ákvæði frv. eru ófullnægjandi til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins, og hins vegar liggur fyrir þinginu annað frv., sem mundi tryggja rekstur bátaútvegsins, ef það yrði samþ., þá segi ég nei.

Brynjólfur Bjarnason: Með tilvísun til grg. hv. 8. landsk. þm. segi ég nei.

Gísli Jónsson: Ég er mótfallinn þeirri stefnu, sem hér er mörkuð, að greiða útvegsmönnum fé úr ríkissjóði til framleiðslunnar í verðuppbætur, og tel, að hún leiði, ef svo verður áfram haldið, allt athafnalíf þjóðarinnar í hreinar ógöngur og því beri nú þegar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að snúa af þeirri braut. Mér er hins vegar ljóst, að þetta verður ekki hægt, nema starfræksla framleiðslutækjanna verði tryggð. Og með því að mér er ljóst, að hagur sjávarútvegsins, sem er annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, er nú þannig á vegi staddur, að hann hefur enga möguleika til að starfa án fjárhagslegrar aðstoðar, og frv. þetta felur í sér margvíslega hjálp útveginum til handa, þó að það tryggi ekki rekstur hans í framtíðinni, og í trausti þess, að ríkisstj. notfæri ákvæði 2., 3., 4. og 5. gr. frv., þannig að rekstur bátanna og hraðfrystihúsanna sé tryggður, segi ég já.

Hannibal Valdimarsson: Ég tel verulega hjálp við bátaútveginn í ákvæðum frv., en er hins vegar sérstaklega óánægður með eina tekjuöflunarleið frv., sem er söluskatturinn, og geri mér ljóst, að þess má vænta, að verkalýður landsins verði fyrir kjaraskerðingu við samþykkt frv. En þar sem ég tel, að verkalýðssamtökin hafi á ótvíræðan hátt varað við öllum ráðstöfunum, sem leiða til aukinnar verðhækkunar og dýr-

tíðar í landinu, og tel þau hafa áskilið sér fullan rétt til þess að verja sinn hag, tel ég mér fært að greiða frv. atkv., til þess að í ljós komi, hvort frv. felur ekki í sér lausn á vandkvæðum bátaútvegsins, og segi því já.

Lárus Jóhannesson: Ég tel, að eina lausnin á þessu máli sé rétt gengi krónunnar, samfara hæfilegum ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir, að það hafi áhrif í hina áttina, sem hér kemur til greina. Ég álít þetta frv. spor í rétta átt, þótt ég viti, að það er ekki nema spor, og segi já.

Steingrímur Aðalsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. 8. landsk. þm. segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 277).

11. Síldarbræðsluskip.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi* [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. frá 16. júlí s. l. um að heimila innflutning á skipi til síldarbræðslu. Orsakirnar til þess, að brbl. þessi voru sett, eru þær, að um mánaðamótin júní—júlí s. l. bárust ráðuneytinu tilmæli frá stjórn Hærings h.f. þess efnis, að félaginu væri leyft að flytja inn skip, til síldarbræðslu, sem keypt var í Ameríku, enda þótt skipið væri eldra en lögin um skipaeftirlit gera ráð fyrir, að leyft sé að flytja inn. Málinu var því vísað til umsagnar skipaskoðunarstjóra, sem taldi sig ekki að athuguðu máli geta mælt með innflutningi skipsins, að lögunum óbreyttum. En með því að skip þetta verður ekki í förum, heldur keypt til að setja í það síldarverksmiðju, þá þótti ekki ástæða til að stöðva kaupin, heldur voru gefin út þessi brbl., sem veita undanþágu frá lögunum um skipaeftirlit, og var sú aðferð talin heppilegust til þess að skapa ekki fordæmi um innflutning gamalla skipa síðar meir. Ég tel, að eftir atvikum hafi þetta verið það eina, sem hægt var að gera, og óska því staðfestingar Alþingis á þessum brbl. Ég legg til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 116 og 139).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur nú athugað þetta frv., og er meiri hl. ásáttur um nál. á þskj. 116. Ég get í rauninni látið mér nægja að vísa til nál., sem er allýtarlegt, og þeirra fylgiskjala, sem prentuð eru með því. Ég vil geta þess, að prentvilla er í nál., þar sem stendur, að skipið sé í „flokki" A" á að vera „flokki A 1." — Nm. töldu það nokkuð vafasamt að leyfa innflutning á svo gömlu skipi, en þar sem sérstakur kunnáttumaður um skipasmíði, Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur, var hafður með í ráðum, skipið var í góðum skipaskoðunarflokki og aðeins ætlað til síldarvinnslu í höfnum, taldi n. rétt að samþ. frv. óbreytt. Hv. þm. Siglf. hafði nokkra sérstöðu, og mun hann efalaust gera hér grein fyrir afstöðu sinni.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Þó að n. hafi klofnað, þá legg ég líka til, að þetta frv. verði samþ. Hins vegar varð ágreiningur út af orðalagi á fyrirvara, sem ég vildi koma inn í nál., og þess vegna kem ég með sérstakt nál. — Ég tel, að það hafi verið mjög varhugavert að kaupa svo gamalt skip til þessara hluta og að undirbúningur hafi hvergi nærri verið svo góður sem skyldi. Skipið átti að vera þannig úr garði gert, að hægt væri að nota það hvar sem væri við strendur landsins, eins og hugmyndin upphaflega var. Eins og nú er, er aðeins hægt að nota skipið til síldarvinnslu í höfnum inni, og sárafáar hafnir utan Reykjavíkur koma til greina. Eigi það fyrir skipinu að liggja að vera í Reykjavíkurhöfn, munu margir líta svo á, að eins gott hefði verið að byggja síldarverksmiðju í landi. Þetta er orsökin til þess, að ég taldi mig ekki geta skrifað undir nál. fyrirvaralaust. Nú hefur skipið hins vegar verið keypt, og þær breytingar, sem nauðsynlegt hefur þótt að gera á því, eru langt komnar. Ég tel því, að það komi ekki til mála að neita um innflutning á því, þar sem það mundi valda miklu tjóni, en ég vil undirstrika það, að málið hefur ekki verið nægilega undirbúið.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Ég vil taka það fram, að undirbúningur þessa máls er sjútvn. óviðkomandi. N. hefur með nál. sínu ekki lagt neinn dóm á það, hvort undirbúningur málsins eða kaupin hafi verið heppileg. Það, sem n. var spurð um, var, hvort hún vildi leyfa innflutning á skipinu, og brbl., sem gefin voru út um þetta, voru ekki lögð fyrir þingið fyrr en eftir að skipið var keypt. N. leggur ekki neinn dóm á kaupin, enda var álits hennar ekki leitað í því efni. Í n. var ágreiningur um það eitt, hvort taka skyldi upp í nál. fyrirvara hv. þm. Siglf. Hv. þm. Siglf. vildi ekki gefa í fyrirvara sínum algerlega rétta hugmynd um skoðun skipaskoðunarstjóra á málinu, og því var það ráð tekið að prenta bréf h.f. Hærings, skipaskoðunarstjóra og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins sem fylgiskjöl með frv., svo að ekki yrði um það

deilt, hvaða afstöðu hver aðili hefði haft. Þetta vildi ég taka fram, svo að ljóst sé, hvernig í málinu liggur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Út af þeim umr., sem hér hafa orðið um undirbúning þessa máls, þykir mér rétt að taka það fram, að þó að ég hafi staðið að því, að frv. var flutt, hefur samgmrn. ekki haft undirbúning þess með höndum. Það er einkafélag, sem hefur haft þetta mál með höndum, þótt opinberir aðilar hafi verið þátttakendur í því. Þann 28. júní 1948 fer félagið fram á það við ráðuneytið, að það veiti innflutningsleyfi fyrir skipinu, en þá er þegar búið að kaupa skipið. Þetta er það fyrsta, sem ráðuneytinu berst um málið. Skipaskoðunarstjóri áleit ekki heppilegt að veita innflutningsleyfi fyrir skipinu að óbreyttum l. um eftirlit með skipum, og þess vegna voru brbl. gefin út. — Ég vildi láta það koma fram, að ráðuneytið hefur ekki annað gert í þessu máli en að afgreiða umsókn um innflutningsleyfi, og kaupin voru þegar gerð, er þessi umsókn kom.

Jóhann Hafstein: Mig langar til að leggja nokkur orð í belg. — Það er dálitið einkennilegt þegar hv. þm. Siglf. kemur hér fram og prédikar varúð. Loks nú var útbýtt frá honum nál. á þskj. 139, og er það langt mál. Og allt eru þetta sleggjudómar um kaupin á Hæringi, sem fást alls ekki staðizt. Það, sem hv. þm. Siglf. segir um kaupin á skipinu, er allt úr lausu lofti gripið. Hv. þm. veittist að ákveðnum mönnum í langri frásögn sinni í nál., og ræðst hann þá helzt að Sveini Benediktssyni og mér. Mér finnst því rétt að gera hér í hv. þd. nokkra grein fyrir kaupum á Hæringi til þess að hnekkja hinni villandi frásögn í nál. minni hl. á þskj. 139.

Hv. þm. Siglf. byrjar nál. sitt fullur vandlætingar og fjargviðrast mikið yfir því, að keypt hafi verið gamalt skip, sem skipaskoðunarstjóri ríkisins hafi orðið að gefa fyrir sérstaka undanþágu. Er það kom til mála að festa kaup á þessu skipi, sem er að vísu nokkuð gamalt, en um önnur skip, sem breyta mætti í síldarbræðsluskip, var vart að ræða, þá var skipaskoðunarstjóri spurður, hvort hann mundi gefa undanþágu fyrir þessu skipi, sem var nokkru eldra en reglur um innflutning skipa gera ráð fyrir. Var það þá og tilskilið, að nauðsynleg klössun og breytingar hefðu fram farið á skipinu, áður en það yrði tekið í notkun. Mig furðar því, að hv. þm. Siglf. skuli tala svo út í hött. Þá var hv. þm. að reyna að gera það eitthvað undarlegt í augum manna, að skip þetta skuli hafa verið keypt á vesturströnd Bandaríkjanna. Ætli skip, sem smíðuð eru þar og seld þar, séu nú ekki eins góð og annars staðar á hnettinum? En hv. þm. veit nú ekkert um önnur skip. Það er því algerlega út í hött, er hv. þm. tekur þetta svona upp, að það væri einhver goðgá, að skipið væri keypt á vesturströnd Bandaríkjanna. Þá segir hv. þm. Siglf. enn fremur, að í stað Hærings hefði átt að kaupa sterkt skip. En er þetta ekki einmitt sterkt skip? Þeir, sem kunnugir eru þessum málum, ljúka upp einum munni, að Hæringur sé sterkt skip. Þetta skip er byggt á þeim tíma, er skip voru sterklegar og betur byggð en skip seinni tíma. Stafar slíkt af því, að áður fyrr var gert ráð fyrir, að skipin þyrftu lengri útivistar á siglingum, og lentu þau þá oft í mjög miklum hrakningum, en leitazt var við að gera þau þannig úr garði, að þau yrðu sem traustust, þegar á reyndi. Hv. þm. talaði um, að reynandi hefði verið að leita hófanna um kaup á skipi á austurströnd Bandaríkjanna engu síður en á vesturströndinni. Frá þeirri hlið málsins er það að skýra, að það var athugað með skip, sem kynnu að vera föl þar. En þar virtist ekki vera um annað að ræða en stríðsskip, þ. e. skip, sem byggð voru í stríðinu. Er við leituðum að skipi vestra, höfðum við í huga ákveðna gerð af skipum, sem notuð voru til herflutninga í stríðinu. En þau skip eru öll mjög miklu minni en Hæringur. Þessi skip gátu vissulega komið til greina, en aðalástæðan til þess, að ekki var eitt þeirra keypt, er sú, að þau eru 2 þús. smálestum minni en Hæringur. Skip, sem nota skyldi til síldarbræðslu, þyrfti að vera stærra og sterkara. Varð það því að ráði, að stjórn Hærings ákvað að hætta við kaup á þessari gerð skipa. Þá má geta þess, að mörg tilboð um skip bárust frá Bretlandi og Hollandi. Er öll þau tilboð höfðu verið athuguð af stjórn Hærings, fannst okkur ekkert skip líklegra en kaupin á Hæringi, þessu skipi, sem hv. þm. Siglf. bolast svo mjög út af. Stjórn h.f. Hærings var mjög tímabundin í afgreiðslu þessa máls. Er það var ákveðið s. l. haust af bæjarstjórn Reykjavíkur og ýmsum útgerðarmönnum að kaupa síldarbræðsluskip, þá var ákveðið að framkvæma verkið á einu ári. Það var um mánaðamótin nóvember—desember í fyrra, sem ákvörðun var tekin um þetta, og hafði þetta þær afleiðingar, að ekki var hægt að leita tilboða frá eins mörgum löndum heims og annars hefði kannske orðið. Í öðru lagi má geta þess, að það varð að ráða nokkru, hvernig tryggt yrði, að nauðsynlegar breytingar gætu fram farið á skipinu sem fljótast, eftir að kaup hefðu verið gerð. Það reyndist svo sem stjórn Hærings bjóst við, að þar var hægt að komast að beztu samningum í því efni. Orsök þess, hversu vinnuframkvæmdir við breytingu á skipinu gengu vel, er, að tiltölulega lítið var um skipavinnu á hinum stóru skipasmíðastöðvum á austurströnd Bandaríkjanna. Vegna þess var hægt að fá þessa vinnu svo fljótt framkvæmda, og er það nokkuð annað en segja má um skipasmíðastöðvar í Evrópu, sem allar eru yfirhlaðnar verkefnum. Þetta ætti hv. þm. Siglf. að vera ljóst, er hann hefur nú fengið málið skýrt fyrir sér.

Í sambandi við kaupin á Hæringi má geta þess, að Ólafur Sigurðsson forstjóri landssmiðjunnar fór með Jóni Gunnarssyni til Ameríku til þess að vera með í ráðum að afgera kaupin á Hæringi. En hv. þm. Siglf. heldur því fram, að Jón Gunnarsson hafi verið algerlega einráður í þessu efni. Ég vil vísa algerlega á bug þeirri staðhæfingu hv. þm., að sérfræðingar hafi eigi verið spurðir ráða með kaupin. Skip þetta, sem keypt var, hafði verið selt til Ítalíu, en kaupin á því gengu til baka sökum þess, að hið ítalska

skipafélag sá, þegar til kom, að það gat ekki leyst skipið út. Og er nú þetta skip komið hingað til landsins. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á, að það hefur engu skakkað með að koma þessu fyrirtæki upp frá því, sem ráðgert var, og er það meir en segja má um mörg önnur fyrirtæki, sem áætlanir hafa verið gerðar um. Það ætti hv. þm. Siglf. manna bezt að vita. Almennt gerðu menn ekki ráð fyrir, að skipið yrði tilbúið á svo skömmum tíma, og er mér því sérstök ánægja að lýsa því yfir hér í dag, að á þessari stundu er verið að reyna vélar Hærings. Er skipið kom til Reykjavíkur í miðjum október s. l., lét fyrirtækið það í ljós við fréttamenn, að það yrði tilbúið að taka á móti síld til bræðslu um næstu áramót. En nú er skipið tilbúið mánuði fyrr en gert var ráð fyrir. Má segja, að það sé fyrr en venja er með aðrar framkvæmdir hér á landi.

Þá eru það ásakanir hv. þm. Siglf. um það, að Sveinn Benediktsson og ég höfum einir viljað ráða öllu í þessu máli og að við hefðum reynt að bolast eftir fremsta megni og þótzt á öllu kunna ráð, en engum ráðum viljað hlíta frá fagmönnum. Þessi ummæli hv. þm. finnst mér minna á mannýgt naut í flagi. Ég skil ekki þær hvatir, sem til þess liggja, að bera slík ummæli fyrir hv. þd. í nál. Þetta er ekki til annars en að brosa að, en kann hins vegar að lýsa innri manni þess þm. og þeim hvötum, sem hann ber til þessa máls. Ég tek alls ekkert nærri mér, þó að þessi maður reyni að kasta að mér einhverjum hnútum. Ég hef reynt að stuðla að því eftir minni getu, að þetta fyrirhugaða fyrirtæki kæmist upp, og hef lagt áherzlu á að fá álit sérfróðra manna um veigamestu atriði málsins, en reynt að ýta undir, að fyrirtækið kæmist upp á tilsettum tíma. Það má að sjálfsögðu margt finna í meðferð þessa máls, sem betur hefði mátt fara. Svo er ávallt. En í öllum undirbúningi þessa máls var tími um allar áætlanir mjög takmarkaður. Þrátt fyrir þetta tókst stjórn Hærings að standa við þær áætlanir, að skipið komst upp fyrir tilsettan tíma. Einnig má geta þess, að þær áætlanir, sem fyrir lágu um kostnað við kaup og breytingu skipsins, voru mjög í efa dregnar, en enn er skipið innan þeirra takmarka, sem áætlað var. Að vísu er enn verið að vinna við skipið, en fullvíst má telja, að skipið fari ekki fram úr 7—8 millj. kr., eins og gert hefur verið ráð fyrir. Það er nokkuð annað að segja um fjárhagsáætlanir annarra síldarverksmiðja, sem byggðar hafa verið hér á landi, sem farið hafa allt að helmingi fram úr áætlun. Að vísu hafa verið ýmis fleiri mannvirki í sambandi við þær en fljótandi verksmiðju, t. d. síldarþrær, sem hleypa verði mjög upp. Hins vegar eru í Hæringi stórar geymslur fyrir lýsi og mjöl.

Út af ummælum eins dagblaðs bæjarins, Alþýðublaðsins, um það, að legið hafi við, að Hæringi hefði hvolft, þar sem hann lá við bryggju, en hún hafi varnað því, að skipið legðist á hliðina, þá vil ég leiðrétta hér þessa furðulegu frétt blaðsins. Þessi ummæli hljóta að byggjast á misskilningi fréttamannsins. Hann hefur séð skipið hallast og getið sér til orsök þess án þess að leita upplýsinga um málið. Það var fyrir nær hálfum mánuði, að verið var að reyna tanka skipsins, að einn af tönkunum fylltist fyrr en gert var ráð fyrir. Tók þá skipið að hallast allmikið, eða um 30°. Þetta er allmikill halli á skipi, en sannar á engan hátt, að um lélega botnfestu skipsins sé að ræða, og bryggjan hefði ekki veitt neina vörn, ef um slíkt hefði verið að ræða, heldur hefði skipið farið út undan sér og á hliðina, ef svo hefði verið. Fréttamanninum hefur ef til vill þótt sem svo, að hér væru tíðindi, sem birta mætti með gleiðletraði fyrirsögn, og það má vera, að fréttamaðurinn hafi haft einhverjar svipaðar hvatir í garð þessa fyrirtækis og hv. þm. Siglf. — Mér er sannast að segja alveg óskiljanleg sú löngun þm. Siglf. og annarra hans líka, að þeir skuli reyna að gera þetta fyrirtæki eins tortryggilegt og raun er á. Það kann að vera, að þetta sé eins konar barnasjúkdómur, sem þessir menn þjást af út af þessari fyrstu fljótandi síldarverksmiðju landsmanna. En þrátt fyrir allt miðar þessu máli vel áfram. Vonandi kemur reynsla á þetta fyrirkomulag á síldarbræðslu hér við land, ef síld veður og veiðist.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Það, sem hæstv. samgmrh. sagði hér við þessar umr., virðist benda til þess, að samgmrn. og hann sem sá umboðsmaður, sem hefur með þetta að gera, hafi verið settur fram fyrir sams konar orðinn hlut eins og Alþingi og við í sjútvn., að það er búið að kaupa skipið, þegar sótt er um leyfi til innflutnings fyrir það, svo að rn. verður að veita innflutningsleyfi, ef það vill ekki baka þeim aðilum mikið fjárhagslegt tjón, sem hafa lagt fé í þetta fyrirtæki. Ég sé vel aðstöðu hæstv. samgmrh. Það er eðlilegt, að hann horfi í að gera slíkt. Sama sjónarmið er hjá mér og öðrum nm. í sjútvn. Við erum ekki spurðir, hvort heppilegt sé að flytja inn þetta skip. Það er bara verið að fá formsatriði, eftir að búið er að flytja skipið inn, svo að það er ekki hægt að snúa við nema með miklum fjárhagslegum skaða. En þó að maður hefði getað afsakað að bíða ekki eftir, að þing kæmi saman, þá er ekki hægt að afsaka það að vera svo flaumósa að rjúka til að festa kaup á skipinu án þess að hafa samráð við hæstv. samgmrh., sem á að veita innflutningsleyfið. Ég get á engan hátt ásakað hæstv. samgmrh., þó að hann veiti innflutningsleyfi, þegar málið berst honum svona í hendur, en þetta sýnir, að orð mín í nál. um undirbúning þessa máls eru sannarlega orð í tíma töluð, og hefði verið mikið við það unnið, ef þingið eða einhverjir aðrir utan við þessa þröngu klíku, sem öllu hefur ráðið, hefðu fengið eitthvað um málið að fjalla og láta í ljós aðvaranir til þeirra, sem æddu áfram án þess að horfa til hægri eða vinstri og vissu ekkert, hvað þeir voru að gera.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, og það átti að vera til að réttlæta hans hröðu handtök í þessu máli: Ég hef lítið vit á þessu máli, en ég fór eftir því, sem þeir sögðu, sem voru mér meiri að

þekkingu og reynslu. Ég veit, hver það var, sem reynsluna hafði. Það var Sveinn Benediktsson, og sá, sem hafði meiri þekkingu, var Jón Gunnarsson. Ég veit, að þm. sjálfur var ekki nema toppfígúra, og hann gerði ekkert nema það, sem honum var sagt.

Það er misskilningur hjá hv. 7. þm. Reykv., að ég sé að veitast að honum og Sveini Benediktssyni, síður en svo. En ég tók fram í nál. mínu, að ég tel illa haldið á þessu máli, farið að því með litilli fyrirhyggju og því flaustrað af. Hv. þm. viðurkenndi líka, að það hefðu verið snör handtök í þessu og verið gæti, að mistök hefðu átt sér stað, en þeir hefðu haft svo litinn tíma til stefnu. Ég álít þetta ekki nægja afsökun, þegar um svo stórt fyrirtæki er að ræða. Það er ekkert höfuðatriði, hvort skipið kemur mánuði fyrr eða seinna. Aðalatriðið var að rannsaka þetta mál allt sem bezt.

Hv. þm. segir, að ég hafi verið með ástæðulausar aðdróttanir og hafi skringilega skapsmuni. Þetta eru brosleg ummæli, þegar það er athugað, að um þetta mál hefur enginn fjallað, sem er fagmaður í síldariðnaði, nema ef á að telja Jón Gunnarsson það, sem ég dreg þó í efa. Hann hefur að vísu nokkra reynslu af rekstri síldarverksmiðja, en hann er ekki vélaverkfræðingur. Sveinn Benediktsson er því síður neinn sérfræðingur, þó að hann hafi verið með nefið í þessu langan tíma. Það hefur enginn vélaverkfræðingur verið spurður ráða. Að vísu var Ólafur Sigurðsson látinn athuga skipið, þegar það var keypt, en hann var aðeins látinn athuga þau skip, sem Jón Gunnarsson hafði á hendinni. Ég vil taka fram út af orðum hv. þm., að þetta orðalag „hafði á hendinni" er tekið upp úr skýrslu, sem hann hefur undirritað sem formaður í n., sem kosin var af bæjarstj. til að hafa þetta mál með höndum.

Ólafur Sigurðsson skoðaði sem sagt þetta skip og telur það vera sjófært, en vill ekki mæla með, að það verði sent á haf út í hvers konar veðrum sem er, en komið gæti til mála að hafa skipið sem pramma, sem mætti draga milli hafna, og þá mætti láta það fljóta. Skipið hefur verið klassað, og þá kom í ljós mikill galli á botni þess, sem ameríska klössunarfélagið tók að vísu gilt, að yrði látið eiga sig, en ekki er vissa fyrir, hvað alvarlegt er. En ef þarf að taka stórt stykki úr botni skipsins, margar plötur, þá er þar ekki lengi að koma stór fúlga, og Jón Gunnarsson þorir ekki að segja meira en að það sé hægt að láta það drasla 15 ár eða svo.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hver var sendur til að athuga önnur skip, sem tilboð voru um? Vill hann svara því? Nei. Það voru sendir aðeins tveir menn út til að athuga þessi skip. Annar var Jón Gunnarsson, hinn var Ólafur Sigurðsson. Og þeir voru sendir til að athuga skip í Ameríku. Það bætir að vísu heldur um, að þeir bundu sig ekki eingöngu við vesturströndina, heldur skoðuðu líka skip á austurströndinni. Og það er að vísu rétt, að skip, sem Jón Gunnarsson hafði fest sér á hendi, voru ekki keypt, heldur þetta, en það er frá sama félaginu, sama sambandinu, svo að það er bert, að Jón Gunnarsson hefur líka haft það sér á hendi.

Nei, stjórn Hærings gerði ekkert til að rannsaka, hvort hægt væri að fá skip annars staðar. Hv. 7. þm. Reykv. ætti að gera grein fyrir, hvernig stendur á því. Eina afsökunin, sem hann kemur með, er sú, að félagið hafi haft svo litinn tíma, að það hafi orðið að fara þessa leið. En ég vil benda hv. þm. á, að það er ekki lengra til Hollands eða Englands en til Ameríku. Það hljóta því að hafa verið einhver sérstök sjónarmið, sem ollu því, að ekki var leitað þangað, heldur aðeins til þessa eina sambands.

Hv. þm. var reiður skipaskoðunarstjóra, að hann skyldi láta í ljós álit sitt á þessum skipakaupum. Hann átti ekkert að segja nema já eða nei. Vill hann mæla með þessum skipakaupum? Já eða nei. Annað mátti hann ekki segja. Skipaskoðunarstjóri tók Súðina til samanburðar. Hv. þm. hefur áreiðanlega heyrt talað um það skip. Ég man ekki eftir því, síðan Súðin var keypt, að nokkrar kosningar hafi farið svo fram, að því hafi ekki verið slegið upp með geysilegum fyrirsögnum í öllum blöðum Sjálfstfl., hvílík herfileg mistök það hafi verið að kaupa Súðina, en skipaskoðunarstjóri bendir á þá staðreynd, að Súðin hafi þó ekki verið nema 25 ára, þegar hún var keypt, en Hæringur sé 45 ára, en það eru einmitt þeir menn, sem mest hafa geipað um aldur Súðarinnar, sem keyptu Hæring. Þetta er staðreynd, sem kemur illa við þessa menn. En það er eðlilegt, að skipaskoðunarstjóri beri saman við kaupin á þessu skipi það skip, sem mest hefur verið um rætt, og það fyrir atbeina Sjálfstfl., af öllum þeim skipum, sem keypt hafa verið hingað til lands. Það gætir nokkurs misræmis í því, að þegar sjálfstæðismenn hafa verið að ræða um Súðina, hafa þeir dregið af því þá einföldu ályktun, að skip, sem væri 25 ára, gæti ekki verið sterkt, en nú reiknar hv. 7. þm. Reykv. Hæring út með einfaldri þríliðu: Fyrst skipið er 45 ára, hlýtur það að vera mjög sterkt, og af því að það er gamalt skip, hlýtur það að vera byggt miklu betur en þau, sem eru yngri, en þetta gildir ekki um Súðina, heldur aðeins um Hæring, af því að hann er 20 árum eldri en Súðin, þegar hún var keypt. Það er eðlilegt, að þessir menn séu gramir við skipaskoðunarstjóra, að hann skuli benda á svona staðreyndir.

En svo eru margar aðrar afsakanir fyrir því að kaupa þetta 45 ára. Það átti ekkert skip í veröldinni að henta betur. Það hlaut að vera, að þetta væri það hentugasta skip, sem hægt væri að fá. Ég held, að þessi fullyrðing sé heldur veik rök. Hv. þm. var að tala um, að ég væri með fullyrðingar, en hann fullyrðir, þar sem hann situr heima, að úti í löndum sé ekki til neitt skip fáanlegt, sem líklegra sé til að henta. Mér finnst það nokkuð mikil fullyrðing.

Svo var ein ástæða fyrir því að halda sér fremur að amerískum en enskum skipasmíðastöðvum, en það var, að þær amerísku væru líklegri til að vinna með meiri hraða. Aðra eins fjarstæðu hef ég aldrei heyrt. Ég held, að við þurfum ekki að vera óánægðir með nýju togarana okkar eða afgreiðslu brezkra skipasmíðastöðva á þeim. Svo skulum við taka t. d. Braga. Hv. þm. veit, að það var amerísk skipasmíðastöð, sem

smíðaði Braga, og það dróst miklu lengri tíma en hjá brezku stöðvunum. Nei, brezkar skipasmíðastöðvar eru viðurkenndar fyrir að vinna verk sitt vel, enda eru Bretar aldagömul siglingaþjóð og viðurkennd fyrir sínar skipasmíðar. Þetta sýnir því, hvað hv. þm. stendur á veikum ís, að hann skuli grípa til að reyna að afsaka fum sitt og þeirra, sem honum stjórna, með því, að brezkar stöðvar séu svo og svo lélegar. Það munar ekki miklu, að þetta skip sé forngripur, sem geti legið hér í okkar ágætu Reykjavíkurhöfn sem forngripur.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram. Ég ætla ekki að ræða um niðursetningu vélanna og þess háttar. Ég tel, að vélarnar séu ófullkomnar. Ég tel, að sett hafi verið í skipið ófullkomið vélarusl, keypt af Óskari Halldórssyni með uppskrúfuðu verði. Þær eru frá California Press Mgf. Company, og þær hafa reynzt verri en þær, sem vélsmiðjan Héðinn hefur smíðað, en Jón Gunnarsson er þar umboðsmaður. Ég ætla ekki að draga það mál frekar inn í umr., það gefst tækifæri til þess síðar, en allur undirbúningurinn, vélakaupin og niðursetningin ber vott um sama fálmið, hroðvirknina og skeytingarleysið í undirbúningnum eins og kaupin á skipinu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil ekki segja, að ég hafi nú séð nýja hlið á þessum hv. þm., heldur sömu hlið og í mörgum öðrum málum. Þessi síðasta ræða hans er svo undarleg, að jafnframt því, sem hún er eins og fyrri ræða hans full af fullyrðingum af því, sem hann hefur ekki kynnt sér, þá gengur hann einnig inn á þá leið að gera mér upp orð og berjast svo við mig út af því, hvílíkur auli ég sé að halda þessu fram. Hann segir, að ég hafi haldið fram, að brezkar skipasmíðastöðvar séu svo lélegar, að ekki sé hægt að skipta við þær, og bendir á, hvílíkur auli ég hafi verið að halda þessu fram, Bretar séu aldagömul siglingaþjóð. Hvenær lét ég þau orð falla, að brezkar skipasmíðastöðvar væru lélegar? Það er hægt að halda langar ræður með þessu móti. Hann sagði, að ég hefði sagt þetta og hitt og það sé allt fásinna og vitleysa. Mig undrar, að þm., sem er búinn að sitja á þingi eins lengi og þó hann, skuli leyfa sér svona málflutning. Maður verður hissa að sitja undir þessu og verða að tala við svona þm., sem er að ásaka mann fyrir eitthvað, sem hann gerir manni upp að hafa sagt, en er fullkomlega rangt og ekki sannur stafur til í því. Ég vil frábiðja mér að þurfa að sitja undir öðru eins og því, að ég hafi sagt þetta og hitt, sem ég hef aldrei látið mér um munn fara.

Ég skal svo byrja aftan á ræðu hv. þm. og halda fram eftir henni. Hann endaði með nokkurri háreysti og sagði, að allar vélarnar, sem keyptar hefðu verið í Hæring, hefðu verið gamalt rusl, keypt fyrir uppskrúfað verð. Það voru engar gamlar vélar keyptar í Hæring að öðru leyti en því, að þær voru búnar að liggja ónotaðar hjá Óskari Halldórssyni, en voru keyptar frá Ameríku, þá nýjar. Það var samið við hann að kaupa vélarnar við því verði, sem hann keypti þær, að viðbættri þeirri verðhækkun, sem síðan hefur orðið á slíkum vélum, en sú verðhækkun er 15% fyrir þau þrjú ár, sem hann hefur orðið að liggja með þessar vélar. Það er rangt að kalla það uppskrúfað verð, ég tel það hagkvæmt, enda er það í samræmi við það verð, sem orðið hefði að greiða, hefðu vélarnar verið keyptar annars staðar að. Það gat verið óeðlilegt, ef verðhækkunin hefði verið gífurlega mikil, en með þessari verðhækkun tel ég vélarnar á engan hátt ofborgaðar til seljanda.

Hv. þm. taldi, að skip, sem smíðuð hefðu verið í Ameríku, hefðu tafizt lengur en þau, sem smíðuð hefðu verið í Bretlandi. Ég vefengi ekki ágæti brezkra skipasmíðastöðva, en það var ekki jafnauðhlaupið að komast þar að verki eins og vestan hafs. Það kostaði mikla fyrirhöfn að komast að verki í brezkum stöðvum, en stöðvarnar á vesturströndinni höfðu lítið verk með höndum um þessar mundir og því auðvelt að komast þar að góðum samningum.

Þá sagði hv. þm., að ég væri gramur við skipaskoðunarstjóra, að hann skyldi leyfa sér að gera aths. við kaupin á skipinu og sérstaklega að hann skyldi benda á Súðina til samanburðar, hún hefði þó ekki verið nema 25 ára, þegar hún hefði verið keypt, og hefði það verið mjög gagnrýnt af flokksmönnum mínum. Ég mun ekki hafa tekið þátt í þeirri gagnrýni, en hér er ólíku saman að jafna, að kaupa skip til farþega- og vöruflutninga eða skip til að setja þar niður síldarverksmiðju. Ég veit ekki betur en það hafi legið fyrir þinginu í fyrra frv. frá hæstv. sjútvmrh. að byggja verksmiðju í skipi, sem er tveimur árum eldra en Hæringur, Lagarfossi. Þá komu engin andmæli frá neinum, að skipið væri of gamalt til að setja þar síldarverksmiðju. Þá var hv. þm. ekki búinn að finna út þennan hættulega aldur. Það er ljóst, að þótt gamalt skip geti verið vafasamt til mann- eða vöruflutninga, því að gömul skip eru venjulega þungbyggð, þá getur það verið heppilegt sem síldarbræðsluskip. Þar kemur til greina góður styrkleiki, að skrokkurinn sé sterkbyggður. Það er það sem mestu máli skiptir. Ég held, að menn hafi ekki gagnrýnt Súðina fyrir, að hún væri ekki nógu sterk, og þess vegna er ekki eðlilegt hjá þessum embættismanni ríkisins að bera saman Hæring og Súðina. Það er óeðlilegt að bera þessi tvö skip saman, sem ætluð eru til algerlega ólíkra nota, sérstaklega þegar annað þeirra er ætlað til jafneinstakra nota og Hæringur. Ég veit ekki nema skýringanna á hinni furðulegu ræðu hv. þm. Siglf. sé að leita til þeirra orða, sem hann hefur áður látið falla um það, að í sambandi við þetta mál hafi mér verið hampað eitthvað sérstaklega. Það er einmitt algengt, að menn séu svo þröngsýnir, að ef pólitískir andstæðingar eru eitthvað riðnir við einhver mál, sem í sjálfu sér eru ópólitísk, þá eru þau dæmd ómöguleg og þykir sjálfsagt að gera þau tortryggileg. Þetta er einmitt tilfellið með hv. þm. Siglf., og þess vegna geta menn látið sér dóma hans um málið í léttu rúmi liggja.

Hv. þm. endurtók þá firru, að ekki hefðu verið athuguð önnur skip. Ég hef áður skýrt frá því rétta í málinu, en hv. þm. endurtekur sífellt ósannindin. Ólafur Sigurðsson rannsakaði

skip bandarísku flotans, en það er alveg sama, þótt hv. þm. Siglf. fái réttar upplýsingar, hann heldur ósannindavaðli sínum áfram fyrir því. Það er rétt, að skipin í Evrópu voru ekki rannsökuð, enda voru tilboðin um þau ekki aðlaðandi, því að samningar um kaup og breytingar á þeim skipum þurftu að gerast á mjög skömmum tíma. Þá segir hv. þm. Siglf., að engir vélaverkfræðingar hafi komið nærri þessu verki. Ég held nú t. d., að Jón Gunnarsson verkfræðingur, sem hefur langa reynslu af síldariðnaði, sé ekki verri en þeir sérfræðingar, sem hv. þm. hefur stundum kvatt sér til aðstoðar. Enn fremur var Ólafur Sigurðsson fulltrúi við skipakaupin og erlendir vélaverkfræðingar unnu að niðursetningu vélanna í Ameríku. En þetta er eins og annað hjá þessum hv. þm. Hann reynir allar mögulegar og ómögulegar leiðir til þess að gera málið tortryggilegt.

Þá vék hv. þm. að því, að búið hefði verið að kaupa skipið, áður en sótt var um leyfi til samgmrn., og hefði þetta vakið furðu hjá sér. Það er rétt, að bréflega var ekki sótt um leyfið, áður en kaupin voru gerð, en málið hafði verið lagt fyrir fjárhagsráð og ríkisstj., og var þeim aðilum báðum kunnugt um aldur skipsins. Fyrr en rætt hafði verið við þá aðila, var ekki gengið frá kaupunum. — Ég læt þetta svo nægja til leiðréttingar á þessari furðulegu ræðu hv. þm. Siglf., sem sýnir, að hér liggja einhverjar annarlegar hvatir á bak við. T. d. gaf hann það í skyn, að Jón Gunnarsson hefði haft óeðlilegan hagnað af kaupunum. Þetta er mátinn til að gera menn tortryggilega, þegar ekkert ákveðið er hægt að færa fram þeim til hnjóðs, að dylgja um það, að Jón Gunnarsson hafi haft skipin og þau hafi verið keypt til þess, að hann gæti grætt, sömuleiðis að Jón Gunnarsson hafi haft vélarnar og þær keyptar til þess, að hann gæti grætt meira. Þessar ógeðslegu dylgjur eru óþolandi og engu síður ósæmilegar, þótt þær séu fram bornar í þingsölunum og það af vörum hv. þm.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. er enn þá að stangast við samanburðinn á Hæringi og Súðinni, og þar var nú ólíku saman að jafna, sagði hann. Það er náttúrlega meira í húfi, ef Súðin færist, og þó veit ég það ekki, því að það kvað vera búið að innrétta íbúðarpláss í Hæringi fyrir 80 manns, en það er nú svo með þessi skip, að það þarf miklu meiri skrokkstyrkleika til þess að þola vélabröltið en til þess að vera í flutningum. Það þarf þannig meiri styrkleika í Hæring en Súðina, ef bæði eiga að vera jafnörugg, svo að orð hv. 7. þm. Reykv. eru út í loftið, enda veit skipaskoðunarstjóri þetta og hefur leyft sér að bera skipin saman, hvernig sem hv. 7. þm. Reykv. líkar það. Annars vildi hv. þm. áður jafnvel telja það kost, að Hæringur væri svo gamall, því að fyrir 45 árum hefðu verið smíðuð svo sterk skip, en þá er komið annað hljóð í strokkinn en þegar sjálfstæðismenn gagnrýrðu kaupin á Súðinni af þeirri ástæðu, að hún væri of gömul, en Hæringur er 20 árum eldri. Þá blés hv. þm. sig út af því, að ég hefði rangfært orð sín um brezkar skipasmíðastöðvar, sem hann sagðist álíta góðar. Það er náttúrlega gott og blessað, en þær voru þá allt of seinvirkar til þess að laga þennan kjörgrip, Hæring. Reyndar voru brezkar skipasmíðastöðvar aldrei spurðar að því, hvort þær gætu tekið verkið að sér. Því var bara slegið föstu hér heima, að svona væri það. — Þá sagði hv. þm., að vélarnar frá Óskari Halldórssyni væru góðar og álagning bara 15%, en vélar Óskars Halldórssonar eru gamalt og úrelt rusl. Slíkar vélar hafa verið notaðar hér á landi og reynzt óheppilegar. Þær hafa valdið því, að afköst verksmiðjanna minnkuðu. Hins vegar smíðar Héðinn h.f. verksmiðjuvélar, sem hafa sýnt yfirburði yfir þessar á öllum sviðum. Þessar vélar eru líka allt of dýru verði keyptar, enda var Óskar Halldórsson í vandræðum með þær og hefði mátt þakka fyrir að losna við þær fyrir hálfvirði, þannig að það var fundið fé fyrir hann, þegar hann fékk þessa spekinga í stjórn Hærings til að kaupa vélarnar, og varðandi álagninguna, þá væri gaman að sjá reikningana yfir kostnaðinn við að láta þær liggja hér. — Þá segir hv. 7. þm. Reykv., að ég sé á móti góðum málum, ef pólitískir andstæðingar eigi hlut að máli. Ég hef alls ekki flogið á þetta mál og ekkert um það sagt fyrr en það var fyrir mig lagt. Málinu var vísað til sjútvn., og sem fulltrúi í n. gat ég ekki annað en sagt álit mitt um málið. Mál sem þetta gæti auðvitað verið ópólitískt, en hv. 7. þm. Reykv. hefur reynt að gera málið að pólitískri skrautfjöður í hatti sínum á mjög ósmekklegan hátt. Bæjarstjórn Reykjavíkur átti að kjósa 2 menn í stjórn Hærings, og með venjulegri hlutfallskosningu hefðu sósialistar átt að fá annan manninn, en til þess að fyrirbyggja það, er sjávarútvegsnefnd látin kjósa annan en bæjarstjórnin sjálf hinn. Var þar með tryggt, að engir nema trúbræður hv. þm. kæmust í stjórnina, að undanteknum einum fulltrúa frá Sjómannafélagi Reykjavíkur. Þess var þannig vandlega gætt að hafa hreint lið í stjórn Hærings, svo að engin annarleg sjónarmið gætu komið fram. Hafi því nokkur reynt að gera þetta mál pólitískt, er það hv. 7. þm. Reykv. sjálfur. Við stofnun þessa fyrirtækis leggur Reykjavíkurbær fram ¼ kostnaðarins, ríkissjóður eða S. R. ¼, Óskar Halldórsson ¼, og svo ýmsir útgerðarmenn afganginn. Helmingur stofnkostnaðar er þannig greiddur af opinberu fé, og hefði því verið eðlilegt, að sjónarmið allra flokka hefðu getað komið fram í stjórn fyrirtækisins, enda hefði þá verið betur á málunum haldið. En því miður hefur þeim mönnum, sem nú ráða þar öllu, tekizt að olnboga sig fram, og þeir eru svo þröngsýnir, að þeir hafa ekki leitað til neins verkfræðings nema Jóns Gunnarssonar, sem er byggingarverkfræðingur, en ekki vélaverkfræðingur, og er ekki nægilega kunnugur slíkum málum. Hv. þm. segir, að amerískir vélaverkfræðingar hafi sett niður vélarnar. En vélarnar voru bara settar í skipið hér heima. Það voru undirstöðurnar, sem settar voru niður vestur í Ameríku, svo að það er staðfest, að hér hafa engir fagmenn nærri komið nema „fagmennirnir" Jóhann Hafstein, Sveinn Bene-

diktsson og Jón Gunnarsson. Hv. þm. sagði að ég hefði sagt, að ekkert annað skip hafi verið skoðað og væri það ósatt, Ólafur Sigurðsson hefði athugað annað skip. Ég tók það einmitt fram, að hann hefði athugað annað skip, sem Jón Gunnarsson hafði einnig á hendinni, en tilboðin frá Evrópu voru aldrei athuguð, því að það var fyrir fram ákveðið að kaupa skip frá Ameríku, skip, sem Jón Gunnarsson hefði á hendinni. — Þá segir hv. þm., að málið hafi verið lagt fyrir fjárhagsráð og ríkisstjórn áður en kaupin voru gerð. Þetta segir hv. þm., eftir að hæstv. viðskmrh. hefur lýst yfir því, að málið hafi ekki verið lagt fyrir sig fyrr en kaupin voru gerð. Hvað er ríkisstj. í þessu tilfelli? Ég hélt, að slíkt mál heyrði undir viðskmrh., og vill hv. þm. standa hér upp og væna hæstv. viðskmrh. um ósannindi. Ég geri það ekki, og þá stendur það óhaggað, að þeir miklu menn í stjórn Hærings hafa ákveðið upp á sitt eindæmi að kaupa til landsins 45 ára gamalt skip, enda þótt bannað sé með lögum að kaupa skip, sem sé eldra en 12 ára. En það var voldugur flokkur á bak við þessa menn. Hann gat alltaf reddað þeim, þótt þeir hefðu keypt 100 ára gamalt skip til landsins. Skipið er þó ekki það afleitt, að ekki sé rétt að leyfa innflutning á því, úr því sem komið er, og legg ég því ekki til að þingið neiti að staðfesta þessi brbl., og vona ég, að skipið sé þó svo sterkt, að það geti sinnt því hlutverki, sem því er ætlað. Hv. 7. þm. Reykv. bar á mig, að ég vildi væna Jón Gunnarsson um óheiðarleika í viðskiptum. Þetta er mesti misskilningur. Ég veit ekki betur en hann hafi alltaf verið heiðarlegur í viðskiptum, þegar hann var framkvæmdastjóri S. R., og ekki veit ég til þess, að hann hafi dregið sér fé. Hins vegar er Jón Gunnarsson algerlega sjálfráður sinna gerða, og þegar hann hefur skip á hendinni, hver getur þá bannað honum að selja það æstum kaupendum, og þegar hann hefur umboð fyrir California Press, hver getur þá bannað honum að reyna að selja vélarnar frá því firma? En þegar stjórn Hærings gerir þennan mann að sínum eina sérfræðingi, þá er það atriði, sem hv. 7. þm. Reykv. á eftir að skýra.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég lét þau orð falla áðan, að ræða hv. þm. Siglf. hefði verið furðuleg. Hv. þm. hefur nú haldið aðra ræðu enn þá furðulegri. Hann er seigur þessi hv. þm. Ég benti hv. þm. á, að hann hefði verið með ósmekklegar dylgjur um Jón Gunnarsson, og hann fann, að þetta var rétt, en þá er hv. þm. ekkert nema sakleysið og segir: Hvað sagði ég ljótt um Jón Gunnarsson? Ég hef aldrei efazt um, að Jón Gunnarsson væri heiðarlegur maður. — Ja, það var gott, að það sljákkaði ögn í hv. þm. varðandi Jón Gunnarsson. En þá snýr hann blaðinu við, og nú er það ekki lengur Jón Gunnarsson, sem dylgjað er um, heldur stjórn Hærings, af því að hún hafi haft Jón Gunnarsson sem fulltrúa við kaupin á Hæringi. En Jón Gunnarsson hafði ekkert með kaupin að gera, heldur var það sérstakur fulltrúi, Ólafur Sigurðsson, eins og margsinnis er upplýst. Þá vildi hv. þm. Siglf. staðhæfa, að ég hefði vænt hæstv. viðskmrh. um rangan vitnisburð. Þetta er hrein fjarstæða. Hæstv. viðskmrh. skýrði alveg rétt frá því, að beiðni hefði ekki komið til hans fyrr en kaupin voru gerð, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að áður en kaupin voru gerð, var málið lagt fyrir fjárhagsráð og ríkisstj. Svo heldur hv. þm. Siglf. áfram að segja sögur. Hann heldur því fram, að Ólafur Sigurðsson hafi aðeins skoðað þau skip, sem Jón Gunnarsson hafði á hendinni. En Ólafur Sigurðsson skoðaði annað skip, sem var á austurströnd Bandaríkjanna og var byggt til herflutninga á stríðsárunum. Svo segir hv. þm., að engir sérfræðingar eða vélfræðingar hafi komið nálægt verkinu. Hann sagði áðan hv. þm., að vélsmiðjan Héðinn smíðaði betri vélar en California Press, en það voru einmitt menn frá Héðni, sem settu vélar í Hæring hér heima, og heldur hv. þm., að enginn sé þar með viti lengur? Vélarnar voru settar niður af Héðni og Landssmiðjunni undir yfirstjórn Sveins Guðmundssonar og Ólafs Sigurðssonar, og amerískir vélfræðingar unnu að niðursetningu þeirra véla, sem settar voru í skipið vestra, og svo heldur hv. þm. því fram, að engir vélfræðingar hafi komið nálægt verkinu. Þá þótti mér það næsta broslegt, þegar hv. þm. talaði um það, að það hefði átt að kjósa í stjórn Hærings með hlutfallskosningu. Annað hefur nú verið upp á teningnum en það, að þessi hv. þm. berðist fyrir hlutfallskosningum. En því var því miður ekki til að dreifa í þessu tilfelli, að hlutfallskosning gæti fram farið, því að einn er skipaður af stjórn S. R., einn er frá bæjarstjórn Reykjavíkur, en útvegsmenn kjósa oddamann. En varðandi þann þátt ræðu hv. þm., sem fjallaði um pólitík í þessu máli, þá er það nú fyrst, sem málið er gert pólitískt og það af hv. þm. sjálfum. Allir flokkar voru sammála um málið í bæjarstjórn og flokksbræður hv. þm. gerðu enga athugasemd við skipakaupin. Þeir höfðu fulla aðstöðu til þess, ef þeir hefðu haldið, að allt væri eins ófullkomið og þessi hv. þm. vill vera láta, að gera sínar athugasemdir, og þar sem þeir líka áttu að gæta hagsmuna bæjarins, sem er eigandi að ¼ hluta. Þetta hefur ekki verið pólitískt mál og ekkert ágreiningsmál. Allir bæjarfulltrúarnir hafa haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, og sérstaklega bæjarráðsmennirnir, sem tóku frá upphafi virkan þátt í ákvörðunum um þetta mál, og sömuleiðis menn innan síldariðnaðarins hér, sem bærinn er við riðinn, svo að í bæjarstjórninni hefur þetta mál hvorki verið pólitískt né valdið ágreiningi, og það er enn jafnóskiljanlegt, hvað þetta herhlaup hv. þm. Siglf. á að þýða, þessi tilraun hans til þess að gera það pólitískt eða að gera málið ómögulegt af pólitískum ástæðum, af því að pólitískir andstæðingar hans hafa staðið fyrir ýmsum framkvæmdum í þessu máli. Ég nenni ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt viðvíkjandi Óskari Halldórssyni. Það voru fleiri, sem vildu komast í kramið, og það lágu fyrir till. frá mörgum öðrum.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr. og ekki blanda mér í þær deilur hér, milli hv. þm. Siglf. og

hv. 7. þm. Reykv., sem eru í raun og veru þessu frv., sem hér liggur fyrir, algerlega óviðkomandi. Hér er eingöngu um það að ræða að staðfesta breytingu, sem gerð hefur verið á l. um eftirlit með skipum, þannig að heimila að flytja inn eitt skip eldra en 12 ára. Sú heimild hefur verið leyfð með því sérstaka skilyrði, að þetta skip megi nota til síldarvinnslu eingöngu á höfnum inni. Ég tók það fram í upphafi, að sjútvn. leggur engan dóm á það, með því að leggja til, að frv. verði samþ., hvort þessi kaup eru heppileg eða ekki. Skipið er fengið til þess að taka á móti Faxaflóasíld. Þetta er sérstök ráðstöfun, sem þarna hefur verið gerð. Það verða sjálfsagt margir til þess að deila á þá, sem fyrir þessu hafa staðið, og ekki sízt, ef síldin ekki kæmi. Hefði síldin aftur á móti komið á sama tíma og í fyrra, þá mundu eflaust allir vilja eigna sér þessar framkvæmdir. Hv. þm. Siglf. sagði, að fjárhagsráð hefði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessu skipi. Er það að vísu rétt, en þessi leyfi voru veitt með þeim fyrirvara, að hægt væri að flytja inn skipið, þannig að það ræki sig ekki á ákvæði löggjafarinnar, að skipaeftirlitið skoðaði skipið og samþ. innflutning þess. Skipaskoðunarstjórinn taldi sig ekki geta samþ. þetta, nema þessi lagabreyting yrði gerð, sem gerð var með brbl. Sjútvn. öll, líka hv. þm. Siglf., leggur til, að þetta frv. nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég vil undirstrika það, að það er að sumu leyti rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði, að þetta, sem við höfum deilt um, hv. 7. þm. Reykv. og ég, snertir ekki beint þetta innflutningsleyfi. Það er rétt, að um það er í raun og veru ekki ágreiningur. Hv. 7. þm. Reykv. dró þetta inn í umr., að því er hann telur að gefnu tilefni vegna ummæla í nál. minu, og ég skal ekki lá honum það. Ég veit ekki, hvað gengur að þessum hv. þm., því að hann er farinn að heyra og sjá líka eitthvað, sem hvorki heyrist né sést. Hann segir, að ég hafi verið að dylgja um það, að Jón Gunnarsson hafi framið ólöglegt athæfi, og síðan snúið því við og sagt, að það hafi verið stjórn Hærings, sem gerði það. Hv. þm. vill segja, að Jóni Gunnarssyni hafi ekki verið falið að kaupa skipið, en hann hafði skipið á hendinni og bauð stjórn Hærings það, og útkoman er svo sú, að stjórn Hærings fól honum og Ólafi Sigurðssyni að kaupa skip. Að Jón Gunnarsson hafi ekki komið nálægt skipakaupunum, það brýtur í bága við allt, sem hv. þm. hefur um þetta sagt, og allar fréttir, sem Morgunblaðið hefur um þetta flutt, þar sem það tilkynnir, að þessir tveir menn hafi farið fyrir stjórn Hærings til Ameríku til að kaupa skip. Hv. þm. ferst mjög óhöndulega, þegar hann í öllum ræðum sínum nú heldur því fram, að Jón Gunnarsson hafi ekki komið nærri skipakaupunum. Fyrst og fremst liggja fyrir prentaðar upplýsingar um, að honum var falið ásamt Ólafi Sigurðssyni að kaupa skipið, og Jón Gunnarsson hefur aldrei farið dult með, að hann hefði skipið á hendinni. Þetta kom líka fram í skýrslum, sem sjútvn. hafði til meðferðar. Eins og ég hef áður sagt, þá er stjórn Hærings ámælisverð fyrir þetta, og sú framkoma stjórnar Hærings hefur ekki verið skýrð enn þá.

Hv. 7. þm. Reykv. ruglar einnig hugtökum mjög hættulega, þegar hann segir, að ég hafi fullyrt, að engir vélaverkfræðingar hafi komið nálægt þessu. Þetta er vitleysa. Það er vitað, að vélaverkfræðingar h.f. Héðins og landssmiðjunnar hafa unnið við skipið. Þetta er sama ruglið og með Jón Gunnarsson. Það er annað mál fyrir h.f. Hæring að segja við h.f. Héðinn og landssmiðjuna: „Við þurfum að fá hjá ykkur vélar," — eða að segja líka: „en þið verðið líka að skaffa okkur alla fagþekkingu. Við höfum enga sérfræðinga." Ég er óviss um, að þessi vélaverkstæði kæri sig um að taka á sig slíka ábyrgð. Það eru engin dæmi þess, að viðkomandi fyrirtæki, eins og í þessu tilfelli h.f. Hæringur, hafi ekki trúnaðarmenn í slíkum tilfellum. Hv. 7. þm. Reykv. veit, að þó að þessi félög taki að sér verkið, þá er þar ekki um að ræða sérþekkingu, sem h.f. Hæringur getur treyst án þess að hafa sérfræðing í vélaverkfræði sem trúnaðarmann til að fylgjast með verkinu.

Þá var hv. þm. að tala um skipin, sem skoðuð voru. Það er einkenni á honum, að hann skákar í því skjóli, að hann og örfáir aðrir menn sitji inni með alla þekkingu og vitneskju í þessu máli. Hann gerði pólitískt bragð til þess að útiloka, að sósíalistar fengju mann í undirbúningsnefndina, og hefur þannig komizt hjá því, að þeir hefðu neina aðstöðu til að geta fylgzt með því, sem gert var í þessu máli. Allar sínar heimildir hafa sósíalistar frá því, sem hv. þm. hefur um þetta sagt, en hann hefur mjög um þetta talað og skrifað og þá sérstaklega í Morgunblaðið. Þetta eru heimildirnar, sem bæjarfulltrúarnir utan Sjálfstfl. hafa yfirleitt haft um þetta mál. Nú hefur þessi hv. þm. haldið því fram, að það hafi verið skoðað eitt skip sérstaklega. Ég get fullvissað hv. þm. um, að ég veit um þetta. Ég veit, að það voru skoðuð tvö skip, skip Jóns Gunnarssonar, og þegar fulltrúarnir komu til Ameríku, þá fréttu þeir af öðru skipi,, mjög svipuðu, sem búið var að klassa. Þá vildu þeir heldur snúa sér að því. Þegar til kom, þá var búið að selja það, en síðan gengu kaupin til baka. Það var nákvæmlega sama sölufélagið og sami maðurinn, sem hafði með bæði þessi skip að gera. Nú vil ég ráðleggja þessum hv. þm., þegar hann kemur heim, að spyrja húsbændur sína, þá, sem eru honum fróðari og reyndari, um, hvort þetta sé ekki svona, eins og ég hef sagt, áður en hann fer að fullyrða það í fjórða sinn, að þetta sé rangt. Og ég segi þetta af vinskap til hv. þm. — Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið hreyft mótmælum fyrr gegn því, sem hér hefur farið fram, er sú, að það hefur aldrei verið sýnt inn í þetta mál, fyrr en þau plögg, sem hér liggja fyrir, komu fram og skipið kom og menn fengu tækifæri til að sjá það. Það kemur svo í ljós, að í þeim upplýsingum, sem menn áður höfðu fengið um þetta, er stór skammtur af blekkingum.

Að endingu viðvíkjandi Óskari Halldórssyni og að það hafi verið margir um boðið. Það

veit hver einasti maður, að það voru ekki margir um boðið. Ég býst við, að það hefði ekki verið hægt, þó að leitað hefði verið með logandi ljósi um allt landið, að finna neinn annan aðila en Svein Benediktsson til að kaupa þessar gömlu vélar. Reynslan hefur sýnt, að nýjar vélar eru margfalt betri en þær gömlu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þetta verður aðeins örstutt athugasemd í sambandi við það síðasta, sem ég sagði áðan, að Jóni Gunnarssyni hefði ekki verið falið að annast skipakaupin. Og þá liggur þannig í þessu, að Ólafi Sigurðssyni var sérstaklega falið það verkefni að láta í ljós álit sitt um skipið. Að þeir fóru saman út, var vegna þess, að Jón Gunnarsson átti að hafa bæði aðstöðu og þekkingu til þess að segja til um hæfni skipsins og aðstoða til að koma fyrir vélum í skipinu, en um sjálf skipakaupin var Ólafur Sigurðsson fulltrúi stjórnar h.f. Hærings. — Ég vænti, að ég megi svo aðeins segja síðustu söguna, sem hann sagði, og benda honum á að fara og tala við samstarfsmenn mína í stjórn Hærings og leita sér upplýsinga um, hvernig skipakaupin gengu fyrir sig. Sagan er þannig, að þeir skoðuðu fyrst skip ameríska sjóhersins á austurströndinni, á vesturströndinni fyrst Hæring, sem síðan var seldur ítölskum kaupanda. Þá skoðuðu þeir annað skip frá félaginu, en á meðan á þeirri skoðun stóð, gengu kaupin á hinu skipinu til baka. Þetta skal ég láta Ólaf Sigurðsson staðfesta, og getur þá hv. þm. Siglf. sparað sér alla erfiðleika í sambandi við þennan söguburð, sem hann hefur verið með hér.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vildi aðeins við þessa umr. málsins fá að standa við loforð, sem ég gaf í gær í sambandi við deilur okkar hv. þm. Siglf., þar sem hann var hér með nokkuð annarlegan söguburð um kaup skipsins Hærings og taldi þau öðruvísi til komin en ég hafði gefið upplýsingar um. Og ég sagðist þá mundu gefa nánari skýrslur um það mál frá fyrstu hendi. Ég vildi þá gera hv. þd. grein fyrir þessu með því að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, skýrslu frá Ólafi Sigurðssyni, sem er svo hljóðandi:

„Í umræðum á Alþ. um innflutningsleyfi fyrir ofannefnt skip (þ. e. s/s Hæring) hefur gætt nokkurrar vanþekkingar á ýmsum atriðum varðandi kaup skipsins, og þar eð ég, ásamt herra verkfræðingi Jóni Gunnarssyni, mun vera því máli einna kunnugastur, leyfi ég mér hér með að gefa eftirfarandi skýringar á þeim forsendum, er þetta skip var keypt eftir:

Í byrjun þessa árs var þess farið á leit við mig af stjórn h.f. Hærings að vera þeim til aðstoðar við kaup á skipi fyrir væntanlega fljótandi síldarverksmiðju. Mætti ég þá á nokkrum fundum með stjórn fyrirtækisins hér í Reykjavík og ræddi um stærð, gerð og tilhögun vinnslu í væntanlegu skipi. Lágu þá fyrir fleiri tilboð í skip af ýmsum stærðum, bæði frá Ameríku og Evrópu. Varðandi stærð skipsins var álitið heppilegast, að það væri 5—7 þús. tdw., skyldu aðrar stærðir einnig athugaðar, ef ástæður þættu til. Það þótti strax sýnt, að frekast væri að leita fyrir sér í Ameríku, þar eð fjöldi skipa lá þar uppi, en eigi í Evrópu. Einnig var nauðsynlegt að láta fara fram strax nokkrar breytingar á skipinu, hverju sem keypt væri, og ómögulegt var um þær mundir að fá þær gerðar í Evrópu, en hins vegar voru skipasmíðastöðvar í Ameríku sólgnar í vinnu.

Hinn 19. febrúar í ár fór ég síðan ásamt Jóni Gunnarssyni til New York þessara erinda. Bárust þá enn frekari upplýsingar um boðin skip, svo og tilboð í fleiri.

Skip þau, er byggð voru í seinasta stríði og þá á boðstólum, skiptust í vissa stærðarflokka. Liberty-skipin voru of stór (ca. 10000 tdw.), og önnur flutningaskip voru of lítil, en þó þótti ástæða til að skoða skip af LST-gerð um ca. 4000 tdw. og sérstaklega gerð til flutninga á stríðstækjum. Skoðuðum við skip af þessari gerð þann 24. febrúar, þar sem það lá skammt frá New York. Skipið reyndist ónógt. Geymslur hefðu orðið mjög litlar, bæði fyrir afurðir og hráefni, og auk þessa hefði þá orðið að kaupa sérstaka katla fyrir verksmiðjuna, þar eð skipið var dieseldrifið.

Af eldri skipum virtist eitt hafa ýmsa kosti fram yfir önnur. Voru þeir aðallega þessir:

1. Skipið var ca. 6900 tdw., með miklar lestir og grunnskreitt.
2. Gufuskip með olíukynta katla nægilega fyrir verksmiðjuna.
3. Skipið hafði 50x50 feta stóran og sterkan pall, 2 fet yfir þilfari, tilvalinn fyrir stærstu og þyngstu vinnsluvélar verksmiðjunnar.
4. Allar yfirbyggingar skipsins voru byggðar nýjar 1943 og gerðar fyrir 70 manns. Einnig hafði skipið þá verið gert fullkomlega í stand af ameríska flotanum.
5. Skipið hafði fram til 1943 verið á stóru vötnunum, þannig eigi orðið fyrir eins mikilli áreynslu vegna ölduhreyfingar eins og skip á hafi, svo og eigi eins mikil hætta á ryðbruna.
6. Vegna ísa hafði skipið aðeins verið í gangi um 7 mánuði á ári hverju.
7. Verðið var mjög lágt, eða 170000 dollarar (ca. 1.1 millj. ísl. kr.).

Aðalgallar voru eftirfarandi:

1. Skipið var gamalt, byggt strax eftir aldamót.
2. Skipið var eigi í klassa.

Nafn skipsins var „Duluth" og það í eign félagsins Overlake Freight Corporation.

Að öllu athuguðu þótti rétt að skoða skipið, þar sem það lá í nánd við Portland Oregon. — Þangað komið sýndi sig, að systurskip þess, „W.

J. Conners," lá þar við bryggju á skipasmíðastöð og til sölu, þar eð kaupandi hafði ekki getað staðið í skilum við áðurnefnt félag. Skipið var alveg eins og „Duluth", en nýklassað og tilbúið til siglinga. Var það í fullkomnu standi og í fjögurra ára hæsta klassa American Bureau of Shipping. Verðið var 192500 dollarar (ca. 1,25 millj. ísl. kr.).

Við skoðuðum bæði „Conners" og „Duluth" og álitum klössun „Duluth" mundi kosta 30—40 þús. dollara. Af þeim tveimur var „Conners" betri kaup, auk tímasparnaðar. — Við undruðumst hið lága verð. Önnur skip af svipaðri stærð og einnig aldurstigi voru að minnsta kosti 50% dýrari og yngri skip í tvöföldu þessu verði. Ástæður voru meðal annars þær, að skipið var mjög hæggengt, svo og að flotinn hafði látið gera áðurnefndan pall á dekki og minnka öll lestarop um helming. Hvort tveggja þetta var til mikils óhagræðis fyrir almenna flutninga. Hins vegar var bæði pallur og minnkun lestaropa til mikils hagræðis fyrir síldarvinnsluskip, og ganghraði hafði þar litla þýðingu.

Einnig áttum við tal við yfirmann skrifstofu American Bureau of Shipping í Portland og spurðumst um skipið. Hann kvaðst sjálfur hafa skoðað skipið og gaf því beztu meðmæli þrátt fyrir aldur. Sérstaklega hældi hann efninu í því, kvað það hreint og mun betra en t. d. í Liberty-skipunum. Við sannfærðumst einnig um það við botnskoðun skipsins.

Að öllu ofannefndu athuguðu og samanborið við önnur fáanleg skip álitum við rétt að láta ekki þetta tækifæri fara, heldur mæltum með kaupunum á „W. J. Conners". Stjórn h.f. Hærings féllst á sjónarmið vor, en þar til tekizt hefði að koma gjaldeyrismálunum í lag, var búið að selja skipið öðrum. Höfðu eigendur skipsins neitað að láta Hæring h.f. hafa skipið á hendinni nokkurn tíma, heldur kváðust selja þeim, er væri fyrstur. Hafði ítalskt skipafélag keypt annað systurskip áður og það reynzt það vel, að þeir vildu kaupa „Conners" að auki. Hins vegar var svipað með þeirra gjaldeyrismál og vor, að þeir gátu eigi greitt á umsömdum tíma. Þannig tókst loksins að ganga endanlega frá kaupunum og á áðurnefndu verði, 192500 dollarar.

Að lokum vil ég segja, að þótt reynslan sé ekki löng á skipinu, eftir að það kom undir íslenzkt flagg, þá hefur engin veila fundizt í skrokk skipsins, og engin aðfinnsla hefur önnur verið við skipið en sú, að það er gamalt. Það vissum við, þegar við skoðuðum skipið, og þess vegna athuguðum við skrokkinn, eftir því sem föng voru á. Hvorki American Bureau Shipping í Portland, við né aðrir, eftir að heim er komið, hafa getað bent á sérstakar veilur í skrokk skipsins, sem hefðu áhrif á öryggi þess og endingu.

Virðingarfyllst.

Ólafur Sigurðsson."

Ég vildi aðeins leyfa mér að gera hv. þd. grein fyrir þessari skýrslu í framhaldi af umr. hér í gær.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir þessa skýrslu. En hún bara staðfestir það, sem ég hef haldið fram hér. Það hefur komið hér fram í beinu framhaldi af því, sem ég sagði hér í gær, að það hefur verið um tvö skip að ræða þarna frá sama félagi. Sem sé, Jón Gunnarsson hafði þau bæði á hendinni, og það var horfið frá því fyrra, af því að það var ekki klassað, en tekið það síðara, af því að það var klassað. Hitt er annað mál, að búið var að ákveða, að ekki kæmi til mála nema 7000 tonna skip. Og hvað því viðvíkur, þá var aðeins athugað þetta skip í New York, en engin alvara hefur verið með að kaupa það. En allar athuganir fara fram á skipum, sem Jón Gunnarsson hefur og stjórn Hærings hefur álitið beztu skip í heimi. Bréfið hefur því staðfest það, sem ég sagði í gær, að stjórn Hærings var búin að ákveða allt áður en hún sendi nefndinni skýrsluna. Það eina, sem mig vantaði, var þetta eina skip, sem skoðað var í New York og engin alvara var með að kaupa, þar sem það var ekki frá Jóni Gunnarssyni. Ólafur Sigurðsson hefði því getað sparað sér þessa löngu skýrslu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er ekki mér að kenna, þótt frosið sé fyrir vitin á hv. þm. Siglf. Það hefur verið margendurtekið, að fleiri skip voru skoðuð, og er sannað með skýrslunni. Þá segir þessi hv. þm., að stjórn Hærings hafi verið búin að binda Ólaf Sigurðsson við 7000 tonna skip, en í skýrslunni er talað um 5—7 þús. tonna skip. Þetta sýnir, að tilhæfulaust er, að umboðsmaðurinn hafi verið bundinn við 7 þús. tonna skip, heldur þvert á móti. Þá er það einnig staðfest, að tilboð lágu fyrir um mörg skip, bæði í Evrópu og Ameríku. En hv. þm. snýr þessu bara öllu við og segir svart hvítt og hvítt svart.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. þm. las eina setningu úr bréfinu. Hann hefði átt að lesa setninguna á undan: „Það þótti strax sýnt," o. s. frv. Það er rétt hjá Ólafi Sigurðssyni, að það lágu fyrir mörg tilboð um skip, bæði í Evrópu og Ameríku, en það var bara ekki litið á tilboðin frá Evrópu. En sum skipin í Evrópu voru bæði betri og ódýrari og þeim fylgdi einnig sá kostur, að greiða mátti þau í pundum, en það var ekki litið á tilboðin frá Evrópu. Það er staðfest í skýrslunni, að sum tilboðin frá Evrópu voru lægri og mátti auk þess greiða í pundum, en ekki dollurum. En á þeim var ekki gerð nein athugun, en aðeins var skroppið til New York til að athuga landgöngupramma.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Út af þeirri staðhæfingu hv. þm., að mörg tilboð hafi legið fyrir, sem ekki voru athuguð, þá er það ósatt, og hefur hv. þm. ekki þekkingu til að bera um það.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það er ekkert undarlegt, þótt hv. þm. sé reiður, en stjórn Hærings á eftir að gera grein

fyrir því, hvers vegna skip Jóns Gunnarssonar voru aðeins athuguð, og vænti ég, að þeir flokksbræðurnir, Sveinn Benediktsson og Jóhann Hafstein, reyni að skýra þetta.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég get með leyfi hæstv. forseta vakið athygli hv. deildar á þessu máli með örfáum orðum. — Það er vitaskuld samkvæmt gildandi löggjöf, að farin var sérstök leið til að koma þessari verksmiðju til landsins, og var það gert með því, að hæstv. viðskmrh. gaf út bráðabirgðalög þau, sem hér eru nú lögð fyrir þingið. Það er með öllu óþarfi að fjölyrða meira um þetta, svo kunnugt sem það er. Verksmiðjan er svo að segja að verða tilbúin, og vona nú allir, að hún fái nóg að gera, bæði hér syðra og aftur fyrir norðan, er þar að kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 293 og 295).

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi mælast til þess, þar sem frsm. meiri hl. n. er ekki hér staddur, að 2. mál á dagskránni verði tekið af dagskrá, því að ég tel rétt, að hann flytji sitt mál á undan formanni minni hl.

Forseti (ÞÞ): Það geta engin þingstörf gengið með því móti, að þeir, sem eiga að tala í málunum, fyrirfinnist ekki, þegar til á að taka. Vill ekki hv. tillögumaður gera svo vel að síma heim til frsm. meiri hl. og vita, hvað hann segir. — — — Þar sem meiri hl. n. hefur nú fundið frsm. sinn, en hann er ekki tilbúinn í bardagann fyrr en eftir 10 mínútur, þá verður fundi frestað í 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Þá verður fundi haldið áfram. Ég sé, að hv. frsm. meiri hl. n. er ekki enn kominn, þótt boð hefðu borizt frá honum, að hann yrði kominn fyrir þennan tíma. Ég held, að það mætti fresta öllum umræðum til 3. umr., þegar þannig stendur á, og að menn geti geymt sér allt málróf þangað til.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að geyma greinargerð mína til síðari umræðu, þótt ég búist raunar ekki við að vera fjarverandi, er þar að kemur.

Ég vil þá fyrst, út af orðum hæstv. forseta, er hann benti á, að þetta væri 2. mál þingsins, minna á það, að málinu var vísað til n. 29. nóv. í haust, og er ekki nema réttmætt að finna að því, hve lengi hefur dregizt að afgreiða málið úr nefndinni. En ég vil nú lítillega skýra frá gangi málsins þar. Á fyrsta fundi n. eftir að hún fékk þetta mál til meðferðar, var hv. 1. þm. Reykv. ekki mættur. Og sannleikurinn er sá, að nm. voru ekki það fylgjandi málinu, að nokkur þeirra, sem á fundinum voru, vildi vera frsm. í því. Við töldum því rétt að bíða eftir fimmta manninum í n., enda fór það svo, að hann tók að sér framsögu í málinu, og hafa 3 aðrir nm. nú skrifað undir álit með honum. Ég hef hins vegar ekki getað orðið þeim sammála um það að leggja til, að frv. verði samþ., og skal skýra þá afstöðu mína með nokkrum orðum.

Þegar hér var til umræðu frv. til l. um frestun ýmiss konar lagaframkvæmda á síðasta þingi, það er hinn svokallaði bandormur, þá var á síðustu stundu hnýtt aftan í það frv. heimild til ríkisstj., þó að sú heimild ætti þar alls ekki heima, um að greiða 1250 þús. kr. frá ríkissíldarbræðslunum til að leggja í Hæring h.f. Það er mál út af fyrir sig, að S. R. áttu ekki þetta fé til og þurftu að taka lán til viðbótar því, sem þær skulduðu ríkinu, til að inna þessa greiðslu af hendi. Þegar þetta var hér til umræðu, gerði ég ágreining út af því að leggja fram fé ríkisins til að borga með 45 ára gamalt skip, sem búið var að kaupa í algeru heimildarleysi. Ég benti þá á, hve óhentugt þetta skip væri til þeirra hluta, sem átti að nota það, og yfirleitt til allra hluta. Ég var að sjálfsögðu fylgjandi þeirri merku tilraun á sviði atvinnu- og framleiðslumála, sem gera átti með verksmiðjuskip. En einmitt vegna þess, að ég vildi, að þessi tilraun gæfi góða raun og fjárhagslegt öryggi fyrirtækisins yrði tryggt, þá vildi ég ekki kaupa þetta langelzta skip, sem komið hefur til landsins, í þessu skyni. En tilraunina vildi ég gera, og þá fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi til að bjarga stórkostlegum verðmætum við Faxaflóa, og í öðru lagi til að láta skipið vinna á sumrum á þeim stöðum, sem síldin er í það og það sinn, en litlar eða engar verksmiðjur, eins og t. d. á Seyðisfirði, Húsavík og fleiri stöðum. En ég álít, að þá hefði átt að athuga að kaupa skip, sem einhvers virði var út af fyrir sig, ef tilraunin þætti ekki gefast vel og þurfa þætti að taka úr því vélarnar, sem nota mætti þá í landi, hvar sem væri. Ég benti á það í fyrra, og er sömu skoðunar enn þá, að ef fyrirtækið stenzt ekki fjárhagslega, þá verður að taka vinnsluvélarnar úr því í land, og þá þyrfti að vera hægt að nota skipið til einhvers gagns, til einhvers annars en síldarbræðslu, ef árangurinn af henni yrði ekki sá, sem stefnt væri að, eða ef réttara þætti að kaupa annað skip til síldarbræðslu. En þetta skip gæti aldrei orðið samkeppnisfært sem flutningaskip, ef vélarnar væru teknar úr því, og aðeins söluhæft úr landi sem brotajárn. Það er heldur ekki sem verksmiðjuskip haffært á milli landa að minni skoðun, en milli landa þarf það nauðsynlega að fara til skoðunar og eftirlits. Það er vitað mál, að hér á landi er ekki hægt að taka þetta skip upp til hreinsunar og eftirlits, hér vantar bæði þurrkví og dráttarbraut til þess. En það er með öllu

nauðsynlegt að taka slíkt skip í þurrkví einu sinni á ári, og þyrfti helzt að gera það á 6 mánaða fresti, og mála það og hreinsa, skoða skipsbotninn og framkvæma annað nauðsynlegt eftirlit. Og ég er ekki einn um þá skoðun, að þetta skip sé ekki haffært. Skipaskoðunarstjóri hefur lagzt á móti þessum kaupum, sbr. bls. 2 á þskj. 116. Hann telur engan veginn frambærilegt, að kaupa 45 ára gamalt skip til landsins. Síðin þótti æði gömul þegar hún var keypt 25 ára, og hefur mikið verið um það talað, en hún er barn hjá þessari ömmu. Enn fremur bendir skipaskoðunarstjóri á, að ekki sé leyfilegt að kaupa þetta skip samkvæmt 1. um eftirlit með skipum frá 5. júní 1947. En þó er þetta miklu meira fjárhagsatriði en öryggisatriði, því að undireins og skipið er komið inn í landið, er það jafnframt komið undir ákvæði þeirra laga um eftirlit með skipum, sem ég nefndi áðan, og verður að uppfylla kröfur þeirra laga. En um fjárhagslega öryggið gegnir öðru máli, því að það er vitanlegt, að skipið getur aldrei orðið samkeppnisfært sem flutningaskip, ef það þyrfti að taka úr því vélarnar síðar meir eða strax.

Ég bendi á, að hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála hefur með bréfi frá 22. júlí í fyrra, eftir að brbl. voru samþykkt, gefið leyfi til að flytja skipið inn, en þó með tveimur skilyrðum. Hið fyrra var það, að skipið yrði eingöngu notað til síldarvinnslu í höfnum inni, og fylgdi þá ekkert leyfi til þess, að skipið mætti sigla á milli hafna, en síðara skilyrðið fyrir innflutningnum var það, að fjárhagsráð veitti nauðsynleg gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Þetta er ákaflega undarlegt. Veit hæstv. ráðh. ekkert, hvað gerist í viðskiptanefnd og fjárhagsráði, sem heyra þó undir hann. Veit hann ekki, að þau leyfi, sem hann talar um í júlí og setur að skilyrði fyrir innflutningi skipsins, höfðu þá verið gefin út í fjárhagsnefnd og viðskiptaráði fyrir 4 mánuðum, eða í marz 1948. En ráðh. virðist ekki vera kunnugt um, að búið er að leyfa að taka af hinum dýrmæta og nauma gjaldeyri þjóðarinnar til að flytja inn þetta lélega verðmæti löngu áður en hann setur þessi skilyrði. Mér dettur ekki í hug, að gjaldeyrisyfirvöldin hafi ekki þekkt lögin, og því síður, að þau hafi vísvitandi verið að fremja lagabrot með því að gefa út þessi leyfi, heldur að þetta hafi allt verið talið leyfilegt samkvæmt því valdi, sem fjárhagsráði er veitt með lögum, að það geti veitt leyfi, hvað sem önnur lög segja um það. Og sé það rétt, var óþarfi að gefa út brbl. um innflutning þessa skips, og þá er ekki heldur ástæða til að samþ. þetta frv. Skipið er komið inn í landið, með löglegum eða ólöglegum hætti, það læt ég liggja á milli hluta. Hafi þessi stofnun tekið sér vald án lagaheimildar, sem ég er þó ekki að segja, þá sé ég enga ástæðu til að vera með þessu frv., og ekki sé ég heldur ástæðu til að fylgja því, ef fjárhagsráð hefur haft fulla lagaheimild til að veita innflutninginn, svo að í báðum tilfellum er ég á móti að samþ. þetta frv. Í fyrra tilfellinu er rangt að samþykkja frv., í síðara tilfellinu er óþarft að gera það. Það þarf ekki að senda skipið aftur burt úr landinu, þótt frv. verði felld og í ljós komi, að innflutningurinn sé ólöglegur, heldur koma fram ábyrgð á hendur þeim aðilum, sem hafa tekið sér leyfi til að kaupa til landsins 45 ára gamalt járnarusl. Ég vil a. m. k. ekki vera með þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Af því að ég tafðist af óviðráðanlegum ástæðum og gat ekki komið fyrr á þennan fund, þá hefur hv. þm. Barð. nú fært fram sín rök fyrst fyrir því, að fella beri þetta frv. Hér liggur nú í raun og veru ekki fyrir, a. m. k. ekki frá sjónarmiði n., að deila um það, hve heppilegt hafi verið að gera þessa tilraun, heldur eingöngu að staðfesta bráðabirgðalögin, sem gefin voru út í sambandi við innflutning skipsins. En ef ég ætti að fara út í hina hliðina, þá mætti margt ræða um málið, m. a. þá ráðstöfun Alþ. í fyrra, að láta síldarverksmiðjur ríkisins, skuldum vafnar með ekkert handbært fé, leggja fram á aðra milljón króna í hlutafé og auka skuldir sínar um alla þá upphæð. En þetta er annað mál.

En þó að n. leggi til, að frv. verði samþ., þá getur hún ekki annað en tekið fram þá óvenjulegu meðferð, sem málið hefur sætt, m. a. það, eins og hv. þm. Barð. sagði, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir skipinu virðast hafa verið veitt löngu áður en brbl. voru gefin út. Þær upplýsingar eru frá fjárhagsráði sjálfu, og ef það er rétt, er sýnilegt, að innflutningsnefndin hafði enga heimild til að veita leyfi til að flytja inn skip, sem var eldra en 12 ára. Viðskiptanefnd getur ekki tekið sér vald, sem bannað er með lögum.

Annað atriði er það, sem n. vill sérstaklega taka fram, en það er aldur skipsins, að vera að kaupa 45 ára gamalt skip til landsins. En eins og n. hefur tekið fram, telur hún ógerlegt að ónýta það, sem gert hefur verið í sambandi við þetta skip, og er það aðallega með tilliti til þess mikla kostnaðar, sem þegar hefur verið lagt í. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt, af því að hún telur ekki annars úrkostar.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 1. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð, aðallega til þess að skýra, hvernig það bar að, að þessi brbl., sem hér er verið að leita staðfestingar á, voru sett. Mér barst frá h.f. Hæringi bréf, dags. 20. júní s. l., þar sem þess var farið á leit, að ráðuneytið leyfði undanþágu frá skipaskoðunarl. um það, að flytja mætti inn þetta margumrædda sip, sem félagið segist þá hafa keypt í Ameríku og væri smíðað árið 1903 og því 45 ára gamalt. Ráðuneytið bar þetta undir skipaskoðunarstjóra, sem taldi, að málið lægi þannig fyrir, að hann gæti ekki lagt til, að innflutningsleyfi fengist fyrir skipið að l. óbreyttum. Var þá sérstaklega miðað við það, að mér fannst, bæði af þessu bréfi og viðtali við þennan mann, að hann óttaðist það fordæmi, sem þetta mundi skapa, ef þetta gamla skip yrði flutt inn að l. óbreyttum. Þess vegna varð að ráði milli mín og hans, að um þetta yrðu

sett sérstök l., þar sem veitt væri heimild til að flytja inn þetta sérstaka skip í þessum ákveðna tilgangi, þannig að ekki gæti skapazt neitt fordæmi um almennan innflutning gamalla skipa. Grundvöllur l. er miðaður við það, að skipið starfi aðallega á höfnum inni. Mér þótti það viðurhlutamikið, þegar skipið hafði verið keypt, að neita um þetta leyfi, þó að vitaskuld megi mjög deila um það, hvort rétt sé gert, þar sem um svona gamalt skip er að ræða. En það var þó fullyrt af fagmönnum, sem skoðuðu skipið og keyptu í Ameríku, að það væri eftir hætti mjög vel á sig komið og hefði verið til þess vandað í upphafi, einnig að skipið mundi vera heppilegt til þeirrar starfsemi, sem ætlað er að hafa um hönd í því. Ég taldi þess vegna ekki — og ráðuneytið —, að hægt væri að synja um þetta leyfi, og að þessi leið, sem hér hefur verið farin, sé sú eina rétta til þess að forðast fordæmi fyrir áframhaldandi innflutningi af svipuðu tagi.

Þetta er um tilefni og aðdraganda að setningu brbl. Um hitt vildi ég fara nokkrum orðum, sem fram kom í umr. í gær, að innflutnings- og gjaldeyrisyfirvöld hefðu farið út fyrir sitt verksvið með því að veita innflutningsleyfi fyrir skipinu, áður en brbl. höfðu verið samþ. Þetta skildist mér vera meiningin hjá hv. þm. Barð. Þetta tel ég vera að nokkru leyti á misskilningi byggt. Til þess að h.f. Hæringur gæti flutt inn skipið, þurfti tvenns konar leyfi. Annars vegar innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, og hins vegar einhvers konar heimild til að komast hjá tólf ára ákvæðinu í skipaskoðunarl. Það er þess vegna eðlilegt, að félagið sneri sér til gjaldeyrisyfirvaldanna út af fyrir sig og óskaði samþykkis þeirra um innflutninginn, sem félagið og fékk. En það var vitaskuld engin heimild til að flytja inn skipið, fyrr en ákvæðið um 12 ára aldurinn væri leyst. Það þurfti þess vegna að fá tvenns konar leyfi hjá tveimur aðilum. Og eðlilegast hefði verið, að hlutafélagið hefði sótt um þessi leyfi samtímis. Verður það ekki gefið fjárhagsráði að sök, þó að það afgr. leyfið, þegar því barst umsóknin, því að það vissi ekki, hvað hinni umsókninni leið. En það, sem mér virðist hafa skeð, er það, að fest eru kaup á skipinu, eftir að leyfi fjárhagsráðs er fengið, og ekki hirt um að afla hinnar heimildarinnar fyrr en eftir á. Því má segja, að félagið hafi gert ráðstafanir, sem hefði verið réttara og heppilegra að framkvæma samtímis því, að leyfi var veitt í fjárhagsráði, en ekki á eftir.

Ég held, að ekki sé ástæða til að taka fleira fram um þetta mál. Það má sjálfsagt deila um þessa ráðstöfun eins og svo margar aðrar, hvort rétt sé ráðið. En eins og komið var, taldi ég ekki hægt að setja fyrir þetta fótinn. Og þess vegna voru þessi brbl. sett, í trausti þess, að ekki yrði fordæmi skapað, heldur aðeins bjargað þessu máli. Ég vænti þess því, að þessi l. verði staðfest hér í hv. d., eins og Nd. hefur gengið frá, því að það mundi kosta ýmsa erfiðleika og óþægindi, ef þessi lög næðu ekki fram að ganga. Sé ég ekki, hvernig mætti þá með málið fara.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið um þetta mál, þykir mér hlýða, að ég geri grein fyrir minni afstöðu, þó að hún sé að nokkru leyti ljós í því nál., sem ég hef skrifað undir. Það er rétt, sem skýrt var frá af hv. frsm. minni hl., að nm. voru sammála um það, að undirbúningur máls þessa hefði mátt vera á annan hátt en fram hefur komið. Ég heyrði nú að vísu ekki alla ræðu hæstv. samgmrh. En mér skildist á honum, að hann teldi, að sá undirbúningur hafi verið eðlilegur, nánast sagt, og ekki neitt við hann að athuga. Ég vil ekki á neinn hátt deila á hann fyrir þennan undirbúning. Gallarnir á undirbúningi málsins eru að sjálfsögðu þeirra, sem eru ráðamenn og eigendur þessa umtalaða skips. Og um leið og þeim dettur í hug, í góðri trú, skal ég undirstrika, að hér sé kannske um þjóðþrifamál að ræða í slíkum skipakaupum, hefði þeirra fyrsta verk átt að vera að leita til stj. viðvíkjandi 12 ára aldursákvæðinu, því að ég geri ráð fyrir, að þeim hafi verið kunnugt um það. Þetta hefði átt að útkljást áður en leitað var til fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. Og þetta kemur beint fram í okkar nál. En ég ætla ekki þeim mönnum, sem hér er um að ræða, að hafa viljað brjóta lögin og flytja inn skipið þegjandi og hljóðalaust. Nú er komið sem komið er. En um þetta atriði eru meiri og minni hl. nokkurn veginn sammála, að form og undirbúningur málsins er stórgallaður. Það er búið að kaupa skipið og greiða og flytja til landsins, skrásetja það íslenzkri skrásetningu og númeri, setja á íslenzk skjöl, eins og lög um skráningu skipa mæla fyrir um. Og skipið er hér. Ég tel, að þessi ráðstöfun hafi verið réttlætanleg jafnvel þó að skipið sé þetta gamalt, og er ég þar alveg sammála minni hl. með tilliti til þeirra vottorða, sem fyrir liggja um ásigkomulag skipsins, og einnig hins, hvernig á að nota það. Skipinu er ekki ætlað að sigla um höfin, heldur að liggja í höfnum. Það bezta, sem heitir sigling, er að sigla milli innlendra hafna sennilega á þeim tíma árs, sem flestum fleytum er fært áhættulaust að hreyfa sig milli hafna. Ef til vill hefur verið tekið með í reikninginn, að skipið þarf að sigla a. m. k. einu sinni á ári til erlendrar hafnar, þótt ekki sé nema til þess að fá botnhreinsun og aðrar lagfæringar, sem e. t. v. er ekki hægt að inna af höndum hér, vegna þess að okkur skortir tæki. Ég tel þetta ekki ógerlegt, ef valinn er sá tími, þegar ekki er allra veðra von. En af þeim upplýsingum, sem fyrir n. lágu umfram það, sem fram kemur í nál. sjútvn. Nd., kom það fram í ræðum beggja frsm., að við kölluðum á fund okkar þann mann, sem var aðalráðamaður félagsins um kaup á skipinu, Ólaf Sigurðsson verkfræðing, núverandi forstjóra landssmiðjunnar. Hann færði ýmis rök fyrir því, að ásigkomulag skipsins væri þannig, að hann teldi verjanlegt að kaupa það. Við erum í sjálfu sér ekki fulldómbærir, hvort hægt sé að gagnrýna þær niðurstöður, sem hann komst að. Vil ég ekki gera neina tilraun til slíks. Mig brestur þar að sjálfsögðu sérkunnáttu. Verður að leggja nokkuð mikið upp úr hans umsögn í þessu efni. Skipið er að vísu þetta gam-

alt, en ástand þess er ekki í samræmi við aldur þess. Svo er annað, sem mér er nokkuð mikið atriði. Ég hef þegar lýst því, að ég tel það verjanlegt, úr því sem komið er, að leyfa innflutning skipsins í því ástandi, sem það er, og með þeim umbótum, sem það hefur fengið, til þess að vera það, sem því er ætlað að vera, fljótandi síldarverksmiðja, jafnvel þó gripið hafi verið til þess að breyta l. um innflutning skipa. Vil ég ekki gera þær ráðstafanir ógildar. En eftir að skipið kemur heim, og að nokkru leyti áður, er búið svo um skipið, að það geti fullnægt sínu ætlunarverki. Til þess þurfti að gera yfirbyggingu á skipinu og hana allmikla. Í þá yfirbyggingu eru settar vélar. Mun vera nálægt því 415 þungalestir, sem settar eru ofan á höfuðþilfar skipsins. Nú liggur í augum uppi, að með þessum hætti er stöðugleiki skipsins ekki sá sami og áður. Að vísu er gert ráð fyrir því, að í botni gamalla skipa eigi að vera það mikill þungi, bæði af vatni og af brennsluolíu, sem geri það að verkum, að stöðugleikinn eigi að geta verið nokkurn veginn öruggur, þó að þessi yfirbygging hafi verið sett í skipið. En hver, sem hefur litið á skipið, mun sjá, að yfirbyggingin er mjög fyrirferðarmikil, eins og við bentum Ólafi verkfræðingi á. Hér skapast í hvassviðri, ég tala nú ekki um í fárviðri, mikill vindflötur, ef skipið hefur hliðarvind. Þess vegna hef ég lagt nokkuð mikið upp úr því, að skipið ætti ekki að sigla nema í allra öruggasta veðri, svo að alls öryggis væri gætt, en upphaflega var ætlazt til, að það lægi aðallega hér á höfnum. *(HV:* Sem sé hæpið að sigla því milli landa.) Ég vil ekki gerast dómari hér um það, og í tilefni af því hef ég spurzt fyrir um það, hvort búið væri að veita skipinu haffærisskirteini. Skipaskoðunarstjóri svaraði því, að það væri ekki búið enn þá, og sagði, að ég væri ekki sá eini, sem hefði gert fyrirspurn um þetta, t.d. væru vátryggingarfélög, sem hefðu spurt um, hvort hér væri um fullkomið öryggi að ræða gagnvart þeim, en ég hafði aðallega öryggi mannslífanna í huga. En skírteinið hefur ekki verið gefið út enn þá, og athugun á haffæri skipsins stendur yfir. M. a. er Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur við þá athugun riðinn. Hann hefur gert bráðabirgðaathugun á stöðugleika skipsins, og einnig er maður frá skipaeftirlitinu að framkvæma þessa athugun. Fari nú svo, að þeir telji haffæri skipsins öruggt, þá getur hvorki ég né aðrir neitt sagt, reynslan verður þá að skera úr því, hvort sá dómur er réttur eða ekki. En fyrir mér er það nokkur ótti, ef öðruvísi verður farið að í þessu efni en til var ætlazt, og að gefnu tilefni vil ég spyrja hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála eða hæstv. viðskmrh., hvort ætlunin sé að sigla skipinu yfir Atlantshaf um hávetur, og þá sennilega farmlausu, en með þá botnfestu, sem eftirlitið krefst. Ég vildi gjarnan fá þessu svarað. Það gengur hér fjöllunum hærra, að skipið eigi að bræða í norskri landhelgi, og ef svo er, vildi ég spyrja, hvort það eigi að vera innan skerja eða úti á hafi. Þetta er alveg ný áætlun með þetta skip, ef satt er, og fráhverf frá því, sem áður var ætlunin. Hér er að ýmsu leyti um nýtt viðhorf að ræða. Um þetta vildi ég fá upplýsingar, því að ég veit ekki, hvernig hv. dm. líta á þessa hlið málsins.

Ef frv. þetta er fellt, er skipið þar með komið algerlega heimildarlaust inn í landið, og ég sé ekki, að það gæti þá sigit undir íslenzkum fána, og þá hygg ég, að ekki væri hægt að skrásetja það, og yrði þá að afturkalla þá skrásetningu, sem þegar hefur verið gerð. Það yrði afleiðingin af því að fella frv. Ég hef gert grein fyrir minni skoðun, ég er ákveðinn í að greiða atkv. með frv. af ástæðum, sem ég hef nú greint, þó að mikil vandkvæði séu á skipakaupunum sjálfum. Hitt er svo annað mál, að það er nokkur uggur í mér út af því, hvernig skipið muni verða notað, en það snertir öryggishlið málsins.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að taka margt fram um þetta mál, því að hæstv. viðskmrh. hefur talað um þau atriði, sem ég ætlaði aðallega að minnast á. En ég vil þó drepa á nokkuð í framhaldi af því, sem sagt hefur verið, og til að svara því nokkru.

Það hefur verið deilt á fjárhagsráð og viðskiptanefnd fyrir að gefa út þessi innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir Hæringi. Vegna þessarar ádeilu og vegna þess, að ég átti sæti í fjárhagsráði, þó að ég starfi þar ekki lengur, fékk ég upplýsingar hjá ráðinu um þetta mál, sem hæstv. viðskmrh. hefur hér upplýst. Það var rekið mjög á eftir þessari yfirlýsingu fjárhagsráðs. Forvígismenn Hærings h.f. lögðu á það höfuðáherzlu, að skipið yrði komið og tilbúið fyrir væntanlega haustsíldarvertíð 1948, og þeir kvörtuðu meira að segja til ríkisstj., af því að þeim þótti dragast of lengi að afgreiða þessi leyfi í fjárhagsráði. En ráðið gat að sjálfsögðu ekki afgr. þetta mál út í bláinn og án allra upplýsinga. Ég man t. d. eftir, að ég gerði ýmsar fyrirspurnir. Ég spurði um haffæri skipsins og um möguleika á geymslu hráefnis og framleiðsluvöru um borð, því að ég gerði mér það ljóst, að miklu máli skipti, hvort síldar- og mjölgeymslur og lýsistankar væru um borð eða kosta þyrfti sérstaklega til þeirra mannvirkja í landi. Enn fremur spurðist ég fyrir um möguleika á því að flytja skipið til og reka það annars staðar en hér, með tilliti til vatns og hafnarmannvirkja, og eins spurði ég um, hvað kosta mundi að hreinsa það, og fleira spurði ég um, sem ég vildi reyna að gera mér ljóst varðandi nothæfni og rekstrarhæfni skipsins, þó að ég hafi ekkert sérstakt vit á þessum málum. Þegar ég var búinn að fá þær upplýsingar, sem ég óskaði eftir eða gefnar voru, þá treysti ég mér ekki, eftir því sem ég hafði bezt vit á, til að greiða atkvæði með því að veita leyfi fyrir þessu skipi, og ég skrifaði ríkisstj. um þetta. Ég skal engan dóm leggja á það hér, hvort rétt eða rangt var að veita leyfi til að flytja inn þetta skip, ég vildi aðeins víkja lauslega að afskiptum fjárhagsráðs af þessu, eða meir hl. fjárhagsráðs, án þess að leggja nokkurn dóm á.

Í bréfi, sem Jón Gunnarsson ritaði til Hærings h.f. 11. febrúar 1948 og fylgdi umsókn Hærings til fjárhagsráðs, segir m. a.: „Komið hefur til mála að kaupa skip, sem Bandaríkjastjórnin á, og er það 6900 tonn deadweight. En um mörg

skip önnur er að ræða, og verður sérfróður maður í skipabyggingum að velja það skip, sem heppilegast getur talizt, en þó ekki of dýrt. Skip þetta, sem ég hef talið, að komið geti til mála að kaupa, var byggt 1903 og endurbyggt af ameríska flotanum 1943. Öll yfirbygging þess er ný. Skoðun á skipinu, sem framkvæmd var í maí s. l., sýnir, að það er talið í góðu ástandi til notkunar til siglinga í næstu 15 ár."

Þetta bréf var fylgiskjal með umsókn Hærings h.f. til fjárhagsráðs, og það er skrifað 11. febrúar. Samt sem áður dregst leyfisveiting fjárhagsráðs þar til 15. marz 1948 af ástæðum, sem ég hef þegar nefnt, að beðið var um upplýsingar um ásigkomulag skipsins. Í millitíð höfðu verið haldnir fundir með ríkisstj. um þetta mál, og ríkisstj. hafði áhuga á málinu. Og eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. að sjálfsögðu vald til að breyta því, sem fjárhagsráð gerir í einu og öðru, enda væri allt annað óviðurkvæmilegt stjórnarfarslega skoðað. — Og á fundi fjárhagsráðs 15. marz 1948 veitti fjárhagsráð leyfi fyrir síldarbræðsluskipinu samkvæmt ósk ríkisstj. með svo hljóðandi bókun, með leyfi hæstv. forseta:

„Samþykkt var að veita Hæringi h. f. innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir skipi til síldarvinnslu frá U. S. A., sem komi á 18. flokk, 19. lið innflutningsáætlunar ársins. Samþykkt þessi var gerð með 4 shlj. atkv. Hermann Jónasson greiddi ekki atkvæði. Fjárhagsráð hafði rætt málið við ríkisstj. og var afgreiðsla þessi í samráði við vilja hennar."

Þannig er bókað í gerðabók fjárhagsráðs, og þannig var þetta raunverulega. Ég segi þetta ekki til þess að deila á ríkisstj. Það var áformað að koma upp slíkri verksmiðju, sú ákvörðun hafði verið tekin. En að sjálfsögðu réð stjórnin og átti að ráða fyrir fjárhagsráði. Eins og sjá má af bréfi Jóns Gunnarssonar, sem ég las upp áðan, var um mörg skip að ræða, og þar er sagt, að sérfróður maður verði látinn velja úr þeim. Síðan er í annan stað haldinn fundur með ríkisstj. og málið síðan afgreitt í fjárhagsráði í samráði við hana og í samræmi við vilja hennar. Þeir, sem greiddu atkvæði með þessari leyfisveitingu í fjárhagsráði, vissu, að þeir gátu enga undanþágu gert frá gildandi landslögum, og þegar þeir gáfu leyfið, var það auðvitað með þeim skilningi, að það stæði ekki formlega í vegi fyrir því, að ríkisstj. og Hæringur h.f. gætu gert það, sem hagkvæmast þætti í framkvæmdinni.

Ég hef viljað gefa þessar upplýsingar, þar sem deilt hefur verið hér á nefnd, sem ég starfaði í um tíma.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Af þeim tveimur nefndarálitum, sem hér liggja fyrir, og þá ekki síður af framsögu, mætti ætla, að hér væri mál á ferðinni, sem þm. álitu, að einhver þyrfti jafnvel að skammast sín fyrir. Mér þykir skjóta dálítið skökku við, að nú, þegar búið er að kaupa síldarvinnsluskipið, skuli vera farið að reyna að finna upp eitthvert sakarefni á hendur innflutningsyfirvöldunum eða ríkisstj. fyrir að stuðla að kaupum þessa skips. Mér þykir þetta skjóta dálítið skökku við þann hugsunarhátt, sem ríkti hér fyrir rúmu ári — skulum við segja, varðandi það, hvernig hagnýta mætti sem bezt alla Hvalfjarðarsíldina. Það vissu allir, að þegar þessi síld kom í fyrra, stóðu menn svo að segja höndum uppi um að hagnýta hana. Og jafnvel þeir menn, sem kunnari voru að öðru en því að standa fremstir í flokki útvegsmanna eða koma nærri aflahagnýtingu, létu sér þá um munn fara, að það væri bara eitt og aðeins eitt, sem ekki mætti gera, og það væri að láta aflann fara forgörðum. Ríkisstj. og stjórn síldarverksmiðja ríkisins voru í hinum mesta vanda með að hirða þennan afla og koma honum í lóg, og það hefði ekki tekizt, ef Eimskipafélag Íslands hefði ekki haft hin stóru fragtskip á leigu. En með því að flytja síldina með þessum skipum til Siglufjarðar og horfa ekki í ótilhlýðilegan flutningskostnað fór þó svo, að ekkert skemmdist eða ónýttist af aflanum, og að þessu varð stórkostlegur búhnykkur fyrir þjóðina, þó að síldarverksmiðjur ríkisins yrðu hins vegar að líða milljónatap af þessu.

Þegar þannig horfði í þessum málum, flaug það eðlilega í hug margra, hvernig bezt mætti snúast við undir svipuðum kringumstæðum í annað sinn, því að menn héldu þá, að Hvalfjarðarsíldin kæmi strax næsta ár, og voru ýmsar tillögur uppi um það, hvernig mest og bezt mætti hagnýta síldina. Nú hafði verið mikið rætt hér áður um hagnýtingu sumarsíldarinnar, einkum fyrir Austur- og Norðurlandi, og miklar kröfur voru uppi um það að reisa síldarverksmiðju einhvers staðar á Norðurlandi. Hér á þinginu var búið að ræða þetta áður en Hvalfjarðarsíldin sýndi sig fyrir alvöru, og voru ýmsar raddir uppi um það, hvort ekki mætti leysa þetta mál með fljótandi síldarverksmiðju, er færði sig til eftir því, hvar síldin héldi sig aðallega hverju sinni. Snemma á þinginu í fyrra kom ég fram með frv. um að gera Lagarfoss að bræðsluskipi, og studdist þar við ráð ýmissa færra og fróðra manna í Reykjavík, sem gerðu ráð fyrir, að hægt væri að koma vinnslutækjum fyrir í skipinu. En það kostaði það, að mjöl- og lýsisgeymslur yrðu að vera fyrir í landi, hvar sem skipið væri, en hins vegar er Lagarfoss nú kominn á þann aldur, að hann er dýr í rekstri á úthöfunum. En á meðan þessi hugmynd var í deiglunni, tóku sig saman ýmsir duglegustu útgerðarmenn við Faxaflóa að einum fjórða, Reykjavíkurbær að einum fjórða, Óskar Halldórsson að einum fjórða og síldarverksmiðjur ríkisins að einum fjórða, og þessir aðilar fara svo inn á þá hugmynd að kaupa miklu stærra síldarvinnsluskip og bindast samtökum um það. Þessir aðilar voru með sömu hugmyndina og ég með Lagarfoss, að láta skipið vinna fyrir sunnan á vetrum, en fyrir norðan eða austan á sumrum. En þeirra hugmynd var þó stærri, því að síldarþró, mjölgeymsla og lýsisgeymsla átti að vera í þeirra skipi.

Um þessar mundir var Jón Gunnarsson staddur hér á landi, en hann starfar í þjónustu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hafði verið allengi í Ameríku. Hann gat frætt forvígismenn Hærings h.f. á því, að ódýr og ekki ólíkleg skip

væru til sölu vestra, og Óskar Halldórsson átti síldarbræðsluvélar hér í landi og lagði þær fram sem sitt framlag í hlutafélagið, en leyfi fyrir þessum vélum hafði hann fengið í tíð nýbyggingarráðs. Allir þessir aðilar, útgerðarmenn, Reykjavíkurbær, Óskar Halldórsson og S. R., felldu síðan hugi saman á þessu sviði, hagsmunir þeirra féllu saman, og svo hófu þeir félagsskapinn. Ég áleit ekki rétt að banna síldarverksmiðjum ríkisins að vera með í þessu, þvert á móti samþykkti ég það. Ég heyrði, að einhver sagði hér í ræðu í gær, að verksmiðjurnar hefðu ekki átt framlag sitt til, heldur hefðu orðið að fá það að láni. En ég leit svo á, að síldarvinnsluskip eða fljótandi verksmiðja gæti slegið tvær flugur í einu höggi, ef svo mætti segja, fullnægt þörfinni við Faxaflóa á vetrum, en nyrðra og eystra á sumrum, og væri þannig hugsanleg lausn fyrir Norðausturland jafnframt, en ella mundu kröfur um verksmiðju þar ekki þagna. En nú ætla ég, að menn hafi fengið nóg af kostnaði við síldarverksmiðjubyggingar í bili, t. d. byggingu verksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, þar sem sá geysilegi kostnaður hefur algerlega kveðið fjárhag síldarverksmiðja ríkisins í kútinn. Með hliðsjón af framansögðu vildi ég ekki setja mig á móti framlagi verksmiðjanna til Hærings h.f., þar sem ég vonaði, að þessi framkvæmd kæmi að miklum notum fyrir þjóðfélagsþegnana. Það er hægt að leggja það á mitt bak og ég skal fúslega við það kannast, að ég gerði ekkert til þess að draga úr stjórn síldarbræðslunnar varðandi það, að ríkið yrði fjórði hluthafinn í þessu fyrirtæki, heldur samþykkti ég það, þegar það var borið undir mig, að svo væri, og dró um leið úr öllum aðgerðum, þeim sem ég hafði áður haft gagnvart sjútvn. þessarar d. til að fá málið fram í því formi, sem ég hafði áður borið það fram, af því að ég þóttist þess viss, að hér væri málið í höndum þessara fjórmenninga á heppilegra stigi en ég hafði látið mér detta í hug.

Ég álít rétt, að forsaga málsins sé skýrð, þegar um þetta er að ræða. Sá maður, sem mest hefur verið til ráðuneytis í þessum efnum, Jón Gunnarsson, hefur þann tíma, sem hann hefur starfað við ríkisverksmiðjurnar, notið mjög mikils trausts sem heppilegur verkfræðingur eða verkstjórnandi, og ég hef ekki rekið mig á það, að hans upplýsingar hafi á neinn veg verið vefengdar eða álitið, að hann færi með rangt mál. Þegar svo að því rak, að það þurfti að ákveða um kaup á þessu verksmiðjuskipi, þá var hann heldur ekki látinn vera þar einn um heldur var einhver færasti maður, sem Íslendingar eiga á því sviði að þekkja skip og skipabyggingar, Ólafur Sigurðsson forstjóri landssmiðjunnar og skipaverkfræðingur, sendur til Ameríku til þess ásamt Jóni Gunnarssyni að álíta og meta þau tilboð í skip, sem fyrir lágu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég gefa nokkurt yfirlit yfir það, frá hverju þessi skipaverkfræðingur skýrði svo eftir starfið í Ameríku. Hann segir svo:

„Í umræðum á Alþ. um innflutningsleyfi fyrir ofannefnt skip (þ. e. s/s Hæring) hefur gætt nokkurrar vanþekkingar á ýmsum atriðum varðandi kaup skipsins, og þar eð ég, ásamt herra verkfræðingi Jóni Gunnarssyni, mun vera því máli einna kunnugastur, leyfi ég mér hér með að gefa eftirfarandi skýringar á þeim forsendum, er þetta skip var keypt eftir.

Í byrjun þessa árs var þess farið á leit við mig af stjórn h. f. Hærings að vera þeim til aðstoðar við kaup á skipi fyrir væntanlega fljótandi síldarverksmiðju. Mætti ég þá á nokkrum fundum með stjórn fyrirtækisins hér í Reykjavík og ræddi um stærð, gerð og tilhögun vinnslu í væntanlegu skipi. Lágu þá fyrir fleiri tilboð í skip af ýmsum stærðum, bæði frá Ameríku og Evrópu. Varðandi stærð skipsins var álitið heppilegast, að það væri 5—7 þús. tdw., en þó skyldu aðrar stærðir einnig athugaðar, ef ástæður þættu til. Það þótti strax sýnt, að frekast væri að leita fyrir sér í Ameríku, þar eð fjöldi skipa lá þar uppi, en eigi í Evrópu. Einnig var nauðsynlegt að láta fara fram strax nokkrar breytingar á skipinu, hverju sem keypt væri, og ómögulegt var um þær mundir að fá þær gerðar í Evrópu, en hins vegar voru skipasmíðastöðvar í Ameríku sólgnar í vinnu.

Hinn 19. febrúar í ár fór ég síðan ásamt Jóni Gunnarssyni til New York þessara erinda. Bárust þá enn frekari upplýsingar í boðin skip, svo og tilboð í fleiri.

Skip þau, er byggð voru í seinasta stríði og þá á boðstólum, skiptust í vissa stærðarflokka. Liberty-skipin voru of stór (ca. 10000 tdw.) og önnur flutningaskip voru of lítil, en þó þótti ástæða til að skoða skip af LST-gerð um ca. 4000 tdw. og sérstaklega gerð til flutninga á stríðstækjum. Skoðuðum við skip af þessari gerð þann 24. febrúar, þar sem það lá skammt frá New York. Skipið reyndist ónógt. Geymslur hefðu orðið mjög litlar, bæði fyrir afurðir og hráefni, og auk þess hefði þá orðið að kaupa sérstaka katla fyrir verksmiðjuna, þar eð skipið var dieseldrifið.

Af eldri skipum virtist eitt hafa ýmsa kosti fram yfir önnur. Voru þeir aðallega þessir:

1. Skipið var ca. 6900 tdw., með miklar lestir og grunnskreitt.
2. Gufuskip með oliukynta katla nægilega fyrir verksmiðjuna.
3. Skipið hafði 50x50 feta stóran og sterkan pall, 2 fet yfir þilfari, tilvalinn fyrir stærstu og þyngstu vinnuvélar verksmiðjunnar.
4. Allar yfirbyggingar skipsins voru byggðar nýjar 1943 og gerðar fyrir um 70 manns. Einnig hafði skipið þá verið gert fullkomlega í stand af amerísku flotanum.
5. Skipið hafði fram til 1943 verið á stóru vötnunum, þannig eigi orðið fyrir eins mikilli áreynslu vegna ölduhreyfingar eins og skip á hafi, svo og eigi eins mikil hætta á ryðbruna.
6. Vegna ísa hafði skipið aðeins verið í gangi um 7 mánuði á ári hverju.
7. Verðið var mjög lágt, eða 170000 dollarar (ca. 1.1 millj. ísl. kr.).

Aðalgallar voru eftirfarandi:

1. Skipið var gamalt, byggt strax eftir aldamót.
2. Skipið var eigi í klassa.

Nafn skipsins var „Duluth“ og það í eign félagsins Overlake Freight Corporation.

Að öllu athuguðu þótti rétt að skoða skipið, þar sem það lá í nánd við Portland Oregon. — Þangað komið sýndi sig, að systurskip þess, „W. J. Conners“ lá þar við bryggju á skipasmíðastöð og til sölu, þar eð kaupandi hafði ekki getað staðið í skilum við áðurnefnt félag. Skipið var alveg eins og „Duluth“, en nýklassað og tilbúið til siglinga. Var það í fullkomnu standi og í fjögurra ára hæsta klassa American Bureau of Shipping. Verðið var 192500 dollarar (ca. 1,25 millj. ísl. kr.).

Við skoðuðum bæði „Conners“ og „Duluth“ og álitum að klössun „Duluth“ mundi kosta 30—40 þús. dollara. Af þeim tveimur var „Conners“ betri kaup, auk tímasparnaðar. Við undruðumst hið lága verð. Önnur skip af svipaðri stærð og einnig aldursstigi voru að minnsta kosti 50% dýrari og yngri skip í tvöföldu þessu verði. Ástæður voru meðal annars þær, að skipið var mjög hæggengt, svo og að flotinn hafði látið gera áðurnefndan pall á dekki og minnka öll lestarop um helming. Hvort tveggja þetta var til mikils óhagræðis fyrir almenna flutninga. Hins vegar var bæði pallur og minnkun lestaropa til mikils hagræðis fyrir síldarvinnsluskip, og ganghraði hafði þar litla þýðingu.

Einnig áttum við tal við yfirmann skrifstofu American Bureau of Shipping í Portland og spurðumst um skipið. Hann kvaðst sjálfur hafa skoðað skipið og gaf því beztu meðmæli þrátt fyrir aldur. Sérstaklega hældi hann efninu í því, kvað það hreint og mun betra en t. d. í Liberty-skipunum. Við sannfærðumst einnig um það við botnskoðun skipsins.

Að öllu ofannefndu athuguðu og samanborið við önnur fáanleg skip álitum við rétt að láta ekki þetta tækifæri fara, heldur mæltum með kaupum á „W. J. Conners“. Stjórn h.f. Hærings féllst á sjónarmið vor, en þar til tekizt hafði að koma gjaldeyrismálunum í lag, var búið að selja skipið öðrum. Höfðu eigendur skipsins neitað að láta Hæring h.f. hafa skipið á hendinni nokkurn tíma, heldur kváðust selja þeim, er væri fyrstur. Hafði ítalskt skipafélag keypt annað systurskip áður og það reynzt það vel, að þeir vildu kaupa „Conners“ að auki. Hins vegar var svipað með þeirra gjaldeyrismál og vor að þeir gátu eigi greitt á umsömdum tíma. Þannig tókst loksins að ganga endanlega frá kaupunum og á áðurnefndu verði, 192500 dollarar.

Að lokum vil ég segja, að þótt reynslan sé ekki löng á skipinu, eftir að það kom undir íslenzkt flagg, þá hefur engin veila fundizt í skrokk skipsins, og engin aðfinnsla hefur önnur verið við skipið en sú, að það er gamalt. Það vissum við, þegar við skoðuðum skipið, og þess vegna athuguðum við skrokkinn, eftir því sem föng voru á. Hvorki American Bureau Shipping í Portland, við né aðrir, eftir að heim er komið, hafa getað bent á sérstakar veilur í skrokk skipsins, sem hefði áhrif á öryggi þess og endingu.

Virðingarfyllst,
Ólafur Sigurðsson.“

Þetta segir Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur í skýrslu sinni um þetta skip. Það er þá þetta, sem fyrir liggur, að skipið er of gamalt eftir íslenzkum l., það er vitað, að það lá ekki annað fyrir um það leyti, sem skipið var keypt, en að það yrði að gera sérstakar ráðstafanir til að fá skipið innflutt sem verksmiðjuskip, en ekki sem skip, sem ætti að vera í flutningum. Og það má vera mikil starblinda á bókstaf og bókstafstrú, ef það er álit hv. þm., að það þurfi að gera sömu kröfur um aldur á slíkum skipum sem þessu, sem á að liggja bundið við land, nema fara einu sinni eða tvisvar á ári milli hafna á Íslandi og einhvern tíma út yfir hafið og getur valið sér leiði, þegar það þarf að fara til skoðunar. Það má vera mikil starblinda, ef ekki er hægt að gera greinamun á því í huga manna og hinu, hvaða kröfu eigi að gera til skipa, sem alltaf eru í förum, vetur, sumar, vor og haust, og sigla um úthöfin. Það getur verið að við höfum ráð á því að hafa þetta sjónarmið gagnvart verksmiðjuskipi, en mér er sagt, að Svíar og Ítalir hafi keypt sams konar skip og þetta til að hafa í siglingum, en það er ekki löglegt samkvæmt íslenzkum l. Nú er hér t. d. till. frá hv. minni hl. um það, að brbl., sem sett voru um þetta, þar sem gerð var sérstök undanþága um þetta skip með tilliti til þess, að það er verksmiðja, en ekki siglingaskip, þau verði felld. Mér finnst hér gæta hófleysis í meðferð málsins. Menn geta haft sínar skoðanir um það, hvað rétt sé eða rangt í þessum efnum, eins og hv. þm. Str., sem frá upphafi var mótfallinn því, að þessi leið væri farin, og vildi ekki stuðla að því, að slíkt skip kæmi inn í landið, en ég fullyrði, að það hafi hér verið farið inn á braut, sem gat í fyrsta lagi verið lausn á vandanum við Hvalfjörð, ef síldin hefði komið, og í öðru lagi til að leysa líka þann vanda, sem við höfum verið í varðandi síldveiðina við norðausturströnd landsins á sumrin. Skipið kostaði, eins og tekið er fram, rúmlega 1 millj. kr., og það eru litlir peningar, þegar það er aðgætt, að það er sagt, að t. d. viðgerð á Sæbjörgu og breyting hafi kostað 1½ millj. kr. Ef við hefðum átt að leggja í að kaupa skip, sem hefði komið undir íslenzkan lagabókstaf hvað aldur snertir, þá geri ég ráð fyrir, að svo mikið fé hefði þurft að koma fyrir skipið, að við hefðum alls ekki ráðið við það.

Eins má geta í sambandi við þetta skip. Það er áætlunin, sem gerð var um það að koma því heim og koma vélunum í það. Ég hygg, að það hafi farið svo nálægt áætlun, að það stingi í stúf við allar síðari tíma framkvæmdir í síldarverksmiðjumálum, hvað sú áætlun er nærri því að standast. Það mundu allar meyjar hafa viljað með Ingólfi ganga í þessari ráðstöfun, ef Faxaflóasíldin hefði flóið yfir bryggjur og torg hér í Reykjavík á þessu hausti, eins og hún gerði í fyrra, og það mundi þá sannarlega vera þungur áfellisdómur þeirra manna, sem nú, eins og sjá má í blöðum, setja hnífilinn í Hæring og alla menn, sem að honum stóðu, fyrir að kaupa þetta skip, ef ekki hefði verið gert neitt af þessu tagi og við hefðum staðið uppi í eins miklum vandræðum með veiðina eins og síðast. Ég er þeirrar trúar, að það eigi eftir að sýna sig, að kaupin á Hæringi verði landinu til heilla. Það er

ekkert komið í ljós, sem sýni, að skipið fullnægi ekki sínu hlutverki. Sú reynsla á vélunum, sem fór fram í haust, þegar þessi litli veðivottur kom, hefur, eftir því, sem ég hef frétt, að öllu leyti fyllt upp þær vonir, sem menn höfðu gert sér um vélarnar, og mér finnst það fara alveg fjarri, að fara nú að gera ágreining og áfellast innflutningsyfirvöldin og hæstv. viðskmrh. og jafnvel ríkisstj. í heild, fyrir að hafa stuðlað að kaupum á þessu skipi. Það mundi ekki hafa verið stór bakhjarl fyrir þeirri ádeilu, ef, eins og ég sagði áðan, síldin hefði ekki brugðizt, en þegar skipið liggur aðgerðarlaust og mennirnir, sem í þetta réðust, hafa ekkert annað en tapið og ríkissjóður erfiðleika af þessu líka, þá er hægurinn nærri að tala um, að þetta hefði ekki átt að gera, það sé illa að þessu staðið, málið hefði átt að vera á annan veg undirbúið o. s. frv., eins og heyra má í þeim ræðum, sem hér koma fram. Eins og til hagar hér með breyt. á veiði hvað síldina áhrærir og eins og búið er miklu að kosta til síldarverksmiðja í landinu, tugum milljóna ofan á tugi milljóna, þá tel ég, að það sé gott, að einmitt þetta skip sé til til þess að geta sinnt í framtíðinni þeim verkefnum, sem því eru fyrirhuguð, því að það þarf enginn að gera því skóna, að það verða einhvern tíma verkefni fyrir Hæring við Faxaflóa, þó að það hafi ekki orðið nú.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að ég veit ekki til, að þeir, sem sigldu skipinu heim, hafi á nokkurn hátt látið í ljós, að þetta skip væri með nokkrum ágöllum eða nokkur vandi hafi verið að koma því yfir hafið, og er það þó sennilega lengsta leið, sem maður getur hugsað sér að ráðast þurfi í að fleyta því, og ekki legg ég það að líku, þó að það þurfi að skjótast með það til skoðunar til Noregs, samanborið við að sigla því alla leið frá vesturströnd Ameríku hingað til Íslands.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég sé ástæðu til að leiðrétta ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt í þessu máli. Annars virðist ganga hæstv. ríkisstj. erfið þessa dagana, því að í allan gærdag voru umr. um stórmál í sameinuðu þingi, þar sem hæstv. menntmrh. gat ekki komið nálægt því máli, sem þá var um rætt. Hér er á ferðinni ekki mjög stórt mál, en hæstv. fjmrh. virðist ekki geta haldið sér við það, sem fyrir liggur í málinu, og fer út í allt aðra sálma og er með getsakir í garð okkar, sem gefum út nál. Meðal annars segir hæstv. fjmrh., að af þeim nál., sem hér eru á ferðinni, megi marka, að verið sé að bera einhverjar ásakanir á ríkisstj. Ég ætla ekki að svara nema fyrir hönd minni hl., en ég neita því, að hér í nál. sé verið með nokkrar ásakanir hvorki á ríkisstj. né fjárhagsyfirvöldin, það er einmitt sagt í því nál., að fjárhagsráð muni hafa talið sig hafa haft fullt leyfi til að veita innflutning á þessu skipi, og það er af þeim ástæðum, að ég legg til, að frv. verði felld, að ég tel óþarft að samþykkja það vegna þess, að ríkisstj. og fjárhagsráð hafi talið sig hafa heimild í ákveðnum l. til að gera þessa hluti án þess að leita heimildar á ný. Ef frv. er viðurkennt af hæstv. ráðh., þá ásakar hann fyrst og fremst fjárhagsráð fyrir að hafa gert glappaskot og brjóta þau l., sem það starfar undir, og hann ásakar ríkisstj. fyrir að hafa leyft innflutning á hlut 4 mánuðum áður en þeir óska eftir að fá heimild til að gera það. Ég er nefnilega ekki á þessari skoðun, og skal ég koma að því nánar. En ég vil ekki láta beina til mín skeytum, sem eiga að fara til meiri hl., því að hann vill leggja blessun sína yfir það, sem gert er, og er með ásakanir, en ekki ég. En ég tel, eins og ég hef tekið fram, að það þurfi ekki að samþykkja l., vegna þess að leyfið hafi verið fengið áður. En ég vil spyrja: Hvað vakti fyrir löggjafanum, þegar ákvæðið um 12 ára aldur skipa var sett inn í l. um eftirlit með skipum? Það lá ekki fyrir að tryggja öryggismál, því að ef það hefði átt með því ákvæði að tryggja öryggismál eingöngu, þá átti að banna öllum skipum haffæri, sem voru yfir 12 ára. En það lá allt annað til grundvallar, og það er rétt, að hæstv. viðskmrh. viti, hvað það var. Það vakti fyrst og fremst fyrir löggjafanum þá að tryggja það, að það væru ekki flutt inn í landið skip eldri en 12 ára vegna fjárhagslegrar afkomu flotans — vegna þess að íslenzki flotinn átti alltaf að taka í sína þjónustu nýjustu tækni, sem ekki væri yfir 12 ára gömul. Það hefur aldrei vakað fyrir löggjafanum, að þetta ætti að vera öryggisatriði eitt, því að þá átti vitanlega að banna siglingar á öllum skipum, ef þau voru 12 ára eða eldri. Það er þetta fyrst og fremst, sem liggur þarna til grundvallar. Þess vegna er það fyrst og fremst viðskiptaatriði, hvort átti að flytja skipið inn, en ekki öryggisatriði, og það hef ég lagt áherzlu á við afgreiðslu málsins í n. Hæstv. ráðh. minntist á það, að af því að þetta skip er flutt inn sem verksmiðjuskip, af því að það á ekki að sigla á höfum úti og af því það er leyft að flytja það inn með því skilyrði, að það sé aðeins á höfnum inni, þá sé sjálfsagt að leyfa þennan innflutning. En þegar þetta er athugað, þá segi ég: Þessi innflutningur kemur ekki undir l. um eftirlit með skipum, því að hér er ekki verið að flytja inn far, sem starfrækt verður undir þessum l. Hér er verið að flytja inn verksmiðju, sem á að vera staðbundin, og fyrir það tel ég líkur til þess, að fjárhagsráð og ríkisstj. hafi ekki þurft að afla sér heimildar til þess að hafa leyfi til að flytja skipið inn, eins og ég bendi á í mínu nál. Ég vil því ekki halda því fram, — og það er rangt hjá hæstv. viðskmrh., að ég haldi því fram, — að ríkisstj. eða fjárhagsráð hafi farið út fyrir sín takmörk, það er síður en svo. Ég held því fram, að þeir hafi haft heimild til að gera þetta. Nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh. Telur hann virkilega ekki heimilt að flytja þetta skip inn til þessarar starfrækslu, nema l. um eftirlit með skipum fáist breytt? En þá verður hann líka að viðurkenna, að fjárhagsyfirvöldin hafi farið út yfir þau takmörk, sem þau máttu. Það er líka það merkilega við þetta bréf frá hæstv. viðskmrh., að hann segir þar, að það sé skilyrði fyrir sínu leyfi, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi verði veitt, en bréfið er skrifað í júlímánuði, — að það leyfi verði veitt í marz. Ég er ekki að ásaka hæstv. ráðh., þó að hann

hafi gleymt þessari stjórnarathöfn, en mér þykir einkennilegt, að það kemur frá honum sem viðskmrh., að hann hafi gleymt, að hann bar þó ábyrgð á því í 4 mánuði, að þetta leyfi var veitt, sem hann setur að skilyrði í júlí, að skuli veitt í marz. Það er enginn efi á því, að ef þetta skip verður aldrei tekið úr höfn, þá þarf aldrei að skrá það sem skip, og ef það er sem verksmiðjuskip inni í höfn, þá þarf það ekkert haffærisskírteini að hafa, en slíkt skip þarf að hafa sérstaka undanþágu til að mega sigla milli hafna, t. d. til Austurlands, en það þarf ekki að vera neitt far og þarf ekki að falla undir lagabókstaf l. um eftirlit með skipum, þó að það sé leyft. Það er hægt að draga það og sigla því með öðrum skipum, og þarf engan veginn að falla undir þessi ákvæði. Hitt er allt annað atriði, ef á að sigla því milli landa. En ég vil benda hv. þm. á það, að ég veit ekki betur en að flutt væri milli landa steinker til Akraness, sem í voru svo og svo margir menn á leiðinni, og engum manni datt í hug að gefa haffærisskírteini á slíkan farkost. Mín afstaða til málsins er þessi: Þessa tilraun átti að gera með fullkomnu skipi, sem hægt var að flytja milli landa, ef svo skyldi takast til, að ekki væri hægt að reka skipið sem verksmiðjuskip, og þess vegna átti að velja fullkomið skip með fullkomnu haffærisskírteini og þeim aldri, sem við viljum hafa. Ég er ekki að ásaka hæstv. ríkisstj., þó að hún fylgi ekki mínum ráðum, en ef þessu var ekki fylgt, þá átti helzt að kaupa farkost, sem ekki þurfti að sigla milli landa, en það var sementsskip, en það hefði kostað minnst fé og hefði aldrei þurft að fara í hreinsun. En þeir, sem athuguðu þetta, vildu ekki líta á þessi skip. Þetta var mín afstaða til málsins þá. — Þetta sementsskip mátti einnig nota m. a. til að sökkva í hafnarmannvirki síðar, þeim hefur verið sökkt annars staðar og reynzt vel. Mínum till. var ekki fylgt og er ég ekki að ásaka ríkisstj. fyrir það, en ég vil þá heldur ekki taka á móti ásökunum fyrir að vera sjálfum mér samkvæmur í málinu.

Ég vil í sambandi við þetta benda á það, að þegar l. um sérstakt framlag ríkissjóðs voru borin fram á Alþ. í fyrra af hæstv. sjútvmrh., þá benti ég á þetta atriði og greiddi atkv. á móti því framlagi, vegna þess að það var upplýst, að það ætti að kaupa 45 ára gamalt járnarusl. Mér var ljóst, að þetta skip mundi ekki verða söluhæft úr landi, nema til þess að brjóta það upp, og þess vegna ekki haffært til að sigla því og ekki samkeppnisfært á hafinu, þó að það hefði haffærisskírteini.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hann væri sammála um það, að síldarverksmiðjurnar keyptu gott síldarverksmiðjuskip. Ég er honum alveg sammála, en ég sé ekki, að hér hafi verið keypt gott síldarverksmiðjuskip, hér hefur verið keypt skip, sem ekki er fært um að fara á milli landa til þess að fá nauðsynlega hreinsun, eins og þarf að vera, einu sinni til tvisvar á ári, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar í sambandi við það. Ég sé heldur ekki, að hér hafi verið keypt skip, sem hægt sé að nota til annars en að vera síldarbræðsluskip á þeim stað, þar sem síldin er ekki komin, því að það er varla hægt að flytja það milli staða, enda tilskilið af ráðh., að það sé aðeins notað í höfnum inni.

Þá vil ég segja nokkur orð í sambandi við þá skýrslu, sem hæstv. fjmrh. las upp, frá Ólafi Sigurðssyni. Ég skal viðurkenna, að Ólafur er prýðilegur maður, og ég ætla, að hann hafi vel vit á þessum málum, þó að honum hafi hér yfirsézt. Það er upplýst í sjútvn., að einmitt þeir hlutir í skipinu, sem helzt átti að skoða, voru aldrei skoðaðir, áður en skipið var keypt. Það voru fyrst og fremst katlarnir í 45 ára gömlu skipi, sem þurfti að skoða, en þeir voru ekki skoðaðir, fyrr en búið var að ganga frá kaupunum, og voru þá skoðaðir af öðrum manni. Það er sannarlega ekki Ólafi Sigurðssyni að þakka, að sú skoðun reyndist í lagi. En ég skal upplýsa annað. Það voru heldur ekki skoðaðir botntankar skipsins, en það er einmitt sérstök ástæða til að skoða þá í gömlum skipum, og öxull skipsins var heldur ekki skoðaður af íslenzkum skoðunarmönnum. Ég hef enga löngun til að upplýsa þetta hér, en þegar það er notað sem gögn í málinu, þá er bezt, að það komi fram. Sannleikurinn er sá, að það var af einhverjum öðrum áhrifaríkum aðila ákveðið, að þetta skip skyldi kaupa og ekkert skip annað, og hann hefur notað sitt vit og sinn dugnað til þess að safna svo sterkum hring utan um þetta 45 ára gamla skip, að það var ekki hægt að brjóta þann hring. Nú skal ég viðurkenna, að Jón Gunnarsson er prýðilegur verkfræðingur og verkstjórnandi, en hann hefur ekkert vit á skipabyggingum og hefur aldrei lært það, og sumt af því, sem þarna er gert, sýnir þetta, m. a. er það að hans fyrirsögn, að settar voru niður í þetta skip þrjár 100 hestafla vélar, þannig að ómögulegt er að þjóna þeim nema taka þær í burtu eða rífa þilfarið úr skipinu. Honum var bent á þetta af mönnum, sem meira vit höfðu á því, en hann sagði: Ég þarf ekki að spyrja ykkur, hvernig vélarnar eiga að vera. — En það kemur á daginn síðar, hvernig þetta reynist. Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði verið eitt af aðalrökunum hjá ræðumönnum, að skipið mundi ekki reynast eins vel af því, að það hefði verið mikið notað á vötnum og væri ekki eins vel gert eins og ef það væri byggt fyrir Atlantshafið. Þetta er staðhæft af því, að þetta skip er ekki byggt fyrir Atlantshafið og það þarf að byggja sterkara skip fyrir Atlantshafið en vötnin í Ameríku. Mér er kunnugt um það, að skip fyrir vötnin í Ameríku eru byggð eftir öðrum reglum en skip, sem eiga að sigla um Norður-Atlantshafið, norður undir ísröndinni. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að þeir hefðu undrazt hið lága verð. En ég undrast það ekkert, þegar athuguð er öll aðstaða til þess, sem hér var verið að kaupa, ég undrast miklu frekar, að þessum mönnum skyldi takast að selja skipið fyrir þetta verð, vegna þess að það er gamalt og skipið var ekki til neins annars á þeim tíma en að brjóta það upp eða nota það fyrir pakkhús í höfn inni, svo að það er ekki að undra, þótt verðið væri ekki hátt á skipinu. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri leyfilegt að

láta þetta skip sigla samkvæmt íslenzkum l. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur þetta. Ég geri ráð fyrir því, ef skipið er flutt inn og bókfært sem far, að þá sé ekki hægt að banna því að sigla samkvæmt þeim l., svo framarlega sem það er í því ástandi, sem skipaskoðunarstjóri heimtar samkvæmt sömu reglugerð. Það er nefnilega misskilningur, að það falli niður leyfi til þess að sigla íslenzkum skipum, þó að þau verði 45 ára. Ég gæti bezt trúað, að Súðinni verði siglt, þangað til hún verður 200 ára gömul, ef ekki verður hægt að selja hana. Það er búið að setja í það skip milljónir til stórtjóns fyrir alla, sem við það eru riðnir, en fyrir það að búið er að setja í það milljónir, þá er það mörgum sinnum traustara en það var í upphafi, og það dettur vitanlega engum í hug að neita þessu skipi um að mega sigla, þó það sé gamalt. Allt öðru máli er að gegna um verksmiðjuskip, sem á að liggja í höfn. Ég var á móti því, að skipið væri flutt inn sem far, og þess vegna þarf ekki að samþykkja brbl., frá mínu sjónarmiði.

Ég skal þá koma að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., eins og ég tók fram, að ég hafi haft þau orð, að verzlunaryfirvöldin hafi farið út yfir sín takmörk, og það sést ekki í mínu nál., nema síður sé. Ég hafði engin orð um það hér. Þeim skeytum verður því að beina annað. En ég vil taka það fram, að ef hæstv. ráðh. álítur, að þeir hafi gefið þetta leyfi í fullkomnu heimildarleysi í marzmánuði, þá er að bera þá sök á þá, og hafi þeir gert þetta, þá er það þeirra að standa fyrir því, það er ekki ástæða til þess fyrir Alþ. að taka þá ábyrgð á sig. En ég er ekki að halda því fram, að þeir hafi bakað sér neina ábyrgð með þessu máli. — Hæstv. ráðh. sagði, að þessi l. væru sett til að skapa hér ekki fordæmi. En ég vil halda því fram, að eina ráðið til þess að skapa ekki þetta fordæmi, sé að flokka þennan innflutning ekki undir þann flokk, sem heyrir til haffærra skipa, en það sé ekki verið að flytja inn pakkhús fyrir síldarstöð, sem ekkert kemur siglingaflotanum við, og flokka það sem skip. Það held ég að verði mestur sóminn fyrir alla aðila. Það kemur þá ekkert skipinu við, þó að brbl. verði felld, og ég sé ekki, hvað skeður, þótt þau verði felld. Það skeður ekkert annað en að skipið verður aldrei skráð á íslenzka skipaskrá, og það er enginn sómi fyrir íslenzka skipaskrá að hafa það þar. Ef skipið er skráð á íslenzka skipaskrá, þá er leyfilegt að sigla því hvert sem vera skal, og þá kemur það undir skoðun árlega með öllum þeim skoðunargjöldum og öllum þeim sköttum, sem því fylgir, en ég held, að það hefði átt að forða þessu fyrirtæki frá öllum þeim sköttum, — fyrirtæki, sem engar tekjur hefur, en vonandi fær. Það er engin skylda hér að skoða vöruskemmur, það er engin skylda að skoða geymslur fyrir síldarmjöl, en það er þetta skip. Ef skipið heyrir ekki undir skipaskoðun, heldur verksmiðjueftirlit, þá mundi sú skoðun ekki verða svo róttæk, að það mætti ekki komast yfir það, því að venjulega er það ekki annað en að skrifa út nokkra reikninga. Nú vil ég í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði og hefur skrifað hér í bréfi, að hann leyfi aðeins að flytja skipið inn til að starfa í höfnum inni, leyfa mér að spyrja: Hvernig hugsar hann sér þá, að skipið verði starfrækt, m. a. sem leiguskip til Noregs, ef hann er enn á þeirri skoðun, að hér sé ekki um haffært skip að ræða? Hygg ég þá, að við ættum að geta verið sammála um að fella frv., því að þá hefur það fyrir mér enga þýðingu.

Hér var minnzt á það, af hæstv. fjmrh., hve skipið hefði verið prýðilegt og gott að fara á því yfir hafið alla þessa leið frá vesturströnd Ameríku. En er þá ekki rétt að minnast á það um leið, að alla þessa leið fékk skipið aldrei neinn sjó eða vind, það var svo heppilegt. Hvernig halda menn, að hefði farið með þetta skip í mestu veðrum hér í desember eða veðrum, sem geta orðið á öllum tímum? Ég hygg, að það geti enginn og vilji enginn bera ábyrgð á þeim óhöppum, sem kynnu að skapast með því að leyfa þessu skipi að fara yfir Atlantshafið á hvaða tíma sem er, þó að svo heppilega tækist til, að ekki varð neitt tjón í þetta skipti, og skal ég koma nokkuð að því síðar, en síðan hafa verið gerðar breyt. á skipinu, sem að sjálfsögðu eru ekki til þess að mæla með því, að skipið haldi áfram að sigla.

Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði, vildi ég aðeins segja þetta: Hann talar um, að það beri ekki að ásaka hæstv. ráðh. fyrir undirbúninginn. Ég hef hvorki í mínu nál. né ræðum borið ásakanir á neina menn. Málið var þannig undirbúið eins og hæstv. ráðh. lýsti, og ég tók þá afstöðu strax að ég vildi ekki láta leggja fram fé til að kaupa jafngamalt skip og þarna var um að ræða —, og sú afstaða mín er óbreytt, þótt ég sé fullkomlega fylgjandi þeirri hugmynd, sem hér hefur verið reynd, og það er síður en svo, að mín afstaða breytist við það, hvort hér veiddist síld í haust eða ekki. Ég er jafnfylgjandi þessu máli, — að reyna síldarskip til þrautar, þó að það fengist engin síld, og ég tel, að það eigi ekki að hafa áhrif á þetta mál að neinu leyti.

Hv. 1. landsk. upplýsti, að síðan skipið var keypt, sé búið að gera yfirbyggingu á það, sem er yfir 415 lestir. Þetta er rétt, og það hefur stórkostlega breytt sjóhæfni skipsins. Það er upplýst af Ólafi Sigurðssyni skipaverkfræðingi, að það sé hægt að gera stöðugleika skipsins það öruggan, að þetta þurfi ekki að hafa áhrif á siglinguna. En það er annað miklu meira atriði. Ef það á að flokka skipið sem haffært skip með venjulegan vindflöt, þá er engan veginn hægt að vega upp á móti þessari yfirbyggingu með kjölfestu. En þessi yfirbygging er þannig, að ekkert eftirlit tekur hana gilda, ef hún er bundin við sjálfan skipsskrokkinn, og þess vegna var það ekki gert. Það varð þess vegna að hafa bil á milli yfirbyggingarinnar og skipsins, og henni er því aðeins tyllt við skipið með ákveðnum vinklum. En svo framarlega sem átti að byggja þetta niður á skipinu, þá þurfti að margfalda þunga yfirbyggingarinnar, en það hefði skipið alls ekki þolað. Þetta er einnig viðurkennt af þeim manni, sem skoðaði skipið, eins og minir

meðnefndarmenn vita. En hér kemur annað til greina í sambandi við vond veður, og það er það, að þessi yfirbygging fer fyrst, annars vegar fyrir það, að vindflöturinn er svo stór, og hins vegar, að plöturnar eru svo þunnar, að þær þola ekki áfall, og hver vill bera ábyrgð á því, ef illa tekst til, að ekki verði annað tjón en að yfirbyggingin fari? Ég held, að það sé atriði fyrir hæstv. samgmrh. að athuga, hvort það eigi að leyfa, að skipið fari í þennan flokk.

Ég hef þá lýst minni afstöðu til þessa máls, og ég vil taka það enn fram, að hvorki í mínu nál. né í umr. hér hefur fallið nein ásökun á viðkomandi aðila í þessu máli. Ég tel illa farið, að ekki hefur verið hægt að velja annan kost undir þessar vélar til þess að gera þessa tilraun heldur en hér er. Ég viðurkenni, að það hefur verið svo mikil ástæða til að gera þessa tilraun, að það hafi að sjálfsögðu ráðið meiru annars vegar, en hins vegar erfiðleikarnir í fjármálum. Þó hygg ég, að það hefði ekki átt að hugsa um of um það að spara verðmæti í sambandi við þetta.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef ekki miklu að svara hv. þm. Barð., því að hans ræða snýr ekki að mér nema að nokkru leyti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég skildi það svo, þegar hann hélt sína ræðu, að hann hefði verið að telja, að fjárhagsráð, og viðskiptanefnd hefði farið út fyrir sitt verksvið, þegar það leyfði innflutning á skipinu, og þann sama skilning mætti leggja í orð hans í nál., þó að hann segi það ekki beinlínis. Hann setur það þar að vísu fram í spurningarformi, því að hann segir: „Hafi hins vegar fjárhagsráð." En þar lætur hann liggja orð að því, að þetta muni kannske hafa verið gert, og ég gat ekki betur skilið á ræðu hans í gær en að hann væri að halda þessu fram. En eins og ég sagði, þá þurfti að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir skipinu eins og öðrum innflutningi, hvort sem það var flutt inn sem far eða sem verksmiðja. En ef það var flutt inn sem skip, þá þurfti að nema úr gildi þetta ákvæði skipaskoðunarl., sem hindraði, að skipið væri flutt inn, af því að það var eldra en 12 ára. Það var eðlilegt, að þau leyfi hefðu verið veitt samtímis, því að annað var ónýtt án hins. Hvað viðvíkur því, að ég hafi gleymt því, sem gerðist í marz á fundi með fjárhagsráði, þá skal ég ekkert fullyrða um það, en hitt er annað, að mér var ekki kunnugt um það, þegar brbl. voru samin og leyfi var gefið fyrir innflutningi skipsins samkvæmt þeim brbl., hvort fjárhagsráð væri þá búið að veita sín gjaldeyris- og innflutningsleyfi eða ekki. Náttúrlega hefði ég getað aflað mér þeirra upplýsinga, en það var þá ekki sérstaklega gert, og þess vegna var ástæða til þess að setja það líka í leyfið, sem gefið var fyrir innflutningi skipsins, og þess vegna var það gert. Um meðferð málsins að öðru leyti skal ég ekki taka frekar fram, af því að búið er að því áður. En um kaupin á skipinu og alla þá miklu annmarka, sem hv. þm. Barð. telur á því vera, vil ég vísa til þeirra, sem þar áttu hlut að máli, þessara tveggja fagmanna, sem hafa þekkingu á þessum hlutum. Vil ég a. m. k. leggja hana á borð við þekkingu hv. þm. Barð., þar sem er annars vegar Jón Gunnarsson verkfræðingur, þó að hann sé ekki skipaverkfræðingur, en hefur haft með verksmiðjurekstur að gera og var fenginn til að segja til um tilhögun þeirra véla, sem settar voru í skipið til að nota það sem verksmiðjuskip, og svo hins vegar Ólafur Sigurðsson, sem er skipaverkfræðingur og keypti sjálft skipið og aflaði þess. Hv. þm. Barð. sagði í sinni ræðu, að þessir menn væru báðir prýðismenn og mikið væri upp úr því leggjandi, hvað þeir segðu. Þegar þeir hafa nú báðir gefið skipinu sín beztu meðmæli og að það muni geta komið að flestum notum sem verksmiðjuskip, sem Alþ. var búið að heimila að kaupa og ákveðið var að hefja reksturinn með, þá sá ég ekki neina ástæðu til að ganga á móti þessu áliti sérfræðinganna og setja fótinn fyrir, að skipið yrði keypt. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að skipið verður að vera flutt inn sem skip, en ekki sem verksmiðja, því að það verður, samkvæmt eðli málsins, að vera mögulegt að flytja það á milli hafna innanlands, og þó að það hafi átt að vera fyrst og fremst sem verksmiðja, þá átti hún ekki að vera staðbundin. Eins og orðað var í leyfinu: „notað til síldarvinnslu í höfnum inni," og það er aðaltilgangurinn. Það á að geta farið hafna á milli, en ekki vera stöðugt hér í Reykjavík eða Hvalfirði, heldur fara til Norður- eða Austurlands, eftir því sem hentar hverju sinni. Til þess þarf það að vera sjófært og hafa um það öll skilríki.

Hvað viðvíkur, að skipið ætti að fara til Noregs og hefja þar síldarvinnslu, þá er mér ekki kunnugt um það, en ef til þess kemur, þá verður að leita álits skoðunarmanna ríkisins um það, hvort það muni til þess fært. Þó geri ég ekki ráð fyrir því, að það verði látið sigla til erlendra hafna, og að minnsta kosti alls ekki án lögbeðinna skilríkja.

Þegar það var fyrst hér til umr. að fá hingað síldarvinnsluskip, þá var það skoðun mín, að bezt væri að fá nýtt og fullkomið skip, til þess að öll vinnslan yrði á sem hagkvæmastan og ökonomiskastan hátt, en hins vegar gat ég látið mér skiljast að svo fullkomið skip yrði svo dýrt, að það yrði óviðráðanlegt á því verði og eins og fjárhagurinn var. Annaðhvort var því að kaupa þetta gamla skip eða ekkert, og það þótti of viðurhlutamikið, ef ekkert hefði verið að gert. Því hefur verið lýst af hæstv. fjmrh., hve erfiðlega gekk að koma síldinni til Siglufjarðar héðan að sunnan í fyrra vetur og hve geysilegur kostnaður við þá flutninga var. Og þótti því ekki ráðlegt að láta undir höfuð leggjast að vera við því búinn að taka á móti síldinni, ef hún kæmi aftur, og gera ráðstafanir í því sambandi. Þá geta orðið full not af skipinu, þó að verksmiðjubyggingar skorti. — Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara út í frekari umr. um þetta mál.

Ég mun ganga ríkt eftir því, að þeir trúnaðarmenn ríkisins, sem eiga um þetta að fjalla, hafi ríkt eftirlit og veiti ekki skipinu ferðaleyfi, nema uppfylltar séu þær kröfur, sem gerðar

eru, og vænti ég þess, að það uppfylli þær kröfur. En ég vil leggja á það höfuðáherzlu að afgreiða málið þannig, að skipið verði ekki staðbundið, heldur hafa það í förum sem far. Að endingu vil ég svo endurnýja ósk mína, sem ég bar fram áðan, að frv. verði samþ. og tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hæstv. ráðherrar hafa fundið ástæðu til að gagnrýna meiri hl. n. fyrir það að hafa látið álit sitt í ljós, sem hún hefur á þessu máli.

N. hefur látið tvennt í ljós. Í fyrsta lagi telur meiri hl. alla meðferð málsins óvenjulega og varhugaverða, og í öðru lagi, að það sé mjög varhugavert að veita innflutning á svo gömlu skipi sem hér er um að ræða. Meiri hl. sjútvn. heldur því fram, að leyfi þau, sem viðskiptanefnd veitti fyrir skipinu, hafi hún ekki haft leyfi til að veita. Þar sem nefndin veitir hér leyfi fyrir skipi, sem hún vissi, að var eldra en 12 ára, er slík leyfisveiting brot á l. um eftirlit með skipum. Nefndin vekur athygli á því, að meiri hl. telur mjög varhugavert að flytja inn skip, jafngamalt og þetta er. — Á þessu stigi málsins virðist mér vera tilgangslítið að vera að deila, og ég hef ekki hugsað mér að blanda mér frekar í þær deilur, sem nú standa.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti.. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgmrh. fyrir greið svör við spurningum þeim, sem ég beindi til hans. Hins vegar gat hann ekki gefið upplýsingar um það, hvort skipið ætti að sigla til Noregs, en mér hefur verið tjáð, að þetta sé í ráði, en ef til vill upplýsist þetta við 3. umr. málsins, og rétt er að kynna sér málið hjá umráðamönnum skipsins fyrir þá umr.

Ég hef enn þá óbreytta skoðun á því, að ég tel mjög varhugavert, að þessu skipi verði siglt um hávetur milli landa.

Hæstv. sjútvmrh. þarf ég ekki að svara, því að ræða hans var ekki svar við áliti okkar í meiri hl. nefndarinnar. Við teljum það rétt, úr því sem komið er, að samþ. þetta frv., þó að við teljum ýmislegt athugavert við það að staðfesta þessi brbl. Við viðurkennum þá nauðsyn, sem lá að baki því, að þessar ráðstafanir voru gerðar, vetrarsíldina hér í Hvalfirði, og við erum ekki að gagnrýna sjálfa hugmyndina, síður en svo. Þess vegna var ræða hæstv. sjútvmrh. svar við nál. minni hl. n. og verður ekki skrifuð á okkar reikning.

En við hv. frsm. minni hl. vildi ég segja þetta: Ég er hræddur um, að það gæti nokkurs misskilnings hjá honum í þessu efni, ef hann telur þetta ekki far. Í því sambandi vil ég leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, skilgreiningu á skipi skv. l. um eftirlit með skipum, nr. 68 1947, en þar segir í 1. gr.: „Skip er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.“ Og nú er þetta fljótandi far skv. því. Jafnvel fljótandi flutningaprammar, sem dregnir eru milli staða, eru för, sem sagt, hvernig sem það er, hvort það er verksmiðja eða eitthvað annað, þá er það fljótandi, og því er það far. Þess vegna er það misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að hægt sé að undanskilja, að þetta skip sé far. Nú er búið að skrásetja það og setja undir íslenzkan fána, en til þess að það sé hægt, þá hlýtur að vera um skip að ræða. Um hitt er ég sammála, að tilætlunin er að flytja það milli hafna eftir þörfum, þar sem það hefði þar bækistöð um lengri eða skemmri tíma. Ég minnist þess ekki í umr. hér áður, að menn teldu ekki kost, að hægt yrði að hreyfa skipið hafna milli, — það er einmitt það, sem við höfum alltaf reiknað með. En hins vegar tek ég undir það með minni hl., að ef annað kemur í ljós og skipið er ekki eins og það á að vera, þá er ég ekki með því, að það verði í förum. Ég vil benda á eitt atriði, sem við þekkjum raunar allir, að t. d. Norðmenn hafa mjög margar fljótandi hvalvinnslustöðvar, sérstaklega í Suðurhöfum, en þau skip uppfylla allar þær kröfur, sem gerðar eru til haffærra skipa. Alveg á sama hátt verður að gera sömu kröfur um skip, að þau séu haffær, þó að það séu fljótandi verksmiðjur til síldarvinnslu. — Ég vildi aðeins undirstrika þetta, en vil ekki ræða það frekar, en það er ekki hægt að komast hjá því, að skipið fullnægi þeim skilríkjum, sem krafizt er um skrásett skip.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Af ræðu hv. 1. landsk. var svo að skilja, að ég væri ekki með þeim ráðstöfunum eða tilraunum, sem hér er um að ræða. En það, sem ég vildi, þegar þetta mál var fyrst til umræðu hér, það var að rasa ekki um ráð fram.

Hv. þm. er kunnugt um, að ef skip uppfyllir ekki þær kröfur, sem gerðar eru til skrásetningar, þá er það tekið út úr skránni, en þá útilokar það samt ekki möguleika á því, að hægt sé að flytja það milli hafna og jafnvel láta það veiða síld yfir sumartímann, það eru mörg dæmi þess. En þetta skip átti aldrei að fara inn á skipaskoðunina. Ef brbl. eru felld, þá er það fallið úr skipaskránni og tel ég það sæmandi, að þetta fari ekki inn á skipaskrá íslenzkra skipa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef af sérstökum ástæðum ekki getað verið við umræður þessa máls fyrr en rétt í þessu og veit því ekki sem bezt, hvað hér hefur komið fram. Ég vildi samt aðeins, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu, undirstrika nál. okkar í meiri hl. Meðmæli okkar byggjast á því, að ekki er fært að ónýta þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar og mikið fé hefur verið lagt í og Alþ. stendur á bak við, á því byggist atkv. mitt. Og þó að ég greiði atkv. með frv., þá tel ég mig ekki taka á mig nokkra ábyrgð af þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, SÁÓ, KG, BK, BÓ, EE, HV, ÞÞ.
nei: PZ, ÁS, GJ.
6 þm. (HermJ, JJós, StgrA, BBen, BrB, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Þetta skip eða pakkhús eða hvað það nú heitir er komið, og því verður ekki breytt, þótt brbl. verði felld, en með háværum samvizkunnar mótmælum segi ég já.

Forseti (ÞÞ): Ég veit ekki betur en allir hv. þm. hafi skrifað undir að fara í hverju máli eftir sinni samvizku.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 313).

12. Kjötmat o. fl.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um kjötmat o. fl. [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi frá síðasta þingi, en var þá ekki útrætt. Í grg., sem því fylgdi, er skýrt frá aðalbreytingunum, sem í því eru fólgnar frá núgildandi lögum, og skal ég ekki fjölyrða um þær, en stikla aðeins á stóru.

Gildandi lög eru frá 1933, og er þeim í ýmsu alláfátt, einkum vegna þess, að í þeim er miðað við mat til útflutnings aðallega, en ekki við innlendan markað. Nú hefur sú breyting orðið, að lítið sem ekkert er flutt út, en nærri allt kjöt selt á innlendum markaði, en engin ástæða er til að taka léttar á mati fyrir innlendan markað, og aðalbreytingin hnígur því að því að samræma matið á báðum mörkuðum.

Sumarið 1947 fól ég kjötmatsmönnum og Kristjóni Kristjónssyni fulltrúa að gera þær breyt. á l., er þeir teldu þurfa. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, að svo miklu þyrfti að breyta, að réttast væri að semja ný lög og það frv. liggur nú hér fyrir. — Höfuðbreytingin sem sem sagt sú að bæta hið innlenda kjötmat og fá heimild til að löggilda kjötskoðunarmennina og skipa einn kjötmatsformann úr þeirra hópi. Með lögunum frá 1933 er aðeins gert ráð fyrir þremur kjötmatsmönnum, en reynslan er sú, að það hefur orðið að skipa fjóra, og fjölgun þeirra er þannig aðeins viðurkenning á núverandi þörf, en auk þess ætlazt til, að skipaður verði einn kjötmatsformaður til þess að vinna að samræmingu matsins um land allt og að laun hans verði þá ofurlítið hærri.

Þetta er þá aðalefni frv., og vona ég, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, og legg til, að því verði að loknum umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, 110, n. 112).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., þá hefur n. haldið nokkra fundi, þar sem frv. hefur verið rætt, og hefur n. fengið yfirdýralækni, Sigurð Hlíðar, til þess að mæta þar. Stjórn Dýralæknafélags Íslands hefur enn fremur verið sent frv. til umsagnar og hefur hún sent till. sínar. Út úr öllu þessu hafa svo komið þær brtt., sem prentaðar eru á þskj. 110, og eru þessar helztar:

Við 2. gr. er brtt., fólgin í því að bæta við síðustu málsgr. orðunum: „að fengnum till. yfirdýralæknis.“ Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að ekki þarf að ræða það, þar sem gert er ráð fyrir því í lögum, að yfirdýralæknir hafi yfirumsjón með slátur- og frystihúsum landsins.

Í brtt. við 3. gr. er gert ráð fyrir því, að hvert sláturhús fái sitt löggildingarnúmer, sem sett verði á þann stimpil, sem yfirdýralæknir setur á kjötið í viðkomandi sláturhúsi. Verður þá auðveldara að fylgjast með því, ef um misfellur á kjötskoðun eru að ræða, hvar það er, og koma þá við umbótum. Þetta er nýtt í lögum, og hefur verið sérstök óregla á þessum málum hingað til. Læknar og læknanemar hafa fengið stimpla frá stjórnarráðinu, og mér er sagt, að það muni ekki vera nema eitt dæmi þess, að þeim hafi verið skilað til stjórnarráðsins aftur, er viðkomandi menn voru hættir að nota þá. Ef farið verður eftir till., verða sérstakir stimplar í gildi fyrir hvert sláturhús og nákvæmt eftirlit með afhendingu þeirra. En þetta gerir það að verkum, að ef eitthvað er að, þá er betra að „konstatera“ það og fá það lagfært.

Við 5. gr. eru tvær brtt. Hin fyrri er sú, að yfirdýralæknir, eins og í 1. gr., geri till. um læknisskoðun og mælingu sláturfjárafurða, ef þörf krefur. Þetta er hans verksvið, og er eðlilegt, að hann geri það. — Síðari brtt. er sú, að síðari hluti gr. falli burt, þar sem þóknun fyrir læknisskoðun á kjöti er þegar ákveðin með sérstakri reglugerð, svo að frekari ákvæði eru óþörf.

Næsta breyt., sem lagt er til, að gerð sé, er við 7. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að þar, sem ekki náist í dýralækni, þar skuli læknir, sem fengið hefur sérstakt próf að afloknu námi hjá yfirdýralækni, annast stimplun kjötsins. — Hér er nokkur breyting frá sjálfu frv. Í 7. gr. er gert ráð fyrir því, að aðrir en dýralæknar geti stimplað kjötið — í fyrsta lagi héraðslæknirinn á staðnum, í öðru lagi læknanemar, sem hefðu tekið slíkt próf, og í þriðja lagi „greinargóðir menn“, eins og það er orðað — en síðari möguleikarnir báðir eru með brtt. felldir niður. — Nú skal þó viðurkennt, að á einstöku stað geti orðið

að fá aðra menn til þessa en fulllærða héraðslækna og verði því að notast við læknanema. út úr neyð. En að setja það í lögin, nær ekki nokkurri átt. Við ætlumst til þess, að kjötið sé markaðsvara, og því þarf að gera í þessu efni sambærilegar kröfur og þær, sem tíðkast í markaðslöndum okkar, en þar annast dýralæknar einir kjötskoðun. Það hefur tvisvar komið fyrir í okkar sögu, að við borð hefur legið að banna sölu á kjöti okkar vegna þess, að það hefur ekki verið skoðað af dýralæknum, og verið afstýrt með því einu að telja viðkomandi yfirvöldum trú um, að svo hafi verið, þar sem héraðslæknar, sem tekið höfðu próf í kjötskoðun, gerðu það. — Ég legg þess vegna höfuðáherzlu á það, að þessi grein verði samþ. Hins vegar getur komið fyrir, að ekki náist í dýralækni eða héraðslækni, en ég lít svo á, að alveg eins og það getur gengið að setja hreppstjóra í stað sýslumanns vestur í Dölum, á meðan hann gegnir störfum í Rvík, þá geti þarna komið maður í manns stað, án þess að það sé lögfest, og geri hann þá verkið á ábyrgð hins, enda eru það í mesta lagi þrír staðir á landinu, sem þannig koma til greina.

Þá er um brtt. við 9. gr., og er hún í því falin að lækka laun kjötskoðunarmannanna. Okkur fannst, að yfirleitt væri ekki um að ræða nema svona mánaðartíma að haustinu, og fannst okkur þá, að sú þóknun, sem hér er ákveðin, væri hæfileg, þar sem líka koma til dagpeningar til uppihalds.

Fyrir framan 11. gr. er lagt til, að bætt sé ákvæði, sem er efnislega að mestu samhljóða því, sem áður hefur verið í lögum, að ef kjöt er flutt á ákveðinn stað til sölu og hefur ekki áður verið skoðað, þá skuli það stimplað þar, sem það á að seljast. Þetta er þó ekki látið ná til þorpa og kaupstaða, sem hafa færri en 500 íbúa, en mjög er þó gengið enn lengra en áður hefur verið í lögum, því að þar er miðað við 1000 íbúa þorp.

Loks voru teknar tvær greinar úr eldri lögum, sem sleppt hefur verið úr frv., er það var samið, en ekki var rétt að fella niður að okkar dómi.

Ég vil geta þess, að einn nm., Guðm. Í. Guðmundsson, gat ekki verið við, er þetta var afgr. í n.; hann var veikur, er ég reyndi að ná í hann, og hef ég ekki getað talað við hann ýtarlega; en hann lét hins vegar í ljós, að sér þætti miklu skipta, að við vildum athuga möguleika á því að búa svo um hnútana, að neytendur gætu fylgzt með flokkuninni á kjötinu, séð hana, er þeir keyptu það.

Ég geri ráð fyrir því, að erfitt mundi reynast það, sem sums staðar tíðkast, að leyfa aðeins einstaka kjötbúðum að selja 1. fl. kjöt, og hinar seldu þá einungis það, sem lélegra væri. Þessa leið mundi ekki vera hægt að fara til tryggingar fyrir neytendur. Hins vegar mætti reyna að stimpla flokksnúmerið á skrokkana á einum 6 stöðum, svo að kaupandi gæti séð það, a. m. k. ef hann biður ekki um því minna af kjöti. Við höfum ekki tekið þetta inn í frv., en ætlazt er til, að um þetta verði settar reglur, og mætti taka ákvæði um þetta upp í reglugerð. Ég vil því benda hæstv. ráðh. á að athuga það, hvort ekki væri rétt að taka upp ákvæði um það, að kjötið sé stimplað með flokksstimpli á fleiri stöðum en nú er gert, og þætti mér vel hlýða, að nánari ákvæði væru sett um það í reglugerð, en e. t. v. ekki rétt að taka það beint inn í lögin. Öðrum aðferðum held ég, að erfitt yrði að koma við, en n. mun athuga þetta á milli 2. og 3. umr., og í bili vil ég láta nægja að benda hæstv. ráðh. á þetta.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég viðurkenni, að till. horfa víða til bóta, og yfirleitt get ég sætt mig við þær. Ég sé, að n. hefur farið mjög að ráðum Dýralæknafélagsins, og er ekki nema gott um það að segja. Ég held þó samt, að það mætti athuga viðvíkjandi 1. brtt., hvort ekki væri rétt, að fleiri menn en yfirdýralæknir kæmu þar til, t. d. yfirkjötmatsmaður.—Sama er að segja um b-liðinn í 7. brtt. Ég held líka, að rétt væri að athuga milli umræðna, í sambandi við almennar heilbrigðisreglur, að ætla læknum eða heilbrigðisyfirvöldunum athugun á þessu og athuga, hvort ekki sé í lögum skipun um heilbrigðiseftirlit með meðferð matvæla. — Um brtt. við 7. gr. skal ég taka fram, að ég er ekki á móti henni, en í frv., eins og segir í seinni hlutanum, er kjöt ekki ætlað til útflutnings, svo að skyndiskoðuninni, sem þar er gert ráð fyrir, er ekki ætlað að ná til útflutts kjöts. — Ég get yfirleitt fallizt á brtt., en vil ræða málið milli umræðna við kjötskoðunarmenn og þá, sem sömdu frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 110,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 110,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4 gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 110,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 110,4 (ný 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 110,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 110,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 110,7 (2 nýjar gr., verða 12.—13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—14. gr. (verða 14.—16. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 123, 124).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við 2. umr. hreyfði hæstv. landbrh. því, að rétt væri að láta kjötmatsformann gera till. um sláturhús og meðferð á kjöti ásamt yfirdýralækni. Nefndin hefur ekki komið saman til að ræða þetta mál, en einstakir nefndarmenn hafa samþ. þetta í viðræðum að hnýta kjötmatsformanni aftan við 2. gr. Enn fremur benti hæstv. ráðh. á, hvort ekki væri rétt að láta heilbrigðisyfirvöldin koma meira við þessi mál en ákveðið er í frv. Þetta var ekki athugað í n. í heild, en við athugun kom í ljós, að í minni bæjum er sums staðar engin heilbrigðisnefnd til, og þótti því ekki gerlegt að setja þetta í lög. Ég benti áður á, að engin lög væru til sem heimiluðu, að flokkunin fylgdi kjötinu alla leið á borð neytenda. Ég benti á, að erfitt væri að koma þessu fyrir í lögum, en þó mætti setja í reglugerð ákvæði, sem tryggðu þetta a. m. k. að einhverju leyti. T. d. mætti stimpla skrokkana á 6 stöðum, og má benda á það, að 3. fl. kjöt, sem ætlað er til vinnslu, er stimplað með rúllustimpli, frá hálsi og aftur úr á báðum hliðum skrokksins, svo að það sé ekki selt sem 1. eða 2. fl. kjöt. Ég talaði um þetta við ráðh., og hann lofaði að athuga, hvort setja skyldi ákvæði í reglugerð, sem tryggt gætu, að 3. fl. kjöt væri aldrei selt sem 1. eða 2. fl. kjöt og einnig að minnsta kosti stærri heildin af 1. og 2. fl. kjöti lentu ekki saman. Ég held, að undirtektir ráðh. séu vottur þess, að hér sé vilji til umbóta fyrir hendi. Ég vona því, að þessi brtt. verði samþ. Hún er að ósk ráðh. og a. m. k. meinlaus.

ATKVGR.
Brtt. 124 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 144).
Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 175, 176).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Þetta mál hefur verið athugað af landbn. Hefur hún átt tal við yfirkjötmatsmenn til að afla sér frekari upplýsinga. Árangurinn af þessu varð sá, að n. hefur borið fram nokkrar brtt., en þær eru þannig vaxnar, að aðeins ein þeirra er efnisbreyt., en hinar eru mest leiðréttingar á prentvillum. Það er 2. brtt., sem felur í sér efnisbreyt. og er á þá leið, að síðasti málsliður 3. gr. orðist svo: Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi. — Eftir þeim upplýsingum, sem n. aflaði sér, þá er í sérstöku samkomulagi við Englendinga svo ákveðið, að það sé ákveðinn stimpill, sem það kjöt er merkt með, sem út er flutt, og það er ekki talið ráðlegt að breyta þeim stimpli.

4. brtt. er á þá leið, að n. gerir ráð fyrir, að fyrst fari fram mat á kjötinu og ef yfirmats er þörf, þá fari það fram, en skv. frv. mætti hugsa sér, að yfirkjötmatsmanni væri ætlað að meta allt kjöt, en það var aldrei tilgangurinn. Þetta er aðeins skýrara orðalag til að taka ljósar fram þá hugsun, sem í frv. er.

Að endingu skal ég geta þess, að fyrir stuttu vakti hv. þm. V-Húnv. athygli á einu atriði í frv., sem ef til vill þyrfti athugunar við, en af því að fyrirvarinn var svo stuttur, þá hef ég ekki haft tíma til að bera það undir n., en það skal verða gert fyrir 3. umr.

Ég þarf svo ekki fleira að taka fram, en legg til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 176,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 176,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 33. og 34. fundi í Nd., 13. og 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 191).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. landbn., hvort ekki sé að vænta brtt. frá n. við þetta frv. Ég hafði rætt við frsm. n. um atriði, sem ég taldi, að þyrfti að breyta, og skildist mér á honum, að von væri á brtt. frá n. við þau atriði.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að hann ræddi við mig um breytingar, sem hann taldi þurfa að gera á frv., og fékk ég þá málið tekið út af dagskrá, svo að n. gæti athugað það betur og sömuleiðis til að bera hugsanlegar breytingar undir yfirdýralækni og aðra þá, er stóðu að undirbúningi frv. Niðurstaðan varð sú, að læknarnir voru á móti breytingunni, sem talið var, að gæti komið til mála, og mér skildist, að sú breyting mundi ekk ná samþykki hv. Ed. N. hefur því ekki séð ástæðu til þess að bera fram brtt. í þá átt, en væntir þess, að bændum verði ekki gert harðkeyptara fyrir en áður um þetta atriði þrátt fyrir strangari ákvæði l., og hefur n. þar fyrir sér orð yfirdýralæknis. Annars, ef frekari upp-

lýsinga er óskað, þá vísa ég um hin faglegu atriði til yfirdýralæknis, sem hér er viðstaddur.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Viðvíkjandi þeim atriðum, sem hv. þm. V-Húnv. og hv. frsm. landbn. komu inn á og varða aðallega 5. gr., þ. e. læknisskoðunina og hvernig henni skuli framfylgt, þá munu ákvæðin um það hafa vakið nokkurn ugg hjá hv. þm. V-Húnv., enda skal ég játa, að í 5. gr. er gengið mjög langt miðað við það, sem áður hefur verið. T. d. er ákvæðið um það, að allur sláturfénaður skuli læknisskoðaður 12 tímum fyrir slátrun algert nýmæli í íslenzkri löggjöf, en slík ákvæði eru í lögum nágrannaþjóða okkar, bæði Dana, Svía, Norðmanna og Englendinga. Englendingar hafa þó tjáð mér, að nokkur vanhöld verði á þessu í framkvæmd, en það er alls staðar heimtað, ef hægt er. Í Danmörku er þessu stranglega framfylgt.

Svo er það hitt atriðið, um að innyflin skuli skoðuð, og finnst mér það tvímælalaust rétt. Þegar t. d. stórgripum er slátrað heima og kjötið sent t. d. hingað til Reykjavíkur, þá finnst mér, af fenginni reynslu, mjög ábótavant að fá ekki innyflin með til skoðunar. Ég býst við, að í þessu atriði yrði farið vægt í sakirnar, því að ekki er hægt að heimta, að allt gumsið sé sent með, en sjálfsagt er að fá nauðsynlegustu líffæri, svo sem lifur og lungu, enda geta bændur komið því í verð eins og kjötinu. Ég tel þetta ákvæði nauðsynlegt í okkar löggjöf, a. m. k. ef við ætlum að flytja út kjöt. Og við gerum einnig sjálfir kröfur um heilbrigði og hreinlæti. Ég veit ekki, hversu háværar raddir eru um það á stöðum úti um land, en hér í Reykjavík eru uppi sterkar og háværar raddir um það, að fullkomin heilbrigðisskoðun sé á öllu kjöti, sem selt er á opinberum markaði, og ég tel, að hér sé löggjafinn á alveg réttri leið. Hins vegar má ekki beita ákvæðunum um þetta allt of stranglega, enda ekki alltaf hægt. T. d. á stöðum, þar sem tugum þúsunda sauðfjár er slátrað á hverju hausti og rekstrarnir koma með stuttu millibili svo að segja allan sólarhringinn, þá getur læknirinn ekki alltaf hlaupið frá kjötskoðuninni til að skoða nákvæmlega hvern rekstur, og hver einstaklingur hjarðarinnar verður ekki nákvæmlega skoðaður nema um stórgripi sé að ræða. En við verðum að hafa þessi ákvæði í okkar löggjöf og reyna svo að liðka til og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er, t. d. varðandi heimaslátrunina.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði, eftir að hafa rætt við hv. frsm. landbn., frekar búizt við brtt. frá hv. n. Þar sem svo verður ekki, þá mælist ég til þess við hæstv. forseta, að hann taki nú málið út af dagskrá, svo að mér gefist kostur á að flytja brtt. Það mun ég gera eins fljótt og mér er unnt, svo að afgreiðsla málsins þurfi af þeim sökum ekki að tefjast.

Forseti (BG): Samkvæmt ósk hv. þm. V-Húnv. er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 191, 307).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 307 flyt ég ásamt hv. þm. V-Sk. brtt. við þetta frv. Till. okkar er um það, að aftan við frv. bætist bráðabirgðaákvæði og þar sé ákveðið, að fyrst um sinn skuli heimilt að selja afurðir af sláturfénaði öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

Í 2. gr. er svo fyrir mælt, að öllum fénaði, sem slátra á í því augnamiði að selja afurðirnar, skuli slátra í löggiltum sláturhúsum. Þetta tel ég, að ekki sé hægt að framkvæma nú, að því er snertir slátrun stórgripa, t. d. nautgripa, nema með svo mikilli fyrirhöfn í mörgum tilfellum, að þar af leiði mikinn aukakostnað, og þetta hlyti að verða til þess að hækka verulega verð afurðanna, ef slíkt ætti að koma til framkvæmda. Þetta mundi að vísu verða kleift, ef til vill með viðráðanlegum kostnaði, með því að fjölga mjög sláturhúsum víða um landið, en það er hlutur, sem ekki er hægt að gera í skjótri svipan, að koma upp mörgum sláturhúsum til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og þess vegna leggjum við til í okkar brtt., að fyrst um sinn skuli heimilt að selja afurðir af fénaði, öðrum en sauðfé, þó að honum hafi verið slátrað utan löggiltra sláturhúsa.

Ég geri ráð fyrir því, að aðaltilgangurinn með flutningi þessa frv. hafi verið sá að koma á betra og öruggara eftirliti með kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, þ. e. a. s. lækniseftirliti og læknisskoðun á þessari vöru, og sömuleiðis að setja fullkomnari ákvæði um mat á þessari vöru heldur en áður hefur verið. En ég vil vekja athygli á því, að þessu er á engan hátt raskað, þó að till. okkar verði samþ., vegna þess að við gerum ráð fyrir í okkar till., að allar sláturfjárafurðir skuli skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, sem samkvæmt l. eru löggiltir til þess að framkvæma slíka skoðun, og enn fremur að afurðirnar skuli metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar sé dæmd óaðfinnanleg af þeim mönnum. Þetta mundi því alls ekki verða til þess að draga neitt úr þeim kröfum, sem hér eru gerðar í frv. um vandaða meðferð á þessari vöru, og það er, eins og ég áður tók fram, aðaltilgangurinn með frv. að koma kjötmati og heilbrigðiseftirliti með kjöti og öðrum sláturfjárafurðum í betra og fullkomnara horf en verið hefur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en með tilvísun til þess, sem ég sagði um þá örðugleika, sem eru á því, eins og nú er ástatt, að fara eftir þessum ákvæðum frv., þá vænti ég þess, að brtt. okkar um bráðabirgðaákvæðið verði vel tekið af hv. d.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Það er ekki margt um þetta bráðabirgðaákvæði að segja, en það ber með sér, hvert stefnt er, þ. e. að draga úr gildi 2. gr. frv., m. ö. o., að rýmka til um þær kröfur, sem þarna eru settar; að atvmrn. verði gefin heimild til þess að veita undanþágu um stundarsakir. En þegar svona undanþágur

eru veittar, þá er alltaf hætt við því, að gengið sé lengra en ætlazt er til. Hér er miðað við stórgripi, en eftir reynslunni, sérstaklega hvað snertir Reykjavík, þá er mér kunnugt um, að þar er heimaslátrun ákaflega tíð, þar sem stórgripum er slátrað án þess að það komi nokkurn tíma í sláturhús, og fjöldi af gripum berst til bæjarins, sem aldrei kemur í sláturhús áður en það kemur hingað á sölustað. Svo er hitt atriðið, sem ég er dálítið hræddur við, það er kjötmatið. Hingað til hefur aðeins verið kjötmat á sauðfé, en stórgripamat hefur ekki átt sér stað. Ég held, að það geti ekki sakað, þó að þetta standi í l., en ég vildi bara benda á það, að það má gera of mikið, jafnvel í kjötmati. Ég gat þess í gær, að það mundi verða tekið líðlega á þessu máli, maður er neyddur til að gera það í sambandi við slátrun stórgripa, því að það er ekki hægt að koma því fyrir enn þá, meðan ekki eru byggð sláturhús, að meina mönnum að slátra heima eða slátra á ófullkominn hátt, þó að reynt sé að stefna að því, að það sé sem fullkomnast. Ég held ekki, að þetta bráðabirgðaákvæði sé svo ákaflega nauðsynlegt, þar sem í frv. er gert ráð fyrir möguleika á tilslökun. Ég vil geta þess um þessa dýralæknisskoðun, að dýralæknar eiga að skoða að svo miklu leyti sem þeir komast yfir. Undanþága frá því var gefin af fullri nauðsyn. Sú undanþáguheimild var veitt í l. frá 1912, að héraðslæknar gætu að loknu námskeiði hjá dýralækni fengið heimild eða viðurkenningu til kjötskoðunar, þ. e. a. s. til sauðfjárkjötskoðunar. Nú hafa verið haldin stutt námskeið og flestir þeir, sem hafa þessa viðurkenningu, eru lærisveinar mínir. Þessi námskeið hafa verið þannig, að menn hafa komið á síðustu stundu og heimtað að fá að læra þetta, og ég hef kennt þeim nokkra klukkutíma, og svo eiga þeir að vera fullkomnir kjötskoðunarmenn. En þessi kennsla er svo stutt, að hún er aðeins til að bjarga hlutunum og aðeins miðað við að skoða sauðfjárkjöt. En ég vil benda hv. d. á það, að það er nokkuð annað að skoða svínakjöt og nautgripakjöt en sauðfjárkjöt. Þess vegna er það dálítið varasamt að fara nú með l. að segja: Þetta kjöt á að skoða af hvaða manni sem vill, þó að hann hafi aldrei komið nálægt nautgripaskoðun. En ég ætla ekki að bregða fæti fyrir þessa till., en vil bara benda hv. d. á, að þetta bráðabirgðaákvæði er ekki bráðnauðsynlegt, þó að það sé ekki mjög varhugavert.

Skúli Guðmundsson: Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. Ak., sem er dýralæknir, skuli, eins og hann sagði, ekki vilja bregða fæti fyrir þessa till. okkar hv. þm. V-Sk., þó að hann virðist í vafa um, að nauðsynlegt sé að setja slíkt ákvæði aftan við frv. — Út af því, sem hann sagði um læknaskoðun á kjöti, vil ég benda á það, sem ég raunar gerði í fyrri ræðu minni, að með okkar brtt. er ekki á nokkurn hátt dregið úr ákvæðum frv. um læknisskoðun, því að samkvæmt síðari málsgr. 7. gr., er einmitt gert ráð fyrir því, að náist ekki til dýralæknis, þá geti ráðh. skipað að fengnum till. yfirdýralæknis lækni til að framkvæma þessa skoðun, og einmitt með tilliti til þessa ákvæðis í 7. gr. þá höfum við skoðað þetta þannig í bráðabirgðaákvæðinu, að afurðir séu skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast. Þetta rýrir því á engan hátt læknisskoðunina. Það er viðurkennt af hv. þm. Ak., að það sé ekki hægt að koma því við, þegar um stórgripi er að ræða, að flytja þá lifandi langar leiðir til löggiltra sláturhúsa, og hann gaf í skyn, að þetta mundi ekki verða gert, jafnvel þó að það kostaði að víkja frá ákvæðum l. En ég vil benda á það, að ég tel það betur við eiga að setja eitthvert slíkt ákvæði inn í l. eins og bráðabirgðaákvæðið heldur en að lögfesta ákvæði, sem menn sjá mikil vandkvæði á að framkvæma. En það er rétt, að það er æskilegt að koma þessu í sem fullkomnast horf, og má þá að sjálfsögðu, þegar hægt er, framkvæma þetta á annan veg og hverfa frá þessu bráðabirgðaákvæði síðar.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég lít svo á, að þetta bráðabirgðaákvæði sé rétt til þess að forða árekstrum og til þess að taka af mönnum mikla erfiðleika meðan verið er að koma þessum málum í fullkomið horf, en það má búast við, að það taki langan tíma. Ég lít svo á, að þar sem segir í bráðabirgðaákvæðinu, að þetta sé heimilt þar til öðru vísi verður ákveðið, þar sé átt við þar til öðru vísi verður ákveðið af ráðh., sem með þessi mál fer. Ég lít þannig á, að undir vissum kringumstæðum sé betra fyrir ráðh. að hafa þessa heimild í l. til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum, þar sem mjög er örðugt að þræða bókstaf l. En hins vegar tel ég rétt, að hver, sem með þessi mál færi, reyndi að fóta sig á því að gefa þessi leyfi ekki örar út heldur en mögulegt er að komast af með til þess að forðast stórvandræði meðal þeirra, sem þurfa að losna við sláturkjöt á þennan hátt, og ætti þar af leiðandi ekki að vera neinn voði fyrir framkvæmd l. í heild, þó að þessi háttur hé hafður á l.

ATKVGR.

Brtt. 307 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 54. fundi í Ed., 4. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 309).

Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nefndin hefur nú ekki haldið fund um málið síðan það kom til hennar aftur, enda er það nýkomið, og get ég þess vegna ekki sagt álit n. um málið nú. En breytingar eru ekki miklar, og skal ég aðeins drepa á þær. Það er fyrst og fremst breyt. á 2. gr. frv. og er gerð með tilliti til þess, að frystihús eru ekki alltaf í sambandi við sláturhús, og ég geri ráð fyrir, að það megi telja þá breytingu heldur til bóta. — Við 3. gr. er gerð nánast orðabreyt., er skiptir ekki máli. — Breyt. við 4. gr. er ekki nein breyt. í raun og veru, heldur hafa línur brenglazt í

prentuninni á frv., og er hún lagfæring á því. — Breyt. við 9. gr. er sömuleiðis orðabreyting. Það, sem ekki er orðabreyting og skiptir kannske máli, er bráðabirgðaákvæði, sem sett var inn í frv. við síðustu umr. í Nd., sem er um það, að þó að með þessum l. sé annars gert ráð fyrir, að öllum gripum sé slátrað í sláturhúsum, þá megi þó veita undanþágu, að stórgripum megi slátra utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi. Þarna er sá varnagli sleginn, að dýralæknir skuli skoða kjötið á sölustaðnum og kjötmatsmaður meta það. Ef það væri vissa fyrir því, að þessu tvennu væri fylgt, þá gæti ákvæðið nokkurn veginn gengið. En það vantar enn þá ákaflega mikið á, að svo sé, sérstaklega á stærri stöðunum eins og hér í Reykjavík, þar sem enn er ekki til nokkur staður, þar sem dýralæknir á aðgang að kjöti til þess að skoða það og stimpla. Einn kemur með þetta kjöt og annar með hitt og selur það aðeins í þeirri búð, sem hann getur selt það með beztum kjörum, og það alveg án þess, að dýralæknir hafi nokkra hugmynd um. Þess vegna er þetta ákvæði nokkuð varhugavert, en þó legg ég ekki það mikið upp úr því að ég vildi fella það, og hugsa ég, að það sama megi segja um hina nm. Ég legg þess vegna til, — aðeins frá mér, en ekki frá n., að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir þrátt fyrir þetta ákvæði, sem ég tel mjög til spillis á frv.

Forseti (ÞÞ): Ef enginn landbnm. óskar eftir, að málinu verði frestað og það athugað, verð ég að láta ganga til atkvgr. um málið nú þegar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég er að vísu ekki nm. í landbn., en ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort það væri ekki sama, þó að það kæmi frá utannefndarmanni ósk um, að n. athugaði þetta ákvæði, sem frsm. hefur lýst sem stórri skemmd á frv. Ég vildi mælast til þess, að n. athugaði þetta í heild og hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði.

Björn Kristjánsson: Ég er ekki sammála hv. frsm. n., sem talaði hér áðan og sagði, að þetta bráðabirgðaákvæði væri til mikilla skemmda á frv. Ég verð að játa með kinnroða, að ég athugaði þetta ekki nógu vel, þegar frv. var á ferðinni hér í Ed., einmitt þetta atriði, sem bráðabirgðaákvæðið fjallar um, og ég verð að segja, að ég tel það til stórmikilla bóta. Það er nú þannig víða um landið, meðal annars þar sem ég er kunnugastur, að ef ætti að fara eftir frv., eins og það var, þá yrðu eigendur stórgripa, sem þá vilja selja, kosta mjög miklu til, ef ætti að skylda þá til þess að fara með þá gripi til sláturhúsa, það yrði þá oft að fara með þá langar leiðir og það kannske langt úr leið á sölustaðinn. Þannig stendur á í mínu héraði. Menn selja þar töluvert af stórgripum, bæði til Akureyrar og Raufarhafnar um síldveiðitímann t. d. Oft kemur fyrir t. d. á Raufarhöfn, þegar líður á síldveiðitímann og veður eru farin að versna, að mikill fjöldi skipa liggur þar inni, stundum allt að því 100 skip. Það gefur að skilja, að allur sá fjöldi manna, sem á þessum skipum er, þurfi á miklu kjöti að halda. En ef ætti að skylda alla þá, sem selja kjöt til Raufarhafnar, að fara með gripina til sláturhúss, mundi það hafa mjög mikinn kostnað í för með sér, og sé ég þá ekki betur en að þetta ákvæði geti þar bætt mikið úr. Ég gæti bezt trúað, að þetta ákvæði, ef það verður að l., verði til þess að auka sölu á kjöti á Raufarhöfn, sem er mjög nauðsynlegt fyrir síldveiðiflotann. Ég vil eindregið mæla með því, að frv. verði samþ., og ég sé ekki ástæðu til þess að vísa málinu til n. aftur, þetta er ekki svo flókið mál.

Forseti (ÞÞ): Úr því að komið hefur fram í hv. d. ósk um það, að n. athugi málið, og fundur hefur ekki verið haldinn í n. um málið, þá mun ekki verða lokið við umr. um málið nú á þessum fundi.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 9. febr., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hef nú heldur lítið að segja um þetta mál. Þegar það var hér til umr. í fyrradag, hafði n. ekki haldið fund um það, og afleiðingin var svo, að umr. var frestað. Nú hefur n. haldið fund, en einn nefndarmanna (EE) var að vísu ekki viðstaddur. Ég og hv. 8. landsk. (ÁS) teljum bráðabirgðaákvæðið verra og miklu verra en frv. eins og það var áður, en viljum þó ekki fella það af þeirri ástæðu og leggjum til, að það verði samþ., en ekki sent á milli deilda.

Þm. Dal. og 7. landsk. þm. (GÍG), sem einnig eru í n., sáu heldur ekki ástæðu til að senda það milli deilda og töldu, að bráðabirgðaákvæðið gæti stundum orðið til þæginda.

Varðandi ummæli hjá hv. þm. N-Þ. um þetta ákvæði, að leyfa mönnum að slátra heima öðrum fénaði en sauðfé, þá tel ég þetta miklu verra, þess eru mörg dæmi og skal ég rétt nefna eitt það síðasta. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan ég var kallaður niður í Brunabótafélag. Það hafði drepizt kýr hjá manni einum austur í sveitum og hann vildi fá hana bætta af tryggingunum. Kjötið hafði hann sent til Reykjavíkur, og það hafði verið reynt að selja það í 5 búðum, en ekki tekizt, og hann síðan hent því. Dýralæknir hafði vitanlega aldrei séð það, enda mundi hann hafa bannað sölu á því, þar sem hvort tveggja var, kýrin sjálfdauð og kjötið horkjöt. Þetta er svo sem ekkert nýtt fyrirbrigði. Það er ómögulegt að sjá það á skrokknum, hvort kýr hefur drepizt eða verið drepin, fyrir venjulegt fólk, nema þar sem skoðun er til staðar þar sem slátrað er, þá fyrst er hægt að skera úr því, hvort kjötið er ætt eða ekki, enda innyfli þá líka skoðuð. Þetta hefur að vísu verið venja, en þetta er alrangt og þarf að breytast. Ég sem sagt get fallizt á að láta þetta standa til bráðabirgða, en það verður að gera þær kröfur til þeirra manna, sem selja vöruna, að kaupendur fái tryggingu fyrir góðri vöru, en

það er ekki hægt meðan kjötskoðunin er eins og hún er nú og verður ekki hægt, þar sem bráðabirgðaákvæði laganna er látið koma til framkvæmda.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er rétt, að ég var fjarverandi, þegar n. fjallaði um frv. Ég vildi því aðeins kveðja mér hljóðs til þess að láta í ljós, að ég hef ekki skap í mér til annars en að ljá jákvæði mitt þessu bráðabirgðaákvæði, enda ekki ætlazt til þess, að það verði nema fyrst um sinn. Ef það verður notað til frambúðar, þá má búast við því, að óvandir menn noti sér það á allan hátt. Ég get því fallizt á ummæli hv. 1. þm. N-M., þó að þær aðstæður geti verið fyrir hendi, að ósanngjarnt geti verið að neita mönnum um þennan rétt, og er það sú ástæða sem veldur því, að ég er nú með bráðabirgðaákvæðinu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

13. Útflutningur og innflutningur á íslenzkum og erlendum gjaldeyri (stjfrv.).

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri [36. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Á síðasta vori voru samþ. l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, sem áttu að vera til þess að tryggja það betur en áður var gert, að allur gjaldeyrir, sem inn í landið kæmi, kæmi til skila og að ekki væri smyglað gjaldeyri út úr landinu og farið á bak við gjaldeyrisl. Við setningu þessara l. var nokkuð rætt við tollstjóra og lögreglustjóra um nokkur framkvæmdaratriði þeirra l. Og niðurstaðan varð sú, að ákveðið var, að öllum peningum erlendum, sem inn í landið kæmu, skyldi skilað jafnóðum og þeir, sem með þá kæmu, kæmu inn í landið. Báðir þessir aðilar, sem ég gat um, að talað hefði verið við um þetta efni, voru í vafa um, að þetta væri framkvæmanlegt, en vildu þó gera tilraun í því efni. Eftir að farið var svo að framkvæma þessi l., kom í ljós, að þeirra dómur í þessu reyndist réttur, því að sums staðar er þetta erfitt og annars staðar óframkvæmanlegt. Og þess vegna voru þá sett brbl. um breyt. á þessu. Þessi brbl. voru sett í júní, en skömmu eftir að upphaflegu l., sem sett voru um þessi mál í vor, komu til framkvæmda, og hafa þau brbl. verið í gildi síðan. — Þetta frv., sem hér er flutt, er einungis til staðfestingar á nefndum brbl., og ég vænti, að það verði samþ. — Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 148).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er upphaflega gefið út sem brbl. til þess að gera kleift að framfylgja þeim reglum, sem settar voru um erlendan gjaldeyri ferðamanna. Þessar reglur voru settar eftir ósk tollstjóra og bankanna. Leggur n. til í einu hljóði, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 27. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 39, n. 209).

Frsm. (Hermann Jónasson): Það þarf ekki langa framsöguræðu um þetta mál. Hér er um staðfesting á brbl. að ræða, og n. var sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv., nema sérstakt tilefni gefist til, frekar en orðið er.

Gísli Jónsson: Síðast þegar þetta mál var til umr., var gerð fyrirspurn til flm. og n. um það, hvort væri ekki betra að afgr. annað frv. hér um leið, sem er breyt. á þessum sömu l. Við l. umr. málsins viðurkenndi hæstv. viðskmrh., að

eðlilegra væri, að stjfrv. og hitt frv. yrðu tekin fyrir sameiginlega til afgreiðslu, og skildist mér, að það væri hans ósk. Og var málinu frestað vegna þess, að flm. að því frv. var ekki viðstaddur og þess vegna ekki hægt að afgr. málið, og vildi ég spyrja hv. frsm., hvort ekki hefði komið til athugunar að afgr. þessi mál saman, af því að þau eru um breyt. á sömu l.

Frsm. (Hermann Jónasson): Jú, það kom til tals, en svo varð ekki af því, enda ekki beint nauðsynlegt að gera það. Ég man nú ekki svo, hvernig umr. féllu um þetta í n. En þegar þetta mál var tekið fyrir, var flm. hins frv. erlendis, en mál þetta var þó látið ganga sína venjulegu afgreiðsluleið. En síðan hefur þetta mál verið tekið á dagskrá, án þess að hitt málið væri við það tengt, en það er auðvitað á valdi þessarar hv. d., hvort tengja skuli þessi mál saman eða ekki.

Forseti (ÞÞ): Áður en ég tók þetta mál á dagskrá, spurði ég hv. flm. hins frv. um það, hvort þeir óskuðu þess, að þetta mál biði eftir þeirra frv., og skildist mér, að þeir hefðu ekki um það sérstakar óskir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Af því að ég er einn af flm. þess frv., sem að nokkru leyti er samhljóða því frv., sem hér er til umr., vil ég geta þess, að hæstv. forseti talaði við mig áður en hann tók frv. á dagskrá, og kvað ég mig ekki mótfallinn því, að þetta mál gengi til 3. umr., en umr. í n. um frv. það, sem ég er flm. að, hafa tafizt, þar sem ég var í burtu, en mér finnst dálítið óviðkunnanlegt, ef málin verða ekki að einhverju leyti rædd saman, því að í þeim báðum kemur fram sama atriðið. Ég hygg, að frv. okkar muni koma til umr. næstu daga, og óska því, að þetta mál bíði þar til það kemur.

Forseti (ÞÞ): Ég get tekið til greina að láta þetta frv. ekki fara út úr deildinni fyrr en hitt frv. hefur verið athugað í n., en ég sé ekki neitt á móti því að láta það frv., sem hér er til umr., ganga nú til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli á því, að þegar þetta mál var til 2. umr., virtist það vera álit d., að rétt væri að láta þetta frv. bíða þar til annað frv., sem liggur í fjhn., er komið til afgreiðslu, og gætu þau frv. orðið samferða. Ég vildi gera það að till. minni, að málið yrði nú tekið af dagskrá.

Forseti (ÞÞ): Ég get orðið við ósk hv. þm. að taka málið af dagskrá. En þar sem sérstaklega hefur orðið langur dráttur á afgreiðslu málsins í n., sem þessi hv. þm. á sæti í, þá geri ég ráð fyrir því, að það verði ekki dregið lengur en til næsta fimmtudags að afgr. málið hér í d. Þar sem hv. þm. er form. þeirrar n., þá mætti ætla, að hann reyndi að fá afgreiðslu þessa frv. sem allra fyrst.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

---

14. Skyldueintök til bókasafna.

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um afhending skyldueintaka til bókasafna [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er fylgifiskur hins (frv. um Landsbókasafn). Um leið og verkefni safnanna voru tekin til athugunar, var afhending skyldueintaka einnig athuguð, og þetta frv. gerir ráð fyrir nýrri skipan í þessum efnum. Aðalatriðið er, að landsbókasafnið verði viðtökumiðstöð fyrir skyldueintökin. Þá er gert ráð fyrir því, að safnið afli sér erlendra bóka með bókaskiptum. Frv. felur ekki í sér auknar kvaðir frá því, sem áður var, þó að í einu atriði sé gert ráð fyrir einu eintaki fleira. Það er fyrst og fremst um það að ræða að koma betri skipan á þessi mál.
Ég leyfi mér að vísa til grg. og legg til, að málinu verði vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 156).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgihnöttur málsins, sem nú var verið að afgreiða, sem var frv. til l. um landsbókasafn. Það er samið af sömu nefnd og undirbjó frv. um landsbókasafn, og menntmn. hefur fjallað samtímis og á sama hátt um bæði þessi mál. Leggur menntmn. því eindregið til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 375).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það er ekki þörf á langri framsöguræðu fyrir þessu nál. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en ekki afgreitt. Hér er um að ræða stjfrv. Menntmn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og sést í nál. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., var ekki á fundum og hefur því óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. — Ég vil geta þess, að nafn hv. 2. þm. Árn. hefur af vangá fallið burt af nál., en hann mætti á fundinum og var samþ. því, að frv. yrði samþ. óbreytt. — Frv. það, sem hér um ræðir, er breyt. á mjög gömlum og úreltum l., sem fyllilega var þörf á að breyta. Þar sem frv. fylgja mjög skýrar aths., sem hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér, sé ég ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 394).

---

15. Lóðarsala í Reykjavík.

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Frá eldri tíma lá fyrir loforð um það, að frú Rasmus væri seldur lóðarskiki sá, sem hér um ræðir. Þar sem ráðuneytinu skildist, að ekki mætti selja hann nema með samþykki Alþ., hefur það látið gera þetta frv., og vil ég mæla með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 154).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta er ekki stórt mál, sem hér er um að ræða, frv. um sölu tiltekinnar lóðar í bænum, sem virðist standa þannig á um, eftir því sem n. hefur kynnt sér málið, að ekkert sé þessu til fyrirstöðu. Þessi lóð mun hafa verið gerð að byggingarlóð 1926 og þá gerð að eign ríkissjóðs. En eins og fram er komið í aths. við frv. hæstv. ríkisstjórnar, var búið að lofa þeim, sem hafði farið fram á að fá þessa lóð, að honum yrði seld þessi lóð, með bréfi dómsmrn., dags. 20. sept. 1944. — N. leit svo á, að þegar þetta skriflega loforð lá fyrir frá ráðh., þá eftir atvikum vildi hún ekki setja sig á móti því, að þetta frv. næði fram að ganga, og er samþykk því eftir atvikum, eins og segir í nál.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, vegna þess að ég tel ákaflega vafasamt, að það geti verið heimild fyrir því, að einstakir ráðherrar geti ráðstafað fasteignum ríkisins án lagaheimildar, og það því fremur sem hér var um utanþingsstjórn að ræða. Hins vegar hefur núverandi hæstv. dómsmrh. borið fram þetta frv. til staðfestingar á því, sem fyrrverandi ráðh. hefur gert, og vil ég því ekki eftir atvikum leggjast á móti þessu frv., þó að ég telji, að heimildir til slíks, að selja fasteignir ríkissjóðs án þess að leita til þess lagaheimildar, séu að öllu leyti mjög vafasamar.

Sigfús Sigurhjartarson. Herra forseti. Ég vildi í sambandi við þetta mál vekja athygli á þeirri staðreynd, að bæjaryfirvöldin hér í Reykjavík hafa á sínum tíma vaknað upp við þann vonda draum, að meginparturinn af því landi, sem bærinn var þá byggður á, var eign einstaklinga. Og ég segi vondan draum, því að þetta fannst bæjar-

yfirvöldunum vondur draumur. Þeim var ljóst, að þetta stóð í vegi fyrir öllum eðlilegum skipulagsframkvæmdum í bænum, og bæjaryfirvöldin drógu af þessu rétta ályktun, þá ályktun, að þau hættu með öllu að selja lóðir. Og nú er svo komið að heita má, að Reykjavíkurbær eigi meginhlutann af lóðum og lendum í sínu lögsagnarumdæmi utan Hringbrautar. Og bæjarstjórn Reykjavíkur skal það sagt til lofs, að hún hefur haldið fast við þá stefnu, að svo miklu leyti sem ég þekki til, að selja ekkert af þessum lóðum og lendum.

Hér í þessu frv. skýtur hins vegar nokkuð skökku við í þessu efni. Ríkið á þarna nokkurn lóðarskika, og er ekkert við því að segja. Hvort ríkið á þessa lóð eða Reykjavíkurbær, gerir ekki svo mikinn mismun frá mínu sjónarmiði, því að aðalatriðið er, að lóðin er í opinberri eign. En hér skýtur nokkuð skökku við frá stefnu bæjarstjórnar Reykjavíkur, þar sem nú er lagt til af einni þingnefnd, að ríkið taki upp aðra stefnu að þessu leyti en bæjarstjórn Reykjavíkur hefur fylgt, n. hefur tekið upp þá stefnu að selja þennan lóðarskika. Það er athyglisvert, að þeir hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, hafa báðir sagt, að „eftir atvikum" vilji þeir fylgja þessu. Og atvikin eru þau, að dómsmrh. hæstv. á sínum tíma hefur gefið loforð um þessa sölu. — Ég vil nú segja, að einmitt þetta atvik ætti að verða til þess, að hæstv. Alþ. gæfi hér „statúerað exemplar" og léti sjást, að það vildi ekki leyfa, að einstakir ráðherrar gæfu slík fyrirheit um sölu á fasteignum ríkisins, því að til þess hafa þeir ekkert vald og enga heimild. Ég vildi því skora á hv. alþm. að fella nú þetta frv., af þeirri ástæðu í fyrsta lagi, að það fylgir þeirri stefnu, að opinberir aðilar afsali lóðum í hendur einstaklinga, sem ég tel óheillastefnu, og í öðru lagi af þeirri ástæðu, að rétt er, að því verði lýst yfir af hæstv. Alþ., að einstakir ráðh. geti ekki gefið slík loforð sem hér hefur verið gefið og þau loforð séu markleysa og verði ekki staðið við þau.

Jón Pálmason: Úr því að farið er að ræða þetta mál hér og jafnvel farið fram á að fella þetta litla frv., þykir mér ástæða til að gefa í þessu máli dálitlar upplýsingar, sem sýna, hvernig farið hefur verið með sum mál af hálfu þess opinbera. Mér er skýrt svo frá, að 1925 eða 1926 hafi þáverandi ríkisstj. keypt þarna stóra lóðarspildu af Reykjavíkurbæ fyrir atbeina Margrétar Rasmus, fyrrverandi forstöðukonu málleysingjaskólans, á 25 eða 26 þús. kr., síðan sé búið að selja um 30 lóðir úr þessari upphaflegu spildu, án þess að leitað hafi verið heimildar Alþ. til sölunnar. En þessi kona, sem á langan starfsferil að baki, var búin að fá loforð fyrir þessu lóðarhorni, og þá fyrst kemur til kasta Alþ. að samþykkja söluna. Ég tel sjálfsagt, að þegar þannig stendur á, verði þetta frv. samþ. og það fljótt. Það væri undarlegt og kaldhæðni örlaganna, ef sá aðilinn, sem hér á hlut að máli og gekkst fyrir því, að ríkið fengi alla þessa lóðarspildu, yrði nú svikinn um það, sem fyrrverandi ráðherra lofaði henni, að fá keypta þessa lóð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins, hvernig í málinu liggur, að skrifstofustjórinn í menntmrn. vakti athygli mína á því, að í ráðuneytinu lægi loforð um þessa sölu frá fyrrverandi ráðh., og óskaði frú Margrét Rasmus eftir lagaheimild til staðfestingar þessu loforði. Ég spurði hana nú ekki, hvort fleiri lóðir hefðu verið seldar úr þessari lóðarspildu, en það mun verða athugað. En það kemur ekki þessu máli við, það er út af fyrir sig, og þótti rétt að afla þingheimildar í því. Nú hefur hv. þm. A-Húnv. upplýst, að seldar hafi verið 30 lóðir úr þessari spildu, um það var mér sem sagt ekki kunnugt, enda hefði það engu breytt um þetta mál hér. Frú Margrét Rasmus á mjög langan og mjög þýðingarmikinn starfsferil að baki. Hún starfaði fyrir ríkið, og starf hennar var illa launað. Nú hefur hún loforð fyrrverandi ráðh. fyrir þessari lóð, og ég vil eindregið mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Hitt er rétt að taka skýrt fram, að samþykkt þessa frv. á engan veginn að tákna það, að með henni sé verið að gefa ráðherrum yfirleitt undir fótinn með því að lofa hinu og þessu í sinni ráðherratíð, áður en samþykki Alþ. kemur til, ef samþykki þess á annað borð þarf að koma til. Það er princip-atriði, sem ekki má blanda inn í þetta sérstaka mál.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 395).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta mál. Málavextir eru þeir, að með bréfi dómsmrh. 20. sept. 1944 var frú Margréti Rasmus, fyrrverandi forstöðukonu málleysingjaskólans, gefið loforð um, að henni yrði seld lóð á horni Þverholts og Stakkholts, 525,5 fermetrar að stærð, en hún hafði haft afnot af

þessari lóð undanfarið. Svo var tekið fram í bréfinu, að lóðina skyldi selja eftir mati, og var hún síðan metin á kr. 15500,00. Ástæðan til þess, að þetta mál er komið hér inn í d., er sú, að hlutaðeigandi ráðh. taldi sig ekki hafa heimild til að selja lóðina eða standa við loforð fyrirrennara síns án lagaheimildar, þó að það hafi að vísu viðgengizt með aðrar lóðir. —

Eins og málinu er háttað, sá n. ekki annað að gera en að mæla með, að frv. verði samþ. á sama hátt og hv. allshn. Nd. hefur gert. Ég vil því leyfa mér fyrir hönd þeirra nm., sem voru á fundi, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 410).

---

16. Gjaldaviðauki 1949 (skipagjöld).

Á 51. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka [119. mál] (stjfrv., A. 300).

Á 52. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Um þetta frv. er það að segja, að aths. við það bera með sér, hvað þar er um að ræða. Ákvæðin, sem þar er verið að lögleiða, hafa áður gilt, og þótti nauðsynlegt að viðhalda þeim. Ég hef ekkert frekar um málið að segja, en óska, að það gangi sína venjulegu boðleið gegnum hv. d., eins og áður hefur verið með sams konar frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 382).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um hækkun á greiðslum til ríkissjóðs, sem eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er ríkisstj. heimilað að innheimta eignarskatt með 50% viðauka. Og það hefur nú um mörg undanfarin ár verið þannig að farið, að þessi viðauki hefur verið heimilaður frá ári til árs og innheimtur, og taldi n. ekkert athugavert við það og sjálfsagt að samþ. það ákvæði. — Þá er hinn hlutinn, sem er hækkun skipagjaldanna, og var n. í dálitlum vafa um, hvort svona mikla hækkun þyrfti að hafa á þessu eins og hér er gert ráð fyrir, sem er 200% viðaukagjald, svo að form. n. leitaði fyrir sér um það, hvernig þessum málum væri farið nú. Og síðustu upplýsingar, sem n. fékk um þetta, voru þannig, að það voru milli 40 og 50 þús. kr., ef ég man rétt, sem tekjurnar voru af þessu skipaskoðunargjaldi, en á annað hundrað þús. kr. gjöldin, svo þó að þessi viðauki verði á lagður, er tæplega, að hrökkvi fyrir útgjöldunum sá skattur, sem þannig kemur til ríkissjóðs. Er því ekki vafi á, að það ber að samþ. þessa hækkun. Reyndar má geta þess, að ekki er upplýst enn, nema vel geti verið, að einhver hluti eigi eftir að koma inn af þessum gjöldum á árinu 1948. — Ef hæstv. fjmrh. hefði verið hér viðstaddur, hefði ég viljað beina því til hans, að mér virtist það vera sammála álit n., að rétt væri, að skoðunarmenn innheimtuðu þessi gjöld á sama tíma og skoðun fer fram og þeir afhentu ekki vottorð sín um skoðunina fyrr en gjöldin væru greidd, að sínu leyti eins og bifreiðaeigendur fá ekki sín skoðunarvottorð fyrr en þeir hafa greitt áfallin gjöld af bifreiðinni.

Sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 408).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hér um ræðir, hækkun á gjöldum um eftirlit með skipum. Þessi hækkun, 200% viðauki, hefur gilt á síðasta ári, og sér meiri hl. n. ekki ástæðu til að breyta þessu frá því, sem verið hefur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hagar þannig til með þetta mál, að fyrir alllöngu síðan var hjá okkur í fjhn. till. frá ríkisstj. um að hækka þann hluta þessara gjalda, sem snýr að eftirliti með skipum, skoðunargjöld og annað slíkt.

Í fyrra, þegar „bandormurinn" var settur í gegn í báðum d. á síðustu dögum þingsins, var þetta annað ákvæðið í honum, að innheimta þessi skipagjöld með verðlagsuppbót. Ég var á móti þessu þá. Ég tel það óviðkunnanlegt af okkur að vera að hækka stórkostlega gjöld, sem skipin eiga að greiða, á sama tíma sem því er borið við, að meginið af þeim álögum, sem lagt er á þjóðina, sé vegna sjávarútvegsins. Mér finnst þetta vera að taka úr einum vasanum til að láta í hinn og aðeins til að gera ómak við innrukkun þessara gjalda. Hins vegar játa ég það, að þessi gjöld eru ekki mjög tilfinnanleg út af fyrir sig, en ég skil þetta svo, að ríkisstj. finnist hún ekki mega láta neitt vera eftir, sem ekki hækki, og þannig sé þetta í samræmi við aðrar dýrtíðaraðgerðir stj., að innheimta þessi gjöld hjá skipunum, sem síðan eiga að taka á móti þessum peningum. Ég kunni þess vegna ekki við að vera með þessari hækkun og legg til, að frv. verði fellt.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég kannast við það, að fjhn. hefur fyrir nokkrum árum lagzt á móti því, að ýmis skipagjöld væru hækkuð. Það voru þau skipagjöld, sem um ræðir í VII. kafla l. frá 1921. Hérna er um að ræða skipagjöld samkv. IX. kafla l. frá 1927, og þar er ekki um að ræða önnur sameiginleg gjöld en mælingar vegna hleðslumerkja. Öll önnur gjöld í VII. kafla l. frá 1921 eru enn þá undanþegin hækkun, lögskráning o. fl., o. fl., sem viðvíkur útgerð skipanna. Ég tel fjhn. að mestu leyti, þó að hún sé ekki skyldug til þess, hafa haldið við sinn gamla málstað. Ríkisstj. hefur virt þá viðleitni n., þó að þessi eina tegund gjalda hafi verið hækkuð, vegna þess að um hana eru alveg sérstök l.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

---

17. Kyrrsetning og lögbann.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um kyrrsetningu og lögbann [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er tími til þess kominn, að til séu hér á landi lög um kyrrsetningu og lögbann. Þær reglur, sem um það gilda, eru frá 17. öld, ásamt síðari viðbótum frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar. Þessi lög eru ekki miðuð við íslenzka staðhætti og geta ekki átt til hlítar við þá. Þar að auki eru þau óljós og ekki miðuð við nútímastaðhætti, þar sem þau eru svo gömul. Ég réðst því í að fá Einar Arnórsson dr. juris til að semja frv. um þessi efni, og liggur hér fyrir ávöxturinn af því starfi. Það er, eins og ég sagði, samið af dr. juris Einari Arnórssyni og hefur svo verið athugað af mér og öðrum, og loks af borgarfógetanum í Reykjavík, sem hefur mesta reynslu í framkvæmd þessara mála. Með þessu frv. eru bæði settar reglur, fært í nútímahorf og skorið úr um ýmis vafaatriði, sem áður hafa um þetta verið. Í því er ef til vill sitt hvað, sem deila má um og betur mætti fara, því að svo er með flest mannanna verk. En ég efast ekki um, að það sé mjög mikil bót frá því, sem verið hefur. Ég vona, að ég geti í næstu viku lagt fram frv. um nauðungaruppboð, og ef það nær fram að ganga ásamt þessu og frv. um meðferð opinberra mála, þá hygg ég, að muni vera komnar verulegar bætur á okkar réttarfar frá því, sem verið hefur. Hér er um tæknilegt frv. að ræða í raun og veru, sem hv. þm., að þeim ólöstuðum, munu ekki vera fróðir um né dómbærir á. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um einstök atriði frv. Það er flókið lögfræðilegt efni og naumast á færi annarra en lögfræðinga, sem staðið hafa í framkvæmd þessara mála eða kynnt sér þau fræðilega, að segja, hver hátturinn sé beztur um þessi efni. Ég vil því leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., og ég álít rétt, að hún afli umsagnar sérfróðra manna um málið, til þess að það verði gaumgæfilega athugað. Ég skal játa, að þó að ég hafi í allmörg ár kennt þessi fræði við háskólann, er engan veginn svo, að ég vilji taka að mér að gera grein fyrir, hvernig öllu verður í þessu efni haganlegast fyrir komið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 158, 159).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið fyrir allshn., og hefur hún athugað það. Við höfum gert nokkrar brtt. við frv. Frv. var sent lagadeild háskólans og Lög-

mannafélagi Íslands til umsagnar. Lagadeild háskólans hefur þegar svarað, en svar frá Lögmannafélaginu hefur enn ekki borizt. Hins vegar vildum við nm. ekki draga það lengur, að þetta mál kæmi til 2. umr. En ef ábendingar koma síðar frá Lögmannafélaginu, áður en 3. umr. er lokið, og þær ábendingar virðast vera til bóta, þá er hægt að bera þær breytingar upp við 3. umr.

Það er ekki mikið um þetta frv. að segja, framar en hæstv. dómsmrh. hefur sagt við 1. umr. N. hefur orðið sammála um að telja það mjög þarft og nauðsynlegt. Reglur þær, sem hér er um að ræða, hafa áður verið mjög dreifðar í löggjöf okkar og ekki heldur allar beint lögfestar, en hér eru þær dregnar saman, að því er virðist skýrt og skipulega, og tel ég mikinn feng í því að fá þetta lögfest á þennan hátt.

Brtt. þær, sem n. flytur hér á þskj. 159, eru ekki veigamiklar, og skal ég stuttlega gera grein fyrir þeim. Annars vil ég geta þess, að hv. meðnm. mínir, hv. þm. Seyðf. og hv. 7. landsk., sem er fógeti í einu stærsta lögsagnarumdæmi, eru miklu kunnugri en ég því atriði sérstaklega, er snertir kyrrsetningu og lögbann.

Brtt. við 6. gr. er um það, að í stað orðanna „nægilega veðtryggð" í 1. málsgr. komi: nægilega tryggð. Og töldum við það nægilegt að hafa það svo. — Um 8. gr. frv. er það að segja, að n. þótti það fullhart að hafa það ákvæði til kyrrsetningar á manni, að afturkoma hans, ef hann fer til útlanda, megi telja óvissa. Við vildum heldur breyta því þannig, að líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu. Það verður mildara. — Brtt. við 11. gr. er aðeins um það, að í stað „veðtryggingu" í 1. málsgr. komi: tryggingu. — Einnig er örlítil breyting gerð á 13. gr., að orðin „til viðurkenningar á því, að krafan sé réttmæt, og" í 3. málsgr. falli niður. — Þá er það sérstaklega 18. gr., sem við vildum breyta þannig, að það ákvæði nái einnig til flugvéla. — Í 24. gr. viljum við sleppa 2. málsgr., en aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir l. þessum fer samkv. 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. — Brtt. við 28. gr. er um það, að 4. málsgr. hennar orðist þannig: Um bætur fyrir miska- og lánstraustspjöll sakir lögbanna fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Margar af þeim breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru eftir ábendingu frá lagadeild háskólans, og töldum við þær frekar til bóta. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum og afgreiðslu þess verði hraðað eins og hægt er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir vinsamlega meðferð á þessu frv. og get lýst mig fylgjandi flestum þeim brtt., sem fram eru komnar við frv. Og ég vil ekki á þessu stigi málsins lýsa mig andvígan neinni þeirra. En áður en ég greiði atkv. um síðustu brtt., þá vildi ég þó fá á þeim nokkrar skýringar, það er að segja brtt. að fella niður 2. málsgr. 24. gr. Mér skilst að vísu, að afleiðing þess, að ákvæðið sé fellt niður, mundi verða sú, að almennar skaðabótareglur kæmu til greina, sem er það sama, sem sagt er í sjálfu ákvæðinu. En nauðsynlegt er þó að fá vitneskju um, hvort það er það, sem fyrir n. hefur vakað. Ég er ekki viss um, að sé alveg greinilegt, að almennar skaðabótareglur komi þar til greina, að það nái til þess, sem hér er um að ræða, nema það sé sérstaklega tekið fram. Það er í það minnsta nauðsynlegt, að sé ljóst af umr., hver ætlun n. er í þessum efnum. Og þá vildi ég einnig varpa fram þeirri spurningu um síðustu brtt., að 4. málsgr. 28. gr. verði eins og n. leggur til, hvort það sé alveg öruggt, að sú breyt. fái staðizt, og hvort n. hafi hugleitt það nógu rækilega, að fyrirmælin um miskabætur, sem sett eru varðandi kyrrsetningu, eigi til hlítar við varðandi lögbann. Ég hygg, að svo mundi í raun og veru í fæstum tilfellum verða. Það er greinilegt, að bann við athöfn manns hefur alls ekki sama álitshnekki né óþægindi í för með sér eins og t. d. kyrrsetning mannsins eða kyrrsetning á fjármunum hans. Þó að manni sé óheimilað að gera einhverja nýja framkvæmd, þá er það honum yfirleitt miklu síður tilfinnanlegt en ef annaðhvort fjármunir hans eða hann sjálfur eru kyrrsettir. Ég er því ekki fyrir fram, án þess að heyra rökin fyrir því, sannfærður um það, að það eigi til hlítar við að láta þessar reglur gilda jafnt í báðum þessum tilfellum. En segja má að vísu, að þar sem í 24. gr. er talið, að bætur komi því aðeins til, eftir því sem líklegt mætti telja, að maður hefði beðið þetta tjón, þá skaði ekki að setja fyrirmælið. En þá er líka á það að líta, að í 27. gr. segir, að 24. gr. á yfirleitt við um lögbann. Það er einungis vakin athygli á því í 4. málsgr. 28. gr., að bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll komi yfirleitt ekki til greina varðandi lögbann, vegna þess að atvikin séu ekki slík, að þau fyrirmæli yfirleitt geti átt við. En ef atvikin eru slík, þá hygg ég, að eins og frv. er nú, þá sé það ótvírætt, að menn eigi miska- og lánstraustsbætur, ef ákvæðið yrði samþ. Og þá er engin ástæða til að berjast hatrammlega á móti till., heldur annaðhvort að samþ. þær eða fella, en áður en menn taka afstöðu til þeirra, finnst mér æskilegt, að frekari skýringar komi frá n., hvað fyrir henni vakir, hvort hún ætlast til, að raunverulegar breyt. eigi sér stað, eða hvort hún vill aðeins breyta einhverju smávegis, sem henni finnst betur fara.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil aðeins taka fram, að ef hæstv. dómsmrh. þykir varhugaverðar þessar tvær síðustu brtt., geri ég ráð fyrir, að n. hafi ekkert á móti því að taka þessar brtt. aftur til 3. umr., ef þess er óskað, og ræða þá nánar við hæstv. ráðh. um þetta, ef honum finnst ástæða til þess, en mér finnst þetta hvort tveggja heldur til bóta en hitt, gagnstætt því, sem hæstv. ráðh. finnst. — Allshn. er skipuð 4 lögfræðingum, en nú sé ég ekki viðstaddan hér neinn af hinum þremur til þess að ræða við, og teldi ég því heppilegra, að þessar 2 brtt., sem deilt er um, væru látnar bíða, þar til ég get ráðfært mig við meðnm. mína. Vel má vera, að við 3. umr. komi fram nýjar brtt., og væri þá heppilegra að ganga rækilega frá þeim brtt., sem þegar er ekkert deilumál um, og ljúka

þeim nú, en láta hinar bíða, þar sem við getum haldið fund aftur og athugað þetta mál. Væri því heppilegast, að n. tæki aftur til 3. umr. 6. og 7. lið brtt. á þskj. 159.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 159,6—7 teknar aftur til 3. umr.
19.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
26.—31. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 172, 159,6—7).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Því er þannig farið með þetta mál, að það hefur legið nokkuð lengi fyrir þessari hv. d., og er í raun og veru nauðsynlegt að koma því til hv. Nd. Þegar málið var hér til 2. umr., hreyfði hæstv. dómsmrh. athugasemdum varðandi 6. og 7. lið á þskj. 159 og taldi, að í rauninni væri réttara, að frv. væri óbreytt hvað þá snerti. En aftur á móti álítum við nm. að athuguðu máli og leggjum til, að breytingar verði gerðar samkvæmt þessum liðum á frv. og þeim verði nú skotið undir atkvæðagreiðslu. Það er í raun og veru mjög lítill ágreiningur, sem um er að ræða, en þó töldum við þetta til bóta.

Hvað a-lið 6. brtt. á þskj. 159 viðvíkur, þá töldum við, að ef beðið væri um kyrrsetningu, jafnvel þótt sýslumaður eða fógeti synjaði þeirri beiðni, þá gæti sú beiðni orðið viðkomandi manni til miska, t. d. valdið lánstraustsspjöllum, þótt sýslumaður eða fógeti neitaði að framkvæma slíka beiðni. Því töldum við réttara að leggja til að þessi liður yrði samþykktur. — Varðandi b-liðinn held ég, að ekki séu skiptar skoðanir að ráði. Ef maður á að fá miskabætur fyrir lánstraustsspjöll, og ef hann fellur frá, áður en þær bætur eru greiddar, þá er eðlilegt, að um þær bætur fari eins og aðrar skaðabætur eða réttarkröfur, sem dánarbúið á rétt á.

Þá kem ég að 7. brtt. á þskj. 159, sem fjallar um það, að um bætur fyrir miska og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fari eins og um slíkar bætur vegna kyrrsetningar. Við töldum, að varðandi lögbann gæti í raun og veru verið svipað ástatt og um kyrrsetningu, miski og lánstraustsspjöll væru lík í báðum tilfellum eða lítill munur þar á.

Ef ekki er talið líða á löngu, að hæstv. dómsmrh. komi aftur, ef hann er þá kominn af stað til útlanda, þá væri kannske rétt að bíða með afgreiðslu þessa máls, svo að honum gefist kostur á að eiga þar hlut að máli. En mér virtist hann ekki gera þessi atriði að neinu kappsmáli hér við 2. umr., og verður þá að skeika að sköpuðu um það, hvernig hv. d. afgreiðir málið. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. dómsmrh. hafi verið meira áfram um, að frv. þetta næði fram að ganga, en að þessi smáatriði yrðu til að tefja nokkuð fyrir því, og vildi ég því leggja til, að það yrði nú afgreitt, ef enginn hv. dm. hefur neitt á móti því. Ég læt því kylfu ráða kasti með þetta, ég veit ekki, hvort hæstv. dómsmrh. er farinn, en hann hefur a. m. k. ekki talað neitt við nefndina um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 159,6.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 159,6.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 159,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 281).

Á 53. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 385).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. vildi ég taka það fram, að nefndin hefur athugað það og fallizt á að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því, að áður var gildistaka laganna miðuð við 1. janúar, en n. leggur til, að miðað verði við 1. júní 1949. Annað þarf ég svo ekki að taka fram af hálfu n. varðandi þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—25. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
26.—31. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 385,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 385,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 397).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að í framhaldi af gildistöku l. sjálfra er í 33. gr. frv., fyrri málsgr., miðað við 1. júní 1949. Nú hefur í seinni málsgr. láðst að breyta þessu, þannig að þar er miðað við 1. jan. 1949, eins og þetta var upphaflega í frv. Mér virðist sem þetta leiðréttist hvað af öðru og vildi spyrjast fyrir um það, hvort ekki mætti leiðrétta þetta, án þess að fram komi um það sérstök brtt.

Forseti (BG): Það er öruggara að flytja um þetta atriði formlega brtt. og réttara að halda sér stranglega við þingsköpin. — — — Borizt hefur skrifleg brtt. frá 7. þm. Reykv., þess efnis, að í 33. gr. frv. komi 1. júní í stað 1. jan. Hér þarf afbrigða við, þar sem brtt. er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 400) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 400 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 401).

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Eftir að mál þetta kom til Nd., barst n. þar álit frá Lögmannafélagi Íslands, sem sent hafði verið frv. til umsagnar, en ekki svarað fyrr en málið var komið til Nd. Nú hefur hv. form. allshn. sagt, að hann hafi ekki athugað þetta álit, en mér finnst sjálfsagt, að hv. nm. fái tækifæri til að athuga það, og vildi því óska þess, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk hv. þm. Seyðf., sem á sæti í allshn., verður mál þetta tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. Nd. hefur gert smávægilega breyt. á þessu frv., og hefur allshn., eftir að hafa athugað breyt., ekki séð ástæðu til að gera neinar athugasemdir og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það er. Mér þykir rétt að taka þetta fram, þar sem málið liggur hér fyrir til einnar umr.

Forseti (ÞÞ): Ég vil aðeins geta þess, að umræddar breytingar eru aðeins varðandi dagsetningar í frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil aðeins gera fyrirspurn til allshn., hvort henni hafi borizt álit Lögmannafélagsins.

Forseti (ÞÞ): Formaður Lögmannafélagsins, sem sæti á í allshn., hefur lýst umsögn félagsins og tekið fram, að það hafi engar athugasemdir gert varðandi málið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

---

18. Hvalveiðar.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um hvalveiðar* [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. er veikur, og bað hann mig um að mæla nokkur orð fyrir þessu frv., svo að það kæmist nú fyrir hv. d. Ég tel, a. m. k. á þessu stigi málsins, að ekki þurfi að hafa um þetta langar umr., en þykir þó rétt, að málið gangi áfram til nefndar.

Eins og hv. d. er kunnugt, gerðist Ísland á síðastliðnu ári aðili að hinum alþjóðlega hvalveiðasamningi, en eftir að Ísland hafði gerzt þar aðili, þótti nauðsynlegt að fá nýja löggjöf í samræmi við þann alþjóðasamning, sem Ísland varð þátttakandi í. Frv. þetta er byggt á þessari nýju aðild Íslands í alþjóðasamningnum. Þar að auki var það svo, að löggjöf sú, sem áður var í gildi um hvalveiðar, frá 1928 og jafnvel 1896, var orðin nokkuð úrelt, og þótti nauðsynlegt að setja nýja löggjöf um þetta málefni, ekki hvað sízt vegna þess, að hafnar hafa nú verið á ný hvalveiðar hér við land með þátttöku íslenzks fyrirtækis, og hefur það þegar borið verulegan árangur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. sjálft, er enda ekki málinu mjög kunnugur, en óska, að málið fari að lokinni þessari umr. til sjútvn., en tel víst, ef sú n. óskaði eftir frekari skýringum, að hæstv. sjútvmrh. mundi fúslega gefa þær skýringar og þá einnig við 2. umr. málsins, þegar frv. kæmi úr nefnd. Ég læt því nægja að þessu sinni að óska, að málið fari að lokinni þessari umr. til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 77).

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur haft frv. til athugunar og m. a. rætt við mann þann í

utanrrn., sem hefur samið það. Eins og fram kemur í grg. frv. og að er vikið í nál., gerðust Íslendingar árið 1946 aðili að alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem gengnir eru í gildi. Samningar þessir ganga út á það að gera ráðstafanir til að vernda hvalastofninn, því að viðkoma hvalanna er orðin lítil. Er fullkomin ástæða til þessara aðgerða, og þó einkum þegar á það er litið, að uppi er með fiskiþjóðum tilhneiging í þá átt að efla aðstöðu alla til hvalveiða. Þessi atvinnuvegur er arðvænlegur, og þörf hefur verið að afla feitmetisvara. En þetta mál allt er þannig vaxið, að full ástæða er til að koma hér á ýmsum takmörkunum. Meginefni frv. er að samræma löggjöf okkar ákvæðum alþjóðahvalveiðisamninganna. Frv. er byggt svo upp, að aðalatriðunum er komið fyrir í 4. gr. og gert ráð fyrir, að ýmis ákvæði verði reglugerðarákvæði. Það er nefnilega gert ráð fyrir því, að slíkir samningar geti tekið breytingum, og hægara er að breyta reglugerð en þurfa oft að láta fara fram breytingar á l.

Sjútvn. hefur borið fram nokkrar brtt. við frv. Eru þær heldur smávægilegar, en horfa þó til lagfæringar. — 1. brtt. er gerð við 1. gr. frv. Er hún gerð til samræmingar, en hér er um enga efnisbreytingu að ræða. Gert er ráð fyrir, að menn geti hlotið löggildingu atvmrh. til veiðanna. Í annan stað eru svo frekari ákvæði um leyfishafa, þá er einir fái að hefja þessa starfsemi. Þetta er aðeins breyting á orðalagi. — Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að einungis megi nota þau skip til þessara hvalveiða, sem atvmrn. samþykki, að nota megi, og ef um sé að ræða notkun á erlendum skipum, sé leyfið aðeins veitt til eins árs í senn. En á síðasta Alþ. var samþ. að taka erlend skip á leigu til þriggja ára. Því er 2. brtt. n. borin fram um, að eigi skuli „þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt." — 3. brtt. er við 6. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að atvmrn. setji reglur skv. l., og er gert ráð fyrir opinberum eftirlitsmönnum, er taki laun úr ríkissjóði, en jafnframt „megi" ákveða leyfisgjald. N. leit svo á, að eftirlitskostnaðinn bæri viðkomandi aðila að bera uppi. Því hljóðar till. n. svo, að í stað „má" skuli koma „skal". Þetta er í samræmi við margs konar eftirlit ríkisins í öðrum greinum hér á landi, þar sem gert er ráð fyrir kostnaði aðila, er það varðar. — Í 7. gr. frv. eru ákvæði um ábyrgð eiganda hvalveiðiskips. Nú er þannig ástatt, að leigja verður skip til veiðanna í útlöndum. Eigandi þeirra er því búsettur erlendis. N. telur því eðlilegra, að útgerðarmaður skips beri ábyrgðina. Leggur hún því til, að breyt. verði gerð í samræmi við þetta: „Útgerðarmaður" komi í stað „Eigandi". — Hér í frv. er eigi ákveðið neitt um sektarupphæð. Þótti n. rétt að taka upp ákvæði um þetta efni. Það er í samræmi við íslenzka löggjöf. Leggur því n. til, að lágmarksupphæð sektar verði ákveðin kr. 10.000, en geti orðið allt að kr. 100.000. Ég hef kynnt mér löggjöf Norðmanna um þessi mál, en þar er sektarupphæðin ákveðin allt að 1 millj. króna. En þar er nú allt í stærra broti, og leit n. því svo á, að þessi upphæð, er hún gerir till. um, muni vera nokkuð við hæfi. — Enn fremur eru í 10. gr. ákvæði um löghald, er leggja megi á skip til lúkningar sektum og kostnaði. N. þykir réttara, að í staðinn komi ný málsgrein, svo hljóðandi: „Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði." Mundi þetta ná hugsuninni betur, ef samþ. verður. En frekar mun verða um bráðabirgðaástand að ræða varðandi löghald, er lagt yrði á skip. Hins vegar ætti að vera réttara, að lögveð hvíldi á skipinu.

Fleira leggur n. ekki til, að breytt verði. En hún leggur til, að frv. verði samþ. með breyt. þessum.

ATKVGR.
Brtt. 77,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 77,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 77,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 77,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 77,5.a—b samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 101, 102).

Frsm. (Pétur Ottesen): Það hafði láðst, þegar sjútvn. flutti brtt. við þetta frv. við 2. umr. að leiðrétta í 6. gr. frv. orðalagið í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á 5. gr., og miðar 1. brtt. á þskj. 102 að því að leiðrétta þetta. Þá er enn fremur lagt til með 2. brtt. á sama þskj., að aftan við 10. gr. komi ný gr.: „Mál út af brotum gegn l. þessum skulu sæta meðferð opinberra mála". Það er venja að taka upp ákvæði um það í slík frv., þó að út af fyrir sig kunni að vera, að það sé ekki nauðsynlegt.

Nefndin leggur til, að einnig þessar brtt. verði samþ. við frv.

ATKVGR.
Brtt. 102,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 102,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 108).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, n. 475).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið alllengi hér fyrir þinginu. Það var eitt af fyrstu frv., sem lögð voru fyrir, en hefur verið vanrækt og ekki afgreitt fram að þessu, þó ekki vegna þess, að ágreiningur hafi orðið um það, en með því að hér er um nauðsynlegt mál að ræða, þá er þess nú vænzt, að ekki verði dregið að afgreiða það lengur.

N. hefur rætt um þetta og er sammála um það. Hún hefur m. a. rætt við atvinnudeild háskólans, fiskideildina, um þetta og fengið hjá henni þær upplýsingar, er hún hefur álitið nauðsynlegar, einnig hef ég sem form. n., átt tal um þetta mál við skrifstofustjóra atvmrn., og hefur orðið samkomulag um að mæla með því, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum.

N. fékk erindi frá h.f. Hval, þar sem bent er á það, að vafasamt sé, hvort stuðla beri að því, að fleiri leyfisveitingar séu gefnar út. Þess utan hefur n. fengið svar frá Fiskifélaginu, en í erindi h.f. Hvals var mjög sneitt að því.

Eftir að hafa sett sig inn í þessi mál, þá leggur n. til, að frv. verði samþykkt, og vill jafnframt benda á, að nauðsynlegt er að gæta hófs um leyfisveitingar vegna hvalstofnsins og hættu á, að hann verði fyrir tjóni, með því að reisa of margar hvalvinnslustöðvar. Um það, hvort stöðvar á Íslandi gætu eytt stofninum eða orðið til verulegs tjóns fyrir hann, þá er rétt að benda á, að það eru fleiri þjóðir en Íslendingar, sem þessar veiðar stunda hér í Norður-Atlantshafi, svo sem Norðmenn, Færeyingar og Kanadamenn o. fl., svo að það er ekki á valdi Íslendinga einna, heldur verður þetta að byggjast á samkomulagi milli allra þeirra þjóða, sem hér eiga hlut að máli. Árni Friðriksson taldi þörf á, að þetta væri samþ., og taldi, að fiskideildin ætti að leita samvinnu við aðra aðila, svo að tryggt væri, að ekki yrði sótt um of í stofninn. Eins og frv. er nú, þá er það mikið á valdi ráðherra, hvað mikið er gengið á stofninn, því að hann getur skv. 4. gr. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum, takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs, takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar; takmarkað veiðiútbúnað o. s. frv., svo að segja má, að þó að leyfi sé veitt, þá er alltaf heimild til takmörkunar í 4. gr.

Þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru í fyrsta lagi, að aftan við 1. málsgr. 1. gr. bætist tveir málsl., er orðist svo. „Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans (fiskideildar). Ef báðar þessar stofnanir telja, að gengið sé of nærri hvalstofninum með nýjum veiðileyfum, skal umsókn synjað." Með þessu þykir það tryggt, að ekki séu veitt meiri veiðileyfi á hverjum tíma en svo, að ekki komi að sök, eftir mati ríkisstj. og þessara tveggja stofnana.

Þá leggur n. einnig til, að gerð verði breyting á orðalagi 2. gr. Þetta er sem sagt ekki efnisbreyting, heldur aðeins orðalagsbreyting. N. leggur til, að greinin orðist svo: „Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvmrh. Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt."

Eins og gr. er nú, er þetta orðað þannig: „Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvmrh. samþykkir, að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt". Það getur ekki staðizt, að atvmrn. þurfi að samþ. íslenzk veiðiskip, ef þau eru fyrir hendi.

Aðrar brtt. hefur n. ekki borið fram.

Ég vil taka fram, að í 6. gr. er talað um, að atvmrn. setji reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum og skuli þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði. Það er skoðun n., að ekki sé þörf að gera þetta eftirlit að neinu fjárfreku bákni, heldur sé hægt að fela það sem aukastarf ákveðnum mönnum. Eftirlitið er tvíþætt, annars vegar eftirlit með veiðunum, að ekki séu veiddir ólöglegir hvalir, og hins vegar eftirlit með hvalskurðinum, einkum mat á því kjöti, sem notað yrði til manneldis. Hefur atvmrn. tilkynnt n., að sá hluti starfsins mundi verða falinn dýralækni, eins og hingað til hefur verið. Mun það vera samkvæmt reglum í öðrum löndum.

Hv. 1. landsk. geymdi sér rétt til að gera einhverjar brtt. við 9. gr. í sambandi við launagreiðslur, en aðrir nm. töldu ekki ástæðu til þess. Gerir hann það þá, ef hann telur ástæðu til.

Hv. 6. landsk. gat ekki mætt við afgreiðslu málsins vegna veikinda og hefur því ekki tekið afstöðu til málsins.

Ég legg til fyrir hönd n., að málið verði samþ. með þeim breyt., sem fram eru bornar á þskj. 475, og vildi gjarnan óska þess, að hæstv. forseti sæi sér fært að flýta málinu úr þessu svo mikið sem hægt er, því að það er talið, að veiðar muni jafnvel hefjast um 25. þ. m., og verða 1. þá að hafa hlotið staðfestingu.

ATKVGR.
Brtt. 475,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 475,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 540).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 557).

---

19. Ríkisborgararéttur (stjfrv.).

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta skýrir sig að mestu leyti sjálft. Ég hef tekið flestar umsóknir til greina. Þó eru nokkrar eftir, sem álitamál er, hvort eigi að taka með, og getur þá hv. allshn., sem þetta mál mun fara til, athugað það betur.

Í frv. stendur, að ég hafi reynt að taka til greina umsóknir þeirra manna, sem áður hafa haft íslenzkan ríkisborgararétt, en hafa af einhverjum ástæðum misst hann. Í öðru lagi hef ég tekið til greina umsóknir þeirra manna, sem hafa dvalið hér svo lengi, að ástæða er til að ætla, að þeir vilji raunverulega tengjast böndum við Ísland, og ég sé ekkert sérstakt á móti því, að þeir fái þessi réttindi. Um suma þessara manna hefur verið ágreiningur undanfarin ár, en þar sem þeir hafa tekið hér upp störf og þar með sýnt, að þeir vilji verða íslenzkir ríkisborgarar, þá getur það talizt eðlilegt, að þeim verði veittur hann nú, enda þótt ekki þætti ástæða til þess að verða við öllum slíkum umsóknum strax eftir stríð, meðan hugsanlegt var, að menn freistuðust til þess að ná í íslenzkan ríkisborgararétt einungis til þess að útvega sér betri aðgang að einhverju öðru landi. Og í þeim tilfellum hér, þar sem má jafnvel búast við, að um slíkan tilgang sé að ræða, hef ég ekki treyst mér til að taka umsóknir til greina.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn., og skora ég á n. að hafa samvinnu við mig, ef hún vill bæta einhverju við frv. og gera breytingar á því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 289).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, hefur eytt allmiklum tíma til þess að setja sig inn í þau gögn, sem fyrir liggja, og hefur athugað allar umsóknir um ríkisborgararétt, sem borizt hafa, og jafnframt hefur frv. verið athugað sérstaklega með þeim till., sem í því felast. Í nál. á þskj. 289 er gerð grein fyrir afstöðu þess hluta n., sem tók þátt í afgreiðslu málsins. Einn nm. tók ekki nema að óverulega litlu leyti þátt í störfum n., og er ekki fyrir hendi vitneskja um það, að hve miklu eða litlu leyti hann er samþykkur till. n.

Ég þarf ekki að bæta miklu við þá greinargerð fyrir afstöðu n., sem í nál. felst. Aðalatriði málsins, sem ég vil vekja athygli á, er það, að nm. vilja viðhafa vissa varúð í veitingu ríkisborgararéttar. Ég held, að það sé framhald af stefnu, sem kom fram hér á Alþ. eftir síðustu styrjöld, en þá var meiri ásókn eftir ríkisborgararétti en áður. Kemur þetta fram í skjölum um þessi mál, sem hafa komið fyrir þessa d., að hvorki í n. né við afgreiðslu slíks máls hefur þótt nægja sem almenn regla, þótt uppfyllt væru skilyrðin um 10 ára búsetu. Ég hygg, að það hafi fyrst verið 1946, að afgreidd voru l. um ríkisborgararétt eftir lok síðustu styrjaldar. Allshn. vildi þá binda sig við það, að menn hefðu verið búsettir í landinu frá barnæsku eða væru af íslenzkum ættum. En aftur á móti hefur í framkvæmdinni verið gengið lengra í því að krefjast búsetu en ríkisborgaralögin gera ráð fyrir, en það eru 10 ár, ef menn eru af öðru þjóðerni. Nú hefur n. látið nægja, að uppfyllt væri búsetuskilyrðið skv. l., ef um er að ræða menn frá Norðurlöndum. Hins vegar eru svo aðrir umsækjendur, sem hafa verið búsettir hér lengur en 10 ár og uppfylla að öðru leyti skilyrðin fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sem meiri hl. allshn. hefur samt sem áður ekki flutt till. um, að teknir yrðu inn á frv. Hins vegar hefur svo verið gengið skemmra varðandi þetta ákvæði, ef um er að ræða umsækjendur af íslenzkum ættum, og er þannig ástatt um 3 umsóknirnar á þessu frv. Þetta fólk er fætt af íslenzku foreldri og hefur sumt af því dvalið hér einhvern tíma áður, en enginn 10 ár samfleytt. Hv. Ed. hefur litið eins á mál þetta, því að hún var búin að taka þessa menn alla upp í till. sína til 3. umr., þó að málið yrði svo ekki afgreitt á því þingi. Nm. hafa hins vegar allir verið sammála um að áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja viðbótartill., sem fram kunna að koma og kynnu að fela í sér frávik frá þessum reglum, þó að við höfum orðið sammála um að taka þá stefnu, sem hér er farin. Ég vil aðeins bæta því við, að n. leggur til að strika nöfn 4 kvenna út af frv. Þannig er ástatt með þessar konur, að þær hafa verið íslenzkir ríkisborgarar, en hafa misst réttinn við að giftast erlendum ríkisborgurum og flytja af landi burt. En þessar konur eru komnar til landsins aftur og dvelja hér nú, sumar með mönnum sínum, en aðrar ekki. Hins

vegar væri það svo, að þó að þeim væri veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, þá væri hann ekki haldbetri en svo, að þær mundu missa hann aftur, ef þær flyttu af landi burt, ef hjónabandi þeirra væri ekki slitið. Okkur fannst nokkuð laust í reipunum að veita ríkisborgararétt á þennan hátt, og þess vegna lögðum við til, að nöfn þeirra yrðu felld af frv. — Ég held svo, að ekki sé fleira, sem þarf að taka fram um þetta efni, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Því miður var ég ekki inni í d., þegar hv. frsm. hóf ræðu sína, en það er aðeins eitt, sem ég vildi segja í sambandi við þetta. Ég þykist vita, að mikið af umsóknum muni enn þá liggja hjá hv. allshn. frá mönnum, sem munu hafa sama rétt hvað snertir dvöl í landinu til þess að öðlast ríkisborgararétt eins og hér er um að ræða. Ég vildi þess vegna, af því að leiðinlegt er að fara að ræða um þessa einstaklinga hér við umr., eindregið mælast til þess, að n. vildi athuga frekar um þetta milli 2. og 3. umr. og jafnvel gefa okkur, sem viljum ræða þetta, kost á að fá að tala við hana um þessa menn. Ég mun ekki koma með brtt. hér, ef n. hefur ekki á móti því að athuga þessi tilfelli, sem ég þykist vita, að séu allmörg, milli 2. og 3. umr. Ég verð að segja það, að ég er á móti því, að fjórar af konum þeim, sem sótt hafa um ríkisborgararétt og fæddar eru á Íslandi, séu felldar niður af frv. Við höfum áður samþ. það hér í d. að veita konum, sem fæddar eru á Íslandi, en gift hafa erlendum mönnum og komið heim aftur, íslenzkan ríkisborgararétt. Það er alveg rétt, að það er óviðkunnanlegt, að þær missa ríkisborgararéttinn um leið og þær fara aftur úr landinu. En væri um karlmenn að ræða, mundu þeir fá þennan rétt, og í raun og veru mun þetta vera þannig, að l. um ríkisborgararéttinn gera engan greinarmun milli kynjanna. Ég álít, að við Íslendingar getum veitt konum, sem fæddar eru hér á landi, meiri rétt en á sér stað í öðrum löndum. Við getum það án þess að breyta l. um ríkisborgararétt. Við höfum áður veitt þeim þennan rétt, og ég álít, að við ættum að gera það nú. Ég hef svo ekkert frekar að segja um þetta nú, en vildi beina þessum tilmælum til n., hvort hún ekki vildi taka til frekari athugunar nokkuð af þeim umsóknum, sem hjá henni liggja.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að hér er um viðkvæm mál og mjög persónuleg að ræða, og varðandi tilmæli hans um að athuga umsóknirnar nánar í n. á milli 2. og 3. umr. eftir sérstökum tilmælum og í samvinnu með þeim hv. þm., sem óska að ræða þær, þá tel ég sjálfsagt, að n. verði við þeim tilmælum. Ég benti á það, að við, sem stöndum að nál., áskiljum okkur rétt til þess að flytja vatill. Að mínu áliti er erfitt að segja um það í þessu máli, hvað geti talizt fullkomlega rétt og hvað ekki rétt. Ég mundi því fúslega verða við þeim tilmælum, að þær umsóknir verði athugaðar nánar, sem hv. þm. óska sérstaklega eftir að ræða við n. um. — Það er naumast rétt, að konur hafi minni rétt en karlar. En það er ekki auðvelt að bera þetta saman, því að kona missir borgararétt sinn um leið og hún fer úr landi og er gift manni með erlent ríkisfang, en karlmaður missir ekki borgararétt sinn, þó að hann fari úr landi, enda fái hann ekki borgararétt annars staðar, svo að vitað sé. Ég mun svo ekki ræða þetta mál frekar.

ATKVGR.
Brtt. 289,1 samþ. með 15:5 atkv.
Brtt. 289,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 57. og 61. fundi í Nd., 3. og 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 301, 305, 311, 314, 319, 322).

Jón Pálmason. Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram eina brtt. við þetta frv. Brtt. mín fjallar um það, að inn á frv. verði tekinn maður, sem n. hefur gengið fram hjá, Edelstein, Wolfgang Michael, námsmaður í Reykjavík. Það vill svo til, að ég þekki þennan dreng mæta vel. Hann hefur verið 4 sumur á næsta bæ við mig og reynzt sérstaklega duglegur og ábyggilegur drengur. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að hann fái ekki íslenzkan ríkisborgararétt, úr því að hann fullnægir þeim skilyrðum, sem l. ákveða. Hann er námsmaður í menntaskólanum í Reykjavík. Hann hefur mjög gott vottorð frá rektor menntaskólans um, að hann hafi reynzt þar mæta vel, og vænti ég því, að hv. þm. vilji samþ. þessa brtt.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru hér á þskj. 319 brtt. frá allshn., sem ég vil gera grein fyrir í fáum orðum. Þar er lagt til, að tveir menn, Norðmaður og Dani, verði teknir inn á frv. Það stendur þannig á um þessa menn báða, að þeir uppfylla öll skilyrði samkvæmt l. um ríkisborgararétt og hefðu verið teknir með í brtt. n., sem hún gerði í öndverðu, ef umsóknir þeirra hefðu þá legið fyrir, en einhverra hluta vegna bárust þær ekki fyrr en síðar. Það er þess vegna í samræmi við fyrri afgreiðslu n., að hún leggur til, að þessum tveimur mönnum verði bætt inn á frv. Að öðru leyti hefur ekki n. tekið sem slík afstöðu til einstakra brtt., sem fram hafa komið undir meðferð málsins. Ég vildi leyfa mér að mæla nokkrum orðum með brtt., sem ég flyt sjálfur ásamt fleiri þm. á þskj. 322. En nm. áskildu sér rétt til að flytja og fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Þessi brtt. fjallar um þrjá tónlistarmenn, þá Karl Billich pianóleikara í Reykjavík, Heinz Edelstein dr., tónlistarkennara í Reykjavík, og Urbantschitsch dr., tónlist-

arkennara í Reykjavík. Allir eru þessir menn kunnir hér í Reykjavík vegna margvíslegra afskipta sinna, og það til góðs, af hljómlistarlífi bæjarins. Það voru allmargir þm., sem orðuðu það við mig milli umræðna, að ástæða væri til að taka þessa aðila inn í frv., sem allir höfðu sótt um ríkisborgararétt. Þeir höfðu einnig góð meðmæli frá tónlistarmönnum hér í bæ. Skólastjóri tónlistarskólans, Páll Ísólfsson, leggur sérstaklega áherzlu á, að dr. Edelstein fái ríkisborgararétt, vegna hins ágæta starfs, sem hann hefur innt af höndum í þágu tónlistarskólans. Hann hefur einnig mælt með Karl Billich, en dr. Urbantschitsch er flestum hér kunnur af afskiptum sínum af tónlistarlífi bæjarins sem stjórnandi kóra, og hefur hann m. a. farið utan með íslenzka söngflokka til að kynna öðrum þjóðum íslenzka tónlist. Þessir menn uppfylla allir að öðru leyti skilyrðin til að hljóta ríkisborgararétt, Dr. Edelstein og dr. Urbantschitsch komu til landsins 1937—38, en Karl Billich kom hér fyrst árið 1933. Hann sótti um ríkisborgararétt 1939 og sýndi með því vilja sinn til þess að verða íslenzkur ríkisborgari. Hann hafði þá ekki uppfyllt búsetuskilyrðin, en síðan var hann fluttur af landi burt um stundarsakir, eins og nokkrir aðrir menn, af orsökum, sem hann réð ekki við. Hann er giftur íslenzkri konu og hvarf hingað aftur strax og hann hafði aðstöðu til þess. Að þessu athuguðu, bæði hvað snertir skilyrðin til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt og vegna verðleika þeirra í tónlistarlífi bæjarins, vil ég ásamt meðflm. mínum leggja eindregið til, að hv. þm. fylgi þessari till. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hv. þm. A-Húnv. hefur áður flutt hér brtt. um annan son dr. Edelstein, svo að ef menn fylgja okkar till. á þskj. 322, tel ég sjálfsagt, að menn fylgi jafnframt till. á þskj. 311.

Einar Olgeirsson. Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla mjög eindregið með því, að þær brtt., sem fyrir liggja hér um veitingu ríkisborgararéttar, verði allar samþ. Ég tel, að um það sé að ræða, hvort við eigum að láta þessa menn, — sem allir hafa jafnan rétt til að fá ríkisborgararétt, eftir okkar reglum, — öðlast bókstaflega jafnrétti fyrir l. Ég álít, að farið sé inn á fordæmanlega braut, ef gera á upp á milli manna, sem eru orðnir Íslendingar að öllu öðru leyti en að hafa ríkisborgararétt, ef veita á sumum hann, en öðrum ekki. Ég sé, að í frv., eins og það liggur fyrir, er lagt til að veita öllum nunnunum í Landakoti ríkisborgararétt, þó að þær séu fæddar í Þýzkalandi. Hins vegar eru allmargir menn, sem fæddir eru í Þýzkalandi og hafa verið landflótta, ekki teknir upp í frv. Nú hafa ýmsir hv. þm. úr n. bætt úr því og lagt fram till. um, að þessir menn fái einnig ríkisborgararétt. Ennfremur með tilliti til þess, að hér í d. hefur nýlega eftir ósk ríkisstj. verið samþ. að veita Þjóðverjum ríkisborgararétt, sem ekki höfðu fullnægt þeim reglum, sem farið er eftir um búsetu og íslenzkukunnáttu, þá álít ég það algerlega órétt gagnvart þeim mönnum, sem eiga kröfu á að fá þennan rétt, ef ekki gildir sami réttur um þá við veitingu ríkisborgararéttar. Ég vil mjög eindregið skora á hv. þm. að samþ. allar þær brtt., sem hér liggja fyrir, vegna þess að ég tel ekki annað fært, eins og við höfum afgr. þessi mál undanfarið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 305, við það frv., sem fyrir liggur, um, að Eberhardt, Konstantin Alexander, iðnverkamanni hér í Reykjavík, verði veittur ríkisborgararéttur. Þessi maður, sem brtt. fjallar um, er fæddur 11. nóv. 1893 í Þýzkalandi. Hann kom til Íslands 3. júlí 1920, fór snögga ferð til útlanda vorið 1924 og kom aftur á sama ári, en fór enn fremur í verzlunarerindum til útlanda árið 1927 og kom þá aftur eftir mjög skamma viðdvöl á sama ári og var hér samfleytt til 5. júlí 1940, er hann var tekinn til fanga ásamt fleiri löndum sínum og fluttur til Bretlands, þar sem hann dvaldi öll stríðsárin. Hingað til landsins kom hann aftur 6. sept. 1947 og hefur dvalið hér síðan.

Þessi maður er kvæntur íslenzkri konu, 7. okt. 1933, og hefur dvalið hér svo að segja samfleytt í 20 ár, frá 1920 til 1940, er hann var tekinn til fanga og þá, af óviðráðanlegum ástæðum, slitin sundur dvöl hans hér á landi. Kona hans er að vísu látin, en hann hefur haft á framfæri sínu börn hennar. Ég hygg, að öll sanngirni mæli með því, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur, og ég hygg einnig, að það sé ekki í ósamræmi við þær reglur, sem hafa verið látnar gilda um veitingu ríkisborgararéttar hér, þó að honum verði veittur þessi ríkisborgararéttur nú. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þessa brtt., en vænti þess, að hv. þm. líti á allar málsástæður í sambandi við þessa brtt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 339 um, að einum manni verði bætt við þá, sem hér liggja fyrir till. um, að veittur verði ríkisborgararéttur. Þessi maður heitir Joen Fredrik Sofus Gjöveraa, sjómaður í Neskaupstað, fæddur 14. des. 1890 í Færeyjum. Ástæðan til þess, að ég verð að flytja þessa brtt., er sú, að mér barst, rétt áður en ég fór í jólafrí, bréf frá bæjarfógetanum í Neskaupstað með beiðni frá þessum viðkomandi manni um að verða þessa réttar aðnjótandi og þar sem hann sendir öll skilríki sín með, sem fylgja þurfa. Þar sem ég kom seint til þings, náðu þessi gögn ekki á réttum tíma til n. Ég hef borið þessa umsókn undir nm., og meiri hl. n. hefur leyft mér að lýsa því yfir, að hann væri samþ. því, að þessi maður öðlist ríkisborgararétt og þessi till. yrði samþ., þó að ég yrði hér sjálfur að flytja hana. Ég hygg, að ekki verði ágreiningur um, að hann skuli öðlast ríkisborgararétt. Hann er búinn að vera hér samfleytt í 34 ár, talar íslenzku og er giftur íslenzkri konu, og hefur í rauninni mestallan tímann notið allra þeirra réttinda, sem hér um ræðir, þó að hann kjósi nú að fá hann lögformlega veittan. Öll gögn hans eru í fyllsta lagi, og ég vænti því, að till. á þskj. 339 verði samþ. og maður þessi öðlist ríkisborgararétt, þar sem líka allshn. mælir með því.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. á þskj. 339, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Ég vildi staðfesta það, sem hv. 2. þm. S-M. sagði um sína brtt., sem er á þskj. 339 og hefur verið athuguð af meiri hl. allshn. Maður þessi uppfyllir öll þau skilyrði, sem n. kom sér saman um að setja fyrir þeim till., sem hún var sammála um að flytja. Í öðru lagi er það eins og hv. frsm. sagði, að nm. hafa óbundnar hendur viðvíkjandi brtt.
Ég vildi svo aðeins bera þá ósk fram við hæstv. forseta, að hann beri upp hvern tölul. fyrir sig.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 322 samþ. með 18:5 atkv.
Brtt. 305 samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JG, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, EOl, GÞG.
nei: JörB, PÞ, SkG, StJSt, StSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ.
SK, StgrSt, BG greiddu ekki atkv.
7 þm. (JS, JJ, ÓTh, PO, ÁkJ, ÁÁ, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 311 samþ. með 19:4 atkv.
— 314 felld með 16:8 atkv.
— 339 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 319 samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
Á 61. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 77., 78., 79. og 80. fundi í Ed., 14., 15., 17. og 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Ed., 22. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 353, n. 445, 362, 447, 453, 456, 459).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur dregizt nokkuð, vegna þess að ég hef verið lasinn undanfarið. — Eins og mönnum er kunnugt, þá hefur verið talsvert mikið sótt á, bæði af hendi erlendra og íslenzkra manna, um að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og má að sjálfsögðu nokkuð um kenna ástandinu eins og það er nú. Undanfarið hefur það þó verið þannig, að mönnum hefur fundizt, að það ætti að fara varlega í sakirnar fyrst um sinn um að veita ríkisborgararétt og helzt að reyna að fá einhverjar fastar reglur til þess að fara eftir. Þetta hefur ekki tekizt nema að nokkru leyti, því þótt n. þær, sem hafa fengið málin til meðferðar, hafi haft slíkar reglur, sem hægt er að fara eftir með nokkru öryggi, þá hefur það þó orðið svoleiðis í framkvæmdinni, að deildirnar hafa tekið málin í sínar hendur og greitt atkv. um hvern einstakan mann, og mörg dæmi eru til þess að ýmiss konar ósamræmi hefur komið fram. Í frv. því, sem stjórnin lagði fram, er svo að sjá sem það hafi verið farið eftir þeim reglum að taka íslenzka menn fædda af íslenzku foreldri og Norðurlandamenn. Við þetta hefur Nd. haldið sér að mestu leyti og hefur að því leyti gengið lengra en stjórnin í þessum efnum, að hún tók út úr stjfrv. fjórar konur, sem eru af íslenzku faðerni, en hafa misst íslenzkan ríkisborgararétt við giftingu sína, en hafa ekki skilið við menn sína, í þrem tilfellum virðist maðurinn vera fjarverandi, en í einu tilfelli virðist maðurinn vera einnig hér á landi.
Í allshn. þessarar d. varð nokkur ágreiningur. Að vísu voru 4 nm. á fundi, þegar þetta mál var afgreitt, og eins og segir í nál., sem er dags. 9. marz og er á þskj. 445, þá leggja 3 nm., þm. Dal., 7. landsk. þm. og ég, til, að haldið verði fast við fyrri reglur n. um að veita ekki ríkisborgararétt að sinni öðrum en mönnum fæddum á Íslandi og Skandinövum, sem verið hafa hér samfleytt síðustu 10 ár og ekki er hægt út á að setja. Eins og ég tók fram, hafði Nd. komið inn með nokkra menn, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem meiri hl. n. telur, að eigi að fara eftir, en við sáum okkur ekki fært, eins og málin stóðu og með tilliti til þess, hvernig þessum málum hefur reitt af á undanförnum þingum, að leggja til, að þeir verði teknir út úr, og í samræmi við það höfum við lagt til, að bætt verði inn þessum tveimur mönnum, sem getur á þskj. 445 og uppfylla þessi skilyrði. Að öðru leyti hafa nm. óbundnar hendur um atkvgr. við fram komnar brtt. og verða að fara eftir sínu áliti um hvern einstakan, og ég segi það ekki fyrir hönd n., heldur fyrir mína hönd, að ég álít, að við eigum að vera mjög svo íhaldssamir í þessum efnum og fara helzt ekki út fyrir Skandinavíu, nema það sé alveg sérstaklega varið í að fá annarra þjóða menn og láta þá hafa íslenzkan ríkisborgararétt. Við höfum viljað komast hjá að fara að ræða einstaka menn í sambandi við þessar brtt., og ég vil því leiða það hjá mér nú, og ef til vill væri rétt, vegna þess að við nm. höfum ekki talað saman lengi vegna lasleika míns, að tillöguflytjendur vildu taka brtt. sínar aftur til 3. umr. Ég vil aðeins benda á það í sambandi við brtt. hv. 4. landsk. þm. á þskj. 447, að sá maður hefur verið felldur í Nd. — Um brtt. 453, frá hv. 1. þm. Reykv., vil ég segja það, að ég get

ekki séð, að það liggi fyrir nein formleg umsókn frá þeirri konu eða þau vottorð, sem þurfa að liggja fyrir. — Varðandi brtt. 456, frá hv. þm. Barð., veit ég ekki til, að nein formleg umsókn liggi fyrir varðandi b-lið, og ég hef ekki séð þau fylgiskjöl, sem nauðsynleg eru fyrir þennan mann. Viðvíkjandi fyrri manninum er það að segja, að það liggur hér fyrir bréf frá vinnuveitanda hans, Sigurjóni Péturssyni, og eftirrit af vottorðum, en frumritin, segir hann í því bréfi, að verði send og lögð fyrir Alþ. bráðlega. — Viðvíkjandi brtt. 459 vil ég taka það fram, að konan, sem getið er um í a-lið, er, að því er ég hygg, samningsbundin með manni sínum hér á landi, og konan í b-lið er ekki í samvistum við mann sinn, en er óskilin, og hið sama mun vera með hinar konurnar tvær. Þessar konur voru teknar upp í stjfrv., en n. taldi ekki rétt, og allshn. Nd. ekki heldur, að taka þær upp, enda voru þær teknar út í Nd.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vil leyfa mér fyrir hönd n. að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún leggur til á þskj. 445.

Umr frestað.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. við frv. á þskj. 456, en hv. n. hefur ekki séð sér fært að mæla með henni, en þessi till. mín var send henni til athugunar áður en hún skilaði áliti sínu. N. hefur tekið þá afstöðu að veita ekki öðrum ríkisborgararétt en þeim, sem fæddir eru á Íslandi, og Skandínövum, sem verið hafa hér samfleytt síðustu tíu ár og ekkert er athugavert við. Við þessu er ekkert að segja, ef n. hefði haldið þessa reglu meira en í orði, en það hefur hún ekki gert. Ef n. vildi hafa þessa reglu, hefði hún átt að leggja til, að allir aðilar, sem ekki eru fæddir á Íslandi eða Norðurlöndum, væru felldir burt. Í stað þess hefur hún lagt blessun sína yfir að brjóta þessa meginreglu og samþ., að aðrir aðilar væru teknir inn. Ég get því ekki séð, að ástæða sé til þess fyrir n. að vera á móti þeirri brtt., sem ég hef tekið upp í hv. d. Eins og ávallt hefur verið, er hér um glundroða að ræða, og farið er eftir því, hve marga kunningja menn eiga, en ekki því, hvar þeir eru fæddir. Það er öllum kunnugt, að nýlega var drifið gegnum báðar d. Alþ. — með öllum hugsanlegum afbrigðum — að veita tveimur þýzkum fjölskyldum ríkisborgararétt, sem aldrei höfðu séð Ísland. Ég sé því ekki, að rök n. fái staðizt, og vænti þess, að hún falli frá stefnuleysi sínu og samþ. þessa till. mína. *(LJóh:* Það lá ekki fyrir formleg umsókn frá öðrum aðilanum.) Það er heldur ekki upplýst, að fyrir lægju formlegar umsóknir frá þessum fjölskyldum, sem ég gat um áðan. Þm. vissu varla, hvað þær hétu fyrr en eftir á. Hvað skal þá segja um þennan eina mann, þó að formleg umsókn hafi ekki komið í tæka tíð, vegna þess að hann býr ekki í Reykjavík? Þessi maður hefur verið hér 1930—36 og reynzt prýðilega sem þegn, auk þess sem hann er tengdur íslenzkri fjölskyldu. Ég sé því ekki ástæðu til þess að neita honum.

Ásmundur Sigurðsson. Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 459 um að taka inn í frv. fjórar íslenzkar konur, sem upphaflega voru þar, er frv. kom frá stj. Ég er hissa á því, að Nd. skyldi samþ. að taka þær út, það er undarlegt, ef það ættu ekki að vera nægileg rök, að stj. tók þær inn. Hv. frsm. meiri hl. kom að því í sinni ræðu, er hann flutti við 2. umr. fyrir nokkrum dögum, að þetta væri byggt á 8. gr. l. og að enginn maður, sem með l. er veittur ríkisborgararéttur, geti öðlazt hann fyrr en hann hafi sannað, að hann sé leystur frá fyrra ríkisfangi sínu. En fyrir tveimur árum var konu, sem eins var ástatt um og þessar, veittur ríkisborgararéttur. Hún var gift erlendis, en flutt hingað, og maðurinn erlendis. Ég hygg, að á þessu fordæmi hafi það verið byggt, að stj. tók þessar konur með í frv., þegar það var lagt fyrir Alþ.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 453, sem hv. nefnd hefur ekki talið fært að taka inn með sínum till. um það fólk, sem n. leggur til, að fái borgararétt. N. segir í nál. sínu, að hún leggi til, að fast verði haldið við fyrri reglu um að veita ekki öðrum ríkisborgararétt en þeim, sem fæddir eru á Íslandi, og Skandínövum. Hér er því ekki til að dreifa, að sú regla verði brotin, því að það er íslenzk kona, sem í hlut á. Ég vil taka undir það með hv. þm. Barð., að það er einkennilegt, ef n. hefur slíka reglu, að hún skuli láta fara í gegn nöfn, er brjóta gegn reglunni, því að í nál. segist n. vilja gera undantekningu varðandi nokkra menn, er ekki uppfylla skilyrði n. Mér finnst hart, að n. skuli láta slík nöfn fljóta með, þegar hún lætur undir höfuð leggjast að mæla með fólki, sem fætt er á Íslandi og þarf að fá ríkisborgararétt. Sú kona, sem hér á hlut að máli, hefur verið hér síðan 1945. Hún giftist Englendingi, en er að öllu leyti skilin við hann, þó að hún hafi ekki getað fengið formlegan skilnað. Það er erfitt að fá skilnað í Englandi, og maðurinn neitar að veita hann. Mér skilst, að neitun n., bæði í Nd. og Ed., byggist á því, að hún sé ekki skilin við mann sinn. En ég vil biðja d. að athuga, að það geta verið miklir örðugleikar á því, að kona geti uppfyllt þau skilyrði, sem n. setur. Ef erfiðleikar eru lagðir í veginn í Englandi, er það ekki hægt nema með stórkostlegum kostnaði. Ef konan hins vegar fær ríkisborgararétt, þá er hægara fyrir hana að sækja rétt sinn með aðstoð íslenzku sendisveitarinnar í London, en á því eru vandkvæði, eins og sakir standa. Ég get ekki séð, að það sé nein goðgá að veita slíkum konum borgararétt til þess að gera aðstöðu þeirra betri. Ég get ekki séð, að það brjóti reglur n. meira en ýmislegt, sem áður er fram komið og kemur fram í nál. n.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki sammála meðnm. mínum um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. vildi samþ. frv. óbreytt, eins og það kom frá Nd. Þá lýsti meiri hl. fylgi

við sérstaka reglu varðandi veitingu ríkisborgararéttar, að hann væri ekki veittur öðrum en þeim, sem fæddir eru á Íslandi og Norðurlandabúum, og taldi, að þessari reglu hefði verið fylgt undanfarið. En þetta er ekki rétt, og henni er sízt fylgt í því frv., sem hér liggur fyrir, því að þar er lagt til, að mönnum af öðru þjóðerni, t. d. Þjóðverjum, verði veittur ríkisborgararéttur. Meiri hl. n. vildi þó gera eina undantekningu og hún er sú, að nunnunum yrði veittur ríkisborgararéttur. *(HV:* Þarf þá ekki annað en verða nunna til að fá íslenzkan ríkisborgararétt?) Mér skilst, að það sé nægilegt. — Mín skoðun er sú, að allir, sem uppfylla viss skilyrði og eru nýtir þegnar, eigi að fá ríkisborgararétt, svo framarlega sem þeir ætla að setjast að hér á landi. Meiri hl. n. ber fyrir sig, að málinu sé teflt í tvísýnu, ef einhverjar breytingar væru samþ., en það getur ekki verið annað en tylliástæða, því að það er mikið eftir af þingtímanum, þó að segja megi, að þetta mál hafi tafizt að ástæðulausu.

Í Nd. virðist afgreiðsla málsins alls ekki hafa verið byggð á neinni reglu, en þó hefur einn maður, Heinz Karl Friedländer, verið tekinn út úr og ákveðið, að hann skyldi ekki öðlast ríkisborgararétt. Þessi maður er fæddur í Þýzkalandi, kvæntur og á börn. Hann hefur starfað hér sem vélamaður í mörg ár og getið sér gott orð, en honum hefur verið synjað, enda þótt hann vinni hér nytsamt starf í þágu þjóðfélagsins. Ég hef hér skjal, þar sem samstarfsmenn hans í vélsmiðjunni Héðni skora á Alþingi að endurskoða afstöðu sína og veita honum ríkisborgararétt. Það hljóðar svo, með leyfi forseta: „Við undirritaðir samstarfsmenn hr. Heinz Karls Friedländers, vélamanns í vélsmiðjunni Héðni, leyfum okkur hér með að mótmæla harðlega þeirri afgreiðslu, er umsókn hans um íslenzkan ríkisborgararétt hefur nú á ný hlotið í Nd. Alþingis. Okkur er ljúft að votta, að téður Karl Friedländer er hinn vandaðasti maður í hvívetna, ágætur vinnufélagi og nýtur fyllsta trausts allra, er af honum hafa nokkur kynni. Við leyfum okkur hér með að skora eindregið á hv. Alþingi að taka þessa afgreiðslu til endurskoðunar að nýju og veita Heinz Karl Friedländer full og óskorin íslenzk ríkisborgararéttindi.“ — Þetta er bréf samstarfsmanna Karls, og undir það rita 139 menn. Ég bar þennan mann upp í nefndinni, en það var ekki við það komandi, að n. vildi taka hann upp, en um ástæðuna veit ég ekki, og væri fróðlegt að heyra, hver hún væri. Ég get nefnilega alls ekki séð, að þessi maður eigi minni rétt til þess að verða íslenzkur ríkisborgari en hinir, sem allshn. hefur mælt með, nema síður sé. — Hvað snertir aðrar till. þá mun ég fylgja öllum, sem sækja um þessi réttindi, ef þeir uppfylla þau skilyrði, sem telja verður réttmæt og nauðsynleg.

Forseti (BSt): Vegna ummæla hv. þm. (BrB), að þetta mál hefði tafizt óþarflega hér í deildinni, þá vil ég taka það fram, að málið var oft á dagskrá, áður en hinir löngu fundir hófust í Sþ., en frsm. málsins var þá veikur, og reyndi ég að fá annan til að hafa framsögu, en tókst ekki, og ber því á móti því, að málið hafi tafizt óþarflega.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég á enga brtt. í þessu máli, sem ég þarf að mæla fyrir, en kvaddi mér hljóðs í því skyni að segja þá skoðun mína, að ég tel þessar árlegu ákvarðanir Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar stefna í verstu óvissu og grautargerð og hættulegt fyrir Alþingi að halda áfram á sömu braut. Það má sjá á brtt. nú og sömuleiðis ef athuguð er afgreiðslan frá síðasta ári, að niðurstöðurnar eru reikandi og handahóf ræður. Á meðan slíkt teningskast ræður, má alltaf búast við, að verðugur verði skilinn eftir fyrir utan, en óverðugri hleypt inn. Slík afgreiðsla er óhentug og leiðir í ógöngur. Ég tel, að grundvöllurinn fyrir veitingu ríkisborgararéttar eigi að vera fastákveðinn með lögum, svo að ekki þurfi um að villast, þegar sótt er um þann rétt, fullnægi umsækjandi svo þeim skilyrðum, sem lögin setja, þá eigi hann vísan réttinn. Með slíku fyrirkomulagi væru þm. leystir undan þeim vanda, sem þeir nú eru í við veitingu ríkisborgararéttar. Ég mun ekki leggja fram till. hér, á hvern hátt slík löggjöf ætti að hljóða, en þar yrði að sjálfsögðu bæði að tryggja þjóðarhag og hagsmuni viðkomandi manna.

Ég benti á í upphafi míns máls, að handahóf og grautargerð réði við afgreiðslu þessara mála, en ég sagði það ekki til að mæla með eða móti neinum sérstökum till., sem hér hafa komið fram. Það, sem vakir fyrir mér í þessu máli, er, að fundin verði heppileg leið fyrir þá þm., sem utan við þessar till. standa og ekkert þekkja til þeirra manna, sem sækjast eftir ríkisborgararétti, og leysa þá með því undan að nota happa- og glappaaðferðina, sem nú er þeirra eina leið. Til þess að beita engan órétti, þá mun ég gera öllum þeim till., sem nú liggja fyrir, jafnt undir höfði og sennilega segja já við þeim öllum, en vænti, að sett verði um þetta mál lög, sem hafi greinileg ákvæði, svo að ekki þurfi að renna blint í sjóinn við veitingu ríkisborgararéttar í framtíðinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, að veiting ríkisborgararéttar fari aldrei vel, nema fylgt verði fastri reglu. Ég mundi t. d. fella mig við, að engum yrði veittur ríkisborgararéttur, nema hann hefði dvalið hér 10 ár í einu og ætlaði sér að dvelja hér áfram. Og auk þess tel ég, að það yrði að vera ófrávíkjanleg regla, að umsækjandinn gerði fulla grein fyrir sínum högum og legði fram vottorð um það, hvernig þegn hann hefði reynzt. Nú virðast ýmsar reglur vera notaðar í þessu efni, og telur allshn. eða meiri hl. hennar sig hafa farið eftir, hvar viðkomandi umsækjendur væru fæddir, en frá því hafa þó verið gerðar undantekningar um nunnur. Þessa aðferð get ég ekki fellt mig við. Mér finnst ekki hægt að láta það ráða úrslitum um veitingu ríkisborgararéttar, hvort umsækjandinn er fæddur í Danmörku eða Þýzkalandi. Ég tel, að allt önnur sjónarmið eigi að ráða í þessu efni.

Ef við svo athugum afgreiðslu Nd. á þessu

máli, þá er allt annað upp á teningnum, því að þar er ekki farið eftir fæðingarlandi umsækjanda. Nei, þvert á móti, það virðist alls ekkert hafa verið farið eftir því. Af þeim 53 umsækjendum, sem Nd. mælir með, eru 3 Austurríkismenn, 17 Þjóðverjar, 1 Pólverji og 1 Javamaður, með öðrum orðum, það er nærri helmingur þessara manna fæddur annars staðar en á Norðurlöndum. Það virðist því harla einkennilegt, ef allt aðrar reglur eiga að gilda um veitingu ríkisborgararéttar hér í Ed. en í Nd., og er alveg merkilegt, að meiri hl. í þingnefnd skuli halda slíkri fásinnu fram. Þá vil ég sérstaklega benda á umsóknirnar á þskj. 459. Þar er um að ræða konur, sem fæddar eru í Reykjavík, en hafa gifzt erlendum mönnum. Þessar konur vilja nú flytja heim aftur, en allshn. virðist ekki vilja taka við þeim. Það hefði ekki verið tekið þannig á móti karlmönnum, sem fæddir væru hér, þó að þeir hefðu gerzt ríkisborgarar annars staðar, en komið svo heim aftur og viljað verða íslenzkir ríkisborgarar á ný. Nei, af því að hér er um konur að ræða, og ekki nunnur, þá leggur nefndin á móti þessum umsóknum. Ég get ekki séð neitt réttlæti í slíkri afgreiðslu.

Varðandi Heinz Karl Friedländer, þá vildi ég gjarna fá upplýsingar um, hvort hann hefur dvalið hér 10 ár og hvort nokkuð sérstakt geti valdið synjun á umsókn hans. (*BrB:* Ég get upplýst strax, að þessi maður er búinn að dvelja hér síðan 1936 og hefur beztu meðmæli allra, sem honum hafa kynnzt.) Hvers á þessi maður þá að gjalda? Því hefur ekki verið svarað, og er því sýnilegt, að hér er um handahófsafgreiðslu að ræða eftir meginreglum siðspillingar kunningsskaparins á Íslandi.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla að svara þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls. Hv. þm. Barð. talaði um, að n. hefði ekki farið eftir sínum eigin reglum. Þetta er misskilningur, því að n. fór eftir þeim reglum, sem hún setti sér, þ. e. a. s. eftir reglum allshn. Ed. Það er ekki þar með sagt, að það séu reglur fyrir Alþingi í heild. Og þessar reglur setti n. sér meðal annars til að koma í veg fyrir, að málið dagaði uppi. Þm. ætti að vera minnisstætt, að mál hafa dagað uppi hér á þingi, og sú hætta er meiri, þegar senda þarf mál aftur til þeirrar deildar, sem hefur afgreitt það einu sinni.

Hv. þm. Barð. vildi bera þetta saman við veitingu ríkisborgararéttar með sérstökum l. nú á þessu þingi. Ég skal ekkert um það mál segja, því að ég tók ekki þátt í þeirri afgreiðslu, en hins vegar get ég vel hugsað mér, að þær aðstæður séu fyrir hendi, að nauðsynlegt geti verið að veita ríkisborgararétt á þann hátt, ef um einhvern kunnáttumann er að ræða, sem ríkið þarf á að halda, og ríkisborgararétturinn er skilyrði fyrir, að þessi maður taki þetta starf að sér, en slíkt verður að teljast til undantekninga. — Hitt legg ég áherzlu á, að ég tel, að ríkisborgararétturinn eigi ekki að vera flík, sem hægt sé að kasta af sér, þegar mönnum sýnist, og fara svo í eftir geðþótta.

Þá kem ég að 4. landsk., en hann var að spyrja um ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þær umsóknir, sem nú liggja fyrir, hafi ekki verið teknar upp í frv. af nefndinni. Ég sé ekki, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram um þá konu, sem hann mælti með, að hægt sé að veita henni borgararétt, eftir því sem leiða má út frá 8. gr. laga um ríkisborgararétt, að hafi verið tilætlun löggjafans, til þess að komast hjá ágreiningi milli landa. Auk þess má segja um þessa konu eins og um síðari manninn hjá hv. þm. Barð., að engar formlegar umsóknir liggja fyrir, a. m. k., sem ég hef séð, og ekki vottorð þau, sem krafizt er. Ég hef spurt eftir slíku á skrifstofunni, en hef ekki séð annað en bréf frá Einari Ásmundssyni til hv. 1. þm. Reykv.

Þetta mál, um veitingu ríkisborgararéttar, hefur alltaf verið vandræðamál, og vil ég taka undir með hv. 2. þm. Árn., að nauðsyn ber til að setja fastar reglur um þetta, sem Alþ. víki ekki frá. En þegar ein stofnun hefur fullveldi vill það stundum verða svo, að hún víki frá reglum, sem hún hefur sjálf sett sér. Það er ekki, eins og hv. 3. landsk. sagði, með þessar giftu konur, að það væri af því, að þær væru ekki nunnur, að þær fengju ekki ríkisborgararétt, — en nunnunum var veittur borgararéttur af því, að þær fórna sér ókeypis fyrir sjúklinga hér, — heldur af því, að þær eru ófráskildar konur.

Út af fyrirspurn hv. 4. landsk. skal ég taka það fram, að sá maður, sem hann ber fram, var felldur í Nd., og sá n. enga ástæðu til að taka hann upp aftur, og mun ég ekki greiða honum atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þótti ræða hv. þm. Seyðf. allundarleg. Það kom fram, að n. fylgdi ekki settum reglum, heldur veitti aðeins þeim mönnum borgararétt, sem hún teldi feng í að fá til landsins. Hann taldi m. a., að nunnurnar fórnuðu sér hér ókeypis, og taldi því feng í því að fá þær hingað, og skyldi þeim því veittur borgararéttur. Ég hygg, að þær fórni sér ekki algerlega, — eða hefur hv. þm. aldrei legið á Landakoti? En þetta mat er alveg óþolandi, ekki sízt þegar á einum degi eru haldnir 6 fundir hér í Alþ. til að veita mörgum mönnum ríkisborgararétt hér, sem engin skilyrði höfðu til að öðlast hann, en samt sem áður greiddu flestir hv. þm. því atkv., af því að það var álitinn fengur fyrir íslenzka ríkið að fá þá fjölskyldu, sem ef til vill kemur aldrei. Það var talað um, að sá Þjóðverji ætti að vera embættismaður, en ég veit ekki annað en því hafi verið lýst yfir, að hann yrði ekki embættismaður stjórnarinnar. En það var látið í það skína, að hann mundi koma með nokkra tugi þús. dollara til landsins, sem koma sjálfsagt aldrei heldur. — Hv. þm. Seyðf. sagði, að n. hefði ekki brotið reglu sína, en ég verð þá að segja, að verkin eru önnur en orðin. Ef þeir ætluðu að halda sinni stefnu, þá bar þeim skylda til að leggja til, að allir, sem ekki fullnægðu reglu n., væru felldir. Þá hefði verið hægt að taka þá alvarlega, og þá hefðu þeir einnig átt að fella þessa þýzku fjölskyldu. En

segjast hafa ákveðna reglu og fylgja henni svo ekki, en það er á mati hvers einstaks nefndarmanns, hverjir séu hæfir til að vera íslenzkir ríkisborgarar, það er óhæft. Þá kom það fram í nál., að það er ekki þetta, sem ræður afstöðu n. Það er það, að þeir eru hræddir um, að frv. dagi uppi, — en því má það ekki daga uppi, ef svo margir eru í frv., sem þeir vilja ekki veita borgararétt? Eða er álit þeirra á hinum svo mikið, að þeir vilja þeirra vegna brjóta þá reglu, sem þeir hafa sjálfir sett, til þess að veita þeim ríkisborgararétt? Ég er alveg sammála þeim, sem hér hafa talað um að veita íslenzkum konum, sem glatað hafa réttindum sínum, aftur íslenzkan ríkisborgararétt. Ég tel það hneyksli, ef þeim er neitað um slíkt, ef þær *sækja um það, þó að þær séu giftar* í útlöndum. Og með sumar þeirra mun svo háttað, að þær fái ekki skilnað fyrr en þær hafa fengið þessi réttindi. Það hefur verið borið fram, að þær séu ekki íslenzkir ríkisborgarar, en eðlilega verða þær það þá fyrst, er þetta hefur verið samþ. og er hlægilegt að bera slíka röksemd á borð fyrir þm. Ég get sagt hv. þm., að hér er einn ágætur maður, sem ég hefði gaman af að sjá, hvort þeir vildu neita um ríkisborgararétt, þótt hann hafi um stund verið brezkur ríkisborgari. Eða eru þetta nokkur rök? Ég tel það smán, ef Alþ. vill ekki veita þessum konum borgararétt, ef þær æskja þess, og ég get ekki verið með í slíku og vil heldur, að frv. falli, heldur en greiða atkv. á móti slíkum brtt. Hv. frsm. sagði, að það hefði verið allt annað með þýzku fjölskylduna, því að henni hefði verið veittur borgararéttur með sérstökum lögum. Eru þetta ekki líka sérstök lög? Hvers konar málafærsla er þetta hjá hæstaréttarmálaflutningsmanni? En þýzka fjölskyldan var tekin í tölu íslenzkra borgara, án þess að nokkrar upplýsingar lægju fyrir um hana, og svo koma þessir menn og gagnrýna það, að *Íslendingum sé aftur veittur sá réttur, sem þeir* hafa misst vegna rangsleitni laganna. Hv. þm. sagði, að aðalástæðan fyrir því, að síðari maðurinn á brtt. frá mér hefði ekki verið samþ. í n., hefði verið sú, að ekki hefðu legið fyrir formlegar upplýsingar um hann. Hvar voru formlegu upplýsingarnar, þegar samþ. var að veita þýzku fjölskyldunni borgararétt? Ef þær hafa ekki verið fyrir hendi, hvaða heimild hafði þá n. til þess að neita þá ekki? Eða var það af því, að annar var milljónamæringur, en hinn átti ekkert? Er það matið? Ég get ekki fallizt á, að sú muni vera skoðun hv. þm. Og í 4. gr. laga um ríkisborgararétt, segir: „Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi *hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.*“ Þetta er hægt að sanna með einu skeyti, og skal ég gera það. Og heyrir það vart undir, að ekki megi samþ. skírteinið hér, því að í lögunum segir, að enginn fái borgararétt, fyrr en hann hafi sannað, að hann sé laus við hið fyrra ríkisfang. Með því móti er gefinn frestur frá því, að Alþ. hefur samþ. veitingu ríkisborgararéttarins, og þangað til hann hefur öðlazt gildi með undirskrift forseta, að fengnum fullnægjandi sönnunum fyrir ónýting hins fyrra ríkisfangs. Hitt er annað mál, að nauðsynlegt er að endurskoða lögin. 1., 2., og 3. gr. fjalla um, hvaða kröfur séu gerðar til þeirra, sem um ríkisborgararétt sækja, og 4. gr. um, hvernig menn fái hann. Og væri eðlilegast, að um þetta væru settar fastar reglur og forseti gæti svo veitt réttindin, svo að ekki þyrfti að fá álit þeirra manna, sem meta pundið og kílóið í hverjum umsækjanda eða hvort þeir eigi vini á Alþ. eða hversu marga dollara eða mörk þeir eigi, og taka síðan afstöðu eftir því; það verði því ákveðið í lögum og á valdi forseta, hverjir verði íslenzkir ríkisborgarar. Þessar umræður hér á Alþ. um veitingu ríkisborgararéttar ár *eftir ár eru reginhneyksli, sem ekki er þolandi.*

Út af fyrirspurn frá hv. 3. landsk. skal ég upplýsa það, um manninn undir a-lið á þskj. 456, að ég var beðinn að flytja hann af því, að umsókn hans kom of seint til nefndarinnar. Hann er starfsmaður á Álafossi, og er ég honum ekki persónulega kunnugur, en vottorð frá sóknarpresti hefur verið lagt fyrir allshn. Um hinn manninn, Karl Johan Heinrich Svensson, er það að segja, að hann kom hingað 1936 og er bróðir konu Friðþjófs Johnsens á Patreksfirði og hefur alltaf starfað þar. Hann fékk að ganga hér laus öll stríðsárin. Nefndin hefur ekki fengið útfyllta þá skýrslu, sem hv. þm. Seyðf. taldi nauðsynlega. En ég get hvenær sem er fengið skeyti um það frá sóknarprestinum, hvernig hann hafi reynzt, og ég veit, að þetta er prýðismaður. Ég álít, meðan lögunum er ekki breytt, að sjálfsagt sé að veita öllum þeim, sem sækja og dvalið hafa hér tilskilinn tíma, *borgararétt, ekki sízt eftir það fordæmi, sem* gefið hefur verið hér í þinginu nýlega. Hvaða upplýsingar lágu fyrir um þýzku fjölskylduna, og samt var það mál hespað í gegnum þingið á sex fundum á einum degi? Þá sagði enginn af hv. þm. orð til að gagnrýna þær aðgerðir, þó að deilt sé um þessa menn, sem allir hafa reynzt prýðilegir þegnar, á meðan þeir hafa dvalið hér. Ég mun því greiða atkv. með öllum brtt. og tel enga ástæðu til að forðast að samþ. þær á þeim grundvelli, að þá þurfi frv. að fara til Nd., þegar tillit er tekið til þess, að sams konar frv. var afgr. í báðum d. á einum eftirmiðdegi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að blanda mér í deilur út af þessu máli. Hv. frsm. hefur tekið fram það helzta, sem um málið er að segja, en þar sem vinur minn, hv. þm. Barð., hefur komið fram af óvenjulegum ofsa og reitt hnefana yfir frsm., *en ég það langt frá honum, að hann nær ekki* til mín, þá vil ég segja hér nokkur orð. Hann byrjaði á því að ásaka n. fyrir það, að hún veitti aðeins þeim mönnum borgararétt, sem væru vinmargir og vel efnum búnir. Ég segi fyrir mig, að ég hef engan þessara manna þekkt, sem nú sækja, og hef því engar kunningsskaparskyldur við þá að rækja. Enginn aðstandenda þeirra hefur heldur komið til mín í liðsbón, en

mér heyrðist aftur á móti, að hv. þm. Barð. þekkti annan þann mann, sem hann bar fram, allvel og ættfærði hann til merks manns á Patreksfirði, og það hefur kannske fremur verið meðmæli með honum, að sá maður er forstjóri fyrir firma, sem sagt er, að spilli ekki fyrir hv. þm. vestur þar. Ég álít fjarstæðu, þó að Alþ. hafi einu sinni gert það, að veita konum, sem ekki eru skildar við menn með erlendum ríkisborgararétti, íslenzkan ríkisborgararétt. Það er ekki hægt, að þær séu borgarar bæði hér og í einhverju öðru landi. Það er því ekki hægt að veita þeim réttindi hér áður en þær hafa skilið við menn sína eða þeir séu látnir. Og er ekki síður ástæða til að athuga slíkt en hversu lengi þær hafa dvalizt hér. Ef ekkert eftirlit væri haft með þessu, gæti konu með íslenzkan ríkisborgararétt allt í einu skotið upp úti í löndum og haft þar ríkisborgararétt manns síns. Ég er ekki heima í þjóðarétti, en mér finnst, að ekki sé hægt að hafa þetta svo og að ekki liggi svo á að veita þessi réttindi, að ekki sé hægt að bíða eftir því, að færðar séu sannanir fyrir því, að makar þeirra séu annaðhvort dánir eða skilnaður hafi átt sér stað. Því fer fjarri, að ég sé á móti því að íslenzkar konur, sem leita aftur heim, fái aftur sín fyrri réttindi, en ég er á móti því, að þær geti aftur farið til útlanda sem borgarar þess lands, nema þá með því móti, að þær giftist útlendingi, og ég held, að vandræði gætu af orðið, ef öðruvísi verður farið að. Að öðru leyti vil ég vísa til ræðu frsm., hv. þm. Seyðf.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal. er strangur og að hans eigin dómi eflaust réttlátur. — Með tvöfalda borgararéttinn skal ég upplýsa, að hann er ekkert einsdæmi. Það eru margir Íslendingar, sem hafa íslenzkan borgararétt og enskan jafnframt. Menn, sem fæddir eru í Bretaveldi, mega halda rétti sínum þar, þó að þeir síðar gerist borgarar í ættlandi sínu. Ég sé því ekki, að það komi að neinni sök, þó að sami maður sé um stund borgari í tveim löndum. Um konu þá, sem ég bar fram, er það að segja, að mjög vafasamt er, hvort hún fær skilnað frá manni sínum, nema hún fái fyrst borgararétt hér, og ef hún fær ekki réttinn, eru líkur til, að hún verði að halda áfram að vera gift manni sínum. Út af því, sem hv. frsm. sagði um skjöl þessarar konu, er mér sagt, að öll nauðsynleg skjöl hafi þegar borizt, og er andstaða n. því ekki byggð á því, heldur á því, að hún hefur ekki fengið skilnað við mann sinn. Hv. frsm. n. vildi láta skína í, að það gæti orðið milliríkjamál, ef þessar konur fengju ríkisborgararétt. Ég er ekki hræddur um, að slíkt komi fyrir. Ég veit, að Íslendingar lenda ekki í vandræðum út af því, enda eru margir svona staddir. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þegar íslenzkar konur skilja við menn sína erlendis, þá eru þær um leið orðnar einstæðingar og eðlilegt, að þær leiti sér skjóls hér í ættlandi sínu. Og ef heimalandið vill ekki rétta þeim hjálparhönd, — hvar fá þær þá hjálp? Það vita allir, að mörg af þeim hjónaböndum, þar sem íslenzkar konur hafa gifzt út úr landinu, hafa ekki farið vel, og mér finnst sjálfsagt að rétta þessum konum hjálparhönd, ef þær vilja snúa heim aftur. Ég er ekki á sama máli og margir þeirra manna, sem hér hafa talað, um það að ávíta nefndina fyrir að veita nunnum ríkisborgararétt. Það gerir engan mismun, hvers konar atvinnu fólk stundar og hvort það vinnur fyrir kaupi eða ekki. Nunnur þessar vinna hér að mannúðarmálum, og ég hygg, að þær gætu fengið ríkisborgararétt í hvaða landi sem væri. Mér finnst því ekki ástæða til að benda á þetta sem dæmi upp á vinnubrögð nefndarinnar. Annars álít ég, að hér verði að setja skýrar reglur, sem hægt sé að fara eftir. Ég álít, að það eigi ekki að gera útlendingum auðvelt fyrir með að fá hér ríkisborgararétt, en ég álít, að um allt annað sé að ræða, þegar um er að ræða að veita ríkisborgararétt konum, sem eru íslenzkar í báðar ættir og eru fæddar hér og uppaldar, þótt þær svo hafi gifzt erlendum mönnum.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti Ég mun nú ekki verða langorður. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja viðvíkjandi brtt. minni. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Reykv., að mér finnst sjálfsagt, að íslenzkar konur fái rétt sinn aftur, þegar þær geta ekki notað rétt sinn erlendis. Allar þessar konur eru fæddar á Íslandi og raunar er eina ástæðan, sem talin er móti þessu, sú, að menn þeirra búi erlendis. Auk þess hefur dómsmrn. litið svo á, að veita bæri þessum konum ríkisborgararétt, þar sem ráðuneytið hefur tekið þessar konur inn á frv. Enn fremur eru það margir nú þegar, sem eiga líka ríkisborgararétt í Englandi, en það eru karlar, en ekki konur, sem þar eiga hlut að máli. Þá er hér regla, sem hv. þm. Dal. benti á og viðurkenndi, að hefði verið brotin. Mun hann þar eiga við frv. frá 1946. Ég var þá í allshn. Ed., og þar hafði enginn neitt við þetta að athuga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur verið vitnað hér í löggjöf, sem samþ. var af þinginu rétt eftir að það kom saman eftir jólin í vetur. Ég tel þessa löggjöf svo sérstaks eðlis, að ekki sé hægt að vitna í hana eða taka hana sem fordæmi. Ég var ekki kominn til þings, þegar mál þetta var afgr., og tel mig því á engan hátt ábyrgan fyrir samþykkt þess. Nefndin gefur í skyn, að hún fari eftir ströngum reglum. Mér virðist, að reglurnar hér í Ed. stangist á við reglurnar í Nd., en það verður að samræma reglurnar í deildunum og báðar deildirnar hafa sömu löggjöfina að fara eftir. Hér hefur verið minnzt á það, að það sé varasamt að bæta miklu á frv., því að þá verði það fellt í Nd. Á því tel ég enga hættu, því að það er sýnt, að Nd. hefur miklu rýmri reglur en hér eru, og ef eins er ástatt með þetta fólk eins og það fólk, sem Nd. hefur samþykkt, þá virðist lítil ástæða til að óttast, að Nd. felli frv. Nú hefur Nd. samþykkt fólk frá Póllandi, Java, Austurríki, Þýzkalandi og enn fleiri stöðum, svo að ég nú ekki tali um Norðurlandabúa, sem við viljum manna helzt veita ríkisborgararétt.

En þá virðist mér ekki ástæða til þess að ætla, að alíslenzkum konum verði neitað um ríkisborgararétt. Þá hefur og verið minnzt á það, hvort þetta væri óhætt fyrir Ísland og hvort þetta sé viðurkvæmilegt. Hv. þm. Dal. viðurkenndi, að fordæmi væri fyrir þessu, og nefndi ekki, að nokkurt tjón hefði hlotizt af. Þessar konur, sem um er að ræða, hafa leitað heim til ættjarðarinnar og verða þar ríkisborgararéttarlausar. Séu þær utanlands, þá hafa þær rétt. Við eigum aðeins að ákveða, hvort þær eigi engan ríkisborgararétt að eiga heima í ættlandi sínu. Ég sé ekki fram á, að hægt sé að neita þessu og það því fremur, sem upplýsingar eru fyrir hendi um það, að sumir Íslendingar hafa ríkisborgararétt bæði hér og í öðru landi. — Um menn þá, sem hv. þm. Barð. leggur til, að fái ríkisborgararétt, liggja fyrir þær upplýsingar, að annar hefur lagt fram öll skilríki sem krafizt er, en hinn hefur unnið hér í 13 ár. Ég álít, að veita beri þeim ríkisborgararétt, sem fyrir liggja upplýsingar um, að fullnægi vissum skilyrðum, hafi t. d. verið hér í 10 ár og hvergi sé neitt við þá að athuga. Sé aftur á móti eitthvað athugunarvert í því sambandi, þá rannsaki nefndin það og gefi þinginu um það skýrslu. Hitt tel ég aftur á móti algerlega ósæmilegt, að ríkisborgararéttur sé veittur af handahófi. Þar verður að fylgja föstum reglum, og þær reglur verður að setja strax.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar í þessu sambandi til þess að gera eina fyrirspurn til lögfræðinga deildarinnar. Segjum nú, að einhver kona sé nú þýzkur ríkisborgari, af því að hún er gift þýzkum manni, síðan væri hún gerð íslenzkur ríkisborgari. Segjum svo, að þessi kona væri stödd í Englandi og eigi að sendast heim. Hvaða sendiherra á þá að sjá henni fyrir fé, og hvert á hún að sendast? *(HV:* Heim til sinnar fósturjarðar.) Ja, ég spyr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil minnast á brtt. á þskj. 362, sem ég ber fram, þar sem ég legg til, að Meinert, Mariu Önnu Elise skrifstofustúlku í Reykjavík, f. 6. des. 1901 í Þýzkalandi, verði veittur ríkisborgararéttur. Hún hefur unnið hér í 10 ár og æskir nú eftir að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Annars hef ég ekkert um þessa stúlku að segja, nema hún hefur aldrei lent í neinu því, sem blettað gæti mannorð hennar eða orðið til hindrunar í þessu máli. Þetta var a-liður, en b-liðinn hef ég beðið hæstv. forseta að taka aftur.

Forseti (BSt): Mér skildist, að ósk frsm. væri að fresta atkvgr. Ég vildi gjarna flýta málinu eins og hægt er, en verð þó að verða við þeirri ósk, nema allir vilji taka brtt. sínar aftur til 3. umr.*(GJ:* Er það í þeirri von, að þær verði samþykktar?) Meðal annars. — — Samkvæmt ósk nefndarinnar er atkvgr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 83., 84., 85. og 86. fundi í Ed., 7., 8., 19. og 22. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 23. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að skjöl þau, er ég sagði, að vantaði varðandi Svensson, er hv. þm. Barð. gerir till. um, að fái ríkisborgararétt, eru komin fram, svo að ég sé ekkert að athuga við þann mann út frá því sjónarmiði.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég lagði inn brtt. á þskj. 362, a- og b-lið, um að ríkisborgararéttur yrði veittur tveimur persónum. Stafl. b hef ég tekið aftur, en vildi minnast á stafl. a, þar sem farið er fram á, að Maria Anna Elise Meinert, fædd 6. des. 1901 í Þýzkalandi, fái ríkisborgararétt. Hún er búin að vinna hér verzlunarstörf í ellefu eða tólf ár og hefur verið hér heimilisföst allan tímann — ég held, að hún hafi einu sinni farið af landi burt á þessu tímabili. Ég var nokkuð við það riðinn, er hún sótti, og það var að vissu leyti mér að kenna, að skjölin voru ekki komin svo fljótt til dómsmrn. sem skyldi, og því verð ég að flytja þessa brtt. Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja. Ég veit ekki, hvort n. hefur kynnt sér þetta, en vona, að hún sjái, að engir meinbugir eru hér á ferðinni.

ATKVGR.

Brtt. 459,a samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJós, StgrA, ÁS, BÓ, BrB, BSt.

nei: GÍG, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BBen.

PZ greiddi ekki atkv.

4 þm. (EE, HV, HermJ, BK) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Upphaflega var lagt til í frv., að konur, er svipað stóð á um, fengju ríkisborgararétt, en þar sem Nd. vildi ekki fallast á það og ég tel málinu stefnt í hættu, ef því er þvælt milli d., segi ég nei, þó að ég annars hefði verið með.

Brtt. 459,b samþ. með 8:1 atkv.

— 453 samþ. með 7:2 atkv.

— 459,c samþ. með 8:1 atkv.

— 447 felld með 7:4 atkv.

— 456,a samþ. með 7:2 atkv.

— 445 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 456,b samþ. með 10:2 atkv.

— 362,a felld með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, GJ, JJós.

nei: ÞÞ, BBen, GÍG, LJóh, BSt.

SÁÓ, StgrA, ÁS, BrB, PZ greiddu ekki atkv.

4 þm. (BK, EE, HV, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Það liggja engar upplýsingar fyrir um þetta, og ég greiði ekki atkv.

Brtt. 362,b tekin aftur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 568).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 590).

---

20. Áburðarverksmiðja.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um áburðarverksmiðju [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. til l. um áburðarverksmiðju á Íslandi hefur verið lagt fyrir Alþ. nokkrum sinnum áður, í fyrsta skiptið 1935, og var þá ekki útrætt, í annað skiptið 1944, og kom þá heldur ekki til afgreiðslu. Þá var það lagt fyrir á þingi 1948, en varð mjög síðbúið og náði ekki heldur afgreiðslu, sem ekki var heldur von. Það, sem tafði undirbúning þess þá, var sú fregn, að í Ameríku væri farið að nota hálfunnið ammóníak beint frá áburðarverksmiðjum og væri það talið að ýmsu leyti hentugra og væri ódýrara en ef notaðar eru aðrar aðferðir, sem tíðkazt hafa. Taldi ég rétt að láta rannsaka þetta ýtarlega, áður en gengið yrði til fulls frá l. um þetta efni hér á Alþ. Hefur tíminn frá síðasta þingi og þangað til nú farið í að rannsaka þetta atriði, og þær rannsóknir benda á, að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir höfuðframleiðslu á öðrum áburðartegundum en þeim, sem við þekkjum nú þegar, sérstaklega ammóníaknitrötum. Á síðasta ári fór Jóhannes Bjarnason verkfræðingur af hálfu stj. til Bandaríkjanna til að kynna sér þær breyt., sem orðið hafa nú undanfarin ár í framleiðslu köfnunarefnisáburðar, sem eru allmiklar, og sömuleiðis til að kynna sér verðlag á áburðarverksmiðjum eins og það er að reisa þær í dag. Hann skilaði áliti eftir að hafa leitað upplýsinga hjá ýmsum helztu sérfræðingum í áburðarframleiðslu í Bandaríkjunum og þeim fyrirtækjum, sem hafa unnið að áburðarverksmiðjubyggingum undanfarin ár, og ekki aðeins í Bandaríkjunum, heldur víðar um heim. Fékk hann allýtarlegar og glöggar upplýsingar um byggingar- og rekstrarkostnað áburðarverksmiðja. Fékk ég síðan þá Ásgeir Þorsteinsson efnafræðing og Björn Jóhannesson, sem áður hafði unnið hvað mest af hálfu íslenzku stj. við að rannsaka og undirbúa þetta mál, m. a. í n., sem nýbyggingarráð skipaði á sínum tíma, til þess ásamt Jóhannesi að fara gegnum þau gögn, sem fyrir lágu, bæði um stofnkostnað og rekstrarkostnað, og umreikna sínar eldri áætlanir samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir lágu. Þeir skiluðu síðan áliti, og er niðurstöður þeirra að finna hér á bls. 6 í frv. Þeir reiknuðu sérstaklega út kostnað og rekstur áburðarverksmiðju, sem er miðuð við að vinna 5 þús. smál. af hreinu köfnunarefni á ári. Aðalniðurstaða þeirra var sú, að kostnaður við slíka verksmiðju með því verðlagi, sem nú er í heiminum, muni verða um 38 millj. kr., af því væri í erlendum gjaldeyri 17—18 millj. kr. Ég hef nú lagt fram f. h. ríkisstj. frv., sem gerir ráð fyrir því, að komið verði hér upp áburðarverksmiðju, sem framleiðir frá 2500 til 7500 smál. af köfnunarefni árlega. Fer ekki dult, að það á að stíga skrefið til fulls, ef við ráðumst í þetta fyrirtæki, og sníða verksmiðjuna við 7500 smál. afköst á ári. Þegar fyrst var rætt um verksmiðju, 1935, var miðað við mjög litla framleiðslu og sennilega eftir þörf okkar þá, innan við eitt þúsund tonn, eða 500—800 tonn af hreinu köfnunarefni, og í frv., sem ég lagði fyrir af hálfu ríkisstj. s. l. ár, er gert ráð fyrir a. m. k. 2500 tonna framleiðslu köfnunarefnis á ári.

Til þess að geta gert sér grein fyrir, hvaða stærð sé heppilegust, verður á ýmislegt að líta, fyrst og fremst á þörfina, eins og hún er orðin og verður á næstu árum, og það rafmagn, sem við teljum okkur hafa yfir að ráða á næstunni. En á síðari árum hefur áburðarþörfin aukizt stórlega og miklu meira en yfirleitt var gert ráð fyrir fyrir fáum árum. Er ekki vafi á, að mjög hefur lyft undir þær stórlega auknu ræktunarframkvæmdir, sem orðið hafa í landinu undanfarin ár, að stórvirkar vélar fluttust inn í landið og að stofnuð hafa verið ræktunarsambönd víðs vegar á landinu samkv. nýlegum l. Þau ræktunarsambönd ná til allra sveitahreppa nema eitthvað 13. En við þessar miklu framkvæmdir hefur komið fram stórkostlega aukin þörf fyrir áburð. Er alveg sýnilegt, að ef við getum ekki stóraukið á næstunni áburðaröflun frá því, sem nú er, þá stranda hinar stórvirku ræktunarframkvæmdir algerlega á því. Samkv. upplýsingum frá Áburðarsölu ríkisins mundu 2500 tonn af hreinu köfnunarefni nægja nú, ef fáanleg væru. En áburðarhörgull í heiminum gerir það að verkum, að við höfum ekki fengið nema nokkurn hluta þess, sem við höfum þurft, eins og aðrar þjóðir fá líka. S. l. ár fengum við ekki nema 1600 tonn af köfnunarefni. Nú í ár er búið að úthluta okkur 1800 tonnum, og er það að vísu heldur aukning, og þrátt fyrir það, að sums staðar hefur orðið að

minnka skammtinn, þar eð almennur skortur er á þessu efni. Þannig er sýnilegt, að þörf okkar eykst stórlega á næstu árum. Samkv. áætlun, sem Pálmi Einarsson gerði fyrir nokkrum árum um áburðarþörfina, á hún að verða 1955 komin upp í hér um bil 3600 tonn, þannig að sýnilegt er, að verksmiðja, sem hafizt væri handa um að byggja nú og ekki yrði fullbúin fyrr en árið 1952 eða 1953, mætti ekki vera langt undir 4 þús. tonna framleiðslu, til þess að hún væri nægileg til að svara eftirspurn nokkur næstu árin eftir að hún væri reist. Af þessari ástæðu tel ég, að ekki komi til mála að leggja af stað með minni verksmiðju en 5 þús. tonna framleiðslu af hreinu köfnunarefni. En við þetta bætist það, eins og skiljanlegt er, að eftir því sem áburðarverksmiðjan er stærri, verður hún tiltölulega ódýrari bæði að stofnkostnaði og sérstaklega í rekstri. M. a. má benda á, að 7500 tonna verksmiðja notar litlu eða engu meira vinnuafl en 2500 tonna verksmiðja. Er þegar af því sýnilegt, að stórkostlegur munur er á rekstri slíkrar verksmiðju til hagnaðar fyrir framleiðsluna, ef hún er stærri.

Ég hef látið gera nokkur áætlunaryfirlit yfir það, hvað gera mætti ráð fyrir, að áburðurinn kostaði, miðað við hinar ýmsu stærðir. Að vísu var þá þegar horfið frá því að reikna út kostnað fyrir 2500 tonna verksmiðju. En ef maður ber saman áætlun um kostnað á köfnunarefni framleiddu í 5000 tonna verksmiðju við sama í 7500 tonna verksmiðju, er munurinn æði mikill. Áætlun þremenninganna gerir ráð fyrir, að tonn af köfnunarefni, sem framleitt er í 5000 tonna verksmiðju, verði 1780 kr., en úr 7500 tonna verksmiðjunni 1410 kr. tonnið. Fyrir utan það sjónarmið að fá ódýran áburð, verðum við einnig að stefna að þeirri stærð á verksmiðju, sem við teljum okkur yfirleitt viðráðanlega og hentuga. Nú hefur verið reiknað út af þeim mönnum, sem sérfróðir eru í rafmagnsmálum, að eftir næstu fyrirhuguðu virkjun Sogsins væri hægt að fá næturorku, sem sérstaklega er reiknað með, og svo aðra orku fyrir verksmiðju, sem afkastar allt að 7500 tonnum. Og við það höfum við miðað áætlunina um stærð verksmiðjunnar, fyrir utan þau rök önnur, sem ég hef nefnt.

Ef gerður er samanburður á þeim áætlunum, sem fyrir liggja um þessa verksmiðju og verð áburðarins eins og nú er og hefur verið undanfarin ár, lítur sá reikningur þannig út: Eins og áður er sagt, er tonnið úr 5000 tonna verksmiðju 1780 kr., en tonnið úr 7500 tonna verksmiðju 1710 kr. En meðalverð á köfnunarefnisáburði, sem við höfum keypt undanfarin ár og eigum kost á að fá nú, er 2155 kr. tonnið á staðnum, þar sem það er keypt. Er því sýnilegt, ef þessar áætlanir standast, að líkur eru til, að við getum framleitt köfnunarefni, sem með núverandi verði stenzt samanburð við það útflutningsverð, sem áburðarkaupendur víða verða að sætta sig við. Það er engin fjarstæða að hugsa, að við getum fyrst um sinn flutt út áburð til annarra landa og þannig unnið okkur inn gjaldeyristekjur, sem fyllilega svara til þeirra gjaldeyrisútgjalda, sem fylgja því að reisa og kosta verksmiðjuna, og vel það. Ef allt það áburðarmagn, sem maður getur gert ráð fyrir, að verksmiðjan afkasti á ári, yrði flutt út, gæfi það gjaldeyri á tveimur árum, sem svarar þeirri upphæð, sem fer fyrir verksmiðjuna. Og þó að við seldum ekki nema helminginn, ætti það ekki að taka langan tíma, að þetta fyrirtæki greiddi sig upp gjaldeyrislega. Og skortur á köfnunarefni í heiminum er nú gífurlega mikill. Sérfræðingar í Bandaríkjunum töldu, að eins og sakir standa vantaði um milljón tonn af hreinu köfnunarefni, til þess að hægt væri að uppfylla allar þarfir heimsins eins og þær eru í dag. Að vísu má búast við, að hafizt verði handa á næstu árum um aukningu á köfnunarefnisframleiðslu almennt, og m. a. liggja fyrir skýrslur um það frá Marshall-nefndinni, að meginland álfunnar er að undirbúa slíkt. En þær skýrslur sýna sömuleiðis, að þær verksmiðjur, sem nú er hafizt handa um að koma upp á næstu árum, er gert ráð fyrir, að framleiði aðeins helminginn af þeirri þörf, sem fyrir er, eða um ½ milljón tonna, þegar þær eru fullbúnar, svo að það má gera ráð fyrir mjög miklum skorti á köfnunarefni á næstu árum í heiminum. Ætti það að styðja þá hugmynd, að við hefðum köfnunarefnisverksmiðjuna sem stærsta. Það eru líkur til þess, að þau ár, sem við þurfum til þess að verða færir um að taka á móti öllum þeim áburði, sem 7500 tonna verksmiðja framleiðir, verði markaður fyrir umframframleiðsluna með útflutningi í álfuna. Einu útflutningslönd fyrir tilbúinn áburð eru Kanada, Chile, Bretland, Noregur og Belgía. Bandaríkin flytja að vísu út tilbúinn áburð, en samt meira inn. Auk þess fer notkun á tilbúnum áburði mjög í vöxt í Bandaríkjunum. Það hefur til skamms tíma ekki þurft neinn áburð í hina frjóu mold, sem í notkun hefur verið í áratugi eða hundruð ára. En nú er komið í ljós, að það eru takmörk fyrir því frjómagni, sem jarðvegurinn getur látið í té, án þess að neitt sé veitt í staðinn. Fer því áburðarnotkun í vöxt í Bandaríkjunum með ári hverju. Sem mikil innflutningslönd í Evrópu á köfnunarefnisáburði má nefna Frakkland, Holland og Spán. Nú er talið í ár, að þau flytji ekki inn nema 47% af raunverulegri þörf.

Eins og ég sagði, virðist svo samkv. þessari áætlun, sem fyrir liggur, að framleiðsla köfnunarefnisáburðar verði mjög arðvænleg. Stafar það af því, hve eftirspurnin er geysileg, og verður það til þess, að verðið helzt mun hærra en annars væri, en eftir því sem framleiðslan vex, þá má gera ráð fyrir, að verðið lækki eitthvað, en það mun verða nokkuð langt þangað til komið er að því stigi, að útlendi áburðurinn verði ódýrari en sá, sem framleiða á hér heima. Við eigum fyrir nokkurri afskrift, þar sem annars vegar eru okkar verðlagsmál. Við erum neyddir til að laga á næstu árum okkar verðlagsgrundvöll, svo að hægt verði að framleiða samkeppnisfærar vörur, en um leið og hinn almenni verðlagsgrundvöllur verður lagfærður, þá lagfærist einnig starfsgrundvöllur þessarar verksmiðju, og það er ekki óeðlileg bjartsýni að ætla, að verksmiðjan geti orðið atvinnulega heilbrigt fyrirtæki. Auk þess, ef við komum upp verk-

smiðju sem þeirri, sem hér er lagt til, þá er það stórkostlegt sjálfstæðismál. Og fyrst og fremst er þetta trygging fyrir landbúnaðinn, sem vegna skorts á tilbúnum áburði hefur undanfarið hvergi fengið nóg, en getur nú tekið þörf sína alla hér heima. Eins er það stórkostlegur gjaldeyrissparnaður, ef verksmiðjan kemst upp og verður rekin með sæmilegri afkomu. Þá stuðlar það og að fjölbreyttara atvinnulífi, sem full þörf er á, og enn fremur má segja, að slík verksmiðjubygging yrði undirstaða annarrar efnaiðju eins og við sjáum dæmi um í öðrum löndum.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er í aðalatriðum svipað því frv. um áburðarverksmiðju, sem flutt var hér í þinginu í fyrra, og skýra greinar þess sig að mestu sjálfar. Ég vil þó gera örlitla athugasemd varðandi 2. gr. Þar segir svo.

„Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs innan lands eða utan. Verksmiðjan skal endurgreiða slík lán á 15 árum, að svo miklu leyti sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði. Vexti af lánum þessum greiðir ríkissjóður, að því leyti sem það telst nauðsynlegt, til að verð á íslenzkum köfnunarefnisáburði verði sambærilegt við erlendan áburð. Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist.

Nú samkvæmt áætluninni virðist ekki, að til þessa muni koma, en það er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að verðsveiflur komi yfir annað veifið, sem geri þessi ákvæði nauðsynleg, og því þótti rétt að slá þennan varnagla. Í 8. gr. eins og frv. var í fyrra, var gert ráð fyrir, að Áburðarsala ríkisins keypti alla framleiðsluna. En með því að nú er gert ráð fyrir stærri verksmiðju, jafnvel svo að til útflutnings geti komið, þá er ákveðið nú, að Áburðarsalan kaupi aðeins þann hluta, er seldur verði innanlands, og er það ekki lítil trygging fyrir verksmiðjuna að hafa þannig fastan kaupanda. Það, sem út kann að verða flutt, fer að sjálfsögðu gegnum utanríkisverzlunina.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara um efni frv. fleiri orðum, en það mætti segja, að það væri álitamál, hvort málið á að ganga til hv. landbn. eða hv. iðnn., því að þótt hér sé fyrst og fremst um að ræða stórmál fyrir landbúnaðinn, þá er hér einnig um iðju að ræða, en vegna þess að áburðarverksmiðjumál hafa jafnan áður hér í Alþingi verið hjá hv. landbn. og þetta er fyrst og fremst stórmál fyrir landbúnaðinn, þá legg ég til, að málinu verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það má kannske segja, að litlu máli skipti, í hvaða nefnd málið fari, en í fljótu bragði virðist mér augljóst, að málið eigi að fara til hv. iðnn., því að hér er fyrst og fremst um iðnað að ræða. Hins vegar býst ég alls ekki við, að málið verði á nokkurn hátt illa komið hjá hv. landbn., en mér finnast öll eðlilegheit mæla með því, að málið fari til hv. iðnn. — Það leikur enginn vafi á því, hve nauðsynlegt er, að þetta mál nái fram að ganga, enda hafa menn séð nauðsyn þessa máls fyrr, og nokkur frv. hafa verið flutt í þessa átt, en þetta er fullkomnast og gerir ráð fyrir stærstri verksmiðju samkvæmt því, sem menn hafa þreifað sig áfram með reynslu og umtali um áburðarþörfina. En þó kemur mjög til álita, hvort frv. geri ráð fyrir nægilega stórri verksmiðju, því að þótt hún framleiði 7500 smálestir á ári, þá verður það brátt of lítið. Hitt er annað mál, hvort við getum ráðizt í stærri byggingu, m. a. vegna þess að okkur skortir til þess raforku. En þótt verksmiðjan verði ekki nægilega stór, þá er lítil verksmiðja betri en engin. Það er kunnugt, að ræktun miðar ört áfram síðustu árin og það er ætlunin að halda áfram á sömu braut, sem m. a. má marka á hinni miklu eftirspurn eftir landbúnaðarvélum, svo að gera má ráð fyrir, að áburðarþörfin stóraukist á næstu árum. Annars er óþarfi að eyða mörgum orðum um þetta, en ég vildi óska þess, að athugaðir yrðu vandlega möguleikarnir á því að reisa verksmiðju, sem framleiddi meira en 7500 smálestir á ári.

Þegar frv. um sementsverksmiðju var til umr. á síðasta þingi, þá var ákveðin till. um það, að verksmiðjan skyldi vera í Önundarfirði. En í þessu frv. um áburðarverksmiðju er engin till. um staðsetningu hennar. Hæstv. landbrh. sagði þó, að hún yrði að fá raforku frá nýju Sogsvirkjuninni, og er það augljóst, að verksmiðja, sem þarf 8—10 þús. kw. orku, getur ekki fengið hana annars staðar að. Verksmiðjan hlýtur því að verða einhvers staðar á Suðvesturlandi, því að ekki kemur til mála að kosta dýra háspennulínu langar leiðir að verksmiðjunni. Um staðsetningu kemur náttúrlega ekki til mála að metast á eða togast, heldur verður að hafa það eitt í huga, hvar verksmiðjan verði bezt sett, og hefur mér að athuguðu máli helzt dottið í hug Þorlákshöfn í Árnessýslu. Verksmiðja sem þessi þarf að hafa greiðan aðgang að góðri höfn, en í Þorlákshöfn er nú verið að byggja hafskipabryggju, og mun það verða jafnsnemma, eða á árunum 1951—52, að höfnin verður fær stórum skipum og Sogsvirkjunin verður komin upp til að knýja áburðarverksmiðjuna. Það er og fleira, sem mælir með Þorlákshöfn. Hún er tiltölulega nærri orkuverinu, svo að þangað verður stutt leiðsla. Þá hefur það þýðingu í sambandi við staðsetningu áburðarverksmiðju, að mikið af áburðinum sé notað ekki langt frá. En það er einmitt á Suðurlandsundirlendinu, sem áburðarþörfin er mest og ræktunarskilyrði bezt, og sparaðist þá langur flutningur á áburðinum. Flutningur milli hafna er ákaflega dýr, en undanfarið hefur flutningskostnaðinum verið jafnað niður á allan áburðinn, og er ekkert nema gott um það að segja, en ef áburðurinn verður fluttur á milli hafna á kostnað verksmiðjunnar, þá hefur það ekki lítið að segja, hvort flytja þarf kannske ekki nema 30% eða kannske 60—70%. Það skiptir

miklu um verðið á áburðinum og rekstur verksmiðjunnar.

Nú mun einhver segja, að eðlilegast sé að reisa verksmiðjuna þar, sem nauðsynleg hráefni séu sem hendi næst. Víst er það, ef orkugjafinn og hráefnið er nálægt hvert öðru. Ég er ekki fróður um, hvaða efni eru nauðsynleg, en ég hef þó heyrt um þau tvö er mestu ráða, loft og vatn, og ég geri ráð fyrir, að með tilliti til hráefnisins sé um líkan kostnað að ræða, hvort heldur er austan fjalls eða vestan. En aldrei verður komizt hjá því að flytja áburðinn eitthvað til, og þá er nauðsynlegt, að verksmiðjan sé við góða höfn.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál, hvar verksmiðjan á að standa, verði vel athugað, og ég tel eðlilegt, að það verði gert áður en lögin verða sett. Ég hef fengið dálitlar upplýsingar um málið og eftir að hafa fengið þær og þar sem mér finnast öll eðlilegheit mæla með því, þá hef ég lagt til, að verksmiðjan verði staðsett á Þorlákshöfn. Ef ekki koma fram rök gegn því, þá mun ég flytja brtt. þess efnis ásamt kannske fleirum hv. þm. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þess verður að gæta, að við afgreiðslu þessa máls er tekin einhver veigamesta ákvörðun um það, hvort hér skuli rekin stóriðja eða ekki í framtíðinni. Það er ánægjulegt, að þetta frv. hefur komið fram, og það er einnig ánægjulegt hvað hin fyrirhugaða framleiðsla hefur aukizt frá því, sem var í frv. í fyrra, sem bendir til þess, að ekki sé aðeins gert ráð fyrir að fullnægja þörfinni innanlands, heldur verði hægt að flytja eitthvert áburðarmagn út. En það er tvennt athugavert í sambandi við þetta frv., sem vel þarf að aðgæta. Í fyrsta lagi er frv. hugsað án samhengis við raforkuframleiðsluna, og í öðru lagi er ekkert tillit tekið til framleiðslumöguleika Íslands sem stóriðjulands. Varðandi fyrra atriðið þá er það rétt í grg. verkfræðingsins, sem rannsakað hefur málið, þar sem hann segir, að á næstu 5—10 árum verði ekki til meiri raforka en sem nægi til að framleiða 7500 tonn af áburði árlega. En það á að ræða þessi mál í samhengi og gera um þau sameiginlegar áætlanir, en ekki rafmagnsmálin annars vegar og áburðarverksmiðjumálið hins vegar. Ef sýnt þykir, að praktiskara sé að byggja stærri verksmiðju en þá, sem nú er fyrirhuguð, þá verður að gera plan um stærri raforkuver. Það getur ekki gengið, að hæstv. ríkisstj. reikni með því sem einhverju óhjákvæmilegu fyrirbrigði, hversu mikil raforka sé til á hverju ári. Ef hæstv. ríkisstj. vill stækka verksmiðjuna, þá á hún að flytja till. um ný raforkuver. En sá galli er á frv. varðandi þetta atriði, að sú nefnd, sem á að samræma og stjórna heildarframkvæmdum ríkisins, hefur hér ekki starfað sem skyldi. Fjárhagsráð fékk það hlutverk að samræma heildarframkvæmdir næstu ára, en starf þess varðandi þetta mál er algerlega ófullkomið, því að alla heildarhugsun vantar. Ég hef t. d. orðið var við, að það hefur leyft fyrirtæki hér í Reykjavík, sem koma til með að gleypa mikið af raforkunni, og þetta er gert án þess jafnframt að ráðgera ný raforkuver, svo að ég er jafnvel hræddur um, að það sé engin trygging í því, þótt rafmagnsstjóri segi, að 1951—52 verði nægileg raforka handa 7500 tonna áburðarverksmiðju, þegar þannig er búið að leyfa önnur fyrirtæki, sem gleypa mikið af raforkunni. Í nál. mínu um frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit segir annars svo um þessi mál, með leyfi hæstv. forseta: „Einmitt vegna þess, hve fiskveiðar vorar geta verið stopular og auðlind sú, sem fiskimið vor nú eru, getur þorrið í framtíðinni, ef oss misheppnast að fá þau vernduð og meira eða minna einokuð fyrir sjálfa oss með milliríkjasamningum, þá er nauðsynlegt, að núlifandi kynslóð hagnýti þann auð, sem hún eys upp úr sjónum, til þess að skapa sem fullkomnast framleiðslukerfi á landi til hagnýtingar þeirra auðlinda, sem sjálf jörðin, fallvötnin og jarðhitinn er. Stóriðja á grundvelli ódýrrar raforku er raunhæft framtíðarmarkmið fyrir Íslendinga, sem nú þegar þarf að fara að gera að veruleika. Hún er lífsnauðsyn til þess að skapa jafnvægi í atvinnulíf vort og draga úr áhættum þess. Og stóriðja hér á landi á þessum grundvelli hefði einmitt nú á byltingatímum tækninnar því betri möguleika sem vér gætum byrjað með nýjustu og fullkomnustu tækni á hverju sviði. En skilyrði allra þessara framkvæmda er heildaráætlun um þær allar alllangt fram í tímann, ella getur farið svo, að óvænlegt þyki að ráðast í stærstu virkjanir af ótta við, að markað skorti fyrir raforkuna, og samtímis þori menn ekki að leggja í stóriðju, eins og t. d. áburðarverksmiðju, af því að rafmagnið sé of lítið og of dýrt eða markaðurinn of lítill fyrir það mikla magn, sem framleiða þyrfti til þess að fá ódýra áburðarframleiðslu. En hins vegar gæti rannsókn, miðuð við samfellda heildaráætlun, leitt í ljós, að með stórvirkjun, er tilbúin væri t. d. 1952—53, fengist nógu ódýrt rafmagn handa áburðarverksmiðju (og auðvitað fleirum stórfyrirtækjum), og að slík áburðarverksmiðja gæti verið samkeppnisfær, ef landbúnaðurinn hefði þá t. d. fimm eða tíu sinnum meira ræktað land en nú og garðyrkja og gróðurhúsarækt hefðu margfaldazt. Og með því að þessar framkvæmdir á öllum þessum sviðum fylgdust að, yrðu þær allar mögulegar, — en einangraðar hver út af fyrir sig yrðu þær hins vegar ef til vill alls ekki gerðar."

Mér er alveg ljóst, hvernig fara mundi um þær framkvæmdir, sem nú eru hafnar hér að stóriðju. Það fer þannig, að við kaupum dieselvélar, af því að raforkuframleiðslan er svo langt á eftir þörfinni og ekki eru gerðar nægilegar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til að flýta fyrir rafmagnsframleiðslunni.

Ég flutti þáltill. hér í fyrra ásamt hv. 6. landsk. þm. um viðbótarvirkjun Sogsins og Laxár, sem lokið skyldi við 1949. En við vitum, hvernig það er, það er jafnvel talað um, að þessar virkjanir komist ekki í kring fyrr en 1950 eða 1951. Við byggingu áburðarverksmiðju þarf að tengja aukna raforkuframleiðslu, annars verður raf-

magnsskortur og við þurfum að kaupa dieselvélar. Við höfum nú reist rafmagnsstöð hér við Elliðaárnar, sem kostar 20 millj. kr., en framleiðir rafmagn með olíu. Og þetta hefur verið gert af því, að við erum of seinir á okkur með raforkuframleiðsluna og hugsum of lítið um að auka stóriðjuna með því að auka raforkuframleiðsluna.

Þá tek ég eftir því í þessu frv., að það miðast að langmestu leyti við áburðarframleiðslu handa íslenzkum landbúnaði. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að hæstv. landbrh. hugsi frv. út frá íslenzkum landbúnaði fyrst og fremst. 2. gr. miðast við, að ríkið borgi það, sem á vantar, til þess að verð á íslenzkum áburði verði sambærilegt við erlendan áburð, og er þannig verið að tryggja kaupendur á kostnað ríkisins. En ég álít, að ekki eigi að hugsa út frá því, að verksmiðjan sé nálega eingöngu miðuð við þarfir íslenzks landbúnaðar. Ég álít, að þá fyrst sé gagn að verksmiðjunni, þegar ekki þarf að gefa með áburðinum. Að mínu viti þarf því að gerbreyta þessu frv. og rannsaka möguleikana á því að framleiða áburð í stórum stíl, svo að við *græðum á framleiðslunni, en þurfum* ekki að gefa með henni.

Við hér á Alþ. höfum öðru hverju talað um stóriðju, sem þyrfti að vera risin hér upp á árunum 1950—1960. Við höfum fyrst og fremst fossana sem orku, en hvaða hráefni? Við vitum um hráefnin, sem sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hafa upp á að bjóða. En ef við bætum við framleiðslugreinum, er að mínum dómi og margra annarra bezt að bæta við áburðarframleiðslu, nóg er af hráefni til hennar í loftinu, en fara t. d. ekki í alúmíníumframleiðslu, vegna þess að hráefni til þeirrar framleiðslu þarf að flytja inn í landið. Þá verðum við að ganga út frá áburðarframleiðslu í stórum stíl. Norðmenn hafa ráðizt í stórfelldar fossavirkjanir, af því að þeir vildu nota fossaafl til áburðarframleiðslu. Ég held því, að þegar við tökum ákvörðun um áburðarverksmiðju, þá verðum við að gera það upp við okkur fyrir fram, hvort við ætlum að framleiða í stórum stíl til útflutnings, eða aðeins 7500 tonna verksmiðju, sem eftir ein 10—12 ár gerir ekki betur en framleiða fyrir íslenzkan landbúnað einan, eins og við vonum, að landbúnaðurinn eigi fyrir sér að þróast á næstu árum, og eins og hæstv. landbrh. líka sagði. Verksmiðjan yrði þá svo að segja eingöngu fyrir þarfir innlends landbúnaðar, nema lítill hluti af framleiðslunni fyrstu árin. Hins vegar er það ekkert efamál, að miklu stærri verksmiðja framleiðir miklu ódýrari áburð, t. d. tífalt stærri verksmiðja, m. ö. o. áburðarverksmiðja, sem væri fyrst og fremst miðuð við það, að gera áburð eitt aðalútflutningsverðmæti okkar, næst á eftir sjávarútveginum.

Þjórsá er okkar dýrmætasta vatnsfall, og þar eru Urriðafoss og fossarnir við Búrfell langbeztu fossarnir til virkjunar, eins og oft hefur verið rætt um hér á hv. Alþ. Hvort tveggja Urriðafoss og Búrfellsfossarnir væru stórvirkjanir á erlendan mælikvarða. Og ef við ætlum að virkja Þjórsá, hvað ættum við þá að framleiða með þeirri virkjun? Varla færi allt það rafmagn til smáframleiðenda, það væri beinlínis ópraktiskt, enda þótt slík virkjun yrði smáframleiðendum afar mikilsverð vegna hins ódýra rafmagns, sem þeir fengju frá henni. En hvaða verksmiðju ætti þá fyrst og fremst að reisa við Þjórsá? Auðvitað fyrst og fremst áburðarverksmiðju. Mundum við ekki reka okkur á það, svona tveimur árum eftir að búið væri að stækka Sogsvirkjunina, að við værum farnir að hugsa um Þjórsá? Þar á fyrst og fremst að reisa áburðarverksmiðju, þessa áburðarverksmiðju. Ef hún væri reist annars staðar, mundi fljótt reka að því, að skortur yrði á rafmagni, en jafnframt mundi slík verksmiðja óbeint verða þess valdandi, að frekar yrði tregðazt við að ráðast í að reisa nýja stóra áburðarverksmiðju, því að það yrði óbeint til þess að eyðileggja gömlu verksmiðjuna og starfrækslu hennar, sem ekki gæti framleitt nærri eins ódýrt og nýja verksmiðjan, og menn mundu af skiljanlegum ástæðum skirrast við að gera eldri verksmiðjuna þannig óstarfhæfa og eyðileggja vélar hennar.

Við verðum að hugsa þetta ofurlítið fram í tímann. Er ekki rétt í sambandi við þetta frv. að athuga um ráðstafanir til að ráðast í stærri framkvæmdir en það gerir ráð fyrir og haga raforkuframleiðslunni í samræmi við það? Og þó að útkoman yrði sú, að við réðumst í að virkja Þjórsá samtímis viðbótarvirkjun í Soginu, þá get ég ekki séð, að það væri hundrað í hættunni, því að fossaaflið er okkar dýrmætasta afl og gengur næst sjónum umhverfis landið og sjálfri moldinni. Ég held því, að sú n., sem fær frv. þetta til athugunar, ætti að athuga þetta gaumgæfilega og láta Alþ. skera úr um það, hvaða höfuðstefna verði tekin upp í þessum málum, hvort reisa á verksmiðju við afgangsrafmagn frá Soginu, sem tiltölulega fljótt yrði skortur á, eða virkja Þjórsá. Til þess þarf mjög mikið fjármagn, það er rétt, og þá hlið málsins þarf að rannsaka sérstaklega. En ég bendi aðeins á í því sambandi, að ef ráðizt væri í tífalt stærri verksmiðju, sem framleiddi 75000 tonn í stað 7500 tonna, þá væri útflutningsverðmæti þeirrar framleiðslu um 150 millj. kr. Það er enginn vafi á því, að áburðarframleiðsla er fyrirtæki, sem borgar sig vel. Ég er andvígur því að hugsa þetta eingöngu sem gróðafyrirtæki. Hitt er þó vitað, að á erfiðleikatímum hafa auðhringar, sem verzla með áburð, beitt hörðum tökum, og í slíkum tilfellum er öruggast að hafa stóra verksmiðju, svo að við séum samkeppnisfærir við stórframleiðsluna í Evrópu.

Við minntumst á þetta mál hér í fyrra, og ég veit, að hæstv. landbrh. hefur hugsað mikið um það. Ég held, að það sé kominn tími til að reyna að gera þetta mál upp. Ég er nefnilega hræddur um, að á vissan hátt sé verið að kippa möguleikunum undan væntanlegri stóriðju hér, sem ég tel hiklaust bundna við áburðarframleiðslu, ef ekki verður ráðizt í stærri framkvæmdir en þetta frv. gerir ráð fyrir. Við Íslendingar höfum verið á fáum en stórum sviðum í útflutningi okkar, sbr. fiskveiðar okk-

ar, togaraútgerð og síldarverksmiðjur, og við höfum reynt að vera svo stórir í okkar tækni til þess að vera samkeppnisfærir á mörkuðum Evrópu, og ef við ætlum að hagnýta fossaflið, þá verðum við einnig að vera stórir á því sviði, við verðum að vera stórir á heimsmælikvarða á fáum sviðum, útflutningssviðum. Hins vegar mundi slík stórvirkjun fossaflsins gera okkur mögulegt að tryggja nóg og ódýrt rafmagn til landbúnaðarins og annarra neytenda hér á landi. — Ég vildi nú mælast til þess, að hæstv. landbrh. léti í ljós, hvort hann hefur nokkuð á móti því, að sú n., sem fær þetta mál, athugi um leið möguleika á að ráðast í stærri áburðarverksmiðju en hér er ráðgert. En ég vil taka það skýrt fram, að með slíkri athugun, eða ósk eftir athugun, er ég ekki eða vil ekki tefja fyrir því, að áburðarverksmiðja komist upp. Þótt ráðizt yrði í að byggja stærra en þetta frv. gerir ráð fyrir, ætti sú verksmiðja að vera komin álíka snemma upp, ef rannsókn væri hraðað og settur kraftur í þetta. En hvað snertir innflutning nauðsynlegs áburðar á meðan verksmiðjan kemst ekki upp, þá er hægt að kaupa hann utan Ameríku og utan við „Combined Foodboard" ef í það fer og lögð er á það aukin áherzla.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að stofnkostnaður verksmiðjunnar verði 45 millj., og auk þess, að ríkissjóður borgi undirballans vegna framleiðslu dýrari áburðar en kemur erlendis frá. Hér er því um stórt fjárhagsmál að ræða, og ég álít, að fjhn. eigi a. m. k. að fjalla um þetta frv. Mál, sem gera ráð fyrir jafngífurlegum fjárframlögum úr ríkissjóði, geta ekki farið í gegnum þingið án þess að koma til kasta fjhn. Hitt er rétt hjá hæstv. landbrh., að iðnn. og landbn. hljóta einnig að láta til sín taka. Ég teldi rétt að vísa frv. til fjhn. og hún hefði síðan samvinnu við landbn. og iðnn. um afgreiðslu þess, en án slíkrar samvinnu er óhugsandi að afgreiða slík stórmál.

Ég ætla auðvitað ekki að fara að ræða einstakar greinar frv. hér við 1. umr., en ég vil, að sú nefnd, eða nefndir, sem fær málið til meðferðar og afgreiðslu, athugi það og ræði mjög vel og ákveði stefnu Alþ.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir flutning þessa frv. Það var flutt hér í fyrra, en er nú flutt aftur í dálítið breyttri mynd. Og frá því að málið lá hér fyrir Alþ. í fyrra, hefur hæstv. ráðh. beitt sér fyrir ýtarlegri rannsókn í sambandi við það, bæði með því að senda sérfróða menn til Ameríku til að kynna sér þar nýjungar á þessu sviði og hafa samráð við þá menn hér heima, sem mesta þekkingu hafa á þessum efnum. Allt hefur þetta leitt til þess, að mér virðist við standa allmiklu fastari fótum nú en í fyrra í þessu máli. Nú er t. d. nokkurn veginn vitað, að framleiðsla fljótandi ammóníaks (hálfframleidds ammóníaks) sé ekki komin á það stig, að málið tefjist af þeim sökum, en um þetta leyti árs í fyrra leit svo út, að þessa nýjung þyrfti að taka með í reikninginn í sambandi við byggingu áburðarverksmiðju.

Ég ræði ekki mikilvægi áburðarverksmiðju fyrir landbúnaðinn, það er öllum svo kunnugt og almennt viðurkennt. Það vantar tilfinnanlega áburð, eins og hæstv. landbrh. sagði, og því miður er ég hræddur um, að það hefði litla þýðingu að senda hv. 2. þm. Reykv. út af örkinni til að ná í nokkra skipsfarma af áburði, þó að hann talaði digurbarkalega um, að það væri hægt að útvega meiri áburð en gert er. Það duga ekki eingöngu stór orð hér á Alþ. Við þekkjum hér þennan hv. þm., sem einn þykist vita allt betur en aðrir og slær um sig hér á öllum tungum með miklum bægslagangi. En það versta er, að enginn trúir því, sem hann segir, það er sett þannig fram, að ómögulegt er að trúa því.

Þá ætla ég að víkja að stærð verksmiðjunnar. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nákvæm rannsókn þyrfti að fara fram á því, hvort ekki ætti að reisa miklu stærri verksmiðju en hér er ráð fyrir gert, og sagði, að málið væri hugsað án samhengis við raforkuframleiðsluna. En það er nú ekki rétt, því að byggingin er ákveðin í sambandi við aukningu Sogsvirkjunarinnar, og stærðin einmitt miðuð við það, að rafmagn til verksmiðjunnar megi fá á þennan hátt. En ég er sammála 2. þm. Reykv. um það, að sjálfsagt sé að athuga möguleika á stærri verksmiðju og þá í sambandi við stærri virkjun, en ég tek það skýrt fram, að það má ekki verða til þess að slá málinu á frest um langan tíma. En eigi að fara að tala um að láta áburðarverksmiðjuna bíða eftir virkjun, sem væri svo stór, að enginn hefði hugsað raunhæft um hana enn þá, þá óttast ég, að það mundi slá málinu á frest um marga áratugi jafnvel. Þetta vil ég taka skýrt fram. Hitt er sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál, athugi alla þessa hluti, þó að sú athugun megi ekki verða til þess að fresta framkvæmd málsins.

Það er tiltölulega auðvelt að stækka þessar verksmiðjur. Það er því ekki rétt, að vélar 7500 lesta verksmiðju yrði svo til að afskrifa, ef framleiða ætti áburð í miklu stærri stíl síðar meir. Það má hafa fleiri samstæður undir sama kerfi, svo að full not yrðu að þeim vélum, sem fyrir væru, þó að verksmiðjan yrði síðar stækkuð. Mér skildist á hv. 2. þm. Reykv., að við ættum ekki að ráðast í áburðarframleiðslu nema í mjög stórum stíl væri, það væri ekki hagkvæmt. En rannsóknir þær, sem liggja að baki þessa frv. ríkisstj., sýna, að það er hagstætt að reisa 7500 lesta verksmiðju, en alls ekki minni verksmiðju. Hitt er náttúrlega alveg rétt hjá hv. þm., að sú stóra verksmiðja mun hafa meiri afkastagetu, en um leið minni framleiðslukostnað að einhverju leyti, en það er vert að athuga, að þessi stærð verksmiðjunnar, sem gert er ráð fyrir í frv., er talin heppileg að dómi sérfræðinga og að með henni munum við verða komnir upp á erfiðasta hjallann, hvað þetta atriði snertir, enda þótt stærri verksmiðja yrði ódýrari, hvað framleiðslukostnaðinn snertir. Það, sem ég vil leggja áherzlu á í þessu sambandi, er, að sá grundvöllur, sem nú er fundinn í þessu máli, verði ekki eyðilagður með hugmynd um miklu stórkostlegri framkvæmdir,

því að ég hygg, að það mundi draga málið á langinn um langt árabil.

Hv. 2. þm. Rang. mælti eindregið með frv., og erum við þar algerlega sammála. En hann eyddi alllöngum tíma í að ræða um staðsetningu verksmiðjunnar, sem ég tel ekki rétt að ræða mikið á þessu stigi málsins. Hv. þm. virtist vera búinn nú þegar að taka ákveðna ákvörðun um, hvar sé sjálfsagt að reisa áburðarverksmiðjuna, og vill láta reisa hana í Þorlákshöfn. Mér dettur ekki í hug að neita því, að komið geti til athugunar, hvaða skilyrði eru þar fyrir hendi, þótt ég viti ekki, hve fljótt gengur með örugga höfn þar. Mér þykir líklegt, að áburðarverksmiðjan komi einhvers staðar á hinu stóra og fagra Suðurlandsundirlendi. Þar eru sjálfsagt góð skilyrði og kannske beztu skilyrði fyrir hendi, og þar er mikill áburður notaður, þó að hins vegar það sé alveg ofmælt hjá hv. 2. þm. Rang., að langmestur hluti tilbúins áburðar sé notaður þar, því dettur engum í hug að halda fram, sem hefur litið í áburðarskýrslurnar. Það má þess vegna ekki koma með slíkar fullyrðingar sem rök fyrir því, hvar áburðarverksmiðjan eigi að rísa. Mig undrar þessar fullyrðingar hv. þm.

Ég tel það algerlega rétt í frv., að staðsetja ekki verksmiðjuna, því að við getum gert okkur grein fyrir, hvílík togstreita gæti risið upp milli einstakra þm. um það, hvar verksmiðjuna ætti að reisa, ef ætti að fara að ákveða það nú, en það verður vitanlega að taka það faglega, reikna það út með sérstöku tilliti til, hvernig hægast er að fá raforku og hráefni til verksmiðjunnar o. fl. því viðkomandi, t. d. að taka tillit til, eftir því sem mögulegt er, að þægilegt sé að dreifa áburðinum út um landið. Þetta er vissulega það, sem ber fyrst og fremst að taka til greina, og málið er vissulega ekki svo rannsakað enn, að ég eða aðrir hv. þm. geti fullyrt, að neinn staður sé sjálfsagðari en annar. Það hefur verið talað um Eyjafjörð í sambandi við Laxárvirkjunina, en nú er búið að tengja hana við Sogsvirkjunina væntanlegu, og tel ég víst, að það samband verði ekki slitið, a. m. k. með þessari stærð af verksmiðju, og geri ég ráð fyrir, að því verði ekki breytt og hún verði reist á hinu svokallaða umráðasvæði Sogsvirkjunarinnar, en þó svo nærri hafnarstað, að það valdi ekki erfiðleikum við dreifingu áburðarins. Þetta fannst mér ég mega til að taka hér fram við 1. umr. málsins. Ég held, að þessu máli sé ekkert gott gert með því að fara að þrefa hér á Alþ. um, hvar áburðarverksmiðjuna skuli reisa. Við verðum að treysta þar á sérfróða menn, sem munu taka allt slíkt til athugunar, þegar hafinn verður undirbúningur að þessum mikla framkvæmdum. Þótt hins vegar það geti verið ósköp eðlilegt, að einstakir hv. þm. setji fram sínar skoðanir og eftirlanganir í þessu efni, þá má það ekki tefja fyrir afgreiðslu þessa mikilsverða máls hér á hæstv. Alþ.

Hv. 2. þm. Rang. óskaði eftir, að málinu yrði vísað til iðnn., sem hann á sæti í, en þessu hefur alltaf verið, eins og hæstv. landbrh. tók fram, vísað til landbn. þingsins, og tel ég það í raun og veru eðlilegast, þó að hins vegar það gæti verið rétt, eins og hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að eðlilegt væri að fjhn. fengi þetta mál til athugunar. Ef á að fara að vísa slíkum málum sem þessu til iðnn., sem hafa verið hjá landbn., þá væri einnig eðlilegast, að mál eins og síldarverksmiðjumál færu einnig til iðnn., en ekki til sjútvn., en það dettur engum í hug, að slík mál eigi að fara til iðnn. að öðru leyti en því, að hún hefur fjallað um það líka. En það er ekki hægt að segja annað en það spái góðu fyrir málinu hér í þinginu, hvað hv. þm. virðast sækjast eftir því að fá málið í sína n.

Það er ósk mín og von, hver svo sem niðurstaðan verður með n., að þetta mál verði rannsakað og undirbúið af fullri alúð og gætni, án þess að inn í það verði sett nokkur hreppapólitík hér á Alþ., og reynt verði að afgr. það í heild án þess.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Rang. harmaði það, að í frv. skyldi ekki vera ákveðið, hvar áburðarverksmiðjuna skyldi reisa. Ég vil taka það fram, að það er með vilja gert að binda það ekki í frv., heldur fela væntanlegri n. eða stjórn verksmiðjunnar að ákveða það á sínum tíma í samráði við atvmrh. Ég skal þó geta þess, að staðsetning var töluvert athuguð af þeirri n., sem falið var að athuga slíkt. Ég átti sæti í þeirri n. Ég gerði þær athuganir með þeirri tilfinningu og ósk, að þær niðurstöður sýndu, að hagkvæmara væri að staðsetja þessa verksmiðju annars staðar en í Reykjavík, vegna þess eins, að mér er ljóst, að fullkomin þörf er að fá meira samræmi í atvinnulíf þjóðarinnar en nú er, þar sem þróunin virðist miða í þá átt, að meginhluti þjóðarinnar ætli að setjast að á einum stað. En eftir að búið var að ræða og rannsaka þetta mál, gat ég ekki neitað þeirri staðreynd, að það sýndi sig, að verksmiðja eins og þessi hlýtur að byggjast á Sogsrafmagni, vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að mikill hluti af raforkunni verði næturorka, afgangsorka, sem hvergi er til í eins ríkum mæli og út frá Sogsvirkjuninni eða virkjun, sem hefur yfir að ráða ekki minni raforku en Sogið. Þess vegna komst ég að þeirri niðurstöðu, að það væri heppilegast að staðsetja þessa verksmiðju þar, sem hægt er að ná til Sogsrafmagnsins. Það sýndi sig einnig, eftir nákvæma athugun, að heildarframleiðslukostnaðurinn mundi verða minnstur hér í nágrenni höfuðstaðarins. Er þá t. d. að athuga, að ef verksmiðjan er í nágrenni við stóran bæ, eru meiri líkur til, að hægt sé að komast hjá því að byggja sérstakan bæ fyrir starfsmenn, en það mundi auka stórkostlega útgjöld við þessar framkvæmdir, í staðinn fyrir að geta gripið til manna, sem búsettir eru á svæðinu, eins og gæti komið til mála í nágrenni Akureyrar og Reykjavíkur. En það var hins vegar, eins og ég hef tekið fram, ákveðið að setja ekki neinn ákveðinn stað inn í frv. til þess að losna við togstreitu innan hæstv. Alþ., sem mundi geta orðið til þess að tefja málið um of, og einnig til þess, að væntanleg stjórn eða nefnd gætu athugað það mál til hlítar, ef eitthvað nýtt gæti komið fram, sem breytti hinni fyrri niður-

stöðu. Hv. þm. talaði um, að hægt væri að flytja hráefnið hvert sem væri. Það er að vísu rétt, því að það er ekkert annað en vatn og loft og svo rafmagn, en fleira mun þó koma til greina.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi aðallega um stóriðju í sambandi við þetta mál, og hans hugleiðingar eru út af fyrir sig alveg réttar. Það er ekki nokkur vafi á því, að við þurfum að taka þau mál fyrir fljótlega og hvernig við eigum að skapa okkar innanlandsatvinnurekstur og útflutningsatvinnurekstur með fossaaflinu og iðjumöguleikum í landinu, og það er stórmál út af fyrir sig, en ég held, að það stangist ekki við þetta frv. Ég hugsaði töluvert um þessa hlið málsins, áður en ég ákvað þá stærð á verksmiðjunni, sem ég legg hér til.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sá galli væri á meðferð þessa máls, að það væri ekki hugsað samhliða um raforkuframkvæmdina, raforkuþörfina og áburðarþörfina. Þetta er ekki rétt hjá honum, vegna þess að raforkuþörfin, raforkuframkvæmdin og áburðarþörfin er bundin saman í þessu frv. Þær raforkuframkvæmdir, sem fyrir liggur að gera á næstu árum og við verðum að reyna að sjá okkur fært að gera, er fyrirhuguð virkjun á Soginu, sem áburðarverksmiðjustærðin hefur verið sniðin eftir. Hitt er svo annað, hvað stóriðju snertir, það mál höfum við ekki rannsakað enn þá, en ég hef aðeins aflað mér upplýsinga um það, hvað mundi þurfa langan tíma til þess að virkja meginhluta af Soginu, og hef ég fengið þær upplýsingar, að þótt við byrjuðum í dag á slíkum framkvæmdum og undirbúningi væri hraðað eins og hægt væri, þá tæki það að minnsta kosti 10 ár að fullvirkja Sogið, þannig að ef við ættum nú fyrst og fremst að byrja á athugunum og rannsókn í þessu sambandi og síðan á framkvæmdum, þá mundi það taka alltaf 15 ár, þar til komið væri á fót verulegri stóriðju. Og þessar framkvæmdir og verksmiðjur þeirrar raforku mundu kosta um 500 millj. kr., og auk þess mætti búast við, að þyrfti að byggja allstóra borg á þessu svæði, sem hér hefur ekki verið gert ráð fyrir í sambandi við þessa virkjun. Ég held þess vegna, að þetta séu tvö óskyld mál. En aftur á móti ef við nú reisum þá verksmiðju, sem hér er um að ræða, en byrjuðum í dag að rannsaka möguleika fyrir stóriðju, þá mun áburðarverksmiðjan vera langt komin að borga sig, þegar stóriðjuframkvæmdin er orðin að veruleika.

Ég er fyllilega sammála hv. 2. þm. Reykv. í því, að við þurfum fljótlega að snúa okkur að því að rannsaka möguleika fyrir stóriðjurekstri í sambandi við fossaaflið á Íslandi, en við getum hins vegar ekki beðið með að reisa þessa verksmiðju, nema okkur til stórtjóns, þangað til þeirri rannsókn er lokið, og við erum svo mikil börn á því sviði, sem að slíkri iðju lýtur, sem eðlilegt er, að ég álít mjög heppilegt fyrir okkur að afla okkur reynslu með þeim byrjunarframkvæmdum að reisa þessa áburðarverksmiðju, sem gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég þakka þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið hér í hv. d. Það má telja það gott fyrirheit um afgreiðslu málsins, að 3 n. þingsins skuli keppast um að fá það til sín. Ég trúi hverri n. sem er fyrir málinu, en ég vil þó heldur leggja til, að málið fari, eins og venja hefur verið, til hv. landbn. Hins vegar vil ég mælast til þess, að hvor n. sem fær málið til meðferðar hafi samráð við iðnn. og þá einnig við fjhn. um þau atriði málsins eins og hér hefur verið bent á.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við, að hæstv. landbrh. tæki hv. 2. þm. Reykv. á orðinu, ekki viðvíkjandi áburðarverksmiðjumálinu, sem hér er til umr., heldur út af áburðarþörfinni í landinu, sem hann gerði að umtalsefni. Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri hægt að fá nógan áburð fyrir næstu missiri. Mér finnst ekki nóg að kasta þessu fram, ég vil, að hv. þm. geri grein fyrir því hér í hv. d., því að þetta er svo mikið atriði, sem varðar landbúnaðinn, og þar sem það hefur líka verið upplýst af hæstv. landbrh., að ekki muni fást flutt inn til landsins næsta ár nema 1800 smál. af köfnunarefni, en það er vitanlega of lítið. Ég yrði því þess vegna feginn, ef þetta, sem 2. þm. Reykv. sagði, væri eitthvað annað en bara fleipur út í loftið, og ég vil mælast til þess, að hann geri grein fyrir þessu nánar. Vera má, að hæstv. ríkisstj. geti haft einhver not af þeim upplýsingum, sem hv. þm. gefur í þessu efni.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði áðan, að það mætti ekki fara út í hreppapólitík með þetta mál og ekki togast um það hér á hæstv. Alþ., hvar eigi að reisa þessa áburðarverksmiðju. Það, sem ég sagði um þetta mál áðan, var það, að ég hefði trú á, að heppilegt væri að reisa verksmiðjuna í Þorlákshöfn, og ég mundi flytja brtt. við frv. um að staðsetja verksmiðjuna þar, nema því aðeins að það kæmu svo sterk rök gegn því, að ég hættu við það af þeim sökum, en hingað til hafa þau ekki komið fram. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að við yrðum að fela það sérfróðum mönnum að segja til um, hvar heppilegast sé að reisa verksmiðjuna. Ég tel mig hafa fengið nokkrar þær upplýsingar, sem styðja þessa skoðun mína, og mun ég halda áfram að afla mér þeirra. Hvað sem annars má um togstreitu um mál segja, þá tel ég það skyldu þm. að þegja ekki hér á hæstv. Alþ. við afgreiðslu mála, ef þeim sýnist hún megi betur fara, heldur láti þeir sína skoðun í ljós, ef þeir hafa sannfæringu um það, að þeir hafi rétt að mæla. En ég skal taka það fram, að það var alls ekki meiningin að fara hér í óeðlilega togstreitu um þetta mál, enda tók ég það fram í upphafi.

Mér skildist á ræðu hæstv. ráðh. áðan, að það væri eitt atriði mikilsvert varðandi staðsetningu þessarar verksmiðju að hafa hana nærri Reykjavík, vegna þess að þá væri hægt að losna við að byggja íbúðir yfir starfsmenn verksmiðjunnar. Það má vera, að fljótt á litið geti það talizt heppilegt. En það er ekki heppilegt frá sjónarmiði þeirra manna, sem telja ekki æskilegt, að fólkið haldi áfram að streyma til Reykjavíkur. Það er ekki af óvináttu við Reykjavík, að ég mæli svo, en ég er þeirrar skoðunar,

að það sé hollara fyrir okkar þjóðfélag að dreifa fólkinu meira um landið heldur en að stuðla að því að safna því saman á einn stað, — en erum við ekki á þeirri leið einmitt núna? Er ekki svo komið nú, að ⅔ hlutar af þjóðinni eru komnir til Reykjavíkur? Það er þess vegna, að Reykjavík er talin stærsta höfuðborg í heimi miðað við fólksfjölda í landinu. Ef sú þróun á að halda áfram, sem verið hefur síðustu árin, þá er ekki langt að bíða, þar til helmingur þjóðarinnar er kominn til Reykjavíkur, og þá ekki mjög langur tími, þar til ⅔ hlutar þjóðarinnar eru komnir þangað. Hvernig erum við þá á vegi stödd hagsmunalega og menningarlega?

Ég hafði búizt við því, að hæstv. ráðh. hefði fram að færa sterkari rök gegn því, að þessi verksmiðja yrði ekki byggð í nágrenni Reykjavíkur en þau að spara í upphafi að byggja yfir verkamenn, sem eiga að vinna við verksmiðjuna. Það er þá meiningin að halda áfram fólksflutningunum til Reykjavíkur, og það er meiningin að byggja og byggja í Reykjavík, sem óhjákvæmilega styður að því að auka stöðugt fólksflutningana til Reykjavíkur. Hafa stjórnarvöld landsins enn ekki komið auga á þá hættu, sem af því mun leiða? Ég skal ekki um það segja, hvað aðrir hæstv. ráðh. hafa að segja í þessu efni, og það kann líka að vera, að hæstv. landbrh. hafi ekki svo sterka skoðun á þessu, þótt hann hafi slegið þessu fram áðan. Ég vil, að hann endurskoði afstöðu sína í þessu efni, ekki vegna þess, að ekki eigi að styðja viðgang Reykjavíkur, heldur til að koma í veg fyrir, að fólkið af landsbyggðinni haldi áfram að þjappast hér á þennan eina stað.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég sé ekki ástæðu til að segja mörg orð út af þessari langloku hv. 2. þm. Rang. út af staðsetningu áburðarverksmiðjunnar. Ég hef engu slegið föstu um stað fyrir verksmiðjuna. Það er látið óákveðið, eins og það var á sínum tíma með sementsverksmiðjuna. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem um þetta mál fjalla, geri sér grein fyrir, hvar verksmiðjan verði bezt sett bæði fjárhags- og atvinnulega fyrir hana sjálfa, hvar sé heppilegast að hafa hana vegna flutningskostnaðar við áburðarframleiðsluna og einnig þjóðfélagslega. Ég slæ engu föstu um það, hvort hún skuli verða nálægt Reykjavík, austur í Þorlákshöfn eða annars staðar. Það geta margir staðir komið til greina, og ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 2. þm. Rang. sé sá páfi, að hann geti komið með neinn óskeikulan úrskurð, hvar verksmiðjan verði bezt sett.

Hann var að minnast á, að ef verksmiðjan væri sett í námunda við Reykjavík, þá mundi fólk fyrir það halda áfram að streyma til Reykjavíkur. En gæti ekki verið, að þegar þar að kæmi, yrðu atvinnuskilyrðin þannig fyrir þann fjölda, sem hingað er kominn, að það þyrfti að skjóta einhverjum nýjum fótum undir atvinnulíf hér, til þess að fólk geti lifað hér án þess að efna hér til stórkostlegrar atvinnubótavinnu? Allt þetta verður að athuga, þegar tími er kominn til, og læt ég bíða að ræða um það nokkru frekar.

Það hefur víst farið fram hjá mér, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hægt væri að tryggja nógan áburð næsta sumar, ef eftir því væri leitað. Hann spurði einnig um, hvað gert hefði verið til að tryggja landinu nógan áburð. Það er þá það, að strax eftir nýár var sendiherra Íslands í New York skrifað og hann beðinn að beita sér fyrir því, að Ísland fengi tiltölulega stærri kvóta í áburðarverzluninni en verið hefði áður, og var tilfærð sérstaða Íslands í þessu efni. Þetta bar þegar þann árangur, að í stað þess að víða hefur verið lækkað áburðarmagn við önnur lönd, þá var það hækkað við Ísland úr 16 í 18 þús. tonn. Þetta létum við okkur ekki nægja, heldur fengum við Björn Jóhannesson til að semja greinargerð fyrir áburðarþörf okkar, sem var rökstudd með því, að ræktunin væri svo ný hjá okkur, að ekki væri hægt að bera þörf okkar saman við fyrirstríðsárin og það ástand, sem væri hjá öðrum þjóðum, þar sem löndin væru þrautræktuð. Magnús Magnússon, sem er fulltrúi í sendiráðinu, var hér á ferð. Hann tók við skýrslu Björns Jóhannessonar og hefur unnið síðan að því að fá áburðarkvótann hækkaðan. Nú kom bréf frá honum fyrir 2—3 dögum. Hann hefur haldið þessum málaleitunum áfram. Málið er ekki útkljáð, en verður haldið áfram. Þessi staður er svo að segja eini staðurinn, sem þýðir að snúa sér til, því að áburðinum er úthlutað öllum frá einum og sama stað, þar sem allir áburðarframleiðendur heims hafa skrifstofu til að skipta áburðinum. — Auk þess hefur verið snúið sér til Noregs og beðið um enn þá meira af áburði en við höfum fengið þaðan hingað til. Ég skal ekki segja, hvað út af því kemur, en hv. þm. má vita, að allt verður gert, sem hægt er, til að tryggja landinu nægan áburð.

Þetta er sú skýring, sem ég vil gefa út af þessari fyrirspurn hv. þm.

Einar Olgeirsson: Það gleður mig, að hæstv. atvmrh. skuli a. m. k. ganga inn á það, að sjálfsagt sé að taka til athugunar og rannsaka þessar hugmyndir, sem ég kom með um stóriðju á Íslandi, en hann kvartaði undan því, að tíminn væri dýrmætur og ef við færum nú að undirbúa slíkar stórframkvæmdir, þá tæki það allt of langan tíma. Það hefði verið æskilegt, ef hæstv. stj. hefði séð þetta dálítið fyrr. Í mínum brtt. við frv. til. l. um fjárhagsráð 1947 lagði ég til, að þetta yrði höfuðverkefni fjárhagsráðs. Brtt. hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráð skal undirbúa sem aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku og skal því leggja höfuðáherzlu á að láta fara fram nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabilinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem til rekstrar vel rekins landbúnaðar og fiskiðju. Skal hvort tveggja athugað til hlítar: að reisa stærstu vatnsvirkjunarstöð, er völ sé á með tilliti til framleiðslu mikillar ódýrrar orku, sem og að hagnýta gufuhverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir. Sérstaklega ber

fjárhagsráði að sjá um, að viðkomandi ríkisstofnanir láti rannsaka til fulls virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá.

Þá skal ráðið annast rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp, bæði til framleiðslu fyrir innlendan markað (svo sem áburðarverksmiðju) og til útflutnings, og skulu í því sambandi einnig rannsakaðir möguleikar til innflutnings til þess að vinna úr hér, svo og vinnslu hvers konar efna úr sjó."

Allar þessar tillögur voru kolfelldar af hæstv. ríkisstj. og fylgjurum hennar. Það var fellt, að láta fjárhagsráð fyrst og fremst rannsaka og undirbúa áætlanir um stóriðju á Íslandi, og ég er hræddur um, að fjárhagsráð hafi lítið unnið að þessu. Síðan er liðið hálft annað ár. Það er alveg eins og með togarana. Hæstv. stj. lætur tímann líða án þess að gera neitt. Svo kemur hún nú og segir, að það sé að tefja málið, ef á að fara að rannsaka það. Samt segir hæstv. ráðh., að rétt sé að rannsaka þetta mál nú, en það var hæstv. stj. ekki til í þá. Um það þýðir nú ekki að sakast, það er tapaður tími. En mig langar til að tala við þá, sem segja, að það þurfi að taka 10—15 ár að koma upp stóru raforkuveri og áburðarverksmiðju. Það þykir mér undarlegur hlutur. Það er auðvitað hægt að láta það standa yfir 20—30—50 ár með þeim seinagangi, sem er hér á hlutunum, en að það sé ekki tæknilega kleift að koma þessum framkvæmdum í kring á skemmri tíma en 10—15 árum, það þykir mér undarlegur hlutur. En fyrst hæstv. ráðh. vill láta þessar n. fjalla um málið, þá má ræða þá hlið betur síðar. Ég held, að það þurfi þá ekki að ræða málið miklu nánar nú. Ég vona, að n. rannsaki þessar hugmyndir, og svo má ræða málið nánar við 2. umr.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. minntist á, að ég hefði sagt, að það væri hægt að útvega nógan áburð nú, þá tók ég eftir, þegar hæstv. atvmrh. gaf sína skýrslu, að reynt hefði verið að afla nógu mikils áburðar, með hverjum hætti það var gert. Aðaltilraunin var sú, að ákveðinn diplomatiskur starfsmaður hjá sendiráðinu í Washington talaði við menn á skrifstofu þar vestra, sem úthlutaði öllum áburði heimsins. Er hæstv. stj. viss um, að allri áburðarframleiðslu heimsins sé ráðstafað gegnum þessa skrifstofu? Hefur hæstv. stj. gert ráðstafanir til að reyna að fá áburð keyptan hjá öðrum þjóðum, sem eru stórir áburðarútflytjendur? Mér er kunnugt um, að Sovétríkin framleiða mikinn áburð og flytja hann út í stórum stíl. (*Atvmrh.:* Ekki köfnunarefnisáburð.) Er hæstv. ráðh. viss um það? (*Atvmrh.:* Já.) Það skyldi þó ekki vera, að flutt hafi verið þaðan 40 þús. tonn til Þýzkalands. Það ætti að rannsaka vel og fá lagt fyrir þingið, hvaða tilraunir hæstv. stj. hefur gert til að fá slíka samninga. Ég skal ekki fullyrða, hvað út hefur verið flutt af hverri tegund, en hitt er vitað, að Sovétríkin hafa flutt stórkostlega mikið áburðarmagn til annarra landa.

Það má einnig á það benda, að Vestur-Þýzkaland framleiðir nú þegar mikið af áburði. Það má mikið vera, ef ekki er hægt að fá samninga við Þjóðverja um slíkan útflutning, þó að nokkur skortur sé þar á áburði nú á þessu ári. Það fer eftir því, hvað mikil viðskipti við höfum við þessar þjóðir, en bágt á ég með að trúa því, að ekki sé hægt að útvega þessi 2—3 þús. tonn, sem við þurfum, ef verzluninni væri hagað með það fyrir augum að ná í það. Ég veit, að hæstv. ráðh. vill gefa skýrslu um þær tilraunir, sem hafa verið gerðar til að kaupa þennan áburð. Mér þætti vænt um að fá upplýst, hvaða tilraunir hafa verið gerðar til að fá þennan áburð keyptan hjá Sovétríkjunum, en ég er hræddur um, að það hafi verið látið nægja að tala við þessa einu skrifstofu í Bandaríkjunum.

Annars álít ég það undarlega pólitík hjá Bandaríkjunum, að úthluta Íslandi svo litlum áburði. Ég veit, að það er sérstök pólitík, sem Bandaríkin fylgja með því að takmarka áburðarsölu til Evrópu. Það er til þess að minnka kornframleiðslu þessara landa, svo að samkeppnin við Ameríku verði þar minni. En hér á Íslandi er engu líku til að dreifa. Íslendingar framleiða ekkert korn, svo að áburðarútflutningur hingað verður ekki til að auka samkeppnina á kornmarkaðinum við Bandaríkin eða Kanada, svo að það er aðeins af skriffinnsku, ef ekki er gengið inn á þessa málaleitun Íslands.

Ég álít, að ef áburðarverzlun á Íslandi væri frjáls, væri hægt að útvega þann áburð, sem þarf. En meðan stj. einokar áburðarverzlunina, er hægt að segja við bændur: Það er ekki hægt að fá þetta. En svo má deila um það hér í þinginu, hvort þetta hefði ekki verið hægt með því að stjórna landinu öðruvísi eða með því að gefa verzlunina frjálsa.

Út af orðum hv. 1. þm. Skagf., núverandi hæstv. forseta, vil ég segja það, að ég hef reynt að gera samninga fyrir Íslands hönd, og ég hef getað sannað með staðreyndum, að það hefur verið hægt að gera slíka samninga. Það þýðir því ekkert að koma með það fram fyrir þm., að það sé ekki hægt að gera slíka samninga. Ég hef sýnt, að það er hægt, og ég álít, að það ætti eins að vera kleift með áburð eins og aðrar vörur.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins skýra hv. þm. frá því, að ég fékk þessar upplýsingar, hvað langan tíma tæki að fullvirkja Sogið, frá raforkumálastjóra, sem hefur verið beðinn um þessar upplýsingar.

Um þá stofnun, sem úthlutar áburðinum, vil ég taka það fram, að hún er stofnsett af Sameinuðu þjóðunum, og ég veit ekki betur en að Rússar séu í henni líka. Það hefði því ekki verið hægt að ganga fram hjá þeirri stofnun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á. 8. fundi í Nd., 29. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 14:6 atkv.

Á 49., 56. og 57. fundi í Nd., 24. jan., 1. og 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 4. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 16, n. 246 og 312).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það er orðið langt um liðið síðan meiri hl. landbn. gaf út sitt nál. varðandi frv. til l. um áburðarverksmiðju. Hefur málið oft verið á dagskrá, en beðið hefur verið eftir, að minni hl. skilaði sínu áliti. Það var verið að útbýta því nú, á sömu stundu og hæstv. forseti tók málið til umr., en þar sem nál. minni hl. er alllangt og ýtarlegt, liggur það í hlutarins eðli, að ég get ekki rætt málið neitt út frá því á þessum fundi, þar sem enginn tími er til að kynna sér það, sem þar er fram tekið. Þetta vildi ég aðeins taka fram, en vil að öðru leyti lýsa störfum landbn. varðandi þetta frv. og lýsa þeim brtt., sem meiri hl. hennar flytur við frv. á þskj. 246.

N. kvaddi til viðtals við sig fyrst og fremst þá menn, sem stóðu að undirbúningi frv., eins og það var í fyrstu lagt fram af hæstv. ríkisstj., þ. e. þá Ásgeir Þorsteinsson forstjóra, Björn Jóhannesson jarðvegsfræðing og Jóhannes Bjarnason framkvæmdastjóra, en þeir hafa að mestu leyti starfað að samningu frv., og fylgir frv. álitsgerð þeirra, sem hv. þdm. hafa sjálfsagt kynnt sér. Í viðtölum landbn. við þessa menn kom ekkert nýtt fram, annað en dálítið fyllri upplýsingar, en annars aðeins nákvæmlega það sama og umsögn þeirra í frv. byggist á. Að vísu kom það fram, að það hafa orðið dálítil mistök við áætlun á raforkuþörf í einni áætlun þeirra, þar sem þeir áætla rekstrarkostnað við 5000 smál. verksmiðju, en í raun og veru skiptir það ekki miklu máli, hvað þetta atriði snertir. Í öðru lagi kvaddi svo n. til viðtals við sig þá Jakob Gíslason raforkumálastjóra og Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra. Ég sé, að í nál. minni hl. eru allýtarleg bréf og útreikningar frá þessum mönnum, en ég get vitanlega ekki rætt það nú né athugað, á hverju þetta byggist eða hvort í nál. eru nokkrar nýjar upplýsingar, umfram þær, sem þeir gáfu n. En það, sem þeir voru sérstaklega spurðir að í þessu sambandi, var, hvort þeir teldu, að hægt væri að tryggja áburðarverksmiðju með 5—10 þús. smálesta ársframleiðslugetu raforku með þeirri viðbótarvirkjun, sem nú er fyrir hendi hér við Sogið. Sérfræðingarnir svöruðu þessu játandi, en þó með þeim fyrirvara, að ef til vill yrði að fara fram viðbótarvirkjun, og því fyrr, þeim mun stærri sem verksmiðjan væri, eins og vitanlega gefur að skilja. Þeir bentu á það, sem landbn. var og sammála um, — ég hygg líka minni hl., — að ekkert vit væri í því að byrja á byggingu áburðarverksmiðju, af hvaða stærð sem væri, nema það sé algerlega tryggt fyrir fram, að nóg raforka fáist um eitthvert ákveðið árabil, sömuleiðis, að nógu snemma sé séð fyrir viðbótarvirkjun, þannig að aldrei þurfi að standa á því, að verksmiðjan geti starfað, vegna raforkuskorts, en jafnframt að hafa hitt í huga, að hún má ekki taka raforku frá nauðsynlegum iðnfyrirtækjum og almennum notum. Ég vil lýsa því yfir, að meiri hl. n. leggur á það megináherzlu við áframhaldandi undirbúning þessa máls, ef frv. verður samþ., að ríkisstj. gæti þess, að ekki verði ráðizt í að byggja áburðarverksmiðju, nema fyrir þessu sé séð. Hins vegar er meiri hl. landbn. samþykkur því, að mikil þörf sé hér fyrir iðjuver eins og þetta, og mundi viðhorf landbúnaðarins breytast geysimikið við það, einkum á þann hátt, að miklu öruggara yrði með því, að nægilegt áburðarmagn fengist til áframhaldandi ræktunar og til þess að hafa nægilegan áburð á hið ræktaða land, jafnvel þó að okkur sé það ljóst, að áburðarþörfinni er ekki fullnægt með köfnunarefninu einu, því að við þurfum einnig kalí og fosforsýru, en þó svo sé, þá er það þó bæði hvað stærð og verð snertir geysilega stórt atriði til þess að gera landið sjálfbjarga á þessu sviði, að framleiddur sé köfnunarefnisáburður hér innanlands. Ég vildi sérstaklega leyfa mér að taka þessi atriði fram varðandi þann grundvöll, sem þetta mál hlýtur að byggjast á, en það er raforkuþörfin, og að það liggi alveg ljóst fyrir, hvað vakir fyrir landbn. viðvíkjandi þessu atriði. Hitt kemur n. svo ekki inn á í þessu sambandi, hvort nægileg raforka fáist við viðbótarvirkjun Sogsins eða hvort jafnvel þurfi rafmagn annars staðar frá. Það er ekki verkefni n. út af fyrir sig, eins og gefur að skilja.

Ég mun svo koma að brtt. landbn., á þskj. 246. 1. brtt. n. er við 1. gr. frv., og er um það, að í staðinn fyrir, að í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir, að stærð verksmiðjunnar sé miðuð við það, að framleiðslugeta hennar sé 2500—7500 smál. af köfnunarefni, þá gerir n. það að till. sinni, að ársframleiðslan verði 5000—10000 smál. Við ræddum allmikið um þetta við þá sérfræðinga, sem við kvöddum á fund okkar, hvað verksmiðjan mætti vera minnst, til þess að hún gæti orðið samkeppnisfær miðað við verð tilbúins áburðar flutt erlendis frá. Og þó að þeir slægju þann varnagla, að ekki væri hægt að gefa ábyggilegar upplýsingar um þetta, þá hafa þeir þó í sinni greinargerð bent nokkuð á þetta. Það virðist liggja í augum uppi, að því stærri sem verksmiðjan er, þeim mun ódýrari verði hver eining af köfnunarefninu, sem hún framleiðir, og það voru allir sammála um, að það kæmi ekki til mála að byggja nokkurn tíma það litla verksmiðju, að hún væri aðeins miðuð við 2500 smál. framleiðslugetu. Allt annað kemur fram, þegar verksmiðjan er komin upp í 5000—10000 smál. ársframleiðslugetu. Þá er sá munur, sem verður á framleiðslukostnaði hverra 1000 t., mun minni. Við fáum því ódýrari áburð, því meiri sem ársframleiðslan er. Það er síður en svo, að allir nm. hafi litið sömu augum á þetta, jafnvel meiri hl. n. leit dálítið misjöfnum augum á, hvað rétt væri í þessu efni. Sumir nm. meiri hl. lögðu meiri áherzlu á það en aðrir, að verksmiðjan yrði sem stærst, einmitt út frá því sjónarmiði, að rekstrarkostnaður á hverja einingu í lítilli verksmiðju yrði það mikill, að hætt væri við, að hún gæti ekki staðizt samkeppni við sömu vöru erlendis frá. Það varð

því að samkomulagi í n. að leggja til, að þessi takmörk yrðu sett, frá 5000—10000 smál. Ég skal geta þess, og ég held, að það hafi verið álit okkar allra í meiri hl., að við óttumst það, að tilgangslaust muni vera, á þessu stigi málsins að gera ráð fyrir, að meginframleiðslan frá þessu iðjuveri verði til útflutnings. Við lítum svo á, að þessi verksmiðja eigi fyrst og fremst að fullnægja þörf Íslands fyrir köfnunarefnisáburð, eins og nú er og eins og sú þörf verður á næstu árum. Auk þess getur svo verið um nokkra umframframleiðslu að ræða, sem þá er hægt að nota til útflutnings. Við reyndum að afla okkur upplýsinga um það, ef byggð yrði verksmiðja með 3000—7000 eða 10000 smál. ársframleiðslu, hvort ekki væri hægt að nota hana sem hluta af stærra iðjuveri, ef ákveðið væri að stækka verksmiðjuna síðar, t. d. upp í 20000—30000 eða jafnvel 50000 smál. framleiðslugetu. Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum, er hægt að nýta mjög mikið af verksmiðjuvélunum að fullu í stærri verksmiðju, þannig að ef það reyndist hagkvæmara að stækka þá verksmiðju síðar að fenginni reynslu, sem fyrst yrði byggð, þá er það síður en svo, að þeim peningum sé á glæ kastað, sem verksmiðjan yrði í fyrstu byggð fyrir. Meiri hl. n. vill leggja áherzlu á það, að þeir hlutar verksmiðjuvélanna, sem síður kæmu að gagni í stærri verksmiðju, yrðu að einhverju leyti miðaðir við meiri framleiðsluþörf. Meiri hl. n. þorði ekki, — það þykir kannske ekki karlmannlegt að segja svo, en stundum verður maður að láta þá litlu skynsemi, sem manni er gefin, stjórna því, sem maður segir, — hún þorði ekki að leggja til, að ráðizt yrði í að byggja áburðarverksmiðju með margra tuga þús. smál. ársframleiðslugetu köfnunarefnis. Þá yrði 70—80% framleiðslunnar byggt á útflutningi. Þekking meiri hl. landbn. og flestra hv. þm. er mjög takmörkuð á þessum hlutum, en hins vegar vitum við vel, hvernig yfirleitt hagar til í öðrum löndum um framleiðslu köfnunarefnis, hvernig sú framleiðslugrein er einokuð af stórum hringum, sem brjóta undir sig þá, sem vildu keppa við þá. Og eins og nú háttar um framleiðslu hér hjá okkur, þá óttuðumst við, að það gæti verið hættulegt að leggja svo geysimikið fjárframlag sem þarna um ræðir í verksmiðju til þess að hugsa um stórkostlegan útflutning á þessari einu vöruteg und. Við miðuðum því okkar till. um stærð verksmiðjunnar við það, að hún fullnægði innanlandsmarkaðinum um nokkurt árabil, en yrði þó dálítill útflutningur á því, sem um fram væri. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa fyrstu brtt., en þar sem það var einkum þetta atriði, sem mér virtist valda því, að hv. 8. þm. Reykv. skildi sig frá okkur, þá vildi ég taka okkar afstöðu fram eins greinilega og ég hef séð mér fært. Eins og ég tók fram, var skoðun meiri hl. dálítið skipt um þetta atriði, og verða hv. meðnm. mínir að gera grein fyrir sinni afstöðu, ef ég skyldi ekki að öllu leyti hafa farið rétt með sjónarmið meiri hl. almennt.

Næsta brtt. n. er við 4. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að landbrh. skipi verksmiðjustjórnina þremur mönnum til 4 ára í senn. Landbn. gerir það að till. sinni, að þessir nefndarmenn verði ekki skipaðir af ráðh., heldur kosnir með hlutfallskosningu í Sþ. til sama tíma, 4 ára. Ég skal taka það fram, fyrir mitt leyti, að ég legg ekki mikið upp úr þessari brtt. Ég hef tekið eftir því, að í l. um sementsverksmiðju er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi þrjá menn í verksmiðjustjórn.

3. brtt. er við 5. gr. Greinin er umorðuð lítils háttar, en í raun og veru er þar ekki um efnismun að ræða. Meiri hl. n. þótti heppilegra að orða gr. öðruvísi. Í frv. stj. er upphaf 5. gr. svona, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvenær og hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.“ Telur n. ástæðulaust að orða þetta svona, því að ekki sé hægt að vita með vissu, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar mundi ákveða þetta, þar sem hún gæti verið úr sögunni, áður en að því kæmi, og þess vegna eðlilegra að orða þetta eins og gert er í brtt.

Loks er hér brtt. við 8. gr., síðari málsgr. Höfum við lagt til, að því verði breytt, sem í frv. stendur, en það er svo: „Skal áburðarsalan í byrjun hvers árs gefa verksmiðjustjórn til kynna áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi það ár.“ Þetta er hugsunarvilla. Áburðarsalan á að gefa upplýsingar um áburðarþörfina innanlands, en ekki magnið, er framleiða skuli. Því er lagt til af okkur, að frv. sé komið í það horf, sem í brtt. segir: að áburðarsalan láti „verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.“ Nefnilega á að gefa upp þörfina. Till. kom fram í n., að það mætti leggja niður áburðarsöluna. Yrði það heppileg ráðstöfun, því að skynsamlegt væri, að verksmiðjan sjálf annaðist söluna, þegar eigi þyrfti að flytja lengur áburðartegundir til landsins. En nm. voru sammála um að bera enga brtt. fram í þessa átt. Við vitum ekki, hve langt mun líða, þar til er svona verksmiðja er komin upp. En ég vildi geta þessa við umr., því að sumir nm. hafa hug á að fylgja till. eftir.

Ég hef þá lýst brtt. meiri hl. landbn. við frv., og viljum við að lokum láta í ljós, að hér er um mikið og merkilegt mál að ræða. Er sjálfsagt að reisa hér áburðarverksmiðju. Allt virðist benda til þess, að margar þjóðir muni reyna að tryggja sér næga áburðarframleiðslu í eigin landi, og samkv. upplýsingum, sem fengizt hafa, munu margar áburðarverksmiðjur verða byggðar í Evrópu, er mun vera orðin sjálfri sér nóg eftir 3—4 ár varðandi áburðarþörf sína, en ekki fyrr. En austur í Asíu eru fyrirhugaðar miklar nýræktarframkvæmdir, og mun því verða mikill markaður fyrir áburð þar, þó að þau lönd freisti framleiðslu áburðar sjálf. Mér virðist því litlar líkur vera til þess, að við getum selt viðskiptalöndum okkar í Evrópu. Ég held, að verði að leita lengra burt, þar til að iðjuverin eru komin upp, þau er fullnægja muni þörfinni.

Ég man nú ekki eftir fleiru í svipinn, sem ástæða er til að taka fram. Mun ég kynna mér nál. minni hl., en hann mun nú brátt skýra frá sérstöðu sinni.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að ganga fram fyrir skjöldu og tala á undan minni hl., en mun aðeins tala örstutt. En það, er veldur því að ég kveð mér hljóðs, er þetta. Án þess að frv. sjálfs sé gætt né heldur, hversu gott má þykja að ákveða, að framleiða skuli áburð hér á landi við kostnaðarverði, þá eru í frv. athugaverð atriði, sem hæstv. ríkisstj. ætti að bera fram brtt. um. Annars mun ég bera fram brtt. við 3. umr. Ég vil nefna t. d. ákvæðið í 2. gr. frv., sem er á þessa leið: „Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs innanlands eða utan." Ég skil það ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. getur lagt til, að valdið yfir skuldum ríkisins erlendis sé tekið úr sínum höndum og lagt í hendur einhverrar n. Ég held, að hér hafi verið farið að af miklu fljótræði, og vil því beina því til hæstv. ráðh., þess er málið kemur undir, að hann endurskoði þetta fyrir 3. umr. Ef hann er þessu hins vegar ekki sammála, mun ég flytja brtt. um að nema burt úr frv. ákvæðið um heimild þessarar n. — Fleira er í frv., sem ég vil gera aths. við. Ég vil t. d. benda á, að í 5. gr. er sömu n. fengið vald í hendur til þess að ákveða, hvar verksmiðjan skuli reist. Ég kann illa við, að Alþ. afsali sér valdi um slík fyrirtæki og feli það sérstakri n., er skuldbinda megi ríkið. Ég sé, að hæstv. ráðh. er genginn út. Ég hygg, að hann sé viðriðinn þetta mál. Nei, fyrirgefið. Ég sagði þetta af því, að hæstv. samgmrh. hefur faglega þekkingu á málinu sem verkfræðingur, hvað kostnaðinn snertir. En þá beini ég orðum mínum til hæstv. landbrh., því að ég veit, að undir hann koma þessir hlutir, að hann taki þetta til athugunar, og vil ég helzt ekki þurfa að fara að bera fram brtt. Er betra, að þetta komi frá hæstv. ráðh. sjálfum, og ég vænti þess. Það er ekki hægt að fela einni n. milljónaútgjöld ríkisins. Því síður er hægt að taka þá ákvörðun úr hendi Alþ., hvort ríkið skuli safna skuldum erlendis, og vísa henni til n. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. sé sömu skoðunar í þessu. Ég veit, að hver sá maður, er væri ráðh., mundi kjósa menn með þá ábyrgðartilfinningu í n., að engin hætta þyrfti að vera á ferðum.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Ég hélt, að frsm. meiri hl. mundi minnast á það, að í landbn. voru allir sammála um, að þetta væri hið mesta þjóðnytjamál í raun og sannleika, og einnig hitt, að undirstaðan væri raforkan. Leiðir skildust hins vegar fyrst og fremst af því, að ég hef álitið, að hér væri ekki nægilega séð fyrir þessu og stærri átaka væri þörf, enda ber samning frv. það með sér, að þetta hefur ekki verið tekið til greina. Gert er ráð fyrir að reisa 2500 tonna verksmiðju. Öll n. telur þetta ekki koma til greina. En hugsunin er sú, að stærð verksmiðjunnar eigi að miða við rafmagn það, sem til hennar kann að fást frá Sogsvirkjuninni, og sé eigi unnt að fara lengra en í frv. og nál. meiri hl. felst. Þetta álít ég, að sé ekki rétt. Allir þeir sérfræðingar, sem við þetta hafa fengizt, hafa látið uppi reikninga sína, hve mikið þurfi til verksmiðjunnar. Síðan slitnaði upp úr samstarfinu í n. hef ég svo fengið umsagnir manna, að eftir því sem virkjuninni mun miða áfram skv. áætlunum, þá muni hún ekki verða örari en þörfin heimtar. Ráðið er því, þegar ráðizt er í svona stórt fyrirtæki og arðbært, að menn mega ekki vera smátækir, og þetta stórþrifafyrirtæki á að vera hlekkur í þróun stóriðjunnar hér á landi, og verður að ráðast í sérstaka virkjun, til þess að sá þröskuldur verði ekki í vegi hennar. Nú, — svo eru það þá rafmagnsmálin. Þau eru byggð sérstaklega upp fyrir þörf fólksins í kaupstöðum landsins. Þessi þróun er eigi örari en svo, að ævinlega hefur verið hungur eftir rafmagni frá Sogsvirkjuninni. Eftir að ríkið tók við virkjuninni, en því er ég eigi sammála að öllu leyti, er rétt að ætlast til þess, að það taki stóran þátt í kostnaðinum við iðnaðinn. Takmarkið er að gera stærri átök. Þetta er það fyrst og fremst, sem á að gera. Ég verð að játa það eins og hv. frsm. meiri hl., að ég hef enga tækniþekkingu á málinu, og verð ég því að tala út frá því, sem mér finnst eiga að gera skv. fyrirliggjandi reikningsáætlunum. En upphaflegur ágreiningur í n. spratt af orkuþörfinni. Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. um 50—60 þús. tonna verksmiðju. Eftir upplýsingum frá raforkumálastjóra er ekki hægt að hafa verksmiðjuna stærri en 40 þús. tonna, og því lagði ég einmitt fram brtt. um 30—40 þús. tonn. Ég hélt í fáfræði minni, að Urriðafoss gæti staðið undir 6 sinnum stærri verksmiðju en Sogið. Ef þetta er ekki kleift, er það sama og að leggja málið í gröfina, — ég endurtek það. Yrði farið að því, sem í frv. stendur, hlytu önnur fyrirtæki og aðrar iðngreinir að verða hart úti. Í frv. stendur, að fara eigi upp í 7500 tonn. En áburðarverksmiðjunefndinni hefur eigi þótt taka því að reikna rekstrarkostnaðinn af 2500 smál. verksmiðju. Nú hefur verið gerður reikningur yfir rekstur 5000 smál. verksmiðju og annarrar 7500 smál. Sýnir hann, að rekstur hinnar stærri er mun arðvænlegri en hinnar minni og framleiðslukostnaður hennar er um 10% lægri. Með enn meiri stækkun verður svo rekstur verksmiðjunnar æ ódýrari en sem svaraði lækkun rekstrarkostnaðarins við 2500 tonna stækkun verksmiðjunnar. Eftir þessu lækkar framleiðsluverðið alltaf samkvæmt tölunum: Tonnið af köfnunarefni kemst niður í 1133 kr. fyrir 30000 smálesta verksmiðjuna úr 1410 kr. fyrir 7500 smálesta verksmiðjuna. Þetta, sem ég sagði, var gert til þess að fá samþykki hv. n. í málinu, en ég held, að málið verði eigi til eins mikilla þjóðþrifa og það liggur hér fyrir í heild sinni. Ég skrifaði raforkumálastjóra, Jakob Gíslasyni, bréf, og hann sendi aftur rafmagnsstjóra, Steingrími Jónssyni, fyrirspurnir varðandi málið. Ein spurningin var þess efnis, hvort markaður yrði fyrir allt rafmagnið frá nýju Sogsstöðinni, þegar hún væri tilbúin, án þess að áburðarverksmiðjan tæki nokkuð af því. Verður að treysta niðurstöðum hans, þar sem segir svo — með leyfi hæstv. forseta: „Vöxtur raforkunotkunar í Reykjavík var frá fyrsta rekstrar-

ári, 1922, fram til 1936, meðan Elliðaárstöðin var ein, 7.5% á ári að meðaltali, sem hvert ár var hærra en næsta ár á undan. Frá 1937, eftir að Sogsvirkjunin tók til starfa, til ársloka 1948 hefur vöxturinn verið að meðaltali nær 25% á ári. Meðalvöxtur frá 1922—1948 hefur verið 14% til jafnaðar, en það svarar til nærri 4-földunar á hverjum áratug. Ef því sami vöxtur verður áfram eins og meðaltalið hefur verið 1922—1948, er þörf á, að allt Sogið verði virkjað á einum áratug, enda þótt ekki komi til áburðarverksmiðja." Segir hann að endingu, að spurningunni megi tvímælalaust svara játandi. Þetta er svo mikilvægt atriði, að með þessu er fengið úr því skorið, að sé eigi beinlínis tekin upp ný virkjun, þá er þetta fyrst og fremst óframkvæmanlegt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 7. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason) [Frh.]: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. gerði ég að mestu grein fyrir afstöðu minni hl. landbn. í þessu máli, og hef ég í rauninni ekki neinu við það að bæta og get vísað til þess og nál. minni hl. n., sem er allýtarlegt, ásamt fylgiskjölum sérfræðinga þeirra, er leitað var til. Mér er ljóst, að þetta er það stórt mál, að til þess þarf sameiginlegt þjóðarátak, en ég er líka sannfærður um, að það mun takast, ef allir verða samtaka.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég vil segja, að ég er í aðalatriðum sammála þeim brtt., sem meiri hl. n. ber fram við frv.

Frá því fyrsta að við Íslendingar lögðum fram frv. um að koma upp áburðarverksmiðju, höfum við alltaf orðið sammála um að hafa hana æ stærri og stærri, eftir því sem við höfum hugsað málið lengur. Fyrsta uppástungan var 500 tonn, sú næsta mun hafa verið 1200 tonn, þriðji áfanginn 2500 tonn, og nú erum við komnir upp í að hafa lágmarkið 7500 tonn. Byggist þetta á því fyrst og fremst, að fyrst þegar farið var að ræða þessi mál, var notkun hins erlenda áburðar svo lítil, að okkur hætti við að miða afköst verksmiðjunnar við það, sem þá var flutt inn. En þessi áburðarþörf hefur aukizt hröðum skrefum, og það hefur verkað á till. um stærð verksmiðjunnar, og nú er komið það langt, að gert er ráð fyrir að framleiða töluvert meira áburðarmagn en líkur eru á, að áburðarþörfin verði hér á næstu árum, afkastagetan er jafnvel áætluð allt að helmingi meiri en áburðarþörfin. Nú er gert ráð fyrir, að við þurfum 2500 tonn af köfnunarefnisáburði, en með aukinni ræktun er áætlað, að 1953—54 muni þörfin vera orðin 3600—4000 tonn og svo síhækkandi úr því. Það má því gera ráð fyrir því, að verði verksmiðjan sett hér upp fljótlega, þá þurfum við að flytja allmikið af framleiðslunni út fyrstu árin eða áratugina. Misjafnar skoðanir eru að vísu á því, hvort treysta megi á markaði fyrir köfnunarefnisáburð, en allar líkur benda þó til, að þörfin verði allmikil í næstu framtíð. Nefnd, sem vinnur að úthlutun áburðar í Ameríku, taldi, að köfnunarefnisáburðarþörfin væri einni milljón tonna meiri en framleiðslan. En nú er þó fyrir dyrum mikil aukning á köfnunarefnisáburðarverksmiðjum á meginlandinu og talið, að köfnunarefnisáburðarþörfinni geti orðið fullnægt árin 1953—54, en þessar áætlanir eru byggðar á till. hinna ýmsu landa í sambandi við Marshall-aðstoðina, og víða eru slíkar áætlanir gerðar til hins ýtrasta, og má búast við, að ekki gangi alls staðar eins og áætlað er, svo að þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru líkur til þess, að áburðarþörfin verði allmikil fyrst um sinn. Þannig getum við verið allöruggir um nokkurn markað, a. m. k. fyrstu árin, sem verksmiðjan starfar, er við þurfum helzt á útflutningi áburðar að halda. Ég get því verið sammála hv. n. um að hækka hámark framleiðslunnar úr 7500 upp í 10000 tonn. Að ég setti ekki hærri tölu í frv., stafaði aðallega af því, að sú Sogsvirkjun, sem áformuð er, er ekki meiri en það, að hún geti gefið orku fyrir 7500 tonna verksmiðju eða rösklega það, en nú er annar virkjunaráfangi áætlaður, sem mun gefa ⅔ af því, sem nú stendur fyrir dyrum, svo að það má hugsa sér að byggja þannig, að nokkur hluti verksmiðjunnar sé miðaður við 10 þús. tonn, en t. d. vetnisvinnsluhlutann, sem er dýrasti hlutinn og auðveldast að bæta við, mætti miða við 7500 tonn og reka hann þannig fyrstu árin, meðan verið er að leysa úr raforkuþörfinni, sem skapast við það, að verksmiðjan er sett inn á hina nýju virkjun Sogsins. — Um aðrar brtt. frá meiri hl. hv. n. get ég verið fáorður. Þær eru yfirleitt til bóta, a. m. k. sú síðasta, því að það ákvæði 8. gr., sem hún snertir, á ekki heima í frv., eins og nú er gert ráð fyrir, en var sett inn í frv., þegar ekki var gert ráð fyrir neinum útflutningi.

Þá vil ég gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 5. þm. Reykv. og þá aðallega varðandi 2. gr. frv., en orðalag hennar er m. a. á þá leið, að ef fjárveitingar samkv. fjárl. hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, þá sé verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs innanlands eða utan. Þetta þótti hv. þm. ógætilegt og of mikið vald fengið verksmiðjustjórn, og get ég verið honum sammála um, að svo megi líta á, að verksmiðjustjórn sé fengið ærið vald, en ákvæði eru þó í frv. um það, að til skuli koma samþykki ríkisstj., áður en verksmiðjustjórn hefst handa um þessa hluti. En ég get gengið til móts við hv. þm. um það að setja ákvæði inn í frv., sem skýrt taki fram, að samþykki ríkisstj. skuli áskilið, áður en þær ráðstafanir, sem ræðir um í 2. gr., eru gerðar, eins og það er háð samþykki ríkisstj., hvort verkinu skuli hleypt af stokkunum eða ekki.

Þá vil ég snúa mér ofur lítið að aðalbrtt. frá hv. minni hl. n. og skal segja það strax, að út af fyrir sig játa ég, að það væri æskilegt, ef við Íslendingar sæjum okkur fært að ráðast í slík stórvirki, sem hv. minni hl. leggur til í sínum till., en þá um leið er málið komið á annan og

nýjan grundvöll. Málið, eins og það er nú, er tilraun til þess að leysa aðkallandi vandamál landbúnaðarins svo fljótt sem auðið er. En með þeim brtt., sem fyrir liggja frá hv. minni hl., þá er málið fyrst og fremst orðið stóriðjumál, sem að vísu kemur landbúnaðinum að notum, og því verður ekki neitað, að áburðurinn yrði talsvert ódýrari frá svona stórri verksmiðju, en sá galli er á gjöf Njarðar, að allar líkur eru til, að málið geti tafizt um ófyrirsjáanlegan tíma, ef horfið væri að ráði hv. minni hl. Fyrst og fremst er þá um að ræða fyrirtæki, sem að áliti hv. minni hl. sjálfs mundi kosta á þriðja hundrað milljónir króna, og auk þess er gert ráð fyrir að virkja Urriðafoss, og þarf þá að kaupa til þess réttindi í Þjórsá, þannig að sýnt er, að gífurlegt fjármagn þarf til þess að framfylgja till. hv. minni hl. n. Gert er ráð fyrir í nál. hv. minni hl., að virkjun Urriðafoss og verksmiðjubygging á grundvelli þeirrar virkjunar mundi taka 6—8 ár, en sérfræðingur, sem ég hef rætt við, telur, að slíkar framkvæmdir mundu taka a. m. k. 10 ár, frá því að undirbúningur væri hafinn og þar til virkjun og verksmiðja væru upp komnar, og væri þó um óvenjulegan hraða í framkvæmdum að ræða. Ef því leið minni hl. er valin, þá er málinu frestað um 8—10 ár, og á meðan þurfum við að kaupa áburð erlendis frá og láta þar fyrir af hendi gjaldeyri í síauknum mæli. Til hins standa vonir með þeim undirbúningi, sem þegar er hafinn um viðbótarvirkjun Sogsins, að sú verksmiðja, sem frv. gerir ráð fyrir, geti verið tilbúin eftir 3—4 ár, svo framarlega sem fjármagn fæst til, en ef það reynist örðugt að fá fjármagn til að reisa verksmiðju fyrir 10000 tonn með virkjun, sem þegar er undirbúin, hversu örðugt mun þá ekki verða að fá fjármagn til þess að reisa það tröllfyrirtæki, sem hv. minni hl. leggur til, að gert verði. Ef áburðarverksmiðja, eins og frv. gerir ráð fyrir, yrði komin upp eftir 3—4 ár, þá eru líkur til, að á næstu 5—6 árum væri hún búin að borga sig gjaldeyrislega, og er þá fengin undirstaða áframhaldandi starfsemi í þessum efnum, ef við treystum okkur til. En eins og ég benti á, er málið fært yfir á annan grundvöll með till. hv. minni hl. Hv. minni hl. leggur til, að hafizt verði handa um stóriðju til útflutnings aðallega, í stað þess að reisa minni verksmiðju til þess fyrst og fremst að fullnægja þörfinni innanlands, þar sem þó verði stuðzt við útflutning á umframframleiðslu fyrst í stað. Ég neita því ekki, að till. hv. minni hl. snerta eitt af stærstu málum okkar Íslendinga, sem sé það, að okkur takist að koma okkur upp stóriðju sem fyrst. Þótt við séum ánægðir með gæði okkar íslenzku moldar og bjartsýnir á auðlegð hafdjúpanna, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að við eigum þriðju auðlindina, en það er sú mikla orka í fossum og hverum, og ef við erum menn til að nytja þetta land, þá verðum við að beina þessari orku til að þjóna framleiðslunni, og í framtíðinni munu þessar auðlindir fossa og hvera verða þriðji máttarstólpinn, sem þjóðlíf okkar hvílir á, í viðbót við hina tvo, er ég gat um áðan, en ég tel málið ekki nægilega undirbúið til þess að ákveða nú stóriðju og það endilega á áburði. Margt fleira kemur til greina, t. d. magníum og aluminium, og þarf þetta allt stórkostlegan undirbúning. Við þurfum að afla okkur sérfræðinga til að annast rannsóknir á því, á hvaða sviði við eigum helzt að beita okkur að stóriðju, hvað sé líklegast til árangurs og hvað líklegast til þess að tryggja öryggi í atvinnuháttum landsmanna. Það er því hæpið að leggja nú út í fyrirtæki, eins og hv. minni hl. leggur til, því að áður en það er gert, þarf einnig að tryggja örugga markaði fyrir framleiðsluna, því að það er grundvallaratriði til þess, að verksmiðjan geti borið sig. — Þegar ég mæli á móti till. minni hl., þá er það ekki af því, að ég sé andvígur þeirri stefnu, sem þar er tekin upp, en ég tel, að ekki eigi að nota þetta mál til að skjóta hugmyndinni um að reisa á allra næstu árum áburðarverksmiðju til hliðar og á frest, en með till. hv. minni hl. tel ég þeirri hugmynd komið fyrir kattarnef um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég legg því til, að hv. d. sjái sér fært að ganga frá málinu eins og meiri hl. hv. landbn. hefur lagt til, en að ekki verði lagt út í það ævintýri, sem hv. minni hl. leggur til, og tel, að hefjast beri handa um alhliða rannsókn á verðmætum og auðæfum landsins og fá till. sérfræðinga um það, hvernig vandamálin skuli leyst. Ég skal geta þess, að ég átti tal við ungan og mjög efnilegan, íslenzkan verkfræðing, sem setzt hefur að úti í Ameríku. Hann er þar í mjög miklu áliti, og hefur hann lokið verkfræðinámi í ýmsum greinum, en hugur hans hefur staðið til Íslands eins og fleiri manna í hans aðstöðu. Þessi ungi maður sagði mér, að það væri sérstök námsgrein, sem kennd er við ameríska skóla, sem hann hefði áhuga á að kynna sér, en það er að rannsaka orku- og auðlindir hvers einstaks lands. Hvatti ég hann til að nema þessa grein og gerast síðan starfsmaður sinnar þjóðar og taldi, að honum yrði í því skyni veittur styrkur héðan að heiman. Hann vissi þá ekki, hvað hann mundi gera, og hef ég ekki fylgzt með honum síðan, en einhverja slíka rannsókn, sem hann gat um við mig, þurfum við, áður en Alþ. gengur frá því frv., sem bindur þjóðinni þyngri bagga en hún áður hefur borið og gerir ráð fyrir framkvæmdum, sem óvíst er, hvort við erum menn til að leysa af hendi. Hins vegar, ef reist verður verksmiðja eins og hv. meiri hl. leggur til, þá er það verksmiðja, sem er algerlega frambærileg og samkeppnisfær að stærð, og þá erum við komnir á nauðsynlegan grundvöll. Og þegar búið er að reka slíka verksmiðju í nokkur ár, þá höfum við öðlazt nokkra þekkingu á verksmiðjurekstri, þannig að við getum byggt þar ofan á og tekið stærri skrefin síðar. Slík verksmiðja yrði góður skóli, sem við getum notað, á meðan við leitum frekari þekkingar, sem við síðar gætum notað til þess að koma upp verksmiðjurekstri í enn stærri stíl. — Ég vildi mæla með því, að d. sæi sér fært að standa með þeim till., sem hv. meiri hl. landbn. leggur hér til málanna.

Einar Olgeirsson: Ég held, að með þeim till., sem hér liggja fyrir frá minni hl. landbn., sé

verið að stíga, ef þær verða samþ., stærsta spor, sem við höfum stigið til að undirbyggja okkar atvinnulíf í framtíðinni. Ég mun nú reyna að færa sönnur á það, að ef till. meiri hl. landbn. verða samþ., mundi ekki verða leyst þetta aðkallandi vandamál, eins og hæstv. atvmrh. var að tala um. Ég mun reyna að sanna það, að útreikningarnir, sem byggt er á viðvíkjandi raforkunni, miðað við litla áburðarverksmiðju, fái ekki staðizt. Ég held, að það sé svo þýðingarmikið fyrir hv. d., að rannsaka þetta mál til hlítar, sem hér liggur fyrir frá minni hl. landbn., að það sé ákaflega illa farið, svo framarlega sem þær till. hlytu ekki samþykki d. nú. Ég hef satt að segja undrazt það nokkuð hér undanfarið á Alþ., hvernig farið hefur verið að viðvíkjandi okkar gjaldeyrismálum af hálfu landbúnaðarins og þeirra, sem honum eru sérstaklega hlynntir. Það hefur verið samþ. hver till. af annarri, sem fer fram á mjög mikil gjaldeyrisútgjöld vegna landbúnaðarins, eins og t. d. till. um innflutning landbúnaðarvéla og jeppabifreiða. Það er einnig vitað, að landbúnaðurinn þarf mikinn gjaldeyri vegna fóðurbætisinnflutnings og með vaxandi vélnýtni aukinn innflutning á benzíni, vélahlutum og nýjum vélum, sem eru ákaflega þýðingarmiklar fyrir landbúnaðinn. Hann kemur til með að þurfa á næstu árum í vaxandi mæli útlendan gjaldeyri, en skilar svo að segja engum í staðinn, vegna þess að hann framleiðir svo að segja eingöngu fyrir innanlandsmarkaðinn. Hins vegar hefur svo ekki komið að heita má nein till., sem neitt kveður að, um að tryggja landbúnaðinum gjaldeyri til að greiða þessa hluti með. Og sama virðist vera upp á teningnum hvað snertir heildaráformin viðvíkjandi þjóðfélaginu sem slíku. Það eru gerðar vaxandi ráðstafanir til innflutnings vegna landbúnaðarins, en engar ráðstafanir gerðar til að auka neitt að ráði frá því sem nú er útflutningsframleiðsluna. Í því sambandi vil ég benda á það, að meira að segja þær till., sem hér liggja fyrir frá ríkisstj. og meiri hl. landbn. um áburðarverksmiðju, þær eru markaðar af þessum sama ranga hugsunarhætti. Áburðarverksmiðja, eins og hún er hugsuð af ríkisstj. og meiri hl. landbn., mundi þýða það, að til að byrja með yrði einvörðungu framleitt það, sem við Íslendingar þyrftum sjálfir að nota af áburði. Nú er það hins vegar vitanlegt, að við þurfum að flytja inn fleiri tegundir af áburði en köfnunarefnisáburð, þannig að við þyrftum vaxandi gjaldeyri til viðbótar fyrir öðrum áburðartegundum. Á sama tíma er gert ráð fyrir í áætlun ríkisstj. að byggja sementsverksmiðju, sem framleiði 75 þús. tonn af sementi. Við skulum segja, að þó að ekki yrði notað nema ⅔ til húsbygginga af þessu, þá þýðir það sama og það, að við byggjum eins mikið og við höfum mest byggt áður. Hins vegar er vitað, að af þeim gjaldeyri, sem þarf til húsbygginga, fer ekki nema 1/10 hluti til sementsverksmiðju og í hennar framleiðslu er meiri parturinn útlent hráefni. Þegar við þess vegna, eftir áætlun ríkisstj., stæðum uppi með sementsverksmiðju, sem framleiddi 75 þús. tonn, og áburðarverksmiðju, sem framleiddi 7500 tonn, þá mundum við þurfa að flytja inn meira af áburði, öðrum en köfnunarefnisáburði, heldur en áður, og miklu meira en við gerum nú af alls konar öðru efni, sem þarf til húsbygginga, en sementi. Þessar verksmiðjur kalla óhjákvæmilega á mjög aukinn innflutning, ef framleiðsla þeirra á að koma að gagni. Móti þessum stórkostlega aukna innflutningi eru svo engar ráðstafanir gerðar til að auka útflutninginn, að undanskilinni fyrirætluninni um að flytja inn 10 nýja togara. Ég álít þess vegna, að svo framarlega sem ekki verði tekin ákvörðun nú um stórfellda, aukna útflutningsframleiðslu Íslendinga nú á næstu 5—6 árum, þá komi, þegar kemur fram að árunum 1950—60, grundvöllurinn fyrir okkar efnahag til með að brotna undan okkur, og við komum þá ekki til með að hafa þann gjaldeyri, sem við þurfum til þess að geta fullnægt lífsskilyrðum þjóðarinnar nú og með vaxandi fólksfjölgun eða til að geta haldið í fullri drift þeim tækjum, sem við erum að fá inn í landið. Ég álít, að svo framarlega sem verður ekki nú, í ársbyrjun 1949, hugsað fyrir útflutningsframleiðslu vegna þessara hluta, þá komi að því, að það verði mikill skortur á gjaldeyri. Þetta er alvörumál, og vil ég biðja menn að hugleiða það. Það er undarleg skammsýni að samþ. hverja till. á fætur annarri um aukinn innflutning, sem krefur erlends gjaldeyris, en gera ekki um leið ráðstafanir til þess að tryggja gjaldeyri inn í landið. Ég vil spyrja hv. þm., sem vita, að við þurfum 30 millj. kr. til þess að geta haldið gangandi þessum 10 þús. bílum, sem til eru í landinu, og ég vil spyrja þá sömu menn, sem samþ. þáltill. um innflutning 750 jeppabifreiða og þáltill. um innflutning á landbúnaðarvélum fyrir 10—12 millj. kr., hvar þeir ætla að taka gjaldeyri, þegar fram í sækir. Það er hins vegar vitanlegt, að það er ekki landbúnaðurinn einn, sem þarf vaxandi gjaldeyri, heldur líka þarf sá mjög myndarlegi iðnaður, sem hér er að rísa upp, gjaldeyri fyrir sínum hráefnum. Fólkið sjálft kvartar yfir því að hafa ekki nægan gjaldeyri fyrir lífsnauðsynjum, og hér á Alþ. koma fram sívaxandi kröfur um aukinn innflutning. Ég álít það algert ábyrgðarleysi, að gera ekki nú þegar stórfelldar ráðstafanir til þess að leggja grundvöllinn að nýrri útflutningsframleiðslu fyrir okkur Íslendinga. Ég vil taka það fram, vegna þess að þetta frv. er upprunalega hugsað út frá sjónarmiðum landbúnaðarins, að jafnvel þó að aðeins sé á það litið, þá er þetta mál, sem minni hl. landbn. flytur, jafnnauðsynlegt, eingöngu frá sjónarmiði landbúnaðarins, til þess að tryggja það, að hann sitji ekki á hakanum með gjaldeyri, þegar fram í sækir.

Hæstv. atvmrh. vildi halda því fram, að till., sem minni hl. landbn. flytur, leysti ekki aðkallandi vandamál landbúnaðarins. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að till., sem meiri hl. landbn. flytur og styðst við stjfrv., leysir ekki aðkallandi vandamál landbúnaðarins. Þar skortir tvennt á. Í fyrsta lagi fær sá útreikningur, sem byggt er á um rafmagn fyrir litla áburðarverksmiðju, ekki staðizt. Í öðru lagi yrði landbúnaðinum ekki með þessu móti tryggður sá

gjaldeyrir, sem hann þarf til þess að geta séð sjálfur um sína auknu ræktun og haldið henni gangandi áfram. Eins og hv. frsm. minni hl. landbn. benti á, byggir landbúnaðurinn stöðugt meir og meir á aðkeyptu rekstrarafli, benzín og hráolía kemur í staðinn fyrir hestaflið og mannsaflið. Fyrir þessa hluti þarf útlendan gjaldeyri. Ef ekki er hugsað fyrir aukinni útflutningsframleiðslu, þá þýðir það það, að þessir hlutir stoppa, geta ekki starfað áfram eftir 5—6 ár.

Við skulum nú athuga, hvernig málið horfir við, ef byggð yrði lítil áburðarverksmiðja, og hvort það mundi tefja málið, eins og hæstv. atvmrh. sagði, að leggja heldur í að byggja stóra áburðarverksmiðju. Hæstv. atvmrh. sagði, að lítil áburðarverksmiðja gæti verið komin upp eftir 2—3 ár. Ég vil nú leyfa mér að benda hæstv. atvmrh. og hv. þm. á þann einkennilega útreikning, sem liggur til grundvallar fyrir möguleikanum á því að nota rafmagn frá nýju Sogsvirkjuninni handa litlu áburðarverksmiðjunni. Í fylgiskjali II með áliti minni hl. landbn. er álit rafmagnsstjóra, Steingríms Jónssonar, og þar segir hann seinast í svari sínu til minni hl. landbn. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Vöxtur raforkunotkunar í Reykjavík var frá fyrsta rekstrarári 1922 fram til 1936, meðan Elliðaárstöðin var ein, 7,5% á ári að meðaltali, sem hvert ár var hærra en næsta ár á undan. Frá 1937, eftir að Sogsvirkjunin tók til starfa, til ársloka 1948 hefur vöxturinn verið að meðaltali nær 25% á ári. Meðalvöxtur frá 1922 til 1948 hefur verið 14% til jafnaðar, en það svarar til nærri 4-földunar á hverjum áratug. Ef því sami vöxtur verður áfram eins og meðaltalið hefur verið 1922—1948, er þörf á, að allt Sogið verði virkjað á einum áratug, enda þótt ekki komi til áburðarverksmiðja.“ Nú vil ég biðja hæstv. ráðh. og hv. þm. að athuga, hvernig þessi útreikningur er byggður upp. Fyrst er lagður til grundvallar útreikningurinn á meðaltalsrafmagnsnotkun í Reykjavík á árunum 1922—1936, 7,5%, meðan vöxtur rafmagnsnotkunar er hindraður sökum þess, hvað rafmagnsstöðin er lítil. Síðan, eftir að Sogsvirkjunin er komin til sögunnar og fólkið getur notað rafmagnið meira, þá kemst vöxturinn upp í 25% á ári, og hann mun að líkindum aukast ár frá ári, og ég man ekki betur en að sagt sé í skýrslu frá borgarstjóra, að vöxtur rafmagnsnotkunar hafi 10-faldazt á 10 árum. — En svo, þegar rafmagnsstjóri fer að reikna út, hvernig búast megi við, að rafmagnsþörfin verði á næstu árum, eftir því sem reynsla undangenginna ára sýnir, þá leggur hann til grundvallar meðaltal vaxtarins á árunum 1922—48 og tekur með 7,5%, eins og vöxturinn var, meðan alls ekki var hægt að veita sér notkun rafmagns eins og með þurfti. Út úr þessu fær hann það, að við eigum að bæta við okkur 14% á ári að meðaltali, en þessi hækkun hefur verið 25% á ári síðustu 10 árin. Þetta er útreikningur, sem ekki fær staðizt. Það er engum efa bundið, að meðaltalsvöxturinn dumpar ekki allt í einu úr 25%, eins og hann hefur verið síðustu ár, og niður í 14% á næstu árum. Ég sé ekki betur en með þessum útreikningi, sem líka er gengið út frá á bls. 5, þá sé reiknað með allt of lítilli vaxtarþörf, og að taflan á bls. 5 standist alls ekki reynslunnar próf. Það þýðir hins vegar, að í fyrsta dálknum þar yrði að reikna með mun meiru en þar er gert til almennra þarfa. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að einmitt nú er verið að auka innflutning á rafmagnsfrekum raftækjum, sem munu auka rafmagnsnotkun, svo að ekki sé talað um, þegar bætt verður við rafmagnsnotkunina fleiri sveitum á Suðvesturlandi, eins og Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Og er ekki nema eðlilegt, að fólkið í þessum byggðum vilji fá rafmagn líka. Það er þess vegna alveg gefið, að útreikningurinn um aukna notkun rafmagns til almennra þarfa er allt of lágt reiknaður, enda kemur það fram í áliti raforkumálaskrifstofunnar, sem er prentuð í nál. minni hl. landbn., á bls. 3—4. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Raforkumálaskrifstofan telur mjög varhugavert, ef ekki með öllu útilokað, að reikna með því, að hægt sé að tryggja 10000 tonna áburðarverksmiðju nægilegt rafmagn frá nýju Sogsvirkjuninni án þess að draga úr eðlilegri notkun rafmagns til annars iðnaðar og heimila.“ Sannleikurinn er sá, að verði Sogið látið framleiða rafmagn handa áburðarverksmiðju án þess að taka allt afl þess til notkunar, þá verður það svo í Reykjavík og á öðrum stöðum á Suðurlandsundirlendi, að það verður til að draga úr allri almennri notkun, og fyrir utan það, hvað það kæmi sér illa fyrir almenning, yrði það líka til tjóns fyrir rafveituna. Ég álít þess vegna, að engin von sé til þess, ef ekki á að ganga stórkostlega á hlut neytenda, að það verði rafmagn afgangs frá Soginu til að reka áburðarverksmiðju, og þó að ekki sé nema 5000—7500 smál. Ég verð að segja það, þó að ég sé álitinn bjartsýnn, að mér finnst það fullmikil bjartsýni að reikna með nýju Sogsvirkjuninni á árinu 1951. Ég veit ekki til þess, að farið sé að panta vélar, hvað þá meir, og mér er nær að halda, að það muni dragast 1—2 ár eða meira fram yfir áætlun, ef ekki verður settur sérstakur kraftur í þetta verk. Ég álít þess vegna, að stjfrv. og till. meiri hl. landbn. leysi ekki áburðarþörf landbúnaðarins, vegna þess að það er ekki til raforka handa verksmiðjunni með þessu móti. Ég held þess vegna, að því fari mjög fjarri, að þetta sé eins vel hugsað og vel undirbúið og hæstv. atvmrh. vildi vera láta, þegar hann var að bera litla áburðarverksmiðju saman við þá stóru, sem minni hl. landbn. leggur til, að byggð verði.

Ég vil taka það fram, að ég er sammála hæstv. atvmrh. um, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn, að við hagnýtum þær auðlindir, sem íslenzku fossarnir eru. En ég er á því, að það megi ekki bíða. Það er svo mikil samkeppni um alla Evrópu um að hagnýta fossaaflið og reisa stóriðju og t. d. áburðarverksmiðjur á þeim grundvelli, að við Íslendingar megum ekki dragast aftur úr, ef við ætlum að vera með í því kapphlaupi, sem alltaf verður um að útvega markaði í tíma. Það er frekar of seint en of snemmt að taka ákvörðun um það nú að

leggja í slíka stóriðju, eins og lagt er til í till. minni hl. landbn. Við höfum fengið að kenna á því undanfarið, hvílíkum erfiðleikum það getur valdið fyrir okkur að byggja á fiskveiðum einvörðungu hvað gjaldeyrisöflun snertir. Og þeim, sem hafa hugsað um framtíðarskipan okkar þjóðfélags, hefur verið ljóst, að jafnhliða hinum stóru átökum, sem við höfum gert og búum nú að, þarf að undirbyggja stóriðju á Íslandi á grundvelli fossaaflsins. Hvað raforkuna snertir, þá er það ekki bara vegna áburðarverksmiðju sérstaklega, sem við þurfum að ráðast í það stórvirki að virkja Urriðafoss, heldur þurfum við þess líka vegna iðnaðarins og landbúnaðarins yfirleitt. Það er gengið út frá því, að ef Urriðafoss er virkjaður, þá verði notuð 67500 kw. handa 30 þús. tonna verksmiðju, en þá eru eftir 30 þús. kw. fyrir iðnaðinn og almenna notkun. Ég vil leggja áherzlu á það, að það er lífsspursmál að láta þessa virkjun gerast fljótt, svo að við verðum ekki að tapa stórfé á hverju ári í erlendum gjaldeyri vegna þess, hvað raforkuuppbyggingin er mikið á eftir í okkar atvinnulífi. Nú stendur raforkuskorturinn almennum iðnaði í Reykjavík stórkostlega fyrir þrifum, og ég býst við, að landbúnaðurinn hafi sömu sögu að segja, þar sem hann hefur á annað borð möguleika til þess að hagnýta sér raforku. Þessi vandræði iðnaðarins hvað raforku snertir hafa leitt til þess, að hvert fyrirtækið á fætur öðru er að kaupa dieselvélar til að framleiða rafmagn með hráolíu eða benzíni. Ekkert stórt fyrirtæki í Reykjavík þorir nú að byggja á íslenzkri raforkuframleiðslu. Með þessari útlendu raforkuframleiðslu, sem nú er verið að koma hér upp, er kastað millj. kr. á glæ í gjaldeyri, sem við hefðum getað sparað, ef við hefðum verið stórtækari í okkar raforkuframkvæmdum. Ég held, að bæði til þess að halda uppi því, sem við nú þegar höfum skapað, og til þess að byggja grundvöll þess, sem við þurfum að skapa á næstu árum, sé nauðsynlegt að hraða virkjun fossanna svo gífurlega, að við verðum að ráðast í þessi verkefni, þó að okkur finnist þau allstór.

Nú vil ég enn fremur koma að því, að öryggið fjárhagslega er alveg ólíkt fyrir landbúnaðinn hvað snertir litlu eða stóru verksmiðjuna. Í því sambandi vil ég geta þess, að það hefur orðið reikningsskekkja, eins og líka hv. frsm. meiri hl. gat um, í útreikningnum um 7500 tonna verksmiðju. Á bls. 7 í stjfrv. er tilgreindur rekstrarkostnaður slíkrar verksmiðju. Þar er reiknað með 120 millj. kwst. á 0,013 kr. kwst., en á að vera 2,14 aur., þannig að í stað 1560000 kr. eiga að vera 2568000, sem þýðir það, að framleiðslukostnaðurinn við 7500 tonna verksmiðju yrði 11558000 kr., og það þýðir aftur, að verðið á tonni af köfnunarefni úr 7500 tonna verksmiðju verður ekki 1410 kr., heldur 1541 kr. Nú vil ég biðja menn að athuga það mjög vel, að sá útreikningur, sem er í nál. minni hl., hann styðst að öllu leyti við sama útreikning eins og 7500 tonna verksmiðjan hvað snertir þörfina, en eðlilega margfaldast rekstrarefni, umbúðir og annað slíkt, og aðeins þar, sem er um ódýrari rekstur að ræða vegna stærðarinnar, það er reiknað ódýrara Með því að framleiða í stórri verksmiðju, verður tonnið 1133 kr., en það er 1000 kr. minna á tonnið en köfnunarefni kostar nú. Í stjfrv. er reiknað með, að tonnið af köfnunarefni kosti 2155 kr. að meðaltali. Framleiðslukostnaðurinn á hverju tonni er í 7500 tonna verksmiðju 1541 kr., en í 30 þús. tonna verksmiðju 1133 kr. Þetta þýðir, að það munar 1000 kr. á tonninu á köfnunarefnisverðinu, eða helmingi frá því verði, sem nú er reiknað með, niður í það verð, sem 30 þús. tonna verksmiðja mundi gefa. Legðu erlendu auðhringarnir því í samkeppni, þá er tvennt ólíkt, hverja aðstöðu Ísland hefur með stærri verksmiðju eða minni, 7500 smál. eða 30 þús. smál. Er rétt að leggja áherzlu á, hve munurinn hér er mikill, því að um það er að ræða að tryggja íslenzka landbúnaðinum áburð með kostnaðarverði. Sýnist mér, að þetta ákvæði: „Vexti af lánum þessum greiðir ríkissjóður að því leyti, sem það telst nauðsynlegt, til að verð á íslenzkum köfnunarefnisáburði verði sambærilegt við erlendan áburð“ — beri þess vitni, að þeir séu smeykir, sem hafa sett það í frv. En það er ólíkt, hve stærri verksmiðja er miklu samkeppnisfærari. Við megum ekki leggja í verksmiðju, sem ríkissjóður yrði að greiða tapið við, heldur samkeppnishæft fyrirtæki. Með svona stórri verksmiðju eru skapaðar meiri útflutningsafurðir á Íslandi. Þessi iðnaður mun ásamt sjávarútveginum gefa miklar upphæðir í erlendum gjaldeyri, eða um 64 millj. kr. En reiknað er með í mesta lagi 10—15% kostnaði í erlendum gjaldeyri. Yrði þetta því praktiskur útflutningsiðnaður. Verksmiðjan mun með 100 starfsmönnum ekki taka vinnuafl frá atvinnuvegunum, en gefa mikið í aðra hönd. Er þetta annað atriðið af tveim, sem eru mikilsverð. Hitt er þetta: Ef útreikningurinn með 7500 tonna verksmiðjuna og hins vegar hina 30 þús. tonna er réttur, þá hefur þetta í för með sér tugi milljóna króna gróða fyrir ríkið. Ég vænti þess, að íslenzka ríkið yrði ánægt með 20 millj. kr. í ríkissjóð á ári — auk m. a. 2 millj. kr. í varasjóð. Þetta yrði praktiskur grundvöllur undir tekjuöflunum ríkisins og rekstri þess. Við erum að kvarta um, hversu þyngja eigi álögur á þjóðina, hve ægilegt sé að rísa undir kostnaðarbyrðunum af vaxandi skólahaldi o. s. frv., það sé þörf á nýjum tekjustofnum. Mér finnst nú fyrir hönd Alþingis, er lagt hefur þessar álögur á þjóðina, að þá eigi hv. þm. að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir kasta frá sér tækifærum til að koma á fót stóriðju á Íslandi. Ég álít það eigi rétt að hræða menn með því, að 6 ár muni taka að koma þessari verksmiðju upp. Við megum ekki hugsa okkur um þetta, ef við ætlum á annað borð að skipuleggja efnahagsgrundvöll landsins. Þegar ákveðið var að smíða nýsköpunartogarana og rætt var um þá hér í Sþ. árið 1945, þurfti að hugsa fyrir þessu fjórum árum fyrr, en nú eru þeir allir komnir í gang og gefa okkur um 60 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. En þá var verið að tala um það, hve þeir kostuðu í erlendum gjaldeyri. M. ö. o., við urðum að tala um þetta 4 árum áður, þó að við ættum að taka ákvörðun þá undir eins. Það

er ekki seinna vænna að taka ákvörðun núna, ekki síður en þá. Í nál. minni hl. segir, að 6 ár muni taka að virkja Urriðafoss fyrir 100000 kw. um það bil. Mun erfitt að útvega vélarnar, og getur þetta verið rétt. En hitt efast ég ekki um, að hægt væri að gera þetta á skemmri tíma, ef unnið væri af krafti. Undirbúningurinn þyrfti ekki að taka nema 2—3 ár. Sama máli gegnir um áburðarverksmiðjuna. En ganga verður þá í þetta nú þegar. Hitt er annað mál, er athuga ber: Í fyrsta lagi: Er þetta ekki ofvaxið okkur? Og í öðru lagi: Verður markaður fyrir hendi fyrir framleiðslu verksmiðjunnar? Hv. frsm. meiri hl. kom réttilega inn á þetta, — að varðandi þessi efni er það þetta, sem auðhringarnir miklu láta sig skipta. Hann gat þess, að vandamálið snerist um það, hvort við beinlínis þyrðum að leggja út í þetta fyrirtæki. Við þurfum að vita, að þetta krefst hugrekkis og harðvítugrar baráttu. Það eru stærstu auðhringarnir í Vestur-Evrópu, í Englandi, Frakklandi, Vestur-Þýzkalandi og Noregi, sem eiga áburðarverksmiðjurnar, og einmitt af þeirri ástæðu er gróðinn af framleiðslunni svo gífurlegur sem raun ber vitni. Þegar sjómenn, verkamenn og bændur á Íslandi starfa að afurðaframleiðslu sinni, finnst þeim gott að hafa 15—20% upp úr krafsinu, hvort sem nú er um bát að ræða eða annað. En hringarnir reikna með 50—100% ágóða a. m. k. Ef Íslendingar reikna með 1133 kr., hringarnir taka 2150 kr. og leggja þar með 100% á þetta, þá eru hinir síðarnefndu þar með að sölsa undir sig arðinn af striti hins vinnandi fólks. Hitt verðum við að gera okkur ljóst, að við erum nú að taka upp baráttuna gegn þessum hringum. Það er þetta, sem táknar harða baráttu. Hæstv. ríkisstj. hefur séð, að við rammman er reip að draga. Ég veit, að þau ríki, er að Marshallsamstarfinu standa, muni segja við okkur í París: „Þið þurfið ekkert að vera að hugsa um áburðarframleiðslu. Við skulum sjá ykkur fyrir henni.“ Hringarnir vilja nefnilega græða á okkur. Og þeir munu segja, að Íslendingar eigi ekki að nytja sitt fossaafl. En á sama tíma leyfa þeir Þjóðverjum að vinna kol og ítölum að virkja fossana. Við verðum að halda því fram, að Íslendingar eigi sama rétt á að hagnýta sér fossana sína og koma á fót hjá sér stóriðju og aðrar þjóðir auðlindir sínar. Er nú lífsnauðsyn, að við stöndum fast á þessum rétti. Við megum ekki láta beygja okkur. Við eigum rétt á að hagnýta okkur þær auðlindir, er fossarnir eru okkur. Þegar Vestur-Evrópuþjóðir tala um réttindi, þá þurfum við að sýna, að við viljum halda í þau. En vilji þær ekki styðja okkur, þýðir það eyðileggingu fyrirætlana okkar. Ef þessar þjóðir halda því fram, að við getum komið okkur upp lítilli áburðarverksmiðju og þær muni ekki verða okkur Þrándur í Götu, þá er hugsunin hjá þeim sú, að við munum ekki verða samkeppnisfærir. Hringarnir vilja láta okkur eyða fé til þess, svo að frekari grundvöllur útflutningsframleiðslunnar verði eigi fyrir hendi. Ég held því, að til þess að reisa 30000 tonna verksmiðju sé vandamálið það, hvort við getum byggt upp stóriðju hér á landi eða ekki. En við glötum þessu tækifæri, ef við hikum núna. Ég álít, að við ættum að geta þolað þetta fjárhagslega. Peningarnir eru ekki svo miklir, borið saman við aðrar fjárfestingar, að okkur þurfi að hrjósa hugur við. Hæstv. ráðh. sagði, að kostnaðurinn yrði um 270 millj. kr. En þriðjungurinn af virkjun Urriðafoss mun ganga til að fullnægja almennri eftirspurn. En, jafnvel þótt reiknað sé með 270 millj. kr. kostnaði og við yrðum að leggja eitthvað að okkur, þó að hart væri aðgöngu, þá yrðu þetta aðeins 10 millj. kr. framlög á ári hjá þjóð, er hefur yfir þúsund milljóna króna tekjur á ári. Henni er þetta kleift, ef hún vill leggja eitthvað að sér. Hins vegar má segja, að borgi það sig fyrir okkur á annað borð að taka lán, þá er það til þvílíkrar verksmiðju, fyrirtækis, sem gerir okkur sterkari gjaldeyrislega. Ég veit, að frændur vorir, Norðmenn, keppast við að herða sig með áburðarframleiðsluna. Þeir eru og að bæta við sig stórkostlega mikilli raforku. Í fjárhagsáætlun þeirra fyrir árið 1949, sem lögð er fyrir Stórþingið, segir frá því, hvernig þeir eru að hleypa hverju fyrirtækinu af öðru af stokkunum. Með leyfi hæstv. forseta: „Av særlig viktighet er fullføringen av en rekke investeringer i kraftutbyggingen. Måranlegget vil i løpet av siste kvartal 1948 og første halvår 1949 komme inn med en kapasitet på ca. 144000 kw. Holsanlegget vil komme i gang i første halvår 1949 med 80000 kw. Grønsdal kommer inn i 1948 med 23000 kw. og Daleanlegget vil komme inn i 1949 med ytterligere 14000 kw. Ivelandsanlegget ved Kristiansand vil i 1949 bli ferdig med ca. 32000 kw. Et nytt aggregat blir ferdig i Glomfjord, og vil når ammoniakkanlegget kommer i gang producere 250 mill. kw. årlig. I alt vil maskinkapasiteten i løpet av de to år øke med 410000 kw. og gi et samlet tilskudd på 2.15 milliarder kilowatt-timer årlig. Til sammenligning kan nevnes at kapasiteten i 1938 var 2.11 mill. kw., og produksjonen 9.6 milliarder kilowatt-timer.“ (Nasjonal-budsjettet 1949, 17. bls.). Norðmenn hraða því byggingu raforkuvera sinna af kappi. Eru þeir m. ö. o. með 5—6 raforkuver á prjónunum, sem öll á að taka til notkunar 1949. Í sömu skýrslu segir svo um köfnunarefnisframleiðsluna: „Produksjonen av kvelstoffgjødsel ventes å øke fra ca. 85000 tonn i 1948 til 108000 tonn i 1949. Nesten hele økingen på 23000 tonn med en verdi på ca. 37 mill. kroner etter de någjeldende priser vil bli eksportert. (Anslaget bygger på den forutsetning at de pågående utvidelser av Norsk Hydros anlegg kan fortsettes etter programmet og at bedriften får tilstrekkelig elektrisitet til sin løpende produksjon.)“ (31.—32. bls.). Norðmenn, frændur vorir, auka því útflutninginn gífurlega. Og þeir vita, hvað þeir eru að gera. Þeir vilja hagnýta sér auðlindir landsins. — En við stöndum betur að vígi en Norðmenn, hvað vatnsaflið snertir. Þeir hafa áhyggjur af jöklabráðnuninni í Noregi. Hins vegar er víst, að á Íslandi mun vatnsmagnið í ám og vötnum haldast líkt og nú um langan aldur, þó að annað bregðist, t. d. fiskimiðin, er allt útlit er fyrir, að tæmist, ef eigi verður komið meira viti í búskap heimsins en nú er. Ég held því, að þegar Norðmenn

o. fl. keppast við að auka framleiðsluna í slíkum mæli, þá megum við ekki skjóta framkvæmdum á frest. Við verðum að leggja í þetta núna. Einhver kann þó að álíta, að of seint sé orðið að leggja í slíka hluti sökum minnkandi markaða, þegar framleiðslan eykst svo hratt. Þó er það rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að þörfin fer vaxandi í heiminum fyrir áburð sökum aukinnar ræktunar til að sjá mannkyninu fyrir matvælum. Og ólíklegt er því, að vandræði verði af markaðsleysi. Ég skal vitna til skýrslu Marshallnefndarinnar í árslok 1946. Þar er gengið út frá því, að auka þurfi framleiðslu allra Marshalllandanna, Frakklands, Englands, Belgíu og Noregs og Vestur-Þýzkalands úr 960 þús. tonnum 1946 upp í 2 millj. tonna 1951. Hér er því um rúma tvöföldun að ræða á 5 árum. En ég vil biðja menn að athuga, að leiðréttingar eru með skýrslu þessari á sérstöku blaði, og gætti ég þeirra, er ég las upp tölurnar. Þrátt fyrir þessa tvöföldun er reiknað með, að árið 1951 verði enginn afgangur til útflutnings af áburðarframleiðslu þessara landa nema um 39 þús. tonn. Það er allt og sumt, sem lönd þessi reikna með að flytja út, öll framleiðslan muni ganga til þess að fullnægja þörfinni á gagnkvæman hátt, en afgangurinn verði aðeins þessi. Við verðum að gá að því, að lönd þessi hafa verið síðan fyrir stríð langstærstu köfnunarefnisframleiðendur heimsins. Þar getur orðið markaður fyrir köfnunarefnisáburð. Þau verða jafnvel ekki sjálfum sér nóg fyrr en árið 1951 og reikna þá sjálf aðeins með um 39 þús. tonna afgangi. En hefðum við Íslendingar verið búnir árið 1945 að koma okkur upp verksmiðju og hefðum síðan lagt grundvöllinn næstu árin, þá ætti áhættan að hafa orðið hverfandi lítil. Markaður fyrir áburð er mikill í allri Ameríku, töluverður í Austur-Evrópu og sívaxandi í Asíu og Afríku. Hvað veröldina snertir í heild sinni eykst áburðarþörfin stórum, því að mennirnir hafa farið illa með jarðveginn, meira að segja ber hann þess menjar þar, sem hann er þó talinn beztur, í Suður-Rússlandi („svarta moldin") og víðar. Þarf mikið af áburðarframleiðslu heimsins aðeins til að halda lífinu í mannfólkinu. Ég tel því minni ástæðu til að vera óttasleginn varðandi áburðarframleiðsluna en margt annað. Smáþjóðir eins og vér Íslendingar hafa ævinlega mikið að óttast, t. d. nefni ég markaðshorfurnar á þessu ári fyrir fiskinn okkar. Ég efast um, að hæstv. ríkisstj. sé örugg um markaði fyrir hina tíu nýsköpunartogara. Ég býst því við, að fullvíst megi telja, að viljum við lífi halda, þá sé okkur óhætt að þora að leggja í framleiðslu gróðavöru við hin hagkvæmu skilyrði, sem eru fyrir hendi. Ég tel, að við ættum að hafa því betri aðstöðu á þessu sviði, þeim mun frekar sem við verðum að verjast á öðrum sviðum, og eitt af því, sem við værum bezt tygjaðir með, er stór köfnunarefnisverksmiðja rekin með það fyrir augum, að hún geti staðizt samkeppni. Ég er alveg sammála því hjá hæstv. atvmrh., að það væri mjög æskilegt að geta fyrir fram tryggt markað fyrir þessa vöru og aðrar, sem við seljum út úr landinu, og í samræmi við þá skoðun mína lagði ég fram till. við ríkisstj., að fjárhagsráði væri falið að undirbúa stóriðju á Íslandi og reyna jafnframt fyrir sér um samninga við aðrar þjóðir til langs tíma, en þessu var ekki sinnt. Aðrar þjóðir hafa farið þessa leið, eftir því sem mögulegt hefur verið, t. d. hafa Englendingar gert samning við Pólverja til 5 ára. Það er auðvitað sjálfsagt að athuga markaðsmöguleika, áður en við leggjum út í stóriðju, og þann undirbúning ætti sú nefnd að sjá um, sem falinn væri undirbúningur að byggingu verksmiðjunnar.

Ég vil leggja áherzlu á það atriði í till. minni hl. n., að kosin verði 5 manna nefnd til að stjórna undirbúningi að þessu fyrirtæki, því að það er mikið verk og veltur mikið á, að til alls undirbúnings sé vandað, og um svo stórkostlegt átak má ekki vera pólitískur reipdráttur.

Þá minntist hæstv. ráðh. á Þjórsá. Ég hef áður á þessu þingi gert fyrirspurn til ráðh. varðandi vatnsréttindi í Þjórsá og fékk þá það svar, að eftir íslenzkum l. gætu íslenzk stjórnarvöld tekið þau réttindi án frekari samninga, en ríkisstj. þótti réttara að gefa h/f Titan, sem fyrir löngu hafði keypt réttindin, möguleika á að koma sínum málum í lag eftir styrjöldina og að ríkisstj. hæfi síðan samninga við félagið um kaup á umræddum réttindum, og taldi hæstv. ráðh. miklar líkur fyrir, að hægt væri að komast að hagkvæmum samningum við félagið, svo að það ætti ekki að vera til fyrirstöðu í þessu máli.

Nú gæti ég hugsað mér, að einhverjir kæmu með þær mótbárur, að með því að virkja Urriðafoss og reisa 30 þús. smál. köfnunarefnisverksmiðju, þá væri skapað verulegt misrétti í landinu, þar sem nærliggjandi héruð við slíka virkjun hefðu af henni svo mikil hlunnindi, en hins vegar mundu aðrir landshlutar verða út undan, a. m. k. hvað rafvirkjanir snerti. Ég er þeirrar skoðunar, að rafvirkjanir á öllum þeim sveitabýlum, sem ekki eru í alfaraleið, hljóti í framtíðinni að byggjast á dieselrafstöðvum frekar en stórum rafveitum. En bæði til kaupa og rekstrar þessum stöðvum þarf erlendan gjaldeyri, en með þeirri stóriðju, sem hér um ræðir, væri skapaður grundvöllur fyrir auknar gjaldeyristekjur, og af því mundu áreiðanlega allir landshlutar njóta góðs. Það er líka víst, að þetta væri tryggari leið en þó að við samþ. þál. um innflutning dieselstöðva, svipaða jeppasamþykktinni fyrir skömmu, vitandi vits, að enginn gjaldeyrir er til. Ég álít, að málið þurfi ekki að tefjast lengur, þó að horfið væri að stóriðjunni, og ætti hún að geta verið komin upp 1956, en fyrr væri varla lokið við minni verksmiðju, þar sem Sogsvirkjuninni nýju verður varla lokið fyrir þann tíma. Þar sem málið tefst ekki við samþykkt um stóra verksmiðju, þá ber þegar að hefjast handa. Það er engu spillt, þó að þegar sé hafin athugun á þessu máli, og væri þá fyrsta skrefið að kjósa 5 manna nefnd, sem þegar tæki til starfa.

Það þótti liggja mikið á að fá samþykkt um sementsverksmiðju í fyrra, en nú er fyrst nýbúið að skipa nefnd til að rannsaka málið. Ég er sannfærður um, að það er hægt að hrinda

þessu máli í framkvæmd, ef þjóðin fæst til að sameinast um það. Það er illa farið, ef till. meiri hl. n. verður samþ. og þess vegna vil ég vara þm. alvarlega við og biðja þá, sem hingað til hafa fylgt því sjónarmiði, að endurskoða afstöðu sína. Það hafa nú þegar tapazt 2 ár í sambandi við undirbúning að stóriðju á Íslandi, en slíkt má ekki endurtaka sig.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gera eina fyrirspurn til hæstv. atvmrh. í sambandi við þetta frv. Það er varðandi 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að verksmiðjan verði sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri stjórn. Mig langar að fá upplýsingar um, hvað er átt við með því, að verksmiðjan verði sjálfseignarstofnun, hvort hér er um að ræða, að verksmiðjan beri sjálf ábyrgð á rekstri sínum, eða ber ríkissjóður eftir sem áður ábyrgð á rekstrinum? Í l. um síldarverksmiðjur ríkisins var ekkert ákvæði um það, hver bæri ábyrgð á rekstri þeirra. En svo var sett ákvæði um það í l. frá 1938, 7. gr., að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á rekstrinum eftir 31. des. 1937, nema slíkt væri heimilað af Alþingi. Þar þótti ástæða til að setja sérákvæði um þetta atriði, og má af því skilja, að ella væri álitið, að ríkið bæri ábyrgð á rekstrinum. Nú virðist mér nokkur munur gerður á atvinnuvegunum eftir þessu frv., því að hér segir í 2. gr., að ríkið leggi fram óafturkræft fé, enn fremur, ef lán yrði tekið, þá skal það að vísu endurgreiðast á 15 árum, en vexti greiði ríkissjóður, ef þörf krefur, til að verðið verði sambærilegt við verð á erlendum áburði. Aftur er í 11. gr. l. um síldarverksmiðjur, að eigendum skuli greiða söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir. 1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði eins og hann er á hverjum tíma. 2. Afborgun af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð. 3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum. 4. 5% gjald í varasjóð. Mér finnst á sama hátt og hér er gert að minnsta kosti þurfa að gera ráð fyrir þeim kostnaði, sem áburðarverksmiðjunni er ætlað að greiða, og þar sem hér í frv. er hvorki gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnkostnaðar né vöxtum, þá finnst mér verið að binda ríkissjóði bagga, sem enginn veit, hversu þungir eru, en það tel ég mjög varhugavert og blátt áfram óhyggilegt, eins og hagur ríkissjóðs er nú. Nú kann að vísu að vera hér um svo mikið gróðafyrirtæki að ræða, að það sé ekki þörf á neinum ákvæðum um þessi atriði, en allur er varinn góður.

Ég ætla þá að víkja dálítið að frv. og þeim umr., sem fram hafa farið um málið. — Ég vil taka undir með 2. þm. Reykv., að það væri mjög mikilsvert, að við gætum framleitt útflutningsvöru, sem ekki væri bundin við sjávarafurðir. Útflutningsvara okkar er allt of einhliða og þess vegna mikils virði, ef við gætum komið gjaldeyrisöfluninni á breiðari grundvöll. Norðmenn, sem mikið lifa á fiskveiðum, eru þrátt fyrir það ekki bundnari þeim en svo, að fiskverðmætið er ekki nema 15% af norsku þjóðartekjunum Það má því segja, að það væri mjög heppilegt fyrir okkur Íslendinga, ef við gætum komið upp stóriðnaði eða einhverjum rekstri, sem gæfi okkur gjaldeyri. Þar sem litlar líkur eru fyrir námugrefti hér, a. m. k. eins og nú háttar, þá er það helzt fossaaflið, sem gæti leitt okkur inn á iðnaðarsviðið, auk þess sem jarðhitinn gæti líka orðið góð stoð og er það að vísu nú þegar. Í sambandi við það að reisa áburðarverksmiðju, sem rekin væri með rafmagni frá nýju Sogsvirkjuninni, þá er rétt að gefa gaum að orðum rafmagnsstjóra, en hann segir, að það muni verða mjög lítill afgangur til verksmiðjurekstrar. Rafmagnsnotkun er alltaf að aukast, og nú hafa verið lagðar línur suður með sjó og nokkuð um Suðurlandsundirlendið og full vissa er fyrir, að rafmagnsnotkun á þessum stöðum mun mjög aukast á næstunni. Það er því full ástæða til að rafmagnsnotkunin muni vaxa meira en rafmagnsstjórinn í Rvík tiltekur. Ég er ekki að leggja dóm á það, hvort byggja beri 30 þús. tonna verksmiðju, og vil í því sambandi taka undir orð atvmrh., að það mál þurfi rækilegrar rannsóknar við og það miklu rækilegri rannsóknar en öll venjuleg mál.

Í sambandi við hið svonefnda Marshalllán fyndist mér mjög vel athugandi, hvort ekki væri rétt að nota þá aðstoð, ef samningar tækjust, til þess að virkja Þjórsá. En með slíkri virkjun fengist mikill grundvöllur fyrir stóriðju í landinu. Ég vil sérstaklega beina því til atvmrh., hvort ekki væri hægt að fá erlenda sérfræðinga í sambandi við Marshallaðstoðina til að rannsaka aðstæður hér til slíkrar virkjunar. Það mun hafa verið ákveðið að verja allmikilli upphæð af Marshallaðstoðinni til slíkrar sérfræðingaaðstoðar. Ég er ekki með þessu að bera brigður á hæfni okkar sérfræðinga, en vegna hinnar miklu þróunar í Ameríku á sviði tækninnar, mættu það vera miklir sérfræðingar, sem ekki gætu lært af Ameríkumönnum í þessu efni. Ég vildi þess vegna mjög beina því til hæstv. ríkisstj. að athuga, hvort ekki væri rétt að leita eftir sérfræðilegri aðstoð einmitt í gegnum Marshallaðstoðina í þessu efni. Það er því meira áríðandi fyrir okkur að leita eftir sérfræðilegri aðstoð sem allra víðtækastri og gera okkur fulla grein fyrir, hvernig þessum málum er háttað, af því að við höfum á undanförnum árum rekið okkur talsvert á í því, sem við höfum lagt út í að reisa sjálfir. Ég skal ekki fara út í það atriði hér, en dæmin um það eru því miður deginum ljósari og öllum kunn. Við þurfum áreiðanlega í þessu efni að gera okkur allt ljóst, áður en út í fyrirtækið verður ráðizt, hvað fyrirtækið á að kosta, hvað við þurfum að hafa á hendi til þess að greiða kostnaðinn, og við þurfum að gera okkur ýtarlega grein fyrir rekstrarkostnaði verksmiðjunnar. Ég ber mikið traust til hæstv. atvmrh., að hann láti rannsaka þetta mál, og ég vildi mjög ítreka það, að athugað yrði um sérfræðinga í því efni og í sambandi við Marshallaðstoðina.

Að öðru leyti vildi ég segja það, að það er

ákaflega ánægjulegt að heyra það frá hv. 2. þm. Reykv., hve mikið hann leggur upp úr samstarfi vesturveldanna og hve miklum árangri hann býst við, að hægt sé að ná út úr þeirri aðstoð og þeirri samvinnu, ef ríkisstj. leggur sig fram í þeim efnum. Það er sannarlega meira en bjartsýnustu menn í þessum efnum hafa gert sér grein fyrir, ef hægt væri að ná svo stórkostlegri fossavirkjun og reisa slíkar verksmiðjur vegna Marshallaðstoðarinnar. Mér skilst, að það sé í raun og veru eina leiðin til þess að koma fram þeim till., sem hér eru á dagskrá, að reyna að fá þar bæði meiri og minni hl. þingsins með. En í sambandi við útlendan áburð er gott, að menn geri sér það ljóst, að áburður er það, sem kallað er dollaravara, við verðum að borga áburðinn nú að mestu leyti í dollurum, og ef við höfum áburð til útflutnings, þá mundum við selja hann í þeim gjaldeyri, sem við gætum keypt fyrir vörur í hvaða landi sem væri. Þetta er enn eitt atriðið, sem gerir það nauðsynlegt, að þetta mál verði rannsakað sem allra rækilegast.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 9. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Mér þykir það nokkur galli, að frsm. meiri hl. landbn. í þessu máli er hér ekki viðstaddur, en ég sé nú hér tvo aðra hv. þdm., sem sæti eiga í þeirri n., og vil vænta þess, að þeir taki til athugunar innan n. þetta atriði, sem ég ætla að minnast á, ef málið verður athugað þar milli umr., sem mér þykir ekki ósennilegt. Það, sem ég vildi minnast á, er 9. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir, að útsvar til sveitarsjóðs megi leggja á þessa áburðarverksmiðju. Ég tel nokkuð vafasamt, að ástæða sé til að hafa þetta í l., heldur ætti að undanþiggja verksmiðjuna útsvarsgreiðslum, eins og hún á að vera samkvæmt frv. laus við önnur opinber gjöld. Ég tel það fullvíst, að hvaða sveitarstjórn eða bæjarstjórn sem er í landinu mundi fúslega vilja fá þetta fyrirtæki í sitt bæjar- eða sveitarfélag, jafnvel þó að það hefði ekki rétt til að leggja á fyrirtækið útsvar. Vegna slíks rekstrar sem þessa verða aukin viðskipti á þeim stöðum, þar sem fyrirtækin eru, og um leið auknir möguleikar til útsvarsálagningar á fólkið, sem atvinnu hefur við verksmiðjuna. Þetta virðist mér, að ætti að nægja, þó að ekki sé lagt á fyrirtækið sjálft. Ég skal að vísu játa, að þetta ákvæði er í samræmi við það, sem mun hafa verið sett í l. um sementsverksmiðju, sem nýlega voru samþ. hér á Alþ., en yrði nú á það fallizt að nema þetta ákvæði burt úr frv., væri mjög auðvelt að breyta l. um sementsverksmiðju og setja þau að þessu leyti í sama horf. — Ég mun ekki að þessu sinni gera að umræðuefni önnur atriði frv., en vildi mælast til þess, að n. tæki þessa ábendingu til athugunar, fyrir 3. umr. málsins.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 16, n. 246 og 312, 327).

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hafa þegar orðið allmiklar umræður um þetta frv., enda er hér um að ræða eitt stærsta málið, sem lagt hefur verið fyrir þingið.

Alþjóð er kunnugt, að tilbúinn áburður er ein sú nauðsynjavara, sem dýrust er og erfiðust í flutningi, og það hefur því fyrir löngu vaknað hér áhugi fyrir því að reisa áburðarverksmiðju hér á landi, þar sem enginn efast um, hve mikla þýðingu það mundi hafa. Árið 1940 flutti ég á Alþ. till. um að rannsaka, hvort takast mætti að koma hér upp áburðarverksmiðju. Framkvæmdir í því efni urðu þó frekar litlar. En fyrir þinginu 1945 lá svo aftur frv. um áburðarverksmiðju, sem borið var fram af þáv. atvmrh., Vilhjálmi Þór. Sú áburðarverksmiðja átti að vera í Eyjafirði og framleiða 3150 smál. af köfnunarefni á ári, — svo þröngur stakkur var henni nú skorinn. Og þegar við athugun áætlunarinnar sáum við, að fyrirtækið gæti engan veginn borið sig. Málinu var því vísað frá á þingi til frekari rannsóknar nýbyggingarráðs. Nú hafa verið gerðar í þessu efni ýmsar athuganir, bæði innanlands og utan, og það hefur komið fyllilega í ljós, að sú aðstaða, sem ég og aðrir beittu gegn frv. 1945, var fyllilega á rökum reist. Þeir, sem mesta vinnu hafa lagt í þessar rannsóknir, eru Björn Jóhannesson efnafræðingur og Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur.

Nú liggur hér fyrir frv., sem við í landbn. höfum haft til meðferðar og ekki orðið að öllu leyti sammála um. Það hefur réttilega verið fram tekið af frsm. meiri hl., hv. 1. þm. Skagf., að við leggjum á það megináherzlu, hve stór verksmiðjan skuli vera, og skal því ekki leyna, að mestar líkur eru til, að verksmiðjan geti sem stærst svarað þeim kröfum, sem til hennar verður að gera. Fyrst, þegar hún er 7—10 þús. tonna, er hún komin á það stig að geta borið sig, og öllum fræðimönnum ber saman um, að eftir því sem hún er stærri, séu meiri líkur fyrir því, að hún gefi arð.

Til dæmis um hlutfallið á milli stærðar og stofnkostnaðar má nefna, að stofnkostnaður 5 þús. tonna verksmiðju nemur 38 millj. kr., en 7500 tonna verksmiðju 44,4 millj. — Munurinn er því aðeins um 6 millj. kr. Og ég vil taka það fram, að ég legg áherzlu á, að ekki verði ráðizt í að byggja minni verksmiðju en 7500 tonna.

Þá kemur til athugunar, hvernig er aðstaðan að öðru leyti um þetta fyrirtæki og hvað á að segja um þá stóru brtt., sem hv. minni hl. landbn., 8. þm. Reykv., hefur borið fram. Um hana er það að segja frá minu sjónarmiði, að það væri mjög ánægjulegt að geta byggt hér 30—40 þús. tonna áburðarverksmiðju og eiga von á því að geta haft þar framleiðslu á mikilli og verðmikilli útflutningsvöru til að selja. En því miður eru á þessu þeir annmarkar, að maður rennir býsna blint í sjóinn, í fyrsta lagi um það, hvernig hægt mundi vera að útvega svo mikið fjárframlag í stofnkostnað slíkrar verk-

smiðju, og í öðru lagi um það, hver trygging væri fyrir öruggum markaði fyrir alla framleiðslu slíkrar verksmiðju á komandi árum, sem reist væri hér svona stór. Þetta er rannsóknarefni, sem mjög æskilegt væri að geta fengið upplýst, því að það er sannarlega glæsilegt, ef þær áætlanir, sem hér hafa verið bornar fram í nál. hv. minni hl. landbn., gætu staðizt og þjóðin gæti fengið á þessu sviði svo glæsilega aðstöðu til aukins útflutnings eins og þar er vikið að. — Annars verð ég að segja það, að grundvöllurinn fyrir þessari starfsemi, hvort sem hún er í stærri eða smærri stíl, verður hjá okkur auðvitað alveg bundinn við raforkuframleiðsluna. Og í mínum huga spáir það alls ekki góðu í því efni, að það hefur komið hér breyting fram á áætlunum og umsögnum sumra þeirra manna, sem við leituðum til, frá því er þeir töluðu við okkur og þar til þeir svara bréfi nú fyrir skemmstu, þannig að samkv. þessu bréfi ber þeim saman um, að með næstu Sogsvirkjun sé ekki hægt að fá rafmagn til 10 þús. tonna áburðarverksmiðju, — sem þeir hins vegar töldu mjög líklegt, ef ekki öruggt, að mætti takast, þegar við áttum við þá fyrr tal um þetta. Nú verð ég að segja, að það, sem er höfuðatriði viðkomandi grundvellinum fyrir framkvæmd þessa máls og ríður mikið á að fá sem allra fljótast upplýst, er, hvort ríkisstj. getur fengið samninga við bæjaryfirvöldin í Reykjavík, sem hafa með að gera hina væntanlegu Sogsvirkjun, um það að tryggja þessu fyrirtæki, áburðarverksmiðjunni, nægilega raforku. Það er í raun og veru það, sem fyrst kallar að í málinu. Í öðru lagi hlýtur maður því miður að játa, að þótt ekki sé um stærri verksmiðju að ræða en 7500 smál., sem ég álít lágmarkið, þá kostar sú verksmiðja 44,4 millj. kr. Og við höfum ekki tryggingu fyrir að fá það fé að láni svo fljótt sem við þurfum á að halda. Vonir eru bundnar við Marshalllán til þess að fullnægja þörf að þessu leyti.

Þetta eru orsakirnar til þess, að ég sé mér ekki fært á þessu stigi að vera með brtt. hv. minni hl. Það er ekki sú ástæðan til þess, að ég telji ekki glæsilegt og æskilegt, ef við gætum farið út í svo stóra verksmiðjubyggingu, heldur eru hitt orsakirnar, að mig vantar upplýsingar um það, — og það er erfitt að fá þær að svo stöddu, — hvort við getum fengið fjármagn til þess að byggja verksmiðjuna, og hins vegar, hvort svo mikill markaður verði fyrir þessa framleiðsluvöru í nágrannalöndunum sem við þurfum á að halda, þegar slík verksmiðja væri komin upp. Annars er þetta mál að mínu áliti ekki það rækilega rannsakað, að ekki sé þörf á miklu víðtækari athugun á því. En á þessu tvennu veltur: Er hægt að fá samninga við bæjaryfirvöldin um raforku frá Sogsvirkjuninni? Og í öðru lagi: Er hægt að tryggja sér fjármagn fyrir stofnkostnaðinum eins og á þarf að halda?

Ég hef gengið inn á að fylgja meiri hl. landbn. í þessu máli með það fyrir augum, að bændastéttin og aðrir landsmenn geti átt von á því, að þetta fyrirtæki geti komizt sem allra fljótast á stofn.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það, sem ég mundi hafa viljað við bæta í svari mínu til hv. 2. þm. Reykv., get ég nokkuð stytt, vegna þess að ég er þar mjög svipaðrar skoðunar og hv. þm. A-Húnv., eins og hann hefur talað um málið hér nú og eins og ég hef þegar tekið fram fyrr. Ég hef viðurkennt það og undirstrikað, að ef það hvort tveggja væri öruggt, að fyrir lægi fjárframlag eða líkur væru fyrir því, að fyrir lægi fjárframlag, þegar til þyrfti að taka, nægilegt til þess að koma upp stærri verksmiðju en í frv. er gert ráð fyrir eða eins og í brtt. hv. minni hl. landbn. er gert ráð fyrir, og enn fremur, ef nokkurn veginn örugg vissa væri fyrir því, að markaður væri vís fyrir það mikla áburðarmagn, sem sú verksmiðja framleiddi fram yfir það, sem við þurfum að nota innanlands, þá þætti mér mjög glæsilegt að ráðast í slíkt fyrirtæki. En eins og hér hefur verið tekið fram, skortir á um þetta hvort tveggja. Ég geri ráð fyrir, eins og nú er ástatt um fjárhagsafkomu okkar Íslendinga og aðstöðu til lána utanlands og innan til þessa fyrirtækis, þá verði okkur nægilega örðugt að koma hér upp 7500—10000 smál. áburðarverksmiðju, þó að við ekki ráðumst í margfalt stærra og dýrara fyrirtæki. Og þó að ég búist við því, eftir þeim fregnum, sem maður fær um þessa hluti, að nú fyrst um sinn megi gera ráð fyrir allmiklum áburðarskorti í heiminum og þar af leiðandi, að ef við komum fljótlega upp þessari verksmiðju, sem væri 7500 eða 10 þús. smál. verksmiðja, þá séu miklar líkur fyrir því, ef ekki vissa fyrir því, að við mundum geta fengið markað fyrir þá afgangsframleiðslu, sem þarna er gert ráð fyrir, að verði um að ræða fyrstu árin fram yfir það, sem við Íslendingar þurfum sjálfir að nota. Hins vegar er allt í of mikilli óvissu um markað fyrir köfnunarefnisáburð, er hugsað er lengra fram í tímann, til þess að ég álíti það nokkurt vit fyrir okkur að órannsökuðu máli, — og það þó að við gætum fengið fjármagn til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, — að reisa slíka verksmiðju, sem í brtt. hv. minni hl. landbn. er gert ráð fyrir.

Hv. 2. þm. Reykv. gaf upplýsingar um það, að útþensla iðnaðar Norðmanna á þessu sviði væri stórkostleg og þeir væru að undirbúa að stækka sínar verksmiðjur á sömu árum og við værum að hugsa um að koma þessari verksmiðju upp. Og með þetta fyrir augum er varla á það treystandi fyrir okkur, að það yrði leikur fyrir okkur að selja okkar framleiðslu í þessu efni í samkeppni við Norðmenn. Hv. 2. þm. Reykv. lét að vísu orð falla um það, að vatnsaflsstöðvar hér væru betri og mér skildist auðveldara að koma þeim upp hér en í Noregi. (*EOl:* Það sagði ég ekki.) En þetta er þvert á móti því, sem sérfræðingar hafa gefið mér upp um þetta atriði. (*EOl:* Ég minntist ekki á þetta, heldur vatnsmagnið.) Það er miklu meira hjá þeim en okkur. Ég hef leitað upplýsinga sérfróðra manna um þetta, aðstöðu okkar til þess að virkja og aðstöðu Norðmanna til þess, og þeir sérfróðu menn hafa látið það uppi sem örugga vissu, að fyrir utan það, hvað mann-

aflið er miklu ódýrara hjá Norðmönnum en okkur Íslendingum, þá sé aðstaðan til vatnsvirkjana í Noregi sú langsamlega bezta í öllum þeim löndum, sem vatnsföll eiga, að þar komi ekkert til samanburðar. Aðstaða okkar til virkjunar fallvatna er sú, að Norðmenn standa okkur þar langsamlega miklu framar um alla aðstöðu, þannig að það er nokkurn veginn öruggt, að um þá framleiðsluvöru, sem Norðmenn framleiða og þurfa að keppa um markað fyrir og byggist á raforku, standa Norðmenn flestum eða öllum þjóðum betur að vígi um samkeppni um markaðinn. En ég tel, að þessi aðstöðumunur okkar og Norðmanna í sambandi við það að keppa um markað fyrir áburðinn sé ekki það mikill, að við Íslendingar ættum samt sem áður, álít ég, að geta verið samkeppnisfærir við Norðmenn um framleiðslu á þeim áburði, sem við notum sjálfir og þessi fyrirhugaða áburðarverksmiðja á að framleiða, því að flutningskostnaður á þessum áburði frá Noregi er það mikill, að hann gerir allmikinn mun á kostnaði við að koma vörunni á markað. Þess vegna tel ég það höfuðrök þessa máls, að við Íslendingar verðum bráðlega sjálfir færir um að hagnýta allan þann áburð, sem við bindum okkur við að framleiða með þeirri stærð á verksmiðjunni, sem hér er nefnd. Ég geri ráð fyrir, að ef áframhald verður á þeirri ræktunaraukningu, sem hafin er og búast má við, að fram undan sé, þá líði ekki margir áratugir þangað til við þurfum sjálfir að nota alla þá framleiðslu, sem búizt er við, að verksmiðja af þessari stærð, sem meiri hl. n. leggur til, framleiði. Og í þessu er höfuðöryggi. — Um leið mætti geta þess, að enda þótt þessi framleiðsla að mestu eða öllu leyti færi til notkunar innanlands, þá er þetta stórt gjaldeyrisspursmál, því að ef við ættum ekki slíkt framleiðslutæki, yrðum við að flytja til landsins að sama skapi þessa vöru fyrir erlendan gjaldeyri.

Ein aðalgagnrýni hv. 2. þm. Reykv. um það, að þetta fyrirtæki, eins og það er hugsað að framkvæma það í sambandi við Sogsvirkjunina, viðkomandi því, að það sé rétt hugsað um framkvæmd, var það, að hann taldi, að ekki mundi nægilegt rafmagn fást til þess frá Sogsvirkjuninni til þess að reka það með öðruvísi en að það gengi út yfir aðra notkun rafmagnsins. Meðan þetta mál var í undirbúningi, var einmitt rætt um þetta við þá sérfræðinga, sem hafa haft rafmagnsvirkjunarathuganir með höndum sérstaklega í sambandi við Sogsvirkjunina og víðar. Og töldu þeir öruggt, að verksmiðja af þessari stærð gæti fengið rafmagn frá þeirri nýju virkjun. Nú er vitanlegt, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá hv. minni hl., þá er sýnt, að það er ekki mikil raforka afgangs af hinni næstu Sogsvirkjun, ef verksmiðjan á að fá alla sína raforku þaðan, en þó nokkur. Og ég hef nýlega rætt þessi mál við rafmagnsstjóra ríkisins. Hann telur, að þó að 7500 smál. áburðarverksmiðja fengi sitt rafmagn frá nýju Sogsvirkjuninni, þá yrði samt allmikill afgangur af rafmagni þaðan. Hv. 2. þm. Reykv. vefengir það og byggir sína útreikninga á hinni miklu aukningu á rafmagnsnotkun, sem orðið hefur hér á undanförnum árum. En ég held, að það sé óþarfi að reikna með jafnmikið aukinni rafmagnsnotkun á næstu árum eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum, vegna þess að útþensla Reykjavíkur hefur verið svo fram yfir öll takmörk á undanförnum árum, þannig að ef við mættum reikna framvegis með þeirri aukningu á þörf rafmagns eins og aukningin hefur verið á notkun þess á undanförnum árum, þá verðum við að reikna með því, að mestur hluti þjóðarinnar komi til Reykjavíkur. En ef reiknað er með því, að þessi mikla fólksfjölgun í Reykjavík, sem verið hefur, stöðvist, og að hér í Reykjavík verði ekki um nema eðlilega fólksfjölgun að ræða, sem hin árlega viðkoma alls staðar að sjálfsögðu leggur til, og ef gengið er út frá því, — því að það er ekki til góðs fyrir höfuðstaðinn eða landið í heild sinni, að fólkið hrúgist til Reykjavíkur eins og á undanförnum árum, — ef maður gerir ráð fyrir, að það takist að koma í veg fyrir það, þá verður ekki fólksfjölgunin hér í Reykjavík eins gífurleg og verið hefur. Og takist það, verður aukningin á rafmagnsþörfinni heldur ekki eins gífurleg og sumir halda fram, að hún verði. — En jafnframt því sem undirbúningur hefur verið gerður undir aukningu Sogsvirkjunarinnar, þá er verið að mæla fyrir enn nýrri virkjun, sem gefur raforku á við tvo þriðju hluta af því, sem næsta Sogsvirkjun mun gefa. Og ef þörfin krefur, þá er að snúa sér að því fyrr heldur en gert hefur verið ráð fyrir að fullvirkja Sogið og ná viðbótarraforkunni, sem ekki hefur verið hugsað sér að ná í þeim næsta áfanga. Og væri þá fyllilega séð fyrir þeirri orku, sem Reykjavík í næstu framtíð og Suðurlandsundirlendið krefst, til viðbótar því, sem sú væntanlega áburðarverksmiðja mundi þurfa að nota.

Ég vil svara nokkrum orðum því, sem hv. þm. Ísaf. kom inn á í umr. og beindi til mín, fyrst hvernig ætti að skilja það, að sagt væri, að verksmiðjan væri sérstök stofnun, sem lyti sérstakri stjórn, og spurði hann, hvort ætti að skilja það þannig, að hún bæri sjálf ábyrgð á skuldbindingum sínum. Ég hef lagt þann skilning í þetta orð, að verksmiðjan ætti að bera ábyrgð á skuldbindingum sínum, á sama hátt og síldarverksmiðjur ríkisins eiga að gera um sinn rekstur. — Þá minntist þessi hv. þm. á það, að í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan verði byggð fyrir fé, sem ríkissjóður leggur henni til. Þetta er nú tekið hér upp í áframhaldi af þeim sams konar ákvæðum, sem hafa verið í þeim frv., sem legið hafa hér fyrir Alþ. á undanförnum árum. Þá var nú hugsað, að verksmiðjan yrði minni og álitið hægara fyrir ríkissjóð að koma henni upp af eigin rammleik. En þetta hefur breytzt og verksmiðjan stækkað í sniðum og orðið dýrari. En vitað er nú um getu ríkissjóðs til þess að leggja fé í stofnun slíks fyrirtækis sem þessa, að hún hefur ekki vaxið að sama skapi og verksmiðjan hefur vaxið í þeirri áætlun, sem sett er fram í frv. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að meiri hl. af því fé, sem þetta fyrirtæki yrði reist af, yrði tekinn að láni. Hins vegar þótti rétt

að láta þetta ákvæði standa í lögunum, ef svo skyldi fara, að ríkissjóður á einhverju stigi málsins væri álitinn fær um að leggja þarna fram stærri eða minni upphæð. En þar er sleginn varnagli við, að það skuli því aðeins gert, að það verði samþ. á fjárl. frá Alþ. Hins vegar geng ég út frá því, ef ráðizt verður í þetta fyrirtæki og tekst að koma því í framkvæmd, að til þess verði notað mest lánsfé. — Hv. þm. var að tala um það, að verksmiðjan yrði að standa undir greiðslu lánsins, og ætti að geta það, ef þetta væri heilbrigt fyrirtæki. Og í raun og veru er líka gert ráð fyrir því í frv., því að þar er gert ráð fyrir, að hún greiði til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda, auk þess sem hún leggur í varasjóð. Og þessar greiðslur eru einmitt ákveðnar með tilliti til þess, að fyrirtækið leggi þannig fyrir á eðlilegan hátt það verðmæti, sem yrði í það lagt. Og verði ekki unnt að greiða það lán, sem tekið væri til byggingar verksmiðjunnar, öðruvísi, þá er sjálfsagt, að það verður að grípa til þess fjár, sem verksmiðjan á í fyrningarsjóði. Og þessar fjárgreiðslur eru ákveðnar með það fyrir augum, að verksmiðjan greiði á eðlilegum tíma það fé, sem í hana hefur verið lagt. — Ákvæðið um vextina, sem ég sé, að hefur orðið ýmsum hv. þm. þyrnir í augum, var sett þarna til samræmis við þær till., sem áður höfðu legið fyrir í þessu máli, sem sé það, að ríkissjóður legði fram sitt eigið aflafé í þessa verksmiðju. En í þessu efni var breytt til og gert ráð fyrir, að ríkissjóður tæki lán, og þótti í áframhaldi af því ekki óeðlilegt, að ríkið styrkti fyrirtækið með greiðslu vaxtanna, ef til kæmi. En ég segi það fyrir mig, að enda þótt ég væri með í að setja þetta ákvæði inn í frv., þá held ég ekki svo fast í það ákvæði, að það eigi að verða að neinum ásteytingarsteini, og er ég til viðtals við þá hv. þm., sem óska eftir, að þetta ákvæði verði ekki haft í lögunum, því þó að allur sé varinn góður, hef ég þá trú á þessu fyrirtæki, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að þetta ákvæði geti verið óþarft, og þá skal ég viðurkenna það, að það er leiðinlegra að vera með það í lögunum, ef ekki þarf til þess að taka. Og ég vil, að hv. landbn. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr. — Og í sambandi við brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 5. þm. Reykv., þá vildi ég aðeins óska þess, að hann vildi taka þessa brtt. aftur til 3. umr. og ræða við landbn. og sömuleiðis við mig um þessar till. og orðalag á þeim.

Þá er víst komið að lokum þessa fundartíma. Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um það, hvort ríkisstj. muni hafa óskað eftir að fá sérfræðinga samkvæmt Marshallaðstoðinni til athugunar á ýmsum fyrirtækjum og öðru hér innanlands í sambandi við Marshallaðstoð, þá mun nú ekkert hafa verið ákveðið um það hér enn þá. En vitanlega getur það fyllilega komið til greina og er ekki óeðlilegt, áður en hafizt yrði handa um framkvæmdir í þessu máli. Og þá verður leitað fyrir sér til frekara öryggis um upplýsingar og ráðleggingar frá mönnum eða stofnunum, sem vitað er, að hafa miklu meiri reynslu og þekkingu á þessum efnum heldur en við Íslendingar af skiljanlegum ástæðum.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þessi umr. er nú búin að dragast lengi, og ætla ég ekki að bæta miklu við, en vil þó segja örfá orð út af því, sem fram hefur komið.

Aðaldeilan í þessu máli hefur staðið um það atriði, hversu umrædd verksmiðja skuli vera stór. 2. þm. Reykv. hefur lagt áherzlu á það í umr., að sjálfsagt sé, að stærð verksmiðjunnar sé miðuð við 30—50 þús. smál. framleiðslu af köfnunarefni, og miðar við stórkostlegan útflutning á þessari vöru. Það er enginn skoðanamunur um það, að æskilegt væri að reisa svo stóra verksmiðju, ef það væri hægt og öryggi fengið um markað fyrir framleiðsluna. En hitt verður vafamál, hvort skynsamlegt er að ráðast í slíkar framkvæmdir undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru, og í algerri óvissu um markaði. Þessi sami þm. vildi gera grín að okkur í meiri hl. landbn. og orðaði það á þá leið, að meiri hl. n. hefði ekki þorað að leggja til að byggja stærri verksmiðju en sem miðuð væri við 10 þús. smál. afköst, og í sama strenginn tók blað þessa hv. þm. Ég læt mér slíkt litlu skipta, en hins vegar vil ég benda 2. þm. Reykv. á, að það er meira en hugrekki, sem þarf til að reisa 30 þús. smál. áburðarverksmiðju. Það þarf til þess kapital, hvorki meira né minna en nokkur hundruð millj. Þetta fjármagn er ekki til í landinu, og til þess að nokkurt vit væri í því að leita eftir þessu fjármagni erlendis, þarf að minnsta kosti að vera einhver trygging fyrir, að hægt verði að selja framleiðslu umræddrar verksmiðju. Það er enginn vafi, að við mundum lenda í harðri samkeppni við þá, sem þegar framleiða köfnunarefni. Í þeirri samkeppni er mjög hætt við, að við yrðum að sæta óhagstæðari mörkuðum, þó svo að sala væri möguleg, því að þær þjóðir, sem nú framleiða þessa vöru, hafa þegar tryggt sér markaði og mundu að öllum líkindum halda þeim. Þetta gæti leitt til þess, að við værum neyddir til að leita markaða í Asíu, en margir örðugleikar væru á slíkri verzlun, þó að ekki væri nema vegalengdin.

Þeir frsm. minni hl. landbn. og 2. þm. Reykv. hafa mjög haldið á lofti ummælum rafmagnsstjóra og raforkumálastjóra um það, að raforka frá hinni fyrirhuguðu Sogsvirkjun muni ekki nægja fyrir áburðarverksmiðju, þó að hún væri ekki stærri en 5—7 þús. smál. framleiðsla af köfnunarefni. Ég verð að segja, að það er ekki samhljóða því, sem þessir sömu sérfræðingar héldu fram, er þeir mættu á fundi landbn., og hafa þeir þá skipt um skoðun síðan. Annars er enginn ágreiningur um það, að verksmiðjan verður að fá nægilega raforku, og ef það rafmagn, sem fæst frá Soginu, þegar það hefur verið fullvirkjað, nægir ekki, þá verður það að koma annars staðar frá, svo að ég sé ekki, að þessar upplýsingar

breyti neinu. Þá sé ég ekki, að það kæmi á nokkurn hátt í veg fyrir, að við getum aukið þessa framleiðslu, ef sölumöguleikar reyndust góðir, þó að við hæfum þessa framleiðslu í verksmiðju eins og meiri hl. landbn. leggur til, að verði reist, því að alltaf eru möguleikar til að færa út kvíarnar. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að með því að samþ. nú að reisa áburðarverksmiðju, sem miðuð væri við að framleiða 30—60 þús. smál., þá mundi það hafa sömu afleiðingar og ef við legðum málið algerlega á hilluna, a. m. k. fyrst um sinn. Af þessum ástæðum tel ég rétt að samþ. þá till., sem meiri hl. landbn. leggur fram. Og fari svo, að draumar 2. þm. Reykv. eigi eftir að rætast, sem við óskum allir eftir, þá ætti slík verksmiðja að geta orðið liður í stærra kerfi. Ég hef svo ekki fleiri orð um þessa hlið málsins, en get að sjálfsögðu ekki fallizt á brtt. minni hl. landbn. af þeim ástæðum, er ég hef þegar greint.

Um 2. brtt., við 2. gr. frv., frá minni hl. landbn. og sömuleiðis brtt. frá 5. þm. Reykv. við sömu grein, er það að segja, að meiri hl. landbn. vill gjarna ræða þær og freista samkomulags um þau atriði, sem þar er drepið á, og þess vegna vil ég fara þess á leit við hv. flm., að þeir sjái sér fært að draga þessar brtt. til baka til 3. umr.

Þá er 3. brtt. frá minni hl. landbn., við 4. gr., þess efnis að fjölga nefndarmönnum í stjórn verksmiðjunnar úr 3 í 5. Þessi till. hefur ekki verið rædd í nefndinni, en hins vegar get ég tekið það fram nú, að ég tel ekki ástæðu til að fjölga í þessari nefnd, og má benda á, að ekki er gert ráð fyrir nema 3 mönnum í stjórn fyrirhugaðrar sementsverksmiðju, enda mun vera nægur kostnaður við stjórnina, þó að nefndarmenn séu ekki nema 3. Þetta er afstaða mín til þessarar brtt., en hins vegar ræður frsm. minni hl., hvort hann tekur þessa brtt. aftur til 3. umr.

Um 4. brtt., við 9. gr. frv., varðandi útsvarsskyldu verksmiðjunnar er öðru máli að gegna, því að fleiri nefndarmenn hafa rætt um, að þörf væri að athuga ákvæði 9. gr. Þess vegna vildi ég leyfa mér að óska eftir, að flm. tæki hana aftur til 3. umr., svo að öll nefndin gæti rætt þetta atriði. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Það hefur ekkert komið fram í ræðum þeirra, sem skipa meiri hl. landbn., um það, að raforkan frá Soginu mundi vera nægileg til að reka 10 þús. smál. verksmiðju, og þess vegna er málið á sama stigi og þegar frv. kom fyrst frá ráðh. og hann ætlaði að reisa 3 þús. smál. verksmiðju með rafmagn frá Laxá, þegar viðbótarvirkjunin væri komin til framkvæmda.

Hv. frsm. meiri hl. hélt að vísu nokkuð öðru fram í ræðu sinni, en það, sem n. klofnaði nú aðallega um, var orkuspursmálið. Fjarstöðu og söluerfiðleikum hefur líka verið borið við. En engin mótbára hefur komið fram gegn því, að þetta fyrirtæki væri því arðvænlegra sem það er stærra. En eins og ég tók fram, er með frv. aðeins miðað við þann þrönga stakk að fylla innlendu þörfina. Á hitt bæri þó fremur að líta í þessu máli, sem e. t. v. er alvarlegast, en það er sú gjaldeyrisöflun, sem landbúnaðurinn þarf alltaf að fá í vaxandi mæli. Og ég hugsa, að þetta sé jafnvel lífsspursmál fyrir landbúnaðinn. Af þeim mönnum, sem mest hafa haft með þetta að gera, hefur í því sambandi miklu fremur verið reiknað með áburðarframleiðslunni heldur en t. d. framleiðslu á magnesíum og hún talin ein hin tryggasta með tilliti til sölu á erlendum markaði. En nú standa sakir þannig, að með allri þeirri nýju vélatækni, sem risin er upp í landinu, verður afleiðingin sú, að gjaldeyrisþörfin eykst mjög að sama skapi. Það er t. d. núna endalaust verið að skora á innflutningsyfirvöldin að gefa frjálsan innflutning á varahlutum í vélar. Og ég er viss um, að áskoranir í því efni eiga eftir að berast frá öllum búnaðarsamböndunum. En til þess að geta mætt þessum þörfum og kröfum þarf aukinn gjaldeyri til landbúnaðarins. Þann gjaldeyri þyrfti hann að geta lagt til sjálfur. Það er augljóslega rangt, að ein tegund framleiðslunnar hafi sérréttindi á kostnað annarra atvinnuvega. Allir verða að hafa jafnan rétt. Og þörf sína á gjaldeyri til þess að endurnýja og auka við vélakost sinn getur landbúnaðurinn leyst með áburðarverksmiðju, sem skapað getur gjaldeyri. Og þörfin er brýn, — þörfin á viðhaldi vex stöðugt. Og það þarf hvorki bóndi né neinn annar að ætla sér að láta bilaða vél ganga, nema með því að bæta það, sem brotið er eða úr sér gengið. Og meðan jafnmikil vöntun er á slíkum hlutum, get ég ekki skilið þessa afstöðu, að vilja fleygja frá sér þeim verðmætum, sem þarna skapast, því að engin framleiðsla yrði okkur raunverulega verðmætari en þessi. Það er ekki hægt að nytja jörðina endalaust án þess að láta eitthvað í staðinn, og víða um heim er hún farin að gefa minni afrakstur vegna rányrkju, svo að jafnvel horfir sums staðar til landauðnar. Og ef til vill verður áburður í náinni framtíð eftirsóttasta varan á heimsmarkaðinum, svo að það er eitthvað annað en hér sé um óvissa markaðsvöru að ræða. Vitandi það, að hver orkueining þýðir í mörgum hlutum sparaðan gjaldeyri, þá mundi ég skoða þetta sem mesta framfaramál. Það er spurning, hvort þetta mundi spara meiri olíu og kol eða innfluttan áburð. Og það er ábyggilegt, að þetta mundi skapa sveitunum mörg þægindi, sem sveitafólkið yrði annars að vera án. Og jafnframt gæti það orðið til þess, að bæirnir hefðu meiri getu til að notfæra sér rafmagn og þau þægindi, sem það skapar.

Við umræður meiri hl. n. um þetta mál hefur allt verið miðað við það að hlaða ofan á fyrstu till., sem kom fram, og það sjónarmið ráðið að skera þessu þann þrönga stakk að miða við, hvað hægt væri að reisa minnsta áburðarverksmiðju, til þess að hún bæri sig. Þetta sjónarmið verður að hverfa og hitt sjónarmiðið að skapast: Hvað getum við reist stóra verksmiðju? Og íslenzkir bændur verða að eiga þann stórhug, að þeir hiki ekki við að hrinda fram þessu hagsmunamáli landbúnaðarins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. atvmrh. er ekki inni, og mælist til þess, þar sem ég þarf að víkja til hans máli mínu, að sent verði eftir honum. Þeir hv. þm., sem talað hafa af hálfu meiri hl., hafa fært fram þrjú atriði gegn till. minni hl. Í fyrsta lagi hafa þeir talið, að Sogsvirkjunin ætti að duga til þess að skaffa verksmiðjunni rafmagn. Í öðru lagi hafa þeir talið, að ekki mundi verða unnt að útvega fjármagn til 30 þús. tonna verksmiðju. Og í þriðja lagi hafa þeir svo talið þetta hættuspil af þeim sökum, að allt væri óvíst um markaði.

Ég skal nú taka þessi rök fyrir og svara þeim, hverju í sínu lagi, og því þá fyrst, sem þeir telja, að Sogsvirkjunin ætti að verða nægileg undirstaða. Ég býst nú við, eftir því sem ég heyrði á hv. þm. Skagf., að meiri hl. sé nú þegar að bila á þessari röksemd. Og það er raunar ekki að undra, þar sem forsendan fyrir henni er álit sérfræðinga, sem sjálfir hafa bilað á staðhæfingum sínum. Borgarstjórinn í Rvík var sjálfur látinn gefa yfirlýsingu um áramótin, sem sýnir þetta og styðst við umsagnir raforkumálastjórnarinnar um rafmagnsþörf bæjarins. Og það kom líka fram í ræðu hv. þm. Skagf., að ef til vill yrði að virkja þriðju virkjunina í Soginu til þess að sjá verksmiðjunni fyrir rafmagni. Það hefur verið minnzt á það, að ég held af hæstv. landbrh., að ófullnægð rafmagnsþörf í Rvík mundi e. t. v. stuðla að því, að hún yxi ekki eins ört og hún hefur gert á undanförnum árum. — Ég vildi nú heyra hv. þm. Suðurlandsundirlendisins lýsa því yfir, að á næstu 6 árum yrði ekki bætt við neinni línu á því svæði til neins staðar eða heim á nokkurn sveitabæ. Ég býst við, að ekki þýddi að fara fram á, að í næstu 6 ár væri neitað að veita nokkrum íbúa á Suðurlandsundirlendi rafmagn til viðbótar, enda væri það í hæsta máta ósanngjörn krafa. En það er þó ekki út í hött að athuga þetta, eftir því sem hér hefur komið fram í umræðum. — Það er annars leitt, að hæstv. atvmrh. skuli ekki vera viðstaddur, þegar þetta mál er rætt. Þess konar aðferðir ráðherra sýna það í fyrsta lagi, að ekki er um mikinn áhuga að tala fyrir málinu. Í öðru lagi sýna þær, að þeir óttast að verða að standa við það, sem þeir segja. Í þriðja lagi leiða þær svo til þess, að það verður að endurtaka sömu röksemdirnar oftar en ella.

Hæstv. ráðh. sagði, að Rvík mundi ekki vaxa eins ört og fyrr á næstu árum, og taldi það æskilegt, að tæki fyrir þann vöxt. Ég hefði nú gjarna viljað ræða þetta atriði við hæstv. ráðh., ef hann hefði sýnt sig hér í deildinni, því að þessi ummæli koma sannarlega úr hörðustu átt, þar sem sú ríkisstj., sem hæstv. ráðh. á sæti í, gerir einmitt harðvítugar ráðstafanir til þess að auka sem mest vöxt Rvíkur. — Höfuðástæðan er sú, að atvinnuframkvæmdum er fyrst og fremst einbeitt að Rvík. Undirstaðan er togaraútgerðin í Rvík og í Hafnarfirði. Og sú pólitík er dyggilega rekin að láta lánsféð fara þangað, sem auðurinn er fyrir. Engir, sem minna mega sín, fá lán til að kaupa atvinnutækin og reka þau. Hjálp skulu þeir einir fá, sem ekki eru hjálparþurfi. Hinir stóru verða æ stærri — og Reykjavík verður enn stærri. Þessari pólitík hefur Landsbankinn aðallega staðið á, og Framsfl. á þingi ber þar sína sök. — Þessi regla hefur einu sinni verið brotin. Það var þegar nýbyggingarstjórnin ákvað að koma 10 togurum út á land, eftir þeirri grundvallarreglu, að atvinnutækin eigi að fara þangað, sem þörfin er fyrir þau. Þeim skyldi dreift út um land, þó að fólkið þar hefði engin efni á að kaupa þá, og þar með komust þeir ekki í hendur stórútgerðarinnar. Það hefur verið barizt gegn þessu af Landsbankanum og Framsfl., sem lagði til, að togararnir yrðu seldir þeim, sem gætu borgað þá. Hvað er hæstv. ríkisstj. að gera við hina 10 nýju togara? Málið er hjá fjhn., en hæstv. forsrh. hefur ekki fengizt til að mæta. Og nú er byrjað að ráðstafa togurunum til einstaklinga. Auðkýfingarnir fá tækin í hendur, en þjóðin hefur brýna nauðsyn fyrir þau, og þegar verið er að gera svona ráðstafanir, kemur það úr hörðustu átt að tala um að minnka aðstreymið til Rvíkur og að allir togararnir safnist þangað. Það mæla engar röksemdir með því, að vöxtur Rvíkur verði minni í framtíðinni en verið hefur. Það hefði verið gott, ef hæstv. atvmrh. hefði verið hér til að heyra, hvað hæstv. ríkisstj. er að gera til að auka atvinnulífið úti um land.

Till. hv. landbn. byggjast á blekkingum, þeim blekkingum, að nægilegt rafmagn sé hægt að fá frá Sogsvirkjuninni, en til þess að það sé mögulegt, verður að bíða eftir, að Sogsvirkjunin nýja komist í notkun. Það er svo sem eðlilegt, að hæstv. atvmrh. vilji ekki ræða þetta hér, en álasar minni hl. fyrir að vilja tefja málið. En hjá honum sjálfum verður að bíða eftir því, að Sogsvirkjunin komist upp. Þessi grundvöllur er því ekki til og blekking ein að samþ. till. hv. meiri hl.

Hæstv. atvmrh. kom að því í ræðu sinni, að það vantaði fjármagn til að byggja 30 þús. tonna verksmiðju, en hann nefndi ekki, hvernig ætti að afla fjár til litlu verksmiðjunnar eða 70 millj. kr. til Sogsvirkjunarinnar. Hvaðan koma þeir peningar? Er ef til vill verið að sækja um leyfi til Washington, eins og þegar verið var að sækja um leyfi til Dana til að byggja Ölfusárbrúna? Treystir hæstv. ríkisstj. sér ekki til að byggja 70 millj. kr. vatnsvirkjun án þess að leita til Washington? Síðan verður að virkja Sogið að nýju, og það kostar 50 millj., eða samtals 120 millj., sem er það sama og Urriðafossvirkjunin mundi kosta. Ég vil spyrja hæstv. atvmrh. hvort hann haldi, að auðvelt muni vera að fá að láni 45 millj. til að byggja verksmiðjuna og 70 millj. til að virkja Sogið og 50 millj. til að virkja Sogið að nýju til að byggja 7500 tonna verksmiðju, sem tvísýnt er, hvort beri sig, og auk þess verður ríkið að greiða vexti af lánunum og tapið, ef eitthvað verður. Hvort ætli verði þá ódýrara að fá lán til að virkja Urriðafoss og reisa 30 þús. tonna verksmiðju eða ráðast í hitt? Og hvort ætli verði auðveldara að fá lán til að byggja litlu áburðarverksmiðjuna og virkja Sogið eða til hins, verksmiðju, sem gefur 30 millj. kr. tekjur á ári?

Það má leggja þetta fyrir hvaða fjármálamann sem er, og svarið verður hið sama, menn lána til þeirrar verksmiðjunnar, sem borgar sig, og þeir munu segja, að þeim lítist ekki á að lána til verksmiðju, sem ekki borgar sig og ríkið verður að gefa með. Ef menn halda, að þeir geti fengið 45 millj. kr. lán til verksmiðju, sem ekki borgar sig, þá ætti ekki að verða vandi að fá 125 millj. til verksmiðju, sem borgar sig. Ef samþ. verður með atkv. framsóknarmanna að byggja litlu verksmiðjuna, verða þeir að bera ábyrgð á því, ef hún verður ekki samkeppnisfær. Hæstv. atvmrh. hefur ekki trú á 30 þús. tonna verksmiðju, en ef hún væri byggð, væri ég óhræddur við að heimila íslenzkum bændum að kaupa áburð þar, sem þeir fengju hann ódýrastan, og þá þyrfti ekki að vera að skylda þá til að kaupa framleiðslu íslenzku áburðarverksmiðjunnar. Vilja menn síðar trúa á slíkt fyrirtæki heldur en fyrirtæki, þar sem ríkið verður að borga undirballansinn? Hvað tímann snertir, sem tekur að koma þessari verksmiðju upp, þá tekur það 6 ár með virkjun Urriðafoss, en það er jafnsnemma og búið verður að virkja Sogið í þriðja sinn. Till. minni hl. eru því raunhæfari og traustari en hinar, sem ekkert verður úr.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, um markaði. Gert er ráð fyrir, að tonnið frá litlu verksmiðjunni kosti 1541 kr., en 1133 kr. frá stóru verksmiðjunni. Ég vil nú spyrja hv. þm., sem hér hafa talað, hvort þeir telji okkur samkeppnisfærari með 1541 kr. verðinu eða 1133 kr., og vil ég spyrja þá, hvort þeir teldu happadrýgra, ef Íslendingar færu að keppa á heimsmarkaðinum. En spursmálið þar er að komast sem allra lengst niður með verðið og að framleiðslukostnaðurinn verði sá minnsti, sem hægt er í viðkomandi landi. Ég mundi álíta tvísýnt að keppa með 30 þús. tonna verksmiðju á heimsmarkaðinum, en það er samt venjulegra, að betra er að selja, ef um mikið magn er að ræða og til langs tíma, og með 1133 kr. verð á tonninu hefðum við mikið svigrúm hvað verð snerti, sem nálgaðist stóru hringana. — Þá hefur þeirri spurningu verið hreyft, hvort tryggt væri að fá markaði fyrir þessa vöru. Það er undarlegt, að hæstv. atvmrh. skuli spyrja, hvort við getum tryggt okkur markaði. Fyrir 2 árum var lagt fyrir hann, að Ísland reyndi að tryggja sér markaði erlendis, m. a. fyrir þessa vöru. Og nú spyr hæstv. ráðh., hvort markaðir hafi verið tryggðir. Hæstv. ríkisstj. lagðist á móti, að þetta væri gert, og hefur hindrað í tvö ár, að athugun færi fram á því, hvort við gætum hafið stóriðju. Það er hlægilegt, þegar hæstv. atvmrh. er að tala um aluminiumframleiðslu. Það var lagt til við hann fyrir 2 árum að koma upp stórvirkjun við Þjórsá, en var þá fellt. Og nú koma hinir sömu menn enn fram með það, að slíkt verði að drepa. Halda þeir, að samkeppnin verði minni eftir 10—15 ár en eftir 6 ár? Hvers konar þekking er þetta? Ég álít mögulegt fyrir Íslendinga að koma sér upp markaði með stóriðjuvöru eftir 6 ár, og hef lagt til, að samið yrði við ýmis ríki, en hæstv. ríkisstj. hefur reynt að drepa slíkt niður. Bretar hafa gert samninga til margra ára við ýmsar þjóðir, t. d. Pólverja. Íslenzka ríkisstj. hefur látið slíkt hjá líða. Það þarf því nýja ríkisstj. til að framkvæma þetta. Hæstv. núverandi ríkisstj. hefur brugðizt skyldu sinni og svikizt um að athuga möguleika fyrir stóriðju hér á landi. Það er því alveg út í hött, þegar því er slegið föstu, að ekki sé hægt að leggja út í slíkt fyrr en kunnugt er um markaði, enda þarf ekki við slíkt að fást, ef samþ. verður að byggja litlu verksmiðjuna, en ef samþ. verður að byggja þá stóru, gegnir öðru máli. Fylgilið hæstv. ríkisstj. talar um, að vanti markaði. Hvar eru markaðir fyrir fisk þann, sem togarar þeir, sem koma hingað á árunum 1951—52, veiða? Hvar eru samningarnir um sölu á þeim fiski? Hví er hæstv. ríkisstj. að tala um, að óvarlegt sé að byggja verksmiðju til að framleiða svo auðselda vöru? Getur ekki verið, að þegar nýju togararnir koma, verði enginn markaður fyrir fisk þann, sem þeir veiða? Er þetta ekki hættulegt, ef farið er eftir kenningu hæstv. ríkisstj.? — Þegar ég kom með till. um að kaupa nýsköpunartogarana, þá var sagt, að slíkt væri þýðingarlaust, þar sem varla væri hægt að selja fiskinn úr gömlu togurunum. Það kann að hafa verið rétt, að ekki hafi verið auðvelt að selja úr þeim, en það stafaði af því, að þeir voru ekki samkeppnisfærir. En nýju, stóru togararnir eru samkeppnisfærir. Það getur borgað sig að leggja í nýja vöru, en borgað sig illa að vera með gamla, lélega og litla verksmiðju og gæti þá svo farið, að við stæðum í svipuðum sporum eins og þegar við urðum að byggja allt á gömlu togurunum, að það yrði álíka auðvelt að selja vöru litlu verksmiðjunnar eins og fiskinn úr gömlu togurunum 1944. En hvaða vöru geta Íslendingar verið öruggir með að selja? Ekkert er víst, að betra verði með aluminium, nema þá að brezki aluminiumhringurinn, sem var að athuga hér aðstöðu í fyrra, ætli að koma hér upp vinnslu. En ef við Íslendingar ætlum að halda áfram að flytja út vörur okkar, verðum við að skapa framleiðslu, sem er svo stórvirk, að við séum samkeppnisfærir á heimsmarkaðinum. Ég held þess vegna, að öll röksemdaleiðslan, sem kemur fram frá meiri hl. landbn. og hæstv. landbrh. viðvíkjandi markaðsmálunum, byggist á hugsunarleysi um þessa hluti.

Það er ekki hugsanlegt fyrir okkur að byggja eina litla verksmiðju og flytja út 3000 tonn og byggja svo aðra litla aluminiumverksmiðju, t. d. 2000 tonna og standa þannig með margar litlar verksmiðjur og engin væri samkeppnisfær, ef við yrðum fyrir harðri baráttu. Eina leiðin fyrir okkur er að einbeita okkur að stórvirkjunum og stórrekstri, sem er ódýrast. Af hverju stöndum við Íslendingar betur að vígi en aðrar þjóðir hvað snertir togarana? Af því að við ráðum yfir nýjustu og beztu togurunum, og af því að við réðumst í að fá þá áður en jafnvel Englendingar þorðu að gera það, af því að við framleiðum nógu mikið, í nógu stórum stíl og erum nógu stórir aðilar. Hið sama mundi gilda með stóriðju, þegar við þorum út í hana. Ég vil þess vegna leyfa mér að halda því fram, að það sé öruggara fyrir efnahagslega afkomu

okkar að leggja í stóra verksmiðju og það sé öruggara fyrir okkur til að geta skaffað íslenzkum bændum samkeppnishæft verð á áburði og sé jafnöruggt fyrir okkur, ef við förum af fullum krafti að leggja í virkjun Urriðafoss, að byggja 30000 tonna áburðarverksmiðju eins og 10000 tonna verksmiðju og treysta ef til vill á rafmagn frá hinni nýju Sogsvirkjun, sem yrði ekki starfhæf fyrr en 1955—56, þegar búið væri að virkja Sogið í þriðja skiptið, ef það yrði þá.

Hæstv. atvmrh, hélt því fram, að Norðmenn mundu skáka okkur í samkeppninni, því að þeir hefðu ódýr vatnsföll, sem væru virkjuð fyrir löngu síðan og þeirra vatnsföll lægju svo vel við virkjun. Það er rétt, að Norðmenn framleiða það 10 sinnum ódýrara heldur en við. En ég kom aðeins inn á vatnsmagnið, ég var að benda á, að Íslendingar stæðu öruggara hvað það snertir að hafa nægilegt vatnsmagn í okkar ám. Eins og við vitum, voru Norðmenn í vandræðum s. l. sumar, vegna þess að þeir framleiddu minna rafmagn en þeir höfðu reiknað með vegna þess, að árnar minnkuðu það mikið, að fossaafl ið varð minna en gengið var út frá, og Norðmenn hafa áhyggjur af því, að þeirra jöklar bráðni það mikið á hverju ári, að menn telja, að þeir fari að minnka. Þess vegna hafa Norðmenn þarna áhyggjur, sem við ekki höfum. Það, sem ég minntist á, hefur þess vegna hæstv. atvmrh. misskilið, þegar hann talar um, að framleiðsla Norðmanna mundi verða ódýrari en okkar. En jafnvel þó að Norðmenn framleiddu ódýrara en við, þá þýðir það ekki það, að þeir ætli að selja sína vöru á heimsmarkaðnum bara fyrir framleiðsluverð. Ég býst við, að Norðmenn framleiði nú áburð þannig, að hann kosti ekki meira en hann mundi kosta hjá okkur með 30000 tonna framleiðslu, eða 1133 kr. tonnið, en þeir selja okkur hann bara á 2280 kr. tonnið. Ég held þess vegna, að þær þrjár höfuðmótbárur, sem þarna er haldið fram, um Sogsvirkjunina, fjármagnið og markaðinn, fái ekki staðizt, en afleiðingarnar af þessari röksemd eru þær, að þá þýðir okkur Íslendingum yfirleitt ekki að hugsa um útflutningsframleiðslu, ef við treystum okkur ekki til að leggja í svona virkjun.

Út af fiskframleiðslunni vildi ég svo undirstrika það, sem hv. 8. þm. Reykv. hefur lagt mjög mikla áherzlu á, það er öflun útflutningsverðmæta. Ég sé ekki, að Alþ., sem gerir eins miklar kröfur til innflutnings eins og það gerir nú, geti verið þekkt fyrir að afgreiða annað eins stórmál og hér liggur fyrir, þ. e. a. s. till. um að byggja 30000 smál. verksmiðju, á þann hátt að fella þessar till., en það þýðir sama sem að segja: Við ætlumst til þess, að innflutningur Íslendinga fari minnkandi á næstu árum, að menn neiti sér um fleira og fleira af því, sem Alþ. er búið að samþykkja áskoranir um að flytja inn í landið. Það, að fella till. um stóru verksmiðjuna, þýðir sama sem að ákveða, að landbúnaðarvélarnar skuli standa kyrrar 1955—60, að það skuli vanta benzín á jeppa- og vörubíla og það skuli banna að keyra fólksbíla á Íslandi, svo að við tökum einhver dæmi. Þegar við þurfum fyrir þá bíla, sem nú eru í landinu, yfir 30 millj. kr. til að borga benzín, varahluti og gúmmí, þá getum við hugsað okkur, hvernig það verður 1955—56 með þeim kröfum, sem Alþ. gengur í fararbroddi fyrir að gera nú. Þegar Alþ. gengur í fararbroddi um að heimta 750 jeppa, eins og samþ. var í sameinuðu þingi fyrir skömmu, þá verður það að hafa ábyrgðartilfinningu til þess að leggja grundvöll að slíkri útflutningsframleiðslu á næstu áratugum, að það sé hægt að borga þetta. Ef það er ekki meiningin að koma okkur í þá aðstöðu, að við verðum að betla gjafir erlendis til að geta lifað sæmilegu menningarlífi, þá eigum við að samþ. till. um 30000 tonna áburðarverksmiðju, sem er jafnframt till. um að gera Ísland efnalega sjálfstætt, — till. um að framleiða útflutningsverðmæti til þess að forða okkur frá því að þurfa að vera að betla og biðja um að gefa okkur þær vörur inn í landið, sem Íslendingar vilja fá.

Að síðustu nokkur orð viðvíkjandi því, sem hér kom fram í umr., hver eigi að eiga þessa verksmiðju. Ég vil taka það fram, að það er mín skoðun, að ríkið eigi að eiga þessa verksmiðju. Sé því komið þannig fyrir, að þetta sé sjálfseignarstofnun, þá álít ég, að ríkið eigi að búa þannig um hnútana, að það fái gróðann af henni, eða a. m. k. ákveðið hlutfall af þeim gróða. Ég álít, að það eigi frá upphafi að hugsa þessa verksmiðju sem gróðafyrirtæki fyrir ríkið. Það er til lítils að barma sér yfir, að það verði að taka ríkistekjurnar af brennivínssölu, en koma aldrei fram með neitt, sem virkilega þýddi, að ríkið hefði stórkostlegar tekjur af eðlilegri framleiðslu. Ég held þess vegna, að svona áburðarverksmiðja eigi að vera eign ríkisins og tekjulind fyrir ríkið. Ég veit að vísu, að ríkið á stofnanir, sem eru stórkostlegar tekjulindir nú, en ríkið hefur fram að þessu ekki tekið tekjurnar af þessum stofnunum. Undanfarin ár hafa bankar ríkisins grætt 30 millj. kr. á ári, en ríkið hefur ekki tekið neitt af þessum tekjum, en barmar sér yfir því, að ekki sé hægt að skaffa peninga, ekki einu sinni í Sogsvirkjunina, 30 millj. til að borga innlend vinnulaun, en ríkið getur horft á, að einstakar ríkisstofnanir græða 30 millj. kr. á ári án þess að snerta við því. Svo er kvartað yfir fátækt, ekkert fjármagn sé til, hvergi sé hægt að fá peninga. Ég álít, að við eigum ekki að afgreiða þetta mál þannig, að það sé gert ráð fyrir því, að ríkið eigi að tapa á þessari framleiðslu.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta mál, en vil aðeins taka það fram, að ég álít, að þetta sé stærsta mál, sem fyrir þingið hefur komið í þetta skipti og jafnvel þótt lengra sé leitað. Ég álít, að það verði prófsteinn á skilning og framsýni þm., hvort þeir nú treysta sér til að samþykkja till. minni hl. í þessu máli eða ekki. Mér finnst leitt, að það skuli koma hér fram nákvæmlega sömu röksemdirnar á móti þessari till. um 30000 tonna áburðarverksmiðju eins og kom fram á móti nýsköpunartogurunum um árið. Það er ákaflega leitt, að það skuli vera til enn þá, og það í ráðherrastólum, menn, sem ekkert hafa lært af því

átaki, sem íslenzka þjóðin hefur gert í sínum atvinnumálum á undanförnum áratug. En það virðist mér að hlyti að verða dómurinn yfir þessu þingi, ef það fellir þessa till. um 30000 tonna áburðarverksmiðju, að slíkt þing mundi ekki hafa borið gæfu til að stiga þau spor, sem stigin voru 1944—45, til að umskapa grundvöll fyrir okkar sjávarútveg, og veit þó þetta þing, að gjaldeyririnn, sem þjóðin lifir á nú, er til orðinn fyrir ákvörðun, sem tekin var 1944 um svipaða drauma, svo að ég viðhafi orð hv. 1. þm. Skagf., eins og þessir þm. vilja álíta, að þessi ákvörðun um 30000 tonna áburðarverksmiðju sé nú.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég mun geyma mínar aths. til 3. umr., en hvað snertir brtt. 327, þá hefur hv. frsm. farið fram á, að hún verði tekin aftur til 3. umr., og get ég orðið við því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 312,1 felld með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, IngJ, KTh, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: HÁ, HB, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞG.

FJ, BG greiddu ekki atkv.

5 þm. (JJ, LJós, ÓTh, PO, GTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Eins og þessu máli er nú komið, segi ég nei, enda þótt ég sé mjög fylgjandi þeirri hugmynd, sem felst í sjálfri till.

Sigurður Kristjánsson: Þrátt fyrir það að ég geri ekki ráð fyrir að greiða þessu frv. atkv., sé ég ekki ástæðu til annars en að greiða atkv. um brtt. En af því að mitt atkv. mun verða af fjárhagsástæðum, þá segi ég nei.

Brtt. 312,2—4 teknar aftur til 3. umr.
Brtt. 246,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 327 tekin aftur til 3. umr.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 246,2 tekin aftur til 3. umr.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 246,3 (ný 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 246,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 344, 246,2, 312,2—4, 327, 363).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Meiri hl. landbn. ber hér fram á þskj. 363 tvær brtt. Í fyrsta lagi er þar brtt. við 2. gr. frv. Við 2. umr. hér í hv. d. komu fram brtt. við frv., bæði frá hv. minni hl. landbn. og sömuleiðis frá hv. 5. þm. Reykv., við þessa gr. Við í meiri hl. landbn. athuguðum þessar brtt. og höfum orðið ásáttir um að taka þær að miklu leyti til greina. Aðalbrtt. n. er fólgin í því, að síðari málsliðir gr. eru felldir niður. Það er fellt niður úr gr. það ákvæði, að ríkissjóður skuli greiða vexti af lánum þeim, sem áburðarverksmiðjan kann að taka, og sömuleiðis ákvæðið: „að því leyti sem það“ (þ. e. vaxtagreiðslan) „telst nauðsynlegt, til að verð á íslenzkum köfnunarefnisáburði verði sambærilegt við erlendan áburð.“ M. ö. o., það er fellt niður, að ríkissjóður eigi að greiða niður verð áburðarins frá verksmiðjunni, til þess að það verði ekki hærra en á þeim köfnunarefnisáburði, sem hægt væri að fá frá útlöndum. Meiri hl. n. féllst á, að það væri óviðkunnanlegt að hafa þetta ákvæði í lögum, og brtt. er borin fram af meiri hl. n. út frá því sjónarmiði, að eðlilegt verði að teljast, að áburður, framleiddur hér innanlands, yrði ekki dýrari en sá, sem inn væri fluttur. Út frá því sjónarmiði féllst meiri hl. n. á það að fella þetta ákvæði niður, þó að hann hins vegar teldi ekki ástæðu til að gera brtt. um það að fyrra bragði, af því að þetta ákvæði var borið fram í stjfrv. því, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþ. Og að vísu væri nokkurt öryggi í slíku ákvæði fyrir landbúnaðinn, þó að við föllumst á, að rétt og réttlætanlegt sé að fella þetta niður.

Hv. 5. þm. Reykv. bar fram hér brtt. á þskj. 327 við 2. umr. málsins, þar sem hann er nú algerlega sammála þeirri brtt. meiri hl. landbn., sem nú liggur fyrir, um að fella niður seinni hluta 2. gr. En hv. 5. þm. Reykv. vill bæta aftan við 2. málsl. 2. gr. frv. orðunum: „ef Alþingi samþykkir lánsfjárhæðina og lánskjörin,“ þ. e. á þeim lánum, sem nauðsynlegt er fyrir verksmiðjustjórnina að taka til stofnkostnaðar verksmiðjunnar. Meiri hl. landbn. vill bæta inn í gr., að samþykkt ríkisstj. þurfi til þess, að verksmiðjustjórninni sé heimilt að taka slíkt lán. Þetta var ekki í upphaflegu gr. Þetta ákvæði er náttúrlega sjálfsagt, en hins vegar telur meiri hl. landbn. ástæðulaust að ganga lengra í þessu efni. Það verður að treysta hverri ríkisstj. á hvaða tíma sem er til að ganga ekki lengra í þessum efnum en hún veit, að hún hefur vilja Alþ. fyrir, enda mun þetta vera alveg hliðstætt við það, sem er í ýmsum lögum, t. d. þeim l., sem afgr. voru hér í fyrra um sementsverksmiðju. Og telur meiri hl. landbn. í þessu efni ekki ástæðu til að ganga lengra í þessum l. en þá var gert. Væntir meiri hl. n., að hv. 5. þm. Reykv. geti sætt sig við það, sem hér er orðið, því að svo langt hefur verið komið á móti hans brtt. hvað þetta snertir.

Þá er á sama þskj. frá meiri hl. landbn. brtt. við 9. gr. frv., þar sem talað er um skyldur verksmiðjunnar til skattgreiðslu. Hefur hv. minni hl. n. borið fram brtt. við 2. umr. málsins við 9. gr., eins og hún er í frv. nú, og var mælt

fyrir þeirri brtt. á þeim grundvelli, að þar væri um lækkun að ræða, þar væri takmörkuð útsvarsskylda verksmiðjunnar til sveitarsjóðs. En það er hæpið, eins og sú till. er, að þar sé um lækkun að ræða. Þar gæti, eftir þeirri till., í mjög mörgum tilfellum orðið um hækkun á útsvari að ræða. Í frv., eins og það nú er, er þannig til orða tekið: „Aldrei má leggja á hana“ (þ. e. verksmiðjuna) „hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar.“ Nú vill hv. minni hl. n. fella niður úr gr., að nokkurt tillit verði tekið til tekjuafgangs verksmiðjunnar við álagningu útsvars, en hins vegar megi hækka útsvarið frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir, í 1% af kostnaðarverði framleiðslunnar. Það liggur því í augum uppi, að hér gæti verið um allverulega hækkun að ræða á útsvari verksmiðjunnar frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., eins og það er nú. Og ef gr. er höfð í l. eins og hún er nú í frv. og ef tekjuafgangur verður mjög lítill, verður útsvar verksmiðjunnar miklu minna en ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar. Hér væri því eins líklegt, að um hækkun á útsvari verksmiðjunnar væri að ræða, ef brtt. hv. minni hl. n. yrði samþ. Hins vegar er meiri hl. landbn. á því, að rétt sé og sjálfsagt að takmarka mjög, að verksmiðjan sé skyld til að greiða útsvar. Það kom fram hér við 2. umr. það sjónarmið frá hv. þdm., að verksmiðjan skyldi vera alveg útsvarsfrjáls, og ég skal taka fram, að ég álít — og ég held, að sú skoðun sé ráðandi hjá meiri hl. n. — þetta vera rétt sjónarmið. Það eru svo mikil hlunnindi fyrir hvaða sveitarfélag sem er að fá til sín slíkt atvinnutæki með öllu því fólki og starfsemi, sem er í kringum það, sem fær tekjur til skattálagningar, að ástæðulaust er að skattleggja þetta fyrirtæki, eins og hugsað er, að það verði byggt upp hér. — Og með þetta allt í huga hefur meiri hl. n. lagt til, að brtt. á þskj. 363 yrði samþ., sem fer í þá átt, að það megi aldrei leggja hærra útsvar á áburðarverksmiðjuna en nemi 1% af tekjuafgangi hennar, og vill alls ekki að neinu leyti miða útsvarið við kostnaðarverð framleiðslu verksmiðjunnar. Með þessu er náttúrlega mjög í hóf stillt um útsvarsskyldu verksmiðjunnar og það svo, að hér getur ekki verið um nema litlar upphæðir að ræða, nema um stórkostlegt gróðafyrirtæki sé að ræða, þannig að tekjuafgangur verksmiðjunnar fari að velta á milljónum kr., og væri þá ekki nema réttlætanlegt, að eitthvað gangi til opinberra þarfa af tekjuafganginum, þegar svo væri komið. Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. Hún gengur í sömu átt, en þó nokkuð miklu lengra en hv. minni hl. landbn. vildi leggja til með sinni brtt.

Þá vil ég taka það fram, að við 2. umr. málsins tók meiri hl. landbn. aftur brtt. sína á þskj. 246 við 4. gr. frv., þ. e. um það, hvernig stjórn verksmiðjunnar skyldi skipuð, og var það af því, að hv. minni hl. n. hefur borið fram á þskj. 312 brtt. í þá átt, að verksmiðjustjórnin skyldi skipuð 5 mönnum í stað þriggja eins og meiri hl. n. hefur lagt til. Ég vil taka fram, að meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að koma á móti hv. minni hl. n. hvað þessa brtt. snertir og heldur sér því við þá till., sem hér lá fyrir við 2. umr. málsins á þskj. 246 og óskar eftir því, að hún verði borin upp til atkv. hér. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Viðkomandi brtt. hv. meiri hl. n. um útsvarsskyldu verksmiðjunnar kemur það sama fram hjá þeim eins og alltaf, að þeir miða þessa verksmiðjubyggingu í öllu tilliti við það, hvað borgi sig bezt fyrir landbúnaðinn. En brtt. minni hl. var miðuð við það, að tekjuafgangur verksmiðjunnar væri samkv. þeim útreikningi, sem settur er fram í áliti minni hl. n. Ég álít óþarfa að breyta frá því, sem þar var lagt til um útsvarið. Ég fyrir mitt leyti var ekki að halda fram neinu í þá átt, að þetta fyrirtæki ætti ekki að borga útsvar, en vildi hafa það í hófi. En það má öllum mönnum vera ljóst, — þó að menn geri ákaflega mikið úr því, hvaða hlunnindi sé um að ræða fyrir þann kaupstað eða þann hrepp, sem þessi verksmiðja yrði byggð í, með því að fá verksmiðjuna til sín, — að það er mikill munur á því, ef verksmiðjan sjálf þarf að halda við öllum tækjum og byggingum sínum á sinn kostnað eða fyrirtæki er byggt í bæjarfélagi, þar sem það þarf þess ekki.

Ég hef lagt til, að málsliðurinn í 2. gr. frv.: „Vexti af .... erlendan áburð“ — falli burt. En meiri hl. n. vill einnig fella niður ákvæði 2. gr. frv. um, að fjárframlag ríkissjóðs eigi að ná til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist. Þetta vil ég ekki fella niður. Og meiri hl. n. mun sannfærast um það, eins og allir, sem líta á þetta mál, að þessi áburðarverksmiðja verður aldrei byggð, nema sérstaklega sé séð fyrir rafmagnsþörf hennar án tillits til Sogsvirkjunar. Það, sem gerzt hefur í þessu áburðarverksmiðjumáli, er þetta: Árið 1944 er flutt frv. um að reisa áburðarverksmiðju, sem framleiði 3100 smálestir af áburði á ári, og þessa verksmiðju skyldi reisa á Akureyri til þess að taka við og nota afgangsrafmagn frá Laxárvirkjuninni. Sá afgangur reyndist svo enginn, þegar til kom. Nákvæmlega sama virðist vera að gerast hér. Það á að byggja verksmiðju, 7500 smálesta, til þess að taka við ímynduðum afgangi af rafmagni frá Sogsvirkjun. Og það veit hver maður, að þetta rafmagn sem afgangur af því, sem fólk þarfnast til annarra nota, verður alls ekki til í sambandi við Sogsvirkjun. Og ef á að miða þetta fyrirtæki við það að nota rafmagn frá Sogsvirkjun, þá er sama, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, því að þá verður áburðarverksmiðjan aldrei byggð.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. n. tók fram um það, að ég vildi fimm manna stjórn fyrir þessa verksmiðju í staðinn fyrir, að þrír menn væru í þeirri stjórn, þá tek ég þá till. aftur, því að ég tel nákvæmlega sama, hvort í verksmiðjustj. verða 5 menn eða 3.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði nú kvatt mér hljóðs hér við 2. umr. málsins og ætlaði þá að tala um frv. í einstökum gr. En það fórst nú fyrir, sökum þess að það hafði gleymzt að skrifa mitt nafn niður. Og það gerði ekkert til, þó að ég frestaði minni aths. þar til við 3. umr., af því að ég, samkv. tilmælum form. landbn., tók aftur brtt. mína á þskj. 327 til 3. umr. Og ég skal leyfa mér, um leið og ég minnist á þessa litlu brtt., að segja örfá orð um málið í heild, því að það getur þá jafnframt skoðazt sem grg. fyrir atkv. minu, þegar frv. kemur undir atkv.

Það er mjög glæsilegt allt, sem áætlað er í frv. um framleiðslukostnað áburðarverksmiðjunnar. Og ég fyrir mitt leyti er einn af þeim mönnum, sem mundu sjálfsagt æskja þess, að það mætti treysta slíkri áætlun, því að það er nokkuð furðulegt, ef við lítum yfir iðnrekstur hér á landi og berum kostnað hans saman við kostnað í iðnrekstri í nágrannalöndum okkar, þá er það nokkuð merkilegur hlutur, ef við gætum framleitt þessa iðnvöru ódýrar en nágrannaþjóðir okkar. Og því miður verð ég að viðurkenna það, að ég legg ekki trúnað á þetta. Ég lít svo á, að þetta sé allt of mikil bjartsýni og mundi ekki rætast í framtíðinni. Ég sé ekki nokkurn hlut í reynslu okkar í iðnrekstri, sem bendir einu sinni til þess, að við gætum framleitt þessa vöru jafnódýrt og því síður miklu ódýrar en nágrannaþjóðir okkar, hvort heldur miðað er við dýrleika vinnuaflsins hér á landi, samanborið við dýrleika vinnuaflsins í nágrannalöndum okkar, eða við aðrar aðstæður. Og ef ég hefði lagt trúnað á þetta eða getað fengið mig til að taka afstöðu til málsins í þessari trú, þá verð ég að segja, að till. hv. minni hl. landbn. hefði orðið ákaflega freistandi fyrir mig að fylgja henni, því að ætti maður nokkurn veginn víst, að við gætum framleitt þessa geysimikið notuðu vöru fyrir miklu lægra verð en aðrar þjóðir, þá væri ákaflega freistandi fyrir okkur að skapa okkur þarna stórkostlega mikla gjaldeyrisvöru til útflutnings. Og á því býst ég við, að hv. minni hl. landbn. hafi byggt sínar till. um að hafa verksmiðjuna stærri og afkastameiri en frv. og till. meiri hl. landbn. gera ráð fyrir. — Ég hlýt nú að taka afstöðu til þessa frv. út frá því sjónarmiði mínu, að engin vissa sé og tæplega nokkrar líkur fyrir því, að við getum framleitt ódýrari áburðarefni í þessari væntanlegu verksmiðju en við getum fengið þau aðkeypt. — Það er í frv. sjálfu, strax í 2. gr. óbeinlínis, en þó mjög ákveðið gert ráð fyrir einmitt þessu sama sem ég er nú að tala um. Þar er beinlínis sagt strax, að stofnfé það, sem ríkissjóður leggi til, skuli vera óafturkræft. Og þetta ákvæði getur ekki byggzt á öðru en algerðu trúleysi manna þeirra, sem þetta frv. flytja og styðja — hæstv. ríkisstj. og hv. landbn. — algerðu trúleysi þessara aðila á því, að verksmiðjan geti skilað aftur því fé, sem henni yrði lagt til af ríkissjóði. Og ég held, að þetta sé mjög skynsamleg ályktun, sem felst í þessu ákvæði. En ef svo er, þá horfir þetta mál þannig við frá minu sjónarmiði: Hér á að leggja út í atvinnurekstur, sem í stofnkostnaði verður eftir áætlun 44,4 millj. kr., en eftir reynslu okkar á því, hvernig slíkar áætlanir standast, mætti eins gera ráð fyrir 60—80 millj. kr. stofnkostnaði við. Hér á að leggja út í atvinnurekstur, sem krefðist svona stofnkostnaðar, sem frá minu sjónarmiði að öllum líkindum verður taprekstur. Og mér dettur ekki í hug, ef til slíkra óhappa kemur, að það verði haldið við það að neyða bændur til þess að kaupa afurðir verksmiðjunnar við því verði, sem leiddi af taprekstri. Auðvitað kæmi tapið á ríkið. Og ef við ættum að bæta einum nýjum taprekstri ofan á annað tap, sem fylgt hefur í kjölfar ýmissa framkvæmda ríkisins, finnst mér það ekki sérstaklega glæsilegt. Og þegar gert er ráð fyrir því, — sem er sjálfsagt hárrétt, — að stofnfé muni ekki verða til handbært og að ekki muni verða hægt að afla þess með tekjum ríkissjóðs, sem eru þegar orðnar mun minni en kröfurnar og þarfirnar fyrir það, þá virðist mér það liggja ljóst fyrir, að stofnféð verður að taka að láni. Lánstraust og lánsmöguleikar innanlands í þessu skyni eru allt að því tæmdir, og hér kæmi því til þess að stofna til erlendra skulda. Ég tel, að hv. þm. séu ekki feimnir, sem eftir þá áþján erlendra skulda, sem á okkur hvíldi fyrir fáum árum, ef þeir með köldu blóði vilja stofna til slíks aftur eða annars verra. Og þó að við kynnum að sitja af okkur um stutt árabil tækifæri til þess að framleiða þessa tegund tilbúins áburðar, í stað þess að kaupa hann annars staðar frá, þá sýnist mér það miklu meira atriði, ef við eigum að leggja út í taprekstur á vegum ríkisins og söfnun erlendra skulda. — Skal ég láta þetta nægja um málið almennt og minnast svo á litla brtt., sem ég bar fram við 2. umr. málsins, en fyrir tilmæli hv. form. landbn. frestaði ég henni til þessarar umr. Nú er það svo, eins og hv. frsm. gat um, að n. hefur komið til móts við mig í þessu máli nokkuð áleiðis. Þó skilur okkur nokkuð enn. Hv. nm. í meiri hl. líta svo á, að nægilegt öryggi í því efni, hvað ríkið gengur í háa ábyrgð og með hvaða lánskjörum, felist í þeim varnagla, sem hv. meiri hl. n. hefur slegið hér í brtt. á þskj. 363,1. En þar segir svo, að verksmiðjustjórnin skuli mega taka lán, innanlands eða utan, með samþykki ríkisstj. og ábyrgð ríkissjóðs. Það mætti segja kannske, að það fælist nokkurt vantraust í því til þeirrar ríkisstj., sem hér sæti að völdum, að telja þetta ekki fullnægjandi varnagla. En við ýmsir þm. erum nú eigi að síður, daglega má segja, að finna, að meðferð hæstv. ríkisstj. er ekki hin æskilegasta í málefnum landsins, að sönnu ekki í stórkostlegum atriðum. En það verður maður þó að segja, að ef þingið í eitt skipti fyrir öll gæfi hæstv. ríkisstj., hver sem hún nú yrði, heimild til að samþ. lánsfjárhæð, alveg laust við það, að Alþ. kæmi þar nokkuð nálægt eða segði sitt álit um, hvort það væri fjárhag ríkisins kleift eða stætt, og með hvaða kjörum, sem ríkisstj. kynni að sýnast, þá er ráðherrum sýnd miklu meiri tiltrú en hægt er að segja, að allir þeir hv. menn, sem setið hafa hér í ráðherrastólum, eiga skilið. Annað tveggja eiga þeir ekki slíkt traust skilið fyrir fram, hverjir sem þeir eru, eða þá hv. þm. hafa borið ráðh. röng-

um sökum, því að það eru sífelldar aðfinnslur, — og mér sýnist með réttu, — um að ráðherrar hafi ekki gætt strängustu skyldu sinnar í forsjálni um málefni ríkisins. Ég sé heldur ekki, að það sé svo stórt ómak fyrir stjórn verksmiðjunnar að þurfa að bera það undir Alþ., hvort taka megi fyrir ríkisins hönd 30, 40, 50, 60 eða 70 eða kannske 80 millj. kr. að láni. Ég sé ekki, að það megi segja, að það sé of mikil fyrirhöfn, heldur eigi bara að fara upp í stjórnarráð og láta ráðherrana skrifa upp á þessar smáfyrirætlanir. Það er áreiðanlegt, að stofnsetning svona fyrirtækis gengur ekki með meiri hraða en svo, að með þeim tíma, sem þingið situr, er það ekki hættuleg töf, sem mundi fylgja því, að það yrði að bera slík stórmál undir Alþ. — Nú er það svo, að ef hv. þdm. líta svona á, eins og ég, að þessi varnagli sé skynsamlegur og vel samboðinn Alþ. að slá hér, þá er mjög auðvelt að koma þessari till. hér að sem viðaukatill. við brtt. hv. meiri hl. landbn. Till. mín á þskj. 327 er svo hljóðandi: „Aftan við 2. málsl. bætist: ef Alþingi samþykkir lánsfjárhæðina og lánskjörin.“ En einmitt 2. gr. frv., eins og hv. meiri hl. landbn. leggur til, að hún verði orðuð, er tveir málsliðir. Og þessi brtt. mín félli þess vegna alveg við síðari málsl. — Að sjálfsögðu mun ég taka aftur b-lið brtt. minnar, vegna þess að hann er eiginlega óbeinlínis tekinn upp í brtt. hv. meiri hl. landbn.

Ég vænti, að hæstv. forseti sjái engin missmíði á því, þó að þessi till. mín á þskj. 327 komi sem vatill. við brtt. nr. 1 á þskj. 363.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal strax geta þess, að ég get fyllilega fallizt á þær brtt., sem fram eru bornar af hv. meiri hl. landbn., enda hafði ég rætt við n. um þau atriði og gat þess sömuleiðis í umr. um málið við 2. umr. Þessi ákvæði, — eins og ég skýrði frá áður, — bæði um framlagið og einnig varnaglinn um vaxtaábyrgð ríkissjóðs af lánum verksmiðjunnar, verða frekast að skoðast sem leifar frá fyrri tímabilum þessa máls, þegar frv. um þetta efni voru flutt fram í þeirri stærð, eða réttara sagt smæð, að ekki var almennt trú á því, að svo litlar verksmiðjur gætu staðizt samkeppni við framleiðslu köfnunarefnisáburðar frá verksmiðjum, sem væru stærri og afkastameiri. En eftir að málið er komið á þann grundvöll, að hér er hugsað að reisa verksmiðju, sem er af svipaðri stærð og fjölda margar áburðarverksmiðjur úti í heimi, sem taldar eru fyllilega starfhæfar, og komið er inn á að keppa við verksmiðjur af sömu stærð, þá teljum við enga ástæðu til þess að óttast það, að þessi verksmiðja geti ekki orðið fyllilega samkeppnisfær við hinar aðrar verksmiðjur af sömu stærð. Þannig á það ekki að teljast nauðsyn á því að hafa þennan varnagla lengur í frv., þó að það sé ekki hægt að neita því, að það hefði verið meira öryggi fyrir stofnunina, ef hún hefði fengið þannig í hendur að nokkru leyti óafturkræft eigið fé eða fé, sem hefði verið létt vaxtabyrði af, því að ef þannig hefði verið ástatt, að ríkið hefði verið þess umkomið að leggja verksmiðjunni fram stofnfé, sem hún ætti og væri óafturkræft, þá væri aðstaða þessa fyrirtækis um ókomna framtíð allt önnur en án þess, þar sem hún hefði getað byggt sig upp af eigin fé í hvert skipti sem vélar hennar væru úr sér gengnar, en ekki þurft að taka þetta af rekstrinum. Hins vegar get ég fallizt á þessa brtt. Ég hef trú á, að þetta fyrirtæki, ef upp verður komið, geti staðið straum af þeim fjármunum, sem því væru fengnir í hendur, á venjulegum rekstrargrundvelli. En um það er ekki hægt að segja neitt með vissu. Enginn getur ábyrgzt slíka hluti, og þar af leiðandi get ég ekki gefið hv. 5. þm. Reykv. trú á því, að þetta sé fjárhagslega öruggt fyrirtæki, úr því að hann hefur ekki skapað sér hana sjálfur, — á sama hátt og ótrú hans dregur ekki úr huga mínum þær vonir, sem ég byggi í þessu máli, að fram kominni þeirri rannsókn, sem fram hefur farið, og ég vona, að svo verði það með aðra hv. þm. — Hv. 5. þm. Reykv. taldi líklegt af reynslunni, og eiginlega af öllum ástæðum, að við Íslendingar gætum framleitt ódýrari iðnaðarvörur en aðrar þjóðir. Það má náttúrlega ýmislegt um þetta segja og færa rök fyrir þessu máli hv. þm. En hér er á tvennt að líta. Fyrst og fremst á það, að við höfum rekið okkur á það, Íslendingar, þegar við ætlum að keppa við aðrar þjóðir, bæði um iðnaðarvarning og annað, að við stöndum því verr að vígi í þeirri samkeppni, sem sú framleiðsla, sem um er að ræða, byggist meira á mannkraftinum. Því fleiri menn og því fleiri hendur sem þurfa að vinna við fyrirtækin, því verr stöndum við að vígi í þessu efni vegna þess, hve okkar verðlag og kaupgjald er miklu hærra en í öðrum löndum, sem við ætlum við að keppa. Þetta horfir hins vegar allt öðruvísi við, ef við eignumst tæki, sem eru mjög fullkomin að vélasamsetningu, þannig að vélaaflið vinnur meginhlutann af verkinu. Og þá er þetta komið inn á allt annað svið. Ég býst t. d. við, að ef við ættum að fara að keppa við aðrar þjóðir um prjónles, sem eingöngu væri prjónað í höndum, bæði hér heima og erlendis, þá yrðum við ekki samkeppnisfærir. Hins vegar er mér sagt, og ég hygg að það sé rétt, að búið sé að koma hér upp í landinu prjóniðnaði, sem vinnur svo automatiskt, að það þurfi ekki nema fáar hendur til þess að stýra verkinu. Og mér er tjáð, að þessar fullkomnu prjónastofur séu algerlega samkeppnisfærar um þessa vinnu, vegna þess að vélar vinna ekkert verr hjá okkur en annars staðar. Og nú er framleiðsla áburðar orðin ákaflega mekaniseruð, þannig að það þarf mjög lítið vinnuafl manna við þá framleiðslu. Og þetta eitt út af fyrir sig ætti að gefa okkur vonir um það, að við fengjum með þessu fyrirtæki möguleika til þess að geta orðið algerlega samkeppnisfærir við aðrar þjóðir, ef annað, sem við þurfum á að halda, er að sama skapi hentugt eins og vélasamsetning þessara verksmiðja. Og nú er það viðurkennt, að okkar aðstaða til raforkuvinnslu í þessu landi er þannig, að það eru mjög fá lönd, sem hafa jafngóða aðstöðu til þess að framleiða ódýra raforku eins og við Íslendingar höfum í okkar landi. Ég held, að í Norðurálfu sé ekkert land, sem standi okk-

ar landi framar í þessu efni, nema Noregur. Og þess vegna er það þýðingarmikið, að við getum lagt fram og notað náttúrukraft, sem við ekki getum notað til annars og er að fullu samkeppnisfær við aðra náttúruorku, og notað þessa orku til þess að framleiða alveg samkeppnisfæra vöru. — Annað er á að líta einnig, að það er ekki alveg öruggt, að það verð, sem við höfum orðið að búa við undanfarið á áburði, sem við höfum keypt, og við e. t. v. verðum að búa við fyrst um sinn, sé framleiðsluverðið. Það er ekki sagt, að svo sé, en það vill nú oft verða svo, að ef þurrð er á vöru í heiminum og mikil eftirspurn, þá hafa þeir, sem valdið hafa yfir vörunni, mörg ráð til þess að leggja hærra verð á vöruna en framleiðsluverðið eitt. Og á því getur byggzt sú niðurstaða í þeim athugunum og rannsóknum, sem hér hafa farið fram og leitt hafa í ljós, að við höfum líkur til að geta framleitt áburð með allmiklu lægra verði en við höfum keypt hann fyrir á undanförnum árum. Og það er nokkurn veginn víst, að þessi niðurstaða byggist á þessu, að við höfum verið látnir greiða fyrir áburðinn miklu meira verð en framleiðslukostnað. Þess vegna er það, að þó við gætum ekki framleitt áburðinn með lægri framleiðslukostnaði en aðrir, þá er þetta sjálfsögð sjálfsvörn og öryggi fyrir okkur að geta tryggt það, að íslenzkur landbúnaður geti fengið þessa nauðsynjavöru með kostnaðarverði, en ekki gróðaverði erlendra framleiðenda.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að sér virtist, að þeir, sem að frv. þessu standa, hafi sýnt það, að þeim væri álíka innanbrjósts og honum, og vantrú á þessu fyrirtæki gægðist fram í ákvæðum 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir óafturkræfu framlagi frá ríkissjóði til fyrirtækisins eða vaxtalétti, ef til kæmi, að samkeppni við erlend fyrirtæki sýndi, að á því þyrfti að halda. Það má kannske segja þetta — kannske að nokkru leyti. En ég hef svarað því áður, að þessi ákvæði í frv. eru meira leifar frá fyrri stigum meðferðar málsins. Og auk þess, ef ríkið ætti að kosta stofnsetningu þessa fyrirtækis, ef ætti að framkvæma þetta þannig, þá væri þetta æskilegt fyrir þetta fyrirtæki. Hins vegar geri ég fyllilega ráð fyrir því, eins og högum okkar er háttað nú, og geng að því vitandi vits, að ríkið á ekki kost á því að koma þessu fyrirtæki upp skuldlausu, því miður, og leggja því til óafturkræft reiðufé og að þess vegna sé ekki í annað hús að venda en að leita lánsfjár til framkvæmdanna. Það er að vísu rétt, að aldrei verða höfð of mörg varnaðarorð um það að gæta hófs um að taka erlend lán, og dettur mér ekki í hug að neita því. En ég vil þó, að það séu undir öllum kringumstæðum athugaðar málsástæður. Og ef ég er öruggur í þeirri trú, að það fyrirtæki, sem lánsfé er fengið til að koma upp, verði arðbært fyrirtæki, og ef enn fremur liggur fyrir, að sú framleiðsla, sem það á að annast, sparar beint eða óbeint stærri gjaldeyrisupphæðir á fáum árum en þarf að greiða fyrir þau erlendu lán, þá tel ég ekki aðeins forsvaranlegt, heldur sjálfsagt að taka þau lán, ef hægt er að fá góð lánskjör. Og það er það, sem liggur fyrir hér og er hverjum manni augljóst, að sá gjaldeyrir, sem ríkið hlýtur að spara á fáum árum við það að losna við að kaupa þessa áburðartegund, sem ekki er nú að fá nema erlendis frá, — ef við getum sparað þennan gjaldeyri alveg með vaxandi framleiðslu á næstu árum, þá er greinilegt, að þjóðfélagslega séð verður ágóði af slíku fyrirtæki. — Það hefur verið rætt um það hér áður, og þá í sambandi við annað mál, að það er einmitt fyrirhugað nú, að þau lán, sem Íslandi er álitið að standi til boða gegnum Marshalllögin, og er ekki um deilt, að eru mjög hagkvæm lán, hagkvæmustu lán, sem nokkurs staðar eru á boðstólum nú, — það er ætlazt til þess, að þeim verði m. a. varið til þessara framkvæmda og ýmissa svipaðra stórframkvæmda. Þannig að ef við höfum trú á þessu fyrirtæki og viljum koma því upp, þá tel ég óforsvaranlegt, að þessu máli verði ekki einmitt hrundið í framkvæmd nú, til þess að við getum orðið aðnjótandi að þessum lánum og þeim lánskjörum, sem bundin eru við Marshalllöggjöfina.

Ég skal ekki ræða við hv. 5. þm. Reykv. um hans brtt. Mér fannst hv. meiri hl. landbn. ganga þannig til móts við hann í þessu, að öruggt ætti að teljast, að það væri tryggt, sem þessi hv. þm. vildi tryggja, enda eru ákvæði þau í þessu efni, sem nú eru í brtt. hv. meiri hl. n., alveg sams konar og í samsvarandi löggjöf á öðrum sviðum, bæði í lögum um síldarverksmiðjur ríkisins og lögum um sementsverksmiðju, því að þar er alls staðar gert ráð fyrir því, að þegar Alþ. hefur ákveðið að leita eftir að fá lán til að reisa framkvæmdir, þá er ríkisstj. fengið þetta til fyrirgreiðslu og það lagt í hendur ríkisstj., og þá fjmrh., sem í hvert skipti á að hafa og hefur þessi mál í höndum sér. Og sennilega verður það alltaf svo, að hér starfar einhver ríkisstj., sem Alþ. treystir til að fara með slík mál. Og þá er það ekki meira vald, sem henni er fengið í fjármálum þjóðarinnar í þessu falli en öðrum. — Sem sagt, ég fellst fyllilega á brtt. hv. meiri hl. landbn. og óska, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þær.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og mál þetta er í sjálfu sér nauðsynlegt og gott, þá sýnast mér allar horfur á, að afgreiðsla þess hér á Alþ. verði algerlega blekking gagnvart þjóðinni. Og ef svo fer, verður það hv. þm. sjálfum að kenna, að svo verður, því að þeir hafa haft tækifæri til þess að gera þetta mál þannig úr garði, að það gæti staðið á raunhæfum grundvelli. — Ég hafði búizt við því, að hæstv. ráðh. mundi gefa dálítið skýrari yfirlýsingar viðvíkjandi fjárspursmálinu en hann hefur gert, sökum þess að við 2. umr. þessa máls, þá var það notað sem ein aðalröksemd á móti því að reisa 30 þús. smál. áburðarverksmiðju, að það mundi ekki verða hægt að fá fé. Nú bendir hæstv. ráðh. á það, að auðvitað sé það eina vonin, sem hann hafi um fé til litlu verksmiðjunnar, að það fáist Marshalllán. En þá lægi sú spurning fyrir honum og hæstv. ríkisstjórn, ef það væri í raun og veru svo, að ríkisstj. ætlaði að taka t. d. 200 millj. kr. að láni sem lán eða gjöf, á hvern hátt hún gæti hag-

nýtt það fé sem bezt, hvort hún gerði það með því að setja upp fyrirtæki hér innanlands, sem væru tapfyrirtæki, af því að þau væru svo smá, eða hvort hún gerði það með því að setja upp fyrirtæki, sem sköpuðu verulegan útflutning og væru þannig grundvöllur fyrir lífsafkomu þjóðarinnar. — Ég ætla að skjóta því hér fram einu sinni enn þá, fyrst hæstv. ráðh. minntist á þann möguleika, og spyrja hann að því, hvernig hann héldi, að honum mundi verða svarað, ef hann kæmi til einhvers bankastjóra erlendis eða ríkisstj. eða fulltrúa eða forstjóra Marshallhjálparinnar og ætlaði að ræða mál eins og þetta á venjulegum grundvelli og hann kæmi með tvær uppsetningar, annars vegar áætlun um byggingu verksmiðju fyrir 44 millj. kr., sem ætti að gefa af sér samkvæmt þessum útreikningi um 4 millj. kr., ef bændur væru látnir borga fullt útsöluverð fyrir áburðinn, en þar væri það ákvæði sett inn í, að bændur skyldu fá áburðinn fyrir kostnaðarverð og þeir mundu fá meiri hluta framleiðslunnar til sín, og þá mundi þessi reikningur, sem þessi ráðh. legði fyrir t. d. forstjóra Marshallhjálparinnar, líta svo út, að það ætti að reisa áburðarverksmiðju fyrir 44 millj. kr., sem ætti að skila sem ágóða, — ef helmingur framleiðslunnar væri seldur á frjálsum markaði, en hitt til bænda, — sem svaraði 1 millj. kr. á ári. Setjum svo, að hæstv. ráðh. legði slíka áætlun þannig fram, en samtímis kæmi sami ráðh. með áætlun um að byggja verksmiðju fyrir 125 millj. kr., sem með sama útreikningi og lagður væri til grundvallar fyrir hinni verksmiðjunni mundi gefa 30 millj. kr. í gróða á ári, og þar með gæfi hún einnig um 60 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Ég ætla ekki að eyða orðum að því, hvernig hver einasti maður, sem hefði með fjármál að gera, mundi dæma um tvær svona tillögur frá því sjónarmiði að tryggja, að féð verði ávaxtað, og þá ekki aðeins, hvort fyrirtækið bæri sig, heldur væri hægt að borga vexti af fengnum lánum. Hvaða bankastjóri mundi vilja leggja fram fé í svo litla verksmiðju? En ef um stærra fyrirtæki væri að ræða, væri öðru máli að gegna. En ef bankastjórinn væri hluthafi í De Pond, gæti farið svo, að hann segði, að við skyldum aðeins byggja litla verksmiðju og Íslendingar ættu ekki að vera að keppa við aðrar þjóðir á þessu sviði og við skyldum láta okkur nægja með verksmiðju, sem fullnægði þörfum okkar sjálfra. En þau ráð mundu ekki vera okkur holl né verzlunarlega skynsamlegt að fara eftir þeim. Ég vildi aðeins taka þetta fram til að segja mína skoðun á því, hversu óforsvaranleg afstaða d. var við 2. umr.

Hv. 5. þm. Reykv. lýsti vantrú sinni á, að íslenzkur iðnaður stæðist samanburð við iðnað annarra þjóða, en ég vil segja honum það, að sá iðnaður, sem stenzt samkeppni nú, er stóriðjan, sem rekin er með véltækni, og slík stóriðja drepur smáiðjuna. Þess vegna er viðbúið, að stóriðjan í heiminum eyðileggi okkar litlu verksmiðju, en við getum þó a. m. k. frekar staðið á móti, ef við höfum stóra verksmiðju. Það er stundum verið að tala um dýrleika vinnuaflsins, en slíkt kemur ekki til greina í þessu tilfelli. Í litlu verksmiðjunni verða um 50 manns, en í hinni, sem framleiðir fyrir um 60 millj., munu verða um 100 manns. Við erum sem sagt að flytja út raforku, eins og hæstv. atvmrh. sagði. Þess vegna verðum við að leggja í nógu stórt, svo að við getum staðizt samkeppnina. Og hvað snertir hættuna við að taka erlent lán, þá er ég óhræddur við það, ef það er í svo skynsamlegt fyrirtæki, sem gefur góðan arð og erlendan gjaldeyri, því að þá getum við hæglega greitt upp lánin. En hættan liggur í því að taka lán til fyrirtækja, sem ekki borga sig og ekki skapa gjaldeyri. Það er glapræði að leggja 45 millj. í fyrirtæki, sem engan gróða eða gjaldeyri gefur, en nær að leggja í verksmiðju, sem kostar 125 millj., en gefur 60 millj. kr. gjaldeyri og 30 millj. kr. gróða.

Ég vil spyrja hæstv. atvmrh. og hv. frsm., hv. 1. þm. Skagf., hvort gengið sé út frá því, að tryggt sé, að vara sú, sem seld er á innlendum markaði, sé ekki dýrari en sú, sem flutt verður út. Og ég vil einnig spyrja þá, hvort þeir skilji 8. gr. svo, að áburðarsala ríkisins sé skyld að greiða kostnaðarverð fyrir áburðinn, sem hún kaupir af ríkinu, hvort sem verðið er hærra eða lægra en markaðsverð erlendis. Ég vil, að það komi fram, hvort meiningin sé, að íslenzkir bændur séu skyldaðir til að kaupa þennan áburð, þó að hann sé dýrari en erlendur áburður, og auðvitað kemur ekki til greina, að ríkið borgi undirballans af slíkum rekstri, eða vonandi dettur engum hv. þm. slíkt í hug. Þetta verður að koma ótvírætt fram nú, hvort áburðarsalan sé skyld til að kaupa þennan áburð, þótt hann verði dýrari en gerist á erlendum markaði, svo að engin eftirmál verði, þegar verksmiðjan er komin upp. Ég vil taka það fram, að sá varasjóður, hvað verðið snertir, sem litla verksmiðjan hefur upp á að hlaupa, ef verðlækkun verður, nemur ekki nema 4 millj. kr. Og ef hún selur tonnið á 1541 kr., sem er það lægsta, sem hún getur staðizt við án þess þess að tapa, verður erfitt fyrir hana að keppa við hina erlendu auðhringa. Stóra verksmiðjan getur aftur á móti selt tonnið á 1133 kr. án þess að tapa. Það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að því fer fjarri, að núverandi söluverð á áburði sé kostnaðarverð, og ég gæti trúað, að álagningin væri um 100%. Ágóði hringanna er því ekkert smáræði. Ég álít því, að það væri svo mikill munur fyrir okkur Íslendinga, hvort við þyldum að selja vöruna á 1133 kr. tonnið eða hvort það væri 1541 kr., að það gæti riðið baggamuninn. Ég vonast til að fá ótvírætt svar um það, hvort ætlunin er að neyða íslenzka bændur til að kaupa þennan áburð, hvað sem verðið verður hátt.

Varðandi 9. gr., þá held ég, að áburðarverksmiðjan hefði átt að vera þannig, að hún gæti gefið ríkinu ágóða, en annað sjónarmið virðist ríkjandi hjá hv. meiri hl. landbn., en ég vil spyrja þessa hv. þm.: Á hverja ætla þeir að leggja skattana, ef á að sleppa tækifærinu til að skapa fyrirtæki, sem getur borið sig og gefið góðar tekjur? Ef á að taka 45 millj. og setja í fyrirtæki, sem ætla má, að taprekstur verði á, og þar að auki að taka rafmagn frá Soginu,

sem hægt hefði verið að selja háu verði annars staðar, á hverja ætla þeir þá að leggja gjöldin? Er ætlunin að leggja þau á þjóðfélagsþegnana? Ég verð að segja þetta vegna þess, að ég tel afgreiðslu þessa máls einhverja þá lökustu, sem átt hefur sér stað hér á Alþ. á stórmáli, og var eins gott, að ekki þurfti að leggja undir hv. deild kaupin á 30 togurunum fyrr en eftir á, og ég held sannarlega, að sú till. hefði farið sömu leið og stóra verksmiðjan. Það er annað, sem hv. meiri hl. hefur meiri áhuga á, en það er að útunga n. til að ákveða stað fyrir verksmiðjuna auk þeirrar n., sem á að koma verksmiðjunni upp. Það nægði ekki, að fjárhagsráð og verksmiðjustjórnin hugsuðu um þetta, heldur þurfti að skipa eina n. enn. — Ég veit, að það er ekki til neins að bera fram brtt. við frv. eins og nú er. En mér segir þungt hugur um, að afgreiðsla þessa máls verði ljótur dómur um skammsýni Alþ. í þessu þýðingarmikla máli.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. meiri hl. landbn. hefur borið fram brtt. við 2. gr. á þskj. 363, þar sem gert er ráð fyrir, að numið verði í burtu, að ríkissjóður greiði vexti af lánsfé til verksmiðjunnar. Ég get lýst ánægju minni yfir þessari brtt., því að mér skilst, að hér komi fram trygging fyrir því, að ekki verði lagt út í þetta, nema tryggt sé, að fyrirtækið verði sæmilega fjárhagslega öruggt. Eins og framhald af þessari brtt. vil ég leyfa mér að benda á, að í 8. gr., eins og hún nú er, er gert ráð fyrir í síðasta málsl. fyrri málsgr., að í hinu áætlaða kostnaðarverði skuli reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningasjóð og varasjóð verksmiðjunnar. Ef nú er gert ráð fyrir, að verksmiðjan standi undir lánum eftir breyt. þá, sem lögð er til í 2. gr., þá virðist vanta, að þegar tiltekinn er kostnaður áburðarins, sé einnig reiknað með nauðsynlegum vöxtum og afborgunum lána. Ég fyrir mitt leyti tel nauðsynlegt, að þessu sé breytt, og leyfi mér að leggja fram brtt., sem ég vil leyfa mér að lýsa hér, með leyfi hæstv. forseta. Breyt. er á þá leið, að í 8. gr. bætist það ákvæði, að við ákvörðun kostnaðarverðs skuli tekið tillit til vaxta og afborgana. Breyt. er ekki önnur en sú, að skýrar er tekið fram það, sem mér virtist, að hafi verið meining hv. n. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að fé, sem ríkissjóður kann að veita til áburðarverksmiðjunnar, standi áfram óafturkræft né heldur vextir af því, heldur einungis af lánum samkv. 2. gr. Ég tel raunar, að það sé ætlun hæstv. atvmrh. og hv. meiri hl. n., að þessu sé hagað svo, en tel rétt að taka þetta fram í l. til samræmingar öðrum l., t. d. um síldarverksmiðjur. Ég vona því, að hæstv. atvmrh. og hv. meiri hl. geti fallizt á þetta.

Ég gat þess við 2. umr., að nauðsynlegt væri að fá verkfræðilega aðstoð og sérfræðinga, sem boðið er með Marshallaðstoðinni. Hæstv. atvmrh. tók vel í þetta, og ég ítreka þá ósk við hæstv. ríkisstj., að hún reyni sem fyrst að nota sér þá sérfræðilegu aðstoð, sem boðin er með Marshallhjálpinni. Það leikur ekki á tveim tungum, að Bandaríkjamenn standa mjög framarlega í vatnsvirkjunum og eiga færari sérfræðinga en aðrar þjóðir. Ég tel því, ekki sízt í sambandi við skýrslu frá raforkumálastjóra og rafmagnsstjóra Reykjavíkur, að nauðsynlegt sé nú þegar að fá umsögn bandarískra verkfræðinga, bæði um vatnsvirkjun og þessa áburðarverksmiðju. Og ég vil, að þetta verði gert strax. Ef til vill kæmi þá í ljós, að stærð sú, sem Alþ. hefur hugsað sér á verksmiðjunni, sé ekki sú rétta, og þá treysti ég því, að hæstv. ríkisstj. leiti til Alþ. um breytingu á því. Ég hef enga verkfræðilega möguleika til að dæma um, hvort þetta er sú rétta stærð. Ég ítreka því við hæstv. atvmrh., að hann snúi sér í þessum efnum til réttra aðila, bæði um vatnsvirkjunina og verksmiðjuna. Við höfum notað Marshallaðstoðina til að byggja síldarverksmiðju hér við Faxaflóa, og þó að það hafi verið nokkuð umdeilt, leikur það vart á tveim tungum, að það verður heppilegra og kostar minna en flytja síldina til Siglufjarðar. Þá höfum við fengið dollara fyrir fisk, sem seldur hefur verið til sterlingspundssvæðisins. En hvorug þessi ráðstöfun er stórt skref í þá átt, sem er meginmarkmið Marhallaðstoðarinnar, að byggja upp framtíðaratvinnuvegina hér, og þurfum við þar að taka stærri skref. En ég ber það traust til hæstv. ríkisstj., að ég veit, að hún mun nota Marshallaðstoðina svo sem til er ætlazt. En mér er nær að halda, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki sinnt þessum málum svo sem þurft hefði. Ég ber hið mesta traust til sendiherra okkar í París, sem mjög hefur verið við þetta mál riðinn, en ég tel mjög hæpið, að ríkisstj. hafi veitt honum þá aðstoð, sem þurft hefur. Ýmsir færir menn hafa verið með sendiherranum, en enginn festst við það, unz nú ungur námsmaður, sem lært hefur í Ameríku. Flestar þjóðir hafa sent sína færustu menn til Marshallráðstefnunnar og verja miklu fé í því skyni. Ég hef nýlega séð í dönsku blaði eftir Bull fyrrv. forsrh., að sá mikli árangur, sem Danir hafa náð í að byggja upp hjá sér atvinnuvegina, sé Marshallaðstoðinni að þakka og nauðsynlegt sé að fylgjast sem bezt með öllu, til að aðstoðin komi að sem mestu gagni. Ég vil því ítreka áskorun mína frá 2. umr., að hæstv. ríkisstj. noti væntanlega sérfræðingahjálp frá Bandaríkjunum í öllum efnum, er mega verða til að byggja upp framtíðaratvinnuvegi vora. Í þessum tilmælum er ekkert vantraust falið á þá menn, sem hafa kynnt sér þessi mál. En hitt er alkunn staðreynd, að betur sjá augu en auga, og þó að við eigum marga góða verkfræðinga, þá hafa þeir ekki þá menntun, þekkingu og reynslu, sem sumir amerískir verkfræðingar hafa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 373) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal nú ekkert segja um þessa brtt. frá hv. þm. Ísaf. Ég held næstum, að hún sé óþörf og að það felist í ákvæðum frv., sem felst í henni. Þannig geri ég ráð fyrir, að á þetta yrði litið í framkvæmdinni, og þá eins hvort sem þessi till.

verður samþ. eða ekki. Annars vil ég taka fram í sambandi við ræðu þessa hv. þm., að það er ekki nema alveg sjálfsagt, áður en ráðizt er í framkvæmd þessa fyrirtækis, ef þetta frv. verður að lögum, að leitað sé beztu og fyllstu upplýsinga, sem hægt er að fá í þessum efnum. Ég er honum alveg sammála um, að nota beri sér til hins ítrasta allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja í sambandi við Marshallaðstoðina, og færustu sérfræðinga á þessu sviði. Það er sjálfsagt að taka ábendingar hans fyllilega til greina. Ég vil geta þess, að mitt ráðuneyti hefur reynt að aðstoða sendiherra okkar í París, sem mest hvílir á af okkar fulltrúum í sambandi við Marshallaðstoðina, eftir föngum, svo að hann gæti lagt málin sem gleggst fyrir af okkar hálfu. En það hefur komið skýrt fram hjá stofnun Evrópu-Marshalllandanna í París, að nokkur tregða hefur verið á, að þeir mæltu með þessum framkvæmdum hjá okkur, og vilja margir vinna þetta verk, að koma upp slíkum atvinnufyrirtækjum. Nú þegar hefur af Íslands hálfu verið leitað tilboða í byggingu áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju frá Ítalíu, Frakklandi, Sviss, Englandi og Vestur-Þýzkalandi til samanburðar tilboðum, sem liggja að nokkru leyti fyrir frá Bandaríkjunum. Sömuleiðis hefur verið leitað tilboða á Norðurlöndum í þessar verksmiðjur, svo að allar upplýsingar liggi sem ljósast fyrir. Varðandi sementsverksmiðjuna skipaði ég nýlega sérfræðinganefnd til að ljúka undirbúningi málsins innanlands, og nýlega var hér á ferð sérfræðingur frá fyrirtækinu F. L. Smith & Co. í Kaupmannahöfn, sem hefur útibú í London og Bandaríkjunum og er eitt af öruggustu og þekktustu fyrirtækjum í heimi á sviði sementsframleiðslu og sementsverksmiðjubygginga. Samkomulag varð um það við þennan sérfræðing, að fyrirtæki hans tæki að sér hinar ítrustu rannsóknir á hráefni okkar til sementsframleiðslu með því að framleiða sement úr því, gæfi allar tæknilegar upplýsingar varðandi framleiðsluaðferðir og vélar og annað, sem þörf er á, gerði teikningu af verksmiðjunni og tilboð í hana, og munu allar þessar upplýsingar varðandi sementsverksmiðjuna brátt liggja fyrir, og eins verður farið að varðandi áburðarverksmiðjuna. Ég læt mér ekki nægja minna en fyllstu, ítrustu og ábyggilegustu upplýsingar, sem hægt er að fá, áður en ráðizt verður í þessa framkvæmd.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hverju ég svaraði, er ég kæmi til erlendra banka eða þeirra, sem úthluta Marshalllánum, og talaði fyrir tveimur fyrirtækjum, öðru, sem gæfi eina milljón í tekjuafgang, og hinu, er gæfi 30 milljónir í tekjuafgang. Hann spurði, hvernig ég gæti forsvarað það fyrir lánveitandanum að biðja um lán til þess fyrirtækisins, sem gæfi ekki nema einn þrítugasta af sér á við hitt. Ég skal nú segja hv. þm., að ég sé ekki, að allar dyr standi okkur opnar og það væri sama, hvað við bæðum um og færum fram á, við fengjum það allt. Mér skilst, að allar Marshallþjóðirnar hafi sótt um meira en líkur séu til, að hægt sé að veita af aðstoðinni, þannig að ég get ekki ímyndað mér, að við mundum fá ótakmarkaðar óskir uppfylltar. Hins vegar mundi ég áreiðanlega verða spurður um það af lánveitanda, hvort við hefðum tryggt okkur markað fyrir framleiðslu þess risafyrirtækis, sem hv. 2. þm. Reykv. vill koma upp. Og mér yrði þá sennilega svarafátt og yrði sennilega að vísa þar um til hv. 2. þm. Reykv., og vona ég þá, að hann gæti forsvarað það, svo að orð hans yrðu tekin sem góð og gild vara.

Þá spurði hv. þm. í sambandi við það ákvæði frv., að áburðarsölu ríkisins er gert að kaupa áburðinn á kostnaðarverði, hvort það ætti að skiljast svo, að áburðarsalan væri skyldug til þess á hverjum tíma að kaupa áburðinn á kostnaðarverði, hvort sem það lægi undir eða yfir erlendu markaðsverði. Ég get sagt hv. þm., að ég hef litið svo á, að við værum bundnir við kostnaðarverðið, hvert sem markaðsverðið er. Ég veit ekki betur en að þetta sé svo í öllum löndum, sem framleiða áburð eða aðrar vörur, bæði til heimanotkunar og útflutnings. Eins yrðu Íslendingar að binda sig við framleiðsluverð áburðarins, þó að varan væri ár og ár boðin ódýrari erlendis. Það hefur iðulega komið fyrir, t. d. í Englandi, að selja hefur orðið vöruna úr landi fyrir neðan kostnaðarverð, en kostnaðarverðið hefur verið látið gilda í heimalandinu. Þetta hefur t. d. iðulega verið gert með sement í Englandi. Eins yrðum við að binda okkur við kostnaðarverðið, — ég sé ekki aðra leið fram úr því.

Hv. 2. þm. Reykv. endaði ræðu sína á áminningarprédikun til hv. Nd., meiri hl. n. og mín og bar okkur á brýn smásýni og hrósaði happi yfir því, að það hefði ekki fallið í okkar hlut að ákveða tölu togaranna, þegar fyrrv. stjórn gerði samninga um kaup á 30 togurum. Það var gott, að hann minntist á þetta, það gefur tilefni til að minna á, að hann svaf sjálfur á verðinum, á meðan hann var einn meðal þeirra æðstu manna, sem höfðu með innflutninginn að gera, og nóg var til af gjaldeyri. Það má kannske segja, að þá hafi verið leikur einn að koma upp slíku fyrirtæki, sem hann er nú að prédika um, en það var bara ekki gert. En þegar búið er að eyða öllu í þarft og óþarft og allt er á heljarþröminni, ef svo mætti segja, vegna þeirrar eyðslu, þá kemur þessi hv. þm. og heimtar, að þessar risaframkvæmdir séu settar á stofn, sem yrði þá eingöngu að vera með lánum, innlendum eða erlendum. Og nú ásakar hann þá menn, sem eru að reyna að koma þeirri framkvæmd á laggirnar, sem þeir þráðu, að gerð hefði verið, meðan nóg fé var fyrir hendi, en ekki var gert þá, m. a. fyrir vanrækslu þessa hv. þm. Hin stóru orð bitna því fyrst og fremst á honum sjálfum, sem mistókst svo hrapallega, á meðan hann átti tækifærin, að hann lét þau ganga úr greipum sér.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 344, 246,2, 312,2—4, 327, 363, 373).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vil

taka fram í sambandi við þær umr., sem fóru hér fram síðast um þessi mál. — Ég vil leyfa mér fyrst að minnast á brtt. hv. 5. þm. Reykv. á þskj. 327. Meiri hl. landbn. taldi, að hann hefði tekið upp í sína brtt. við 2. gr. frv. meginatriðið af því, sem vakti fyrir hv. 5. þm. Reykv. með sinni brtt. Nú virtist hv. 5. þm. Reykv. ekki sætta sig við þetta og óskaði eftir, að sín brtt. yrði samþ. Ég tók það fram þá, að meiri hl. landbn. liti svo á, að nægilegrar varúðar væri gætt og það væri í fullu samræmi við þá reglu, sem yfirleitt gilti í svipaðri löggjöf og þessari, að ríkisstj. hefði heimild til lántöku í löggjöf sem þessari. Ég geri ekkert mikið úr þessu atriði og fer ekki að deila neitt við hv. þm. um þessi atriði. Það skiptir frá mínu sjónarmiði tiltölulega litlu máli, hvort brtt. hans er samþ. eða ekki. Hitt var annað mál, að hv. 5. þm. Reykv. var á móti málinu — alveg. Mér skildist hann ætla að vera á móti frv., og ég ætla ekki að ræða það við hann. Það er búið hér við þessar þrjár umr. hér í d., bæði af mér og öðrum, að færa fram þau rök, sem við teljum vera fyrir því, að rétt sé að fá þessa heimildarlöggjöf samþ., og þarf ég ekki að endurtaka það, sem sagt hefur verið um það. En úr því að hv. 5. þm. Reykv. er á móti málinu, skil ég, að hann vildi heldur aðhyllast þá till. minni hl. n., að stærð verksmiðjunnar skyldi vera miðuð við 30 þús. smál. framleiðslu á ári, því að það er alveg víst, að ef slíkt væri sett í lög, þá væri það sama sem að stöðva þetta mál um ófyrirsjáanlegan tíma. Og úr því að meginsjónarmið hv. 5. þm. Reykv. er það, að hann er á móti málinu öllu í heild, þá skildi ég vel, að hann gæti fallizt á brtt. minni hl. landbn., ef hann á annað borð fylgdi frv., því að það væri sama sem að skrínuleggja þetta mál í bili.

Hv. þm. Ísaf. bar hér fram skrifl. brtt., síðast þegar þetta mál var rætt, og hefur þeirri brtt. nú verið útbýtt á þskj. 373. Sú brtt. er um það, að inn í 8. gr. frv. bætist, að auk þess, sem þar er talað um, að í hinu áætlaða kostnaðarverði sé reiknað með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar, þá verði bætt þar við, að í hinu áætlaða kostnaðarverði skuli reikna með nauðsynlegum vöxtum og afborgunum samkvæmt 2. gr. Ég hygg, að þessi brtt. hv. þm. sé algerlega óþörf. Hvað vextina snertir er hún vitanlega alveg óþörf. Hins vegar var tekið fram í frv., eins og það var upphaflega, að heimilt væri að greiða vexti af lánum stofnkostnaðar verksmiðjunnar úr ríkissjóði, og þar með var þetta talið til kostnaðar. En með því að fella þetta úr 2. gr., eins og gert var og allir virtust vera sammála um, þá liggur í hlutarins eðli, að það er óþarfi að taka þetta fram. Þetta er í sjálfu sér aukaatriði og óþarfi að deila um þetta. Það sama virðist mér um afborganirnar. Það er ákveðið í frv., að það skuli leggja í fyrningarsjóð lögákveðið tillag, og skilst mér, að það ákvæði sé alveg nægilegt og jafngildi alveg því, sem hér er um að ræða um afborganir, þannig að ég hygg, að segja megi, að þessi brtt. sé óþörf, og sé ég af þeirri ástæðu ekki ástæðu til að samþ. hana. Eins og frv. er orðað, leikur ekki á tveim tungum, að þessa hluti, vexti og afborgun, á verksmiðjan að bera. Það er því óþarflega mikil varasemi hjá hv. þm. Ísaf. að vilja taka þetta sérstaklega fram. Hitt skal ég taka fram og undirstrika, sem hv. þm. kom inn á, að sjálfsagt væri að láta útlenda sérfræðinga rannsaka þetta mál. Hæstv. atvmrh. hefur líka lýst yfir, að það sé sjálfsagt. Ég hef líka lagt á það ríka áherzlu f. h. meiri hl. landbn.

Hv. frsm. minni hl. var úrillur, aldrei þessu vant, í þeirri ræðu, sem hann flutti hér síðast, því að þótt ekki yrði samkomulag um það í n. að fylgja frv. óbreyttu, þá hefur þar allt verið í fullri vinsemd, en mér fannst hv. frsm. minni hl. úrillur í ræðu sinni. Hann var svo stór upp á sig, að hann sagði um brtt. um fjölgun í verksmiðjustjórninni um tvo menn, að hann vildi ekki fara í slíka verksmiðjustjórn. Hv. frsm. hefur þá eingöngu borið fram till. í því skyni, að hann eða einhver annar úr hans flokki fengi sæti í verksmiðjustjórninni. Þetta er stórmennska í meira lagi. Einhvern tíma hafa kommúnistar lotið að minnu en að vera í stj. fyrirtækis af þeirri stærð, sem hér er. Mér er spurn, hvort þessir stórbrotnu menn geta átt sæti á svona litlu Alþingi eins og hér er, miðað við hin stóru þing úti um heim.

Hv. þm. var svo umbrotasamur, að það, sem við höfum tekið upp úr hans till. í okkar, því var hann á móti. Við tókum upp 2. brtt., en hv. þm. var hinn versti út af því, að við hefðum tekið upp till. En hann virðist ekki hafa veitt athygli, að þetta ákvæði er í 5. gr. frv. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.“ Það er því algerður óþarfi að hafa sömu ákvæði í 2. gr. frv.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur flutt fimm eða sex ræður í d. um þetta mál. Ég hef aldrei svarað honum neinu og mun ekki gera það, af því að mér leiðast alltaf ofsatrúarmenn. Ég get að vísu þolað ofsatrúarmenn í trúmálum og líka í pólitík, eins og hann er. En þegar verið er að ræða um hagnýt atvinnumál, þá á ég bágt með að skilja ofsatrúarmenn. Hann hefur alltaf talað í þessu máli eins og ofsatrúarmaður, en aldrei reynt að færa fram sannanir. Því meir sem hann hefur þynnt út sína ræðu með því að flytja hana aftur og aftur með breyttu orðalagi, því sannfærðari hef ég orðið um, að það er ekkert nema orðagjálfur. Fyrir nokkrum árum var um það að ræða að kaupa 30 togara. Allir virtust sammála um, að það ætti að endurbyggja togaraflotann. En hv. 2. þm. Reykv. talaði þá þannig eins og það væri allt hans verk. Hv. þm. hélt þá margar ræður í sama anda og nú. Hann vildi ekki láta sér nægja að byggja 30 togara, heldur 75 eða 90. Þar kom sama ofsatrúin fram, að horfa aldrei neina á einn hlut, til þess að hægt væri að bjarga landi og þjóð í einu átaki. Hitt vita allir, að fjárhagur þjóðarinnar var þannig, að ekki hefði verið hægt að útvega þessa 90 togara, eins og hann vildi. Og svo leyfir hann sér að brigzla þeim, sem eru á annarri skoðun, um, að þeir starfi í þessu máli á móti betri vitund og það

sé ljótur dómur, sem þingið muni fá vegna afgreiðslu þessa máls og þetta sé lakasta afgreiðsla á Alþingi Íslendinga. Þetta er alveg það sama og alltaf kemur fram hjá honum, þegar hann talar um eitthvert mál. Það grípur hann eitthvert æði og ofsatrú, svo að það er ekki hægt þrátt fyrir hans miklu greind að ýmsu leyti að taka mark á því, sem hann segir. Ef hann hefði leyft hv. 8. þm. Reykv. einum að tala í málinu, hefði verið tekið meira mark á því, sem hann sagði, því að hann talaði af miklu meiri þunga og alvöru.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur engan rétt til að halda fram, að við, sem erum hér á öðru máli en hann, förum eftir öðru en því, sem við teljum réttast og bezt að gera, en því dróttaði hann að okkur, þegar hann kom upp á hátind ofsatrúar sinnar, eins og hann trúði fyrir nokkrum árum, að það eitt yrði til að bjarga þjóðinni, að togararnir yrðu 75 eða 100, en nú trúir hann, að það eitt bjargi þjóðinni, að byggð verði áburðarverksmiðja, 30—60 þús. tonn að stærð. Ég hef ekki trú á þessu. Ég álít, að hvorki togarafloti geti einn út af fyrir sig né heldur geysistór áburðarverksmiðja ein bjargað okkar þjóð. Við verðum að beita meira skynsemi og rólegri yfirvegun og líta á, hverju er hægt fjárhags- og atvinnulega að koma í framkvæmd. Hv. 2. þm. Reykv. hlýtur að vita, að skraf hans, að ná á næstu árum mörg hundruð milljónum króna, ef plan hans um áburðarverksmiðju verður samþ., er út í bláinn.

Það kann að dragast lengur en menn óska, að þessi verksmiðja verði byggð. En ég hef fylgt þessu máli fyrst og fremst vegna þeirrar vissu, að ég veit, hversu geysilega það er mikilsvert fyrir landbúnaðinn, að við getum fengið áburðinn innanlands og tryggt þannig grundvöllinn fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Og ég fylgi því, að verksmiðjan verði af þessari stærð, af því að það má telja nokkurn veginn víst, að verksmiðja af þessari stærð er samkeppnisfært fyrirtæki, því að annars hefðu ekki verið byggðar á síðustu árum verksmiðjur af þessari stærð. Og ég er jafnsannfærður um, að útreikningar hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann vill sýna, að áburður frá 30—40 þús. smál. verksmiðju verði ódýrari en frá 5—10 þús. smál. verksmiðju, eru út í bláinn. Hv. þm. hristir höfuðið, og ég get ekki að því gert. Ég hef sýnt fram á þetta áður hér á þingi, og það hefur ekki verið hreyft við þeim rökum. Það er eitt að framleiða hlutinn og annað að afsetja hann. Nú er sú breyt. að verða á um áburðarframleiðsluna, að framleiðslan er orðin svo mikil, að á næstu árum þrengist greinilega um markaði í heiminum. Framleiðslan hefur aukizt afar mikið í þeim löndum, þar sem hagkvæmast væri fyrir okkur að afsetja áburð. Það getur verið, að markaður fengist einhvers staðar langt í burtu, kannske austur í Asíu, þar eru geysilegir ræktunarmöguleikar, en sennilega yrði erfitt að selja áburð á markaði, sem væru svo langt í burtu.

Ég hef fylgt þessu frv. af því, að mér virðist það eini möguleikinn til, að hægt verði að framkvæma þetta mál fljótlega. Og allir sérfræðingar, sem ég hef heyrt tala um þetta mál, segja, að þessi verksmiðja geti orðið liður í stærri verksmiðju, ef það sýndi sig síðar, að hagkvæmt væri að stækka hana og hafa hana af þeirri stærð, sem hv. 2. þm. Reykv. vill. Þetta vil ég segja út af þeim miklu ræðum, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur flutt hér.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þær brtt., sem liggja hér fyrir. Meiri hl. hefur ekki rætt till. hv. þm. Ísaf. og ekki till. hv. 5. þm. Reykv., síðan hann mælti síðast fyrir henni. En ég tel þó, að n. sé á móti till. hv. 5. þm. Reykv. Hins vegar veit ég ekki um afstöðu hennar til till. hv. þm. Ísaf., en sjálfum finnst mér hún óþörf og tel af þeirri ástæðu alveg ástæðulaust að samþ. hana, því að það, sem tekið er fram í till., er alveg ákveðið, eins og frv. er nú orðað.

Ég vil stuðla að því, að frv. komist til Ed., og skal ekki orðlengja um málið frekar, en láta máli mínu lokið.

Einar Olgeirsson: Mér kom á óvart, að hv. 1. þm. Skagf. skyldi vera svona ofsafenginn í sinni ræðu. Ég á öðru að venjast af honum, sérstaklega að hann skyldi koma með bein ósannindi í sinni ræðu. Ég mun nú skýra sálfræðilega, hvers vegna honum varð þetta á. Ég þekki hann það vel, að ég veit, að hann hefur ekki ætlað sér að gera það.

Hv. þm. sagði, að ég hefði í ræðu hér í þinginu haldið því fram, að það væri bráðnauðsynlegt að kaupa 75—100 togara. *(StgrSt:* Ég sagði ekki, að það hefði verið í þinginu.) Jæja, hvar sem það var. Þetta átti að sanna, hvað ég væri mikill ofsatrúarmaður. Hvernig stendur á, að hann finnur upp að búa þessa tölu til og vera svo kominn með hana upp í 100, áður en hann lýkur máli sínu? Í ræðu, sem ég hélt hér upphaflega í þinginu og varð talsvert umtöluð, hélt ég fram, að við ættum að kaupa 20—30 togara. Fyrir það var ég kallaður skýjaglópur. Þá var ekki búið að finna upp orðið „ofsatrúarmaður". En þessi till. þótti mesta fjarstæða, og ég var skammaður fyrir hana. Framsfl. þótti enn þá vitlausara, þegar ríkisstj. var mynduð 1945 upp á að kaupa þessa 30 togara. Framsfl. gagnrýndi það á allra handa máta, og sá, sem Framsfl. mest trúði á í landinu og situr nú til að stjórna öllum fjármálum þjóðarinnar, hann sagði þetta hreina flónsku. Nú eru þessir menn sannfærðir um, að þetta var ekki ofsatrú, heldur raunhæf og eðlileg þróun, þó að það þætti skýjaborgir og ofsatrú í fyrstu. Þess vegna finnur hv. 1. þm. Skagf., að það þýðir ekki að segja, að það hafi verið ofsatrú að kaupa 20—30 togara, og þess vegna segir hann, að þeir hafi átt að vera 90—100. Svona fjarstæður skapast út af nauðsyninni í pólitískum áróðri. Hv. 1. þm. Skagf. mætti líka minnast þess, að þegar togararnir voru keyptir, flutti Sósfl. brtt. um, að heimildin væri hækkuð upp í 50. Sú till. var felld af hv. 1. þm. Skagf. og öðrum, sem styðja hæstv. núverandi ríkisstj. Það hefði vafalaust verið mjög hagkvæmt fyrir Íslendinga að kaupa árið 1945 50 togara, en ekki 30. Hæstv. núverandi ríkisstj. gerði árið 1948 ráðstafanir til að kaupa

10 togara. Þá komu stuðningsmenn hæstv. núverandi stj. auga á, að það hefði verið skynsamlegra að kaupa fleiri togara en 30 árið 1945, því að það hefur valdið þjóðinni tugmilljónakróna gjaldeyristapi. Sá ruglingur á tölu togaranna, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Skagf., mun vera þannig til kominn, að í áætlun nýbyggingarráðs er gert ráð fyrir, að árið 1951 ætti helzt að vera til í landinu 75 togarar, gamlir og nýir. Hitt er aðeins tilbúningur, sem hann bætir við, þar sem hann er að gera mér upp orð, sem ég hef aldrei sagt.

Ég er þá búinn að rekja allt, sem sagt hefur verið um tölur í þessu sambandi, og þar með eru allar röksemdir hv. 1. þm. Skagf. hrundar, því að röksemdir hans voru á þá leið, að af því að ég hefði viljað kaupa 90 togara, þá væri vitlaust að byggja 30 þús. smál. áburðarverksmiðju, en ekki 10 þús. smál. Ég tek þetta sem mark um það, að meira að segja þeir af hv. meiri hl. landbn., sem af mestri stillingu hafa rætt þetta frv., hafi komizt nokkuð út úr jafnvægi. Ég kenni því um, að þeir séu farnir að efast um réttmæti skoðana sinna. Ég hef aldrei haldið fram, að þeir hafi ekki viljað gera það réttasta. Hitt er ég hræddur um, að þeir hafi ekki gert sér nægilega mikið far um að sjá, hvað réttast er.

Hæstv. landbrh. hefur svarað fyrirspurn minni um það, hvort bændur væru bundnir við kostnaðarverð. Hann sagðist ætlast til, að íslenzkir bændur borguðu kostnaðarverð af að framleiða áburðinn. Þetta þýðir, að miðað við 10 þús. smál. verksmiðju eiga þeir að borga 1544 krónur á tonnið, eða 400 krónum meira en þeir mundu borga samkvæmt útreikningunum um 30 þús. smál. verksmiðjuna, því að þar er gert ráð fyrir 1133 kr. á tonnið. M. ö. o., hæstv. atvmrh. álítur, að það eigi að skylda íslenzka bændur til að borga áburðinn 400 kr. hærra verði hvert tonn en hægt er að framleiða hann fyrir með stærri verksmiðjunni. Með því að samþ. minni verksmiðjuna er verið að samþ. 2 millj. kr. skatt á bændur, miðað við stærri verksmiðjuna. Mér þætti nú vænt um að heyra, hvort bændur ættu sjálfir að borga þetta eða það á að velta því yfir á neytendur og reikna með því, þegar landbúnaðarvörur eru verðlagðar, ef fylgt verður áfram svipuðu kerfi og gert hefur verið nú að undanförnu. Og svo framarlega sem það er gert að velta því yfir á neytendur, þá verður það til að auka á dýrtíðina og hækka verð á landbúnaðarafurðum, en ef ríkið borgar afurðirnar niður, þá verður það að borga þennan verðmismun á áburðinum. Þetta væri gott að fá fram.

Þá skal ég koma að því, sem mér virtist hv. 1. þm. Skagf. draga í efa, hvort þessi útreikningur, að stærri verksmiðjan væri svo miklu ódýrari tiltölulega, væri réttur. Ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á, að hæstv. atvmrh. og frsm. meiri hl. vildu athuga samanburðinn og útreikningana hjá hv. minni hl., þar sem lagður er til grundvallar útreikningur frá sérfræðingum hæstv. ríkisstj. Stofnkostnaður stærri verksmiðjunnar er reiknaður 125 millj. kr., en þegar reiknað er með 5000—7500 smál. verksmiðju, er reiknað með, að 5000 smál. verksmiðjan kosti 38 millj. kr., en 7500 smál. verksmiðja kosti 44,4 millj. kr. M. ö. o., það er reiknað með, að 2500 tonna aukning úr 5000 smál. kosti 6,4 millj. kr. Og þó að við reiknum með, að hver 2500 smál. viðbót upp í 30 þús. kosti 6,4 millj., eða öll viðbótin 57,6 millj., þá kostar 30 þús. smál. verksmiðja samt ekki nema 102 millj. kr. Nú er það gefið mál, að viðbótin kostar ekki nálægt því svona mikið. Áætlunin um 125 millj. er því allt of há, svo framarlega sem 5000 smál. verksmiðja kostar 38 millj. kr. og 7500 smál. verksmiðja kostar 44,4 millj. Samkvæmt því, sem þar er lagt til grundvallar, gæti slík verksmiðja aldrei farið yfir 100 millj., en þar er áreiðanlega reiknað of hátt. Í öllum sínum kostnaðarútreikningum reiknar meiri hl. með nákvæmlega sömu upphæðum, þ. e. a. s. engu nema vinnulaunum og að einhverju leyti skrifstofukostnaði, og er sú áætlun, sem liggur til grundvallar hjá minni hl., miklu raunhæfari en áætlun verkfræðinganna. Þetta hefur líka komið greinilega fram í öllum þeim undirbúningsrannsóknum, sem gerðar hafa verið um þessa hluti. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að reyna að gera okkur grein fyrir, hvað muni borga sig fyrir okkur í þessum efnum.

Hæstv. atvmrh. sagði í ræðu sinni, að úr því að ég hefði svona mikinn áhuga fyrir þessu máli, væri undarlegt, að ég skyldi ekki hafa komið þessu í gegn, þegar ég var hér hæstráðandi til sjós og lands. Ég hef nú aldrei verið hæstráðandi til sjós og lands. Ég vil aðeins geta þess, að þegar ég var í nýbyggingarráði, treysti ég mér ekki til þess að koma með neinar uppástungur um þá ofsatrú, sem nú er verið að bera mér á brýn. Þegar ég kom með till. um 20—30 togara, þóttu það skýjaborgir. Það þurfti að sýna þjóðinni, að það, sem menn kölluðu skýjaborgir, væri ákaflega raunhæft. Annað höfuðatriðið í þessu máli var það, að svo framarlega sem þessu fé, sem við þá höfðum til ráðstöfunar, væri varið til kaupa á tækjum til að veiða fisk, þá vorum við á sviði, þar sem við þekktum okkur, þar sem við vissum, að þýddi að tala við landsmenn almennt um að leggja í þessa hluti og grípa til þess nógu fljótt. Með þessum 30 togurum einum væri hægt að skapa gjaldeyri, er nota mætti sem grundvöll að stórframkvæmdum og stóriðju síðar meir. Þetta voru ráðstafanir, sem hægt var að tala við þjóðina um, meira að segja stórútvegsmenn. Áburðarverksmiðjumálið var hins vegar á því stigi, að deilan stóð um það, hvort byggja ætti á þeim grundvelli, að verksmiðjan gæti framleitt 1200 tonn á ári eða 2500 tonn, og öll sú hugsun, sem var í þessu máli 1945—46, miðaðist við það að stíga þetta skref, sem okkur finnst nú svo hlægilega lítið. Stórhugur Framsfl. var á þeim tímum ekki meiri en það hvað nýsköpun snerti, að í hæsta lagi var hægt að draga úr því hugsun um 1200—2500 tonna verksmiðju. Nú hefur stórhugur þessara manna vaxið svo mikið, að ekki þykir nú tækt að tala um minna en 10000 tonna verksmiðju, og hefðu það einhvern tíma verið kallaðar skýjaborgir. En væri þetta mál hugsað nógu vel og brotið til mergjar og athugaðir

allir möguleikar í því sambandi, mundi árangurinn af slíkri rannsókn verða sá, að 30 þúsund tonna verksmiðja væri ekki aðeins æskileg, heldur líka nauðsynleg fyrir útflutningsframleiðslu íslenzku þjóðarinnar. — Ég lagði hugmyndir mínar um þetta fram fyrir þessa hv. deild og ráðh., nokkru eftir að þessi stj. tók við völdum, — hugmyndir um stóriðju á ýmsum sviðum og þar á meðal áburðarverksmiðju. Hefði það verið tekið til greina þá, hefði unnizt tveggja ára undirbúningstími til rannsóknar á þessum hlutum. Hefði ráðh. og ríkisstj. hans og meiri hl. þessarar d. þá samþ. þá till. mína að fela fjárhagsráði þessi mál, þá væru upp undir það tvö ár, sem þetta ráð væri búið að starfa að því að rannsaka þetta. Mér finnst þess vegna hart að heyra nú þær skoðanir af þingbekkjum, að nú fyrst eigi að fara fram algerð rannsókn á þessu, þar sem niðurstöður af þeirri rannsókn ættu að liggja fyrir okkur nú. Og það eru einmitt sömu mennirnir sem felldu rannsóknartill. mína fyrir tveimur árum, sem tala nú um þessa rannsókn. Þetta lýsir vantrú frá þeirra hálfu á því stóra máli, sem hér liggur fyrir, en ekki ofsatrú þeirra á möguleikum, sem þarna voru til.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á fjármagnið í þessu sambandi, og í sama orðinu og hann álasar mér fyrir, að ég hafi ekki notað peninga, sem til hafi verið á árunum, til þess að byggja áburðarverksmiðju, finnst mér hann nú kinnhesta sjálfan sig, því að í sömu andrá fer hann sjálfur að tala um Marshallfé. Ég veit nú ekki betur en þetta Marshalllán sé 250 millj. kr., og ég veit ekki betur en að hæstv. ríkisstj. geti ráðið því, hvernig hún notar þessa peninga, ef hún á annað borð tekur þá að láni. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hefur ekki hæstv. ríkisstj. athugað, hvernig á að nota þetta fé á skynsamlegan hátt? Á að nota það í bíla og jeppa eða sem undirstöðu fyrir framtíðarmál Íslands, stóriðju á Íslandi? Þessi hæstv. ráðh. álasar mér fyrir það að hafa átt þátt í, að ekki væru notaðir peningar til þess að byggja áburðarverksmiðju. Hvað verður þá sagt um þessa ríkisstj. eftir svo sem tvö ár, ef hún situr þá enn að völdum og eyðir 250 millj. án þess að leggja grundvöll að nokkrum nýjum stóratvinnuvegi á Íslandi, sem gæti staðið undir atvinnulífi landsmanna með því að skapa útflutningsverðmæti. Það ætti að setja þetta fé í það að skapa stóriðju á Íslandi, og ef við getum haft rafmagnið, sem þarf til þessarar iðju, nógu ódýrt, getum við keppt við hvaða þjóð sem er. Ef þessu tækifæri er sleppt, erum við að sleppa einhverju því bezta tækifæri, sem Íslendingar hafa fengið til þess að nota þetta fé á skynsamlegan hátt. — Hins vegar lít ég svo á, að hægt sé að skapa stóriðju á Íslandi án Marshallhjálpar. Ég álít mögulegt að fá erlend lán til þess að byggja upp fyrirtæki, sem ég álít, að gætu orðið hin gróðavænlegustu. Ég álít, að íslenzka þjóðin geti af eigin rammleik komið þessu upp með því að spara við sig. Ég álít, að atvinnutæki hennar nú séu það stórvirk, ef þau eru látin ganga og slík skemmdarverk ekki unnin sem nú er gert, að við séum fyllilega menn til þess að spara fyrir okkur 30—40 millj. kr. í 6 ár til þess að leggja grundvöll að virkjun Urriðafoss og áburðarverksmiðju.

Þá spurði hv. frsm. meiri hl. landbn., hvort hægt væri að fá þetta fjármagn. Ríkisstj. hefði enn sem komið væri ekki lagt fram nein skilríki fyrir því, hvar hún ætlaði að fá 144 millj. Mér sýnist nú, eftir því sem ég heyri, að það séu næstum enn þá meiri örðugleikar fyrir það lán, sem þarf fyrir innlent kapital, en hið erlenda. Ég svara þessu með þeirri spurningu, sem ég bar fram í fyrri ræðu minni: Ef menn vilja fá fjármagnið þannig, hvort eru þá meiri möguleikar á, að einn bankastjóri vilji lána fjármagn til verksmiðju, sem gefur af sér 3—4 millj. kr. á ári, eða til verksmiðju, sem gefur af sér 40 millj.? Þessu hefur ekki verið svarað. Ég veit, að þessir menn, hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Skagf., þekkja það vel inn í verzlun, að þeir sjá, að auðveldara er að fá lán til hluta, sem hægt er að sýna fram á, að borgi sig vel.

Það er nú mjög vaxandi stemning fyrir því, að rannsaka þurfi þessi mál meir, og er sérstök áherzla á það lögð, að leita þurfi til erlendra sérfræðinga í þessum efnum og spyrja þá. Ég vil viðvíkjandi því segja, að það er allmikil spurning, um hvað við ættum að spyrja erlenda sérfræðinga. Það gæti svo sem verið nógu gott að spyrja þessa menn um ýmsa hluti. En að því er snertir sjálft höfuðatriðið, atvinnulíf þjóðarinnar, held ég, að okkur væri hollast og við værum færir um að taka sjálfir okkar eigin ákvarðanir. Enn fremur verðum við að athuga, hvort þeir sérfræðingar, sem við kunnum að leita til, séu ekki að einhverju leyti bundnir hvað hugsun og hagsmuni snertir. Ef t. d. hæstv. ríkisstj. ætlar að tala við Samvinnunefnd Evrópuþjóðanna, þá á hún á hættu að mæta þar sérfræðingum, sem vilja koma í veg fyrir, að við komum upp áburðarverksmiðju. Við eigum því ekkert að spyrja erlenda sérfræðinga um það, hvort við eigum að leggja í áburðarverksmiðju, heldur eigum við að spyrja: Hvað gefur svona verksmiðja mikinn arð hjá ykkur? Ef við spyrjum bandarísku sérfræðinga um það, hvort vit sé í því að leggja í 10 þúsund tonna verksmiðju, þá mundi þeim finnast það hlægilegt. Þeir mundu ekki láta sér detta í hug að byggja minni en 30 þúsund tonna verksmiðju. Ameríkumenn hugsa í miklu stærri einingum en Evrópubúar, og þess vegna hafa þeir komið upp sinni stóriðju, sem yfirburðir þeirra byggjast á. En Evrópuríkin vernda iðnað sinn með því að loka sig inni með tollmúrum. Við Íslendingar eigum um tvennt að velja: Annaðhvort að miða áburðarframleiðsluna við innanlandsmarkað, en það mundi valda því, að áburðurinn yrði dýr og lífsafkoma bænda versnaði, nema þá að kostnaðinum yrði velt yfir á almenning og lífsstandard hans lækkaður. Hitt er að reka stóriðnað og flytja út áburð, og það er það eina, sem gildir, og þá þýðir ekki að leita álits neinna Marshallsérfræðinga. Hv. þm. Ísaf. skoraði á hæstv. ríkisstj. að snúa sér til „réttra aðila", eins og hann orðaði það, og meinti með því sérfræðinga Marshallaðstoðarinnar. Ég álít þá ekki hina réttu aðila. Við verðum sjálfir að

ákveða, hvernig við ætlum að byggja upp okkar atvinnulíf. Marshallsérfræðingar mundu segja, að hér ætti engin áburðarverksmiðja að vera og engir togarar, því að þeir vilja ekki, að Íslendingar keppi um markaði við aðrar þátttökuþjóðir. Þeir eru á móti þróun atvinnulífsins á Íslandi. Hv. þm. Ísaf. talaði um, að nú bæri að leggja grundvöllinn að framkvæmdalífi landsmanna. Þetta kemur sannarlega úr hörðustu átt, því að hvað hefur hann gert þau tvö ár, sem hann situr í fjárhagsráði, sem er einmitt stofnun, sem byggja á upp okkar atvinnulíf. Hann hefur ekkert gert og að því er virðist ekkert hugsað um þetta, því að ekki hefur örlað á neinum hugmyndum frá fjárhagsráði um það, hvernig Íslendingar ættu að lifa í framtíðinni. Og það er ekkert annað en uppgjöf, ef á að bera það undir erlenda sérfræðinga, hvernig atvinnulífi okkar skuli háttað. Það er eins og þegar við ætluðum að byggja brúna á Ölfusá og þurftum að leita til Danakonungs. Við erum raunverulega orðin nýlenda, ef við þurfum að spyrja útlent þing um það, hvort við megum byggja svo eða svo stóra verksmiðju. Við eigum sjálfir að skapa hugmyndirnar, aðeins að leita til erlendra sérfræðinga um konkret upplýsingar. Við höfum reynslu af því að skírskota til erlendra sérfræðinga um það, hvað gera skuli í okkar atvinnulífi. Þegar við ætluðum að kaupa 30 togara 1945, þá var talað við útgerðarmenn, og þá sögðu þeir við okkur: „Enskir togaraeigendur ætla að bíða eftir verðfalli til þess að endurnýja flota sinn. Því skyldum við ekki gera það líka?“ Þeir gátu sem sagt ekki hugsað sér annað en taka Englendinga sér til fyrirmyndar. En við héldum því fram, að bezt væri að hefjast handa þegar um endurnýjun togaraflotans, og það gerði ríkisstj. góðu heilli, og býst ég við, að nú nagi enskir útgerðarmenn sig í handarbökin fyrir að láta Íslendinga verða á undan. Það sýndi sig sem sé, að ekki borgaði sig að spyrja Englendinga um, hvað við ættum að gera. Því held ég, að ef við færum nú að láta aðra segja okkur fyrir verkum, að það mundi fátt gott hafa í för með sér fyrir okkur. Við verðum að hafa dug til að berja fram hugmyndir okkar gagnvart t. d. Englendingum, Dönum, Norðmönnum og Frökkum. Þar erum við að tala við stóriðjuþjóðir, og við skulum ekkert vera hræddir við að segja þeim, að við ætlum að keppa við þá um áburðarframleiðslu, hvað sem þeir segja. En út af öllum þessum bollaleggingum um að leita til erlendra sérfræðinga, þá þætti mér vænt um að fá upplýst, ef hæstv. ríkisstj. hugsar sér að taka á næstu árum 200 milljóna króna lán í Bandaríkjunum, eins og upplýst er, hvort hæstv. ríkisstj. fær þá sjálf að ráðstafa því fé. Ég vænti þess, að till. um það verði lagðar fyrir Alþ. til afgreiðslu og að fjárhagsráð geri nauðsynlegan undirbúning til þess, að fé megi verða notað til að skapa grundvöll nýs atvinnurekstrar á Íslandi. Enginn slíkur grundvöllur fólst í þeirri áætlun, sem hæstv. forsrh. lagði fram í vetur. Þar var aðeins tínt saman eitt og annað, allt í gamla stílnum, en ekkert, sem boðaði nýjan, stórfelldan atvinnurekstur. Alþ. á kröfu á að fá að vita, hvernig ríkisstj. ætlar að ráðstafa þessu láni, og fá að vita, hvort Íslendingum leyfist yfirleitt að ráðstafa því að eigin geðþótta. Mér þykir vænt um, að hæstv. atvmrh. hefur tekið vel í þá hugmynd, að hér ætti að rísa upp stóriðja í sambandi við stórfelldar vatnsvirkjanir. Hæstv. ráðh. finnst þetta bara svo fjarlægt. En þetta er ekki fjarlægt. Ef við ætlum að taka þetta stóra lán, hvað er þá nær en nota peningana til þess að virkja Þjórsá og leggja grundvöllinn að íslenzkri stóriðju? Og ef við sleppum þessu tækifæri, kemur það ekki strax aftur, nema við leggjum hart að okkur og spörum af fremsta megni. Ég held því, að við eigum að ræða þetta mál og rannsaka það til hlítar.

Ég vil taka það fram út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ofsatrú mín birtist í því, að ég héldi, að stór áburðarverksmiðja bjargaði öllu, að þó að ég berjist fyrir að koma slíkri verksmiðju upp, þá sé ég ýmislegt annað, sem okkur má koma að gagni. En sköpun stóriðju á Íslandi er hlutverk næsta áratugs, eins og byltingin í sjávarútveginum var hlutverk þess áratugs, sem nú er að enda. Hins vegar er það fjarstæða, að ég sjái ekki annað en áburðarverksmiðju. Í maí 1947 lagði ég til, að ríkisstj. og fjárhagsráð létu athuga hér möguleikana á bæði áburðarvinnslu og aluminiumvinnslu, enda þótt mér væri ljóst, að aluminiumvinnslan yrði erfið, þar sem nauðsynleg hráefni eru einokuð af aluminiumhringum, en í þessu sambandi langar mig til að fá upplýsingar um það, hvort andstaðan gegn virkjun Urriðafoss standi í nokkru sambandi við það, að enski aluminiumhringurinn lét verkfræðinga sína vera við mælingar á Þjórsá, og hvort búast megi við till. um að veita honum sérréttindi til vinnslu þar. Ég álít, að við Íslendingar höfum möguleika til stóriðju bæði á áburði og aluminium, og ef þeir möguleikar verða fengnir erlendum auðhringum í hendur, þá er það illt verk og glæpur gagnvart þjóðinni. En það tillit, sem alltaf er tekið til afstöðu Marshalllandanna, er óheillaboði, því að þegar rætt er um atvinnumál, þá er ekki við neina lýðræðisaðila að ræða, heldur harðsvíraðasta einræði, auðhringa, sem klófest hafa allt atvinnulíf þessara landa. Við mætum þar harðara einveldi en nokkru sinni, er danska einvaldsstjórnin réð yfir okkur.

Hæstv. atvmrh. og hv. frsm. meiri hl. landbn. spurðu, hvar ég kæmi auga á markaði fyrir framleiðslu 30 þús. tonna áburðarverksmiðju, og var markaðsleysið raunar þrautamótbára hæstv. ráðh. Ég hef áður svarað þessu með því að spyrja hann: Hvar sér hæstv. ríkisstj. markaði fyrir fiskinn úr þeim 10 togurum, sem hún er búin að kaupa, þegar því er lýst yfir af hálfu Marshalllandanna, að fiskframleiðslan hjá þeim verði yfirdrifin 1951 og ekki þörf íslenzka fisksins? Enda hefur hæstv. ríkisstj. fengið ávítur annarra Marshalllanda fyrir að kaupa þessa togara, og það gengur svo erfiðlega í Englandi að fá fé í þá, að brbl. um kaupin liggja enn óafgreidd í n. að ósk hæstv. ríkisstj. Og ég spyr enn hæstv. ríkisstj.: Hvar er mark-

aður fyrir fiskframleiðslu þessara 10 togara? En það er vitanlega alveg sama, á hvaða sviði við berum niður. Við komum alls staðar til með að taka á okkur áhættu vegna þess, að við lifum í kapitalistiskum heimi, sem kreppur dynja að jafnaði yfir á um það bil 10 ára fresti. Eina öryggisráðstöfunin gegn þeim er að semja um markaði til langs tíma við lönd, sem hafa aðstöðu til að gera slíka samninga. Ég lagði til í brtt. við lögin um fjárhagsráð í maí 1947, að ríkisstj. yrði falið að leita eftir möguleikum á slíkum samningum til langs tíma. Ef það hefði verið gert, þá þyrfti hæstv. ríkisstj. ekki að spyrja: Hvar eru markaðir fyrir áburð? Þá vissi hæstv. ríkisstj., hvort hægt væri að gera samninga um sölu á áburði, t. d. til 10—15 ára. Meginatriðið er að semja fljótt, áður en ríkin, sem nú skortir áburð, eru búin að koma upp áburðarframleiðslu sjálf. En ríkisstj. vanrækti þetta og fannst þetta allt of bolsévistiskt, enda frá Stalin, en Englendingar, sem þó eru ekkert sérstaklega þekktir fyrir að fara eftir fyrirskipunum frá Stalin, hafa gert slíka samninga til 5 ára eða lengri tíma, því að þeir vilja tryggja iðnframleiðslu sína, en Íslendingar gera þetta ekki, af því að hæstv. ríkisstj. finnst það fyrir neðan sína virðingu, en þetta er eini möguleikinn til að tryggja markaði. Þeir, sem andmæltu togarakaupunum 1944, spurðu mig, hvar ég ætlaði að selja aflann. Það hafa enn engin vandræði orðið með það. Það verður bara að gera samninga fljótt og halda ekki að sér höndum þangað til allir aðrir eru komnir á undan.

Ég er hræddur um, að það, sem nú er verið að gera við afgreiðslu þessa máls, sé að stöðva byggingu áburðarverksmiðju á Íslandi um ófyrirsjáanlegan tíma. Það mun kannske sýna sig, að betur borgi sig að kaupa erlendan áburð en áburðinn úr litlu verksmiðjunni, og þá verður ef til vill hætt við allt saman. Með því að sleppa málinu þannig, að ekki verði ákveðið að byggja 30 þúsund tonna verksmiðju, er því verið að gera einhverja þá mestu vitleysu í atvinnumálum okkar, sem nokkurn tíma hefur verið gerð, en ég vil nú, fyrst málið er ekki fullrannsakað, spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvort hann vilji lofa því, að hann láti jafnt rannsaka möguleikana á 30 þúsund tonna og 5—10 þúsund tonna verksmiðju. Í sambandi við þetta mál má minna á þá undarlegu aðferð, sem viðhöfð var viðvíkjandi sementsverksmiðjunni. Fyrst eru samþ. l. um byggingu verksmiðjunnar. Árið eftir er skipuð nefnd til að athuga, hvort hægt sé að reisa verksmiðjuna, og þessi n. vill tala við stærsta sementshring í heimi um það, hvort það borgi sig að reisa sementsverksmiðju hér. Þetta er að fara aftan að hlutunum. Svona mál á ríkisstj. fyrst að láta undirbúa og rannsaka ýtarlega, en hæstv. ráðh. á ekki fyrst að biðja um heimild til að reisa 7500 tonna verksmiðju, útnefna svo ári síðar n., sem leitaði ráða hjá köfnunarefnishringum Evrópu um það, hvort hér væri hægt að reka áburðarverksmiðju. Og þar sem hæstv. atvmrh. hefur talað um að athuga málið nánar, þá óska ég þess eindregið, að hann gefi yfirlýsingu um, að möguleikarnir á 30 þúsund tonna verksmiðju verði athugaðir líka.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að í till. meiri hl. væri gengið út frá heimild fyrir ríkisstj. til þess að sjá um, að næg raforka sé fyrir hendi til framkvæmdanna. Í 5. gr. er það að vísu gert að skilyrði fyrir framkvæmdum, að raforka sé til, en ríkisstj. er bara ekki gert að skyldu að útvega hana. — Hv. meðmælendur litlu verksmiðjunnar eru nú flestir horfnir úr salnum, og ég held þeir geri rétt í því að flýja af hólmi, þegar málið er rætt, og þótt þeim finnist, að hv. 8. þm. Reykv. sé úrillur og orðhvass í þeirra garð, — hann viðhafði þó ekki líkan ofsa í málflutningi sem hv. 1. þm. Skagf., — þá er ég hræddur um, að dómur sá, sem meiri hl. þessarar hv. d. og hæstv. atvmrh. fá hjá þjóðinni, ef þeir sjá ekki villu síns vegar, að hann verði harðari en sá, sem við stuðningsmenn 30 þúsund tonna verksmiðjunnar höfum kveðið upp.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 22. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði við 2. umr. þessa máls mælt með brtt. minni á þskj. 327. Ég hef nú ekki miklu að bæta við þær ástæður fyrir henni, sem ég gat þá. Hv. frsm. landbn. lét þau orð falla í gær, að þrátt fyrir það að hv. n. teldi brtt. eigi óeðlilega eða ósanngjarna, þá féllist hún á að koma til móts við hana með brtt. meiri hl. við 2. gr. frv. á þskj. 363. Sú till. nær eigi lengra en svo, varðandi innlend eða erlend lán til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, að verksmiðjustjórninni er heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstj. og ábyrgð ríkissjóðs. En brtt. mín er þannig, að aftan við 2. málsl. 2. gr. bætist: „ef Alþingi samþykkir lánsfjárhæðina og lánskjörin.“ Hv. frsm. kvað eðlilegt að fela hverri ríkisstj. þetta hlutverk, að samþykkja ríkisábyrgðina eða synja hennar. Ég vil í þessu sambandi taka fram í fyrsta lagi, að þetta er rétt. Venjulegt er að bera undir Alþ., hvort ríkisábyrgð skuli veitt, og það er þá tekið fram, hver fjárhæðin skuli vera, og er eðlilegt, að þá sé einnig ákveðið um lánskjörin. Í öðru lagi er athugandi, að venjulega er um miklu minni fjárhæðir að ræða en hér í þessu efni. Venjulegast er, að ríkisábyrgð er veitt á fé til hafnargerða og lendingarbóta, og liggur þar fyrir kostnaðaráætlun um verkið. Sama máli gegnir um sveitarfélög, sem veitt er ríkisábyrgð. Þar liggur fyrir áætlun um not lánanna, og fylgja skýrslur frá lánþega um vonir hans varðandi verkið og jafnvel fulla vissu, hvernig framkvæmast muni. Og oftast er um litlar fjárhæðir að ræða í samanburði við það, sem hér er á ferðinni. Í þessu máli er um að tala lántökuheimild á kostnað ríkisins, og þegar slíkar heimildir eru margar, jafnvel svo að tugum milljóna króna skiptir, þá ber Alþ. að sýna fyllstu varúð í þeim efnum. Ýmsar skuldbindingar, sem ríkið hefur tekizt á herðar vegna ýmissa, eru farnar að sverfa svo fast að, þótt lítið sé e. t. v. um að ræða á hverjum stað,

að þær eru þegar orðnar alvarlegur baggi á ríkissjóði. Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir þ., er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður verði að greiða 4 millj. kr. í vexti af lánum, og þó stafar meiri hætta af skuldbindingum. Þetta bendir á, að of óvarlega hafi verið farið og bjartsýni hafi ráðið of miklu og geri það einnig í þessu efni. Því er það skylda þ. að gæta nú fyllstu varúðar. Ég vil í þessu sambandi og vegna ummæla hv. frsm. meiri hl. landbn. minna á það, að það ríkisfyrirtækið, sem næst gengur þessu varðandi ríkisábyrgð á fé, teknu að láni, eru síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem þörfin hefur reyndar verið miklu meiri en virzt hefur. Hefur verið komið aftur og aftur til þ. með beiðslur um viðaukafjárhæðir. Þetta sannar þá venju, að lántökuheimildir og ríkisábyrgðir eru venjulega bornar undir Alþ., jafnvel þótt um minni fjárhæðir sé að ræða. Raunar get ég varla búizt við, að brtt. mín verði samþ. En það verður ekki ámælislaust, að þ. veiti leyfi til skuldbindinga, sem eru enn ógætilegri. Okkur, sem setja eigum l., ber auðvitað að gæta varúðar í þessu og fylgja verjandi formum. Ég held ég segi ekki meira um þessa brtt.

Þá eru það önnur ummæli hv. frsm., sem gáfu mér tilefni til að kveðja mér hljóðs, en þau eru þannig, að ég mundi greiða atkv. gegn frv. og vegna þess gæti hann skilið afstöðu mína. Ég hefði sagt, að ég gæti fremur verið með 30—40 þús. tonna verksmiðju en þeirri, sem ákveðin er í frv., 7500 tonna. Þetta er rétt að leiðrétta, því að ég lýsti því yfir, þegar ég talaði um málið, að ég gæti eigi treyst því, að okkur mundi takast að framleiða áburð fyrir mjög miklu lægra verð en sá áburður mundi kosta, sem fáanlegur yrði frá erlendum verksmiðjum. Mér þykir reynslan ekki benda til þess, að við getum framleitt ódýrari áburð en aðrar þjóðir. Ég lét þess og getið, að gæti ég trúað, að við gætum framleitt vöruna ódýrar en nágrannaþjóðir okkar, þá væri freistandi að fylgja till. minni hl. um miklu stærri verksmiðju, sem þá gæti framleitt miklu meira. Þetta sagði ég, þegar ég var búinn að greiða atkv. á móti stærri verksmiðjunni. Því er það af misgáningi mælt hjá hv. frsm. meiri hl., að ég mundi greiða atkv. með stærri verksmiðjunni og vildi drepa málið á þann hátt. Reyndar skiptir þetta ekki máli, en rétt þykir mér þó, að þessu sé eigi látið ómótmælt, því að þetta gæti bent til klækja af hendi minni. Mun ég greiða atkv. opinskátt og vafningalaust um málið í þessari hv. d.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. var nokkuð æstur. Ég álít nú, að það sé ekki rétt. Hitt er annað mál, að ég tel málið svo mikils virði, að menn ættu að geta sýnt alvöru í því. Það, sem valdið hefur ágreiningnum, er það álit, að málið geti orðið eyðilagt með þeirri stefnu, er tekin hefur verið. Við umr. hefur verið deilt um tvennt: rafmagnsþörfina og stærð verksmiðjunnar. Ég sagði, að ekkert hefði verið gert frá því fyrsta, er frv. kom til tals og var flutt af Vilhjálmi Þór, um Laxárvirkjunina. Síðan dettur engum í hug að brydda á þessu. Nákvæmlega sama máli gegnir um afganginn af Sogsvirkjuninni. Það var leitað til sérfræðinganna í því einu skyni, að hægt væri að reisa verksmiðjuna á pappírnum, 7500 tonna. En reiknað hefur ekki verið með eðlilegri aukningu. Þess vegna fannst mér rétt, að tryggt yrði nægilegt rafmagn. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp úr 2. gr. frv.: „Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist.“ Framlag ríkissjóðs mun nægileg trygging fyrir að sjá verksmiðjunni fyrir raforku. Svo segir í 5. gr. frv.: „Áður en hafizt er handa um byggingu verksmiðjunnar, skal verksmiðjustjórnin hafa tryggt nægilegt fé til greiðslu stofnkostnaðar hennar.“ Nú veit hv. meiri hl. landbn., að þessi klausa er beinlínis reiknuð út frá því að tryggja forgangsrétt verksmiðjunnar, svo að hún gæti samið við Sogsvirkjunina um, að hún fengi forgangsrafmagn. Allt málið er reiknað á þann hátt. Og allar brtt., sem koma fram, eru miðaðar við þá fyrstu hugmynd um áburðarverksmiðju, sem var þannig, að hugsað var að koma upp áburðarverksmiðju til þess að fá fullnægt innlendu áburðarþörfinni, nákvæmlega á sömu forsendum, án þess að hugsa til þess, að það yrði ef til vill dýrara að fá áburðinn á þann veg en að kaupa hann inn í landið, en ef svo færi, að hann yrði dýrari með því að framleiða hann í landinu, þá átti ríkið að borga mismuninn. Þess vegna eru þessi vandkvæði með vextina, lánin og allt viðkomandi þessari verksmiðju, af því að þessi áburðarverksmiðja var hugsuð þannig, að þetta átti að vera fyrir landbúnaðinn, og ef áburðurinn yrði dýrari frá verksmiðjunni en innfluttur, þá átti ríkið að borga mismuninn eins og aðrar uppbætur. Og ef menn treystu sér til þess að leggja í að byggja áburðarverksmiðju á heilbrigðum grundvelli, þá væru þessir póstar allir óþarfir. Þess vegna álít ég, að með samþykkt á till. meiri hl. n. sé verið að eyðileggja málið. En það stendur öndvert gagnvart því, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að með því að samþ. okkar till. væri verið að eyðileggja málið. — Eitt hefur verið þungamiðjan hjá þeim hv. þm. í meiri hl. n. Þeir hafa sagt, að það þyrfti að vera tryggt fyrir fram, að það væru menn, sem biðu eftir því að kaupa framleiðsluvöru verksmiðjunnar. En ef þessi áburðarverksmiðja er hér og það margfaldast framleiðslan á áburðinum hér, svo að hún verði nóg fyrir íslenzkan landbúnað og meira en það, þá hlýtur í áframhaldi af því það einnig að vera, að þeir hugsi sér ekki verksmiðjuna þannig, að hún bara mali áburð og að það sé ræktað og svo sé ekkert meira. Þessi gróðurlönd hljóta að eiga að gefa arð. Og hvar á þá að selja þessa vaxandi framleiðslu? Og ef bygging þessarar verksmiðju er eingöngu miðuð við það, að landbúnaðurinn framleiði meira fyrir innanlandsmarkaðinn, hvaða landbúnaðarafurðir eru þá það, sem vissa er um, að yrði betra að selja en köfnunarefnisáburð frá stórri verksmiðju? Ég hef ekki getað komið auga á það. Ég veit ekki annað en að það sé bannað með lögum að flytja inn landbúnaðarafurðir, vegna þess að ekki eru

samkeppnisfærar við þær á markaðinum þær landbúnaðarvörur, sem framleiddar eru innanlands. Og mér finnst, að þessi vélanotkun við landbúnaðinn sé ekki svo skipulögð enn eða ræktunin, að hún sé fær um að gefa það mikla lækkun á framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða, að það mundi a. m. k. vera rökrétt að telja, að það væri hægara að selja þær landbúnaðarafurðir, sem framleiddar væru hjá okkur með íslenzkum áburði, heldur en að selja köfnunarefnisáburð, sem ekki kostar nema sáralítið vinnuafl að framleiða.

Hv. frsm. meiri hl. n. var að tala um, að ég væri reiður yfir þessu máli og vildi ekki vera í stjórn verksmiðjunnar. Ég er alls ekki neitt reiður yfir þessu máli. En ég vil, að áður en farið er af stað með að byggja stórt fyrirtæki, þá hafi menn góða yfirsýn yfir hlutina, sem það snerta, en að ekki sé af stað farið af mikilli þröngsýni viðkomandi því að athuga, hvað nauðsynlegt er, að vitað sé áður en farið er af stað með framkvæmdirnar.

Það er nú fyrir fram vitað, að undirstaðan undir allri þessari áburðarframleiðslu er raforkan. Og rafmagn til þessarar verksmiðju er ekki nú þegar fyrir hendi, nema með því að taka það á kostnað annars, sem fólkið vill og þarf að nota það til. Og ég hygg, að enginn geti reiknað út með vissu, hvort er hagfelldara og hvort er meiri gjaldeyrissparnaður að spara innkaup á áburði eða hins vegar að spara innkaup á kolum og olíu til þeirra nota, sem rafmagn mundi verða notað til, ef rafmagn til áburðarverksmiðju ekki væri tekið frá fólki, sem annars mundi hafa það til heimilisnota, til hitunar o. fl.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun hafa verið við 2. umr., sem ég talaði hér nokkuð um ákvæði frv. um útsvarsálagningu á verksmiðjuna, og hélt ég þá fram, að mjög væri vafasamt, að það væri rétt, að það væri heimilt að leggja útsvar á þetta fyrirtæki í því bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem það hefði aðsetur. Nú hefur hv. meiri hl. n. lagt fram brtt. á þskj. 363 um það að stilla meira í hóf útsvarsálagningu á verksmiðjuna heldur en upphaflega var gert ráð fyrir, og get ég fyrir mitt leyti sætt mig við það, ef sú brtt. verður samþ., og geri þá ekki ágreining um það atriði.

Annað er í frv., sem ég vil víkja að. Í 5. gr. þess, eins og það var upphaflega, var svo ákveðið, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar skyldi ákveða, hvenær og hvar hún skyldi reist, enda komi samþykki landbn. til. Nú var hér nokkru breytt í þessari grein við 2. umr., og þetta ákvæði um það, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar skuli ákveða, hvar verksmiðjan skuli reist, var fellt úr frv. — Mér þætti gott að fá að heyra um það frá hv. n. eða frsm. hennar, hvernig á því stendur, að n. hefur lagt til að breyta þessu, og hvað hún hefur í huga um þetta atriði, hvort hún gerir ráð fyrir, að það eigi að vera einhverjir aðrir aðilar, sem ákveði, hvar verksmiðjunni skuli valinn staður og hvenær hún skuli reist, heldur en stjórn verksmiðjunnar og landbrh. Ég minnist þess, að hér hefur verið útbýtt á þingi þáltill. frá nokkrum hv. þm., — ég held, að enginn þeirra sé í landbn. þessarar hv. d. — það munu vera þm. af Suðurlandi, nokkrir, sem bera fram þáltill. um að kjósa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka, hvar heppilegast sé að hafa þessa verksmiðju, þegar til kemur, að hún verði reist. Nú verð ég að segja, að mér finnst ákaflega einkennileg vinnubrögð að ganga fram hjá þriggja manna stjórn, sem gert er ráð fyrir í frv., að eigi að vera fyrir þessu fyrirtæki, og fara að velja aðra þrjá menn til þess að rannsaka, hvar heppilegast sé að velja þessari verksmiðju stað. Mér finnst það alveg óþarft að setja þarna upp nýja nefnd til þess. Þessi verksmiðjustjórn væntanlega, sem á að vera skipuð þrem mönnum, ætti alveg eins að geta gert þetta. Mér þætti því fróðlegt að heyra, hvað vakað hefur fyrir hv. landbn. um þetta atriði, þegar hún lagði til, að nokkur breyt. yrði gerð á 5. gr. frv. í þá átt, sem ég hef lýst, eða hvort n. gerir ráð fyrir, að það eigi einhverjir aðrir aðilar að ákveða þetta en verksmiðjustjórnin og ríkisstj. eða landbrh., því að vitanlega má skilja þetta svo, að þrátt fyrir það að það sé ekki beint tekið fram í lögunum, þá verði það þessir aðilar, sem ákveða þetta, þegar til kemur.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru örfá atriði, sem ég þarf að minnast á, en út í almennar umr. um málið mun ég fara mjög lítið nú. Ég vil aðeins segja það út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. í gær, að hv. þm. byrjaði á að segja, að ég hefði farið með bein ósannindi um sig í því, sem ég talaði þá. Og var það m. a. út af umr. um togara. Hv. þm. vildi fullyrða það til að byrja með, að það hefði aldrei verið talað af sinni hálfu um meira en 30 togara. Hins vegar þegar komið var nokkurn spöl fram í hans ræðu, svo sem hálftíma fram í ræðuna, viðurkenndi hann, að víst hefði verið talað um 60 togara, sem hefðu átt að komast í fullt gagn árið 1952. Og ef við töluðum saman í bróðerni undir fjögur augu, mundi hann viðurkenna, að hann hefði haldið ræðu um, að æskilegt væri, að Íslendingar fengju hærri tölu togara en það — að vísu ekki þingræðu. Og þó að ég nefndi 75—90 togara, sem hv. 2. þm. Reykv. hefði talið í ræðu, að við Íslendingar ættum að eiga eftir 1950, þá er það ekki svo fjarri veruleikanum, að hann hafi sagt það, að svo sterk orð eins og hv. 2. þm. Reykv. hafði eigi rétt á sér. Skal ég svo láta útrætt um það atriði.

Hv. 5. þm. Reykv. mælti hér enn fyrir sinni brtt., sem ég nefndi í gær. Ég ætla ekki að fara að rökræða það mál neitt við hv. þm. frekar en ég er búinn að gera, að meiri hl. n. telur, að hér sé um nægilegt öryggi að ræða. Meiri hl. landbn. reiknar með því, að Alþ. láti aldrei aðra stjórn vera við völd en þá, að það megi treysta henni í þessu efni, einmitt í sambandi við svo stór mál eins og þetta, til þess að gera ekkert í þessum efnum nema það, sem hún hefði þingið að baki sér í, því að það mætti telja sjálfsmorðstilraun af hverri ríkisstj. að fara út í að ákveða um slík stórmál, sem hv. þm. nefndi, ef hún hefði ekki þingið að baki sér. Og þessi sami

hv. þm. veit, að það hafa verið afgreidd frá Alþ. lög nýlega, sem ég hygg, að hann hafi verið með í að samþ., þar sem ekki er gengið öruggleg frá þessu atriði en gert er hér ráð fyrir í þessu frv. En ég vil ekki fara út í deilur um þetta atriði. Ég tel þetta ekki stórt málsatriði og felli mig við úrskurð þingsins í þessu efni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða neitt ræðu hv. frsm. minni hl. landbn., sem hann hefur nýlokið við að flytja. Sá hv. þm. vill enn halda því fram, — og það vil ég reyna að leiðrétta, þó að ég þættist hafa gert það í gær, — að meiri hl. n. hafi með brtt. sinni við 2. gr. fellt niður mjög mikilsverð ákvæði í þeirri gr., þar sem átt hafi að tryggja verksmiðjunni raforku. En hv. þm. las svo sjálfur upp einmitt í 5. gr., að þar er gert ráð fyrir einmitt því sama. Og það er ekki til neins fyrir hv. frsm. minni hl. landbn. að ætla að fara að leggja einhvern sérstakan skilning í ákvæði 5. gr., sem gr. ekki gefur tilefni til. Ég vil hér með lýsa yfir fyrir hönd meiri hl. n., að meiri hl. n. lítur svo á, að þetta ákvæði í 5. gr. sé nákvæmlega jafnbindandi og ákvæðið var í 2. gr., eða er í 2. gr., eins og frv. er enn þá. Og að þetta ákvæði í 5. gr. eigi einungis við það, að það eigi að gera samning um að nota handa verksmiðjunni aukarafmagn frá Soginu, er ekki rétt. Þetta, að gera slíkan samning, getur gripið inn í þær framkvæmdir að tryggja rafmagn til verksmiðjunnar og verið þannig þáttur í því, hvernig svo sem rafmagnið er tryggt að öðru leyti. — Hér er því, með því, sem hv. frsm. minni hl. landbn. talaði um þetta atriði hér, verið að deila um keisarans skegg og annað ekki. Þetta atriði var með ráðnum huga fellt niður úr 2. gr. Og ég vænti, að með þessari yfirlýsingu fyrir hönd meiri hl. landbn. þá verði því trúað, að við í meiri hl. landbn. leggjum þann skilning í þetta, að ákvæði 5. gr., eins og það er í frv., það jafngildi því, sem áður stóð í 2. gr. frv.

Hv. þm. V-Húnv. spurðist fyrir um það, hvers vegna meiri hl. n. hefði breytt ákvæðum 5. gr. frá því, sem var upphaflega, þar sem gert var ráð fyrir, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákvæði, hvar hún skyldi reist. Ég skal geta þess, að þessi breyt. var fyrst og fremst gerð vegna þess, að okkur virtist það dálítið óviðkunnanlegt að setja þetta þarna inn, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar skyldi ákveða, hvar verksmiðjan skyldi reist. Það var alls ekki víst, að öruggt væri, að svo yrði. En hins vegar lítum við svo á, að þó að þetta væri ekki tekið fram í 5. gr., væri það nokkuð sjálfgert, að verksmiðjustjórnin og ríkisstj. ákvæðu, hvar verksmiðjan ætti að vera. Og ég skal taka það fram, að meiri hl. landbn. hefur áreiðanlega enga bakþanka í þessu efni, enda er þetta ekki í neinum tengslum við þá þáltill., sem borin hefur verið fram í Sþ. frá nokkrum hv. alþm., um, að það verði ákveðið af sérstakri þar til kosinni nefnd, hvar verksmiðjan skuli reist. Það er náttúrlega rétt, þegar það mál kemur fyrir, að ræða það sér. En ég veit, að meiri hl. landbn. lítur svo á, að það sé sjálfsagt, að það sé verksmiðjustjórnin og ráðuneytið, sem taki þessa ákvörðun. En meiri hl. n. taldi bara, að það væri ástæðulaust að taka þannig til orða í 1. eins og hér er gert og þótti það óviðkunnanlegt. En það er gott, að þessi fyrirspurn kom fram, svo að meiri hl. landbn. geti lýst yfir, hvað fyrir honum vakir í þessu efni. Og ég álít, að það eigi að ráða staðsetningu verksmiðjunnar alveg án tillits til landshluta, en að það sjónarmið eigi að ráða um staðsetningu hennar, hvar hægt er að koma henni upp með minnstum stofnkostnaði og eftir möguleikunum á því að flytja framleiðsluna frá verksmiðjunni og hráefni til hennar. Og ég tel það langeðlilegasta og það eina sjálfsagða, að verksmiðjustjórnin, með samþykki ráðuneytisins og með aðstoð nægilega margra sérfróðra manna í þessu efni, taki ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar.

Þá liggur hér fyrir ein brtt., sem meiri hl. landbn. flytur á þskj. 386. Það hefur svo illa til tekizt, eins og hæstv. forseti hefur lýst, að það lítur svo út, sem við séum að klína þessu óbermi á hv. minni hl. n., og bið ég hann afsökunar á því, af því að hann vill ekki hafa afskipti af þessu máli. En þetta er ekki gert af illvilja, heldur hefur prentsmiðjupúkinn gripið fram í í þetta skipti. En hv. 5. þm. Reykv. hefur borið fram brtt., sem hann hefur lýst áður og við höfum dálítið rætt við um, þar sem hann taldi, að ekki væri nægilega tryggilega gengið frá því, jafnvel eftir þá breyt., sem meiri hl. n. lagði til, að gerð væri á frv., að verksmiðjan ætti að standa straum af afborgunum og vöxtum, þannig að rekstur verksmiðjunnar ætti að bera það uppi. — Þá vildi hv. þm. Ísaf. bæta ákvæði inn í 8. gr., sem tryggði þetta. Meiri hl. n. hefur rætt þetta mál við flm. þeirrar till. og orðið ásáttur um að taka efnið úr till. hv. þm. Ísaf., en ekki setja þetta inn í 8. gr. frv., sem einungis fjallar um tryggingarsjóði verksmiðjunnar, bæði varasjóð og fyrningarsjóð. En meiri hl. n. vildi bæta þessu ákvæði um vextina og afborganirnar inn í 2. gr. frv. sem vatill. við brtt. meiri hl. landbn. á þskj. 363, og vænti ég, eftir viðtali við flm. brtt. á þskj. 373, að hann muni sætta sig við þessa afgreiðslu.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég get eftir atvikum sætt mig við það að fallast á brtt. hv. meiri hl. landbn. á þskj. 386 og mundi þá taka mína brtt. á þskj. 373 aftur. Ég geri þetta með þeim skilningi, að þegar verið sé að reikna út kostnaðarverð fyrir áburðarverksmiðjuna, þá sé talinn allur venjulegur rekstrarkostnaður verksmiðjunnar og þar í faldir vitanlega vextir, fyrningarsjóðsgjöld og önnur nauðsynleg útgjöld verksmiðjunnar, þó að ég hins vegar hefði kunnað betur við, að þetta væri nokkru nánar skilgreint, svo sem gert hefur verið í lögum um síldarverksmiðjur ríkisins. Það er dálítið varhugavert viðkomandi lagasetningu að byggja allt of mikið á yfirlýsingum. Og í raun og veru þegar um svona stór fyrirtæki er að ræða eins og áburðarverksmiðju, sem við vitum lítið enn þá, hvað muni kosta, en mundi alltaf verða veruleg aukning á skyldum ríkissjóðs, þá virðist mér mjög varhugavert að setja ekki alveg fastar reglur eða fyrirmæli um þetta. — Ég hef bent á það, að í þessum verksmiðjulögum stendur

ekkert um það, hver beri ábyrgð á rekstri verksmiðjunnar. Um þetta þótti þó á sínum tíma nauðsynlegt að setja ákvæði inn í lögin um síldarverksmiðjur ríkisins, af því að um þetta hafði risið nokkur deila manna á milli. Hér er engu líku til að dreifa. Og sennilega mun þó, þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. atvmrh., ríkissjóður bera ábyrgð á þessari verksmiðju, ef ekki er tekið annað fram um þetta. Hins vegar er það rétt hjá hv. frsm. meiri hl. landbn., að það hefur talsvert verið rætt um þetta mál. En þó hygg ég, að ef frv. fengi verulega athugun, þá mundi það geta tekið nokkrum stakkaskiptum. Mér dettur í hug t. d., að í 5. gr. er ákvæði um það, að verksmiðjan skuli „reist svo fljótt sem ástæður leyfa að dómi verksmiðjustjórnar og með samþykki landbrh., enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar". Mér hefði nú ekki fundizt það vera nein sérstök varasemi frá þingsins hálfu, þó að fyrir „landbrh." í þessari grein kæmi: ríkisstjórnar, því þó að ég sé ekki að lýsa neinu vantrausti á hæstv. landbrh., þá vitum við sannarlega ekki, hver verður landbrh., þegar þessi mál kynnu að koma til framkvæmda. Og þá virðist það ekki vera til of mikils mælzt, ef þingið samþ. slíkt frv. sem þetta í hendur ríkisstjórnar, þar sem ekki eru neinar upphæðir ákveðnar, en hægt að taka lán eftir ákvæðum þess alveg takmarkalaust, eftir því sem lánstraust ríkisins leyfir, að það væri ákveðið í þessum l., að það væri a. m. k. öll ríkisstj., sem sammála væri um framkvæmdirnar. Og án þess að ég sé með neinar hrakspár um þetta fyrirhugaða fyrirtæki, þá er rétt að minnast þess, að við höfum slæma reynslu af hliðstæðu ákvæði um að leggja allt í hendurnar á einum ráðh. í samstjórn, og á ég þar við — án þess að ég ætli að fara að rifja upp deilur um það mál — síðustu byggingu síldarverksmiðja ríkisins. Þær ættu í raun og veru að vera slíkur varnaður fyrir hæstv. Alþ., að Alþ. í framtíðinni legði ekki mál sem þessi og þar að auki framkvæmd eftir alveg ótakmarkaðri lánsheimild í vald eins ráðh. í sennilega sex ráðherra ríkisstjórn.

Ég get svo að öðru leyti látið útrætt um þetta. Ég lagði áherzlu á, að áður en gengið yrði frá þessu máli, yrði leitað eftir áliti sérfræðinga Marshallaðstoðarinnar. Ég sagði ekki sérstaklega erlendra sérfræðinga, heldur sagði ég sérfræðinga Marshallaðstoðarinnar, af því að ég geri ráð fyrir, um þetta mál, ef að framkvæmd verður, þá komist það áleiðis fyrir Marshallaðstoð. En einmitt með því að leita til þeirra sérfræðinga, þá ætti að vera auðveldara að fá afgreiðslu málsins, hvað fjárhagshliðinni viðvíkur, samþykkta, ef þeir eru hafðir í ráðum með þessu nokkuð snemma á undirbúningstímanum.

Það vakti dálítið undrun mína að heyra þá yfirlýsingu hæstv. atvmrh., að um stofnsetningu sementsverksmiðjunnar hefði mest verið leitað til Danmerkur. Það má vel vera, að þar séu sérfræðingar í þessum efnum. Skal ég ekki efa það að neinu leyti. En þó er það svo, að Danir munu ekki hafa neina sérfræðinga um fossavirkjun, sem að sjálfsögðu þyrfti að athuga í sambandi við sementsverksmiðju. Og um þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefði ég talið, — sem og væntanlega verður gert eftir yfirlýsingu hæstv. atvmrh., — að það hefði nú þegar þurft að leita aðstoðar Marshallsérfræðinganna í þessu efni. Það er kunnugt, að Bandaríkjamenn hafa í fossavirkjun alveg sérstöðu, sem og í ýmsum öðrum verklegum framkvæmdum. Og ef sú mikla reynsla og þekking, sem þeir eiga yfir að ráða, stæði okkur til boða í þessum efnum, þá teldi ég mjög miður farið, ef hún yrði ekki notuð.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Það er aðeins út af því, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði um 5. gr., að hann álítur, að þar sé tekið fram það sama, sem var í 2. gr. Nú er í frv. svo ákveðið, að ríkissjóður leggi til allan stofnkostnað áburðarverksmiðjunnar. En þegar talað er um stofnkostnað, þá hefur ekki þótt fært að telja raforkuþörfina eða fullnægingu hennar með stofnkostnaði. Og þess vegna er þetta frámunaleg skýring að segja, að 5. gr. taki þetta fram. Ég er ekki lögfróður maður. En ég get hugsað, — þrátt fyrir allan góðan skilning hv. framsóknarmanna, — að það sé vafasamt, að þar sem stofnkostnaður er nefndur í 5. gr. frv., þá sé það svo, að sú setning nái til raforkunnar, því að þar sem minnzt er á þessa hluti í 5. gr., stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar". Hér í þessari gr. er greinilega sett fram, að um tvo hluti sé verið að ræða. Og hér í umr. hefur verið talað um stofnkostnað verksmiðjunnar sem aðeins það, sem kostar að koma henni upp, en um fullnægingu raforkuþarfarinnar hefur verið talað sem kostnað við rekstur. En trygging nægrar raforku til verksmiðjunnar er samt, hvað sem hver segir um það, stofnkostnaður, hvað sem öllum yfirlýsingum líður hér á fundum Alþ. En hér hefur í öllum áætlunum, sem fram hafa komið frá hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum um stofnkostnað verksmiðjunnar, aðeins verið talað um byggingu verksmiðjunnar og áhöld hennar og tæki sem stofnkostnað verksmiðjunnar.

ATKVGR.
Brtt. 327,a felld með 13:5 atkv.
— 327,b tekin aftur.
— 386 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 363,1, svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
— 312,2 kom ekki til atkv.
— 312,3 tekin aftur.
— 246,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 373 tekin aftur.
— 363,2 samþ. með 18:2 atkv.
— 312,4 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 389).

Á 65. og 66. fundi í Ed., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er stjfrv., hefur fengið meðferð og afgreiðslu í Nd. með nokkrum breyt. frá upphaflega frv., sem ég mun lítillega minnast á síðar, en tel rétt að öðru leyti að fara um málið nokkrum almennum orðum við þessa 1. umr. í þessari hv. d.

Það hefur um nokkuð langt skeið verið áhugi fyrir því, að unnt væri að koma upp áburðarverksmiðju til framleiðslu köfnunarefnisáburðar hér á landi, og hafa nokkrir viðburðir verið sýndir í því máli á undanförnum þingum, og ætla ég ekki að fara langt út í það, því að hv. þm. er það kunnugt. Ekkert hefur þó orðið úr framkvæmdum til þessa, og liggja vitanlega til þess ýmsar orsakir. Það hefur verið þannig um þetta mál, að því oftar sem það hefur verið tekið upp, því stærra hefur það orðið. Fyrst kom fram uppástunga um 3000 tonna köfnunarefnisverksmiðju. Síðan hafa nokkrum sinnum verið bornar fram till. um áburðarverksmiðju, í þinginu, og þá hefur hún sífellt farið stækkandi, og það er af því, að þessar till. hafa verið miðaðar við hina innlendu þörf og að nokkru leyti við þá getu, sem talin var vera fyrir hendi á hverjum tíma. Eins og frv. liggur fyrir nú, er gert ráð fyrir því, að verksmiðja sem þessi, ef stofnuð verður, geti framleitt frá 7500—10000 tonn af hinu hreina köfnunarefni, en ársþörfin nú og undanfarin ár hefur verið talin 2500 tonn, og samkvæmt útreikningi færra manna á áburðarnotkun í framtíðinni er gert ráð fyrir því, að eftir 3—4 ár, eða um það leyti sem talið er líklegt, að þetta fyrirtæki verði komið upp, verði eðlileg innanlandsþörf orðin 4000—5000 tonn af köfnunarefni, og ef verksmiðjan væri reist með það fyrir augum að afkasta 7500 tonna framleiðslu, þá má búast við því, að fyrstu árin yrði afgangs í kringum 2500 tonn. En ef stærra sporið yrði stigið og byggð yrði 10000 tonna verksmiðja, þá má gera ráð fyrir, ef við komum þessari verksmiðju upp á 3—4 árum, að helmingur af framleiðslunni yrði umfram íslenzkar þarfir, m. ö. o., þá þyrftum við að hafa örugga markaði erlendis fyrir allt að helming framleiðslunnar. Hins vegar er það víst, að á næstu árum þar á eftir, t. d. 5—10 árum eftir að verksmiðjan er komin upp, þá má gera ráð fyrir, að hún geri ekki meira en að fullnægja innanlandsþörfinni, og er því eðlilegt, að í sambandi við þetta komi fram fyrirspurnir um það, hvort líkur séu til þess, ef komið væri upp verksmiðju af þessari stærð, að unnt væri fyrir okkur að selja þennan afgang þau ár, sem framleiðslan yrði svona mikið umfram innlenda þörf. Þar til er því að svara, að það er vitanlegt, að nú um skeið hefur verið geysimikil köfnunarefnisþurrð í heiminum, og það var talið fyrir ári síðan, að hún væri það mikil, að það mundi vanta um eina milljón tonna í heiminum, til þess að hægt væri að fullnægja eðlilegri þörf. Nú er hins vegar vitað, að það eru margar þjóðir, sem hyggja til þess að auka þessa framleiðslu hjá sér, þannig að líkur eru til þess, að á næstu árum verði nokkuð bætt úr þessari þörf, þótt ekki sé líklegt, að fyrstu árin verði þörfinni algerlega fullnægt, þannig að telja má líkur til þess, að við gætum um skeið fengið markað fyrir þessa áburðarframleiðslu okkar. Í því sambandi er rétt að minnast á það, að allmikið af því köfnunarefni, sem framleitt er nú í Evrópu, er ýmist brennisteinssúr stækja eða kalksaltpétur, eins og Noregssaltpéturinn, sem hefur miklu minna köfnunarefnisinnihald en sú áburðartegund, sem hér er hugsað að framleiða, þannig að flutningskostnaður á þeim áburði, sem hér verður framleiddur, yrði t. d. um helmingi ódýrari en flutningskostnaður á Noregssaltpétrinum, auk þess sem hann er um helmingi köfnunarefnisríkari en sá norski, þannig að líkur eru til þess, að við af þeim ástæðum ættum að standa betur að vígi um sölu og flutning á erlendan markað aðeins af þeim sökum, ef við gætum framleitt með því verði, sem líkur væru til, að sé sambærilegt á heimsmarkaðinum. Samkvæmt þeim rannsóknum, sem liggja fyrir um þetta hér, og það hefur verið aflað eins glöggra upplýsinga um þetta atriði hjá þeim mönnum, sem færastir eru í þessum greinum, eins og frekast er unnt, þá ætti framleiðslukostnaður á þeim áburði, sem hér er hugsað að framleiða, að verða stórkostlega miklu lægri en það verð, sem nú er á þeim áburði, sem við kaupum — svo miklu lægri, að samkvæmt útreikningum nemur það 500 krónum á tonn borið saman við áburðarverð erlendis á sölustað, en þá er ekki reiknað með flutningskostnaði til landsins, þannig að þótt telja megi, að það verð, sem nú ríkir á áburði, sé ekki raunverulegt framleiðsluverð, heldur skapist að nokkru leyti fyrir það, hve eftirspurnin eftir þessari vöru er mikil í heiminum, og þótt gert sé ráð fyrir því, að eftir því sem framleiðslan ykist, þá lækki það verð að nokkru leyti, þá virðist allmikið upp á að hlaupa til samanburðar við það verð, sem nú er, til þess að við getum verið samkeppnisfærir um verðið.

Þegar við Íslendingar ákveðum stærð verksmiðjunnar, þeirrar sem við ætlum að reisa, þá er þrennt sem kemur til greina; fyrst innlenda þörfin og í annan stað framleiðsluverð, sem við megum búast við, að verði á þessari vöru, og í þriðja lagi raforkan og fjármagnið, og stærð þeirrar áburðarverksmiðju, sem hér er lagt til, að reist verði, er miðuð að öllu leyti við þetta, við innlendu þörfina, við þá raforku, sem líklegt er, að verði fyrir hendi til þessara starfa, þegar þar að kemur, og fjármagnið, sem líklegt er, að við eigum kost á eða höfum getu til þess að afla til fyrirtækisins. Það er nú vitanlegt, að eftir því sem slíkar verksmiðjur sem þessi eru stærri og hafa meiri afkastagetu og söluмöguleika, þá verður framleiðslan tiltölulega ódýrari, og þess vegna eru takmörk fyrir því, hvað vit er í að leggja út í litla verksmiðju. Hins vegar er vitanlegt, að þó að maður geti hugsað sér það, að því stærri sem verksmiðjan væri og afkastameiri, því ódýrari yrði fram-

leiðslan, þá kemur annað til greina, það er geta okkar til þess að reisa slíkt fyrirtæki og öryggi okkar um að selja framleiðsluna, þannig að við verðum líka að taka tillit til þess, og ég held að með þeirri stærð, sem hér er ákveðin, þá hafi verið nokkurn veginn farið meðalveginn á milli þessara tveggja sjónarmiða. Það er vitanlegt, að fjölda margar verksmiðjur úti um heim, sem framleiða og selja köfnunarefni, eru jafnvel nokkru minni en sú verksmiðja, sem hér er gert ráð fyrir, og á þann mælikvarða er þetta allstórt fyrirtæki, þó að það geti ekki mælt sig við þau risafyrirtæki á þessu sviði, sem eru sums staðar í heiminum, eins og t. d. í Ameríku. Um möguleika okkar til þess að afla fjár í þetta fyrirtæki er ekki hægt að segja með nokkurri vissu, en ég tel miklar líkur til þess, að í sambandi við þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru, og þann stuðning, sem fyrirhugaður er til slíkra framkvæmda í sambandi við Marshalláætlunina, þá munum við geta fengið fjármagn í þetta fyrirtæki. En þó að við séum ekki vissir um að geta fengið fjármagn í þetta fyrirtæki og fleiri, þá virðist þeim, sem áhuga hafa fyrir málinu, einsætt, að nota þetta tækifæri, ef það skyldi vera fram undan.

Það hefur verið nokkuð deilt um það í Nd., hvort tryggilegt væri, að fyrir hendi yrði raforka til þess að reka svona stóra verksmiðju með þeim rafmagnsframkvæmdum, sem hér eru fyrirhugaðar, og eftir að hafa athugað það mál allrækilega, tel ég, að fyrir liggi upplýsingar, sem sýni það ótvírætt, að ef við ljúkum þeim framkvæmdum, sem fyrir dyrum eru um aukningu Sogsvirkjunarinnar, þá verði nægileg raforka fyrir hendi til þess að reka verksmiðju af þessari stærð með 7500 eða 10000 tonna afköstum. Sú virkjun, sem nú er verið að undirbúa í Soginu, á að geta gefið 32000 kw. eða 225 milljónir kílówattstunda, og það er hugsað, að framkvæmdir við áburðarverksmiðjuna fari fram samtímis virkjunarframkvæmdum Sogsins, og þegar verksmiðjan er tilbúin að taka til starfa, þá ætti þetta viðbótarrafmagn að vera fyrir hendi. Nú hefur það verið reiknað út, að 10000 tonna verksmiðja þurfi um 190 milljónir kwst. á ári, og ef hún yrði byggð, þá færi að vísu af þessum 225 millj. kwst. til áburðarverksmiðjunnar allt nema 35 millj. kwst., sem þá er eftir til venjulegra nota og aukningar á rafkerfinu. Má segja, að sá afgangur sé ekki mikill, þar sem, samkvæmt upplýsingum rafmagnsstjórans í Reykjavík, hann gerir ráð fyrir því, að árleg aukning rafmagnsnota til annarra hluta sé um 12000 kwst. á ári, m. ö. o., þá mundi skapast þarna viðbót fyrir allt að því þriggja ára eðlilegri aukningu með þessari notkun, sem 10000 tonna verksmiðja þyrfti. Hins vegar, ef ekki væri til að byrja með farið út í nema 7500 tonna verksmiðju, þá yrði notkun hennar 145 millj. kwst. á ári, og þá er eftir 80 millj. kwst. til annarra eðlilegra nota, og samkvæmt fyrrnefndum útreikningi rafmagnsstjóra er það 6—7 ára aukning, sem þarna yrði fullnægt. Hitt er ljóst, að með því að taka þessa orku til notkunar í sambandi við svona stórt fyrirtæki, þá kallaði það á aukna þörf á því, að flýtt yrði framkvæmd á næstu virkjun, og þá er ágætt að virkja Efra-Sog. Mundi það gefa 28 þús. kw. Síðan er einnig hægt að bæta við Ljósafoss og neðar í Soginu, og yrðu það þá alls 500 milljónir kwst. á ári. Þegar svo 10 þúsund tonna verksmiðjan hefur tekið það af orkunni, sem hún þarfnast, þá eru eftir 280 milljónir kwst. á ári, en það er 2½ sinnum meira en notkunin 1948. Það sýnist því óþarfi að óttast, ef Sogið verður fullnýtt, því að eftir þessar virkjanir eiga að vera fullkomnir möguleikar til þess að fá alla orku frá Soginu, sem til þessa þarf, auk annarrar aukningar á orkuþörf um nokkurra ára skeið. Auk þess gæti ég vel hugsað mér, að þó að ekki sé hafizt handa um byggingu á stærri verksmiðju en 7500 tonna, þá verði nokkur hluti verksmiðjunnar byggður með það fyrir augum, að hægt sé að bæta við, þannig að afköstin yrðu 10 þús. tonn. Það er gert ráð fyrir því, að þessi verksmiðja verði byggð í þremur áföngum. Hinir tveir síðari verða minni og ódýrari, en aðalkostnaðurinn er við fyrsta áfangann, vetnisvinnsluna, en vetnisvinnslan, það er eini hlutinn, sem hægt er að byggja við smátt og smátt, án þess að það krefjist aukinnar starfsorku, en síðari hlutarnir verða að byggjast í einu lagi, og ef þyrfti að bæta við þá, þá þyrfti að gera það sérstaklega. Ég geri ráð fyrir því, að það væri eðlilegt, að verksmiðjan hæfi starfrækslu með 7500 tonna afköstum og væri byggð með það fyrir augum, að hægt væri að bæta við, þannig að afköstin yrðu 10 þús. tonn.

Það komu fram raddir um það í Nd., meðan frv. var til afgreiðslu þar, að meðal áhugamanna væri það álitið, að hér væri of smátt af stað farið, og töldu það réttara að taka til athugunar stærri verksmiðju við Þjórsá. Þetta væri mjög ákjósanlegt, ef nokkur tök væru að ráðast í slíkar stórframkvæmdir, en ég tel það mjög vafasamt, að við gætum tryggt okkur það fjármagn, sem slíkar framkvæmdir kostuðu. Enn fremur er ekki víst, að við getum tryggt okkur markað fyrir afurðirnar, og síðast en ekki síst mundi þetta tefja málið um ófyrirsjáanlegan tíma, því að það eru engar líkur til þess, að slíkt fyrirtæki gæti verið komið upp og tilbúið til starfrækslu fyrr en 1958—60, eftir því sem sérfróðir menn telja. En það er hugsanlegt, að eftir 3—4 ár verði hægt að hefja vinnslu í þeirri verksmiðju, sem frv. gerir ráð fyrir, ef samþykkt verður. Mundu þá líða 5—7 ár frá því, að sú verksmiðja, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir, hæfi starfrækslu, þangað til slíkt stórfyrirtæki, sem stungið var upp á, að reist væri við Þjórsá, tæki til starfa. Á þessu 5—7 ára tímabili væru miklar líkur til þess, að þessi litla verksmiðja gæti greitt stofnkostnað og um leið skapað grundvöll fyrir hagkvæm áburðarkaup landsmanna.

Eins og tekið er fram í greinargerð, þá er þessi stærð miðuð við það, að framleiðslan verði öll notuð í landinu. Það verður því ekki bein gjaldeyrisöflun sem við það skapast, heldur verður um óbeina gjaldeyrisöflun að ræða. Það sparast því jafnmargar milljónir af gjaldeyri

og annars hefðu farið til áburðarkaupa, og væri hægt að nota hann til annarra nauðsynja. Það er sem sagt ekki bein gjaldeyrisöflun, sem um er að ræða, heldur gjaldeyrissparnaður. Sömuleiðis er annað mikilsvert atriði, og það er það, að ef við gætum komið upp slíku fyrirtæki, þá er að því ósegjanlegt öryggi að geta, hvað sem kemur fyrir, haft hér í landinu slíka verksmiðju. Það er öryggismál, sem varðar alþjóð. Og það er öryggismál fjárhagslega séð, því að ef við erum þess umkomnir að koma upp slíku fyrirtæki, þá gæti það sparað gífurlega mikinn gjaldeyri, sem hægt er að nota til annars.

Þær breyt., sem gerðar voru á frv. við afgreiðslu þess í Nd., voru ekki miklar né stórkostlegar. Þó var gerð allmikil breyting við 2. gr. frá því, sem var, þegar það var lagt fyrir deildina. Það var gert ráð fyrir því í stjfrv., að ef það sýndi sig að vera örðugt fyrir fyrirtækið að standast samkeppni erlendra fyrirtækja, þá væri heimilt að ríkið borgaði vexti af lánum þess. Þetta var tekið út úr, því að það þótti ekki rétt að gefa heimild til slíks. En þetta voru leifar af áhrifum frá fyrri stj., þegar illa gekk og fyrirtæki voru ekki arðbær. Aðrar breytingar voru smávægilegar, nema ákvæði um opinber gjöld, þeim var breytt nokkuð, þannig að þau voru lækkuð. Þá var og gert ráð fyrir því, að stjórn fyrirtækisins væri kosin af Sþ., í stað þess að í upphafi var gert ráð fyrir því, að hún væri skipuð af ríkisstj. Aðrar breyt. voru ekki verulegar, og er óþarfi að vera að fjölyrða um það hér.

Ég óska þess svo, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 389, n. 520 og 536, 412, 534).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Landbn. hefur nú farið höndum um frv. þetta og komizt að niðurstöðu um afstöðu sína til þess. Eins og nál. á þskj. 520 ber með sér, þá hefur meiri hl. landbn. orðið á það sáttur að leggja til, að frv. verði samþ. með lítils háttar breyt., sem skráðar eru á því þskj. Aftur á móti hefur einn nm. gert minnihlutaálit, þar sem hann að vísu mun virðast samþykkur því, að stefnt sé að því marki að reisa áburðarverksmiðju, en hefur sérstöðu um stærð hennar og það, sem þar af leiðir, og gerir ráð fyrir að flytja brtt. við frv. En það er víst alveg nýbúið að útbýta hans nál. á þskj. 536.

Að ræða mikið um þetta frv., þó að það sé harla stórbrotið, álít ég á þessu stigi harla tilgangslítið, þó að það í sjálfu sér skipti ákaflega miklu máli um þetta mál, að rétt sé að farið að öllu leyti, því að um þetta mál hefur mikið verið rætt á Alþ. frá því er það fyrst kom fram, og þar á meðal nú fyrir skömmu í hv. Nd., þar sem frv. þetta var flutt og því skilað þaðan og hingað til þessarar hv. d., eins og það nú horfir við. Það hefur orðið í hv. Nd., eins og fram mun hafa komið hér, nokkur ágreiningur um það, hve hásiglt skuli vera í framkvæmdum að byggingu þessarar áburðarverksmiðju, sem og greina má af afstöðu hv. minnihlutamannsins í landbn. þessarar hv. d. nú.

Ég vil taka það fram, að þó að meiri hl. landbn. í þessari hv. d. fallist á það, að miðað verði við — ef svo mætti kalla — hin smærri hlutföll við þá verksmiðjustofnun, sem hér er um að ræða, þá kemur þar margt til greina, sem réttlætir það annars vegar, og hins vegar er það og maklegt, að framtíðaraðstaðan sé tekin til greina á sérstakan hátt, þegar á þetta mál er litið. Ef við það er miðað, að áburðarverksmiðjan nú fyrst um sinn nærist af afli Sogsins, þá mun ekki vera blöðum um það að fletta, að sú orkulind er tæmanleg, til þess að geta fullnægt öllum þeim, sem orkunnar þurfa. Hjá þeim fræðimönnum, sem að þessu hafa unnið og eru í þessum efnum möguleikunum kunnugastir, mun lítið bera á milli um það, að miðað við þróun, bæði um almenningsraforkunotin til venjulegra ljósa og hitunar og til iðnaðar, þá hækka þau notahlutföll með hverju árinu sem líður. Að vísu virðist það svo, að miðað við byrjunarþörf verksmiðju þessarar, þá virðist raforkan til hennar vera tiltölulega rífleg fyrir hendi með fyrirhuguðum notum Sogsorkunnar. En miðað við hitt, að almenna rafmagnsþörfin eykst ár frá ári, sem maður verður að gera ráð fyrir og vonar, að verði, að sú þörf aukist ár frá ári, þá mætti svo fara, að sá orkugjafi reyndist, áður en langt líður, ófullnægjandi til þess að fóðra bæði þessa áburðarverksmiðju og fullnægja einnig hinni almennu og vaxandi rafmagnsþörf, því að ef við gerum ráð fyrir að standa í stað eða hrökkva til baka með þörf á raforku til almennra nota, þá spáir maður nýju miðaldamyrkri yfir Íslandi. Við vonum, að þær spár rætist aldrei. En þó að svo kynni að verða, og eftir því, sem lætur að líkum, að Sogið með áframhaldandi virkjun — sem þetta frv. byggist á — endist til hvors tveggja nú nokkur ár, t. d. í allt að tvo áratugi, þá verður að horfast í augu við það, að það reynist ekki nóg orka í landinu til þess að fullnægja þessu hvoru tveggja, sem ég hef nefnt, nema um nokkurt skeið, og þá verður að hugsa til nýrra ráða. Og nú liggur fyrir, að hv. þm., bæði úr landbn. beggja d. og fleiri hv. þm. hallast að því, að virkjað verði í langtum stærri stíl en frv. gerir ráð fyrir og þar með ráðizt í sérstaka vatnsvirkjun við annan ríflegri orkugjafa og þar, sem miðað sé við önnur, langtum stærri hlutföll. Ég tel líklegt, að þar komi, að þetta verði orð í tíma töluð. En ég tel líka, — og mér virðist meiri hl. hv. landbn. þessarar hv. d. vera á þeirri skoðun, — að vegna þessa væri réttari afstaða í málinu að hraða málinu með gát, ef svo mætti að orði komast. Ég hygg, að eftir þeirri fræðslu frá sérfróðum mönnum, sem við þetta mál hafa fengizt, þá sé vert á það að benda, að þó að Sogsorkan með þeirri viðbótarvirkjun, sem fyrir höndum er, reynist nægja

bæði til hinna almennu þarfa fyrir rafmagn og til þarfa áburðarverksmiðjunnar fyrst um sinn — og þannig skuli miðað við og áburðarverksmiðjan reist —, þá þurfi lítið að fara forgörðum, þó að breyting verði síðar á þessu. Ég ætla, að á bak við þetta, sem ég nú segi, liggi sú skoðun frá fræðimönnum, að verksmiðjan, sem hér kemur til greina, verði ekki reist á orkugjafastöðvunum sjálfum, heldur verði flutt orkan. En miðað við það, þá ætti önnur ný virkjun, sem tæki í taumana, þegar orðið væri of þröngt um það allt í heild, sem orku þyrfti frá Soginu, að geta notazt áframhaldandi, þannig að Sogið og öll sú raforka, sem það gefur, kæmi í góðar þarfir, miðað við þróunina, þó að verksmiðjan leitaði nýrra orkustöðva, þegar nauðsyn krefði.

Kostnaður við byggingu þessarar verksmiðju gildir háar og óvenjulegar upphæðir eftir íslenzkum mælikvarða, sem að vísu er ekki að hræðast, því að menn gera sér bjartar hugmyndir um þessa verksmiðju. Ef t. d. kostnaðaráætlunin er miðuð við hámark það, sem hér er sett, eitthvað yfir 40 millj. kr., þá skiptir það miklu strax við þetta tilraunaspor til þessara merkilegu aðgerða, þar sem í mikið er ráðizt, að þar verði að öllu vel farið, bæði í undirbúningi og síðan í framkvæmd. En hin mikla virkjun, sem hugir manna stefna nú að viðkomandi framtíðinni, hvort sem þar verður um að ræða Urriðafoss eða annan orkugjafa, hún náttúrlega kostar miklu, miklu meira. Það er engin fordæming í því fólgin, en það er í því ljós bending fólgin, að það þarf vel að vanda, sem lengi á að standa. Og undirbúningi að miklum framkvæmdum veitir vissulega ekki af tímanum. Og ég vil af minni hálfu undirstrika það, að það verður að virkja meira af þeirri ástæðu, að fyrirhuguð er þessi áburðarverksmiðja. Og ef hugsað er til þess með alvöru af hæstv. Alþ. eða ríkisstj. eða hverjum öðrum sem er, þá tel ég, að það veiti lítt af tímanum, senn hvað líður, að fara að hugsa sér útfærslu þeirra mála frá sjónarmiði þeirra, sem vilja taka þetta áburðarverksmiðjumál alvarlega, og það vona ég, að allir hv. alþm. vilji gera. Það mundi ekki fara hjá því, ef ætti að samþ. lög nú, þar sem miðað sé við enn stærri hlutföll, eins og kemur fram hjá hv. minni hl. landbn., þá mundi yfirleitt áburðarverksmiðjan koma ákveðinni tímalengd síðar að notum eða taka til starfa heldur en þó er ætlað. — Sem sagt, ég tel, ef miðað er við þarfir íslenzkra bænda, þá sé vel fyrir þörfum þeirra séð, ef farið er eftir þeim till., sem gerðar eru af hálfu meiri hl. landbn., og miðað við 10 þús. smálesta framleiðslu á ári. Hitt er svo allt annað mál og er mjög gott að leita sér fræðslu um, hvað heppilegt eða gerlegt sé, og miða þá við íslenzkan áburð til útflutnings. Hvað borgar sig í þeim efnum? Það fer eftir eftirspurninni eftir þessari framleiðslu, sem víða er nú keppzt um að auka, og eftirspurnin fer eftir því, hve hagkvæmt við getum framleitt, og margt þarf að athuga. Það hefur verið rætt um Urriðafoss í Þjórsá sem aflgjafa, en enginn er þó svo bundinn við þann stað, að ekki sé hægt að líta á aðra. Það er fjarri mér að leggja hér nokkurn dóm á sökum þekkingarleysis, en ég veit til þess, að Þjórsá hefur það til að stíflast í jakaburði ekki langt frá Urriðafossi, en hvort það er svo þýðingarmikið, treysti ég mér ekki til að dæma um, en það spillir ekki að hafa þann möguleika til athugunar. Ég skýt þessu svona inn, þó að það komi tæpast til greina. Þetta er allt vandasamur viðbúnaður, sem krefst síns tíma. Ég tala nú ekki um fjáröflun til þess háttar hluta, það þarf tugi milljóna. En ég vil ítreka, að ég álít, að stefna beri að þessu, því að Sogsvirkjunin fullnægir ekki bæði þörf áburðarverksmiðjunnar og rafmagnsþörf bæja og sveita hins vegar nema um nokkurt skeið. Viðbúnaður þarf að byrja fyrr en seinna, ef á að stefna að þessu í alvöru. Það sést glögglega á skýrslum um Sogsrafmagnið, að þörfin og notin aukast með ári hverju, og nú vantar viðbótarvirkjun í Soginu. Frá ári til árs hefur orðið sú þróun, að ljós og hiti og iðnaður heimta Sogsrafmagnið, og það kemur að því, þó að það verði ekki á svo nálægum tíma, að Sogið fullnægir ekki hvoru tveggja, Reykjavíkurbæ og sveitunum annars vegar og áburðarverksmiðju hins vegar. Og í sjálfu sér væri ákaflega gaman að hugsa til þess, að þessi tími yrði fremur styttri en lengri, þ. e. a. s. hagnýting rafmagnsins yrði sem fyrst almenn. Ég vil láta þess getið, að af bænda hálfu eða búnaðarþings hefur komið fram vilji í þá átt, að frv. um verksmiðju með líkum hætti og hér er gert ráð fyrir nái samþykki Alþ. Bændastéttin veit, hvað henni hentar. Sú orka, sem fæst úr Soginu, að viðbættri fyrirhugaðri viðbótarvirkjun, á að vera fullnægjandi fyrir áburðarverksmiðju af þessari stærð og sveitir og kaupstaði um nálægan tíma, þó að árlega bætist við raforkunotkunina. Eitt á að vera víst í þessu, og það er það, að þótt Sogsfossarnir verði fullvirkjaðir og þar komi, að virkja verði annars staðar í stærri stíl vegna áburðarverksmiðju, þá ætti fullvirkjun Sogsins aðeins að vera gleðilegt tímanna tákn.

Meiri hl. landbn. hefur lagt til, að frv. þetta verði samþ. í öllum aðalatriðum eins og það kom frá hv. Nd., aðeins með smávægilegum breytingum, og skal ég nú minnast á þær.

Það er fyrst brtt. við 5. gr. frv. Þar segir, að stjórn verksmiðjunnar ákveði að fengnu samþykki landbrh., hvenær og hvar hún skuli reist. Það var víst svipað þessu í hinu upphaflega stjfrv., sem hv. Nd. breytti, en það er viðtækari aðild og fróðari, sem hér er treyst til staðarvals, og jafnframt hlutlaus í því efni, og má þá vænta þess, að traustara verði frá því gengið. Það hefur borizt í tal, hvort ekki ætti að fella staðinn inn í lögin, en þegar við ræddum það, þótti það á engan hátt gerlegt að láta eitt teningskast eða atkvæðagreiðslu á Alþ. ráða endanlega í því efni. Það er betra að athuga allt vel, svo að undirstaðan geti orðið hagkvæm.

2. brtt. n. er um það, að lögin öðlist þegar gildi. Þetta vantaði í frv., en við töldum réttara að ákveða þannig um gildistöku laganna, og þá einnig með tilliti til þess, að stjórn verksmiðjunnar á að kjósa, er lögin öðlast gildi, og er þá hægt að kjósa stjórnina sem fyrst, enda varð samkomulag um það í n. að skeyta aftan við lögin ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að kosn-

ing verksmiðjustjórnarinnar fari fram á þingi því, er setur lögin, og gildi til ársloka 1952, og því er miðað við árslok 1952, að rétt þykir, að umboð stjórnarinnar fylgi almanaksári. Við töldum ekki rétt að hafa þetta óákveðið í lögunum, því að tíminn líður og menn spyrja: Eftir hverju er verið að bíða?

Þá vil ég taka fram viðvíkjandi ákvæðum frv. um laun handa stjórn verksmiðjunnar, að landbn. taldi eðlilegt og sjálfsagt, að verksmiðjustjórnin taki ekki laun samkvæmt 4. gr. fyrr en störf hefjast og farið er að reisa verksmiðjuna og allt er komið í gang. En meðan á formlegum undirbúningi stendur og ekki er byrjað á verklegum framkvæmdum, fái verksmiðjustjórnin meiri eða minni þóknun eftir því, hvort hún vinnur meira eða minna, og eftir því, hve viðbúnaður hennar er mikill.

Það liggur hér fyrir brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 412, þar sem hann stingur upp á því, að ríkisstj. heimilist að leita þátttöku félaga og einstaklinga til stofnfjárframlaga, þannig að stefnt sé að hlutafélagsstofnun um verksmiðjuna. Þótt e. t. v. væri hægt að örva til stofnunar fyrirtækisins á þennan hátt og gera fjáröflun léttari af hálfu ríkisins, sá n. sér ekki fært að mæla með þessari brtt. eins og málið liggur fyrir. Það er talað um 7% arð. Ójá, ég vildi óska, að það yrði svo arðvænlegt fyrirtæki og að allt gengi vel og að reksturinn væri ódýr og mikill arður, en það svífur nú í óvissunni enn þá. Sem sagt sá n. sér ekki fært að taka þessa brtt. til greina.

Það vekjast nú væntanlega aðrir til umsagnar um þetta mál, og sér maður þá, hvað þeir segja. Ég get látið máli minu lokið og legg til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef nú lýst.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og nál. bera með sér, varð landbn. ekki að öllu leyti sammála um afgreiðslu málsins. Málið var nokkuð fljótt afgr. í n., eða á fyrsta fundi hennar um það, og þótt áburðarverksmiðjunefndin sæti fundinn líka, taldi ég ástæðu til nánari athugunar. Þó var enginn ágreiningur um það, hvort reisa ætti verksmiðju, allir voru sammála um, að áburðarverksmiðju þyrfti að reisa. Ágreiningurinn var um það tvennt, hve stór verksmiðjan ætti að vera og hvort rétt væri að ætla verksmiðjunni rafmagn frá Soginu, þótt ekki væri hún stærri en gert er ráð fyrir í frv. Um þetta var ágreiningurinn, því að ég álít, að verksmiðjan eigi að vera miklu afkastameiri en frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar er ég samþykkur brtt. meiri hl. n. og tel þær til bóta.

Mál þetta hefur verið rætt mikið hér í þinginu í vetur, og árangurinn er þó sá, að gert er nú ráð fyrir nokkru stærrri verksmiðju en upphaflega var gert. En sú stækkun útheimtir að sjálfsögðu aukið rafmagn, og er varla nóg tillit tekið til þeirrar staðreyndar.

Áburðarverksmiðjumálið er langt frá því að vera nýtt af nálinni. Það kom fyrst fram hér á Alþ. á árunum 1934—37 og var fyrst athugað til hlítar af skipulagsnefnd atvinnumála, sem starfaði á þeim árum og átti að koma atvinnulífi landsmanna á skynsamlegan grundvöll. Hún fékk erlendan verkfræðing sér til aðstoðar og skilaði allýtarlegu áliti og tillögum í þessu máli. En þá var ekki gert ráð fyrir svipaðri framleiðslu og nú er þó gert ráð fyrir, heldur aðeins mjög lítilli verksmiðju, en síðan hefur reynslan leitt í ljós, að hefði verið farið svo smátt af stað, hefði framkvæmdin reynzt ónýt eða því sem næst. Þá var líka aðeins gert ráð fyrir að framleiða eina tegund áburðar, en það veit bóndinn einn, hve gott er að hafa allar áburðartegundir fyrir jörðina. Þetta liggur svo í láginni þar til 1944. Þá var flutt stjfrv. um, að ríkið skyldi reisa verksmiðju til að framleiða ammóníumnítrat eða ammóníumsaltpétur, sem þá var nýlega farið að nota í Ameríku, og var þar ekki gert ráð fyrir stærri verksmiðju en svo, að hún væri þegar orðin allt of lítil. Þessu frv. var þá vísað frá með þeim rökum, að ekki væri nægilegt rafmagn fyrir hendi, og enn hefur reynslan sýnt, að þau rök voru rétt, því að þótt síðan hafi verið reist 7500 kw. eimtúrbínustöð hér við Reykjavík og kölluð varastöð, þá hefur hún alltaf þurft að vera í gangi, og ekki er að tala um afgangsrafmagn. Þá mun einhverjum hafa dottið í hug að reisa áburðarverksmiðjuna á Akureyri, en þar er þegar orðið allt of lítið rafmagn. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson) [Frh.]: Herra forseti. Það er nú langt síðan þetta mál var rætt hér síðast. Þegar frv. um áburðarverksmiðju var lagt fyrir Alþingi 1944, var því, eins og ég tók fram áður, vísað frá með rökstuddri dagskrá, vegna þess að rafmagn skorti til framleiðslunnar, en gert ráð fyrir, að nýbyggingarráði skyldi falið að taka málið til betri athugunar og skila áliti um þær athuganir, sem gerðar yrðu. Nýbyggingarráð tók þetta síðan til athugunar 1945, og með bréfi 22. júní 1945 fól það Birni Jóhannessyni að fara utan til þess að rannsaka þetta mál betur og afla betri upplýsinga um það, hvort heppilegt væri að ráðast í að byggja áburðarverksmiðju á Íslandi og hvernig. Átti hann m. a. að athuga þá reynslu, sem fengizt hefur við framleiðslu þessarar áburðartegundar á Norðurlöndum og í Englandi og önnur teknisk atriði, hvort ekki mundu vera miklar líkur til þess, að hægt væri að framkvæma þau teknisku atriði hér eins og annars staðar, hve mikið notagildi þetta efni hefði við ræktun, og einnig átti hann að athuga hina fjárhagslegu hlið málsins, hvort hægt mundi að byggja þessa verksmiðju hér þannig, að hún bæri sig, og ýmis fleiri atriði. Björn Jóhannesson fór síðan utan sumarið 1945. Þegar hann kom heim aftur, skilaði hann skýrslu um ferðina og niðurstöður þær, er hann hafði komizt að. Yfirleitt voru niðurstöður hans á þá leið, að hvað snerti tæknilega möguleika á framleiðslu þessarar áburðartegundar hér, þá væri allt í lagi, þar sem hér þarf ekki annað til en

rafmagn, sem við getum framleitt sjálfir Einnig hafði hann athugað, hvernig heppilegast mundi að leysa það vandamál, sem talið var, að gæti orðið nokkuð mikið vandamál, nefnilega hvernig takast mætti að geyma þessa áburðartegund, og bendir reynsla síðustu ára til þess, að það muni vel vera hægt. Þá var það líka fjárhagshliðin, sem hann rannsakaði allýtarlega erlendis, og má segja í fáum orðum, að allir þeir sérfræðingar, sem hann átti tal við, voru sammála um það, að verð á áburði mundi lækka mikið að stríðinu loknu og þess vegna væri ekki þorandi að leggja út í áburðarvinnslu hér, ef framleiðslukostnaður yrði að vera jafnhár og á stríðsárunum. Þá eru og önnur atriði, sem koma hér til greina, og má þar einkum tilnefna tvennt, sem Björn Jóhannesson skilaði áliti um, að verðið á rafmagninu væri mjög stór þáttur í framleiðslukostnaði þessarar áburðartegundar og þar af leiðandi mjög mikils virði, að það væri ekki óhæfilega hátt, og enn fremur, að stærð áburðarverksmiðjunnar hefði mjög mikil áhrif á stofn- og framleiðslukostnaðinn, eins og reynslan hefði sýnt bezt bæði í Noregi og í Svíþjóð.

Árangur þeirra rannsókna, sem gerðar hafa verið, er sá, að nú þykir ekki ná neinni átt að byggja hina litlu verksmiðju, sem fyrirhuguð var árið 1944 og einnig var gert ráð fyrir í frv. frá síðasta þingi. Nú er alveg horfið frá því að byggja 1100 og 2500 tonna verksmiðju, heldur skuli hér vera um að ræða stærð frá 5 þús. upp í 10 þús. tonn. En í sambandi við þetta kemur til greina annað atriði, sem sé það, að þegar búið er að taka þá ákvörðun að hafa þessa verksmiðju eins stóra og þetta frv. gerir ráð fyrir, vaknar spurningin um það, hvort takast megi að fá nægilegt rafmagn frá Soginu til þess að reka svona stóra verksmiðju. Áburðarverksmiðjunefndin er sammála um, að útilokað sé, að nægilegt rafmagn fáist frá Soginu til 10 þús. smálesta verksmiðju, og eru þessir sérfræðingar þeirrar skoðunar, að 7500 tonna verksmiðja væri það allra stærsta, sem hægt væri að bæta á Sogið, þótt það verði virkjað til fulls. Þeir eru einnig þeirrar skoðunar, að sú virkjun mundi aðeins endast í 10 ár, þar sem rafmagnsnotkun til almennra þarfa og annars iðnaðar vaxi ekki meir en um 12—13 millj. kwst. árlega, þ. e. a. s. álíka mikið og verið hefur hin síðari ár, en í því sambandi er þess að gæta, að eðlileg aukning hefur í rauninni ekki getað átt sér stað sökum rafmagnsskorts. Samkvæmt upplýsingum Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra má telja fullvíst, að ef sami vöxtur verði áfram og verið hefur að meðaltali frá 1922—48, þurfi að virkja allt Sogið, þótt engri áburðarverksmiðju sé til að dreifa, þannig að nóg verði að gera við rafmagn frá Soginu fullvirkjuðu án hennar. Það er þetta, sem ég vildi undirstrika, að um leið og verið er að taka ákvörðun um að byggja stærri verksmiðju en fyrirhugað hefur verið áður, er gert ráð fyrir, að þessari verksmiðju sé ætlað rafmagn frá virkjun, sem ekki mundi geta framleitt nægilegt rafmagn bæði til þeirrar verksmiðju og annarra nota, sem krafizt yrði á sama tíma. Þess vegna virðist hér vera um ósamræmi að ræða. Það gæti verið nokkurt samræmi í þessu, ef um t. d. 2500 tonna verksmiðju væri að ræða, eins og fyrirhugað var á síðasta þingi. En þegar um 10000 tonna verksmiðju er að ræða, virðist ekki vera neitt samræmi í að bæta henni á það takmarkaða rafmagn, sem hér er fyrir hendi, og að þeirri niðurstöðu fenginni virðist ekki annað liggja fyrir, svo framarlega sem verksmiðjan á að verða samkeppnisfær, en að byggja fyrir hana sérvirkjun og hafa hana það stóra, að hún geti einnig framleitt fyrir erlendan markað. Notkun köfnunarefnisáburðar fer vaxandi hér, en mun ekki fara svo ört vaxandi, að minnsta kosti ekki um nokkurn tíma, að ekki þurfi að koma einhverju af þeirri framleiðslu á erlendan markað. Hér er um að ræða aðeins eina tegund áburðar, en þótt hinar tegundirnar séu ódýrari, eru þær ekki síður nauðsynlegar. Það væri þess vegna ekki nema eðlilegt, að við framleiddum svo mikið af þessari tegund til útflutnings, að það nægði til þess að greiða aðrar áburðartegundir, sem inn í landið þarf að flytja. En til þess að það geti orðið, þurfum við að vera samkeppnisfærir með framleiðslu okkar á heimsmarkaðinum. — Önnur þau rök, sem mæla með þessu, eru þau, að hér er um að ræða stórfellt fyrirtæki, sem krefst sérstaklega lítils vinnuafls, og skiptir það ekki miklu máli, hvort hér er um að ræða hátt kaupgjald eða ekki. Vinnuaflið mundi aldrei taka til sín nema svo lítið brot af kostnaðinum, að þetta ætti að skapa okkur meiri möguleika til þess að verða samkeppnisfærir en flest önnur fyrirtæki.

Annað atriði er það líka, sem mælir með því, að þessi leið verði farin. Hingað til hefur mjög mikið verið um það talað, hvað fossaafl okkar sé mikið ónotað, og það er rétt. Það er viðurkennt, að í fossaafli okkar eigum við auðlindir, sem geti í framtíðinni orðið okkur til mjög mikilla framfara. En hingað til höfum við ekki notfært okkur þessar auðlindir okkar nema að mjög litlu leyti, þ. e. til heimilisnotkunar og smærri iðnaðar, en ekki á neinn hátt til neins verulegs stóriðnaðar. En óhætt er að fullyrða, að til þess að geta notfært fossaafl okkar til verulegrar framleiðslu verðum við að skapa stóriðnað, og eru miklar líkur til, að þetta sé einmitt sú framleiðsla, sem heppilegust er, sökum þess að við vitum ekki, hvort hér eru í jörðu þau efni, sem líkleg væru til annarra nota. Ef fyrirhugað væri að fara þá leið að byggja hér stóra verksmiðju og reisa sérvirkjun fyrir hana, lægi beinast við að hefjast nú handa um að virkja Þjórsá eða einhverja af fossum hennar og þá sérstaklega Urriðafoss, þar sem hann er sá eini foss, sem hefur sérstaklega verið athugaður. Þarf ekki að fara mörgum orðum um þá áætlun, því að hún liggur hér fyrir í nál. minni hl. landbn. Nd.

Áburðarverksmiðjunefndin gerir í áliti sínu ráð fyrir, að 5 þús. tonna verksmiðja kosti 38 millj., en 7500 tonna verksmiðja kosti 44 millj. Bendir það mjög til þess, að hér sé um að ræða fyrirtæki, sem geti borið sig, og þess vegna hef ég lagt hér til, að sú breyt. verði gerð á frv., að í staðinn fyrir 5—10 þús. tonn komi 30—40 þús. tonn. Það liggur ljóst fyrir, að til þess að koma þessu í framkvæmd þarf lengri tíma og

mikið fé. En ég tel ekki minni líkur til þess, að lán fáist erlendis, þó að verksmiðjan verði stór, en ef hún er svo lítil, að hætt er við, að hún beri sig ekki. Í landbn. kom fram sú skoðun hjá hv. þm. N-M., að athugandi væri að semja um þetta mál við þjóð, sem ekki hefði áburðarframleiðslu, en þyrfti áburð, og athuga, hvort ekki væri hægt að fá lán gegn áburði. Ég tel þetta mjög athugandi í sambandi við það, að verksmiðjan verði svo stór, að hægt verði að hafa af henni verulegar útflutningstekjur. Nú er mikið flutt inn af vélum, og það er rétt, en innflutningur véla, er kosta mikið, þarf að byggjast á því, að jafnframt skapist útflutningsverðmæti, og það hefur nokkuð á það skort, að séð væri fyrir því. Það er alkunnugt, hve erfitt er að fá varahluti og jafnvel eldsneyti til véla og bíla. Þó hefur Alþ. samþ. að auka innflutning á þessum tækjum, en hvað þýðir það, ef ekki er hægt að afla nægilegs gjaldeyris til þess að standa undir rekstri þeirra?

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg fleiri orð að svo stöddu. Ég tel, að samþ. eigi þá till., sem ég hef lagt hér fram, svo að af þessu verði meira framtíðargagn.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. frsm. minni hl., þó að það verði í aðalatriðum efnislega það sama og ég sagði við 1. umr. Báðir frsm. gátu þess, að n. væri öll samþ. því, að frv. yrði samþ., ágreiningur væri aðeins um stærð verksmiðjunnar. Mér þykir þetta að sjálfsögðu gott, en af orðum hv. 8. landsk. að dæma, virtist allt frekar „negatívt" við málið, eins og hann væri að draga úr möguleikum þessa fyrirtækis, þó að hann í öðru orðinu vildi herða sóknina. Hann sagði upphaflega í ræðu sinni, að nauðsynlegt væri að hugsa um fleiri áburðartegundir, og það er rétt, en köfnunarefnisáburðurinn er langdýrastur og kostar mestan gjaldeyri, þó að við flyttum allar tegundir inn í réttum hlutföllum, og af þeim ástæðum er sjálfsagt að byrja á þessari tegund. Ef það tækist að spara þann gjaldeyri, hefðum við þeim mun meiri möguleika til að kaupa aðrar tegundir, er við ekki getum framleitt. Það er að vísu hugsanlegt að koma upp fosforsýrugerð, en hún ætti að koma næst, eftir að köfnunarefnisþörfinni hefur verið fullnægt.

Þá minntist hv. þm. á ýmis atriði, er ég skal drepa á lítils háttar. Hann talaði um, hversu stærð verksmiðjunnar væri mikilsverð. Það er rétt, að litlar verksmiðjur eins og þær, sem áður var hugsað um að byggja, standa illa að vígi, en það er augljóst mál, að ekki er hægt að stækka verksmiðjuna ótakmarkað til þess að fá ódýrari áburð. Munurinn er mestur frá litlu verksmiðjunni og upp í það stóra verksmiðju, að allur mannafli verksmiðjunnar sé fullnotaður. Ég rengi ekki niðurstöður Björns Jóhannessonar, að framleiðslukostnaður 10 þús. smál. verksmiðju sé þrisvar sinnum meiri en 90 þús. smál. verksmiðju, en þetta er byggt á reynslu frá Noregi, og hún er ekki tæmandi sönnun þess, að sömu hlutföll verði hér, því að hinar nýju verksmiðjur eru svo miklu meira „mekaníseraðar", að það þarf bara brot af því mannafli, er áður var, til að framleiða sama magn. Hitt er enginn vafi, að betra er að hafa stóra verksmiðju en litla, og þó að ég efi, að útreikningar hv. minni hl. landbn. varðandi framleiðsluverð 10 þús. smál. verksmiðju og 30 þús. smál. séu öruggir, dettur mér ekki í hug að neita því, að nokkur hagur er að því að hafa verksmiðjuna stærri.

En það, sem hv. þm. ræddi mest, var, hvort Sogsvirkjunin mundi geta fullnægt rafmagnsþörf 7500—10000 smál. verksmiðju. Hv. þm. segir í nál., og hann endurtók það í ræðu sinni: „Samkvæmt einróma áliti áburðarverksmiðjunefndarinnar er útilokað, að nokkurn tíma fáist nægilegt rafmagn frá Soginu til að knýja 10000 tonna verksmiðju." Þetta er rangt, og hlýtur að byggjast á misskilningi hv. þm. Eins og ég hef minnzt á, er áætlað, að þegar næsta virkjun og virkjunin þar á eftir eru fullbúnar, 1955, og viðbótarvélasamstæður komnar, verði öll framleiðsla Sogsveitunnar 500 millj. kílówattstundir. Það er álit rafmagnsstjóra, að ef gert er ráð fyrir því, að almenn neyzla haldi áfram með sama hraða, þá verði þrátt fyrir það eftir 1955 hægt að taka 10000 smál. verksmiðjuna í fulla notkun. Ef almenn notkun á að ganga fyrir, verður að miða við 7500 smál. framleiðslu, þangað til virkjuninni 1955 hefur verið bætt við, en þá er hægt að taka 10000 smál. verksmiðjuna í notkun, þegar Sogið er fullvirkjað. Rafmagnið frá Soginu mundi nægja til 1964, þó að almenn rafmagnsnotkun væri hin sama, en þá þyrfti viðbót til almennrar aukningar. Það er því rétt, að við yrðum að virkja í áföngum, en það er hægara að taka þetta í áföngum en að ráðast í eins tröllslegt fyrirtæki og virkjun Urriðafoss. Það kom fram hjá hv. þm., og líka í sambandi við umr. í Nd., að ætla mætti, að almenn notkun mundi aukast meira í framtíðinni en undanfarin ár. Í því sambandi má benda á, að orkuaukningin undanfarin ár er svo tröllsleg, að þess verður að vænta, að einhver stöðvun verði þar á, annars verður allt landsfólkið komið til Reykjavíkur eftir fá ár, en með eðlilegri aukningu er sízt þörf á meiri orku. Á þessu tímabili er búið að byggja allt rafveitukerfi Reykjavíkur og leiða rafmagnið út um byggðir landsins. Það er því ekki lítið stökk, sem tekið hefur verið. Ef við getum haldið sama hraða, tel ég, að við getum vel við unað. Þetta er álit rafmagnsstjórans í Reykjavík, og mér finnst öll rök mæla með því. Ef aukningin heldur áfram eins og verið hefur, verður því nægilegt rafmagn fyrir 10000 smál. verksmiðju 1955, er síðasta virkjunin hefur verið gerð. Það er tiltölulega skaðlaust að byggja fyrst 7500 smál. verksmiðju, því að þá mætti láta þann hluta, er býr til kolvetni, bíða, en byggja hina tvo, sem eru ódýrari. Rafmagnsstjóri heldur því að vísu fram, að ekki verði nægilegt rafmagn eftir næstu virkjun fyrir 10000 smál. verksmiðju, en hann heldur því ákveðið fram, að eftir 1955 verði það nægilegt. Ég held því, að það sé ástæðulaust fyrir hv. þm. að óttast það, að þetta frv., ef að l. verður, verði bara að gagni á pappírnum vegna rafmagnsskorts.

Ef hægt er að afla fjár til framkvæmdanna, munu þær ekki stranda á rafmagnsskorti. Það er að vísu rétt, að mikil eftirspurn er á rafmagni í sveitunum, en ef við verðum svo lánsamir að hafa fjármagn til að leiða rafmagnið út í byggðirnar á næstu árum í svipuðum hlutföllum og undanfarið, þá megum við vera þakklátir.

Þá kom hv. þm. inn á brtt. sína um stóra verksmiðju. Eins og ég sagði í Nd., get ég tjáð mig fylgjandi þeirri hugmynd, en ég álít, að enn sé hún ekki tímabær. Það er mál þeirra, er mesta þekkingu hafa á þessum málum, rafmagnsstjóra og raforkumálastjóra, að þótt við hæfumst handa við Urriðafoss, væru engar líkur til þess, að framkvæmdum yrði lokið fyrr en eftir tíu ár, þó að við hefðum peninga í handraðanum og allt væri í lagi með hina „finansiellu" hlið málsins. Ef horfið yrði að þessu ráði, má því slá því föstu, að engin áburðarverksmiðja yrði komin upp fyrr en um 1960. Ef minni verksmiðjan er valin, gæti hún verið tilbúin 1953 eða 1954, og því búin að starfa í fimm, sex eða sjö ár af fullum krafti, áður en stóra fyrirtækið risi upp. Nú er gert ráð fyrir því, að framleiðsluverðmæti 7500 smál. áburðarverksmiðju nemi 16 millj. kr. á ári með svipuðu verðlagi og nú er. Á sjö árum mundum við því spara 112 millj. kr. í erlendum gjaldeyri beint og óbeint, ef þessi leið yrði farin í stað þess að velja „stóra planið". Ef bara er miðað við fimm ár, næmi beinn og óbeinn sparnaður 80 millj. kr. á því tímabili. Þar sem innkaupsverð véla og tækja, er greiða verður með erlendum gjaldeyri, er áætlað 20 millj. kr., mundi það hafa borgað sig fjórfalt eða sexfalt, er stóra fyrirtækið væri að byrja framleiðslu sína. Við eigum að leggja stund á það að koma okkur upp stórvirkjunum við fossana okkar. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að okkur er nauðsynlegt að fá sem flesta fætur undir útflutningsverzlun okkar, því að innflutningsþörfin er mikil, og enginn vafi er á, að fá sjávarútvegsframleiðslufyrirtæki eru það, sem komið gætu í staðinn fyrir þetta. En ég er ekki sannfærður um, að við ættum að leggja stund á áburðarframleiðslu fremur en t. d. aluminiumframleiðslu o. fl. En allt þetta þarf mjög mikillar rannsóknar með. Hugsanlegt er líka með magnium. Það er rannsóknarefni, hvernig við eigum að beita okkur. Getur verið, að komi á daginn, að köfnunarefnisáburður sé okkur hentugastur til útflutnings. En við getum stefnt að aukningu framleiðslu hans, þótt við byrjum á þessari verksmiðju nú, þó að hún gefi engan tröllslegan útflutning. Og kærkomið reynslutímabil fengjum við með rekstri hennar sem undirbúning undir stærri framkvæmdir seinna, og vissum við þá, hvar við stæðum, þegar við legðum út í stórt. Aðalatriðið er þetta: Ég veit, að það verður nægilega erfitt fyrir okkur Íslendinga — ekki meiri karlar en við nú erum — að koma þessu fyrirtæki á laggirnar. Hef ég satt að segja áhyggjur um, að okkur gangi fullerfiðlega að koma þessari verksmiðju upp, og sé eigi annað, ef við ættum að hlaupa frá þessari og til fyrirtækis, sem kostaði 100—200 millj. kr., en það væri hrein útópía. Það eru engar líkur til, að við gætum aflað þess fjár. Þannig yrði, ef horfið væri frá minni verksmiðju til stærri, að það væri sama og að leggja fyrirtækið niður. Hv. þm. kvað hægt fyrir okkur að semja við þjóðir, er skortir áburð, um lán til verksmiðjunnar og virkjunar í Þjórsá gegn því að fá tilbúinn áburð, er þar yrði framleiddur. Ja, ég hef nú litla von um, að við gætum samið um þvílík viðskipti með því að setja áburðinn á fast verð, er við þyrftum, til að fyrirtækið bæri sig. En sé sá möguleiki til, þá gegnir sama máli, þó að við byggjum verksmiðju við okkar þarfir á næstu árum, og hefðum við eigi kastað frá okkur samningum við aðrar þjóðir eða kastað neinu á glæ. Málið er tröllaukið. Það þarf undirbúning, ýtarlega rannsókn og helzt varðandi það að tryggja markaði, svo að það tekur ærinn tíma að undirbúa þetta allt, ef telja á verjandi að leggja út í það. Því tel ég,-þó að þessi brtt. virðist á yfirborðinu lýsa áhuga og bjartsýni, þá sé það að samþykkja hana í rauninni að jarða málið um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort það vakir fyrir minni hl., en árangurinn verður sá. Ég mælist því til, að hv. d. sjái sér fært að ganga frá málinu í því aðalformi, sem það hefur komið í frá hv. Nd. Ég tel nauðsynlegt að fá l. um þetta, en engin vissa er fyrir hendi um, að við höfum fjármuni til að reisa hana á þessu ári. En hægara er að gera ráðstafanir til fjáröflunar og nær framkvæmdum, ef l. verða samþ. á þessu þ., heldur en ef það er látið dragast. En hitt yrði líkkista málsins.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Á þskj. 412 á ég brtt. við frv., sem gengur í þá átt, að ríkisstj. sé heimilt „að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um fjárframlög til stofnunar verksmiðjunnar. Ef slík framlög nema minnst 2½ millj. kr., skal verksmiðjan rekin sem hlutafélag, en hlutafé ákveðið 10 millj. kr., og leggur ríkissjóður fram það fé, sem á vantar." Ástæðan fyrir því, að ég kem fram með þessa till., er sú, að ég hef megna vantrú á því formi stórra fyrirtækja, sem lagt er út í með þessu frv. Slíkt hefur þó viðgengizt fyrr hér á landi. En segja má í þeim efnum, að sporin hræða. Það hefur komið hér í ljós, að stórfyrirtækjum, sem eru eign ríkisins og rekin af nefndum eða stjórnum, sem skipaðar hafa verið af ríkisstj. eða valdar af Alþ., hefur verið illa stjórnað, og eitt átakanlegasta dæmið er stjórnin á fiskiðjuveri ríkisins. Þar er stofnað fyrirtæki, sem búið er að leggja í um 7 millj. kr., en er kastað í hendurnar á stj. fiskimálasjóðs að ég held, — er hefur haft misjafnan orðstír, en stj. hefur unnið að þessu í hjáverkum, — og sú stj. á því næst að taka við fiskiðjuverinu. En reksturinn varð með ódæmum, eins og kunnugt er. En þetta er mjög gott dæmi um, hversu rekstur fyrirtækis fer úr hendi, þegar engar „interessur" koma til greina nema hagsmunir ríkisins og þjóðarheildarinnar. Þessu álít ég, að eigi að hverfa frá: að kasta fyrirtækjum í hendurnar á stjórn- eða þingskipuðum nefndum. Og þessir menn, sem eru án áhuga og hafa eigi hagsmuna að gæta, eiga að sjá þessum rekstri farborða.

Má og minna á síldarverksmiðjur ríkisins, hvernig rekstur þess fyrirtækis er. Þær eiga að hafa framkvæmdastjóra. Hann er ekki nefndur, og menn þeir, sem í stj. eru og eiga að sjá um framkvæmdir, eru önnum kafnir við allt annað. Skulda verksmiðjurnar nú um 70 millj. kr. Ég álít, að hverfa eigi frá þessu fyrirkomulagi og ríkið eigi ekki að hafa stjórn á þessu, heldur eigi einkaframtakið að vera þar þátttakendur, og komi þar fram áhugi og framsýni einstaklinganna, sem vilja, að fyrirtækið gangi. — Mér skildist á ræðu hæstv. atvmrh. áðan, að eigi mundi of mikið fé vera fyrir hendi. Ég hygg, að eins og stendur viti enginn, hvernig koma eigi verksmiðjunni á fót. Það kunna að standa vonir til, að úr rætist, þó að þær virðist veikt undirbyggðar. En hvers vegna má ekki láta einstaklingsframtakið og félög leggja fram féð? Við verðum að fá einhverja, sem geta rekið fyrirtækið, en það getur ríkið ekki. Að fela því reksturinn væri að fara úr öskunni í eldinn, og það er að stofna stórkostlegum fjármunum í stórkostlega hættu. — Ég veit ekki, hvort einstaklingar vildu leggja í fyrirtæki með ríkinu. Menn og félög vilja yfirleitt ekki vinna sem félagar ríkisvaldsins. En þessum hugsunarhætti verður að útrýma. Danska ríkið á t. d. um 50% í nokkrum stórfyrirtækjum, en á þó aðeins fulltrúa í stj. þeirra og rekstrarráði, en annars eru þau rekin sem einkafyrirtæki. Má t. a. m. nefna dönsku spíritusverksmiðjurnar, þar sem ríkið á 51% af hlutafénu. Í Danmörku voru þó jafnaðarmenn við völd, þegar þetta gerðist, og hafa enga ástæðu séð til að taka stjórnina úr hendi einstaklingsframtaksins, álíta þetta eigi óhaganlegt fyrir ríkið. Ég væri ekki undrandi, þótt S. Í. S. vildi vera hluthafi. Mér þætti það eðlilegt, þó að ekki væri til annars en hafa hönd í bagga um, hvernig fyrirtækið væri rekið. En ef það er illa rekið, hlýtur það fyrst og fremst að bitna á bændastétt landsins. Það er því ekki einkennilegt, þótt Sambandið vildi e. t. v. vera hluthafi. Aðrir einstaklingar kynnu og að vilja hið sama.

Hv. n. hefur eigi séð sér fært að mæla með þessari brtt., þó að hún sé eðlileg og skynsamlegasta leiðin, sem þ. getur farið. En ég vænti þess, að d. verði á annarri skoðun og samþykki till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. við frv. á þskj. 534. En áður en ég ræði um hana, vil ég ræða málið almennt. Er það eigi óeðlilegt, að þetta mál, er kostar ríkið um 40 millj. kr., sé nokkuð rætt hér í d. Eitt atriði þess hefur orðið að meginágreiningi með nm., en það er stærðin. Mér finnst ekki óeðlilegt, að sá hl. n., sem eigi getur fellt sig við 7500—10000 smál. verksmiðju, heldur gerir till. um 35—40000 smál. verksmiðju, muni gera það að skilyrði fyrir fylgi sínu við málið, að hún verði samþ., — ef marka má rök hans. Séu þau sönn, þá er meginatriðið, að verksmiðjan verði byggð, eins og minni hl. leggur til. Mér finnst eðlilegt, að það sé gert að skilyrði fyrir fylgi við málið. En hæstv. ríkisstj. og Alþ. hlýtur að gera það upp, hvort 7500 smál. verksmiðja geti borið sig fjárhagslega eða geti framleitt áburð, sem sé samkeppnisfær við erlendan áburð, er flyzt til landsins. Augljóst er, að komi það í ljós, að verksmiðja, sem byggð er fyrir 40 millj. kr., geti eigi framleitt eins ódýran áburð og aðrar þjóðir, þá er grundvellinum undan rekstrinum kippt burt. Bændur munu ekki sætta sig við að greiða dýrari áburð, sem framleiddur er hérlendis, en fá ekki erlendan áburð. Því er meginskilyrðið það, að bein trygging sé fyrir því, að líkindi séu til, að hægt verði að framleiða eins ódýran áburð hér á landi og hægt er að kaupa hann inn til landsins. Það kemur fram í nál., að líkindi séu til þess. En mér sýnast þessi rök vera veik í dag. Þó er það á ábyrgð hæstv. ríkisstj. og verksmiðjustj. En illa væri farið, ef hlaupið væri í að byggja slíkt orkuver og því næst yrði að stöðva reksturinn og hætta framleiðslunni. En mér skilst, ef till. hv. landbn. verður samþ., þá sé hér um nýja yfirlýsingu að ræða, því að ætlazt er til, að eigi sé byrjað á verkinu, fyrr en búið er að útvega þessar 40 millj. kr. til þess. Og eftir ummælum hæstv. ráðh. má ætla, að langur tími geti liðið þangað til, nema farið verði inn á leið þá, er hv. 1. þm. Reykv. vill fara og ég skal geta síðar. Þetta byggist helzt á því, hversu hægt verði að fá féð, og síðan rafmagninu. En nú er engin trygging fyrir því, að þessi 7500—10000 smál. verksmiðja fái nægilegt rafmagn. (*PZ:* Ekki fyrr en eftir nokkur ár.) Þróunin í notkun rafmagnsins hefur orðið meiri en spáð var. Toppstöðin við Elliðaárnar var reist til að svara álaginu milli kl. 10 og 1 á daginn, en hún er fullálögð allan daginn. Hver einasta stöð, sem reist er, er fullálögð að kalla áður. Ég efast ekkert um, að menn hafi álitið Reykjavík mundu fá nægilegt rafmagn frá Soginu og Elliðaánum, en ég hef enga trú á, að þannig standi framvegis. Rafmagnsþörfin er orðin svo mikil, að hún fer út yfir áætlanir verkfræðinganna. En þetta er svo stórt atriði, að nauðsynlegt er fyrir stj. að tryggja sér rafmagn frá Sogsfossunum til iðjuversins 1953 eða síðar, svo að nægilegt rafmagn fáist. Hins vegar er mér ljóst, að hörð barátta verður um að fá sem ódýrast rafmagn milli áburðarverksmiðjunnar og annarra rafmagnsnotenda, íbúanna, ef það reynist eigi nægilegt í Soginu. Ég treysti því ekki, að trygging fáist fyrir því, að búið verði að virkja 1951 eða um það bil, og því síður, að þaðan fáist nægilegt rafmagn til iðjuversins, eins og fyrir liggur eftir útreikningunum í dag, en það tel ég höfuðatriði í þessu máli. — Þá er það náttúrlega mikill ókostur, þó að það sé engan veginn dauðadómur á þetta fyrirtæki, að þessi verksmiðja skuli aðeins eiga að vinna eina áburðartegund af þremur, sem nota þarf í landinu af tilbúnum áburði, þó að það sé upplýst af hæstv. ráðh., að það sé bæði dýrasta tegundin og sú, sem mest þarf að nota í landinu.

En ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að gera fyrirspurn til hæstv. ráðh. út af atriði, sem ég ræddi um í fyrra hér á Alþ., þegar þetta mál var til umr. Hvað hefur verið gert af hæstv. ríkisstj. og af Atvinnudeild háskólans í sambandi við rannsókn á límvatni til áburðar í landinu. Ég benti þá á það atriði og beindi því sérstak-

lega til ráðh., að líkur væru til, að mjög miklir möguleikar væru til þess, að hægt væri að vinna í stórum stíl þúsundir tonna af áburði úr límvatni, sem flýtur frá verksmiðjum ríkisins út í sjó, og að það mundi vera hægt að vinna þar betri og ódýrari áburð en hugsað er að vinna úr loftinu. Og þetta var miðað við það, að það var upplýst af þeirri nefnd, sem hefur með þetta að gera, að vel gæti komið til mála, að þessi verksmiðja, sem á að vinna áburð úr lofti, ynni aðeins vökvaáburð, en ekki fullþurrkaðan, og að það væri alls ekki ógerlegt að koma honum þannig út til bænda, því þó að flutningskostnaður á honum þannig yrði meiri, þá yrði framleiðslukostnaðurinn miklu minni. En sé þetta raunverulega svona, þá er því meiri ástæða til að rannsaka til fulls, hvort hægt sé að vinna í stórum stíl úr límvatni frá verksmiðjunum áburð svo þúsundum tonna skiptir á ári hverju fyrir landið. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég lauk ræðu minni áðan, þá var ég að ræða um það, hvort það hefði verið gerð nokkur rannsókn á því að vinna áburð úr límvatni. Þetta er svo mikilvægt atriði, að ég held, að ég verði að eyða nokkrum mínútum í sambandi við þetta mál til þess að leggja frekari upplýsingar fyrir hæstv. atvmrh. Það voru nokkrir leikmenn 1938, sem gerðu tilraunir með límvatn sem áburð, vegna þess að þeir höfðu orðið þess vísir, að þegar hausar og hryggir voru bornir sem áburður á tún, þá þótti það jafnvel bezti áburður, sem hægt er að fá. Þegar þetta sama efni var tekið og mælt sem fóðurmél, þá reyndist að vera í því aðeins 55% af eggjahvítuefni. Ef aftur á móti hausar og hryggir eru teknir og þurrkaðir vélrænt án þess að pressa þá, þá kemur vanalega 65% eggjahvítuefni úr slíku efni, þannig að 10% hverfur ofan í jörðina, en þegar þetta efni er pressað með vélum, þá fæst ekki nema 55% eggjahvítuefni, og fer þá út með límvatninu 10%, eða það sama sem fer ofan í jörðina, þegar hausar og hryggir eru bornir á tún sem áburður og regn og sól getur leyst þetta efni upp. Það var þetta, sem vakti athygli hjá þessum mönnum, sem gerðu sérstakar tilraunir til að bera á límvatn, og ef ég man rétt, þá var árangurinn beztur, ef blandað var 1:4 til þess að geta fengið hæfilega sterkan áburð, hvort heldur er í flög eða á tún. Nú er okkur ljóst, að þúsundir tonna renna til sjávar frá verksmiðjunum kringum landið, og þess vegna vildi ég vita, hvort ríkisstj. eða hæstv. atvmrh. hefur látið viðkomandi aðila rannsaka þetta til hlítar til að geta fundið út, hvort mögulegt sé að vinna sama magn af áburði á Íslandi á annan hátt en hér er ætlazt til með þeirri verksmiðju, sem getið er um í þessu frv. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að í Noregi hefur verið fundið upp alveg sérstakt tæki til þess að vinna fóðurefni úr slíku límvatni eins og hér um ræðir, og einnig hefur í Ameríku um langt skeið verið unnið í stórum stíl fóðurefni úr límvatni, og má þá geta nærri, hvort ekki er auðveldara að vinna áburð úr því en skepnufóður. Einnig vildi ég heyra það frá hæstv. ráðh., hvort þessi efni, sem eru í þessu hráefni, gætu komið í staðinn fyrir þann áburð, sem hér um ræðir, eða hvort það gæti komið í staðinn fyrir hinar aðrar tvær tegundirnar, sem ekki er ætlazt til að vinna í þessari verksmiðju, sem hér um ræðir. Ég tel þetta svo miklu varða í sambandi við áburðarvinnsluna, að það sé rétt að láta rannsaka þetta alveg niður í kjölinn til þess að fá úr því skorið, hvort unnt sé að gera þetta á einhvern hátt hagkvæmara fyrir alla aðila en á þann hátt, sem hér er ætlazt til, að reisa 40 millj. kr. verksmiðju, og hvort það væri ekki gerlegt, þrátt fyrir það að þessi verksmiðja væri reist, að byrja á enn annarri vinnslu, svo framarlega sem það sýndi sig, að hægt væri að gera það. Skal ég svo ekki fara frekar út í það atriði.

Ég vil þá leyfa mér að fara nokkrum orðum um sjálft frv. og þá sérstaklega um 2. gr., því að við hana hef ég borið fram brtt. á þskj. 534. Það er ætlazt til þess nú, eins og frv. liggur fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju, sem verði óafturkræft. Ég veit ekki, hvað hæstv. atvmrh. hefur háar vonir um að fá fé frá ríkissjóði og hve háa upphæð, enda ekkert getið um það hér í frv., og það er heldur ekki rætt um það í frv., hvort þetta eigi að vera í eitt skipti fyrir öll eða árlegt framlag, en óneitanlega væri skemmtilegt að vita nánar um það atriði. En mér finnst, eins og málum er nú komið hjá ríkissjóði, að það sé ekki eðlilegt, að fé sé látið óafturkræft til slíkra stofnana. Mér finnst ekki óeðlilegt, að ríkissjóður legði fram eitthvert stofnfé, sem væri eign ríkissjóðs, en ég sé ekki, að það sé eðlilegt, að það sé látið óafturkræft. Hins vegar er þetta ekki orðað þannig í mínum brtt., heldur á þann hátt, að skýrt sé, hvernig eigi að afla fjárins til þessa fyrirtækis, og það er, eins og þar segir, fyrst „með framlagi úr rekstrarsjóði Áburðarsölu ríkisins, og er það fé óafturkræft.“ Ég held, að rekstrarsjóður Áburðarsölu ríkisins sé nú 1100000 kr. Þetta er fé, sem hefur safnazt í áburðarsjóð, og það er eðilegt, að þessi rekstrarsjóður sé afhentur áburðarverksmiðjunni til þess að vera einn hluti af hennar stofnfé. Þetta er svo skylt, áburðarsalan og áburðarverksmiðjan, ef ríkissjóður á þetta að mestu leyti, að eftir að verksmiðjan er komin upp, þá ætti þetta að vera eitt og sama fyrirtækið. Mér finnst því eðlilegt, að þetta framlag sé óafturkræft sem stofnfé til verksmiðjunnar. — Í öðru lagi „með frjálsri þátttöku almennings í landinu eftir reglum, sem ríkisstj. setur um það atriði.“ Það er komið inn á þetta atriði í till. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 412, þar sem hann gerir ráð fyrir, hvernig þessa fjár skuli aflað. Vil ég ekki segja, að ég vilji gera það að minni till. á þann hátt, sem tekið er fram í till., en ég er til viðtals um það, hvernig þessu verði náð á annan hátt, og ég tel sjálfsagt, að almenningur eigi kost á að leggja fé í þetta fyrirtæki. Ef þetta fyrirtæki er sett á stofn til þess að tryggja bændum almennt í landinu, 6000 bændum, öruggan áburð með sambærilegu verði eins og það getur alltaf verið á heimsmarkaðinum, þá finnst mér ekki óeðlilegt, að þeim sé gefinn kostur á, og öðrum mönnum, að leggja sinn skerf í að koma upp slíku fyrirtæki. Í sambandi

við þetta vil ég benda á annað fyrirtæki í landinu, sem nú hefur starfað í 30 ár og á sínum tíma var ekki minna átak að koma á stofn en nú er að koma upp þessari verksmiðju, þó að hún kosti 40 millj. kr. Það er Eimskipafélag Íslands. Ég er viss um það, hvað sem menn segja um Eimskipafélagið og rekstur þess, að því fyrirtæki hefði aldrei verið komið upp, ef almenningur hefði ekki staðið utan um það frá fyrstu byrjun til dagsins í dag, og þetta fyrirtæki eitt allra hefur notið þess að vera skattfrjálst vegna þess, hversu það hefur verið til almenningsheilla fyrir landslýðinn. Ég tel, ef þetta fyrirtæki á að framleiða nauðsynlega vöru til 6000 bænda, sem mun hafa stórkostleg áhrif, ekki aðeins á þá stétt, heldur alla landsmenn, hvernig þeir framleiða sína vöru, að þá séu mjög miklar líkur til þess, að hægt sé að ná mjög miklu fé, sem ríkissjóður þarf, hvort heldur er til að lána eða leggja fram, og ég er ekki í vafa um, að það er stórkostlegur hagur fyrir fyrirtækið, ef hægt væri að fá lán, þótt ekki væri nema ¼ af þessu fé, þannig frá landsmönnum, heldur en að þurfa að taka þetta fé til láns eða þurfa að leggja það sem skatt á þjóðina til að geta komið þessu fyrirtæki upp. Það mætti hafa á þessu alls konar fyrirkomulag, t. d. að ekki væri greitt nema 4% vextir, fyrirtækið væri skattfrjálst o. s. frv. Þá geri ég mér vonir um, að þetta fyrirkomulag mundi engu síður mæta samúð hjá þjóðinni en Eimskipafélagið, m. a. eins og hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að S. Í. S. og önnur fyrirtæki legðu þar töluverðan hluta fram. Ef við lítum á það, hvernig rekstur þeirra fyrirtækja gengur, sem ríkið hefur eingöngu með að gera, þá held ég, að reynslan hafi sýnt, að það sé ekkert tjón, þó að hér tæki saman ríkið og þegnarnir á líkan hátt og hjá Eimskipafélaginu. Ég skal fyrst minnast á fiskiðjuverið. Ég held, að það sé nægileg reynsla, sem fengizt hefur af því fyrirtæki, þar sem farið er út í það með litlu fjármagni, það hefur svo komizt í alls konar fjárhagslega erfiðleika, vegna þess að ríkissjóður hefur ekki talið sér skylt að láta það hafa það fé, sem nauðsynlegt var, eða ekki haft tök á því. Ég skal svo ekkert fara út í rekstur fyrirtækisins. Það er eitt dæmi um það, hversu ógerlegt er fyrir ríkið að ætla sér að stofna til slíks iðjuvers eins og hér um ræðir án þess að hafa tryggt sér áður fullkomlega fjárhagslegan grundvöll fyrirtækisins í framtíðinni, ekki einungis það fé, sem þarf til að byggja fyrirtækið upp, heldur einnig fjárhagslegan grundvöll, svo að það geti staðið undir vöxtum og afborgunum. Þá skulum við líta á, hvernig gengur með landssmiðjuna öll þessi ár. Ég held, að ríkissjóður hafi aldrei fengið einn eyri út úr því fyrirtæki sjálfur, en hann hefur fengið af því töluverða erfiðleika, þegar illa hefur gengið, og ekkert í aðra hönd, þegar vel hefur gengið, á meðan sambærileg fyrirtæki hafa gefið ríkissjóði hundruð þúsunda og milljónir í tekjur. Ég er ekki að segja þetta til árása á fyrirtækið sjálft, þetta er bara staðreynd, fer náttúrlega dálítið eftir því, hvernig menn veljast, sem fyrir fyrirtækjunum standa. Þetta fyrirtæki er sagt að hafi fengið góðan mann, og eru öll líkindi til, að það geti rétt við, en sannarlega hefur ríkissjóður ekki haft neinar tekjur af því fyrirtæki. Hvernig er með sérleyfisferðirnar? Þær eru byggðar upp á sama hátt og hugsað er að byggja upp hér, með litlu eða engu fjármagni frá ríkissjóði. Það er treyst á rekstrarafkomuna, og hún er orðin slík, að það er orðið milljónatap, það hefur orðið að taka úr öðrum sjóðum með vafasömum heimildum. Hvernig hefur svo verðlagið verið? Miklu lakara en meðan þetta var í höndum einstaklinga. Þetta er reynslan þar. Ef við förum í byggingu síldarverksmiðjanna, sem mest er sambærilegt við þetta fyrirtæki, þá er komið svo þar, að það er búið ýmist að henda milljónum frá ríkissjóði í nauðsynleg útgjöld eða ríkissjóður hefur gengið í milljóna ábyrgðir til að geta fengið lán til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum. Nýlega kom frá hæstv. fjmrh. boð um 1500000 kr. ábyrgð fyrir skuld, sem þessar verksmiðjur hafa á s. l. ári stofnað til og hafa ekki getað staðið undir. Raunveruleikinn er sá, að ríkissjóður hefur orðið að greiða fyrir þessi fyrirtæki og verður enn að greiða margar milljónir, til þess að þau geti rækt sitt hlutverk. Þegar við höfum rætt við stjórn þessara fyrirtækja um það, hvort ekki væri unnt að skipa svo þeirra hag að lækka hráefnið, svo að fyrirtækin gætu unnið sig upp aftur, þá hefur svarið verið, að það væri ekki hægt vegna þess, að enn þá væru 50% af síldarverksmiðjum í höndum einstakra manna, sem betur reka þetta en ríkið, og þeir væru því háðir því verði, sem einstaklingar gætu á hverjum tíma gefið fyrir hráefnið, og reynslan hefur sýnt, að þegar einstaklingar græða, þá er stórtap á ríkisverksmiðjunum. Ég held, að það væri ákaflega hollt fyrir hv. alþm. að gera sér þetta ljóst, þegar um það er að ræða við stofnun þessa fyrirtækis að útiloka þátttöku einstakra manna. Þá er m. a. hægt að benda á Skipaútgerð ríkisins. Ég minnist þess, að 1943, þegar ég var í mþn. til þess að undirbúa og skipuleggja strandferðirnar, eftir að búið væri að útvega eða afla nýrra skipa, eins og nú er búið að gera, þá lá fyrir útreikningur, eins og liggur fyrir hér, þar sem sýnt var með tölum og fullyrt, að skip eins og Esja gæti á öllum tímum gefið góðan hagnað. Var þá reiknað með 200000 kr. hagnaði á skip, enda hafði Esja gefið það á þeim árum. Nú er raunveruleikinn sá, að reiknað er með 500000 kr. tapi á hvort skip á ári. Þetta er rothögg á hvaða atvinnurekstur sem er, ef útreikningarnir standast ekki betur en þetta, að þegar reiknað er með 200000 kr. hagnaði, þá verður 500000 kr. tap. Það er ekki hægt að leggja þetta tap á neinn aðila nema þjóðina. Ég tel það því skyldu þm. og hæstv. ríkisstj. að skoða þessi mál ofan í kjölinn, áður en farið er út í fyrirtæki eins og það, sem hér ræðir um. Ég vil því vænta þess, að einmitt þessi till. um að leyfa almenningi frjálsa þátttöku við þetta fyrirtæki verði samþ., því að ég tel, að það verði ekki aðeins til þess að létta undir með ríkissjóði um fjáröflun, heldur einnig, að með því móti sé miklu meiri trygging fyrir því yfirleitt, að fyrirtækið standi jafnan á fjárhagslega

sterkum grundvelli, því að það er nú svo, að betur sjá augu en auga. Og er þetta ekkert sagt til hnjóðs þeim mönnum, sem fara með stjórn þessara mála í umboði hæstv. ríkisstjórnar.

Þá legg ég hér til í c-lið minnar brtt., að fjár, sem þarf til að standast kostnað samkv. fyrirmælum 1. gr. frv., skuli m. a. afla „með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum", eins og í raun og veru er tekið upp í frv. nú. En hins vegar kemur hér síðar fram í minni brtt., að ég ætlast með henni til þess, að þetta fé verði afturkræft, en ekki óafturkræft, eins og nú er ætlazt til eftir frv. Og svo að síðustu legg ég til, að þessa fjár verði aflað „með lántöku innanlands eða utan." — Nú er það sjálfsagt að svona stórt fyrirtæki verður tæplega sett upp nema með því móti að fá til þess stór lán. Hitt verða menn að gera sér ljóst um svona fyrirtæki eins og þetta, sem enginn veit, hvernig muni bera sig fjárhagslega, að það er kannske alveg grundvallaratriði fyrir því, að það geti haldið áfram, að það sé svo fjárhagslega sterkt í upphafi, að það þoli þá skelli, sem ávallt eru samfara nýjum fyrirtækjum, og geti komizt yfir þá barnasjúkdóma, sem nýjum fyrirtækjum eru oft samfara. Og ef þetta fyrirtæki kemst á stofn, þá væri það sorglegt, ef ekki væri hægt að hafa nægilegt fjármagn til þess að reka það á þann hátt, sem heppilegastur og öruggastur væri, eftir að búið væri að byggja það, og það þess vegna kæmist í sömu aðstöðu og t. d. fiskiðjuver ríkisins er í í dag, þar sem vitað er, að það bakar ríkissjóði stórkostlegt fjárhagslegt tjón, vegna þess að það hefur eigi nægilegt fé til þess að starfa, hvorki til þess að hægt sé að ljúka við byggingu þess, eins og nauðsynlegt er, né heldur til þess að starfa með fullum afköstum, eins og það gæti, ef það hefði nægilegt fjármagn.

Síðan er hér síðari partur greinarinnar, eins og í minni brtt. er lagt til, að greinin verði: „Heimilt skal ríkisstj. að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs samkv. d-lið þessarar greinar, þegar öllum undirbúningi undir framkvæmdir samkv. 1. gr. er lokið og ákvæðum 5. gr. fullnægt að öðru leyti." En samkv. d-lið, sem hér getur um, er gert ráð fyrir því í minni brtt., að fjár skuli aflað til stofnunar verksmiðjunnar utanlands eða innan.

Ég er ekki viss um, að 2. gr. frv., eins og hún er nú, heimili ríkisstj. lántökuna. En það stendur að vísu hér í 2. gr. frv.: „Er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstj. og ábyrgð ríkissjóðs." Mér finnst eðlilegt, að sú heimild sé gefin fjmrh. beint að mega taka lán í þessu skyni, innanlands eða utan. (*Atvmrh.*: Það stendur þarna: „með samþykki ríkisstjórnarinnar". Og það verður aldrei gefin nein ábyrgð ríkisins fyrir láninu, nema fjmrh. samþ. lántökuna.) — Síðan legg ég til í minni brtt., að áburðarverksmiðjan skuli standa straum af vöxtum og afborgunum af því fé, sem lagt er til hennar samkvæmt c- og d-lið þessarar gr., þ. e. í minni brtt. Þetta þýðir, að hún standi straum af afborgunum af því fé, sem lagt er til hennar úr ríkissjóði eða af ríkinu er tekið beint að láni til verksmiðjunnar, en um slíkar afborganir væri ekki að ræða af því fé, sem kæmi til stofnunar fyrirtækisins með þátttöku almennings, heldur kæmi þar aðeins arður til greina, ef hann væri greiddur. Ég tel, að með þessu móti væri miklu betur séð fyrir fjárhag verksmiðjunnar, ef þessi brtt. væri samþ. og 2. gr. orðuð þannig. Og vildi ég mjög mælast til þess, að hv. landbn. athugaði þetta mál og eins að hæstv. ráðh. athugaði, hvort hann teldi ekki, að fyrirtækið væri betur undirbyggt, ef hafður væri slíkur háttur á. Ég sé ekki, að þessi breyt. þurfi á nokkurn hátt að tefja fyrir framkvæmd málsins, nema síður sé. Það er hægt að byrja á öllum undirbúningi, þótt 2. gr. sé orðuð þannig. Og auk þess er frá mínu sjónarmiði ekkert því til fyrirstöðu, að ríkissjóður verði einn eigandi fyrirtækisins, þó að gr. væri samþ. svo, ef ekki fæst fjárframlag frá almenningi eða öðrum aðilum en ríkissjóði.

Þá hef ég einnig lagt til við 3. gr. frv., að fyrri málsliður falli niður: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn," vegna þess, að ef farið er inn á þá breyt., sem ég legg til í brtt. minni, þá getur þetta ákvæði ekki staðizt. Það gerir í sjálfu sér hvorki til né frá um síðari liðinn, hvort hann er í frv. eða ekki. En fyrri málsl. verður að falla niður, ef brtt. mín við 2. gr. er samþ., eins og brtt. mín er orðuð.

Ég veit ekki, hvort það er víða, sem ríkissjóður á í fyrirtækjum með öðrum aðilum, og þá með einstaklingum. En hann á a. m. k. einn þriðja hluta í Laxfossi, sem að vísu er minni hlutinn. En ég alveg fullyrði, að ef ríkið eitt hefði átt þetta fyrirtæki, þá hefði rekstrarútkoma þess verið allt önnur en hún hefur verið á rekstri þess skips. M. a. skal ég benda á, að þá hefði að sjálfsögðu uppskipun og útskipun verið falin Skipaútgerð ríkisins. Nú held ég, að Skipaútgerð ríkisins hafi tapað á uppskipun 140 þús. kr. á síðasta ári og geri ráð fyrir að tapa því sama á næsta fjárhagsári, þessu ári. En það var drjúgt, sem Laxfoss græddi á uppskipun og útskipun árið 1947. Og ég er viss um, að ef athugaður er rekstur strandferða og flóabátaferða yfirleitt, þá hefur ekkert fyrirtæki þeirrar tegundar verið hagkvæmar rekið en Laxfoss, og það einmitt vegna þess, að ríkissjóður á ekki nema minni hlutann í því. Hann hefur ekki ráðið þar nema að sínum hluta. Hann hefur átt þar fulltrúa í stjórn. Það hefur í stjórn þess fyrirtækis verið ákaflega gott samkomulag milli þessara manna og aldrei neinir árekstrar. Og útkoman hefur verið sú, að þetta fyrirtæki hefur verið rekið með svo miklum gróða, að ég hygg, að það ætti að geta verið til fyrirmyndar.

Annað dæmi má nefna, sem er líklega einsdæmi hér og aðrar þjóðir gapa alveg yfir, og það er rekstur flugfélaganna, því að Ísland er líklega eina landið í heiminum, þar sem ekki þarf stórkostlegan styrk að leggja til þess að halda uppi flugferðum eða þar sem ríkið á ekki að meiri hluta slík fyrirtæki eða þarf að leggja stórar fjárfúlgur til að reka slíkar flugsamgöngur.

Ég held, að þessi dæmi sýni, að það væri ekki

óeðlilegt, að í þessu alþjóðarmáli væri tekið höndum saman af ríki annars vegar og hins vegar af almenningi í landinu, eins og reynzt hefur prýðilega vel í sambandi við Eimskipafélag Íslands.

Ég skal svo ekki tefja þessar umr. frekar. Ég er að sjálfsögðu fylgjandi því, að þetta mál verði athugað gaumgæfilega, og hef ekkert á móti því, að þessi heimild verði gefin, því að þetta eru í raun og veru ekki nema heimildarlög. — En ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann gæti nokkuð upplýst um það, hvað undirbúningskostnaður í sambandi við þetta fyrirtæki er orðinn mikill. Mér skilst, að nefndir hafi starfað að þessu máli nokkuð lengi og að ýmsar rannsóknir hafi farið fram um málið. Ég vildi spyrja um þetta, svona mest til þess að fá yfirlit yfir, hver þessi kostnaður er orðinn. Og auk þess langaði mig til þess að spyrja um það, hvort hæstv. ráðh. hugsaði sér, ef þetta frv. verður samþ. sem lög, að skipa strax verksmiðjustjórn og forstjóra og hve mikill kostnaður vegna þess kynni að verða áður en hægt er að uppfylla hin fjárhagslegu ákvæði laganna, því að mér skilst, að þetta liggi ekki alveg ljóst fyrir enn þá, en það er ákveðið hér í frv., að kosning fari fram á þessu þingi hér, og þá á að kjósa stjórnina, en hins vegar eru það hæstv. ráðherrar, sem ákveða laun stjórnar þessa fyrirtækis. En ef það t. d. drægist um tvö, þrjú eða fjögur ár að afla nægilega mikils fjár til stofnunar þessa fyrirtækis, — sem ég veit ekkert um, en hæstv. ráðh. veit kannske eitthvað um, — þá langar mig til að vita, hvort ekki væri hægt að koma því svo fyrir, að þann tíma, þar til hægt væri að starfa verulega að þessum málum, yrði ekki mikill kostnaður við verksmiðjustjórn og framkvæmdastjóra.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ekki hingað til tekið hér til máls út af frv. til l. um áburðarverksmiðju. En á sínum tíma, þegar ég var í nýbyggingarráði, þá lagði sú stofnun sitt lið til þess, að stigið yrði frekara spor til rannsóknar á þessu máli en þá lá fyrir, að stigið hefði verið. Og ég held, að það hafi sýnt sig við þá rannsókn, að það var ekki að ófyrirsynju. Nú hefur síðan, undir forustu og handleiðslu hæstv. landbrh., verið haldið áfram þessum rannsóknum, og mun nú enn svo komið, að þrátt fyrir það að þær allar hafi borið góðan árangur, mun nú enn svo horfa, að ýmislegt sé athugavert að því er snertir framkvæmd þessa stórmáls, fyrir utan sjálfa fjáröflunina.

Hv. þm. Barð. benti réttilega á þá nýtingu, sem annars staðar sums staðar fer fram á svokölluðu lífvatni frá síldarverksmiðjum og verksmiðjum af líkri gerð. Þetta lífvatn hefur ekki verið hagnýtt hér á landi. En alveg nýlega hefur síldarverksmiðjum ríkisins borizt tilboð um, að lagðar væru til vélar til hagnýtingar á lífvatninu, og var talið, að kostnaður af því mundi verða á fjórðu millj. kr. Stjórn síldarverksmiðjanna sendi málaleitun um þetta mál til ríkisstj., og ríkisstj. eða sjútvmrh. leitaðist fyrir um lánsútvegun til þess að gera síldarverksmiðjum ríkisins þetta mögulegt, en Landsbankinn sá sér ekki fært að verða við þeirri beiðni. Í því sambandi er náttúrlega rétt að benda á það, að síldarverksmiðjur ríkisins eru, má segja, í botnlausum skuldum við Landsbankann, sem stafar af þeirri miklu þenslu, sem verið hefur hjá því fyrirtæki í byggingu verksmiðja undir stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og þó einkum við hinar mjög svo dýru framkvæmdir á Skagaströnd og Siglufirði, sem fram fóru í tíð fyrrv. atvmrh., eins og kunnugt er. Þetta, ásamt aflabresti og illri afkomu hjá síldarverksmiðjunum undanfarin síldarleysisár, hefur skert þeirra hag svo mjög, að Landsbankinn sá sér ekki fært að lána þessa tiltölulega lágu upphæð til lífvatnsvinnslunnar, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Annars vil ég taka undir þær ábendingar, sem hv. þm. Barð. kom með á sviði lífvatnsvinnslunnar, og tel það vissulega þess vert, hvað sem hér verður samþ. í þessu efni nú sem heimild handa ríkisstj., að vel sé athugað, hvaða spor verði stigin á þessu sviði.

Menn muna, að fyrir stríðið síðasta var mjög þröngt um afsetningu á ýmsum okkar afurðum, þar á meðal fiski, og þá varð að selja, eins og reyndar enn, mikið af fiskinum, togarafiskinum, í vörujöfnunarviðskiptum. Og þá var næstum allur áburður, sem til landsins var fluttur, keyptur í vörujöfnunarviðskiptum, og þóttu þó ekki nein ókjör. Að þessu gæti náttúrlega vel rekið síðar, að landsmenn verði að leita eftir hagnýtum og góðum vörum til þess að geta haldið uppi viðskiptunum við þau lönd með fisk, sem annars geta ekki borgað í peningum. — Ég vildi aðeins um leið benda á þetta í sambandi við málið. Þetta er ekki nema ein hliðin á því. En vissulega er þetta hlið á málinu, sem rétt er m. a. að taka til athugunar.

Þegar maður lítur á nál. frá hv. meiri hl. landbn. um þetta mál, þá finnst mér, að það nál. beri þess ekki vott, að n. hafi tekið þetta mál mjög gaumgæfilega til athugunar. Þar er t. d. sagt um brtt. á þskj. 412 frá hv. 1. þm. Reykv., sem fer ekki fram á annað en að ríkisstj. sé heimilt að leita eftir lántöku félaga og einstaklinga um fjárframlög til stofnunar verksmiðjunnar o. s. frv., um þá till. segir n. bara, að hún sjái sér ekki fært að mæla með því, að svona brtt. verði felld inn í frv. Ég verð nú að játa, að ég á dálítið erfitt með að skilja þessa varúð hjá hv. meiri hl. landbn., því að hér er ekki verið að skylda neinn til þess að gera eitt eða annað, heldur aðeins lagt til, að því verði haldið opnu sem leið fyrir ríkisstj., hver sem hún verður, sem við slíku máli kann að taka, að fé verði ekki einvörðungu aflað til stofnunar þessarar verksmiðju með því að fá það að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Ég verð hins vegar að taka undir það með þeim hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., sem flytur brtt. á þskj. 534, sem fer að vísu í svipaða átt og brtt. hv. 1. þm. Reykv., að þetta fyrirkomulag tel ég eðlilegt, sem þeir benda hér á, þó að brtt. hv. þm. Barð. sé þannig gerð, að hægara er út frá henni að skilja þá varúð, sem hv. meiri hl. landbn. hefur í málinu gagnvart brtt. á þskj. 412, því að í brtt. hv. þm. Barð. er sagt, að það skuli svo

fram farið eins og þar segir. Það gæti verið eðlilegt, að menn hnytu um þess háttar ákvæði fremur en það, er aðeins er till. um, að um heimild sé að ræða, eins og til er tekið í brtt. á þskj. 412. Á hinn bóginn er með brtt. hv. þm. Barð. ekki stefnt í neitt óvit að mínum dómi, heldur þvert á móti bent á leiðir í þessu máli, sem eru viðkunnanlegri og sennilega viðráðanlegri en sú eina leið, að ríkið standi eingöngu undir byggingu slíkrar verksmiðju, annaðhvort með ríkisfé eða með því að taka til þess lán. Við getum reyndar alveg sleppt út úr umr. um þetta mál í bili möguleikanum til þess að byggja áburðarverksmiðju með þeim feikna kostnaði, sem henni fylgir, jafnvel þótt ekki sé að ræða um nema þá stærð, sem meiri hl. n. talar um, — við getum alveg sleppt því út úr umr., að það verði tekið af ríkisfé, eins og nú horfir. Við mundum þurfa a. m. k. að draga saman á mjög mörgum sviðum útgjöld ríkisins, áður en við getum látið okkur til hugar koma að hægt verði að ætla í fjárl. nokkuð sem heitir upp í þann kostnað, sem bygging áburðarverksmiðju hefði í för með sér. Eftir er þá sá möguleiki, sem oftast er gert ráð fyrir, þegar út í það er farið að reisa fyrirtæki, hvort sem eru síldarverksmiðjur eða áburðarverksmiðja eða annað, heimildin til að taka lán. Og þegar athugað er, hve erfitt er um lánsfé, þá finnst mér það ekki vera nema mjög eðlilegt, að eitthvað heyrist um það að safna nokkru fé til stofnkostnaðarins utan þess að taka lán og þá hjá þeim, sem mestan áhuga hafa fyrir því að þetta fyrirtæki komist á fót, og sá áhugi er vissulega mikill hjá bændum landsins og þeirra forsvarsmönnum, því að annars mundi ekki áburðarverksmiðjumálið vera sótt af eins miklum dugnaði og raun ber vitni um, að átt hefur sér stað á undanförnum árum og á sér stað enn. En lánsmöguleikarnir eru nú farnir að verða, a. m. k. innanlands, af mjög skornum skammti. Það liggja heimildir hjá ríkisstj. til lántöku til ýmissa þarfra fyrirtækja, — a. m. k. hafa þau verið þörf að dómi hins háa Alþ., þegar það hefur samþ. að fara út í fyrirtækin, — heimildir, sem fjmrh. og ráðuneytin yfir höfuð hafa ekki getað notað sér af þeirri einföldu ástæðu, að fjárins hefur ekki verið hægt að afla: Til strandferðaskipanna, byggingar þeirra, var heimilað að taka 7 millj. kr. lán. Þau voru svo byggð, án þess að þessi lán væru tekin, með framlagi beint úr ríkissjóði, þ. e. a. s. með yfirdrætti á hlaupareikningi ríkissjóðs í Landsbankanum, þangað til svo var komið, að Landsbankinn sá sér ekki annað fært nú um áramótin síðustu en að breyta þessu í fast lán. Til byggingar Arnarhváls var heimiluð lántaka, óákveðin. Allar Arnarhválsbyggingarnar hafa verið leystar af hendi. Lánið hefur ekki verið tekið til þeirra, af því að það hefur ekki fengizt, og ríkissjóður hefur sjálfur orðið að standa þar undir kostnaðinum. Með l. nr. 52 frá 1945 var heimiluð 12 millj. kr. lántaka til að byggja nokkrar rafveitur, svo sem á Reykjanesi, Eyrarbakka, Stokkseyri, Hveragerði og Selfossi. Þetta lán hefur heldur ekki fengizt, en raforkumálasjóður hefur verið notaður í framkvæmdirnar. Ég sagði álíka sögu af því hér við umr. um fjárlagafrv., hvernig fór með lánið handa landssímanum eftir lögum nr. 19 frá 1946. Sú lánsheimild var 12 millj. kr., og Landsbankinn lánaði sex, en hitt var saglað út úr ríkissjóði, eiginlega án þess að fjmrh. eða aðrir í ríkisstj. vissu fyrr til en landssíminn var búinn að brúka þetta fé, og 6 millj. af þessum 12 millj. ekki notað sem lánsheimild. 5 millj. kr. heimild til Skagastrandar hafði heldur ekki verið notuð. Þegar ríkisstj. tók við, varð hún að leggja nær 1 millj. þar í og bæta tveim við síðar, því að til stórtjóns hefði getað komið, ef ekki hefði verið haldið áfram. Til lýsisherzluverksmiðju var heimilað 7 millj. kr. lán samkv. l. nr. 82 frá 1946, þó að heimildin verði kannske aldrei notuð, fyrirrennari minn neitaði að nota hana, en hæstv. fyrrv. atvmrh. gerði samt sem áður vélapöntun í Englandi, og stendur á okkur fyrir þær 40 þús. punda krafa, sem við erum í vandræðum með að leysa út. — Ég hef hér drepið á nokkrar lánsheimildir, sem ekki hafa verið notaðar, en það stafar ekki af því, að við höfum ekki viljað það, heldur af því, að lánsfé hefur ekki verið fyrir hendi hér innanlands, nema mjög knappt, eins og hv. dm. vita. Þess vegna finnst mér í þessu máli, sem er svo mikið óskabarn allra, sem landbúnað stunda, og raunar allrar þjóðarinnar, þá sé skynsamlegt og sjálfsagt að leyfa þátttöku almennings í fyrirtækinu, en einskorða sig ekki við, að ríkið eitt kosti og stjórni fyrirtækinu.

Út af ummælum og sérstaklega út af ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem tók stjórn fiskiðjuversins í Reykjavík sem dæmi um óheppilegan ríkisrekstur, þá tel ég ekki rétt að ásaka stjórn fiskiðjuversins fyrir ástandið þar. Ég vil bera blak af þeim, sem í stjórninni sitja, og tel, að þeir eigi ekki ádeilu skilið sem slíkir. Það, sem er gallinn á fyrirtækinu, er það, að farið var út í það án þess, að fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir hendi, og það ætti að veita mönnum aðvörun að stofna ekki til slíkra fyrirtækja í framtíðinni. Hæstv. atvmrh. og fiskimálan. ráðast í þetta 1945, og menn byggja loftkastala um framleiðslu- og sölumöguleika, en hinu atriðinu, að hafa traustan fjárhagsgrundvöll, er vikið til hliðar. Þetta var mjög óheppilegt, en samt sem áður ekki eina ástæðan fyrir því, hvernig fór, því að fyrirtækið var algerlega rangt staðsett við Reykjavíkurhöfn. Allt átti að byggjast á bátafiski, en hér voru hraðfrystihús fyrir, og var þessa því ekki þörf, enda sýnir grg. fyrir frv. um fiskiðjuverið, sem er samin af þeim mönnum, sem út í þetta fóru, að þeir höfðu fleira fyrir augum. En eins og ég sagði, var þetta ekki aðeins byggt í lausu lofti fjárhagslega, heldur vantaði einnig hráefni og getugrundvöll til að starfa. Hér hefur það orðið að samkeppnisfyrirtæki við hraðfrystihúsin og dregið fram lífið af veikum mætti og þó varla gert það, því að enginn rekstrargrundvöllur er fyrir hendi, og mér hefur því verið ómögulegt að fá rekstrarfé til þess, og bankarnir vita, að það getur ekki borið sig, og hef ég því komið að daufum eyrum hjá þeim. Eftir að ég tók við, gat ég útvegað nokkurt lánsfé, en ekki nema

lítinn hluta af þeim 7 millj. kr., sem fyrirtækið er búið að kosta. Það er því ekki stjórn fyrirtækisins, sem ber að áfellast, heldur sú ríkisstj., sem fer út í svona fyrirtæki, sem er byggt á sandi. Þetta vildi ég segja af því, að mér fannst ádeila hv. 1. þm. Reykv. beinast um of að þeim mönnum, sem ég hef falið stjórn fyrirtækisins. Ég tel, að þessi spor eigi að hræða og fá menn til að grundvalla fyrirtæki á heilbrigðari hátt. Það má vera, að ég mæli hér fyrir daufum eyrum, því að hér hefur verið samþ. að byggja annað fiskiðjuver á enn þá aflaminni stað, svo að ekki lítur út fyrir, að hv. þm. hafi lært mikið af þessu.

Ég tel sjálfsagt, að til sé heimild til að þiggja styrk frá öðrum en ríkissjóði eða lán, sem ábyrgzt er af ríkissjóði. Það getur aldrei skaðað, að svona heimild sé til, og væri óskandi, að hlutafjár- og samvinnuþátttaka í svona fyrirtæki væri nokkuð almenn, en ef fyrirtækið fengi þetta snið á sig, vinnst það, að þeir, sem stjórna því, fengju meiri ábyrgð en almennt gerist um ríkisfyrirtæki, að öllum stjórnendum þar ólöstuðum. Þarna er möguleiki fyrir samvinnu ríkis og einstaklinga, að félagsskapur, sem þessir aðilar stæðu að, stæði að byggingu og rekstri áburðarverksmiðjunnar.

Það getur verið, að brtt. á þskj. 534 frá hv. þm. Barð. sé góð, en mér virðist, að verði brtt. á þskj. 412 samþ., þá sé opin leið að nota alla eða einhverja af möguleikum þeim, sem hv. þm. Barð. nefndi, án þess að binda sig fyrir fram, og það er kostur á brtt. á þskj. 412, að hæstv. ríkisstj. hefur frjálsar hendur í því, hvaða leiðir hún velur. Ég vil taka undir með þeim röddum, sem vilja, að fyrirtækið sé ekki einungis grundvallað á ríkisrekstri, heldur á samfélagi einstaklinga og ríkis. Ég tel hitt heldur ekki rétt, að áfellast stjórn fiskiðjuversins í Rvík fyrir þau vandræði, sem það fyrirtæki er komið í og hefur alltaf verið í. Ég veit ekki, hvað hv. þm. halda farsælast til samkomulags eða skynsamlegasta grundvöllinn, en einn hv. nm. úr landbn. sagði, að búið hefði verið að ganga frá nál., þegar brtt. á þskj. 412 kom fram, og ef hv. nm. þykja till. aðgengilegar, þá vil ég benda á, að opin leið er til að nota till., því að það er naumast frambærilegt, að segjast ekki geta fallizt á till. á þskj. 412. Þær eru í engu bindandi, en halda bara opinni leið til að tryggja framgang málsins betur, og sé till. felld, þá er þeirri leið lokað, a. m. k. í bili.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. talaði um, að allar ályktanir mínar væru neikvæðar, og skildist mér á honum, þó að hann segði það ekki, að ég hefði viljað vinna málinu ógagn og brtt. mín stuðlaði að því. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ráðh. á það, að það hefur áður verið talið af eintómum óvilja, að ekki hefur verið gengið inn á að samþ. sams konar frv. óbreytt. Ég man eftir því 1944, þegar stjfrv., sem þá lá fyrir, var vísað frá á þeim forsendum, að skortur væri á rafmagni til fyrirtækisins, og hæstv. ráðh. þarf ekki annað en fletta upp í blaði sínu frá þeim tíma til að sjá, að þeir, sem voru á móti, eru sagðir óvinir landbúnaðarins. En reynslan hefur sýnt, að það fyrirtæki hefði engum orðið til hagsbóta. Og ég vil halda því fram, að eins og nú horfir málum, muni þetta ekki verða að eins miklu gagni og þeir, sem að því standa, vilja vera láta. Það er ekki þar með sagt, að ég vilji láta fella frv., en tel, að það ætti að vera í annarri mynd. Hæstv. atvmrh. sagði, að bezt væri að byrja á köfnunarefni, því að það væri dýrast. Ég er honum sammála í þessu, ef ekki er hægt að hefja alhliða framleiðslu á áburðartegundum, þar sem við getum það án þess að flytja inn hráefni, og rangt að ganga fram hjá slíku stóratriði, þegar ekki er um að ræða vöru, sem flytja á út og aflað getur gjaldeyris aftur, heldur aðeins framleiðsla fyrir íslenzkan landbúnað. Íslenzkir bændur þurfa að fá alhliða áburð, en auðvelt að fá köfnunarefni, sem hefur þann kost, að mikið magn kemst í lítið rúmmál, svo að flutningskostnaður er lítill, en bændur finna, hve slæmt það er að fá ekki nitrophoska eins og fyrir stríð og þurfa nú að dreifa 3 sekkjum í staðinn fyrir 1 þá. En ég er sammála hæstv. ráðh., að sjálfsagt sé að byrja á köfnunarefnisáburði, ef ekki er hægt fyrir okkur að framleiða nitrophoska og aðeins er um innanlandsnotkun að ræða. Hæstv. ráðh. gerði lítið úr röksemdunum fyrir því að hafa verksmiðjuna stærri og sagði, að einhver takmörk væru fyrir því, hve stór verksmiðjan þyrfti að vera til að komast í lágmarksframleiðslukostnað. Þetta er svo sem auðvitað. Þá sagði hann einnig, að mestu munaði á fyrsta stigi, það er líka rétt. En ég fullyrði, að takmarkið er ekki við þá hámarksstærð, sem ákveðin er í frv., heldur langt fyrir ofan það, og vil í því sambandi vitna í erlendan sérfræðing, sem telur, að framleiðslukostnaður muni minnka allt þar til um 200 þús. tonna verksmiðju er að ræða, og takmarkið er þá ekki við 30—40 þús. tonn, heldur miklu ofar. Það þarf ekki annað en benda á tölur í stjfrv. í fyrra og nú til að sjá þetta. Í frv. í fyrra er gert ráð fyrir, að stofnkostnaður 2500 tonna verksmiðju verði 20 millj. kr., 3600 tonna verksmiðju verði 25,7 millj. kr., 5000 tonna verksmiðju verði 30 millj. kr. og 7500 tonna verksmiðju verði 39 millj. kr. Og sjáum við á þessu, hve ört munar, að þótt stærðin sé þrefölduð, hækkar kostnaður aðeins um tæpan helming, og sýnir það, að enn er langt frá þessu takmarki. Í þessu frv. er gert ráð fyrir hærri tölum, eða að 5000 tonna verksmiðja kosti 38 millj. kr., 7500 tonna verksmiðja kosti 44,4 millj. kr. Og sést hér einnig greinilega, hve kostnaður lækkar mikið með stækkuðum verksmiðjum. Það er því mjög nauðsynlegt að hafa verksmiðjuna sem stærsta til að tryggja, að verð vörunnar verði í hófi, því að stofnkostnaðurinn hefur óhjákvæmilega áhrif á verð framleiðsluvörunnar. Verð á kg. af köfnunarefni verður 1,78 kr. í 5 þús. tonna verksmiðjunni, en 1,41 í 7500 tonna verksmiðjunni, og sjá allir, að það er geysimunur, hvað verðið lækkar með stærri verksmiðju, og mundi kostnaðurinn enn lækka, ef verksmiðjan yrði stækkuð meira.

Í útreikningi minni hl. n. á þskj. 312 er gert

ráð fyrir, að hvert kg. af köfnunarefnisáburði mundi kosta 1,13 kr. í 30 þús. tonna verksmiðju, og eru líkur til, að þar sé fremur of hátt reiknað en hitt. Hæstv. ráðh. sagði, að reynslan frá Noregi sýndi, að nýju verksmiðjurnar séu nú meira mekaniseraðar en hinar eldri og þar af leiðandi sé framleiðslukostnaðurinn minni, en það haggar ekki þeirri staðreynd, að stofnkostnaðurinn er hér svo gífurlegur, að slíkt hlýtur að hafa mikil áhrif á verð vörunnar. Hæstv. ráðh. sagðist efast um, að reikningur hv. 8. þm. Reykv. væri áreiðanlegur. Ég skal fúslega viðurkenna, að hann er ekki algerlega öruggur, en það eru engir reikningar, því að áætlanir standast sjaldan og eins mun vera hér sem um önnur fyrirtæki. Hæstv. ráðh. sagði, að ég færi rangt með það, að áburðarverksmiðjun. teldi, að nóg rafmagn væri ekki hægt að fá hjá Soginu í 10 þús. tonna verksmiðju, en þetta er rangt hjá hæstv. ráðh., því að á fundi hjá n. kom fram, að ekki væri hægt að áætla meira rafmagn frá Soginu en í 7500 tonna verksmiðju. Einmitt þessi niðurstaða er í samræmi við þær skýrslur, sem fyrir liggja, m. a. álit Steingríms Jónssonar, og sýndi hæstv. ráðh. mér línurit frá rafmagnsstjóra á milli umræðna. Í bréfi, sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri skrifaði Jakob Gíslasyni raforkumálastjóra sem svar við fyrirspurnum frá hv. 8. þm. Reykv., kemur í ljós, að úr Soginu fullvirkjuðu fást upp undir 500 millj. kwst. á ári, og segir hæstv. ráðh., að nóg rafmagn fáist þá úr Soginu fyrir 10 þúsund tonna áburðarverksmiðju til 1964. Í áliti Steingríms Jónssonar, sem prentað er upp á þskj. 312, er þetta sundurliðað þannig: 139 millj. kwst. fást úr Efra-Sogi fullvirkjuðu á ári, 110 millj. kwst. úr Ljósafossi, og 238 millj. kwst. úr Neðra-Sogi, eða samtals 487 millj. kwst., og er það þá 13 milljónum kwst. minna rafmagn en hæstv. ráðh. nefndi. Hins vegar er hér líka tafla í áliti rafmagnsstjóra um áætlaða notkun til almennra þarfa frá 1949 til 1960, og sést skýrt á þeirri töflu, að 1952 þarf 163 millj. kwst. til þeirra þarfa og 220 millj. kwst. til 10 þúsund tonna verksmiðju, eða samtals 383 millj. kwst., en það ár áætlar rafmagnsstjóri, að ekki sé fáanlegt meira úr Soginu en 348 millj. kwst., og reiknar ekki með því, að raforkan aukist 2 næstu árin, þótt þörfin stigi upp í 409 millj. kwst. á sama tíma að hans áliti. Hins vegar lætur hann töfluna ekki ná nema til 1960, og þá áætlar hann þörf og raforku jafna, eða 487 millj. kwst., og þá er Sogið fullvirkjað og ekkert rafmagn fyrir hendi til áframhaldandi aukningar rafmagnsnotkunar, með því móti að verksmiðjan fái það, sem áætlað er, að hún þurfi, 220 millj. kwst., ef önnur virkjun er ekki komin til sögunnar, sem ekki er útlit fyrir, ef ekki á strax að fara að vinna að því. Hér er því lýðum ljóst, að teflt er á tæpasta vað, ekki sízt með tilliti til þess, að í áætlun eða töflu rafmagnsstjóra, sem ég hef verið að vitna hér í, er ekki reiknað með meiri aukningu til almennra þarfa til 1960 en verið hefur á undanförnum áratugum, eða síðan 1922. Þessir útreikningar munu sem sé leiða í ljós, að nóg rafmagn fengist ekki frá Soginu til 1960 miðað við 7500 tonna verksmiðju og Sogið fullvirkjað þá, hvað þá miðað við 10 þús. tonna verksmiðju.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að rafmagnsstjóri hefði bent á, að útþensla rafmagnskerfisins í Reykjavík hefði verið öll á liðnu tímabili og viðbótarþörfin yrði miklu minni, svo að nýtt rafmagn gæti gengið til nýrra hluta. Hv. þm. Barð. benti réttilega á, að rafmagnsnotkun hefði alltaf reynzt meiri og miklu meiri en gert hefði verið ráð fyrir, að hún yrði, og er ég hv. þm. innilega sammála um það. Það er alltaf verið að þenja út rafmagnsveitur frá Soginu, og því verður haldið áfram, auk þess bætist alltaf við ýmiss konar nýr iðnaður. Með fyrirkomulagi því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mun því alveg vafalaust fara svo, eins og raunar álit rafmagnsstjóra styður glögglega, að áburðarverksmiðjan hindri aðra og nauðsynlega rafmagnsnotkun, ef verksmiðjan fær það rafmagn, sem hún þarf að fá, og þegar rafmagnsskortur er orðinn, verður boðið hærra verð í rafmagnið en framleiðsla verksmiðjunnar getur staðið undir að greiða, og það verður tæplega staðið á móti því, að rafmagnsverðið hækki, þegar svo er komið, og verður þá annaðhvort að draga úr afköstum verksmiðjunnar eða lækka verð áburðarins meira en raunverulega er fært, og þá er jafnframt hindruð önnur rafmagnsnotkun. Það er afar hætt við, að áburðarverksmiðjan verði þá út undan að einhverju leyti.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa hér upp orð rafmagnsstjóra sjálfs, sem prentuð eru á þskj. 312, sem svar við 5. fyrirspurn Sigurðar Guðnasonar um það, hvort markaður verði fyrir allt rafmagnið frá nýju Sogsstöðinni, þegar hún er tilbúin, án þess að áburðarverksmiðjan taki neitt af því. Rafmagnsstjóri svarar með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Vöxtur raforkunotkunar í Reykjavík var frá fyrsta rekstrarári, 1922, fram til 1936, meðan Elliðaárstöðin var ein, 7,5% á ári að meðaltali, sem hvert ár var hærra en næsta ár á undan. Frá 1937, eftir að Sogsvirkjunin tók til starfa, til ársloka 1948 hefur vöxturinn verið að meðaltali nær 25% á ári. Meðalvöxtur frá 1922 til 1948 hefur verið 14% til jafnaðar, en það svarar til nærri 4-földunar á hverjum áratug. Ef því sami vöxtur verður áfram eins og meðaltalið hefur verið 1922—48, er þörf á að allt Sogið verði virkjað á einum áratug, enda þótt ekki komi til áburðarverksmiðja. Má því svara spurningunni: tvímælalaust já."

Ég held því fram, að meðalaukningin verði meiri en 14%. Meðan Elliðaárstöðin var ein, varð aukingin ekki að vísu nema 7,5%, en það var aðeins af því, að það vantaði bókstaflega rafmagn, svo að ekki er hægt að miða við það, eins og rafmagnsstjóri gerir þó, þegar hann er að finna út aukninguna að meðaltali síðan 1922. Þegar Sogsvirkjunin kom til sögunnar, varð aukningin líka 25% á ári að meðaltali, og sýnir það, hve aukningin eykst hröðum fetum, þegar nóg rafmagn er fyrir hendi. Það er því ekki líklegt, að aukningin verði ekki nema 14% á næsta áratug, þegar nýtt rafmagn fæst með stækkun Sogsins, heldur væri miklu meiri á-

stæða til að reikna með 25% aukningu, en reiknað er með 14% í töflu rafmagnsstjóra, sem ég vitnaði í áðan. Toppstöðin við Elliðaár er 7500 kw., og því var haldið fram, þegar verið var að byggja hana, að hún mundi ekki þurfa að starfa nema lítinn hluta dagsins, en svo er hún bara alltaf í gangi og veitir ekki af. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður í móti mælt, hve feginn sem maður vildi, og ég vil segja, að þetta séu rök í jafnmikilvægu máli og hér er til umræðu. Með 7500 tonna verksmiðju í sambandi við Sogið er teflt á allra tæpasta vað, en 10 þús. tonna verksmiðjan er tómt mál að tala um og hin mesta blekking. Meðan ekki var hugsað hærra en 2500 tonna verksmiðja, var eitthvert samræmi í því að bæta henni á Sogið, en það er ekki til samræmi í því að ætla Soginu að fullnægja rafmagnsþörf 10 þús. tonna verksmiðju. Hitt er svo annað mál, að ég er sammála þeim mönnum, sem skilja, að það hefði ekki náð nokkurri átt að byggja 2500 tonna áburðarverksmiðju, því að framleiðsla frá henni hefði aldrei orðið samkeppnisfær.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á tillögur um stórvirkjun og að með þeim væri stefnt æði hátt með stærð verksmiðjunnar og að slíkt fyrirtæki yrði aldrei til fyrr en eftir 10 ár. Ég býst við, að það sé rétt. En ég bendi á, að mér heyrist það á hljóðinu í hæstv. atvmrh., að þessi litla verksmiðja hér verði ekki til fyrr en 1953—55, og þá virðist mér betra að leggja í hitt, þótt það kunni að taka 10 ár. Nú mætti hins vegar segja sem svo, að úr því að litlir möguleikar væru á að koma litlu verksmiðjunni upp, þá væri enn fjarstæðara að ætla sér að virkja Urriðafoss og byggja stórt. En í sambandi við það vil ég minna á það erlenda fé, sem ríkisstj. og Alþ. eru búin að samþykkja að veita viðtöku og búið er að áætla Íslandi stórar upphæðir af. Snemma á þessu þingi fóru hér fram miklar umræður um þetta, og var ríkisstj. með risaáætlun á prjónunum viðvíkjandi notkun þessa erlenda fjár, og var gert ráð fyrir 38 milljón dollara framlagi til Íslands á næstu árum. Nú mun nokkuð af þessu fé þegar hafa verið greitt, þótt engar skýrslur hafi verið birtar um, hvernig það hefur verið notað. Ef það er ætlunin að binda okkur þann bagga að taka við þessu fé, þá eigum við sízt að nota það eins og eyðslueyri til að lifa af. Þau lán verða nógu erfið, þótt þau verði ekki notuð sem eyðslueyrir. Það verður að nota þau til að byggja upp framleiðslu, sem getur staðið undir lánunum og meira til. Ef á að fara út í það á annað borð að þiggja Marshallpeninga, sem raunar er nú ákveðið, þá virðist mér einna líklegast að nota þau lán til að koma upp áburðarverksmiðju og framleiða áburð í stórum stíl. Hæstv. ráðh. minntist einnig á annað, aluminium- og magniumframleiðslu. Ég skal ekkert fullyrða um það, þetta hefur ekki verið rannsakað, en því verður ekki neitað, að til aluminiumframleiðslu þarf að flytja inn töluvert af hráefni, sem gerir okkur ekki eins samkeppnisfæra á því sviði og ella væri. *(Atvmrh.:* Þau efni eru flutt heimshafanna á milli.) Ég neita ekki, að þetta geti komið til mála.

Að síðustu vildi ég minnast á það atriði, hvernig yrði með verðið á áburðinum frá litlu verksmiðjunni, þar sem gera má ráð fyrir, að vegna rafmagnsskorts geti verksmiðjan ekki alltaf unnið með fullum afköstum og áburðurinn verði því dýrari en ella yrði og dýrari en áburður á erlendum markaði. Er það þá meiningin, að áburðurinn verði seldur hér til bænda á framleiðsluverði, þótt hægt sé að fá sömu vöru ódýrari frá útlöndum? Ég man, að ég varpaði þessari spurningu fram við nefndina, og taldi hún, að selja yrði áburðinn innanlands á framleiðsluverði, hversu hátt sem það yrði. Þetta er mjög stórt atriði, því að það eru vandræði að selja áburð á hærra verði innanlands en hægt er að fá hann frá útlöndum. Það kemur áreiðanlega til kasta Alþ. á sínum tíma að greiða fram úr því, það er ég sannfærður um.

Ég man nú ekki eftir að það séu beint fleiri atriði, sem ég þarf að svara hæstv. ráðh. En að endingu vil ég minnast á þá glósu, að brtt. mín jarði þetta mál. Það er svo fjarri því. Ég tel einmitt, að Marshalllánin eigi að nota til að koma upp þessari verksmiðju, því að ella getur farið svo, að ekki verði svo létt að standa undir þeim lánum og greiða þau.

Forseti (BSt): Enn þá eru margir á mælendaskrá, svo að sýnt er, að umræðum lýkur ekki í dag, og er umræðu frestað.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt, að n. athugi brtt. á þskj. 534 áður en umræðu lýkur.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég ætlaði aðeins að láta þess getið sem míns vilja í landbn., að þá hefði mér þótt æskilegt að heyra samræmt hljóð í hæstv. ríkisstj., sem fylgt hefur þessu máli fram í Nd., svo að hægt væri í samræmi við það hljóð eða þær bendingar að sinna málinu af hinni mestu alúð.

Forseti (BSt): Ég mun beina því til hv. landbn., hvort hún vilji ekki athuga málið og brtt., þar til það verður tekið fyrir að nýju. Enn fremur mun ég koma tilmælum hv. landbn. á framfæri við ríkisstjórnina.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Ed., 22. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það er nú búið að færa fram mörg orð til andmæla þessu frv. Hv. minni hl. landbn. vill líta öðrum og stærri eða meir stórhuga augum á þetta áburðarverksmiðjumál en meiri hl. n. gerir, og vill hv. minni hl. n., að tekin sé til nýtingar í þágu verksmiðjunnar mikil vatnsorka til rafmagnsframleiðslu og á öðrum stað en átt er við samkv. þessu frv. Að vera að fara mörgum orðum um þessa skoðun hér til viðbót-

ar því, sem áður hefur sagt verið hér, er í raun og veru alveg þýðingarlaust.

Það, sem meiri hl. landbn. hefur tekið fram og hefur stuðzt við, það er frv. í meginatriðum eins og það hefur komið frá hv. Nd. Og þar koma frá mínu sjónarmiði þau rök til greina, að þetta mál fremur flýti fyrir því, að Sogið í heild verði virkjað, heldur en ef virkjun þess miðaðist eingöngu við þarfir einstaklinga. Og ef miðað er við tímann 1960—70, þá er það víst, að rafmagnsframleiðslan í Soginu getur ekki orðið svo mikil, að hún fullnægi bæði almannaþörfinni og áburðarverksmiðju líka. Er þetta í samræmi við það, sem þeir fræðimenn segja, sem fengizt hafa við athugun þessara mála, sem og hitt, að þær staðhæfingar fylgja því líka, að allt, sem gert verði til þess að auka rafmagnsorkuna, komi að fullum notum og sé ekki verið að vinna fyrir gíg, þó að þróunin í þessum efnum verði til þess, að það þurfi að færa út kvíarnar til stórorkuvinnslu. Og hvort sem um stóra virkjun væri að ræða við Urriðafoss eða hjá Búrfelli, þá þarf slík framkvæmd ákaflega mikinn og viðtækan undirbúning, og má þar um segja, að ekki sé ráð, nema í tíma sé tekið, því að sá undirbúningur mun að líkindum kosta allverulegan tíma.

Ég gef ekki svo mikið fyrir það, hvort þetta mál er nú rætt meira eða minna. Hér er um heimildarlög að ræða, og höfuðatriðin hafa komið fram, sem hægt er að vita í málinu. Og eins hafa þau atriði málsins komið fram, sem hljóta að byggjast á ágizkunum, t. d. um aukningu á almennri rafmagnsþörf fólksins.

Ég tók eftir því, þegar þetta mál var rætt hér síðast og bárust í tal þær brtt., sem liggja hér fyrir til umr., að hæstv. fjmrh. hafði orð á því, að nál. okkar í meiri hl. landbn. væri fáort og lítið á því að græða og m. a. létum við ekki annars getið um brtt. hv. 1. þm. Reykv. en að við sæjum okkur ekki fært að fallast á hana — og rétt er það — og að við hefðum ekki gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að við féllumst ekki á hana. Ég vildi, að það hljóð bærist til hæstv. fjmrh., að það að semja langt nál. um frv. um áburðarverksmiðju, það virtist ekkert vera annað en að gera leik að því að prenta mikið af þingskjölum, sem nóg er til af, og teygja lopann sem mest. Við byggðum á sömu rökum og lágu fyrir í Nd., og hefur enga þýðingu að endurtaka þau, það er bara mærðartugga.

Þá gat hæstv. fjmrh. um annað, að við skyldum ekki í nefndinni hafa rætt þær brtt., er þá lágu fyrir. En við ræddum brtt. hv. 1. þm. Reykv., en brtt. hv. þm. Barð. kom ekki fyrr en seinna, svo að það leiddi af sjálfu sér, að hún var ekki rædd. En varðandi brtt. á þskj. 412 vil ég segja þetta: Þetta frv. er eitthvert stórbrotnasta mál þessa þings, og skildist mér á hæstv. ráðh., að honum fyndist fátt um, að við skyldum ekki fallast á þá brtt., er ég nefndi. En við nm. gerðum þetta vísvitandi, af því að ef fara ætti að þessu leyti að breyta grundvelli frv., sem er stjfrv., þá tel ég fyrir mitt leyti tæplega gerlegt, að nefndin raski fjáröflunargrundvellinum nema á þann veg, að það sé gert í beinu samráði við ríkisstj. Þetta er frv. hennar og stærsta málið, sem lengi hefur verið fyrir Alþ., og fjáröflunargrundvöllurinn er ekkert aukaatriði. Það má sjálfsagt margt segja um fjáröflunarleiðir, en ég tel sjálfsagt, að leitað sé samráðs við stjórnina varðandi þau undirstöðuatriði. Ef stjórnin stendur ekki einhuga að frv., tel ég, að ýmislegt hljóti að vera bogið við það. Ég er svo einfaldur, að ég held, að frv. hafi verið lagt fram til að fá framgang, og ég vildi, að stjórnin fyndi samleið í þessu mikilsverða máli, svo að það fengi eðlilegan framgang.

Ég geri ráð fyrir, að þau boð hafi borizt til eyrna flm. brtt., hvort ekki mætti láta þær bíða og taka þær aftur til 3. umr. í trausti þess, að allt yrði þetta kannað betur í beinu samráði við ráðherrana alla, en ekki aðeins þann eina, sem nú er hérna megin við þilið. Ég ætla því ekki að svo stöddu að ræða um kosti og galla þessara brtt., sem geta átt rétt á sér, það skal ég láta ósagt, en feður frv., ríkisstj., eiga sannarlega að láta sitt álit í ljós áður en hamarinn fellur.

Ég vænti þess nú að hv. form. landbn. stuðli að því, að hæstv. ráðherrar láti í þessum efnum til sín heyra þingmönnum til stuðnings og leiðbeiningar um það, hvað stjórnin vill í þessu máli, sem hún hefur borið fram. Ég vil fyrir mitt leyti vinna að því, að nefndin geti haldið fund með ráðherrunum til að taka afstöðu til þessa mikla máls.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú ætlað mér að minnast á efni þessa frv. nánar en ég hef áður gert, en af sérstökum ástæðum verður ekki af því í þetta sinn. Ég hef sem form. landbn. talað við hæstv. atvmrh. Hans hugur var þá sá, að frv. gengi, eins og það kemur frá n., til 3. umr., og förum við þess á leit, að flm. þeirra brtt., sem fram hafa komið, fresti þeim til 3. umr. Ég er búinn að tala við 1. þm. Reykv. um þetta, og hann lýsti yfir, að hann gæfi samþykki til þessa, að hans till. væri frestað til 3. umr., og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. Barð. muni vera líks sinnis, því að milli umræðna verður málið athugað betur af atvmrh., ríkisstj. í heild og n. Virðist mér því, að ástæðulaust muni að teygja lopann lengur að sinni um þetta mál, og skal ég heldur ekki gera það, en skal geta þess aftur, að ég hef umboð hv. 1. þm. Reykv. til að taka brtt. hans aftur til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Án þess að ég vilji tefja málið nokkuð, þá verð ég nú að segja, að mér þykir þetta ákaflega merkileg meðferð á stórbrotnu máli, að ekki skuli vera hægt að fá nefnd og ráðherra til að gera nánar út um það við 2. umr. Hér er um 40 millj. kr. framkvæmd að ræða, og hér er naumast hafður sæmilegur háttur á stórmáli. Í slíku máli met ég lítils þau rök að vera að spara prentunarkostnað á þingskjölum, eins og hv. frsm. landbn. kom fram með, og mér finnst, að ekki hefði mátt minna vera en n. athugaði brtt. þær, sem fram hafa komið, eins og hæstv. fjmrh. sagði.

Ég beindi hér fyrirspurn til hæstv. atvmrh., sem ég vildi fá svarað. Hann lofaði hér í þing-

inu að svara þessu fyrir löngu síðan, og ég vil fá það svar helzt áður en ég greiði nú atkvæði um málið til 3. umr. Þeir, sem áttu að rannsaka þetta, hafa aldrei verið beðnir að gera það. Ég hef fengið upplýsingar um það hjá manni, sem mikið er við þessi mál riðinn og ætti að vita glöggt um þetta, að ekki muni fást nægilegt rafmagn frá Soginu til verksmiðjunnar, og er skoðun þess manns því mjög í andstöðu við skoðun Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra. Þess vegna hefði ég viljað fá svar frá hæstv. atvmrh. um það, hvort hægt væri að fá samning við Sogsvirkjunina um, að verksmiðjan fái það-an það rafmagn, sem hún kann að þurfa, hvort sem nóg rafmagn fæst þaðan til annarra þarfa eða ekki. Það þarf að tryggja í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Að öðrum kosti er sú hætta fyrir hendi, að verksmiðjan verði að standa ó-starfrækt vegna rafmagnsskorts eða þá að kaupa rándýrt rafmagn. Hér er ekki um neitt smáatriði að ræða, og frá því þyrfti að ganga við þessa umr. Ég bendi t. d. á, að ef till. á þskj. 412 verður samþykkt við þessa umr., þá mundi ég milli umræðna bera fram brtt. um, að 7% arði til hluthafa verði breytt. (*ÞÞ:* Sú till. er tekin aftur til 3. umr.) Já, en ef hún verður samþ. við 3. umr., eftir að búið er að slíta um-ræðum, er þess ekki lengur neinn kostur að bera fram brtt. Hér er raunverulega verið að skera niður eina umræðu. Það er að vísu hægt að bera fram brtt. við þessa brtt. á þskj. 412, en ég sá ekki eða sé ekki ástæðu til þess fyrr en ég sé, hvernig henni reiðir af. Það á að gera út um veigamiklar brtt. við 2. umr., og er skemmst að minnast dæmis upp á það frá í dag, þótt ég sé ekki með þessu að ásaka hæstv. forseta. En þannig getur farið um mál eins og í dag, ef ekki er gert út um veigamiklar brtt. við 2. umr. Það er óþolandi að taka stórvægilegar brtt. aftur til 3. umr. Ég hef áður tekið brtt. til baka með þeim fyrirvara eða ósk, að þær væru athugaðar nánar í nefnd milli umræðna eða tekin afstaða til efnis þeirra, og það hefur ekki verið gert, og ég hef nú enga tryggingu fyrir því, að hægt verði að þoka neinu um milli umræðna. Ég vil nú þó taka brtt. mína aftur í því trausti, að ekki sé verið að fleka þingmenn til þess að taka aftur tillögur með því fororði, að þær verði at-hugaðar í nefnd, eins og þó svo oft hefur verið gert. Ég læt í ljós þá ósk, að n. leyfi mér að ræða efni till. við sig á milli umræðna. Hitt er svo annað mál, að ef það er fyrir fram ákveð-ið, að ekki skuli verða breytt stafkrók í þessu frv., þá eru allar umræður um málið óþarfar, og væri þá hreinlegra að afgreiða það umræðu-laust. En ég hefði nú haldið, að mál þetta ætti að athuga sérstaklega vel frá öllum hliðum og breyta því, svo að til batnaðar mætti verða. Á afgreiðslu þessa máls byggist afkoma ríkisins og bænda að svo verulegu leyti, að það er sannar-lega ástæða til að fjalla um það samkvæmt þingsköpum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. — Ég vil segja, að ég fylgi þessu máli af því, að ég sé mjög greini-lega, að áburðarþörfin er ákaflega brýn, og í öðru lagi sé ég, að það er mjög hæpið, að henni verði fullnægt í framtíðinni með inn-fluttum áburði, eins og gjaldeyrismálum okkar er háttað. Hins vegar er mér ljóst, að um þetta frv. getur farið eins og mörg önnur, sem Alþ. hefur verið að samþ. á undanförnum árum og ríkisstjórnir hafa síðan ekkert gert með. Hv. frsm., 2. þm. Árn., ætti t. d. að vera minnisstæð-ur Austurvegur. Þegar Alþ. samþ. lög um hann, var þáverandi ríkisstj. mjög hátt uppi, þannig að manni skildist, að sá vegur væri eiginlega kominn um leið og lögin voru samþykkt, en enginn bíll hefur enn í dag ekið eftir þeim vegi og ekkert í þá átt. Sömuleiðis var ákveðið af Alþ., að ríkið legði 5 millj. kr. í hótelbyggingu ásamt tveimur öðrum aðilum, er leggja áttu sínar 5 millj. hvor. Það voru fengnir menn frá Ameríku til að athuga, hvar það hótel ætti að standa, þeir sendu teikningar, sem kostuðu hundruð þúsunda, en hótel það er ókomið enn þá. Svo voru samþ. hér lög um sementsverk-smiðju, en ekkert fé er enn fyrir hendi til fram-kvæmda og engar framkvæmdir eru hafnar. Því get ég vel hugsað mér, að þetta frv. verði einnig dauður bókstafur, en það er þó tilraun, og því er ég því fylgjandi. Með brtt. geri ég ekki svo mikið, því að ríkið hefur heimild til að taka lán og getur komið því fyrir eins og það vill.

En þótt ég fylgi nú þessu frv. sökum þess, hve áburðarþörfin er mikil, og þótt ég beri kvíðboga fyrir, að lögin verði ekki annað en pappírsgagn eins og fleiri lög, þá er ég líka hræddur um, að annað verði þessu máli að fjörtjóni, og það er það, að hjá sérfræðingum liggur það eiginlega fyrir, að þótt Sogið verði fullvirkjað og ef verk-smiðjan er reist á orkuveitusvæði þess eins og ráðgert er, þá hafi hún ekki rafmagn nema mjög takmarkaðan tíma. Einhvern tíma á ár-unum 1960—70 verður Sogsrafmagnið fullnotað, þótt allt Sogið hafi verið virkjað, og þá er ég hræddur um, að verksmiðjan verði sett til hliðar og bæjarbúar látnir sitja fyrir. En þá segja þeir bjartsýnu, að búið verði að virkja Þjórsá og tengja þá virkjun við Sogsvirkjunina. Þetta er von manna, og á þeirri von er verksmiðjan eiginlega reist, að hún geti starfað með raf-magni frá Soginu um 10 ára skeið eða svo og þá verði komin ný orkuver til sögunnar, er sjái verksmiðjunni og bænum fyrir rafmagni. Þessi von er hjá mér og öðrum, og því fylgi ég eða get fylgt þessu frv., þó að ég sjái, að verk-smiðjan hefur ekki rafmagn frá Soginu nema tiltölulega skamman tíma. Ég vildi óska, að það yrði athugað nánar í sambandi við þetta mál, hvort ekki þarf sérstaka virkjun fyrir verk-smiðjuna, hvort það á að geta verið möguleiki á því, að verksmiðjan verði hornreka eftir nokk-ur ár, eins og getur orðið, ef hún er í sambandi við Sogið, ef önnur virkjun er ekki komin til sögunnar áður en Sogsrafmagnið er fullnotað. Það væri óskandi, að nánar væri athugað um möguleika á eigin virkjun, svo að ekki gæti komið fyrir, að verksmiðjan yrði hornreka fyrir bæjarþörfunum eða öðrum þörfum fyrir raf-magn. En einnig þetta er mögulegt að gera, þótt þetta frv. verði nú samþ. hér. Í frv. er hvergi komið í veg fyrir slíka athugun, svo að hægt

er að samþ. þetta frv. alla vega, bæði með tilliti til fjáröflunar og rafmagnsöflunar. Þess vegna get ég fylgt frv. eins og það er, en mun koma á fundi landbn. og fjalla þar um málið og brtt., sem gerðar hafa verið eða gerðar kunna að verða. Þessa bakþanka varðandi framtíð þessa máls vildi ég láta koma fram strax, því að þeir snerta það meira að mínu áliti en margir vilja vera láta.

Forseti (BSt): Það er nú sjáanlegt, að ekki er hægt að ljúka þessum umræðum í dag. Ég hafði ætlað mér að halda fundi áfram seinni partinn í dag, en einn þingflokkur þarf að halda fund á þeim tíma, og er búizt við, að sá fundur standi einnig í kvöld. Ég vil ekki hindra þann fund, en mun boða deildarfund á morgun, þótt laugardagur sé, og vona ég, að enginn hafi neitt við það að athuga, því að lög mæla hvergi fyrir um það, að ekki megi halda þingfundi á laugardögum.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 23. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem ég vildi ræða og svara, af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Barð. Þm. hélt langa ræðu, kom víða við og lagði fram margar spurningar. Fyrstu spurningunni er mjög örðugt að svara, svo að öruggt sé. Þar ræddi þm. um og spurði, hvort 7500—10000 smálesta verksmiðja gæti borið sig. Það hefur verið tekið fram og liggur reyndar ljóst fyrir, að hlutfallsleg afkastageta eykst með stærri verksmiðjum og munar mestu á fyrstu stigum, en hve lengi þessi aukning eykur aðstöðuna til framleiðslu stöðugt ódýrari áburðar, er ekki hægt um að segja með neinni vissu. Það segir sig þó sjálft, að ekki er hægt að framleiða stöðugt ódýrari áburð, þótt verksmiðjan stækki, einhver takmörk hljóta því að vera sett. Þótt um væri að ræða 30000 smál. verksmiðju, gæti maður spurt: Ber hún sig, miðað við 100000 smál. verksmiðju? Hins vegar, þegar verksmiðjan er komin í fullkomið vinnsluhæft ástand, verður hún fyllilega samkeppnisfær við hliðstæðar verksmiðjur í nágrannalöndunum, svo að eigi þarf að óttast vandræði í sambandi við sölu afurða hennar. Í Noregi eru t. d. mest 5—10 þús. smál. verksmiðjur, svo að í samkeppni við þær ætti að vera öruggt, að hún gæti borið sig.

Það hafa verið fengnir færustu sérfræðingar í Bandaríkjunum til þess að reikna út stofn- og rekstrarkostnað þessarar verksmiðju, en verið farið yfir þá útreikninga af íslenzkum kunnáttumönnum og þeim breytt í samræmi við íslenzka staðhætti. Samkvæmt niðurstöðum þessara manna ætti 7500—10000 smál. verksmiðja að geta framleitt eitt tonn fyrir 470 kr. Innkaupsverð sams konar áburðar í Kanada er 674 kr. tonnið og í Noregi 726 kr. tonnið, svo að verðmunur er þarna æði mikill, og þó er athugandi, að eftir er að leggja við þetta verð flutningskostnað, sem alls ekki er svo lítill. Enn fremur er athugandi, að í þessu framleiðsluverði er reiknað með þeim vinnulaunum og verðlagi, sem nú er í landinu, en það er svo hátt, að Íslendingar geta ekki framleitt sína aðalútflutningsvöru án þess, að ríkið verði að hlaupa undir bagga. Það er því útilokað annað en við verðum að laga verðlagið í landinu, svo að við séum fær að stunda okkar aðalútflutningsatvinnuveg, ella mun illa fara. Rekstrargrundvöll atvinnutækjanna verður því að öryggja og bæta, en um leið batnar framleiðsluaðstaða áburðarverksmiðjunnar og afurðir hennar lækka samsvarandi við framleiðslukostnaðinn. Þetta teljum við sjálfsagt, ekki aðeins vegna bændanna, sem þurfa að nota áburðinn, heldur líka fyrir þjóðfélagið í heild, því að nú verðum við að flytja áburðinn inn, og gæti þannig þetta fyrirtæki sparað okkur mikinn gjaldeyri, en einnig skapað hann, ef við færum að flytja áburð út. Hve mikið öryggi felst í því að framleiða vöruna hjá sjálfum sér, er svo augljóst, að um það þarf ekki að ræða. Á þessum líkum er þetta frv. flutt, þótt ekkert sé hægt um það að segja, hvort ár og ár sé ekki hægt að fá áburð ódýrari annars staðar.

Þá ræddi hv. þm. um raforkuna til verksmiðjunnar á svipaðan hátt og frsm. hv. minni hl. landbn. Um það mætti auðvitað deila, hvort raforka úr Soginu væri nægileg til allra nauðsynlegra framkvæmda næstu árin. En hitt er fullvíst, að nægileg orka er í því eins og er. Þá höfum við bæði hér syðra og eins uppi í Borgarfirði gnótt hentugra fossa til að virkja, ef þörf krefur, og ber ég því engan kvíðboga fyrir því, að við getum ekki fengið nægilegt rafmagn til almennra nota, þótt verksmiðjan komi.

Síðan spurði hv. þm., hvort athugaðir hefðu verið möguleikar á að framleiða áburð úr límvatni því, sem forgörðum fer hjá síldarverksmiðjunum. Ég hygg, að það hafi verið fyrir rúmu ári, að þessu var hreyft í Sþ., og lét ég þá þegar athuga málið. Niðurstaðan varð sú, að ekki mundi svara kostnaði að framleiða úr því áburð, þótt í því væri hann ágætur, nema taka vatnið við verksmiðjuvegg, sökum þess, hve flutningskostnaður límvatnsins væri mikill. Hins vegar var mér skýrt frá því fyrir nokkru, að í Englandi og Bandaríkjunum væri hafin framleiðsla fóðurbætis úr límvatni með því að þétta það og væri það nefnt soðkjarni, en eftir þessa meðhöndlan er það líka orðið of dýrt til að nota það sem áburð, en það er prýðilegur áburður, mestmegnis köfnunarefnisáburður, en aðeins mjög lítið af kalí og fosfór. Þetta er einhver sá bezti fóðurbætir, sem hægt er að fá og samsvarar undanrennu eða þurrmjólk að fóðurgildi. Það var byrjað að framleiða þetta í Bandaríkjunum og Þýzkalandi fyrir stríð. Það var gerð tilraun með þessa framleiðslu á Hjalteyri fyrir stríð, en það þótti ekki svara kostnaði þar, og áhöldin voru endursend til Þýzkalands, en þau voru mjög ófullkomin á þessu fyrsta stigi. Þessi aðferð hefur síðan verið aukin mjög og endurbætt í Bandaríkjunum, fullkomnari áhöld komizt í notkun og mjög mikið verið gert að þessu. Mér hefur verið tjáð, að í ráði væri, að svona tæki af fullkomnustu gerð yrðu fengin

í verksmiðjuna í Örfirisey, og ætti þá að fást reynsla fyrir því, hvort þessi framleiðsla borgar sig. Verði þessi reynsla hagkvæm, virðist sjálfsagt að yfirfæra slík tæki í aðrar verksmiðjur. En það verður ekki til að leysa úr áburðarvandamálinu, soðkjarni er allt of dýr sem áburður, þó að hann kunni að reynast kaupandi sem fóðurbætir.

Þá ræddi hv. þm. um það, hve miklu fé væri búið að kosta til rannsókna á þessu áburðarverksmiðjumáli. Ég get ekki gefið upplýsingar um það, hverju hefur verið til þess kostað frá upphafi. Nú í seinni tíð voru upptök þessa máls þau, að þáverandi atvmrh., Vilhjálmur Þór, fékk hingað ameríska sérfræðing til landsins til þess að ráðfæra sig við um þessi mál. Ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um það, hvað það hefur kostað. Næsta stigið var það, að nýbyggingarráð fól dr. Birni Jóhannessyni að ferðast til Norðurlanda til rannsókna vegna þessa máls, en ég hef heldur ekki getað aflað mér upplýsinga um, hvað sú ferð hefur kostað. Þá var sett upp verksmiðjunefnd að tilstuðlan nýbyggingarráðs, sem starfaði í nokkurn tíma og skilaði áliti til ráðsins. Ég hef ekki getað aflað upplýsinga um það, hvað sú n. hefur kostað ríkið. Hins vegar get ég skýrt frá því, hverju hefur verið varið til þessa máls í minni stjórnartíð. Fyrst er að geta þess, að eftir að hugmyndinni skaut upp um það, að hagkvæmara mundi verða að framleiða hér aðeins ammoniak, að það mundi verða ódýrara og minni stofnkostnaður verða við það, sendi ég dr. Björn Jóhannesson til Bandaríkjanna til þess að afla allra fáanlegra upplýsinga um framleiðsluaðferðir, notkun og kostnað við þessa framleiðslu. Sú ferð kostaði 8365.00 kr. Þá hélt atvinnudeildin áfram að gera tilraunir með þennan loftáburð, ammoniakáburð, og er sumum þeirra enn ekki lokið. Kostnaðurinn við þær tilraunir hefur orðið 10122.00 kr. Þá sendi ég Jóhannes Bjarnason til Bandaríkjanna á s. l. sumri til þess að afla upplýsinga um þessi mál í Bandaríkjunum. Dvaldi hann þar um tíma, og varð kostnaðurinn við þá ferð 11441.00 kr. Enn fremur sendi ég sama mann í vetur til Evrópu í sambandi við Marshallráðstefnuna, sem þar var, þar sem þess var mjög krafizt af Marshallráðinu í Evrópu, að ef til þessara framkvæmda kæmi hjá okkur, þá yrðu vélarnar keyptar í Evrópu, en ekki í Bandaríkjunum. Ég sendi þennan mann þá til að afla vitneskju um það, hvaða líkur væru til þess, að við fengjum vélar og tæki í svona verksmiðju í Evrópu með sviputum kjörum og annars staðar, og sama var að segja um sementsverksmiðjuna. Sá kostnaður af ferð hans, sem reiknaðist áburðarverksmiðjunni, var 8486.00 kr. Þessi kostnaður allur saman er því orðinn 38415.89 kr. En því miður geri ég ráð fyrir því, að allur sá kostnaður, sem farið hefur í það að rannsaka gæði og notkun fljótandi ammoniaks, honum hafi verið eytt fyrir ekki neitt, því að niðurstöðurnar sýna, að útilokað er að ætla að byggja okkar áburðarframleiðslu á því fyrirkomulagi. Sá kostnaður hefur þannig farið í súginn, en hins vegar voru þetta rannsóknir, sem við urðum að gera til þess að fá úr þessu skorið, og sé ég í sjálfu sér ekki eftir því, að sú athugun hefur verið gerð. Hins vegar eru nú að koma niðurstöður af tilboðum, sem aflað var víðs vegar í Evrópu fyrir tilstuðlan Jóhannesar Bjarnasonar. Eru nú þegar komin tilboð frá Ítalíu, Sviss, Frakklandi og Englandi um áburðarverksmiðju af þessari stærð. Þau tilboð sýna öll, að útilokað er að ætla að kaupa verksmiðju af þessari stærð í Evrópu. Þær eru allar stórum dýrari og þurfa miklu fleiri menn en amerísku verksmiðjurnar og miklu stærri húsakynni. Það sýnir sig þannig, að Bandaríkjamenn eru, eins og vitanlegt var áður, komnir langlengst í því að reisa og framleiða fullkomnar verksmiðjur af þessari tegund, svo að það er ekki sambærilegt. Það er því vafalaust, að ef við reisum þessa verksmiðju, þá eigum við að fá vélar frá Bandaríkjunum, og takist okkur að koma upp verksmiðju með vélum þaðan, þá er tryggt, að við fáum verksmiðju, sem er á toppi þess fullkomnasta, sem nú þekkist í heiminum. Þessar rannsóknir eru nú þegar búnar að leiða það í ljós.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort strax yrði skipuð verksmiðjustjórn. Ég sé nú, að í brtt. frá hv. landbn. er gert ráð fyrir því, að hún verði kosin á því sama þingi, sem l. verða samþ. á, og þá væntanlega á þessu þingi. Tel ég það vera rétt, en hins vegar kemur það af sjálfu sér, að ekki verður farið að greiða þeirri verksmiðjustjórn fullt kaup fyrr en hún tekur til starfa. Aftur á móti getur það verið nauðsynlegt, að þessir menn, sem í þetta verða kosnir, fari að byrja á undirbúningi og athugunum við framkvæmd málsins, og verður þá náttúrlega að greiða þeim eitthvað fyrir þau störf.

Þá ræddi hv. þm. um það, að nauðsynlegt væri að tryggja sér með samningi nægilegt rafmagn þegar í upphafi, og er ég honum sammála um það. Það er eitt hið fyrsta, sem stjórnin þarf að gera, þegar hún hefst handa um framkvæmdir þessar.

Þá vil ég með nokkrum orðum svara hv. frsm. minni hl. landbn. Ég hef að sumu leyti komið inn á það atriði í sambandi við svar mitt til hv. þm. Barð., þ. e. a. s. um stofnkostnaðarhlutföllin milli minni og stærri verksmiðju, og svara ég því ekki miklu frekar, en vegna þess, sem hann sagði um rafmagn, vil ég endurtaka það, að ég tel, að enginn ágreiningur ætti að þurfa að vera um það, að hægt sé að fá nægilegt rafmagn frá Soginu til þess að reka þessa verksmiðju. Deilan verður þá um hitt, að takmörkuð verði þá um of önnur rafmagnsnotkun í landinu. Verði það, þá verðum við að leita þeirra úrlausna annars staðar, og við höfum nægileg vatnsföll til þess að virkja til slíkra hluta. Það yrði alltaf léttara en að ráðast í stórvirkjun, eins og sakir standa.

Þá er hér enn eitt atriði, sem hv. 8. landsk. spurði um, og það var þetta: Er ætlazt til að íslenzkir bændur greiði áburðinn með kostnaðarverði, hvað sem það verður og jafnvel þó að hægt verði að fá áburðinn ódýrari erlendis frá? Ég var spurður um þetta í hv. Nd. líka, og ætla ég að svara þessu eins hér. Álit mitt er það, að íslenzkir bændur hljóti að sjálfsögðu að

verða að greiða áburðinn með því kostnaðarverði, sem á honum er á hverjum tíma. Annað er útilokað. Ég get eins spurt hv. þm. um það, ef hann hefur hugsað sér að reisa hér 30 þús. tonna áburðarverksmiðju, — en hann hefur haldið því fram, að með 100—200 þús. tonna verksmiðju yrði hægt að framleiða ódýrari áburð, — mundi hann þá ætlast til þess, ef það sýndi sig, að ódýrari áburð yrði hægt að fá erlendis frá en þessi 30 þús. tonna verksmiðja gæti framleitt, að ríkið borgi niður áburðinn frá henni? Það liggur í hlutarins eðli, að landsmenn verða að bera kostnaðinn af þeirri vöru eins og kostar að framleiða hana, sem við Íslendingar framleiðum. Það er útilokað annað. Ég veit ekki betur en að sú venja sé alls staðar í verksmiðjulöndum, þar sem vara er framleidd til notkunar innanlands og til útflutnings, að þá sé hún alltaf seld í landinu með fullu kostnaðarverði. Ég hef fengið upplýsingar um þetta frá Englandi í sambandi við sementsframleiðsluna. Það er eðlilegt, að það komi fyrir, að offramleiðsla verði á sementi. Þá grípa verksmiðjurnar til þeirra ráða að lækka verðið til þess að koma því út og selja það oft langt undir kostnaðarverði út úr landinu, en innlendir kaupendur kaupa það á kostnaðarverði. Við verðum að hafa þá sömu reglu, bæði við framleiðslu og sölu áburðar og sements, sem sé þá, að fólkið í landinu verði að borga fyrir þessa vöru eins og hún kostar og eins og nauðsynlegt er að leggja á hana til þess að halda starfrækslunni uppi, jafnvel þó að það komi ár og ár, sem sementshringirnir í heiminum búa við offramleiðslu og vildu selja framleiðslu sína fyrir slikk, þá verðum við að sætta okkur við það að nota okkar innlenda sement, ef við ekki þyrftum meira en það, sem við framleiddum sjálfir. Við verðum að gera okkur grein fyrir þessu fyrir fram, og þannig er það með aðrar vörur, sem við framleiðum. Tryggingin, sem er fólgin í því að framleiða vöruna í landinu sjálfu, og ágóðinn, þegar verðlagið fer hátt og upp úr öllu valdi úti í löndum, verður að koma á móti og jafna áhættuna, sem orsakast af því, að við einstöku sinnum höfum hærri framleiðslukostnað og þar af leiðandi hærra verð en hægt er að fá með skyndiverzlun erlendis frá af óviðráðanlegum orsökum.

Þá vildi ég segja nokkur orð, áður en hæstv. fjmrh. fer af fundi. Hann minntist hér á brtt., sem hefðu komið fram frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., og lagði allmikla áherzlu á það, að a. m. k. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. yrði samþ. Ég verð nú að segja það, að þó að ég bæri þetta frv. fram sem ríkisfyrirtæki einvörðungu, þá er það ekki vegna þess, að ég sé sjálfur neinn sérstakur ríkisrekstrarpostuli, eins og það er kallað, þótt ég viðurkenni það, að eðlilegt og rétt sé, að sum fyrirtæki séu rekin af ríkinu, en ekki einstaklingum Hins vegar þætti mér eðlilegt og æskilegt, að bein atvinnufyrirtæki væru rekin af einstaklingum, en ekki ríkinu. Hér er þó um svo stórkostlegt fyrirtæki að ræða á íslenzka fjármálavísu, að ég taldi það ekki nokkra leið, að fyrirtækinu yrði komið upp nema með aðstoð ríkisins, á sama hátt og ríkið á undanförnum árum hefur haft með rekstur síldarverksmiðjanna að gera, sem þó eru í eðli sínu atvinnutæki sjávarútvegsins, taldi ég að ríkið yrði að hlaupa undir bagga með þessu atvinnufyrirtæki landbúnaðarins, og taldi ég þessi fyrirtæki að nokkru leyti hliðstæð. Hins vegar dettur mér ekki í hug að banda hendinni á móti því, ef líkur eru til þess, að hægt sé að fá viðbótarfjármagn, einkafjármagn, inn í þetta fyrirtæki. Ég vil alls ekki slá hendinni á móti því að fá í frv. heimild svipaða því, sem felst í till. hv. 1. þm. Reykv., og þá sérstaklega eftir að hæstv. fjmrh. hefur mælt mjög eindregið með þessu, en í þeirri till. er það fram tekið, að ríkið skuli leggja á móti framlögum einstaklinga sem hlutafé allt að 7½ millj. kr. Ég verð að viðurkenna, að það yrði geysilega mikill styrkur fyrir fyrirtækið, þó að það sé ekki nema hluti af kostnaðinum, ef það gæti fengið 10 millj. kr. í eigin höfuðstól, sem þarna ætti að vera fastur, og þyrfti þá ekki að byggja algerlega á lánum. Ég mun því mjög gjarna taka þessa till. til athugunar og mun óska eftir því, að flm. taki hana aftur til 3. umr., svo að hægt verði að ræða hana við hann og n. Það eru ýmis atriði í till., sem ég tel, að ekki geti staðið óbreytt, aðallega formsatriði, enda þótt hún verði samþ. efnislega. Svipað get ég sagt um till. hv. þm. Barð., að ég vildi óska eftir því, að hann tæki till. sína aftur, því að jafnvel þó að hún ætti að geta fengið samþykki d., mundi hún þurfa ýmiss konar endurbóta við. Yrði hún samþ., teldi ég nauðsynlegt að breyta að einhverju leyti stj. verksmiðjunnar. Ég tel ekki mikil líkindi til þess, að það fengist mikið privatkapital inn í verksmiðjuna, ef þeir, sem legðu fram fé, fengju engin áhrif að hafa á stj. hennar. — Það er fleira í sambandi við þessar till., sem ég mun ekki ræða nú, þegar ég heyri, að þær eru báðar teknar aftur til 3. umr., og gefst þá tími til þess að ræða við hv. flm. till. um þær. Að síðustu vildi ég svo óska eftir því við hæstv. forseta, að d. hraði afgreiðslu málsins.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því í gær að þurfa ekki að tala miklu meira í þessu máli en ég þá talaði, en að gefnu tilefni verð ég að segja hér nokkur orð, m. a. til að svara til saka fyrir mig og þá n., sem ég er formaður fyrir, og kem ég að því síðar. Fyrst ætla ég að koma að efni málsins. — Ég skal játa það, að ég er ekki með ríkisrekstri stofnana, nema nauðsyn krefji, en það var annað, sem hér gerði það, að ég ekki vildi, eins og sakir stóðu, mæla með till. hv. 1. þm. Reykv. Það var vegna þess, að eftir því, sem málið lá fyrir frá hæstv. ríkisstj., var ekki neitt um þessa hlið málsins greint og ekki líkindi fyrir því, að það mundi verða til mikils árangurs að fara út í hlutafjársöfnun til verksmiðjunnar hér innanlands. En úr því að hæstv. ríkisstj. er nú komin í aðra átt og hyggur það einhvern árangur hafa, þá vil ég ekki vera á móti því. Ég vil sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj., að sá meginstólpi, sem þar ætti að standa undir, ef til slíkra framlaga kæmi, er auðvitað Samband

íslenzkra samvinnufélaga, og ætti hún þá að herja á þann garð, þar sem bæði ætti að vera vilji til að gera eitthvað og áreiðanlega eru til efni til þess. En ef ætti að leita til bænda með þetta, þá er það svo, að þeir eiga margir nóg með sjálfa sig, að koma sér fyrir á sínum jörðum, svo að vel fari, og þeir mundu ekki ófúsari að lána sitt fé beint til þessa en að láta sitt fé til að stofna hlutafélag. En sem sagt, fyrst ríkisstj. hefur tekið þessa stefnu og óskar að athuga þetta mál, er það sjálfsagt, að við í landbn. förum ekki að vera á móti því, en hins vænti ég, að hún verði dálítið betur undirbúin en hún nú virðist vera um það, hvað fram undan muni vera, ef þessi leið væri farin. Þessu vildi ég beina til ríkisstj.

Í öðru lagi þarf ég aðeins að ávarpa vin minn, hv. þm. Barð. Þó að þetta sé prýðismaður, — ekki innan gæsalappa, — þá er hann farinn að gerast svo umsvifamikill, að meira að segja hæstv. forseti er farinn að hverfa í skuggann fyrir honum, því að hann er farinn að átelja vinnubrögð okkar í n., en ég hafði nú haldið, að hæstv. forseti væri verkstjóri þar. Ég hef látið þetta afskiptalaust til þessa, en vil þó gera við þetta örfáar aths. Ég veit, að ég hefði verið betur upplagður að svara honum í gær, þegar runan kom úr honum. Ég vil þá fyrst taka fram, að hann minntist á athugunarleysi hjá okkur. Þetta mál var mjög rækilega undirbúið og fylgdi því þriggja blaða grg. frá ríkisstj. Við fórum í gegnum þetta mál og tókum á okkar fund ágæta sérfræðinga, m. a. mann, sem er hv. þm. Barð. miklu fremri bæði að greind og þekkingu á þessu máli, og það er mágur hans, Ásgeir Þorsteinsson. Lögðum við mikið upp úr því, er hann sagði, að vísu kannske ekki beinlínis vegna mágsemdanna, en hann benti okkur á það, að fram til ársins 1960 mundum við hafa nægilegt rafmagn til verksmiðjunnar, ef Sogið væri virkjað allt eins og hægt væri. Við álítum ekki neina þörf á að skila frá okkur mjög löngu nál., og m. a. var það líka, að þessi framkvæmdanna forkólfur, hv. þm. Barð., var ekki kominn fram með neinar brtt., þegar við héldum okkar fund og gáfum út nál., þó að útgáfa nál. frá okkur drægist hjá frsm. um nokkra daga eftir að við vorum búnir að ákveða fundinn. Álit hv. þm. kemur ekki fyrr en löngu, löngu seinna. Hvers vegna var hann að draga það? Ég taldi réttast að láta nál. fara, úr því að það var komið, og ræða það hér við 2. umr. eins og það lá fyrir, en taka svo málið allt til athugunar milli 2. og 3. umr. Og ég sný ekki aftur með það, að ég álít þetta vera mjög sæmileg vinnubrögð í alla staði. Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að ekki er allt undir því komið að skrifa löng nál. Og ég verð að segja það honum til hróss, að hann hefur alveg nýlega í máli, þar sem hann er bæði form. og frsm., gefið út nál., sem er aðeins ein lína, og er það mikill kostur.

Hv. þm. Barð. ræddi um, að óþolandi væri að líða það, að þm. tækju aftur till. sínar. Ég fór hér að nokkru leyti með umboð frá hv. 1. þm. Reykv. (BÓ), þar sem ég las upp tilkynningu frá honum, og endurtek það nú, að hann tekur aftur till. sína í þessu máli til 3. umr. En ég vil segja hv. þm. Barð. það, að enginn hv. þdm. er svo vesall, að hann ráði ekki sjálfur, hvort hann tekur aftur till. sínar eða frestar þeim eða ekki. — Ég get sem sagt lýst því yfir, að ég mun ekki þjarka lengi við hv. þm. Barð. um vinnubrögð landbn. Ég veit ekki betur en að hún hafi leyst störf sín eins fljótt og vel af hendi og sumar aðrar n., sem hv. þm. Barð. hefur verið við riðinn. Mér finnst ekki sitja á þeim, sem í glerhúsi búa, að kasta steinum að okkur hinum. Ef hæstv. forseti kynni að óska eftir, að aðrir taki við formennskunni í landbn., mun ég taka tillit til þess, en ekki frá öðrum en viðkomandi mönnum.

Forseti (BSt): Út af þeim ummælum hv. þm. Dal., að hv. þm. Barð. sé farinn að gerast svo umsvifamikill, að forseti sé kominn í skuggann, skal ég taka það fram, að ég hef ekki orðið þess var, að hv. þm. Barð. blandi sér í störf forseta, og ekki heldur þó að hann dæmi um störf nefnda. Forsetar geta náttúrlega kallað eftir nál. En að leggja að öðru leyti dóm á gerðir n. er ekki hlutverk forseta. Það er hverjum þm. heimilt að hafa sínar eigin meiningar um það og segja sínar skoðanir, ef það er gert með þinglegum og kurteislegum orðum. Ég vil mótmæla því, að nokkur hafi hér á einn eða annan hátt tekið af mér forsetavald. Þvert á móti hafa allir þm. sýnt mér sem forseta fyllsta tillit.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál, því að það eru aðeins örfáar aths. út af ræðu hæstv. landbrh. — Ráðh. hélt því fram í síðustu ræðu sinni, að þegar verksmiðjustærðin væri orðin sú, sem hér er um að ræða, mundi verksmiðjan vera orðin samkeppnisfær hvað stærð og lágan framleiðslukostnað snertir við það, sem gerist erlendis nú á þessum tímum. Ég hef leyft mér að halda hinu fram, að þetta takmark mundi ekki nándar nærri vera komið, þó að verksmiðjan kæmist upp í 7500—10000 tonn, og ég kalla það útúrsnúning, þegar hæstv. ráðh. segir, að ég hafi haldið því fram, að það mundi ekki verða fyrr en við 200 þús. tonn. Ég tók fram og hafði það eftir opinberu skjali, sænskum sérfræðingi, að hann teldi framleiðslukostnaðinn vera að lækka, þangað til verksmiðjustærðin er orðin 200 þús. tonn, þó að vitanlegt sé, að hann lækkar ekki eins ört, þegar verksmiðjustærðin er mikil, og þegar hún er lítil. Það má yfirleitt fullyrða, að langt upp fyrir þá verksmiðjustærð, sem hér er um að ræða, haldi framleiðslukostnaðurinn áfram að lækka. Ég tel, að ráðh. hafi ekki fært sönnur fyrir því, að hin eðlilega stærð væri komin, miðað við það, sem frv. gerir ráð fyrir, og því hafi hann ekki hrakið þau rök, sem ég hef haldið fram, að stærðin þyrfti að vera meiri, eigi verksmiðjan örugglega að geta verið samkeppnisfær hvað lágt verð snertir.

Þá kem ég að því, sem hæstv. ráðh. minntist á í sambandi við rafmagnið, þ. e. hvort nægilegt rafmagn fengist frá Soginu til jafnvel ekki stærri verksmiðju en hér er um að ræða. Þetta hefur verið rætt af fleiri þm. en mér, þ. á m.

af hv. þm. Barð., sem var á sama máli og ég, og hv. 1. þm. N-M. Það virðist því vera allmjög útbreidd skoðun í d., að teflt sé á tæpasta vaðið með því að gera ráð fyrir, að þessi rekstur geti fengið nóg rafmagn frá Soginu. Ráðh. reyndi að snúa sig út úr þessu með því að segja, að því væri ekki að neita, að hægt væri að fá nóg rafmagn frá Soginu til þessarar verksmiðju, og það er vitanlega rétt. En hins vegar vildi hann reikna með því, að það rafmagn yrði tekið til verksmiðjunnar, þó að skortur yrði á rafmagni til annarra hluta, en reyndi ekki að afsanna það, sem ég sagði, að þegar um það væri að ræða, hvort nota ætti hið fáanlega rafmagn til verksmiðjunnar eða nota það til annarra hluta, þar sem hærra verð byðist fyrir það, væru miklu minni líkur til, að það fengist til verksmiðjunnar en til annarra þarfa. Hæstv. ráðh. reyndi ekki að afsanna þetta, en reyndi að víkja sér undan málinu og sagði, að þegar skortur væri á rafmagni til annarra hluta, yrði að grípa til annarra ráða til að leysa það mál. — Hann svaraði þeirri spurningu hv. þm. Barð., sem var náskyld þessu og á þá leið, hvort ekki væri rétt að tryggja verksmiðjunni rafmagn með samningum, áður en hafizt yrði handa um bygginguna. En ég vildi bera fram þessa spurningu: Er víst, að þeir samningar næðust? Er víst, að þeir aðilar mundu lofa fyrir fram að selja svo og svo mikinn hluta af rafmagni á ákveðnu verði og eiga þannig á hættu að skaða sig fjárhagslega? Mér skilst, að meðan ekki er búið að ná þessum samningum, sé hér um að ræða atriði, sem gæti komið í veg fyrir, að hægt væri að ráðast í bygginguna, svo framarlega sem byggingin á að vera háð þessu atriði.

Spurningu minni um það, hvort ætlazt væri til, að íslenzkir bændur greiddu áburðinn á kostnaðarverði, þó að hann vegna mikils framleiðslukostnaðar yrði dýrari en innfluttur áburður, svaraði ráðh. vægast sagt út í hött. Ræddi hann langt mál um það, að ekki væri óalgengt í heiminum, að offramleiðsla yrði á einhverri vörutegund, og væri hún þá seld á lágu verði til þess að losna við hana, þó að íbúar landsins yrðu að kaupa það, sem þeir þyrftu, á háu verði. Það er rétt, að oft hefur verið offramleiðsla á ýmsum vörum í heiminum. En þær eru ekki alltaf seldar á lágu verði, heldur eru þær stundum eyðilagðar til þess að halda verðinu uppi, þannig að þetta geta ekki talizt fullgild rök hjá hæstv. ráðh. — Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. ráðh., ef íslenzkur landbúnaður á að greiða áburðinn á yfirverði, hvort það eigi þá að koma fram í verði landbúnaðarvara, sem mundi þýða, að þær yrðu dýrari en með þarf. Og mundi þá ekki í sambandi við það vakna annað vandamál, sem leysa þarf síðar meir?

Gísli Jónsson: Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans margvíslegu upplýsingar um þetta mál. Mér skilst, að eftir því, sem málið liggur fyrir nú, sé það raunverulegt, að hin stóra verksmiðja, 30 þús. tonna eða meira, mundi framleiða miklu ódýrari áburð, en á því séu svo miklir erfiðleikar, að þess sé ekki að vænta, að slíku risavirki verði komið upp á svo skömmum tíma sem ráðh. óskar eftir til þess að framleiða fyrir íslenzka bændur. Mér skilst einnig, að það sé hans fulla skoðun og þeirra manna, sem hann hefur fengið til þess að rannsaka þetta mál, að sú verksmiðja, sem hér um ræðir, yrði samkeppnisfær við jafnstórar verksmiðjur í Evrópu og í þeirri verksmiðju væri hægt að framleiða áburð með hæfilegu verði og jafnvel lægra verði en nú er í þessum sömu löndum. Ég er feginn því að hafa fengið þessar upplýsingar. Þótt ég hefði mjög viljað fylgja stærri verksmiðju, get ég ekki ásakað ríkisstj., sé það hennar skoðun að fara fremur inn á þetta smærra iðjuver en hin stóru iðjuver, sem hún telur, að taka muni 10 ár eða lengri tíma að koma upp. Og engin ríkisstj. verður ásökuð, þó að tæknileg atriði breytist þannig í heiminum, að annað land geti síðar meir byggt hentugri verksmiðjur til þess að framleiða ódýrari áburð. Mér fannst einnig svar hæstv. ráðh. í sambandi við verðið vera fullkomlega rétt, og er rétt, að það komi hér fram, því að ég teldi það óverjandi, ef á sama tíma væri gengið út frá því, að ríkissjóður yrði að greiða mismuninn á framleiðsluverðinu og því verði, sem hægt væri að fá sömu vöru fyrir innflutta, ef verksmiðjan gæti ekki borið sig. Sá mismunur yrði að greiðast af þeim aðilum, sem nota vöruna.

Að því er snertir þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf mér um líkvatnið, er það allt annað, sem ég hef fengið frá þessum sömu mönnum, sem hafa með þetta mál að gera. Mér var ókunnugt um það fyrir tveimur dögum, að þetta mál hefði nokkuð verið rannsakað. Má vera, að það hafi verið rannsakað af öðrum mönnum. (*Atvmrh.:* Þórður Þorbjarnarson hefur rannsakað málið.) Ég veit allt, sem Þórður Þorbjarnarson veit um málið, og ég er kunnugur öllu því, sem ráðh. sagði um málið, en það er engin rannsókn á málinu, og mér þykir leiðinlegt, að ráðh. hefur ekki séð sér fært að láta iðnaðardeild háskólans rannsaka þetta mál alveg sérstaklega. Ég er viss um, af þeirri þekkingu, sem ég hef á þessum málum, að það er rétt, að það getur aldrei komið fyrir þessa verksmiðju, að sá áburður, sem hægt væri að vinna úr líkvatni, yrði nógu mikill fyrir allt landið, en það er svo merkilegt atriði, að mikið mætti bæta úr brýnustu þörfunum og á betri hátt en Þórður Þorbjarnarson hefur gefið ráðh. upplýsingar um, því að það hefur hann allt miðað við fóður, en alls ekki við áburð, svo að ég vænti þess, að ráðh. hafi um það samráð við sína efnafræðinga og þeir geri sínar sérstöku ráðstafanir.

Og að lokum örfá orð til hv. þm. Dal. (ÞÞ). Hann hefði átt að beina þessari ræðu sinni til hæstv. ráðh., því að það var hann, sem gagnrýndi gerðir n., en ekki ég. Ég vissi, að hv. þm. Dal. var valinn dómari í landinu, en hélt ekki, án þess að ég sé að ásaka hann eða efast um gáfur hans, að það væri hlutverk hans á Alþingi að dæma um gáfur manna yfirleitt. Að öðru leyti get ég um þetta vísað til úrskurðar hæstv. for-

seta, því að meiri rassskell hef ég ekki heyrt en þann, sem hann gaf hv. þm.

ATKVGR.
Brtt. 536 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 412 og 534 teknar aftur til 3. umr.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 520,1 (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 520,2 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 520,3 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 566, 412, 534).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Svo sem ráð var fyrir gert við 2. umr. þessa máls, þá hefur nú landbn. haft fund með sér vegna þeirra brtt., sem fram hafa verið bornar við frv., til að færa þær til miðlunar við nefndarafstöðuna, eins og hún lá þar fyrir, með tilvísun til ummæla hæstv. ráðh., sem komu til greina á sama hátt. Og þessi fundur n. og samráð við hæstv. ráðh. hafa orðið til þess, að brtt. við frv. eru á leiðinni sem niðurstaða af þeim samræðum og samkomulagsviðleitni um málið. En samningar um þessar brtt. og lokaumr., sem að þessu lutu, hafa ekki getað orðið fyrr á ferðinni en svo, að þessar brtt. eru í þann veginn að komast í prentun nú. Þykir hentara að láta þær liggja fyrir prentaðar við umr. en að koma fram með þær skrifl. Og með tilliti til þessa er það ósk mín við hæstv. forseta, að hann fresti umr. nú um þetta mál, og með því loforði, að brtt. sé flýtt í prentun og geti þá legið fyrir á morgun hreinprentaðar.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., 29. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 566, 412, 534, 596).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Brtt. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 596 frá meiri hl. landbn., er árangur þeirrar viðleitni, sem síðasta umr. þessa máls gaf tilefni til, og laut að brtt., sem þá voru lagðar fram í þessu máli. Ég þarf ekki að rekja hér frekar aðdraganda þess máls, en brtt. er fram komin, m. a. fyrir ósk hæstv. fjmrh. um, að n. sæi sér fært að gera till. um, að skotið væri inn í frv. heimild til fjársöfnunar meðal almennings til þess að standast stofnkostnað áburðarverksmiðjunnar, og athugaði, hvort ekki væri möguleiki fyrir stofnun hlutafélags í sambandi við það. Brtt. er árangur af samstarfi landbn. og þeirra hæstv. ráðh., sem hér eiga helzt hlut að máli, en einn hv. nm. hefur óskað að hafa óbundnar hendur með sína afstöðu í málinu. Ég þarf ekki að ræða till. mikið eða málefnið, þó að mælgin sé hér í hávegum höfð, því að málið skýrir sig sjálft. Það má ef til vill deila um það atriði, hvort það sé eðlileg hlutföll, að væntanlegir hlutafjáreigendur hafi tvo af fimm stjórnarmeðlimum, en það sýnir m. a., að hæstv. ríkisstj. hefur ekki sýnt ágengni í því að varna þeim að hafa stjórnaraðstöðu í fyllstu hlutföllum við framlög þeirra. Í brtt. er gert ráð fyrir, að framlög skuli nema minnst 4 millj. kr., að meðtaldri 1 millj. kr. úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins, til þess að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag. Það kunna að vera einhverjir, sem vilja hafa þetta öðruvísi, en þeir munu þá gera grein fyrir sinni afstöðu nú við umr. málsins, en það varð að samkomulagi hjá þeim aðilum, sem um þetta hafa fjallað, að standa að þessari brtt. Það er þess vegna ósk meiri hl. landbn., að frv. nái fram að ganga með þessu innskoti.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Vegna fram kominnar brtt. á þskj. 596, sem þegar hefur verið lýst, vil ég lýsa því yfir, að ég mun taka aftur brtt. mína á þskj. 534, ef brtt. á þskj. 596 verður samþ., en annars óska ég eftir, að hún komi til atkvgr. Ef hæstv. forseti álítur réttara, að brtt. mín komi fyrr, þá er meiri vandi að fara með málið. En í þessa brtt. á þskj. 596 er tekinn meginþátturinn úr minni brtt., og ég get því tekið mína brtt. til baka, svo framarlega að vissa sé fyrir því, að brtt. á þskj. 596 verði samþ., sem ég geri ráð fyrir.

Ég er fyllilega sammála hv. landbn. og mun því fylgja brtt. Að vísu eru í síðustu málsgr., þar sem ákveðið er um rétt ríkisins í sambandi við hlutafé, dálítið óvenjulegt ákvæði, sem hefur ekki verið sett inn í önnur l., nema í sambandi við Útvegsbankann. En mér finnst ekki óeðlilegt, að ríkið, sem ætlar sér að eiga svona mikinn hlut í verksmiðjunni, hafi þá meiri atkvæðarétt en minni hlutinn, og geri ég ekki ágreining um það.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. landbn. tók fram, þá er ég ekki flm. þessarar brtt., og vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir minni afstöðu. Í frv., eins og það var lagt fyrir Alþ. af hæstv. ríkisstj. og eins og það er nú, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram eða útvegi algerlega stofnfé fyrirtækisins og að það sé rekið sem ríkisfyrirtæki að öllu leyti og á ábyrgð ríkisins. En með brtt. hv. 1. þm. Reykv., sem hér er flutt á þskj. 412, er gert ráð fyrir því, að leitað sé eftir framlögum einstakra manna eða félagsstofnana innanlands og ef ákveðin upphæð hlutafjár fáist, þá skuli ríkið leggja fram það, sem á vantar, og fyrirtækið þannig gert að hlutafélagi. Enn fremur er gert ráð fyrir því í sömu till., að heimilt sé að greiða öðrum hluthöfum en ríkinu 7% í arð. Þessi brtt. hefur verið tekin upp af meiri hl. landbn., að verulega miklu leyti. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því ákvæði nú í brtt. meiri hl. n., að þeir hluthafar, sem leggja fram fé á móti ríkissjóði, séu rétthærri en ríkissjóður með sitt hlutafé, eins og gert er í till. á þskj. 412. Hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst, að hér sé þeim hluthöfum, sem ætlað er að leggja fram mjög

lítinn hluta af heildarstofnfé verksmiðjunnar, gert mjög hátt undir höfði með rekstur hennar, eins og þetta er í till. á þskj. 596. Ég skal taka það fram, að ég er út af fyrir sig ekki á móti því að athuga alla hugsanlega möguleika á því að fá einstaklinga eða stofnanir til að leggja fé í þetta fyrirtæki, en það verða að mínum dómi að vera einhver takmörk fyrir því, hvað þessir aðilar, sem leggja fram sáralítið brot af stofnfénu, fái mikinn rétt á móti ríkinu um stjórn þessa fyrirtækis. Og ég sé ekki betur, eins og gengið er frá þessu á þskj. 596, en það sé til þess ætlazt, að þeir menn, sem aðeins láta þetta litla brot af stofnfénu, fái 2 menn í stjórnina af 5, sem þar eiga að vera. Þykir mér með því of lítið tryggður réttur ríkisins, þó að það sé meiri hluti. Með því að gera áburðarverksmiðjuna að hlutafélagi, er grundvallaratriðinu, sem málið byggist á, breytt. Það er gert ráð fyrir því í þessari brtt., að leitað sé eftir hlutafé innanlands, hjá stofnunum og einstaklingum, og að ríkissjóði sé heimilt að leggja fram fé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins, eina millj. kr. Út af fyrir sig hef ég ekki á móti því, ef áburðarsala ríkisins getur misst þetta fé, að hún leggi það fram, og tel þetta ekki stórt atriði, en þar með er líka gert ráð fyrir því, að þeir aðilar aðrir en ríkissjóður, sem leggja fram fé, þurfi ekki að leggja fram nema 3 millj. kr. í hlutafé af 44 millj. kr., sem fyrirtækið á að kosta. Auk þess á ríkið að taka lán eða leggja fram á einhvern hátt og ábyrgjast 34 millj. kr. í viðbót, og fyrir því á ríkissjóður að vísu að fá þá tryggingu, að Alþ. á að kjósa 3 menn í stj. Hins vegar eiga svo þessir aðilar, sem leggja fram þessar 3 millj. kr., að geta fengið allt að 6% vexti af sínu hlutafé, sem þeir leggja fram. Ég gat ekki fallizt á, að fyrirkomulaginu væri breytt á þennan hátt, að fyrir svona lítið hlutafjárframlag frá einstaklingum og stofnunum skyldi því grundvallaratriði breytt að gera verksmiðjuna að hlutafélagi og reka hana sem slíka og ríkið skyldi þá þurfa að ábyrgjast 41 millj. kr., en svo fengju þeir aðilar, sem aðeins legðu fram 3 millj. kr. af 44, réttinn til þess að ráða stjórninni að 2/5 hlutum. Af þessum ástæðum gat ég ekki fallizt á það að verða flm. þessarar till.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og ég skýrði frá síðast, þegar þetta mál var til umr., þá hafði ríkisstj. undirbúið frv. og borið það fram í því formi, að gert var ráð fyrir, að þetta fyrirtæki yrði reist og rekið af ríkinu, og eins og ég sagði, þá voru þær fyrirmyndir að nokkru leyti sóttar í eldri l., eins og l. um síldarverksmiðjur ríkisins. Var þetta gert vegna þess, að við töldum, að það væri útilokað með jafnrisavaxið fyrirtæki og þetta á íslenzkan mælikvarða að koma því upp nema fá til þess beinan stuðning ríkisins. . . . Ég var kominn að því að ræða um það í sambandi við þær brtt., sem fram hefðu komið hér í hv. Ed. um það, að skotið væri inn í frv. ákvæði um það, að heimilað væri að gera tilraun til að safna eigin fé til verksmiðjunnar sem framlögum bæði frá einstaklingum, félögum og að nokkru leyti frá ríkinu sjálfu, sem kæmi til viðbótar, sem á vantaði þar til vissu lágmarki væri náð með hlutafé. Þegar hér var komið og með því að hæstv. fjmrh., sem tók þátt í þessum umr., mælti mjög eindregið með þessari breyt., fannst mér sjálfsagt að taka till. um hana til athugunar og ræða bæði við tillögumennina og hv. landbn. um þetta atriði. Ég vil ekki bera ábyrgð á því að beita mér gegn slíku ákvæði um, að tilraunir yrðu gerðar til þess að afla þessu fyrirtæki viðbótarfjár til stofnunar þess fram yfir það, sem ákveðið var í frv. sjálfu, og ég vildi ekki bera ábyrgð á því að eiga það á hættu, að málið e. t. v. strandaði hér í þessari hv. d. fyrir þær sakir, að þetta ákvæði fengist ekki sett inn í l. Auk þess væri þessu fyrirtæki mikill styrkur að því að geta fengið inn í fyrirtækið sem eigið fé, ef ég mætti svo segja, eða áhættufé, sem það undir öllum kringumstæðum á að halda í fyrirtækinu og ekki að greiða niður eins og almennt lánsfé. Og þó að það sé ekki nema einn fjórði hluti af því, sem gert er ráð fyrir, að verði stofnkostnaður fyrirtækisins, þá er þetta mikill stuðningur fyrir fyrirtækið. Það varð því að samkomulagi milli hv. landbn. og ríkisstj., get ég sagt, að gera þessa tilraun, sem getur, eins og ég sagði áðan, orðið mikill styrkur fyrir verksmiðjuna, ef það tekst að innbyrða þannig 10 millj. kr. fyrir þetta fyrirtæki í eigin fé. Hins vegar setur það málið í enga hættu, þó að þetta ákvæði verði sett inn í lögin, því að ef ekki tekst að fá þetta fé á þennan hátt, þá heldur málið áfram á þeim grundvelli að öllu leyti, að því er til stofnkostnaðarins kemur, sem lagður var í frv. í upphafi. — En úr því að búið er að taka upp þessa stefnu, að þetta fyrirtæki geti orðið rekið sem hlutafélag, get ég ekki fallizt á það hjá hv. 8. landsk., að það séu óeðlileg forréttindi eða fríðindi, sem privatkapítalinu er veitt með þessu frv. og brtt. n., þar sem gert er ráð fyrir, að privatkapítalið og hluti af rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins geti orðið 4 millj. kr., en þá komi 6 millj. kr. á móti sem framlag frá ríkinu, og ef svo verði, fái privatkapítalið að kjósa tvo menn af fimm í verksmiðjustjórnina, m. ö. o. hlutfallslega jafnmarga og hluti sá, sem privatkapítalið og rekstrarsjóður áburðarsölu ríkisins legði fram af því fé, sem væri lagt fram alls sem óafturkræft hlutafé. Samkv. þessum brtt. leggur ríkið ⅜ hluta af höfuðstólnum og fær ⅜ í stjórn fyrirtækisins, en aðrir leggja fram ⅝ hluta af höfuðstólnum og fá ⅝ hluta í stjórninni. Hitt er annað mál, að það lánsfé, sem til verksmiðjunnar væri fengið, er með ábyrgð ríkissjóðs. Það er rétt, það er ætlazt til þess. En þá er fyrst þess að geta, að þó að ríkið að sjálfsögðu sé þar í hættu, þá er hlutaféð fyrsta áhættufé, og þannig kemur ábyrgðin þyngst niður á þá aðila, sem leggja það fram að tveimur fimmtu hlutum, en það eru einstaklingar og hlutafélög og ríkissjóður hvað snertir rekstrarsjóð áburðarsölu ríkisins. En ríkissjóður fær að sjálfsögðu ákvörðunarrétt innan þessara hluthafa að tiltölu við framlag sitt. Og þeim, sem falið verður af ríkinu að fara með þetta fé, sem yrði

framlag úr rekstrarsjóði áburðarsölunnar, honum verður falið það þannig af ríkisins hálfu, að ríkið fái þar eðlilega þátttöku, þannig að ríkið fari að einum fjórða hluta með ákvörðunarrétt um valið á þessum ⅖ hlutum verksmiðjustjórnarinnar. Og ég sé ekki, enda þótt ríkið ábyrgðist þarna fyrir þetta fyrirtæki allmikið fé, að það sé verið að skapa með því sérstakt fordæmi. Ríkið er nú þegar í ábyrgð fyrir marga tugi fyrirtækja, bæði fyrirtæki einstaklinga og félaga, á ýmsan hátt. Og það er ekki gerð nein krafa til þess, þó að ríkið gangi þannig í ábyrgðir samkv. l., eins og það hefur gert, að það fái neinn sérstakan rétt til stjórnar á viðkomandi fyrirtækjum. Þær stjórnir, sem með þau fyrirtæki fara, eru kosnar af hluthöfum samkv. hlutafélagalögunum eða af þeim félögum, sem reka fyrirtækin og eiga einhvern hlut í þeim, hverju um sig. En ríkið hefur ekkert með rekstur þessara fyrirtækja að gera að öðru leyti. Ég sé því ekki ástæðu til þess, enda þótt ríkið ábyrgðist lán fyrir þetta hlutafélag og það allmikla fúlgu, að gerðar séu kröfur til þess, að ríkið hafi ríkari afskipti af málum þessa hlutafélags heldur en það hefur af málum annarra hlutafélaga, sem ríkið ábyrgist lán fyrir. Ég sé ekki, — þó að farið sé inn á þessa leið, — að óeðlilegt sé, að hluthafarnir, aðrir en ríkissjóður, fái þarna rétt til áhrifa á stjórn og rekstur þessa fyrirtækis á móts við þau hlutafjárframlög, sem þeir leggja í fyrirtækið, sem er fyrsta áhættufé verksmiðjunnar. Ég vil því endurtaka það, að ég óska eftir því, að þessi brtt. verði samþ., og það fyrst og fremst af þeim ástæðum, að ég vil ekki bera ábyrgð á því að hrinda frá þessu fyrirtæki hugsanlegum 10 millj. kr. sem eigin fé og áhættufé í þetta fyrirtæki, ef þess er kostur, að það verði lagt í þetta fyrirtæki sem slíkt, og að fyrir þær sakir, að þessum möguleika væri hafnað, kynni þá svo að fara, að fyrirtækinu yrði fjár vant, og tel ég því rétt, að þessi heimild verði sett inn í lögin og notuð, ef kostur er. En hins vegar sé ég ekki, að fyrirtækinu sé nein hætta búin, þó að þetta ákvæði sé samþ., því að nái þetta ekki fram að ganga, þegar til stofnunar verksmiðjunnar kemur, þá er hin leiðin opin eftir sem áður, sem í frv. er nú gert ráð fyrir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég sé, að meiri hl. hv. landbn. hefur tekið upp að mestu leyti brtt. mína á þskj. 412, að vísu með nokkrum breyt., en þó ekki miklum. Ég fyrir mitt leyti get vel gengið inn á þessar breyt., sem eru fólgnar í því, að þarna í brtt. er ætlazt til þess, að lagt sé fram úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins óafturkræft fé, sem nemi einni millj. kr., og þá komi þrjár millj. sem framlag frá einstaklingum eða félögum í stað 2,5 millj. kr., sem ég lagði til í minni till. Enn fremur er hér í þessari brtt. heimilað að greiða hluthöfum arð af fé þeirra allt að 6%, en ég hafði lagt til, að það yrðu greidd 7%. Mér þykir þetta að vísu nokkuð lágt til tekið í brtt. meiri hl. hv. n. Þó er það ekki frágangssök. Það, sem vakir fyrir mér í þessu efni, er ekki það fyrst og fremst, að einstaklingar og félög geti haft miklar tekjur af þessu fé, sem þessir aðilar leggja þarna fram, heldur það, að sá ágóðahluti, sem viðkomandi fyrirtæki geti greitt undir þessum kringumstæðum og þegar það getur gert það, sé þó það mikill, að fé einstaklingsframtaksins sæki í slík fyrirtæki, en að það sé ekki þannig, að það forðist þau. Og mér hefði þótt hæfilegt, að þetta hefði orðið 7%. Og svipuð fyrirtæki í Danmörku, sem danska ríkið á í, minnir mig, að greiði 10% sem hámark í arð á ári til hluthafa. Þess ber að gæta, að slík fyrirtæki greiða ekki þennan arð, nema fyrirtækin beri sig svo vel, að arðinn sé hægt að greiða. — Þá er nokkur breyt. í brtt. n. á tölu þeirra manna, sem skipa eiga stjórn verksmiðjunnar, og er hér lagt til, að þeir séu fimm í stað þriggja, og sé ég ekkert við það að athuga út af fyrir sig. En kannske er þetta heppilegt að því leyti, að ef ekkert verður úr þessu, þá þarf ekki að gera breyt. á þeirri gr. frv., sem um þetta fjallar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og ég áður sagði, mun ég fylgja þessu frv., enda þótt ég beri mikinn kvíðboga fyrir því, að það verði viðbót við þau pappírslög svipaðs eðlis, sem undanfarin þing hafa ungað út. Ég vil þó taka það fram, að frv., eins og það verður eftir samþykkt þessarar brtt. á þskj. 596, verður ósköp leiðinlegt. Það gerir ráð fyrir þessu eða hinu. Og það gerir ráð fyrir möguleikum fyrir tvenns konar stjórn fyrir þetta fyrirtæki o. fl. o. fl., sem á þó ekki nema önnur að starfa, ef til kemur. — En með tilliti til þess, að þetta er allt framtíðarmál, sem vafalaust verður breytt aftur í samræmi við það, sem uppi verður endanlega með þessa verksmiðju, ef það heppnast að koma henni áfram, þá mun ég þó fylgja þessu þannig tvíræðu öllu, í því trausti, að það verði fært í heilsteyptan búning, þegar verksmiðjan kemst á laggirnar, og líka til þess að hægt sé að hafa báðar leiðirnar opnar, meðan á undirbúningi verksmiðjunnar stendur, sem að vísu getur orðið nokkuð lengi. Ég mun því fylgja frv., þó að ég sé mjög hræddur um, að það verði viðbót við þá hálfu tylft slíkra laga, sem Alþ. hefur samþ. áður af pappírslögum, sem ætlazt var til, að yrðu framkvæmd, en ekkert hefur orðið úr og maður hefur ekkert heyrt talað um, að þessi hæstv. ríkisstj. eða fyrrv. ríkisstj. hafi reynt neitt til að gera neina framkvæmd úr.

Hannibal Valdimarsson: Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð um þetta mál og lýsa afstöðu minni til þess. Ég er málinu mjög fylgjandi og skal láta í ljós, að ég tel þá brtt., sem fram er komin á þskj. 596 og hæstv. landbrh. hefur nú nýskeð mælt með, mjög spilla málinu, ef hún verður samþ., og mun ég greiða atkv. gegn henni, þó að ég hins vegar hiklaust greiði atkv. með málinu, þó að hún verði samþ. En ég tel þó þá viðbót við frv. frá því, sem það var borið fram af hæstv. ríkisstj., spilla því mjög. Ég tel, að þetta fyrirtæki hafi verið hugsað þannig, að það ætti fyrst og fremst að vera til þess að framleiða nauðsynjavöru til þess að greiða fyrir öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar og það með

sem ódýrustum hætti. Ég hafði haldið, að hér væri ekkert pláss fyrir privatkapítalið til þess að græða á þessu fyrirtæki. Ég mun greiða atkv. á móti þessari brtt., en með málinu, jafnvel þó að það spillist af samþykkt hennar.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Örfá orð úr af ræðu hæstv. landbrh. Ég vil byrja á þeirri setningu, sem hann sagði síðast, að hann vildi ekki hrinda frá þessu fyrirtæki hugsanlegri von um 10 millj. kr. framlag, sem hann taldi, að mér skildist, að ráðið gæti úrslitum um það, hvort fyrirtækið kæmist upp eða ekki. Í raun og veru voru röksemdir hans byggðar mjög á því, að vonir gætu verið um þetta framlag. En í till. sjálfri er í raun og veru ekki gert ráð fyrir þessu framlagi nema úr ríkissjóði að undanskildu þriggja millj. kr. framlagi, því þó að gert sé ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi sem hlutafé, þá á ríkissjóður að leggja fram 7 millj. kr. af þessu fé. Það getur verið, að svo háir vextir, eins og hér er gert ráð fyrir, dragi nokkuð privatkapital í þetta fyrirtæki, og hefði þetta verið haft eins og til var tekið í brtt. hv. 1. þm. Reykv., hefði kannske dregizt meira privatkapital í það. En mér virðast litlar líkur vera til þess, að þetta geti orðið meira en þrjár millj. kr. Og ég sé ekki, að fyrirtækið verði stórum öruggara með að komast á fót, þó að það væru útvegaðar þrjár millj. kr. í stofnfé á þennan hátt. Ríkið mundi koma fyrirtækinu upp nokkurn veginn jafnt, hvort sem það ætti að sjá um þessar 41 millj. kr. til þess eða 44 millj. kr. Mér virðast þetta því vægast sagt mjög veik rök hjá hæstv. landbrh.

Þá taldi hann, að ég hefði gert of mikið úr því, að þeim, sem legðu privatkapítalið fram, væri gefið of mikið vald um stjórn þessa fyrirtækis, þar sem það á að tilnefna tvo menn af fimm í stjórn þess, þó að það hefði ⅖ af hlutafénu, en ríkið tilnefndi ⅗ af stjórninni og hefði ⅗ af hlutafénu. Hann taldi þetta eðlileg hlutföll, en gerði lítið úr því, að ríkið ábyrgðist hinar 34 millj. kr., sem auk þessara 10 millj. þarf til stofnkostnaðar fyrirtækisins. Og hann talaði um, að ríkið ábyrgðist lán til annarra hlutafélaga. Ég held, að það sé ákaflega lítið um það, að ríkið standi í ábyrgðum fyrir hlutafélög. Ég man að vísu eftir, að á síðasta þingi var samþ. ábyrgð ríkisins fyrir láni til h.f. Skipanaust, (*BÓ:* Og fyrir Slippfélagið.) vegna þess að þarna var um mjög mikið nauðsynjafyrirtæki að ræða. Ég hygg, að þetta sé það eina í þessu efni, þó að ég þori ekki að fullyrða það. Þess vegna tel ég það röng rök að benda á hlutafélagasamtökin til þess að réttlæta þetta. Hitt er annað mál, að ríkið stendur í ábyrgðum fyrir lán til bæjar- og sveitarfélaga til ákveðinna framkvæmda, eins og t. d. samkv. hafnarlögum og slíku. Og það er óneitanlega nokkuð annað. Hæstv. atvmrh. vildi einnig gera mikið úr því, að hlutafé, sem hér væri um að ræða, væri fyrsta áhættufé, sem tapaðist, ef fyrirtækið yrði fyrir tjóni, svo að það tapaði fé, og það var að vísu alveg rétt. En ég bendi á, að fyllilega er ráð fyrir því gert, og hann gerir einnig ráð fyrir því, að ríkið mundi eiga í raun og veru 7/10 hluta af þessu hlutafé, sem fyrst tapast, svo að það hnígur allt að því, að fyrir þessi fríðindi, sem privatkapítalið fær, þá þurfi það ekki að leggja nema 3 millj. kr. af 10 millj. kr., sem hlutafé, til þess að þetta fyrirtæki komist á laggirnar.

Í samræmi við þetta leyfum við okkur, ég og hv. 6. landsk. þm., að bera fram brtt. við þessa brtt. á þskj. 596 um, að í stað „Sameinað Alþingi kýs þrjá“ komi: Sameinað Alþingi kýs fjóra. Og í öðru lagi: Í stað „Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn“ komi: Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa einn stjórnarnefndarmann. — Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt., sem hv. þm. hafa heyrt. Fyrir henni þarf tvenns konar afbrigði. Hún er of seint fram komin og auk þess skrifl. Vil ég leita þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 609) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ef ég leitaði, þá býst ég við, að ég mundi finna hlutafélag, sem ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir. Ég man eftir þremur auk þeirra, sem nefnd hafa verið. Annars ætla ég ekki að lengja umr. með því að munnhöggvast við hv. 8. landsk., þegar skilningurinn er svo bágborinn, að hann sér ekki, að fyrirtækið er betur sett, ef það fær 10 millj. kr., heldur en ef það á að vera komið undir því fé, sem veitt kann að verða til þess í fjárl. Hér er því þó slegið föstu, að ríkissjóður eigi að afhenda 6 millj. kr. í viðbót við þær 4 millj., sem einstaklingar eða félög legðu fram. Ef hann er svo skyni skroppinn, að hann skilur ekki, að fyrirtækið er betur sett með þessu en peningum, sem kannske verða aldrei veittir, eða lánum, þá þýðir lítið að ræða þetta við hann. Sannleikurinn er sá, að hann heldur áfram að þvælast fyrir málinu án frambærilegra raka.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vil eindregið mæla gegn því, að þessi till. verði samþ., um, að hluthafar samkvæmt till. á þskj. 596 fái bara einn af fimm mönnum í stj. verksmiðjunnar í stað tveggja. Ef þessi till. verður samþ., gerir það brtt. tilgangslausa. Ég get ekki séð, að nokkur muni hafa áhuga á því að leggja peninga í fyrirtæki, jafnvel þó að það sé eins vinsælt og nauðsynlegt og þetta, ef sýnilegt er, að löggjafinn gengur þannig frá málinu, að leggja á fram fé, en engin ráð eða áhrif í stj. fyrirtækisins koma á móti. Það, sem vakti fyrir mér, var að komast fram hjá hreinum ríkisrekstri og fá persónulega gagnrýni frá þeim, er hagsmuna hefðu að gæta í fyrirtækinu. Með því móti yrði fyrirtækið rekið betur en tíðkast um ríkisfyrirtæki. Við höfum reynslu af ríkisfyrirtækjum og vitum, að þau eru öll illa rekin og með tapi. Það er ekkert nýtt, að ríkið taki þátt í hlutafélögum með einstaklingum, ég get nefnt sem dæmi raftækjaverksmiðjuna í Hafn-

arfirði. Það er talsvert stórt fyrirtæki, en það vill svo til, að ríkið hefur þar lítil áhrif, og það er kannske ástæðan fyrir því, hvað fyrirtækið gengur vel. Þau tvö ár, sem ég var fjmrh., kom aldrei til kasta ráðuneytisins um áhrif á fyrirtækið. Að vísu var einn maður skipaður til þess að hafa þessi mál með höndum, en ríkissjóður virðist hafa gleymt fyrirtækinu, og það er kostur. Þetta er myndarlegt fyrirtæki, sem gengið hefur prýðilega, og ég vænti þess, að það eigi eftir að eflast. Þá má líka nefna Útvegsbankann. Að vísu er það svo, því miður, að ríkissjóður hefur of sterk ítök í Útvegsbankanum, og væri betra, að ríkissjóður hefði ekki bæði tögl og hagldir þar, en þó er um hlutafélag að ræða, þar sem talsverður hluti fjármagnsins er í höndum einstaklinga. Það hefur ekki borið á því, að þetta skemmdi rekstur bankans nema síður væri.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. gat ekki stillt sig um að segja, að ég væri bara að þvælast fyrir málinu, eins og ég hefði gert frá byrjun. Mér kemur þetta ekki á óvart. Þetta er sá tónn, sem venjulegur er, þó að ekki sé annað gert en að benda á augljósa galla. Hæstv. ráðh. spurði, hvort ég væri svo skyni skroppinn, að ég skildi ekki, að fyrirtæki, sem fengi 10 millj. kr., væri betur sett en ef það þyrfti að vera komið undir því, að fé yrði veitt til þess í fjárl. eða að taka allt að láni. Það er rétt og það skil ég, en ég vil aftur spyrja hæstv. ráðh., af því að hann sagði, að ríkið væri með þessu skyldað til þess að leggja fram 6 millj., en annars færi framlag ríkisins eftir því, hvað veitt yrði í fjárl., — verður ekki nákvæmlega jafnerfitt fyrir ríkið að leggja fram þetta fé, hvor leiðin sem farin er? Ég fæ ekki betur séð. Þar sem sagt er, að ríkissjóður leggi fram 6 millj. kr. og sjöunda millj. á að koma frá áburðarsölu ríkisins, er gert ráð fyrir því, að það verði bara 3 millj., sem koma frá privatkapítalinu.

Ég er þakklátur fyrir ræðu hv. 1. þm. Reykv., því að þar kom greinilega fram, hvað vakir fyrir stuðningsmönnum till. Hann sagði, að hluthafar mundu ekki leggja fram fé til fyrirtækisins án þess að hafa þar yfirráð. *(BÓ:* Ég sagði ekki yfirráð, ég sagði ráð.) Það er nokkuð svipað. Þeir vilja fá svo mikil ráð, að þeir eigi tvo af fimm stjórnarmeðlimum, og hv. þm. heldur því fram, að þeir muni ekki leggja fram fé, ef þeir fái bara einn af fimm. Ég vildi benda á, að einn maður mundi nægja til þess að gagnrýna rekstur fyrirtækisins, ef það yrði illa rekið, eins og sumir telja, að öll ríkisfyrirtæki séu, en það fær maður nú að heyra næstum daglega í þingsölunum, og ætla ég ekki að ræða það. En ég vildi benda á annað. Það getur farið svo, og ef til vill er að því stefnt, að þeir, sem eiga privatkapítalið, reyni að ná meiri hl. í stj. verksmiðjunnar. Þeir eiga svo mikil ítök í Alþ., að þeim verður ekki skotaskuld úr því að fá meiri hl. í stj. Ég vildi beina því til hæstv. landbrh., hvort hann hefur gert sér það ljóst, er hann gekk inn á þessa till. Hv. 1. þm. Reykv. sagði líka, að ríkissjóður hefði lagt fram fé til raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði og um það hefði aldrei verið nein rekistefna og kostur, að ríkissjóður hefði gleymt þessu. Það er kannske þetta, sem vakir fyrir fylgjendum till., að ríkissjóður gleymi því, sem hann leggur fram til verksmiðjunnar. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh., hvort hann vilji ekki athuga þetta líka. Það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um Útvegsbankann, kemur ekki þessu máli við, og fer ég því ekki út í það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að brtt. mín á þskj. 534 er í meginatriðum tekin í þessa till. og ég hef sagt, að ég mundi taka hana aftur, ef þessi till. verður samþ., og vegna þeirrar deilu, sem um málið er, þykir mér rétt að skýra afstöðu mína.

Ég tel rök hæstv. ráðh. rétt og held, að hv. 8. landsk. taki þau ekki gild vegna þess, að hann er ekki kunnugur rekstri hlutafélaga, en ekki af skilningsleysi eða illgirni. Sannleikurinn er sá, að með því að fara inn á þessa braut, eru fyrirtækinu tryggðar 10 millj. kr. sem fyrsta áhættufé, og það er ekki lítils vert. Það gæti farið svo, að þessi 25% nægðu, til þess að koma fyrirtækinu á fjárhagslegan grundvöll. Þá þyrfti ríkið aðeins að leggja fram 7 millj. kr., 6 millj. auk einnar millj. frá áburðarsölu ríkisins. Það er þá engin goðgá að hugsa sér, að hægt mundi vera að fá fasteignalán er næmi 25% og lán út á annan veðrétt með ábyrgð ríkissjóðs. Ef það tekst að skapa fyrirtækinu fjárhagslegt öryggi á þennan hátt, þá þarf ríkissjóður ekki að leggja meira fé fram. Fari svo, að þess verði þörf, halda hluthafarnir áfram að leggja inn nýtt hlutafé eða gengið verður að fyrirtækinu, og þá fellur úr það, sem lagt hefur verið fram sem stofnfé. Hv. 8. landsk. hefur sennilega ekki gert sér það ljóst. *(ÁS:* Jú, jú.) Úr því að hv. þm. segir jú, jú, er það eitthvað annað en ókunnugleiki, sem veldur andstöðu hans.

En fyrir mér vakir einnig annað, og þess vegna er ég ekki sammála hv. 1. þm. Reykv., sem leggur mikla áherzlu á vextina. Meginatriðið er, að samstarf verði milli ríkisins og einstaklinganna. Það er því ekki rétt að beita ósanngirni frá byrjun. Þess vegna er ég fylgjandi því, að stj. verksmiðjunnar verði skipuð eins og sagt er í till. á þskj. 596. Mér finnst sanngjarnt, að hluthafar, aðrir en ríkið, fái tvo menn í stj., og tel þau rök, er hv. 8 landsk. hefur komið fram með gegn því, fölsk. Ef þeir fengju bara einn, gæti svo farið, að ríkissjóður ætti einnig þann mann, og þá væri öll stj. í höndum ríkissjóðs. Þá yrði ekki um neitt daglegt samstarf að ræða, en upp úr því legg ég mjög mikið. Ég hygg, að það hafi vakað fyrir hæstv. ráðh., og að hann hafi hugboð um, að félagssambönd bænda séu fús að styðja þetta mál, ekki til þess að fá 6 eða 7% vexti, heldur til þess að hjálpa því áfram, svo að það nái fram að ganga. Ég greiði því atkv. með till. eins og hún er, en er á móti þeim brtt., sem fram hafa komið.

ATKVGR.

Brtt. 412 og 534 teknar aftur.

Gísli Jónsson: Eftir að hæstv. forseti hefur sagt, að ekki sé hægt að taka till. aftur, þegar séð er, hvernig fer um till. á þskj. 596, verð ég að taka till. mína á þskj. 534 aftur nú, en geri það að sjálfsögðu í því trausti, að hin till. verði samþ.

Brtt. 609 felld með 9:3 atkv.
Brtt. 596 samþ. með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (610).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hafa í Ed. verið gerðar allmikilvægar breyt. á þessu frv., og þykir mér því hlýða, að það verði athugað, hvaða þýðingu þessar breyt. hafa. Í þessum breyt. er ákveðið, að svo framarlega sem einstaklingar eða félög vilji leggja fé til verksmiðjunnar, þá skuli hún rekin sem hlutafélag, og skuli vera breytt öllu því formi, sem hingað til hefur verið rætt um, að reka þessa áburðarverksmiðju sem ríkisfyrirtæki, hún skuli verða hlutafélag. Þar er gengið út frá því, að svo framarlega sem það náist í slíkt framlag, 4 millj. kr., þá skuli hlutaféð vera 10 millj. kr. alls, ríkið leggi fram 6 millj. kr., en einstaklingar eða félög 4 millj. kr., enn fremur að einstaklingar eða hlutafélög skuli kjósa tvo stjórnarnefndarmenn, en sameinað Alþingi þrjá. Ég verð að segja það, að þessi breyt. er í fyrsta lagi breyt., sem er alveg nýtt fyrirkomulag í okkar landi, og þess vegna er full ástæða til þess að athuga þetta mjög vel. Í öðru lagi er sýnt, að afleiðingin af því að taka upp svona skipulag getur orðið ákaflega athugaverð í því formi, sem hér er lagt til. Ríkið mun fram að þessu ekki hafa tekið þátt nema í einu hlutafélagi, sem ég veit af, þar sem ríkið á meiri hlutann af hlutafénu, þ. e. í Útvegsbanka Íslands h. f. Í því hlutafélagi var, þegar það var stofnað, ákveðið að hafa 2½ millj. kr. hlutafé, ríkið skyldi leggja fram 1½ millj. kr., eða ⅜, en einstaklingar 1 millj. kr., eða ⅖. Hins vegar hefur ríkissjóður í því hlutafélagi, Útvegsbanka Íslands, þar sem hann á meiri hl. hlutafjárins, öll völd í félaginu, hann kýs alla stjórnina samkvæmt því, að hann á meiri hl. hlutafjárins, og ræður þar með alveg félaginu. Þetta er það eina hlutafélag, sem ég veit af, þar sem ríkið á meiri hl., en ríkið mun taka þátt í örfáum öðrum hlutafélögum. En þarna er það samþ. í Ed., að ríkið skuli, ef einstaklingar og félög vilja leggja fram 4 millj. kr., breyta þessu í hlutafélag, og þá skuli hlutaféð vera 10 millj. kr. Nú vitum við, að þessi áburðarverksmiðja á að kosta samkvæmt útreikningi 46 millj. kr. og mun að öllum líkindum kosta það a. m. k. Það þýðir, að það mun vera gengið út frá því, að það verði ríkið, sem kemur til með að ábyrgjast skuldir þessarar verksmiðju, því að ég býst ekki við, að hlutaféð, þessar 10 millj., verði tekið gilt sem ábyrgð fyrir öllu því, sem keypt verður inn. Ég er hræddur um, að það hljóti að vera gengið út frá því eftir sem áður, að það verði ríkið fyrst og fremst, sem ábyrgðin kemur til með að hvíla á, þegar fyrirtækið væri komið upp og kostar 40—50 millj. kr., en eignir þessa hlutafélags eru 10 millj. kr. hlutafé. Þá getur afleiðingin orðið sú, að ríkið sem slíkt verði þar í ábyrgðum, sem geta numið 30—40 millj. kr. fram yfir hlutaféð, og hins vegar munu þeir einstaklingar, sem þarna eiga hlut í, ef ekki eru gerðar sérstakar breyt., ekki taka á sig meiri ábyrgð en þá, sem felst í því, að þeim er ætlað að setja hlutafé í þetta. Þetta þýðir hins vegar, að einstaklingar, sem þarna leggja fram fé, taka að öllum líkindum ekki á sig neina áhættu fram yfir sitt hlutafé, en ríkið kemur til með að verða sá fjárhagslegi grundvöllur, sem lánstraust þessa fyrirtækis kemur til með að hvíla á. Hins vegar völdin í félaginu, — hvernig koma þau til með að vera? Eins og þetta hefur verið samþ. í Ed., þá eiga þessir einstaklingar og félög, sem þarna taka þátt í, að fá 2 menn í stjórn af 5. Í venjulegu hlutafélagi mundi ríkið hafa hreinan meiri hl. og geta ráðið allri stjórn. En með þessum l. yrði minni hl., einstaklingar og félög, sem leggja fram 4 millj. kr., mjög afgerandi í fyrirtæki, sem að öllum líkindum með aðstoð ríkisins mundi kosta 40—50 millj. kr., hvað stofnkostnað snertir. Það hefur a. m. k. verið gengið út frá því, þegar fyrirtæki hafa verið stofnuð, þar sem það opinbera og einstaklingar að einhverju leyti starfa saman, að það skiptist í jöfnum hlutföllum völd og ábyrgðir, þannig að að sama skapi sem aðilarnir taka á sig ábyrgðir, að sama skapi fari líka þeirra völd. Nú skulum við enn fremur gera okkur ljóst, að ekki er einu sinni víst, að þegar ætti að fara að gera þetta að raunverulegri framkvæmd, að mönnum mundi þykja rétt að halda við þessa hluti hvað áburðarverksmiðjuna snertir. Ef til vill mundi mönnum þykja rétt, ekki síst, ef fjárríkir menn kæmu þarna inn, að hafa verksmiðjuna stærri en gert er ráð fyrir í þessum l., t. d. með 30—40 þús. tonna framleiðslugetu, og ef hlutafélagsfyrirkomulaginu, sem hér er rætt um, yrði haldið, hver yrði þá afleiðingin? Hún yrði sú, að með 10—20 millj. kr. hlutafé væri hægt að ráða verksmiðju, sem máske með ábyrgð ríkissjóðs kostaði 100 millj. kr. Einstaklingar, sem legðu fram 4 millj. kr., gætu fengið afgerandi áhrif á rekstur og umráð þessa fyrirtækis. Þetta er ákaflega hættulegt atriði. Ef ríkið ætlaði að fara inn á samstarf við einstaklinga í svona rekstri, sem er atriði, sem ég vil ekki fortaka, að gæti verið heppilegt, þá verður að skiptast að jöfnu völd og ábyrgðir. Ef ríkið á að ábyrgjast og leggja fram fé, þá verður vald ríkisins að vera í samræmi við það.

Nú skulum við hins vegar hugsa okkur alveg praktiskt, hvernig þessu mundi vera fyrir komið. Við skulum athuga tvenna möguleika, af því að við þekkjum, hvernig fjárhag er háttað

í okkar landi. Við skulum hugsa okkur það atriði, að það væri t. d. í öðru tilfellinu S. Í. S. og stjórn í einhverju kaupfélagi landsins, sem legði fram hlutafé upp á 4 millj. og ríkið legði fram 6 millj. Það mundi þýða, ef þessi l. væru samþ., að með hlutfallskosningu hér í sameinuðu þingi fengi Framsfl. einn mann, og mér skilst, að þessir hluthafar fái 2 menn, og útkoman mundi svo vera sú, með þeim valdahlutföllum, sem eru í landinu, að Framsfl. hefði í rauninni meiri hl. í stjórn þessa fyrirtækis. Býst ég við, að ýmsir mundu máske álíta, að það væri ekki sérstaklega varhugavert, þó að Sambandið, með þeim áhrifum sem það hefur í Framsfl., mundi geta ráðið þessu fyrirtæki. En við skulum hugsa okkur annan möguleika. Við skulum hugsa okkur þann möguleika, að ríkir menn, sem ef til vill fengju erlendis lán frá þeim amerísku hringum eða evrópsku hringum, sem áhuga hafa fyrir áburðarframleiðslu, kæmu fram hjá okkur í sambandi við slíkt fyrirtæki. Við skulum hugsa okkur, að þeir legðu fram þessar 4 millj. kr. og það væru kunnustu heildsalar hér úr Reykjavík, dugandi forvígismenn Sjálfstfl. Og svo yrðu kosnir hér í þinginu 3 menn í stjórn. Sjálfstfl. fengi einn mann, sem mundi þýða, að þessir heildsalar í Sjálfstfl. hefðu hreinan meiri hl. í stjórn þessa fyrirtækis. Þá væri það komið þannig, með þeirri tilhneigingu, sem virðist ríkja hjá þessum aðilum, að það, sem þeir mundu kalla einkaframtak, réði algerlega yfir þessu fyrirtæki. Það væri ríkið, sem ábyrgðist fyrirtækið að mestu eða öllu, en þeir, sem réðu því, það væru auðmenn í Reykjavík og þeirra flokkur, sem ef til vill stæðu í nánu sambandi við volduga hringa erlendis, sem hefðu sérstakan áhuga fyrir þessari framleiðslu. Slíkt gæti þá orðið aðferð fyrir þessa útlendu hringa til þess að ná tökum á þessari íslenzku áburðarverksmiðju, annars vegar í gegnum þessa einstaklinga, sem þarna legðu fram fé, og hins vegar gegnum Sjálfstfl. hér á Alþ. Ég vil vekja eftirtekt á þessu vegna þess, að svo framarlega sem þannig er farið að, þá er komin hér upp alveg ný tegund af ríkisrekstri, sem sé að ríkið leggi til peningana og ábyrgðirnar, en einstakir auðmenn ráði fyrirtækinu. Þetta gæti, eins og liggur í augum uppi, haft óheppilegar afleiðingar. Við höfum orðið varir við það undanfarið, að það hafa komið fram nokkrar till. hér á Alþ. frá sjálfstæðismönnum um að selja ýmis ríkisfyrirtæki — ríkið byði þau upp þeim, sem byði bezt. Þeir, sem byðu bezt og keyptu, legðu fram peninga eins og þau hefðu kostað og borguðu það til ríkissjóðs. Ef þessi leið yrði farin, sem nú er lagt fyrir af Ed. með áburðarverksmiðjuna, þá mundi hin nýja aðferð með ríkisfyrirtækin vera praktiskari fyrir kaupendur en lagt er til í þeim till., sem Sjálfstfl. hefur verið að koma fram með hér á Alþ. Eftir þeim till. þurfa einstakir auðmenn að borga fyrirtækin, sem þeir ætla að kaupa af ríkinu, til þess að fá að ráða þeim, en eftir þessu fyrirkomulagi á ríkið að borga, en einstaklingarnir að fá þau í hendur og ráða þeim. Það er praktisk aðferð fyrir auðmenn Reykjavíkur, því að það er munur að fá t. d. tóbakseinkasölunni breytt í hlutafélag, þar sem ríkið á ⅗, en einstaklingar ⅖, og með hlutfallskosningu í Alþ. og með því, að helztu heildsalar keyptu ⅖ í tóbakseinkasölunni, þá hefði Sjálfstfl. 3 menn af 5 í stjórn fyrirtækisins. Þá er komin upp stjórn einkaframtaksins án þess að leggja fram mikla peninga til þess, en ríkið ábyrgist reksturinn, sem er nú ekki hættulegt, þegar um tóbakseinkasöluna er að ræða. Ég held þess vegna að þessar till., sem hér koma til okkar frá Ed., þurfi nákvæmrar rannsóknar við. Ef við ætlum að hafa þá aðferð, sem þar er lagt til, þá er skapað með því fordæmi, sem er ómögulegt að sjá, hvaða afleiðingar hefur hér á Íslandi. Ég held, að það sé skylda okkar, sem eigum að ráðstafa fé ríkisins, að hafa mikla gát á, þegar farið er inn á slíkar leiðir sem hér er gert, og athuga vel okkar gang, ekki sízt þegar einkaframtakið á hér mikla gróðavon, eins og hefur sýnt sig í Ed., en ef gert er eins og gert er ráð fyrir hér, þá er einkaframtakinu og e. t. v. erlendum auðhringum gefinn kostur á að ráða mestu um fyrirtækið allt frá byrjun. Ég vildi því óska upplýsinga hjá hæstv. ráðh.: Í fyrsta lagi, hvaða áhugi sé fyrir ákvæðunum í 13. gr. hjá einstaklingum og þá hjá hverjum, og í öðru lagi tel ég, að við í þessari hv. d. verðum að taka málið til endurskoðunar. Ég tel ekki rétt, að málið fari út úr d. eftir slíka stórbreytingu, án þess að það fari aftur til n., því að með því er skapað nýtt fordæmi um meðferð á fé ríkisins, sem gæti orðið hættulegt. Ég álít, ef tekið verður upp samstarf við þá, sem raunverulegan áhuga hafa á þessu máli, svo sem samtök bænda og S. Í. S., þá verði að hafa annað form á því en hlutafélag og enn fremur, að ákveðið verði um ábyrgð viðkomandi eigenda hlutafjárins, sem nái lengra en samkv. almennu hlutafélagal. En hér þarf að ábyrgjast meira og þarf að krefjast ábyrgðar af fleirum en ríkinu, þar sem svo mikil völd og ítök eru veitt. Ég álít því, að athuga þurfi þetta nánar, ekki af því, að ég vilji tefja málið, heldur af því, að ég tel, að málið þurfi nánari yfirvegun en það hefur þegar fengið eftir breytinguna, þar sem það hefur aðeins gengið í gegnum eina umr. í Ed. og á að ganga í gegnum eina umr. hér. Ég veit ekki, hvort landbn. ætti að athuga málið, en þegar um svona ráðstöfun á eignum ríkisins er að ræða, tel ég heppilegast, að fjhn. fjalli um það, hvort sem hún hefur samstarf um það við landbn. eða hvernig sem því yrði komið fyrir.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum skýra afstöðu mína til breyt. á frv. síðan það fór úr hv. deild. Frv. var upphaflega borið fram á þeim grundvelli, að það yrði eingöngu ríkisfyrirtæki, og var þá haft fyrir augum sem fordæmi, þegar ríkið hljóp undir bagga með síldarútvegínum, þegar það reisti síldarverksmiðjur ríkisins, og þegar um svo stórt fyrirtæki var að ræða, a. m. k. á íslenzkan mælikvarða, þá var gert ráð fyrir því, að því yrði ekki komið upp nema

af ríkisheildinni. Hins vegar var gengið svo frá frv. í Ed., að gert var ráð fyrir, að fjármagn frá félögum og einstaklingum gæti komið inn í fyrirtækið til viðbótar við framlag ríkisins. Nú var það vitanlegt, að allmiklir örðugleikar mundu verða á því að afla nægilegs fjármagns til að koma fyrirtækinu upp á skömmum tíma, og þegar till. kom fram um það að veita einkafjármagni inn í fyrirtækið og ríkið legði fram allt að 6 millj. króna sem óafturkræft framlag til verksmiðjunnar, var það ljóst, að með þessu móti yrði fyrirtækið fjárhagslega sterkara, og vildi ég því ekki bægja þessu fjármagni frá, svo að ekki væri hægt að segja síðar, ef fyrirtækið strandaði á fjárskorti, að ekki hefði verið gert allt, sem hægt var, til að koma því upp. Ég vildi því ekki eiga hlut að því, að þessu yrði hafnað fyrir fram, ef þetta yrði ef til vill eini möguleikinn til þess að tryggja fyrirtækið fjárhagslega, sérstaklega eftir að hæstv. fjmrh. hafði mælt með því, en það kemur í hans hlut að afla þeirra 6 millj., sem samþ. var að ríkið legði til. Ég vil því taka á móti þessari heimild, eins og ég hef áður sagt. Hvað viðvíkur fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv., þá skal ég geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að fyrir hendi sé fé til þessa fyrirtækis frá öðrum en ríkissjóði, en ég veit hins vegar, að S. Í. S. hefur haft áhuga á þessu máli, en mér er ekki kunnugt um, hvort það vill leggja fram fé í þessu skyni. Ég er því ekki trúaður á, að þetta muni takast, þó að svo kunni að fara. En fari svo, að ekki takist að fá fé samkvæmt 13. gr., þá gengur málið sinn upphaflega gang.

Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. um yfirráðahlutföllin, þá finnst mér þau ekki ósanngjörn. Það er ætlazt til, að ⅗ hlutar hlutafjárins komi annars staðar frá en frá ríkinu, og þeir fá ⅖ stjórnarinnar, og eru þá hlutföllin svipuð og eðlilegt mætti þykja, og af þessum 4 millj. má gera ráð fyrir, að ¼ hluti eða 1 millj. geti komið frá varasjóði áburðarsölunnar, en það fé er í höndum ríkisins og gefur ríkinu hlutdeild í kosningunum sem því svarar. Þá er það ekki rétt hjá hv. þm., að hér sé verið að fara út á nýjar og áður óþekktar brautir, því að þess eru dæmi áður, að ríkið hafi gerzt hluthafi í félögum einstaklinga, t. d. Rafha í Hafnarfirði og Skallagrími í Borgarnesi, þar sem það hefur ekki einu sinni meiri hluta í stjórn, og til viðbótar þessu verður oft að ætlazt til, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir lánsfé, og er ekki óalgengt, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir hlutafélög. Það er því ekkert einsdæmi, að ríkið gerist hluthafi í félögum einstaklinga beint eða óbeint, en hér er um stærra fyrirtæki að ræða en ríkið hefur áður gerzt hluthafi í eða gengið í ábyrgð fyrir. Hér er því ekki verið að fara inn á nýjar brautir. Um það, hvernig yfirráðum yfir fyrirtækinu verði háttað, ef reiknað er eftir pólitískum flokkum, er ómögulegt að segja og fer eftir ýmsu, og fer það m. a. eftir styrktarhlutföllum flokkanna í framtíðinni, en það sama gildir, þótt fyrirtækið sé rekið af ríkinu og Alþ. tilnefni stjórnina, þá er ekki hægt að komast hjá því, að hinir pólitísku flokkar ráði fyrirtækinu á einhvern hátt. Þetta vildi ég aðeins segja um afstöðu mína til þessa máls eins og það stendur nú.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki á móti þessu ákvæði í frv., ef með því móti er hægt að fá eitthvað af hlutafé frá einstaklingum handa verksmiðjunni, en þá þyrfti að setja fyllri ákvæði um stjórn verksmiðjunnar og arðsúthlutun en nú er. Í 13. gr. er þess getið, að einstaklingum og félögum sé leyfilegt að leggja fram fé í fyrirtækið og að áburðareinkasalan leggi fram allt að 1 millj. kr., sem sé óafturkræft framlag. Nú upplýsti hæstv. landbrh., að með þessari 1 millj. kr. heimild væri átt við það, að áburðareinkasalan legði þetta fram sem hlutafé, en það er ekki skýrt í gr., og er undarlegt, ef þetta á að vera hlutafé, að komast svo að orði, að það eigi að vera óafturkræft, fremur en annað fé, sem lagt er fram. Ef þetta er ágóðavænlegt fyrirtæki, þá verður að setja nokkuð fyllri ákvæði um arðsúthlutun en gert er. Það er tekið fram, að greiða megi 6% arð, en ekki tekið fram, að áður skuli greiða til þeirra sjóða, sem skylt er samkvæmt frv. Það getur verið, að það sé talið sjálfsagt, en ég tel heppilegra að setja það í l. Ég vil því benda á það, hvort ekki sé réttara, og óska eftir, að hæstv. landbrh. athugi það, hvort ekki sé réttara að setja ákvæði um það í l., að arðsúthlutun komi þá fyrst til greina, að búið sé að leggja til lögmætra sjóða, því að þegar gert er ráð fyrir, að fyrirtæki sé undanþegið sköttum, er það nauðsynlegt ákvæði og eðlilegt.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Breyt. þær, sem gerðar voru á frv. í Ed., eru smávægilegar, nema 13. gr., sem var bætt þar inn í frv. og einkum er rætt hér um. Hinar breyt. í Ed. eru ekki meiri en svo, að sjálfsagt er að samþ. þær. En hér er, eins og ég sagði, einkum rætt um hina nýju 13. gr., sem bætt var inn í frv., og hafa komið fram nokkrar athugasemdir við þá nýjung. Hæstv. ráðh. hefur skýrt, hvers vegna þetta ákvæði var sett inn í frv. í Ed. Ég skal taka það fram, að þetta atriði hefur ekki enn verið rætt í landbn., og tala ég því ekki hér fyrir hennar hönd. Ég skal taka það fram, að ég er alls ekki í principinu á móti því, að nota megi ríkisfé og fé einstaklinga saman í þessu skyni, og tel, að svo geti verið skynsamlegt á stundum, en þá þarf að búa tryggilega um á allan hátt. Ég er ekki á sama máli og hv. 2. þm. Reykv., að hér sé um eitthvert nýtt fyrirbrigði að ræða, þó að þetta sé það stærsta. En hér er aðeins um heimild að ræða, og mun afstaða mín byggjast á því, á hvern hátt málið komist fljótast fram. Ef ákvæðin í 13. gr. geta orðið til þess, að við sæjum fyrir endann á þessu máli innan skamms, þá er ég síður en svo því mótfallinn að nota prívatkapital, en ef það fæst ekki, þá er ég á móti því að láta málið stranda á því. Ég get því fallizt á þessa till. á þeim grundvelli, sem ég nú hef lýst. Ég er á

sama máli og hv. þm. Ísaf., að það séu ýmis atriði í 13. gr., sem þurfi að athuga. — Ég vil svo mælast til þess, að hæstv. forseti fresti umr. um málið, svo að hægt sé að ræða það við hæstv. atvmrh. Ég verð að segja, að mér finnst það ekki mikið framlag frá einstaklingum, þó að þeir leggi fram 4 millj., en ásamt með framlagi ríkissjóðs getur það myndað góðan fjárhagslegan grundvöll fyrir fyrirtækið. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar að sinni, en vænti þess, að umr. um það verði frestað.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Landbn. hefur athugað þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., og ég skal taka fram, að sá meiri hl. landbn., sem stóð að afgreiðslu þessa frv., eins og það var afgr. hér frá Nd. í upphafi, mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir. N. hefur haft viðtal við atvmrh. um þá meginbreyt., sem gerð var á frv. í Ed., þ. e. um 13. gr. frv., það nýmæli, sem þar var sett inn, að ríkisstj. hefði heimild til þess að stuðla að því, að myndað yrði hlutafélag til þess að koma upp og reka áburðarverksmiðjuna samkv. þeim till. eða reglum, sem settar eru í gr. Það kom fram hjá sumum nm., að þeim þótti þessi upphæð, 4 millj. kr. frá privatmönnum eða fyrirtækjum öðrum en ríkinu, sem vildu leggja fé í fyrirtækið, tæplega það mikil, að rétt væri að fara að gera breyt. eins og þessa á l. þess vegna. En eftir að hafa átt viðtal við ráðh. sá n. eða meiri hl. hennar ekki ástæðu til þess að fara að gera brtt. um þetta atriði og vill því mæla með 13. gr. eins og hún er nú. — Ég skal taka það fram, út af atriði, sem bar á góma hér við fyrri hl. þessarar umr. hjá hv. þm. Ísaf., þar sem hann bendir á, að ástæða gæti verið til að hafa nokkru fyllri ákvæði í 13. gr. varðandi ýmis atriði um stofnun hlutafélags, að n. tók þetta einnig til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri þörf á að gera það. Viðvíkjandi því atriði t. d., sem hv. þm. Ísaf. nefndi sérstaklega, að ástæða gæti verið til að taka fram, að það ætti að leggja í tryggingarsjóð verksmiðjunnar áður en arðsúthlutun færi fram, þá lítur landbn. svo á, að þetta sé sjálfsagður hlutur, og telur, að hér sé um fasta venju að ræða, en vill lýsa yfir til frekara öryggis, að hún hefur þann ákveðna skilning á frv., að þetta beri að gera, og vill láta fylgja, að þetta verði tekið upp í reglugerð varðandi rekstur verksmiðjunnar, þegar þar að kemur. N. sá ekki ástæðu til að fara að hrekja frv. milli deilda á síðustu dögum þingsins t. d. út af þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um frv., eins og það liggur nú fyrir, og læt því máli mínu lokið.

Finnur Jónsson: Mér eru það nokkur vonbrigði, að landbn. skuli ekki hafa fengizt til að setja nokkru fyllri ákvæði um greiðslur til hluthafa en gert er í frv. Það er ágætt að fá slíka yfirlýsingu frá n. eins og hv. 1. þm. Skagf. gaf hér. En nokkur vafi getur leikið á því, hvort þær hafi lagalegt gildi. Ef þetta á annað borð kynni að verða gott fyrirtæki og gefa góðan arð, má ætla, að leitað verði á það að fá útgreiddan arð og e. t. v. meiri en heppilegt væri fyrir fyrirtækið. Ég hygg, að í löggjöfina um Eimskipafélag Íslands hafi einhvern tíma verið sett það skilyrði fyrir arðsúthlutun, að það greiddi ekki meira en fjóra af hundraði í arð. Nú er hér gert ráð fyrir, að greiða megi sex af hundraði, og engin ákvæði í frv. um það, að áður skuli greiða nauðsynlegan rekstrarkostnað verksmiðjunnar né heldur nauðsynleg sjóðsgjöld. Raunar stendur, að af þessu skuli greiða vissa upphæð til fyrningarsjóðs og varasjóðs. En þegar búið er að setja inn í heimildina um arðsúthlutunina, virðist vera nokkuð erfitt fyrir stj. þessa fyrirtækis að vita, hvaða greiðsla á að ganga fyrir.

Þá er dálítið einkennilega til orða tekið í 13. gr. um það framlag, sem gert er ráð fyrir, að áburðareinkasala ríkisins leggi til verksmiðjunnar. Það er ekki sagt, að framlagið skuli vera hlutafé, heldur óafturkræft framlag. Það er ekki venja að kalla hlutafé framlag, og eins og allir vita, er ekki hlutafé óafturkræft.

Ég hef enga löngun til að tefja fyrir þessu máli eða hrekja það á milli deilda, en vildi spyrja frsm., hvort hann áliti, að það mundi tefja málið, þótt skýrar væri kveðið á um þau fyrirmæli, sem sett eru með 13. gr. frv., ef ekki væri um neina efnisbreyt. að ræða. Mér finnst nauðsynlegt að gera á þessu breyt. og hefði gjarna viljað fá tækifæri til að semja um þetta brtt., fyrst landbn. hefur ekki treyst sér til þess, í því trausti, að ekki verði um neina töf að ræða.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég held nú, að ekki séu á fullum rökum reistar þær aths., sem hv. þm. Ísaf. hefur borið fram við 13. gr. frv. Hann minntist á það, að ekki væri nægilega skýrt fram tekið í fyrri hluta 13. gr., að það framlag, sem gert er ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan hljóti frá rekstri áburðareinkasölu ríkisins, skuli vera hlutafé, heldur væri talað um óafturkræft framlag. Ég innti landbn. Ed., sem orðaði þetta, sérstaklega eftir því, hvort þetta ætti ekki að skiljast þannig, að það fé, sem þarna er um að ræða frá áburðareinkasölunni, ætti að standa sem hlutafé ríkisins. Og frsm. n. tjáði mér, að það hefði verið tilgangur þeirra og ætlun, að þetta fé færi inn í fyrirtækið sem hlutafé með öllum réttindum og skyldum hlutafjár. (*FJ:* Það er það þó ekki í frv.) Það liggur í greininni. Í greininni er þar með sagt, að þetta eigi að vera hlutafé, sem ríkissjóður leggur fram. Um hitt atriðið, hvor eigi ríkari rétt við arðsúthlutun, þá segir í 13. gr., að greiða megi hluthöfum allt að 6% í arð, en í 10. gr., að greiða skuli til sjóðanna, svo að mér finnst það vera alveg ótvírætt, að sjóðirnir gangi fyrir. Einnig

mun það vera föst venja með hliðstæð fyrirtæki, að greiðslur í hina ýmsu sjóði gangi fyrir arðsútborgun. Svo skal ég að gefnu tilefni taka það fram, að ef það fellur í minn hlut samkv. 12. gr. að gefa út reglugerð um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, þá skal þetta vera þar skýrt fram tekið, ef svo brýn nauðsyn er talin vera, sem ég hygg þó, að sé ekki fyrir hendi.

Þá minntist hv. þm. á, að tæplega væri hlutafé ríkisins nægilega vel tryggt og réttur ríkisins samkv. því. Ég lagði þetta atriði fyrir skrifstofustjórann í atvmrn., og orðaði hann þetta með sínu lögfræðilega orðalagi. Hann taldi, að með þessu orðalagi væri réttur ríkisins alveg ótvíræður, enda er það skýrt tekið fram í hlutafélagal., að reglur þeirra gildi aðeins, ef ekki annað, sem gegn þeim fari, sé tekið fram í öðrum lögum. Með tilliti til þess yrðu ákvæði þessara laga afgerandi. Finnst mér því eigi ástæða vera til að tefja málið meir með því að senda það stöðugt milli deilda.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir mjög leitt, að hv. landbn. þessarar deildar skuli ekki hafa athugað þetta frv. síðan það kom í sinni núverandi mynd frá hv. Ed. Ég tel það vera mjög varhugavert orðalag, sérstaklega á 13. gr., sem hv. Ed. hefur sett í það, eins og hv. þm. Ísaf. hefur réttilega rakið nokkuð. Það hefur ekkert komið fram hjá hv. forsvarsmönnum þessa frv., sem hefur hrakið það, er ég sagði hér við fyrri umr. málsins. Það er sem sagt staðreynd, að byggja á áburðarverksmiðju með 10 millj. kr. hlutafé, þar af á ríkið að eiga 6 millj., en einstaklingar 4 millj. Þurfi nú þetta hlutafélag að taka lán, á ríkið að ábyrgjast allt, en einstaklingarnir, sem eru meðeigendur, ekkert. Þeir, sem leggja fram 4 millj., eiga að fá 2 menn í stjórn þessa fyrirtækis, en Alþingi kýs svo 3 menn með hlutbundnum kosningum. Nú er mikill möguleiki á, að hægt væri að mynda samstilltan meiri hluta með 2 fulltrúum einkaframtaksins og einum kosnum af Alþingi, en það mundi þýða, að þeir, sem 4 millj. hafa á bak við sig, mundu ráða yfir þessu fyrirtæki, sem kemur til með að kosta 46 millj. Ef svo komizt væri að þeirri niðurstöðu, að praktiskara væri að byggja stærri verksmiðju, t. d. 30—40 þús. smál., sem kosta mundi yfir 100 millj. kr., og haldið væri þessu hluthafafyrirkomulagi og fjölda stjórnenda kosinna af Alþingi, þá mundi það þýða, að hluthafar einkaframtaksins fengju algerlega yfirtökin með stjórn þessa risafyrirtækis, en ríkisstj. bara ábyrgðist allar lántökur. Þetta er fyrirkomulag, sem við getum aldrei samþ. Það verður að vera alveg tryggt, að ríkið ráði í þessu fyrirtæki samsvarandi við hlutafjárframlag sitt.

Ég hygg nú, að bezt sé, að stjórnin öll sé kosin hlutbundnum kosningum af Alþingi, en ef það fæst ekki fram, þá mundi ég fella mig mun betur við, að hæstv. landbrh. skipaði alla stjórnina í þessu fyrirtæki. En verði þetta samþ. eins og það liggur fyrir í frv., þá er verið að afhenda einkaframtakinu þetta mikla fyrirtæki og þar með fundin ágæt leið fyrir einkaframtakið að ná undir sig ríkisfyrirtækjunum og miklu betri en lögð er til í frv. þeirra sjálfstæðismanna, er hér hefur verið á ferðinni að undanförnu. Þetta er því mjög hættulegt fordæmi, sem hægt væri að nota seinna meir. Hins vegar vil ég ekki verða til að tefja málið, en álít, að svona megi frv. alls ekki fara í gegnum þingið. Ég vil því leggja hér fram brtt. til þess að afstýra örlagaríkri vitleysu og bæta mjög úr þeim göllum, sem nú eru á frv. Ég vil einnig benda á, hvernig þessi breyting á frv. er til komin. Það var ekki fyrr en við 3. umr. í Ed., að 1. þm. Reykv. bar fram þessar breytingar, og voru þær samþ. í Ed. að svo til óathuguðu máli. Svo á að berja þetta í gegnum eina umr. í Nd. og skapa þannig fordæmi, sem vel má búast við, að reynt verði að nota síðar. Við þekkjum vel hvernig auðmagnið reynir á sem auðveldastan hátt að klófesta arðbær fyrirtæki, og hér eru vissulega miklir möguleikar, jafnvel fyrir erlent auðmagn. Hér er og á ferð stefnubreyting, meiri en menn gera sér ljóst í fyrstu, ef hér á að setja ákvæði, sem ekki gildir um ríkisfyrirtæki, er stofnsett hafa verið hingað til. Það á sem sagt að fá 4 millj. kr. hlutafé frá einstaklingum og gefa þeim svo færi á að stjórna og ráða fyrirtæki, sem kostar 46 millj. Mér verður nú á að spyrja, hvort ríkið getur ekki alveg eins útvegað 46 millj. í þetta fyrirtæki eins og 42 millj. Og ef það eru til einstaklingar, sem af áhuga fyrir málinu vilja leggja 4 millj. af mörkum sem hlutafé í þetta fyrirtæki, geta þeir þá ekki alveg eins keypt hlutabréf í fyrirtækinu og fengið af þeim 6% vexti? En ef það er eitthvað annað en áhugi fyrir málinu, sem sagt að ná völdum yfir verksmiðjunni og rekstri hennar, þá verður gróðinn meiri en 6% vextir segja til um. Ég vil því leggja hér fram brtt. um, að 13. gr. frv., eins og það kom frá hv. Ed., falli burt og frv. afgr. þannig. En ef hún verður felld, vil ég leggja fram aðra brtt., sem ég verð að biðja hæstv. forseta að skoða sem brtt. við frv., en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Í 13. gr., 3. málsgr., komi í stað orðanna „Sameinað Alþingi kýs þrjá" Sameinað Alþingi kýs fjóra, — og í stað orðanna "Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo" komi: Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa einn." En svo framarlega að hún verði einnig felld, þá vil ég freista að bera fram enn eina brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við „ákvæði til bráðabirgða" bætist eftirfarandi málsgrein: „Meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir áburðarverksmiðjuna fram yfir aðra hluthafa, ef áburðarverksmiðjan er rekin sem hlutafélag, skal stjórnarfyrirkomulag haft eins og segir í 4. gr." Ef þessi brtt. yrði samþ., fengju væntanlegir hluthafar ekki rétt til að kjósa 2 menn í stj., nema því aðeins að þeir gengju í hlutfallslega svo mikla ábyrgð fyrir þeim lánum, sem verksmiðjan mundi þurfa að taka, t. d. ef þeir gengju í ábyrgð fyrir ⅔ af þeim lánum, sem fyrirtækið þyrfti. Þetta fyrirkomulag veit ég að viðgengst í ýmsum félögum, að ef hlutafélag þarf að taka lán og félagið sem slíkt getur ekki gengið í ábyrgð fyrir lánsfénu,

þá gera hluthafarnir það, þannig að sérhver gengur í hlutfallslega jafnmikla ábyrgð og hlutur hans segir til um. Ef þessi háttur er á hafður, mundu allir hluthafar hafa mikinn áhuga á, að rekstur fyrirtækisins gengi vel, og komið væri í veg fyrir, að þeir, sem minnst ættu, stjórnuðu mestu. Einnig væri þetta mun hagstæðara og öruggara fyrir ríkið. — Ég vil svo að lokum biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till. minum.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 610, 637, 639).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það liggja fyrir brtt. á tveimur þskj., sem voru ræddar við fyrri hluta umr. Ég vil fyrst taka það fram, að landbn. hefur ekki komið saman til að ræða till. En út af brtt. 637 frá hv. þm. Ísaf. vil ég segja það, að þær brtt. eru í fullu samræmi við þann skilning, sem landbn. vildi leggja í 13. gr. frv., og hæstv. landbrh. staðfesti það einnig með því, sem hann sagði við fyrri hl. umr., að vakað hefði fyrir Ed., þegar gr. var sett inn í frv. þar. Hins vegar verð ég að segja það, að úr því að þessi brtt. er komin fram, þá þykir mér nokkuð óviðfelldið að þurfa að fella hana, af því að því er ekki að leyna, eins og kom fram í umr. seinast, að þessi ákvæði gr., sem hér um ræðir, eru ekki að öllu leyti eins ljóst orðuð og æskilegt hefði verið, og það orðalag, sem er hjá hv. þm. Ísaf., er öllu greinilegra, þó að ég líti svo á, að það mætti taka af allan vafa með reglugerðarákvæði. Vil ég því ekki mæla gegn þessari brtt., sérstaklega af því að ég hef mjög mikla ástæðu til að ætla, að það muni ekki á neinn hátt tefja fyrir málinu eða stofna því í hættu, þannig að Ed. muni samþ. málið eins og það liggur fyrir, þó að þessi brtt. verði samþ. Virðist mér því eftir atvikum, þar sem till. er fram komin, að eðlilegast væri, að hv. d. samþ. hana.

En út af brtt. 639 frá hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að þó að ég hafi ekki rætt sérstaklega við landbn.-menn, þá mæli ég gegn því, að þær brtt. verði samþ. Í fyrsta lagi er það að segja um fyrri brtt., að það var hliðstæð brtt. felld í Ed., og liggur því í hlutarins eðli, að ef ætti að fara að setja inn slík ákvæði hér eins og þar voru felld, þá mundi það aðeins verða til þess, að málið yrði ekki afgr. á þeim fáu dögum, sem nú eru eftir af þingtímanum, svo að það eitt út af fyrir sig er nægileg ástæða til þess, og ég hygg, að ég mæli þar fyrir hönd meiri hl. landbn., er ég mæli á móti því, að brtt. 639 verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er viðvíkjandi því, sem fram kom hjá hv. frsm. landbn., 1. þm. Skagf. Það er rétt hjá honum, hvað snertir fyrri till., að samsvarandi till. hefur verið felld í Ed., en hins vegar gildir það ekki um síðari brtt. mína. Síðari brtt. mín fer fram á það, að meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir áburðarverksmiðjuna fram yfir aðra hluthafa, ef áburðarverksmiðjan er rekin sem hlutafélag, þá skuli stjórnarfyrirkomulag haft eins og segir í 4. gr. M. ö. o. svo framarlega sem þessi brtt. mín er samþ., þá mundi það þýða, að þeir hluthafar, sem legðu fram 4 millj. af 10 millj. kr. hlutafé, yrðu skyldir til þess að taka á sig ábyrgð að sama skapi og ríkissjóður, svo framarlega sem þeir ætluðu að fá þennan rétt, að skipa 2 af 5 í verksmiðjustjórnina. Þetta mundi sem sé þýða, að tryggja virkilega samvinnu og að meira eða minna leyti sameiginlega ábyrgð ríkissjóðs og einkaframtaksins, að þessu leyti. Ég álít þess vegna, að þó að það væri ef til vill skiljanlegt, að meiri hl. þessarar d. tæki það tillit til afstöðunnar, sem kom fram í Ed. um þá fyrri brtt., sem ég ber fram, að hún vildi ekki aðhyllast hana, þá ætti hún alvarlega að athuga afstöðuna til síðari hlutans. — Nú er hv. 1. þm. Skagf. búinn að lýsa yfir, að hann sé sammála því, að till. hv. þm. Ísaf. sé samþ., þannig að málið fer hvort sem er til Ed., og ef síðari till. mín er samþ., þá gerir það engan mun hvað það snertir, að málið fer hvort sem er til Ed. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, hver eðlismunur yrði á þeirri tvenns konar afgreiðslu, hvort mín brtt. á þskj. 639 er samþ. eða felld. Ef hún er ekki samþ. þá þýðir það, að þeir einkahluthafar, sem leggja fram 4 millj., fá ef til vill nokkurn veginn meirihlutavald í fyrirtæki, sem ríkið auk hlutafjárins verður að skaffa a. m. k. 36 millj. kr. í ábyrgðum. Það mundi þýða, að hluthafar, sem leggja fram 4 millj. kr., fá a. m. k. jafnmikinn rétt og ríkið til þess að ráðstafa ábyrgðum ríkisins upp á 30—40 millj. kr. Þeir hafa vald á fyrirtækinu, ef þannig vill til, að tengsl eru á milli þeirra, sem þeir kjósa, og þeirra, sem Alþ. kýs. Og ef fyrirtækið stækkar upp í það að vera 20—30 þús. tonn, þá mundi þessu fyrirkomulagi verða haldið áfram, og það yrði erfiðara að breyta þessu eftir á. Ef við göngum inn á þetta sem reglu, að leyfa svona afstöðu, þá verður erfiðara að breyta þessu eftir á, þó að fyrirtækið stækkaði í stóra áburðarverksmiðju, sem ætti að framleiða 30 þús. tonn. Ef mín brtt. er felld, þá þýðir það, að það er verið að gefa þessum einkahluthöfum mjög mikið vald yfir þessu fyrirtæki til þess að hagnýta ábyrgðir ríkissjóðs fyrir sig. En hins vegar, svo framarlega sem mín till. er samþ., þá þýðir það ekki það bægja einkaframtakinu frá, — það þýðir ekki það, að það sé verið að neita um samvinnu ríkisvaldsins og einkaframtaksins, heldur þýðir það aðeins, að skylda einkaframtakið til að taka á sig jafnmiklar ábyrgðir og ríkissjóður, þannig að ef þeir aðilar leggja fram 4 millj. kr. á móti því, að ríkissjóður leggi fram 6 millj., þá taka þeir á sig ábyrgðir í sömu hlutföllum, þegar verður að fá að láni 30—40 millj. kr. Völdin í félaginu og ábyrgðin skiptist jafnt, og er þetta fyrirkomulag haft, þegar samvinna er á milli hins opinbera og einstaklinga. Ríkið er því að fara inn á nýjar brautir, sem gefa einstökum aðilum meiri hlunnindi en nokkrum manni hefur dottið í hug að gefa þeim. Þetta er miklu praktiskara

fyrir þá, sem hafa viljað láta ríkið selja einstaklingum ýmis fyrirtæki sín, og hefur þá ríkið völdin og ábyrgðina, en þeir hagnaðinn og stundum einnig völdin. Nú er það ekki svo, að þeir menn, sem Sþ. kýs, séu skuldbundnir til að standa saman. Þeir eru kosnir sem einstaklingar, og ef þeir ganga til samvinnu við einstaklinga þá, sem eru í stjórninni, þá geta þeir myndað meiri hluta. Þegar um samvinnu er að ræða, þá skyldar ríkið sína fulltrúa til að standa saman. Því sagði ég það, að betra væri, að atvmrh. skipaði fulltrúa ríkisins, og með því móti er ríkisstj. tryggður hreinn meiri hl. og allir þessir 3 fulltrúar tækju tillit til hagsmuna ríkisins, en einn færi ekki að fylgja hinum. En ef þetta bráðabirgðaákvæði verður samþ., þá er girt fyrir þetta og samt héldist þetta fyrirkomulag, þar sem ég er ekki í principinu á móti þessu. En ég vildi, að ábyrgð og vald héldust í hendur. Því vildi ég óska, að hv. deild samþ. síðari brtt. Ég vona, að þetta verði samþ., þar sem málið þarf hvort sem er að fara til Ed.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér hefur verið bent á misprentun á þskj. 637, c-lið. Hann á eingöngu við síðari lið 4. málsgr., en kemur ekki við fyrri lið, sem er um endurskoðun, og vil ég mælast til, að hæstv. forseti athugi þetta.

ATKVGR.
Brtt. 639,1 felld með 17:6.
— 637 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 639,1, varatill., felld með 17:6 atkv.
— 639,2 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, ÁÁ, EOl, GÞG, AG, KTh, SigfS, BG.
nei: SEH, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, EystJ, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB.
SK, FJ greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁkJ, EmJ, GTh, HermG, IngJ, JóhH, JJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 675).

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. þessu var breytt lítils háttar við síðustu umr. í Nd., og var það við 13. gr. Ekki tel ég þetta vera efnisbreyt., en hins vegar nokkra breyt. á formi og orðalagi, sem d. féllst á, að betur færi en eins og það var. — 1. breyt. var sú, að í stað þess að heimilað yrði að leggja í verksmiðjuna ó-afturkræft fé úr rekstrarsjóði áburðareinkasölu ríkisins, skyldi þetta vera hlutafé. Að vísu var þetta hugsað þannig og rætt þannig í umr., en samkv. brtt. er það nú ákveðið, að svo skuli vera. — Þá var einnig lagt til í b-lið, að í sömu gr. skuli tekið fram, að áður en greiddir séu vextir af hlutafénu, skuli greiða allan rekstrarkostnað ársins og sjóðagjöld samkv. 10. gr. Má segja, að þetta sé skárra, en breytir engu. — Þá er það c-liðurinn. Í frv. stendur, í 4. málsgr. 13. gr., að hlutafé ríkisins skuli vera engum öðrum takmörkunum háð varðandi atkvæðisrétt. Hér er aftur á móti lagt til, að þetta orðist svo: „Að öðru leyti skulu á hluthafafundi, þrátt fyrir ákvæði hlutafélagalaganna, engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkisins snertir." Þetta er skýrara, en engin efnisbreyt.

Vildi ég að þessu athuguðu leggja til við hv. d., að hún sæi sér fært að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum láta í ljós skoðun mína á þeim breyt., sem gerðar hafa verið í Nd. á þessari gr. frv. Ég get ekki betur séð en að þær breyt., sem gerðar hafa verið, spilli frv. ekki á neinn hátt, og get ég fyrir mitt leyti vel fellt mig við þær eins og þær eru komnar inn í frv. frá Nd.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Formaður n. þeirrar, sem hafði mál þetta til athugunar, hefur að vísu ekki kvatt saman fund til þess að athuga þær breyt., sem frv. hefur tekið í Nd. En hins vegar hefur hann náð tali af ýmsum nm., a. m. k. 4 af 5, sem náðst hefur til, og hafa þeir orðið ásáttir um, að d. mæli með frv. með þeim breyt., sem hér um ræðir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

---

21. Erfðalög.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til erfðalaga* [137. mál] (stjfrv., A. 356).

Á 61. fundi í Ed., 17 febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Núgildandi erfðalöggjöf er að mestu leyti nær 100 ára gömul og er þess vegna orðin í ósamræmi við hugsunarhátt manna nú á dögum. Einkanlega er erfðarétturinn viðtækari en við álítum sanngjarnt nú eftir breytta þjóðfélagshætti frá því, er tilskipunin gekk í gildi. Auk þess eru formskilyrðin óþarflega ströng. Allt þetta og fleira hefur gert það að verkum, að nauðsynlegt var að endurskoða erfðalöggjöfina. Áður hefur komið fram frv. til breyt., en það féll mönnum ekki í geð, en nú á síðasta Alþ. kom fram um það áskorun, að erfðalögin

yrðu enn tekin til endurskoðunar, og það frv., sem hér liggur fyrir, er ávöxtur þeirrar áskorunar. Það er upphaflega samið af Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni, sem ég fékk til þess starfa, en frv. hefur síðan verið athugað í stjórnarráðinu og af mönnum, sem eru sérstaklega fróðir um þessi efni. Þetta frv. er því ávöxtur af grundvallarstarfi Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns og þeirra sérfróðu manna, sem til voru kvaddir. Í þessu frv. er miðað við þá innlendu reynslu, sem fengizt hefur, en auk þess er byggt á erlendri löggjöf. Um ýmis atriði hefur orðið álitamál, eins og um það, hve viðtækur erfðarétturinn skuli vera, og hefur höfunda greint á um, hvar setja skuli mörkin. Um það er erfitt að setja fullkomnar reglur, því fjölskylduaðstæður geta verið mjög misjafnar. En ég hygg, að hér hafi verið farið meðalhófið. Ég efa það ekki, að frv. verður til mikilla bóta, ef samþ. verður, þó að í því séu nokkur atriði, sem hljóta að verða álitamál og erfitt er að finna endanlega lausn á.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða um þetta núna, en leyfi mér að óska, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 469, 380).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hefði í raun og veru kosið frekar, að hæstv. dómsmrh. væri nú við, þar sem mál þetta er flutt af hæstv. ríkisstj. eða í raun og veru af honum. En þar sem farinn er að styttast þingtíminn, þá þykir mér þó rétt, að ekki sé dregin afgreiðsla málsins lengur en þörf krefur, og mætti þá við 3. umr. gera þær umbætur, sem hæstv. ráðh. kynni að óska, einnig er það, að nál. allshn. ber ekki með sér neinar brtt., og aðrar brtt. hafa ekki fram komið, nema frá hv. þm. Barð., og gætu nú farið fram umr. um þær, án þess þó að úr væri skorið, hvort samþ. yrðu, fyrr en við 3. umr., því að ég óska þess, að hæstv. dómsmrh. verði við umr., áður en til úrslita dregur.

Ég vil nú leyfa mér að gera grein fyrir breytingum þeim, sem frv. hefur í för með sér, og er þá fyrst að telja það, að nú er slegið föstu, að óskilgetin börn hafi sama rétt til erfða og skilgetin, en í þessu frv. er gengið lengra en meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum, því að hjá þeim er gerður mikill munur á erfðarétti skilgetinna og óskilgetinna barna. Hér er þó í einu tilfelli munur á, að ef barnsmóðir sver barn upp á barnsföður, þá er það ekki tekið til arfs. Um þetta hefur verið deilt á Alþingi, og það ekki séð sér fært að taka þau börn til jafns við önnur óskilgetin, og var því ekki ástæða til að breyta því í þessu frv. Hér er sú meginregla, að niðjar, hversu langt sem miðað er, erfi sína forfeður í beinan legg. Aftur á móti hefur hv. þm. Barð. ekki viljað láta þetta ná lengra en til barnabarna, en það mun hvergi þekkjast í heiminum, að því sé þannig farið. Yfirleitt er það svo í gildandi erfðalögum, að erfðir ganga til allra niðja foreldra arfleifanda, þá til niðja afa og ömmu, bæði föðurmóður og föðurföður, móðurföður og móðurmóður, og eigi þau enga afkomendur, þá til afkomenda langafa og langömmu, og eigi þau enga afkomendur, þá til niðja langalangafa o. s. frv. Hér með þessu frv. eru stytt þessi tengsl, en áður náði framfærsluskyldan geysilangt fram, og var því eðlilegt, að erfðarétturinn fylgdi. Nú skv. þessu frv. eru það aðeins niðjar, sem erfa, svo og foreldrar, systkini og systkinabörn. Séu þessir aðilar ekki til, þá erfa ömmur og afar og þeirra börn. Lengra nær þetta ekki og er hér lengra farið í stýfinguna heldur en í norrænum rétti. Í 8. gr. er nýmæli, sem segir, að ef sá maki, sem lengur lifir, andast, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum, þá skuli eftirlátnar eigur hans skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu, þó þannig, að arfur sá, er áður kann að hafa verið greiddur eftir hinn fyrr látna maka, verði við arfskiptin talinn arftaka fyrir fram greiddur arfur, og lækkar þá arfshlutinn um þá upphæð. Þykir mér þetta eftir atvikum rétt. — Það, sem mest hefur verið talað um og er erfiðast viðureignar í sambandi við þessi erfðalög, er í 13. gr. Annars er hún í allri uppistöðu svipuð og 10. gr. tilskipunarinnar frá 1850 um sama efni, en hún fjallar um það, ef lagt er sérstaklega til einhverra barna fremur en annarra af foreldrum þeirra. Er hér þó gengið lengra en áður og fleiri atriði nefnd, t. d. ef keyptur er lífeyrir, þá skal hann dreginn frá arfshluta, og koma ný atriði sem þetta eðlilega fram, þar sem allt atvinnu-, félags- og menningarlíf er nú orðið margbreytilegra en var, þegar tilskipunin frá 1850 var gefin út. Þá var það í tilskipuninni talið nægilegt skilyrði fyrir því, að frádráttur á arfshluta ætti sér stað, að faðirinn léti slíkt eftir sig skriflegt, en nú er krafizt almennra sönnunargagna. Ekki skal draga frá arfshluta barns, þótt það hafi fengið fjárframlög af óskiptu búi sér til heilsubótar eða þótt foreldrar bæti þeim upp störf, sem þau telja, að þau hafi unnið sér án sómasamlegra launa.

Ég hef nú fljótlega stiklað á aðalatriðum I. kafla, og kem ég þá að II. kafla, sem er um afstöðu kjörbarna til kjörforeldra, en þar um hafa gilt gömul lög og úrelt, konungsúrskurðir og venjur, sem skapazt hafa. Aðalatriði þessa kafla er það, að fullt samband er á milli kjörbarna og kjörforeldra og erfir kjörbarn kjörforeldri, eins og það væri þess skilgetið barn, og kjörforeldrar erfa kjörbarn. Hins vegar geta kjörforeldrar ekki skapað erfðatengsl milli annarra ættingja og kjörbarns.

Í III. kafla, 19. gr., eru ákvæði um erfðaskrár, og hefur hv. þm. Barð. gert þá brtt., að aldurstakmark þeirra, sem rétt hafa á að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, sé 21 ár í stað 18 ára í frv. Náttúrlega má um þetta deila,

en ekki virðist óeðlilegt að hafa þetta 18 ár og svo var í tilskipuninni frá 1850, og á Norðurlöndum og í Þýzkalandi er þetta aldurstakmark ekki hærra en 16 ár. Í 20. gr. eru þau ákvæði, að eigi arfleifandi niðja á lífi, þá má hann ekki með erfðaskrá ráðstafa nema ¼ eigna sinna, en sé enginn niðji á lífi, en maki lifandi, má hann ráðstafa helmingi eignanna. Þá eru í frv. þau meginatriði í sambandi við erfðaskrár, að til þess að þær séu gildar, þurfa þær að vera skriflegar og undirritaðar af arfleifanda, og skal efni þeirra annaðhvort kunngert notario publico eða nefndir til tveir valinkunnir menn sem vottar. Séu menn erlendis, jafngildir áritun sendiherra eða ræðismanns Íslands áritun notarii publici. Undantekning frá því, að erfðaskrár þurfi að vera skriflegar, má gera, ef menn eru í lífsháska og geta ekki komið því við af þeim sökum. Skal þá arfleifandi flytja efni erfðaskrárinnar munnlega fyrir tveim vottum, en þeir skulu skrásetja efni hennar og staðfesta með undirskrift sinni svo fljótt sem verða má. Annars verður erfðaskráin ógild. Þá er eitt meginatriði, sem sett er í 30. gr., sem ég álít nauðsynlegt, en það er um það, að arfleifandi geti í erfðaskrá takmarkað umráðarétt erfingja yfir arfi vissan tíma eða jafnvel alla ævi, ef ástæða er til, t. d. ef erfingja er vegna geðbilunar eða óstjórnlegrar eyðslusemi ekki talinn fáandi arfurinn til umráða, og skal þá sérstakur fjárhaldsmaður greiða erfingja vissar upphæðir af arfinum með tilteknu millibili eftir því, sem þörf krefur. Geti erfingi sýnt fram á, að ástæðulaust sé að setja slíkar hömlur á umráðarétt hans yfir arfinum, getur dómsmálaráðherra fengið honum rétt til arfsins skilyrðislaust. Einnig getur ráðherra leyft, að arftaki fái hærri greiðslur en erfðaskrá gerir ráð fyrir, ef óumflýjanleg nauðsyn arftaka og fjölskyldu hans krefur. Þá er að lokum í 33. gr. það ákvæði, að ef enginn erfingi segir til sín í 5 ár frá því kunnugt var lát arfleifanda, þá skuli arfurinn renna í ríkissjóð. Hér vill hv. þm. Barð. breyta til og láta arfinn renna til Tryggingastofnunar ríkisins, en mér finnst lítill grundvöllur fyrir þessari brtt., þar sem ríkissjóður ber uppi tryggingastofnunina svo sem aðrar ríkisstofnanir. Stundum hefur og heyrzt á hv. form. fjvn., að ekki væri of breitt bak ríkissjóðs, þótt þessi tekjulind væri ekki sneidd af honum, og virðist mér engin ástæða til að breyta þessu, og yfirleitt finnst mér, að brtt. hv. þm. Barð. eigi það sammerkt að vera lítt til bóta fallnar. Ég er tilbúinn að ræða betur við þm. um breyt. á frv., en vil óska, að brtt. verði teknar til baka til 3. umr. til þess að flýta fyrir frv., og er þá hægt að athuga þær í samráði við n. fyrir 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessu frv. og þakka þeim, sem standa að flutningi þess. Að vísu flyt ég allmargar brtt., því að ég tel þær til bóta, en mun samt fylgja frv., þó að þær verði ekki samþ. Brtt. mínar eru flestar fram bornar af því, að ég tel frv. ná of skammt í breytingum á þeim úreltu l., sem nú eru í gildi um þetta efni. Aðalbreyt., sem ég legg til, að gerð verði, er sú, að takmarka arfleiðsluna við beina liði, við börn og barnabörn í aðra áttina og foreldra og afa og ömmu í hina áttina. Í grg. fyrir frv. þessu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Á þeim tímum, þegar ættarböndin voru meiri og sterkari en nú og framfærsluskylda náði einnig til fjórmenninga, var líka sjálfsagt, að skyldum fylgdu réttindi. Nú, þegar framfærsluskyldan er nær horfin nema foreldra gagnvart börnum sínum innan 16 ára aldurs, horfir mál þetta allt öðruvísi við.“ Þegar þetta er athugað með hliðsjón af því tryggingakerfi, sem við höfum byggt upp, þá getum við ekki miðað erfðalöggjöf vora við bræðraþjóðirnar á Norðurlöndum, þar sem við stöndum miklu framar í þessum málum. Það verður t. d. ekki deilt hér lengur um rétt utanhjónabandsbarna til arfs, þó að það þætti hrein goðgá áður og er enn þá vefengt hjá mörgum þjóðum, en slíkar úreltar venjur höfum við algerlega kveðið niður. Vegna þessarar sérstöðu okkar verðum við að samræma erfðalöggjöf okkar við það kerfi, sem við höfum byggt upp, en ekki fylgja ósamstæðu og gamaldags fyrirkomulagi annarra þjóða. Þar sem Tryggingastofnun ríkisins á að taka við þeirri framfærslu, sem áður hvíldi á ættingjum, og sjá um, að hver maður sé öruggur, þá legg ég til, að sú stofnun sé látin njóta þess arfs, sem til fellur og ekki eru aðrir erfingjar að eftir mínum tillögum. Ég ætla ekki að fara að lýsa deilum, sem arfskipti hafa valdið, en þær eru margar og harðar eins og kunnugt er og ekki óeðlilegar, þegar skipta þarf arfi í 138 staði, eins og dæmi eru til um, en slíkt er auðvitað fráleitt. Hins vegar viðurkenni ég, að það er til millileið milli till. minna á þskj. 380 og frv. eins og það liggur fyrir, og er ég fús til viðræðna um samræmingu. Fáist n. hins vegar ekki til að breyta sinni afstöðu, þá mun ég láta mínar brtt. ganga undir atkv., og þó að þær verði ekki samþ. nú, er ég sannfærður um, að þær verða aftur bornar fram áður en langt um líður og verða samþ. fyrr eða síðar, því að aukin félagsmálaþróun breytir viðhorfinu í þessum málum. Í sambandi við ósk frsm. um, að ég taki brtt. aftur til 3. umr., þá virðist mér erfitt að verða við þeirri beiðni, nema ég fái tryggingu fyrir samþykkt þeirra, því að verði aðeins eitthvað samþ., þá raskast heildin og þarf lagfæringar við við 3. umr. En verði hins vegar allar brtt. felldar, þá mun ég bera fram aðrar brtt. við 3. umr.

Ég ætla þá að lýsa nokkuð einstökum brtt. Fyrsta brtt. á þskj. 380 er við 1. gr. frv., og legg ég þar til, að 3. málsl. falli niður. Þetta er sjálfsögð breyt., því að eftir mínum till. eru þessir aðilar ekki löglegir erfingjar. Önnur brtt. á þskj. 380 er við 3. gr., og er lagt til, að gr. orðist svo: „Ef hinn látni á engin börn eða barnabörn á lífi, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. Kjörbörn og börn þeirra teljast hér sem börn og barnabörn arftaka.“ Þessi breyting er líka í samræmi við aðrar þær breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði á frv. Þá er lagt til, að 4. gr. frv. orðist

svo: „Ef annað foreldri arfleiðanda er andað, tekur hitt, sem á lífi er, allan arf eftir hann.“ Þessi breyting leiðir af fyrstu brtt. Sömuleiðis er með fjórðu brtt., við 5. gr. Þar er gert ráð fyrir, að afar og ömmur arfleiðanda, sem á lífi eru, taki allan arf eftir hann að jöfnu, séu báðir foreldrar látnir. Í sambandi við brtt. mínar við 6. og 7. gr. hélt frsm. fram, að þær stöfuðu af misskilningi, og tók svo til orða, að hann hefði ekki þekkt það ranglæti í mínu fari, að ég mundi af ásettu ráði vilja svipta bláfátæka foreldra arfi. Ég vil strax taka fram, að hér er ekki um neinn misskilning að ræða og að mínum dómi ekkert ranglæti heldur, því að ég verð að biðja frsm. að athuga, að ég byggi á þeirri staðreynd, sem fyrir hendi er, en hún er sú, að Tryggingastofnun ríkisins á að sjá þessum öldruðu foreldrum fyrir lífeyri, og það, sem vakir fyrir mér, er að gera þessa stofnun betur færa til að gegna sínum skyldum. Ég sé ekkert ranglæti í þessu sjónarmiði mínu, nema síður sé, því að í mörgum tilfellum eru öldruðu foreldrarnir betur tryggðir með sinn lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins en frá misjafnlega ræktarsömum ættingjum. Þetta er svar mitt til frsm., og tel ég ekki hægt að líkja því við ranglæti í mínu fari. Hins vegar er ég til viðtals um breyt. á þessum till. og gæti þá ef til vill fallizt á til samkomulags, að einhver hluti þess arfs, sem um væri að ræða, færi til foreldranna. Þá legg ég til, að 8. gr. falli niður, og er það eðlileg afleiðing af því, að eftir mínum till. á arfur eftir henni að falla til annarra aðila. Ég get heldur ekki fallizt á sjónarmið 11. gr. og legg til, að hún falli niður. Það kann að vera rangt, en ég lít þannig á, að sá maður, sem dæmdur hefur verið og tekið út sína hegningu, sé aftur frjáls borgari með jöfn réttindi og aðrir menn. Þessi skoðun mín byggist á því, að með því að hinn dæmdi tekur út refsingu, þá afpláni hann sekt sína, en eftir þessari gr. virðist, að afbrotamanninum sé ætlað að bera sektina alla ævi. En auk þess er það enn fjarstæðara, sem kemur fram í umræddri grein, að vandamenn afbrotamannsins, börn eða foreldrar, eigi að gjalda þess, þó að honum hafi orðið eitthvað á og hlotið dóm fyrir. Ég get fullvissað frsm. um, að þessi skoðun mín á málinu er ekki byggð á misskilningi eða gáleysi, heldur hef ég athugað þetta mál gaumgæfilega og komizt að þessari niðurstöðu. En hins vegar er ég undrandi yfir, að hann sem bæði dómari og lögreglustjóri skuli líta á þessi mál eins og greinin gefur tilefni til að ætla.

Um II. kafla er það að segja, að ég legg til, að hann falli niður ásamt fyrirsögn, og er það vegna þess, að ég vil gefa kjörbörnum sama rétt og blóðbörnum. Og í sambandi við þessa gr. vil ég benda á, að það er mjög erfitt að taka þessar brtt. aftur til 3. umr., því að verði þessi kafli ekki felldur niður, tel ég nauðsynlegt að bera fram brtt. við greinina. Ég sé ekki ástæðu til, að ættingjar barns, sem þeir hafa gefið og leyst sig af öllum skyldum við, séu látnir erfa það eða gagnkvæmt. Það verður að teljast eðlilegt í þessu máli, að foreldrar, sem tekið hafa að sér barn, hafi við það allar skyldur og fái um leið öll réttindi, og þess vegna tel ég ekki rétt, að erfðarétturinn hafi neina sérstöðu. Ég tel ekkert við það að athuga, þó að við fylgjum ekki erfðavenjum frænda okkar á Norðurlöndum nákvæmlega, enda erum við á margan hátt komnir lengra í þessum efnum.

Við 19. gr. legg ég til, að gerð verði sú breyt., að í stað orðanna „18 ára“ komi: 21 árs. Ég get ekki skilið, hvers vegna maður, sem ekki er fjárráða, hefur heimild til að ráðstafa stórum fjárupphæðum með erfðaskrá. Mér finnst hniga alveg sömu rök til þess, að ekki sé rétt að heimila manni að ráðstafa erfðafé með erfðaskrá fyrr en hann er 21 árs, og hins, að ekki sé rétt að láta hann hafa forræði fjár síns fyrr, eins og lögræðislögin mæla fyrir. Það er líka dálítið skrýtið, að 18 ára unglingur skuli hafa heimild til að gefa stórfé, en vitundarvotturinn, til þess að þessi ráðstöfun sé gild, skuli þurfa að vera 21 árs. Ég get ekki fengið mig til að greiða atkvæði með slíku ósamræmi og legg því til, að í stað „18 ára“ í 19. gr. komi: 21 árs. Brtt. mín við 20. gr. miðar að því, að ekki verði hægt að kippa þeim rétti af Tryggingastofnun ríkisins, sem ég á öðrum stað geri ráð fyrir. Í samræmi við breyt. á 19. gr. legg ég til, að í stað orðanna „18 ára“ í 21. gr. komi: 21 árs. Þá legg ég til, að 28. gr. falli niður, en þar segir m. a.: „Verði maður snögglega og hættulega veikur eða lendi í bráðri hættu og vilji gera erfðaskrá, má víkja frá þeirri reglu, að erfðaskráin sé skrifleg,“ o. s. frv. Ég álít þennan hátt hvorki nauðsynlegan né réttan. Maður, sem á miklar eigur, hefur aðstöðu til að ráðstafa þeim eftir sinn dag hvenær sem er. Hins vegar er varla, að maður, sem er í bráðri hættu, hugsi um slíka hluti, og væru þá líkur fyrir, að aðrir réðu meiru um þá ráðstöfun, sem undir slíkum kringumstæðum væri gerð. Ég tel, að það sé óeðlilegt og að þar geti komið ýmislegt annað til greina, aðrir aðilar, sem geti haft þar áhrif á, þó að við séum ekki undir þeim áhrifum, sem voru, að því er sagnir herma, þegar kirkjan var við völd hér í landinu, og í því sambandi er kunnugt orðtakið: „Gefur hún enn blessuð“, — þó að við séum ekki undir þeim áhrifum, þá sé ég ekki, að það sé rétt að hafa þetta ákvæði í gr. Síðasta brtt. mín er við 33. gr., um, að í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok gr. komi: Tryggingastofnun ríkisins. Hv. frsm. allshn. taldi, að ekki væri rétt af mér að samþ. þetta, „enda mundi sá hlutinn af mér, sem kunnugastur væri fjármálunum, vera á annarri skoðun“, eins og hann orðaði það, en að það væri svo breitt bakið á ríkissjóði, að það væri fært að sneiða þetta af tekjum hans. En þessi brtt. er borin fram einmitt vegna þeirrar þekkingar, sem ég hef á ríkissjóði. Ég legg þetta til af því, að það er ekki hægt, eins og búið er að ganga frá tryggingamálunum, annað en að gera greiðslukröfur til tryggingannna á ríkissjóðinn, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir í því efni. Og það er kjarninn í minni brtt. að létta á ríkissjóði með því að láta allt erfðafé ganga

til tryggingastofnunarinnar, til þess að skapa tryggingastofnuninni þá fjárhagsaðstöðu, að hún sé ekki háð veikleika ríkissjóð, eins og hún er í dag. Og brtt. mín í þessu efni er fram komin einmitt vegna þess, að „sá hlutinn af mér, sem er kunnugastur" þessum málum, hefur sannfært mig um, að þetta sé nauðsynleg breyt. á 1. Hins vegar vil ég segja hv. frsm., að það er ekki ríkissjóður einn, sem ber þessar byrðar nú. Ríkissjóður gerir það að nokkru leyti, hinir tryggðu að nokkru leyti og sveitarsjóðir að nokkru leyti. Mín ósk er sú, að þessi sjóður, sem myndaðist þannig hjá tryggingastofnuninni, væri það öflugur, að jafnvel aðeins vextir af honum gætu í framtíðinni á hverjum tíma staðið undir meginþunga tryggginganna. En mínar vonir standa ekki til þess, að það geti orðið á næstunni. Hinu er ekki vafi á, að ef Tryggingastofnun ríkisins fær allt erfðafé á þann hátt, sem ég legg til, þá mun Tryggingastofnun ríkisins geta uppfyllt mörgum tugum ára fyrr sitt hlutverk til blessunar fátæku fólki í landinu. Og þess vegna ber ég brtt. þessa fram. — Vil ég vænta þess, að hv. allshn. vilji mæta að einhverju leyti mínum brtt., þó að hún sjái sér ekki fært á fyrsta stigi málsins að ganga inn á þær allar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við það að hlusta á ræðu hv. þm. Barð. varð ég var við það, að það hafa orðið nokkur veðrabrigði hjá honum í þessu máli, sem ég tel ekki óeðlilegt. Það var margt rétt í því, sem hann sagði um það, að það er kannske óhægara að bíða með brtt. til 3. umr., enda eru þessar brtt. þannig vaxnar, að þær þyrftu lagfæringar við, ef þær ætti að samþykkja. Og því virðist mér, að réttast muni vera — og vil fara fram á það við hæstv. forseta —, að hann frestaði þá umr. um málið í bili, þannig að athuga mætti þetta mál. Mál þetta er búið að taka töluverðan tíma, sem að vísu hefur ekki farið til ónýtis. Og þó að nú væri frestað umr., álít ég það rétt, til þess að við í n. gætum borið okkar bækur saman við till. hv. þm. Barð. Ætla ég samt lítillega að minnast á hans ræðu nú.

Ég held, að með samþykkt þessa frv. væri höggvið svo mjög í erfðarétt manna, að nóg væri að gert, þó að ekki væri í því efni farið eftir till. hv. þm. Barð. og ekki lengra gengið en frv. gerir ráð fyrir, því að þar eru tvær greinar, sem hafa gilt um erfðarétt, höggnar af í því tilliti. Aðeins 5. gr. er látin halda sér óskert hér í frv. Það má deila um það, og hefur hver sína skoðun um það, hve langt á að fara í þessu atriði. En þó að framfærsluskylda sé mjög takmörkuð nú, — og hv. þm. virðist helzt vilja fella hana niður, — þá er annað, sem kemur til athugunar, það að slíta ekki sundur þau fjölskyldubönd, sem enn þá eru til í þjóðfélaginu. Það er nógu mikil ringulreiðin í öllu, sem við kemur ættar- og fjölskylduböndum hér hjá okkur, þó að ekki sé unnið að því að kippa burt þeim böndum, sem enn tengja fjölskyldur saman gegnum erfðaréttinn, því að frændur hafa venjulega verið taldir með í fjölskylduliði. Algengt er að kalla föður- eða móðursystkini frænda eða frænku. Og bróður- og systrabörn hafa venjulega verið skoðuð sem nokkurs konar meðlimir fjölskyldu þeirra, sem eiga þessa ættingja. Og svo er einnig um mann, sem á systkinabörn, að þau líta upp til hans í mörgum tilfellum eins og föður eða fóstra. Stundum er þetta að vísu tætt í burtu. En að ýmsu leyti er það svo, að meðan réttur til erfða milli þessara ættingja er lögákveðinn, þá er eins og þetta fólk hafi meiri skyldur hvort gagnvart öðru en annars væri. Og þessi bönd vil ég fyrir mitt leyti ógjarna höggva á. Það er nóg lausungin samt komin í þjóðfélag vort. Og ég held, að það yrði ekki til góðs fyrir þjóðfélagið, þó að það væri gert.

Þá minntist hv. þm. Barð. á það í sambandi við 6. brtt. sína, að vel gæti verið, að barnabörn gætu verið jafnerfið afa og ömmu eins og tengdadóttir. Það eru dæmi um þetta. En hitt er líklegra, að barnabörnin beri meiri ástúð til og umhyggju fyrir afa og ömmu heldur en tengdadóttir, sem lítið hefur átt saman við þau að sælda og kannske er gift aftur og komin inn í aðra fjölskyldu. En um þetta mál má deila. Og þess vegna vil ég segja, að ef stórefnaður maður deyr og ef hann á ekki börn, þá sé ekki rétt að láta foreldra hans verða afskipta. Það gæti verið rétt að láta þau fá eitthvað af arfinum, jafnvel þótt einhver börn væru, ef efnahagur foreldra mannsins væri svo bágur, að útlit væri fyrir, að þau þyrftu á framfærsluhjálp að halda.

Um 8. gr. er það að segja, að ég held, að hv. þm. Barð. hafi misskilið þar. Uppistaðan í þeirri gr. er það, að ef annar maki, sem lengur lifir en hinn, fær meginfé við skipti dánarbús og erfingjar hins látna fá tiltölulega lítinn afskammtaðan hluta, þá geti þeir fengið nokkuð af þeim arfi sem þeirra raunverulega réttborið fé, þannig að þeir fá tækifæri til þess að fá það aftur í sínar hendur, eins og þeir hefðu fengið, ef báðir makar hefðu dáið jafnt.

Um 8. brtt. hv. þm. Barð. verð ég að segja það, að ég tel hana fjarstæðu eina. Það hafa verið lögð viss víti við vissum verknaði og viss réttindamissir hefur verið lagður þar við sem víti. Sjálfa líkamlegu refsinguna geta menn í þessu tilfelli afplánað, eftir að dómur hefur gengið um verknaðinn. En þessi víti, þ. e. þessi réttindamissir, geta fylgt, ef viss verknaður er framinn, og í þessum l. eru ákvæði um það, þannig að þetta sé ein af lögákveðnum refsingum mannsins, sem ekki verður afplánuð á sama hátt eins og sú refsing, sem maðurinn hlýtur með dómi, því að það þarf ekki dóm um þennan réttindamissi.

Um II. kafla er það að segja, að kjörbarn fær ekki nú, eins og sakir standa, — og það verða að koma sérstök lög um það, ef því ætti að breyta, — en nú fær kjörbarn ekki frekari erfðarétt til þeirra, sem taka það í fjölskyldu sína, heldur en til kjörforeldranna sjálfra. Og þegar svo er, þá er rétt, að kjörbarn missi ekki alveg rétt til arfs eftir holdlega foreldra sína og ættingja, þegar þessu er þannig varið, að kjörbarn er miklu verr sett um arf eftir kjörforeldra sína en niðjar kjörforeldranna, ef ein-

hverjir eru, sem kemur til af erfðarétti gagnvart ættingjum kjörforeldra, sem kjörbarn hefur ekki. Við verðum, býst ég við, hv. þm. Barð. og við í allshn., á sama máli um, að það verði að setja alveg sérstaka löggjöf um þetta fólk og hana rækilega. Og ég tel það, sem er í þessu frv. ákveðið um erfðarétt kjörbarna, ekki nema bráðabirgðalausn, og hefur mér skilizt á hæstv. dómsmrh., að hann ætli að gera gangskör að því að leggja fyrir næsta Alþ. frv. til l. um afstöðu kjörbarna til kjörforeldra. En í þessu frv. verður maður að setja eitthvað í bráðina. Og mér finnst það, sem í frv. er um þetta efni, ekki vera fjarri sanni. — Það er vitanlega allt annað að vera arfleiðandi en að gera samning við mann, sem bindur báða aðila. Og það hefur verið litið þannig á frá gömlum tíma, að það væri rétt að heimila 18 ára manni að gera sína arfleiðsluskrá. En ég get vel skilið, að ólögfróðum manni komi það kátlega fyrir sjónir að hafa hærra aldurstakmark fyrir vottana, sem skrifa undir arfleiðsluskrá, heldur en fyrir arfleiðanda sjálfan. En það er til tekið, að vottarnir eigi að vera valinkunnir og samvizkusamir menn. Og að fara lengra niður með aldur þessara manna en í 21 ár, það er vafasamt. Þá fara menn fyrst að þekkjast, þegar þeir eru komnir yfir tvítugt, sumir hverjir a. m. k.

Það, að 28. gr. frv. falli niður, nær ekki nokkurri átt, því að svo váveifleg atvik getur að höndum borið, að ekkert ráðrúm verði til þess að koma arfleiðsluskrá á framfæri á annan hátt en þann, sem gert er ráð fyrir í þessari gr. Hv. þm. Barð. var eitthvað að tala í þá átt, að það væri ekki nema réttlát refsing fyrir þessa menn, ef þeir hefðu ekki hugsað fyrir erfðaskrá sinni fyrr, að þá félli niður réttur þeirra til þess að gera hana, ef þeir þá fyrst í slíkum kringumstæðum sem gert er ráð fyrir í 28. gr. ætluðu að gera erfðaskrá sína. Menn, sem eru á milli tvítugs og þrítugs, eru oft ekki farnir að hugsa svo fyrir sínu andláti, án þess að það sé talið þeim sérstaklega til saka yfirleitt sem hugsunarleysi, þannig að það kemur að mínum dómi alls ekki til mála, að það verði farið að fella þessa grein niður.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira í þetta skipti. En verði þessari umr. frestað nú, teldi ég rétt við framhald umr., að við gætum haft hæstv. dómsmrh. hér viðstaddan, svo að við gætum fengið að vita álit hans á því, sem okkur hv. þm. Barð. og mér ber á milli í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 81., 82., 83., 84., 85. og 86. fundi í Ed., 22. marz, 5., 7., 8., 19. og 22. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrja hv. þm. Barð., hvort hann vildi ekki taka till. sínar aftur til 3. umr., til þess að n. gefist kostur á að athuga þær nánar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þar sem einn nm. óskar eftir því, að ég taki till. aftur, svo að n. geti athugað þær frekar, sé ég, að áhugi er ríkjandi á að ræða þær í n. Þó að hann sé ekki frsm. n., skal ég verða við þeirri ósk.

ATKVGR.

Brtt. 380 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

19.—35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 356, 380, 575).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. tók aftur margar till., sem hann flutti við þetta frv. við 2. umr., og þær till. voru nú í gær athugaðar á fundi allshn. N. kom saman um, þótt skoðanir væru skiptar um meiningu till. og það prinsip, sem þar kemur fram, að ýmsar af þessum till. stönguðust á við frv. sjálft, jafnvel þó að þær næðu allar fram að ganga, þannig að það varð enginn af nm., sem vildi taka þessar till. beinlínis upp, en n. kom saman um að hafa óbundnar hendur um till., þegar þær kæmu fram, ef henni sýndist svo.

Ég verð að segja það, að hv. þm. Barð. hefur bæði privat og eins hér á þingi látið uppi, að hann teldi stóra bót að þessu frv., eins og það er, þó að hans till. næðu ekki fram að ganga. Í þessu frv. er farið lengra en nú er gert annars staðar á Norðurlöndum, þannig að erfðarétturinn nær ekki eins langt hér og í annarri Norðurlandalöggjöf. Í raun og veru er það svo með ýmsa löggjöf, svo sem erfðaréttinn og fjölskylduréttinn, að það liggur í loftinu, að norrænar þjóðir skapi sér sameiginlega löggjöf, sem verði samræmd hjá þeim öllum um þessi atriði. Þessar þjóðir eru svo skyldar, að bezt færi á, að þetta væri gert. En nokkur tími líður, þar til hægt er að gera það, en það verður sennilega ekki langt til, að það yrði. Hér verður því sennilega ekki tjaldað til fjölmargra ára, en auðvitað er það rétt, að allt þarf að fara sem bezt úr hendi, þó að skammt eigi að standa. Ég geri ráð fyrir, að þegar til reynslunnar kemur, verði ýmsir skavankar á þessu frv., þegar það verður að l., og verður þá að leiðrétta það, ef svo reynist. Mun þá verða frekar gengið í gegnum þessa hluti.

Hv. þm. Barð. þóttu þeir menn of ungir, sem mættu gera erfðaskrá, þ. e. 18 ára, og gerir till. um, að þeir megi ekki vera yngri en 21 árs. Ég hef sýnt fram á, að í öðrum löndum, eins og í Þýzkalandi, mega menn gera erfðaskrá, er þeir eru orðnir 16 ára. Það er annað að gera erfðaskrá en gera kaupsamning, og hefur löggjafinn því ekkert séð því til fyrirstöðu að setja hér þetta aldurstakmark, 18 ár.

Ég sem sagt var búinn að lýsa þessu máli

við 2. umr. og álít ástæðulaust að ganga frekar í það starf. En ég vil geta þess, að það liggja hér fyrir brtt. frá allshn., sem ég gerði eiginlega án þess að spyrja hana beinlínis að, en ég hygg, að hún sé þeim fylgjandi. Þær eru aðeins til að fá réttara orðalag, úr því að ekki mátti leiðrétta þessi atriði í prentun, skrifstofustjóri taldi það ekki rétt, a. m. k. með aðra leiðréttinguna. Það er við 26. gr. Upphaf 2. málsgr. er svo: „Einnig er rétt að geta atriða," en n. leggur til, að í þess stað komi: „Einnig er rétt að geta annarra atriða". Hin breyt. er aðeins málfarsbreyt. til að færa til betra máls.

Ég hefði helzt viljað fara fram á það til þess að sjá, hverju fram yndi og hvort málið mundi ná fram að ganga, að hv. þm. Barð. nú í þetta skipti léti till. sínar bíða og sjá, hvað setur í þetta skipti, því að ef miklar breyt. koma fram, þá tefur það málið, því að þá yrði að umbreyta frv. á ný, en þess þyrfti ekki, eins og það liggur fyrir nú. *(Forseti* og *GJ:* Þetta er 3. umr.) Hæstv. forseti og hv. þm. hafa misskilið mig. Ég meinti að taka till. aftur í þetta skipti, en þegar reynsla væri komin á þessa löggjöf, þá skal ég ekki verða meinsmaður þeirra breyt., sem til bóta væru. Það, sem fyrir mér vakir, er, að l. verði sem bezt úr garði gerð og sem hagsælust fyrir þjóðina, og ef fram koma breyt., sem eru til bóta, þá er sjálfsagt að fylgja þeim.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil ýmislegt gera fyrir minn ágæta flokksbróður, hv. þm. Dal., ekki sízt eftir að hafa fengið siðferðis- og gáfnavottorð hjá honum, en svo langt treysti ég mér ekki til að ganga að taka aftur jafnveigamiklar till., sem eru hreint prinsipatriði, og þykir mér hann ætlast til helzt til mikils og ætla mig heimskari en ég er, ef hann heldur, að hann fái mig til að taka aftur slíkar grundvallartill. Heldur hann, að ég hafi verið að leggja vinnu í að semja 14 till. til þess eins að sýna þær? Þá þekkir hann ekki mikið mína lyndiseinkunn. Nei, mér eru þessar till. ákaflega mikið áhugamál. Ég er alveg undrandi yfir n. Einn nm. fær mig til að taka till. til baka. Ég geri það í trausti þess, að n. muni samræma till. og frv. Nú kemur það fram, að vegna þess að ég varð við þessum áskorunum, að láta frv. ganga til 3. umr. án þess að láta mínar till. koma til afgreiðslu, þá er ómögulegt að samþ. mínar till. við 3. umr., af því að þá þarf að breyta frv. svo mikið. Þetta benti ég hæstv. forseta á. Svona má ekki fara með mál, en það er hvað eftir annað gert hér í d. Menn eru fengnir til að taka aftur till., sem gerbreyta málinu, svo að þær koma ekki til afgreiðslu fyrr en við 3. umr., og þá getur verið erfitt að ganga frá frv. eins og þarf. Það er áreiðanlegt, að ef einhver af þessum till. fer inn, þá þarf að samræma það við það, sem eftir stendur í frv., og það átti n. og hæstv. forseti að gera sér ljóst, áður en atkvgr. gekk um málið til 3. umr.

Ég get því miður ekki tekið þessar till. aftur. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé langbezt fyrir þjóðfélagið, að arfur gangi til trygginganna, að tryggingarnar verði gerðar svo sterkar, að það sé hægt að létta byrði af ríkissjóði, svo að hann þurfi ekki að bera byrðarnar að fullu, og ekki heldur, að það þurfi að vera sú áhætta, að ríkissjóður geti ekki látið til tryggingana það, sem þarf að láta til þeirra ár hvert. Ég tel það stórkostlega gerbyltingu í þjóðfélaginu, ef það er hægt að byggja tryggingarnar upp fjárhagslega svo sterkar, að þær þyrftu ekki að eiga undir afkomu ríkissjóðs. Þetta er eitt af meðulunum, til að svo geti orðið. Ég hefði ekki unnið að tryggingamálinu í 10 vikur með Haraldi Guðmundssyni og barizt fyrir þessu máli þannig, ef það hefði ekki eitthvað markað skoðun mína á málinu. Ég álít, eins og einn hv. þm. sagði á sínum tíma, að það valdi gerbyltingu og skapi nýtt og betra líf í landinu, þegar tryggingarnar eru búnar að ná fótfestu. Og að ætlast til, að ég taki til baka till., sem eru meginatriði í því, að þetta geti skeð, það er útilokað. Ég hef þvert á móti hugsað mér að óska eftir að fá nafnakall um flestar till., svo að segja hverja einustu, til þess að fá það virkilega fram, hverjir eru með því í d. að halda því við, að allt að 138 erfingjar geti rifizt um arf í stað þess að láta það fé renna til þeirra, sem bágast eiga í þjóðfélaginu, því að það er upplýst, að allt að 138 erfingjar hafa verið að krukka í arf, svo að skiptaráðandinn varð í vandræðum. Ég mun því óska, að nafnakall verði viðhaft um langflesta liðina. Ég þykist blekktur af n., að hún skuli hafa fengið mig til að taka aftur þessar till. Hún hafði fullkomlega tækifæri til að ræða þær við mig, áður en 2. umr. lauk. Í þess stað er ég beðinn að taka till. aftur til 3. umr., og ég geri það í því trausti, að reynt verði að ná samkomulagi og eitthvað af till. tekið inn. Svo kemur það fram, að það hafi ekki þótt gerlegt, og ég beðinn að taka till. fullkomlega aftur. Hv. þm. Dal. segist vera fús til að fylgja málinu síðar. En hefur hann nokkra tryggingu fyrir að verða þá á þingi, þegar málið kæmi hér aftur? Ég hef það ekki. Við skulum segja, að málið fari gegnum Nd. og verði að l. Hvaða tryggingu hefur hann fyrir að vera hér, þegar málið kæmi hér næst, til að fylgja þessum till.? *(ÞÞ:* Ég hef aldrei lofað að fylgja þessum till.) Hann lét þau orð falla, að hann vildi ekki fylgja þessum till. nú, því að þá yrði að gerbreyta frv. í Nd., en sagðist vera fús til að ljá málinu lið næst. Hvenær næst? Ég hef enga tryggingu fyrir, að hann verði þá lifandi. Og ég hef enga tryggingu fyrir, að ég verði þá á lífi. Ég hef enga líftryggingu eða lífstíðarábúð hér í d., — sem betur fer, hugsa ég, að hv. þm. segi.

Það er langt frá því, að ég fáist til að taka aftur af fullu þær till., sem eru mér kannske þær hjartfólgnustu af öllum málum, sem hér eru. Þær eru mér mjög mikið áhugamál.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að forseti ræður engu um, hvort þm. tekur aftur till. sínar og hvort n. eða aðrir óska eftir, að svo sé gert. Ég minnist þess ekki heldur, að ég léti í ljós neina

ósk um það. Þm. ráða sjálfir, hvað þeir láta bera undir atkv. Ég ber allt undir atkv., sem hér er borið fram, ef það fer ekki í bága við stjórnarskrá eða þingsköp.

Brynjólfur Bjarnason: Það er vissulega ekki hæstv. forseta að kenna, að þessar till. voru teknar aftur. Ég óskaði þess, að hv. þm. gerði það. Ég gerði það í trausti þess, að n. vildi taka þessar till. til athugunar og samræma þær við frv. Ég vonaði, að það mundi ef til vill verða vilji fyrir því í n. Nú reyndist, að það var ekki. Ég bið hv. þm. Barð. afsökunar á, að ég skyldi fá hann til að taka þessar till. aftur og tilraunin skyldi mistakast. Það var ekki að mínum óskum. Mín skoðun er mjög í samræmi við skoðun hv. þm. Barð. Ég er sammála þeirri meginhugsun, sem felst í flestum till. hans. Ég er sammála honum um það, að erfðarétturinn og framfærsluskyldan eigi sem mest að fara saman, og sömuleiðis um það, að fé renni til tryggingastofnunarinnar. Það er sýnilegt, að nokkrar af þessum till. eru í mótsögn við frv., og kannske eru þar fleiri mótsagnir en ég eða n. hafa komið auga á, af því að málið hefur ekki fengið þá athugun sem skyldi. Hins vegar lít ég svo á, að það skipti ekki mjög miklu máli, hvort þessar till. koma til atkv. við 2. eða 3. umr., vegna þess að þetta er fyrri d. og nægur tími í Nd. að gera þær samræmingar, sem nauðsynlegar eru vegna þess, að eitthvað af þessum till. kynni að verða samþ. Ég mun greiða atkv. með mörgum af þessum till., fyrst og fremst þeim, sem fela í sér þá meginstefnu, sem hv. þm. Barð. hefur gerzt talsmaður fyrir og ég er í höfuðatriðunum sammála.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er misskilningur hjá hv. þm. Barð., að ég hafi ætlað að fylgja till. hans, hvenær sem þær kæmu fram, en hafi það verið, sem ég mótmæli, að hafi verið, þá hefur mér orðið hreint og beint mismæli, en ég sagðist fylgja öllum till., sem ég teldi til gagns fyrir þetta málefni, og það væri í raun og veru sjálfsagt. Hitt var það, sem ég drap á áðan, að mér er satt að segja eins og prestinum, að mér óaði við að ganga lengra út í þetta mál en gert er í frv., eins og það er nú, því að þar er gengið lengra en aðrar þjóðir hafa gengið, og ég held, að ef menn eru sviptir erfðarétti eftir nánustu ættingja sína, þá fari að tíðkast hin breiðu spjótin og að það auki enn meir á þann ósóma og óvanda, sem verið hefur í þjóðfélaginu, að hin miklu fjölskylduhlutafélög fari að þróast enn meir, þannig að erfingjarnir komi í raun og veru inn í félagsskapinn, og ef tap verður, þá ber gamli maðurinn eða arfleiðandinn það, en ef vel gengur, þá hagnast hinir. Á þennan hátt verður enn meira reytt frá ríkissjóði af því, sem honum ber í erfðafjárskatt.

Ég held, að það sé engin hamingja að fara að slíta svo sundur öll fjölskyldubönd, að erfðarétturinn fái ekki að vera lítið eitt fram yfir nánustu ættingja. Við hv. þm. Barð. erum víst báðir það mannlegir, að við höfum ekki óbeit á aurum, ef við getum eignazt þá á réttlátan og heiðarlegan hátt, og þess vegna gerum við okkur tilkomnari við þá nákomnu okkar, sem við vonum að hafa einhverja arfsvon eftir. Ég held, að það séu flestir, sem eru eins og góðir kaupmenn, að þeir séu tindilfættari eftir þeim viðskiptavinum, sem gefa góða ágóðavon. Við vitum, hve ættarböndin voru sterk og hvað blóðblöndunin hafði mikið að segja. En svona stórt stökk, að niðjar erfi ekki forfeður, gengur langt úr hófi. En sá, sem flutti þetta frv., hæstv. dómsmrh., hefði þurft að vera forsvarsmaður þess, en það hefur hann ekki gert, en mælti með því við 1. umr., að það yrði samþ.

Ég ætla nú ekki að ræða þetta frekar nú, það er svo skammt síðan við hv. þm. Barð. vorum að deila, þótt hann sé nú til alls búinn eftir allt, sem fram fór í gær og nótt, og verð ég að lýsa aðdáun minni á dugnaði hans. Ég vil svo mæla með, að frv. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta mál sé stærra en svo, að hv. frsm. sé hér að ræða ýmis aukaatriði. Út af því, að hann var að tala um, að brtt. mínar væru mikil breyt. á frv., vil ég taka það fram og hef raunar gert áður, að ég vil breyta því til bóta, en ég mun verða með frv., þó að þær verði felldar, því að ég tel, að það sé þrátt fyrir það til bóta frá því, sem verið hefur. Ég tel það slæmt, að hv. frsm. skuli ekki vilja hlusta á brtt., stórar og smáar, við frv., sem eru öðruvísi en hann vill. Hv. 4. landsk. hefur lýst því yfir, að málið hafi verið rætt í n., og hann er mér að mestu leyti sammála, að ef til vill þurfi að breyta frv. eitthvað smávegis. En hv. þm. Dal. er enginn hæstiréttur í n., þó að hann sé það ef til vill vestur í Dölum. Helztu rök hans eru þau, að hér sé svipað fyrirkomulag á haft eins og í lögum Norðurlandaþjóðanna, en hvað kemur okkur það við? Þurfum við að vera að hugsa um, hvernig það er hjá þeim? Það er hreinn steingervingur í löggjöf að bera slíkt fyrir sig. Hv. frsm. sagðist vera hræddur að fylgja þessu vegna þess, að það mundi fjölga fjölskylduhlutafélögunum. En er það nokkur glæpur að stofna slík félög, og lög heimila það? Ég hef ekki heyrt slík rök. Og hann sagði að verið væri að fara í kringum erfðalögin og erfðafjárskattinn með því að stofna slík félög, en hlutabréf lúta sömu kjörum og verðbréf. En ég veit, að ríkið hefur fengið sitt frá þessum félögum. Ég þekki fjölda slíkra félaga, sem borga stórfé til ríkisins og eru vörn gegn hinni óréttlátu skattalöggjöf Alþ. og hafa orðið ríkinu að meira gagni með þessu móti en annars. Það eru margir þeirrar skoðunar hér, að enginn skuli eiga neitt, en ég er undrandi yfir því, að hv. þm. Dal. skuli fylla þann flokk. Og það undarlega skeður, að hv. þm. Dal. er að vappa í kringum þá ættingja sína, sem hann á von á að fá arf frá, en ég vil frábiðja mig slíkum getsökum, og hann hefur enga heimild til að bera mér slíkt á brýn, en mér kemur það ekki við, í kringum hve marga af sínum ættingjum hann vappar. Svo er ekki

breytt þeim ákvæðum í lögunum að samræma þetta aldri vitna, og rökin eru þau, að í Þýzkalandi megi menn gefa eignir sínar 16 ára gamlir. Ég held, að það væri sómasamlegast fyrir hv. frsm. að óska eftir, að umr. verði frestað, og taka málið aftur fyrir í n. og reyna þar að ná samkomulagi um það. Ég skal verða til viðtals, og það sama sagði hv. 4. landsk. Og væri það heppilegra fyrir hv. frsm. að athuga þetta en að vera að vappa í kringum ættingja sína, þar sem hann á arfsvon. Mér þykir það leitt, ef hæstv. forseti hefur tekið það sem móðgun við sig, að atkvgr. um brtt. var frestað við 2. umr. Ég hefði ekki tekið till. mínar til baka, ef ég hefði ekki búizt við, að málið yrði athugað milli umr. Ég hafði mikla von um, að sumar till. næðu fram að ganga, en aldrei von um, að þær næðu það allar. En það er nú talin svo mikil ástæða til að vera á móti þeim, að ef þær verði samþ., þurfi að breyta öðru. Ég mun því ekki taka till. aftur og óska nafnakalls um þær flestar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér hér í umr. Ég tel, að með endurskoðun á erfðalögunum hafi verið fundið hið rétta hóf og takmörkun, en það er alltaf til athugunar, hve mikil takmörkunin eigi að vera. Ég tel ekki rétt að breyta meiru og tel, að hitt hafi verið hið rétta meðalhóf og erfðamál gerð meðfærilegri. Sumar brtt. hv. þm. Barð. tel ég, að eigi litinn rétt á sér, og vill hann takmarka erfðarétt meira en er í frv. Það er rétt hjá honum, að breytingar í þjóðfélaginu leiði til, að takmarka megi erfðarétt meira en nú er gert, en það er nokkuð gert að slíkum breyt. í frv., og ekki má ganga lengra í því efni en tilfinningar manna á hverjum tíma mæla með. Ég tel, að svo mikil frændsemistilfinning sé milli manna, að þeir aðstoði hver annan og erfðarétturinn sé takmarkaður við þessa fjölskyldutilfinningu. Í fornum l. var framfærsluskylda allt í 4. og 5. lið. Það hefur nú verið afnumið fyrir löngu, en sú tilfinning, að menn séu skyldir og skyldmenni verði að aðstoða hvert annað, varir enn. Ég hef talið, að hv. þm. Dal. hafi náð þessu eins og skoðunin er í þessum efnum hér á landi og ekki sé vert að ganga lengra í bili. Ég tel, að ef til vill verði gengið lengra í þessum efnum í framtíðinni heldur en till. hv. þm. Barð. ná, en ég vil leggja til, að frv. verði samþ. og till. hv. þm. Barð. þar með felldar. Ég vil ekki blanda mér í deilur hv. þm. Dal. og hv. þm. Barð. Það er eðlilegast með slíkar till. sem till. hv. þm. Barð. að athuga þær í n., sem mér skilst, að gert hafi verið, þó lítillega, en n. hafi ekki getað fallizt á þær. Frv. eins og það er nú takmarkar erfðarétt-inn, en ef gengið er lengra, brýtur það í bága við tilfinningu almennings.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð, af því að hæstv. dómsmrh. hefur ekki verið hér við fyrr. Ég lýsti því yfir, að ég væri með frv., þó að mínar till. væru felldar. Ég vildi koma mínum till. inn í frv., en nú er sagt, að það sé ekki hægt, ekki af því, að þær skekki grunninn, heldur af því, að frv. sé komið svo langt. Þetta tel ég ekki nógu gott. Ég tel þessar till. til bóta og veit, að meginhluti þeirra verður síðar felldur inn í erfðalögin.

ATKVGR.
Brtt. 380,1 felld með 8:4 atkv.
— 380,2 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, PZ, StgrA, ÁS, BrB.
nei: GÍG, JJós, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, EE, BSt.
BÓ greiddi ekki atkv.
2 þm. (HV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 380,3 felld með 9:1 atkv.
— 380,4 felld með 8:4 atkv.
— 380,5 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁS, BrB, GJ, BSt.
nei: LJóh, PZ, ÞÞ, BBen, BK, EE, GÍG, JJós.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
3 þm. (BÓ, HV, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Með því að ég er ekki viss um, að gjöld til tryggínganna lækki, þó að þessi erfðahlutur renni til þeirra, segi ég nei.

Brtt. 380,6 felld með 8:5 atkv.
— 380,7 felld með 8:3 atkv.
— 380,8 felld með 6:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, BSt.
nei: ÞÞ, BBen, BK, GÍG, JJós, LJóh.
PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BÓ, BrB, EE greiddu ekki atkv.
2 þm. (HV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 380,9 felld með 12:1 atkv.
— 380,10 felld með 8:2 atkv.
— 380,11 felld með 8:2 atkv.
— 380,12 tekin aftur.
— 575 samþ. án atkvgr.
— 380,13 felld með 9:1 atkv.
— 380,14 felld með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 586).

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 586, n. 648).

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta mál, sem er komið hingað frá hv. Ed. N. klofnaði að vísu ekki um málið, en einn nefndarmanna tók ekki þátt í afgreiðslu þess, taldi, að núgildandi löggjöf um þetta efni ætti að gilda áfram og væri óþarft að gera breyt. á henni.

Í þessu frv. eru færð saman þau ákvæði, sem gilt hafa um erfðir hér á landi, en auk þess eru gerðar á núgildandi löggjöf nokkrar breyt., en þær eru einkum þær, að erfðarétturinn er takmarkaður nokkuð við það, sem áður var, þannig að felldur er burtu möguleikinn á erfðum langafa og langalangaafa, sem áður gilti. Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að erfðaréttur kjörbarna öðlist lögfestingu, en það var áður ákveðið með konungsúrskurði. Enn fremur eru sett í frv. ákvæði um, að foreldrar geti sett takmörk fyrir útborgun á arfi til barna sinna, ef þeir telja ástæðu til. Þá er enn fremur gefið leyfi til munnlegrar arfleiðslu undir sérstökum kringumstæðum.

Ég tel ekki, að þetta frv. feli í sér neinar stórar breyt. á núgildandi erfðalöggjöf, en hins vegar eru í því ýmis nýmæli og lagfæringar, sem geta átt betur við það ástand, sem nú ríkir hjá okkur, heldur en þau fyrirmæli, sem um þetta efni eru gefin í eldri löggjöf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—35. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

22. Landsbókasafn.

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Landsbókasafn [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta var lagt fyrir síðasta þing, en varð þá eigi afgreitt. — Frv. er undirbúið af nefnd, sem falið var að íhuga rekstur landsbókasafnsins og annarra opinberra bókasafna. Það var farið fram á, að þetta væri íhugað, vegna þess, að nokkuð þótti skorta á eðlilegt samstarf og verkaskiptingu milli safnanna. Nefndin skilaði áliti, og frv. er byggt á því nær óbreyttu. Aðalatriðið er að festa í l. nokkrar reglur varðandi landsbókasafnið og tryggja samvinnu milli þess og háskólabókasafnsins og fleiri sérfræðibókasafna. Gert er ráð fyrir sérstakri skráningarmiðstöð, og má fela háskólabókasafninu forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að því verði vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 155).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er undirbúið af sérstakri nefnd, sem menntmrh. skipaði til þess haustið 1947. Í nefnd þessari áttu sæti: Landsbókavörður, háskólabókavörður, tveir prófessorar við norrænudeild háskólans, þeir Sigurður Nordal og Þorkell Jóhannesson, og fimmti maðurinn í nefndinni var Jakob Benediktsson ritstjóri. Menntmn. hefur nú fjallað um þetta mál og rætt það við landsbókavörð, háskólabókavörð og varaformann nefndar þeirrar, er samdi frumvarpið. Enn fremur sat fulltrúi frá Tónskáldafélagi Íslands fund nefndarinnar og túlkaði sjónarmið tónlistarmanna.

Eftir þessa athugun leggur menntmn. til, að frv. verði samþ. með tveimur smábreytingum, sem prentaðar eru á þskj. 155. Fyrri breytingin er við 4. gr., að orðin „sem erlendis eru“ í 2. málsl. falli burt. Í greininni segir, að landsbókasafnið skuli vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, sem erlendis séu, ef frumritin eru eigi fáanleg. Það virðist of takmarkað að binda þessa skyldu safnsins við handrit erlendis eingöngu og réttara að leggja safninu þessa skyldu á herðar, ef frumritin eru eigi fáanleg, jafnt hvort sem frumritin eru erlendis eða innanlands í eigu einstakra manna.

Þó þótti rétt að verða við ósk Tónskáldafélagsins um það að taka í lögunum af öll tvímæli um það, að tónverk heyrðu undir ákvæði þeirra, eins og fram kemur í 2. brtt. n. á þskj. 155. Menntmn. telur nú raunar, að þetta felist í frv. eins og það er, en til þess að taka af öll tvímæli um það, varð hún við þeirri ósk Tónskáldafélagsins að leggja til að bæta nýrri grein inn í frv., þar sem þetta er beint tekið fram. — Ég hef svo ekki fleira fram að færa fyrir hönd nefndarinnar að svo stöddu, en vænti, að þetta frv. verði samþ.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég saknaði þess í ræðu hv. frsm. menntmn., að ekkert var þar á það minnzt, að hve miklu leyti á að

breyta hlutverki landsbókasafnsins með þessu frv. frá því, sem nú er. Þetta kemur ekki fram í frv. sjálfu, en ég sé, að í grg. þess stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Starfssvið safnsins og notkun verður eingöngu miðuð við fræðimenn. Það getur ekki gegnt hlutverki almannabókasafns."

Nú hefur það verið svo, hygg ég, að landsbókasafnið hefur verið notað nokkuð jöfnum höndum sem almannabókasafn og bókasafn fyrir fræðimenn. Og þó að svo kynni að vera, að e. t. v. væri æskilegast, að safnið væri eingöngu fyrir fræðimenn, þá langar mig til að fá að vita hjá nefndinni, hverja hún telur þá fræðimenn og hverja ekki. Er aðeins átt við viðurkennda fræðimenn, eða er ekki greint á milli þeirra og fróðleiksfúsra manna? Ef þar á að greina á milli, þarf að breyta fyrirkomulagi safnsins mjög frá því, sem nú er, t. d. koma í veg fyrir, að menn, sem eiga lítinn kost húsnæðis, fari inn á safnið til að lesa þar sér til skemmtunar eða fróðleiks, nema hvort tveggja sé, og slíkt væri afleitt og mjög illa farið, meðan önnur söfn eru ekki fyrir hendi til að taka við því hlutverki, þ. e. taka við þessu fróðleiksfúsa fólki. Háskólabókasafnið er einnig sérstaklega ætlað fræðimönnum, og ég bendi á, að það er mikið í lagt að hafa bæði þessi söfn nokkurn veginn lokuð öðrum en fræðimönnum eða þeim, sem hafa þann stimpil, á meðan ekki er neinn kostur nægilegra safna í bænum fyrir almenning. Það eru því eindregin tilmæli mín, að hv. frsm. upplýsi, hverjar breytingar eiga að verða á starfssviði landsbókasafnsins.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af athugasemd hv. þm. Ísaf. Það er rétt, sem hann segir, að í grg. þessa frv. er komizt svo að orði, að starfssvið landsbókasafnsins og notkun verði eingöngu miðuð við fræðimenn. En um þetta segir ekkert í frv. sjálfu. Nefndin veitti þessu atriði athygli, og talaði um það við þá, sem við hana ræddu á fundi og ég hef áður nefnt, meðal þeirra landsbókavörð. Og eftir að hafa fengið skýringar þeirra, var hún í engum vafa um það, að ekkert slíkt lægi að baki frv., það verður engin skipulagsbreyting gerð á safninu, þótt þetta frv. verði að lögum. Landsbókasafnið er í dag aðalsafn fyrir fræðimenn eða þá, sem afla sér fróðleiks með bókakosti þess. Hins vegar gegnir það ekki hlutverki almannabókasafns að öllu leyti, hefur t. d. ekki íslenzkar bækur til útlána, það hlutverk er ætlað bæjarbókasafninu. Nú hefur landsbókavörður skýrt frá því á fundi menntmn., að ekki komi til greina að loka lestrarsal safnsins fyrir nokkrum, sem vill fræðast þar af bókakosti safnsins sjálfs. En hann sagði, að það færi mjög í vöxt, að fólk leitaði inn á safnið með eigin bækur, t. d. skólafólk, til þess að njóta þar kyrrðar, og það væru stundum svo mikil brögð að þessu, að lestrarsalurinn væri undirlagður af slíku fólki, svo að fræðimenn fengju þar ekki rúm. Hann taldi, að nokkurn hemil þyrfti að hafa á þessu, og það væri það eina, sem kæmi til greina um skipulagsbreytingu, að settar yrðu strangari reglur um, að menn kæmu ekki þangað með eigin bækur. Ég vænti þess, að þetta sé alveg skýrt fyrir hv. þm. Ísaf. og öðrum hv. þm., og legg sérstaka áherzlu á það, að frv. sjálft gefur ekkert tilefni til þess að ætla, að skipulagsbreyting verði gerð á landsbókasafninu.

Finnur Jónsson: Ég hef nú við þessa fyrirspurn til hv. frsm. fengið að nokkru upplýst það, sem ég óttaðist, sem sé að landsbókavörður gæti, ef honum sýndist, takmarkað verulega afnot safnsins, þannig að það kæmi ekki til almennra afnota eins og hingað til hefur verið. Frsm. komst svo að orði, að eins og safnið væri, gegndi það ekki að öllu leyti hlutverki almannabókasafns. Það er rétt. En að nokkru leyti gerir það það, og með því hefur safnið eflaust haft meiri menningaráhrif og þýðingu fyrir bókmenntirnar í landinu en ella. — Þá gat hv. frsm. þess, að nokkuð bæri á því, að menn kæmu með eigin bækur á safnið, svo að þar væri stundum jafnvel ekki rúm fyrir fræðimenn. Ég verð nú að segja, að ég teldi rúmi safnsins vel varið, þótt menn kæmu þangað með eigin bækur, á meðan þeir eru ekki verulega fyrir öðrum, og yfirleitt held ég, að það væri örðugt að „sortera" þá, sem ættu að fá aðgang, og hina, sem ættu ekki að fá aðgang. Frsm. sagði, að frv. bæri ekki með sér neina breytingu á skipulagi safnsins, en ég tel, að grg. frv. beri það með sér ótvírætt. — Ég hef því miður ekki haft tækifæri eða tíma til að bera saman þetta frv. og þau lög, sem ætlazt er til, að felld verði úr gildi með því, og vil ég því mælast til, að hv. frsm. upplýsi, hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á starfssviði safnsins frá því, sem er í gildandi lögum, ella verði málinu frestað.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að þessi ótti hv. þm. Ísaf. sé ástæðulaus, enda getur hann hvergi fundið honum stað í frv. sjálfu, heldur vísar hann eingöngu til orðalags grg., sem samin var af nefnd þeirri, sem undirbjó frv. Nú er það svo, að samkvæmt gildandi ákvæðum er hægt að setja reglur um starfssvið safnsins, og er það á valdi ráðh. að nokkru leyti, og í þeim yrði væntanlega kveðið nánar á um notkun safnsins. Ef menn hefðu hug á að þrengja aðgang að safninu, væri það því hægt samkvæmt gildandi löggjöf, og þyrfti ekki að bera fram og samþykkja lagabreytingu til þess. Þá kemur sú spurning, hvort ekki ætti beint að setja ákvæði í þetta frv. um það, að ekki mætti takmarka aðgang að safninu, en það er ekki rétt, því að sá tími gæti komið og þannig staðið á, að slíkt þyrfti að gera að einhverju leyti af illri nauðsyn. En ég lýsi yfir því hér, að það er engin tilhneiging hjá þeim, sem fara með framkvæmd þessara mála, til að breyta nokkuð til um notkun safnsins frá því, sem verið hefur, í þá átt að takmarka aðgang að því, og það verður ekki gert fyrr en í fulla hnefana. En það gæti reynzt óumflýjanlegt að einhverju leyti er tímar líða, þótt ekki væri það ánægju-

legt. Þannig hef ég hugsað þetta, annað hefur ekki fyrir mér vakað né öðrum, sem um þetta mál hafa fjallað. Hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða, enda gefur þetta frv. enga ástæðu til að ætla það. Valdið til breytinga í þessu efni og möguleikar á þeim er fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum. Ég held, að það sé ekki ástæða til að óttast neitt í sambandi við þetta frv.

Finnur Jónsson: Ég er þakklátur hæstv. menntmrh. fyrir hans ágætu upplýsingar. En ég hefði óskað eftir að frsm. gerði grein fyrir þeim höfuðbreytingum, sem gerðar yrðu á notkun safnsins frá því, sem verið hefur, og skýrði fyrir hv. d., hvernig þetta mál er vaxið. Ef frsm. getur ekki gefið þessar upplýsingar, vil ég ítreka þau tilmæli, að málinu verði frestað, þar eð ég hef ekki haft tækifæri á að slá upp eldri lagaákvæðum, sem gilt hafa og gilda enn í þessu efni.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Að gefnu tilefni vil ég enn segja nokkur orð. — Hæstv. menntmrh. hefur nú gefið upplýsingar til viðbótar því, sem ég sagði áðan, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem hann sagði, eða bæta miklu við. Hv. þm. leitar enn eftir því hjá mér sem frsm. þessa máls, að ég geri grein fyrir þeim breytingum á notkun landsbókasafnsins, sem fyrirhugaðar séu með þessu frv. Mér hefur skilizt og það hefur fyrr verið tekið fram í þessum umræðum, að frv. geri í raun og veru ekki ráð fyrir neinum breytingum á notkun safnsins. Ráðuneytinu er heimilað að setja reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, og er þeirri heimild haldið frá gildandi lögum, svo að í því er engin breyting fólgin. Og það mun álit allra, sem hlut eiga að máli, að með reglugerðarákvæði sé ekki gerlegt að takmarka aðgang að safninu, nema fullkomin ástæða sé fyrir hendi, þ. e. safnið njóti sín ekki án slíkrar takmörkunar. En slík ástæða er ekki fyrir hendi í dag, enda stendur ekki til að breyta þessu. En úr því að hv. þm. Ísaf. hefur ekki haft tíma til að kynna sér þetta mál og fylgiskjöl þess, vil ég vísa til fylgiskjala varðandi fyrirspurn hans. Frv. þetta var borið fram í fyrra, og fylgdu því þá sömu fylgiskjöl og nú. Auk þess er það 8. mál þessa þings, svo að nægur tími hefði nú átt að vera til að kynna sér málið, og satt að segja þykir menntmn. hafa orðið allmikill dráttur á afgreiðslu þess af hennar hálfu. En allan þann tíma, frá því er frv. var prentað í fyrra, hefur hv. þm. Ísaf. ekki getað notað til þess að líta yfir þessi fylgiskjöl. Þar sem svona er ástatt, vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir því, að þetta frv. er undirbúið ekki síst vegna þeirrar verkaskiptingar, sem þarf að vera ákveðin í lögum og reglugerðum milli landsbókasafnsins annars vegar og háskólabókasafnsins hins vegar, sem er í örum vexti og er að móta starfsemi sína. Og ekki síst með það fyrir augum mun hæstv. menntmrh. hafa falið þessum fræðimönnum að undirbúa málið, sem ég gat um, að hefðu samið frv. Um þetta fjölluðu af þessum ástæðum bæði landsbókavörður og menn frá Háskóla Íslands. Það er því meginatriði þessa máls að kveða á um réttindi, skyldur og störf landsbókasafnsins með hliðsjón af því, að háskólabókasafnið er í örum vexti og eðlilegt þykir, að bæði þessi söfn hafi skýrt afmörkuð starfssvið með lögum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misbjóða þolinmæði hæstv. forseta. Ég spurði í fyrsta lagi að því, hvaða breyt. þetta frv. gerði um það, hvernig yrði notkun þessa bókasafns í framtíðinni, í samanburði við það, sem það hefur verið notað til áður. Og ég vil undirstrika það, að ég hef raunverulega ekki fengið svör við þeim fyrirspurnum, sem ég beindi til hv. frsm. Ég sagði heldur ekki, að ég hefði ekki haft tíma til að lesa þau fylgiskjöl, sem fylgdu frv., heldur sagði ég, að ég hefði ekki haft tækifæri til að slá upp í þeim lögum, sem áður giltu um notkun safnsins. Þetta er allt annað, og mér þykir leitt, að ég skuli ekki geta gert mig skiljanlegan fyrir hv. frsm. n. í þessu máli. Ég veit annars ekki, hvort hann gerir það með vilja að svara út í hött fyrirspurnum, sem ég hef beint til hans, en enn þá hefur hann gert það. — Ég mun á milli umr. nota tækifærið, sem ég hef til þess að fletta upp í þessum lögum, en mun ekki elta ólar við þennan hv. þm. En það er ákaflega leiðinlegt að koma með fyrirspurnir og biðja um upplýsingar um þann mun, sem eftir þessu frv. á að verða á notkun þessa safns, miðað við það, sem áður var, og fá ekki svör nema út í hött af hálfu þessa hv. þm.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það er sanngjarnt af hv. þm. Ísaf. að ætlast til, að hv. frsm. menntmn. hafi á reiðum höndum þessa löggjöf, sem áður var um þessi efni. En meðan þeir hv. þm. ræddu um þetta, notaði ég tækifærið, til þess að ná í þessi lög, sem eru frá 1907, þar sem stendur um stjórn safnsins, að stjórnarráðið hafi á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins. Þannig er það nú, að menntmrn. hefur stjórn safnsins í sínum höndum. En í löggjöfinni — er hv. þm. Ísaf. farinn út úr salnum? — í löggjöf þessari, sem nú er í gildi, eru engin ákvæði um notkun safnsins. En ef maður lítur svo á þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá er þar að vísu ekki svo að orði kveðið, að stjórnarráðið eða menntmrh. hafi með höndum stjórn safnsins, heldur að það setji reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins. Þannig er ákvæðum um yfirráð og æðstu stjórn safnsins fyrir komið í þessari löggjöf, sem nú er í ráði að setja, eins og í gömlu löggjöfinni. Í gömlu löggjöfinni eru engin ákvæði um notkun safnsins, og í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru heldur engin ákvæði um notkun safnsins, þannig að frv. þetta breytir engu um það atriði, sem hv. þm. Ísaf. talaði um hér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 155,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 155,2 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
11.—13. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 164).

Finnur Jónsson: Ég gerði við 2. umr. nokkrar fyrirspurnir til hv. frsm. menntmn. í sambandi við þær breyt., sem gerðar eru með þessu frv. frá eldri l. Ég hef síðan athugað málið nánar, og mér virðist, fyrst farið er að endurskoða gildandi l. um landsbókasafnið, þá hefði mátt taka fleira fram um hlutverk safnsins en gert er í þessu frv. Í 1. gr. frv. er talað um hlutverk landsbókasafnsins, og er það í fjórum liðum:

1. Að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.

Hins vegar er ekki tekið fram, hvaða not eigi að hafa af safninu innanlands. Það á að safna öllum mögulegum bókum, og það á að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta á erlendum vettvangi. En að það eigi að vinna að kynningu þessa stóra safns á innlendum vettvangi, um það er eigi talað. Nú hefur þetta verið gert, og það er einkennilegt, fyrst verið er að endurskoða l., að ekkert skuli vera sett um það í frv., hvað safnið eigi að gera hér heima, ekki sízt ef með þessu frv. er fjölgað starfsmönnum við safnið úr 3, eins og það er í l. frá 22. nóv. 1907, og upp í 6 eða 7. Maður skyldi halda, þegar búið væri að fjölga starfsmönnum safnsins úr 3 upp í 7, þá ættu þeir að gera eitthvað sérstakt annað en að safna bókum.

Eitt af hlutverkum landsbókasafnsins á að vera að vinna að kynningu íslenzkra bóka erlendis, en ekki er sagt, hvort það skuli vera með ferðalögum til annarra landa með íslenzkar bækur til kynningarstarfsemi, og þá virðist ekki óþarft að ákveða, hvernig eigi að kynna þær hér á landi, til þess að safnið komi að gagni. Það má vel vera, að búið sé að fjölga landsbókavörðum frá því, sem er í l. frá 1907, en þá er það gert án þess, að til þess sé nein lagaheimild. Það kann að vera, að tala bókavarða hafi verið sett í launal., en breyt. á l. hafa ekki verið gerðar.

Í tilefni af því, að eitthvað mætti standa í þessari endurskoðuðu löggjöf um hlutverk safnsins inn á við, vil ég leyfa mér að flytja svo hljóðandi brtt.:

„Við 2. gr. bætist nýr liður, er verði tölul. 5., svo hljóðandi: að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.“

Ég get ekki skilið, að n. hafi neitt á móti því, að ég beri fram till. um að setja inn í þessa endurskoðuðu löggjöf ákvæði um, að safnið verði landsmönnum að sem mestum notum, en ekki sé eingöngu hugsað um bókasöfnun.

Forseti (BG): Forseta hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf., sem hann lýsti, svo að óþarfi er að lesa hana upp á ný. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 173) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. — Ég vil beina þeirri fyrirspurn til n., hvað margir bókaverðir séu nú starfandi í safninu. Samkvæmt l. eru aðeins tveir aðstoðarbókaverðir, en samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að þeir verði sex, og er því gert ráð fyrir, að fjölgað verði um fjóra. Mér er ekki kunnugt, hvað margir eru starfandi við safnið nú, en mér virðist, að áður en frv. fer héðan, væri rétt, að d. fengi nákvæmar upplýsingar um, ef á að fjölga bókavörðunum langt fram yfir það, sem nú er í safninu, hvort þörf sé á þeirri fjölgun. Það má vera, að n. geti strax svarað þessari fyrirspurn, því að ég geri ráð fyrir, að hún hafi kynnt sér það mál. En ég vil endurtaka það, að ef mönnunum er fjölgað með þessu frv. fram yfir það, sem talið hefur verið nauðsynlegt, þá þarf að athuga, hvort sú fjölgun er nauðsynleg.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins benti ég á, að í þessu frv. væri ekkert, sem gæfi til kynna, að ætlað væri að gera skipulagsbreyt. á starfsháttum safnsins. Ég benti á, að í frv. væri gert ráð fyrir, að reglugerð yrði sett um stjórn og starfshætti safnsins og allt, sem lýtur að skipulagi safnsins sjálfs, en n. var ekki kunnugt um, að það væri nein fyrirætlun um að breyta starfsháttum þess, enda mun ekki vera heimilt að setja í reglugerð annað en það, sem l. taka fram í stórum dráttum. Til viðbótar þessu lýsti hæstv. menntmrh. yfir við 2. umr., að í þessu frv. felist ekki nein fyrirætlun um breyt. á starfsháttum safnsins. Þetta taldi hv. þm. Ísaf. þá raunar ófullnægjandi svör og jafnvel engin svör. Hitt tók ég fram að gefnu tilefni frá hv. þm. Ísaf. og bar landsbókavörð fyrir því, að undanfarin missiri og ár hefur nokkuð borið á því, að á safnið kæmi fólk utan úr bæ, sem kæmi ekki til að nota bókakost safnsins sjálfs, heldur eigin bækur, og vildu nota lestrarsalinn sem lesstofu, aðallega skólalesstofu. Ég vil taka það fram, að landsbókavörður hefur látið í ljós, að ef svo færi síðar meir, að safnið gæti ekki tekið á móti þeim, sem vildu nota bóka-

safnið sjálft í lestrarsal, vegna aðsóknar annarra manna, þá gæti komið til þess, að þyrfti að reisa skorður við því, að lestrarsalur safnsins væri notaður sem lesstofa, því að fyrst og fremst er honum ætlað það hlutverk að vera til afnota þeim mönnum, sem vilja nota bókakost safnsins og afla sér fróðleiks á þann hátt. Mér skilst, að þetta, ef til þess þyrfti að koma síðar meir, að reisa skorður í þessu efni, þá snerti það ekki það frv., sem hér liggur fyrir, því að það liggur í augum uppi, að yfirstjórn safnsins á hverjum tíma hlyti að geta gert slíkar ráðstafanir sem þessar. Það er í raun og veru stjórnarráðstöfun, sem yfirstjórn safnsins hefur í hendi sinni hvenær sem er.

Þegar þetta liggur fyrir, er ekki óeðlilegt, að kæmi sú spurning: Til hvers er verið að breyta löggjöfinni um landsbókasafn? Mér hefur skilizt, að tilgangurinn með þessari lagasetningu sé aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi á að færa löggjöfina til samræmis við þá starfshætti, sem nú þegar eru fyrir hendi í landsbókasafninu, en l. um landsbókasafn eru frá 1907, meira en 40 ára gömul, og segja í raun og veru afar lítið. Eins og að líkur lætur, hefur þessi stofnun eins og fjölmargar aðrar stofnanir þróazt og vaxið í síðustu 40 ár. Safnið er nú rekið í fullu samræmi við það, sem frv. tekur fram. Þetta er þá höfuðtilgangur frv., að færa löggjöfina til samræmis við þá starfsemi, sem þegar er fyrir hendi í landsbókasafninu. Að þessu lúta 1.—5. gr. frv., sem segja til um, að safnið sé landsbókasafn Íslands, og svo tiltekið nánar um hlutverk þess, að safna og varðveita prentuð rit og handrit o. fl. þess háttar. Það má í raun og veru segja, að 8.—10. gr. lúti að þessu líka, þar sem tiltekið er um starfsmenn safnsins og ráðunauta, sem landsbókavörður kveður til, þegar velja skal fyrir safnið bækur í vissum fræðigreinum.

Þá kem ég að því, sem kom fram hjá hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. Rang., hvort fyrirhugað sé með þessu frv. að stofna til starfsmannafjölgunar í safninu í samræmi við það, sem 8. gr. segir. Þeirri fyrirspurn get ég svarað á þann hátt, að menntmn. spurði landsbókavörð um þetta á fundi sínum, og gaf hann n. þau svör, að sá mannfjöldi, sem tiltekinn er í 8. gr. frv., sé starfandi við safnið nú, en þetta sé aðeins lögfesting á því, sem fyrir sé í safninu og hafi verið undanfarin ár. Þessi svör landsbókavarðar tók n. gild og hefur ekki látið fara fram aðra og frekari rannsókn í þessu efni, og ég hygg, að þetta sé sannleikanum samkvæmt. Hinu er ég ekki tilbúinn að svara, á hvaða tíma fjölgun starfsmanna hefur farið fram frá því, sem l. frá 1907 gerðu ráð fyrir, því að það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. tók fram, að í l. frá 1907 er ekki gert ráð fyrir svona miklu starfsliði, en þetta hefur þróazt eins og annað og verið samþ. á vissan hátt, t. d. með samþ. fjárl., þar sem veitt hefur verið fé í samræmi við þetta starfsmannalið, sem þar er nú.

Þá kem ég að hinum þætti þessa máls, en mér skilst, að annar þáttur þessarar lagasetningar sé að afmarka skýrar en verið hefur stöðu safnsins og afstöðu þess gagnvart öðrum söfnum landsins. Á þetta ekki sízt við um háskólabókasafnið. Ég get bent á, að í grg. frv., efst á bls. 3, segir svo: „Fram til síðustu áratuga hefur landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem atvinnudeild háskólans, rannsóknastofa háskólans, náttúrugripasafnið o. fl.“ En það er einmitt annar höfuðtilgangur þessa frv. að afmarka starfssvið landsbókasafnsins gagnvart öðrum söfnum. En það er ekki ætlunin, að landsbókasafnið hverfi frá því, sem það hefur verið, að vera vísindalegt bókasafn, og það, sem hv. þm. Ísaf. benti á við 2. umr., er aðeins í samræmi við þetta, að landsbókasafnið haldi áfram að vera vísindalegt bókasafn, þrátt fyrir það að önnur vísindaleg bókasöfn rísi upp. Á það má benda, að einmitt þetta kemur fram í því, að landsbókasafninu er lögð sú skylda á herðar að hafa á hendi gagngerðari söfnun og varðveizlu bóka en öðrum söfnum og landsbókasafnið hefur reist skorður við því að lána bækur út til manna almennt, heldur geymir það bækurnar og lánar til afnota í lestrarsal, en t. d. bæjarbókasafnið og söfn úti á landi eru frekar rekin til að annast útlánastarfsemi til almennings.

Hv. þm. Ísaf. benti á í ræðu sinni áðan, að landsbókasafnið ætti skv. frv. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi, en það væri ekki tekið fram skýrum orðum, að það skyldi gegna sama hlutverki um kynningu bókmennta innanlands, og lét hv. þm. einnig þau orð falla, að ekki yrði séð af frv., hvernig landsbókasafnið ætlaði sér að framkvæma þessa kynningu íslenzkra bókmennta á erlendum vettvangi. Út af þessu þykir mér ástæða til að segja það, að um kynninguna innanlands verður auðvitað haldið í svipuðu horfi og verið hefur hingað til. Það hefur einmitt verið höfuðstarfssvið landsbókasafnsins að safna bókum og varðveita þær og lána þær svo safngestum til afnota í lestrarsal. Á þennan hátt vinnur landsbókasafnið að kynningu íslenzkra bókmennta innanlands, og dregur það að sjálfsögðu ekkert úr því, þótt þetta frv. verði að lögum. En um það, hvernig koma á í framkvæmd kynningu íslenzkra bókmennta erlendis, þá bendi ég á, að í 6. gr. frv. er nýmæli, sem segir, að landsbókasafnið skuli reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir. Í öðru frv., sem er fylgifiskur þessa frv., frv. til l. um afhending skyldueintaka til bókasafna, er gert ráð fyrir, að allar prentsmiðjur og öll fyrirtæki, sem margfalda prentað mál, afhendi skyldueintök til landsbókasafnsins og landsbókasafnið á síðan að ráðstafa þeim og annast bókaskipti við erlendar stofnanir, og er þetta nýmæli í þessu máli.

Út af brtt. hv. þm. Ísaf. þá tek ég fram, að menntmn. hefur nú á stundinni ekki aðstöðu til að íhuga hana, og get því ekki fyrir hönd

n. sagt neitt um till., en mér finnst eðlilegt, að n. verði gefinn kostur á að athuga hana, og væri því ef til vill rétt, að hæstv. forseti frestaði afgreiðslu málsins, t. d. þangað til á næsta fundi d., þar sem þetta er 3. umr. málsins og ekki hægt að athuga till. milli umr.

Forseti (BG): Mér þykir rétt að verða við ósk hv. þm. A-Sk. um að fresta umr. (*FJ:* Herra forseti. Má ég fá orðið áður en umr. er frestað.) Það er leyft.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að till. mín verður tekin til athugunar í hv. menntmn., en út af nokkrum atriðum í ræðu hv. frsm. vil ég benda á, að þar sem hann talar um, að frv. sé flutt vegna þess, að starfshættir landsbókasafnsins séu ekki í samræmi við lögin frá 1907, þá stendur ekkert um starfshætti safnsins í þeim lögum. Þar er aðeins ákveðið, að stjórnarráðið skuli hafa með hendi yfirstjórn safnsins, og þar er ákveðið að skipa landsbókavörð og aðstoðarbókaverði, en um starfshætti safnsins er ekkert í lögunum, og þetta bendir til þess, að hv. frsm. hafi ekki kynnt sér núgildandi l. um landsbókasafn. Nú hafa starfshættir verið þeir, að landsbókasafnið safnar erlendum og innlendum ritum, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Hins vegar hefur safnið rekið lestrarsal og haft með höndum einhverja útlánastarfsemi. Hv. frsm. sagði, að ekkert í frv. gæfi til kynna breytingar á starfsháttum safnsins. En með þá reynslu, sem fengizt hefur af starfsháttum safnsins, er þetta rangt, þar sem einu skyldurnar, sem safninu eru lagðar á herðar með þessu frv., eru að safna bókum og kynna íslenzkar bókmenntir á erlendum vettvangi. Ég efast ekki um, að sú yfirlýsing hæstv. menntmrh., sem hv. frsm. vitnaði til, um, að engar breytingar á starfsháttum safnsins séu fyrirhugaðar, sé rétt, en sú yfirlýsing gildir aðeins meðan hann er menntmrh., en ég er því miður hræddur um, að hann verði ekki jafnlanglífur í sæti menntmrh. eins og landsbókasafnið, og þá er ég hræddur um, að eftirmaður hans muni frekar telja sig bundinn af gildandi lögum en yfirlýsingu fyrirrennara síns. Hv. frsm. sagði, að færa ætti með l. starfshætti safnsins til samræmingar við það, sem nú væri, en það verður því aðeins gert, að í frv. verði tekin ákvæði um það, hvernig landsbókasafnið eigi að kynna Íslendingum bækur sínar. Ég lít svo á, að með því að samþ. brtt. mína, þá náist þetta, og eingöngu á þann hátt náist það, sem hv. frsm. sagði, að væri meiningin, sem sé það, að breyta ekki starfsháttum landsbókasafnsins frá því, sem nú er.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 164, 173).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá í hv. d., var því frestað vegna brtt. frá hv. þm. Ísaf., en hún er nú komin hér á þskj. 173. Síðan þetta gerðist hafa menntmn.-menn borið till. saman við frv. Varð niðurstaða n. á þá leið, að hún mælir gegn till., en leggur til, að frv. þetta verði afgreitt frá þessari hv. d., eins og það er á þskj. 164. Virðist n. við nánari athugun, að brtt. sé efnislega alveg óþörf. Samkv. frv. er ætlazt til þess, að reglur verði settar um stjórn og starfshætti landsbókasafns með reglugerð, eins og verið hefur s. l. 40 ár. Við sjáum ekki annað en segja þyrfti öldungis jafnmikið í reglugerð, þó að till. þessi yrði samþykkt. Heyra mátti á ræðu hv. þm. Ísaf., að hann teldi of mikið talað um fræði í frv., en of lítið um aðstöðu almennings til að færa sér safnið í nyt. En till. hans fjallar eigi um að efla bóklestur, heldur „bókfræðiiðkanir", þ. e. hér er bætt við í frv. því, er áður var tekið fram í 3. málsl. 2. gr. Þetta virðist gera samþykkt till. enn óþarfari en ella. Þá hefur hv. þm. Ísaf. haldið því mjög á lofti, hversu ég og n. í heild hafi litla þekkingu á málinu. Ég andmæli því ekki, að þekking mín sé í molum, bæði í þessum efnum sem öðrum. En þó hef ég nú m. a. lesið l. frá 1907, um stjórn landsbókasafnsins. Get ég meira að segja gert grein fyrir, hvað í þeim l. segir. 1. gr. þeirra l. hljóðar svo: „Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sér um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum. — 2. gr. Skipa skal landsbókavörð .... Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa. — 3. gr. Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði .... 4. gr. Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðuneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna menntaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimmti." Annað eða meira er ekki í l. um stjórn landsbókasafnsins frá 1907. Fer ég hér eftir Lagasafninu. Ég get líka skýrt frá því, að settar hafa verið reglur um starfshætti landsbókasafnsins. Þær voru settar þ. 21. apríl 1909, og eftir þeim hefur safninu verið stjórnað í s. l. 40 ár. Í þeim reglum er að finna ákvæði um lestrarsal, útlán o. fl. Þetta mun nægja til að sýna fram á, að þau ummæli hv. þm. Ísaf., að við vitum ekki af þessum l. og reglum, eru algerlega gripin úr lausu lofti, og einnig hitt, að ákvæði þau, er gilda um útlán o. fl., hafa nú verið reglugerðarákvæði um 40 ára skeið. Og loks mun ljóst, að ástæða var til þeirrar endurskoðunar, sem nú er hér um að ræða. Ég tel það annars eigi ófyrirsynju, að þetta mál sé rifjað upp. Undirbúningur var hafinn árið 1947 með skipun nefndar til að athuga málið og semja frv. til l. Formaður n. var dr. Sigurður Nordal prófessor. Alþjóð er kunnugt um, að þar er vandvirkur maður á ferð, sem þar að auki hefur til að bera frábæra þekkingu á máli og stíl. Varaform. n. var dr. Þorkell Jóhannesson prófessor, sem hefur starfað við landsbókasafnið og

Háskóla Íslands. Þriðji maðurinn var Finnur Sigmundsson landsbókavörður, sem gegnt hefur því embætti um skeið, og fjórði maðurinn dr. Björn Sigfússon háskólabókavörður, sem er mönnum að ýmsu góður kunnur, hefur mikla þekkingu til að bera í þessum efnum og m. a. haldið uppi leiðbeiningum um íslenzkt málfar í útvarpinu. Fimmti maðurinn var svo Jakob Benediktsson magister. Þessir menn komu sér nú saman, og skiluðu þeir frv. sínu í fyrra. Það var þá prentað, en afgreiðslu málsins frestað. Milli þinga er það lagt fyrir háskólaráð, og þar er frv. gagnrýnt. Þar fjalla sex prófessorar um málið, þeir Alexander Jóhannesson, Ólafur Lárusson, Ásmundur Guðmundsson, Guðm. Thoroddsen, Trausti Ólafsson og Þorkell Jóhannesson. Þeir gefa n. svo ýmsar bendingar, en minnast eigi á það einu orði, að í 2. gr. frv. sé nokkuð vansagt. Þarna er þó um vel læsa menn að ræða, og meira að segja er einn þeirra, prof. Ólafur Lárusson, lögfróður í bezta lagi. Síðan er frv. þetta flutt af hæstv. ríkisstjórn, og ég verð að ætla, að hún hafi lesið sitt eigið frv. Loks stendur þingnefndin einhuga að málinu og leggur til, að frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 164, verði samþ. Ég vænti þess, að hv. þdm. megi vera það ljóst, að hér er ekki um neitt flaustursverk að ræða. Er það dæmafátt, að jafnmargir lærdómsmenn hafi fjallað um eitt og sama frv., eigi víðtækara en þetta er. En eftir alla þessa meðferð rís hv. þm. Ísaf. upp eins og til að bæta um það, er aðrir hafa gert. Svo virðist á máli hans sem hann muni vera manna glöggskyggnastur á málið. Frv. ber það þó með sér, að pennafærir menn hafa samið það. Þarf eigi mikla glöggskyggni til að sjá, að brtt. frá hv. þm. Ísaf. er að formi til hortittur, og ég hygg, að hinir vísu lærdómsmenn mundu segja, að þar komi köttur í ból bjarnar. M. a. vegna þessa leggur menntmn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forseti (BG): Hv. þm. Ísaf. gerir stutta aths.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég er ánægður með, að hv. þm. A-Sk. skuli nú loks hafa kynnt sér l. frá 1907 og komizt að þeirri niðurstöðu, sem hann hlaut að gera, að í þeim l. er ekkert tekið fram um hlutverk landsbókasafnsins, heldur sé ætlazt til, að því atriði séu gerð skil í reglugerð. Í þessu nýja frv. er hins vegar getið hluta af hlutverki þess, en ég mun vera svo barnalegur að halda, að aðalhlutverk safnsins sé að kynna mönnum bækur safnsins. Ég hef það álit, að landsbókasafn eigi að þjóna þessum tveim hlutverkum: safna bókum og gefa almenningi kost á að kynna sér þær. Er það kallað dirfska af mér, ókunnugum þessum efnum, að ég skuli leyfa mér að benda á, að í þessu frv. sé það fellt niður, er til þessa hefur verið talið aðalhlutverk safnsins. Ég þykist vita, að hv. þm. segi þetta eigi vera ætlunina. En hvers vegna er ekki talinn upp nema annar hlutinn af því, er talið er hlutverk safnmannanna? Mér er e. t. v. líkt farið og fleirum, að hv. þm. A-Sk. geti talið upp marga menn, sem séð hafi frv., en fyrir mínum augum er þessi galli á frv. Þeim góðu mönnum hefur e. t. v. farið á þann veg, að þeir hafi talið þetta of sjálfsagt, til þess að taka þyrfti það fram. Hví er þá verið að taka fram, að safna þurfi bókum? Ef hitt er of sjálfsagt, til að þurfi að taka það fram, þá hefði eigi fremur þurft að taka þetta fram. Landsbókasafnið getur orðið eins konar heimildastofnun og eingöngu fyrir fræðimenn. Hvað reglugerðina varðar, mun þá vera ætlunin að loka safninu að meira eða minna leyti? Ég veit, að hæstv. menntmrh. segir það eigi vera ætlan sína, en hann er nú ekki eilífur augnakarl. En ég held fast við brtt. mína. Og þó að svo sé að orði kveðið, að hlutverk safnsins sé að efla „bókfræðiiðkanir," þá held ég það sé enginn hortittur, þegar jafnframt er tekið fram, að gefa skuli mönnum kost á að kynnast erlendum og innlendum bókum. Vel má vera, að einhver íslenzkufróður maður hefði orðað þetta eitthvað öðruvísi. Er ég tilbúinn að taka við og fylgja fram till. um að orða þetta betur. En á meðan eigi er annað haft í frammi en bláber neitun við því að taka brtt. mína til greina, þá stend ég við hana. Sé ég ekki, að hið virðulega Alþ. geti ekki skorið úr um það, hvert hlutverk landsbókasafnsins eigi að vera.

ATKVGR.

Brtt. 173 felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, HÁ, HermG, IngJ, JPálm, JS, PO, StSt, ÁÁ.

nei: HB, HelgJ, PÞ, SigfS, SG, SEH, SkG, ÁkJ, BG.

JG, SK, StgrSt greiddu ekki atkv.

14 þm. (EystJ, GTh, GÞG, JóhH, JJ, JörB, KTh, LJós, ÓTh, SB, StJSt, BÁ, EOl, EmJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 374).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það má segja það sama um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það síðasta, sem rætt var hér. Frv. hefur haft mikinn og langan undirbúning.

þar sem þetta er annað þingið, sem frv. er rætt á, en það lá fyrir síðasta þingi, en þá entist ekki tími til þess að ganga frá því. Þar sem aths. hæstv. ríkisstj. við frv. eru mjög skýrar og ýtarlegar skýringar n. eru prentaðar í nál., sem varpa ljósi yfir málefnið, þá sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja mjög um frv. Menntmn. var sammála um að mæla með frv. Ég vil geta þess, að einn nm., hv. 1. þm. Reykv., var fjarstaddur, þegar frv. var til umr. í n., og hefur hann því óbundnar hendur um afstöðu sína til þess.

Ég vil aðeins minnast á það, að hér er sýnd viðleitni til að færa til samfelldrar lagasetningar hin ófullkomnu ákvæði, sem voru fyrir um þetta efni, þannig, að hér sé nokkurn veginn flokkað, hver séu aðalverkefni landsbókasafnsins. Þó má lengi deila um slíka flokkun. Lærðir menn hafa fjallað um þetta frv. og þeir orðið sammála um það, og má segja, að það sé málefninu mikill styrkur, þó að hitt sé leiðara, að í bréfi frá háskólaráði kveður nokkuð við annan tón, en þar er um að ræða aðstöðumun milli háskólabókasafnsins og landsbókasafnsins. Háskólaráðið sýnist ekki vilja sætta sig við frv., eins og það er lagt fyrir Alþ., en n. taldi ekki ástæðu til þess að fara út í þá sálma, heldur að miða við það, að hér eru ákveðin á fullkomnari hátt höfuðverkefni þessarar merkilegustu geymslu hinna veraldlegu gæða Íslendinga, frá kyni til kyns, sem er bókmenntavarðveizla Íslendinga. Þá má líka geta þess, að um leið og þessi höfuðverkefni eru sundurliðuð hér, er minnzt á það, hver skuli vera afstaða milli landsbókasafnsins og háskólabókasafnsins, og er miðað við samvinnu, þar sem hún á við. Það var áður dálítið laust í reipunum, hve mikinn mannafla skyldi hafa við safnið, og er hér ákveðið, samkv. 6. gr., að menntmrh. skuli skipa allt að 6 bókaverði að fengnum till. landsbókavarðar, en forseti Íslands skipar landsbókavörð. Um kjör þessara manna vísast til launal. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en vil endurtaka það, að menntmn. mælir með því, að það verði samþ.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram er tekið í nál., að ég var viðriðinn afgreiðslu málsins í n. og er fyllilega samþykkur því, að frv. verði samþ., enda sýnist svo, að það sé í öllum aðalatriðum staðfesting á þeim rekstrarháttum, sem á safninu hafa verið til þessa. Ég hef veitt því athygli, að fram hefur komið í Nd. till. um að bæta einum tölul. við 2. gr. frv., þar sem sé nánar fram tekið um hlutverk safnsins, að því er það snertir að efla bókfræðiiðkanir, með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur. Í 3. tölul. 2. gr. er að vísu tekið fram, að safninu beri að annast rannsóknir á íslenzkri bókfræði, en þar er sennilega átt við, að sú skylda hvíli á forstöðumönnum safnsins. Í 4. tölul. er tekið fram, að hlutverk safnsins sé að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi. Mér finnst ekki óeðlilegt, að svo kæmi 5. tölul., þar sem tekið væri fram, að ein af höfuðskyldum safnsins væri að efla bókfræðiiðkanir innlendra manna með því að gefa þeim kost á að kynna sér rit, sem safnið geymir. Ég vildi því leyfa mér að bera fram viðbótartill. við 2. gr., sem færi í þessa átt. Ég tel það réttara en að láta hana koma fram við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 390) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. frsm. n., þar sem ég heyrði ekki glögglega framsöguræðu hans, um það, hvort ætlunin sé að fjölga starfsmönnum við safnið frá því, sem nú er.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Viðvíkjandi fyrirspurn hæstv. dómsmrh., þá er því að svara, að frv. sker ekki úr um það til fulls. Þar segir, að skipa eigi allt að 6 bókaverði. Fleiri mega þeir ekki vera. Mér er sagt, að nú séu þeir 6. Ég hef fyrir mitt leyti álitið, að þetta væru ekki allt fastir starfsmenn safnsins, heldur væru sumir þeirra aukaverðir. Um kjör þessara manna hef ég ekki enn aflað mér upplýsinga, svo að um það er ég of fáfróður. Fleira hef ég ekki til að svara hæstv. ráðh. á þessu stigi málsins.

Viðvíkjandi brtt., sem hér hefur komið fram frá hv. 3. landsk. þm., þá vildi ég beina því til hans, hvort hann vildi ekki taka hana aftur til 3. umr., svo að n. hefði tækifæri til að athuga hana til hlítar fyrir þá umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég efast ekki um, að þetta frv. út af fyrir sig sé til bóta, ef málið er skoðað eingöngu frá sjónarmiði landsbókasafnsins, og út af fyrir sig hljóta allir að óska eftir því, að jafngóð og þörf stofnun eins og landsbókasafnið er hafi sem allra bezta og fyllsta starfskrafta. Á hinn bóginn verð ég að segja það, þegar ég sé frv. eins og þetta, er ekki liggur ljóst fyrir, hvort hér sé raunverulega starfsmannaskortur eða ekki, en er samkv. upplýsingum hv. frsm., sem hefur athugað málið, raunverulega um fjölgun að ræða, þó að nafninu til kunni að vinna þarna svona margir, að mér finnst dálítið kynlegt, að frv. eins og þetta skuli fljúga í gegn. En vitað er, að aðalvandamál þessa þings er að reyna að standa á móti eða draga úr hinum mikla vexti ríkisbáknsins, sem talað hefur verið um. Það má segja, að hvar sem drepið er niður, sé þörf á þeim starfsmannafjölda sem nú er. Sannleikurinn er sá, að það mun erfitt að finna starfsmenn hjá ríkisstofnunum, sem ekki er þörf fyrir, og þess vegna verður naumast fækkað starfsliði hins opinbera, meðan það blandar sér í öll þau mál, sem það nú gerir. Hins vegar er starfsmannafjöldinn orðinn svo mikill, að mönnum blöskrar og allra ráða er leitað til, að þeim verði fækkað. — Þetta vildi ég benda á, án þess að ég sé á þessu stigi málsins að leggja nokkurn dóm á það, hvort

við landsbókasafnið eigi að vinna fleiri eða færri menn.

Úr því að ég er byrjaður að taka þátt í umr. um þetta mál, þá ætla ég að minnast á aðra hlið málsins, sem mér er dálítið kunnugt um. Eins og menn vita, þá eru nú starfandi tvö bókasöfn á þeim vettvangi, sem landsbókasafnið hafði eitt áður, þ. e. landsbókasafnið eins og það er nú, en auk þess háskólabókasafnið. Þessi söfn sinna, eins og nú er háttað, bæði sömu verkefnum, og vaknar þá sú spurning, hvort ekki væri heppilegt að láta þessar stofnanir skipta með sér verkum, þannig að háskólasafnið hafi alveg með eina eða fleiri fræðigreinar að gera, en landsbókasafnið aðrar. Með slíku fyrirkomulagi ætti að þurfa færri menn við söfnin. Ég vil láta þetta koma fram, annars skortir mig þekkingu til að dæma um þetta mál til hlítar, þó að ég sé að vísu dálítið kunnugur því frá fornu fari.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það skulu verða fá orð, sem ég segi um þetta mál, en ég vil aðeins upplýsa það, að þegar við höfðum málið til meðferðar í menntmn., þá hnutum við einmitt um þetta atriði, að talað var um 6 bókaverði, en í gömlu lögunum frá 1907 er aðeins gert ráð fyrir 2 bókavörðum. Ég hygg, að fáir eða engir hafi haft löngun til að fjölga starfsliðinu við safnið, því að ástandið er ekki þannig, að það séu tímar til slíks, og þess vegna lét ég athuga, hversu margir starfsmenn væru við safnið, og svarið var, að þar störfuðu nú 6 menn auk landsbókavarðar, en af því má sjá, að hér er ekki um fjölgun að ræða. Hitt tel ég raunar aukaatriði, hvort þessir menn eru ráðnir sem bókaverðir eða skipaðir eftir lögunum.

Hitt í ræðu hæstv. dómsmrh., hvort ekki sé hægt að spara starfskrafta við umrædd bókasöfn með því að samræma betur störf þeirra, tel ég þörf á að athuga nánar, og er ég reiðubúinn til þess að taka málið aftur fyrir í menntmn. til að athuga þann möguleika. Í því tilfelli er um tvær leiðir að ræða. Sú er önnur að taka málið nú út af dagskrá, en hin er að láta málið ganga til 3. umr. og athuga þessa hlið málsins milli umræðna. Síðari leiðin er heldur fljótlegri, en ég vil sem forseti láta dm. ráða, hvora leiðina þeir kjósa.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Til athugunar fyrir 3. umr. málsins vil ég minnast á nokkur atriði. — Ég tek undir þau ummæli hæstv. dómsmrh. og hæstv. forseta, að málið þarf nánari athugunar við. Sumt getur að vísu orðið reglugerðaratriði, eins og t. d. að lagfæra þær aðstæður, sem nú eru sagðar vera, að lesstofur séu alltaf fullsetnar af skólafólki, svo að engin sæti séu fyrir þá, sem óska eftir að nota bækur safnsins, og fer ég ekki nánar út í það.

Meðal ákvæða í þessu frv. er eitt atriði þess efnis, að lögskipað sé, að hver útgefandi sé skyldur að láta af hendi eintök af öllu, sem hann gefur út. Þetta er út af fyrir sig gott, en þó tel ég, að við þetta ætti að bæta því, sem kemur út ljósprentað, fjölritað og steinprentað, eða yfirleitt af öllu, sem prentsmiðjur setja. Það kann að vera, að þetta sé ekki mikils virði fyrst í stað, en þeir tímar geta komið, að slík prentverk geymi mikinn fróðleik. Ég sé ekki ástæðu til að flytja brtt. um þessi atriði, en vænti, að n. taki þau til athugunar fyrir 3. umr. Varðandi starfsmannafjöldann á safninu, þá virðist hann nokkuð mikill og óþarflega mikill, ef allt er í röð og reglu á safninu, en hins vegar getur verið, að nokkur starfsmannaaukning hafi átt sér stað í sambandi við flutning handritasafnsins austur í Árnessýslu og við að koma því í gott lag aftur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er mjög ásáttur með þá aðferð, sem forseti stakk upp á, að vísa málinu til 3. umr. og athuga það svo nánar milli umræðna.

Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, um nauðsyn á að taka fyrir aukna útþenslu ríkisbáknsins, þá væri rétt að athuga, hvenær breyting á starfsmannafjölda við landsbókasafnið hefði orðið og hvort hér eru með taldir skrásetjarar og skrifstofustúlka. Sé þetta starfsfólk ekki talið með í þessum 7 manna hóp, þá væri fróðlegt að fá skýrslu um starfsmannafjöldann og hvenær sú aukning hefði orðið. Sömuleiðis væri æskilegt að fá vitneskju um, hversu margir starfsmenn eru við háskólabókasafnið. Ég vil taka það fram, að ég er síður en svo að reka hornin í síðu landsbókasafnsins með þessum tillögum.

Gísli Jónsson: Herra forseti Ég vil taka undir með hæstv. dómsmrh., að nauðsynlegt er að rannsaka starfsmannafjölda hjá þessari stofnun eins og mörgum öðrum og hvenær aukning hefur orðið. Ég hef verið að leita upplýsinga um þetta atriði í sambandi við störf fjvn., og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, vinna ekki færri en 9 manns við safnið, og hefur því orðið veruleg aukning á starfsmannafjölda nú á síðustu árum. Það virðist vera svo í þeirri stofnun eins og mörgum öðrum, sem ríkið kostar, að þar sé hægt að bæta við starfsfólki, án þess að nokkrar hömlur séu á. Þegar svo fjvn. ræðir við forstöðumenn þessara stofnana með hliðsjón þess, hvort möguleikar séu á að fækka þar starfsfólki, þá fær hún alls staðar sama svarið, að það þurfi heldur að fjölga starfsfólkinu en fækka og auk þess óski það, sem fyrir er, eftir styttri vinnutíma og hærra kaupi. Þetta er niðurstaða fjvn. í þessum athugunum, en á meðan slíkur hugsunarháttur ríkir, virðast litlir möguleikar á breytingu til batnaðar eða fækkun opinberra starfsmanna.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Dálítið vorkunnarmál er það fyrir menntmn., sem hafði frv. til umsagnar, að fyrst og fremst er þetta stjórnarfrumvarp og er því skráð á öðruvísi pappír og hvítari en venjuleg frv. eru skráð á, og í annan stað hefur það gengið án nokkurs ágreinings gegnum hv. Nd. og er því þannig komið vel á veg. En vitaskuld er þetta

þó engin sönnun fyrir því, að ekki megi neitt betur fara í frv. Til dæmis er það atriði, sem hæstv. dómsmrh. benti á og lýtur að vinnusparnaði á þessu sviði og keðju á milli beggja safnanna. Það er eitt meðal annars, sem mælir með því, að málið verði tekið fyrir aftur í menntmn. og athugaðar tillögur um það, sem betur mætti fara, t. d. það, sem hæstv. dómsmrh. hefur getið hér um. Ég er hæstv. forseta deildarinnar, sem líka er forseti menntmn., sammála um það, að málið verði að gefnu tilefni tekið fyrir til nýrrar athugunar og lögð meiri áherzla á það, að það fái rétta heldur en fljóta afgreiðslu. Og þetta segi ég af því tilefni, sem hér hefur gefizt, og einnig af ósögðum ástæðum. Hitt læt ég mig litlu skipta, hvort sú athugun fer fram á meðan frestur verður á þessari umr. eða á milli 2. og 3. umr. málsins.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Mér virðist svo sem þessar umræður hafi gefið tilefni til þess, að þetta mál verði tekið fyrir til nánari athugunar. En ég vildi láta þá skoðun koma fram, að mér finnst réttara, að umr. sé frestað. Mér væri illa við að greiða við 2. umr. atkv. með greinum, sem fyrir fram er vitað, að muni verða breytt.

Það er ekki ófyrirsynju, að þessar umræður hafa orðið hér um starfslið landsbókasafnsins, og kom hæstv. dómsmrh. réttilega að því. Hins vegar þarf fróðari mann en mig til að leggja dóm á það, hvort starfsliðið er of mikið eða ekki. En samkv. upplýsingum hv. þm. Barð., virðist hafa verið greitt talsvert fé fyrir ýmis störf, sem bókaverðirnir sjálfir gætu e. t. v. unnið. Og ég hygg, að þetta mál verði a. m. k. dálítill prófsteinn á viljann til þess, sem hér hefur réttilega verið minnzt á, þ. e. a. s. fækkun starfsmanna ríkisins við opinber störf; og ég hjó einmitt eftir því í ræðu hæstv. dómsmrh., að menn vildu jafnvel ganga svo langt í slíkum sparnaði að draga úr kostnaði við störf, sem enginn ágreiningur er þó um, að séu þjóðnauðsynleg. Og ég vil segja það, að þar sem hægt er að leiða gild rök að því, að draga megi úr slíkum kostnaði, þá er ég því fylgjandi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að við allar þær yfirheyrslur, sem farið hafa fram í fjvn., hefur engum þótt fært að draga úr kostnaði viðkomandi fyrirtækja. Hins vegar er það rangt, að nokkur hafi farið fram á, að vinnutíminn yrði styttur, — a. m. k. hef ég ekki heyrt neinn forstjóra tala um að hann væri of langur. Hitt er svo ekki nema mannlegt, þótt menn vilji hafa sem mest fé úr að spila og kæri sig ekki um, að dregið sé úr því.

Ég vil svo beina því til hæstv. forseta, að fresta þessari umr. á meðan málið er tekið til frekari athugunar.

Forseti (BSt): Þar sem komið hefur fram ósk um það að fresta umr. á meðan þetta mál verður tekið til frekari athugunar, þá vil ég verða við þeim tilmælum og tek málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 164, n. 374, 390).

Forseti (BSt): Þegar umr. var frestað, hafði hv. frsm. talað eins og þingsköp leyfa. En með því að n. hefur tekið frv. að nýju til athugunar, verður að sjá í gegnum fingur með það.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. mun reka minni til, þá var hreyft aths. við frv. við 2. umr., og var henni þá frestað, til þess að þeir, sem hafa haft þetta til meðferðar, ættu kost á því að bera fram brtt. sínar eða gera frekari grein fyrir skoðun sinni og jafnframt afla sér þeirra upplýsinga, sem fáanlegar kynnu að vera og lytu að málinu. En nú hefur meiri hl. n. kvatt þá háskólabókavörð og landsbókavörð á sinn fund til að fræðast af þeim um málið og er að því leyti reiðubúinn að gefa skýrslu um það. En er það er athugað, að þeir, sem mótmælt hafa, m. a. hæstv. dómsmrh., er nú dvelst erlendis, eru nú fjarverandi og eiga þess því engan kost að gera grein fyrir aths. sínum, þá vildum við að vísu ekki seinka gangi málsins, en hins vegar fylgja því á eftir, að menn þeir, sem hæstv. ráðh. nefndi, og hv. þm. Barð. ættu kost á því að fylgja sínum skoðunum eftir. Við, sem í menntmn. sitjum, álitum, að það gæti samrýmzt, ef þessi hv. d. gæti leyft 2. umr. frv. að ljúka í dag til þess að seinka ekki málinu, en hins vegar láta það bíða, til þess að mótmælin gætu komið fram við 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að þá þyrfti að skýra málið nánar. Vil ég því mælast til þess, að d. fallist á samþykkt frv. til 3. umr. eins og það liggur fyrir núna og beðið verði með fræðslu embættismannanna til þeirrar umr. En þá opnast dyr fyrir allar skoðanir. Ég er tilbúinn að koma fram með skýrsluna strax, en hitt er praktískari meðferð, hvort sem hlýr hugur eða kali kemur þá í ljós. — Þetta er m. ö. o. skýrsla mín og tilmæli. (*PZ:* Á að fara að greiða atkv.?) Hv. þm. á kost á að ganga út á meðan.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér finnst þessi málsmeðferð vera fyrir neðan allar hellur. Hér um daginn kemur n. og hefur ekki hugmynd um, hve margir starfsmennirnir eru. Þeir eru allt aðrir og fleiri en n. gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðh. bendir á, hvort eigi megi sameina háskólabókasafnið landsbókasafninu. N. var beðin um að athuga þetta. Nú er hæstv. ráðh. reyndar ekki við. En engar nýjar upplýsingar liggja fyrir, og þó á að fara að greiða atkv. um málið. Ég á ekki til orð yfir þessa aðferð. Dettur mér ekki í hug að fara að taka afstöðu til málsins hér. Vægast sagt átti að bíða, þar til hæstv. ráðh. gæti verið við, en hann óskaði eftir fleiri upplýsingum. Ég skil bara ekkert í hæstv. forseta að fara að taka málið á dagskrá, þegar hæstv. ráðh. var með einhverjar aths., og vera að reka málið áfram. (*EE:* Það á ekki að fara út úr d.) Ég vil biðja hæstv. forseta að athuga þetta.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir nú þessar aths. hv. 1. þm. N-M. harla einkennilegar. En það mun vera vegna þess, a. m. k. að sumu leyti, að honum mun eigi vera kunnugt um þá athugun málsins, sem n. hefur gert. Hann sagði, að n. hefði ekki hugmynd um, hve margir starfsmenn væru við safnið. Það kom strax fram, að n. vissi þetta, a. m. k. hve margir bókaverðirnir væru, því að grennslazt var eftir, þegar n. hafði frv. til meðferðar, hvort um fjölgun bókavarða mundi vera að ræða eða ekki. Sex skipaðir bókaverðir eru nú starfandi við safnið skv. upplýsingum frá landsbókaverði, og í frv. er gert ráð fyrir „allt að sex". Einhver var að tala um kvenmann. En óvíða mun tiltekið sérstaklega í lögum um þvottakonur. En mér vitanlega er enginn kvenmaður nema vélritunarstúlka við safnið, enda tekur frv. eigi til þess, heldur aðeins um tölu bókavarða. N. hefur því gert sér þetta ljóst frá upphafi. Nú talar þessi hv. þm. um það, að hæstv. dómsmrh. sé ekki viðstaddur. Ja, hefði málið heyrt undir hann, þá hefði mér ekki komið til hugar að taka það á dagskrá, nema því aðeins að hann væri við. En það heyrir bara ekki undir hann. Ég lít á það, sem hann hefur sagt, á sama hátt og er við aðrir þdm. látum í ljós skoðun okkar. Hann talaði sem hver annar þdm. Síðan gætti d. orða hæstv. ráðh., því að hún tók þau til athugunar, og hæstv. ráðh. hreyfði eigi andmælum. Beindi hann tilmælum til n. um að athuga nánar ákvæðin um bókaverðina og starfsskiptinguna, sem n. athugaði einnig, því að bæði háskólabókavörður og landsbókavörður voru á fundi hennar, og er gert ráð fyrir, að sú starfsskipting verði viðhöfð, sem um ræðir. Auk þess er, eins og hv. frsm. gat um, ekki öll nótt úti enn. Ef hæstv. dómsmrh. vill hafa áhrif á málið, þá er enn tækifæri til að ræða það. Sem forseti get ég lýst yfir því, að ég mun ekki taka frv. til 3. umr., fyrr en hann getur verið viðstaddur. En málið heyrir undir hæstv. menntmrh., þó að það heyri undir hæstv. fjmrh., hvað fjármálin snertir. Og leit ég því á það, sem hæstv. dómsmrh. sagði þá í þessu máli, svo sem hann segði það sem þm. aðeins, en ekki sem ráðh.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég leyfði mér að segja það, sem ég sagði, af því, að í launaskránni stendur, að það séu sjö bókaverðir við landsbókasafnið, og er einn þeirra kallaður aðalbókavörður. Þar að auki er ein stúlka. Þess vegna sagði ég, að n. hefði ekki vitað, að þeir væru aðeins sex. Hér er skráin yfir þá. Þeir heita: Finnur Sigmundsson, Lárus H. Blöndal, Guðbrandur Jónsson, Þórhallur Þorgilsson, Geir Jónasson, Haraldur Sigurðsson, Ásgeir Hjartarson, Erna Finnsdóttir og Agnar Þórðarson. Þeir eru sex skipaðir, og svo er sá sjöundi kominn inn fyrir utan l. Og n. virðist enn ekki hafa áttað sig á þessu. Þetta var annað atriðið, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um og spyrja, hvort það væri ástæða til þess að festa sex bókaverði í frv., þar sem áður er gert ráð fyrir í eldri lögum, að þeir séu miklu færri, og sumir þeirra, sem eru nú, eru bara ólöglega skipaðir. Mér hefur skilizt á n., að hún hafi ekki athugað þetta. Hefur hún gert það? *Það kom ekki fram hjá hv. form. n.* og ekki hjá hv. frsm. hennar, að hún hefði athugað þetta. Þeir ætla kannske að gera það við 3. umr., þegar það er orðið of seint að bera fram nokkrar brtt. nema kannske skrifl. — Hitt var það, sem nú upplýstist hjá hv. form. n., að þeir séu búnir að athuga það, sem hæstv. ráðh. var líka að tala um, möguleikana fyrir að sameina að einhverju leyti bókavarðarstarfið við landsbókasafnið við bókavarðarstarfið við háskólabókasafnið. Um þetta vil ég vita nokkru nánar, áður en ég greiði atkv. um frv. Og mér þykir það yfirleitt slæmur siður hér á Alþ. að láta mál þannig fara til síðustu umr. þeirra, að menn viti, að það þurfi svo og svo mikið að breyta þeim við síðustu umr., sem oft er þá gert í flaustri, þegar allt er komið í eindaga. Við höfum oft fengið hingað mál frá hv. Nd. þannig, að alls ekki hefur verið tími til þess svo mikið sem að ræða þau. Og mér þykir það vera ósiður að leika sér að því að láta mál þannig fara til 3. umr., að vitað sé, að þá muni koma fram margar brtt. við þau. Ég vil því, að þetta mál sé ekki afgr. þannig, þó að sumir vilji geyma allt til síðustu stundar.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það hefur verið skýrt frá því hér, að n. hefði leitað sér fræðslu og upplýsinga, sem hún teldi nauðsynlegar. Hinu hafði ég orð á, hvort ekki mætti bíða með þær upplýsingar, þar til þeir hv. þm. væru við, sem hreyfðu aths. við málið. Og þó að mál þetta heyri ekki undir hæstv. dómsmrh., þá hreyfði hann samt aths. við það. Ég vildi þá, að hv. d. skæri úr því, hvort nú eigi að fresta umr. um málið eða bíða með okkar skýrslur til 3. umr. Ég vildi hreyfa þessu við hv. þm. Barð., sem hreyfði aths. við þetta mál. (*GJ:* Mér er sama, þó að það bíði til 3. umr.) Þá óska ég, að deildin skeri úr um það, hvort þetta eigi að bíða til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það voru meiningar til mín, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að sumir vildu geyma allt til síðustu stundar. Ég veit ekki, hvort hann þar átti við mig, og þá kannske sem forseta deildarinnar. Eftir því sem orð hans féllu áður, mætti kannske búast við, *að hann hefði* átt við það. Mér þykir það nú koma úr hörðustu átt, að slíkt sé talað til mín, því að ég þykist hafa gert mér far um að koma málum áfram í hv. þd. og fá úrslit um þau, annaðhvort til framgangs þeirra eða hins gagnstæða. Og það var nú *einmitt* þess vegna, að *ég tók* þetta mál á dagskrá nú, að það er ekki mikið um mál, sem nú liggja fyrir þessari hv. d., og vildi ég þá heldur koma því eitthvað áfram en að það væri að þvælast fyrir, kannske þegar eitthvað meira og stærra þarf að vera fyrir hv. þd.

Annars, ef það eru á skrá taldir sjö bókaverðir við safnið, þá hefur nefndinni verið skýrt rangt frá. Hv. 1. þm. N-M. las upp sjö nöfn á mönnum, sem hann sagði, að væru

landsbókaverðir. (*GJ:* Ég skal lána hv. þm. skjölin frá landsbókaverði.) Já, hér eru ekki taldir nema sex bókaverðir. (*GJ:* Og aðstoðarbókavörður.) Já, og vélritunarstúlka. Og þetta kemur þá að því leyti alveg saman við það, sem n. var skýrt frá. Þarna eru sex bókaverðir og allir skipaðir. Auðvitað eru fjórir þeirra skipaðir á ólöglegan hátt, utan við lög og rétt. En tveir þeir síðustu munu vera skipaðir af hæstv. fyrrv. menntmrh., Brynjólfi Bjarnasyni, fyrir utan lög a. m. k. En hver, sem nokkurn tíma hefur komið í landsbókasafnið, veit það, að það er alveg ómögulegt að starfrækja landsbókasafnið, eins og það er nú, eftir lögunum frá 1907. Og það, þó að fyrrv. hæstv. ráðh. skipaði tvo bókaverði þarna án þess að hafa lagaheimild fyrir því, og einhverjir ráðh. á undan honum hafi einnig gert það sama, sem ég veit ekki, hverjir voru, hafi skipað aðra tvo á sama hátt, þá er það ekki annað en það, sem viðgengizt hefur yfir heilu línuna. Í 1. um æðstu stjórn Íslands frá 1903 er gert ráð fyrir, að í hverri stjórnarráðsdeild sé einn skrifstofustjóri, einn aðstoðarmaður og einn skrifari. Ég held, að þessi lög séu í gildi enn að öðru leyti en því, að stofnað hefur verið utanríkisráðuneyti og einhver önnur ný ráðuneyti. — En síðan þetta skeði, að bókaverðir voru skipaðir við landsbókasafnið, í fyrstunni án lagaheimildar, þá er þetta þó nú orðið löglegt, því að Alþ. hefur með fjárlögum staðfest þetta hreint og beint, með því að ætla fé til safnsins með tilliti til þessara bókavarðarstarfa. — En nú vil ég benda hv. 1 þm. N-M. (nú, hann er víst rokinn burt úr deildinni, þó að hann sé manna þaulsætnastur hér) á það, að ég tel það miklu síður geta komið til, að nokkur ráðh. muni leyfa sér að fjölga bókavörðum þarna án lagaheimildar, ef þetta frv. verður samþ., heldur en annars, vegna þess að í frv. stendur: „allt að 6." Þetta „allt að" sýnir það, að fleiri eiga bókaverðirnir ekki að vera en 6, eða ég kann þá ekki að lesa mælt mál, ef það þýðir ekki það. Hvað aðstoðarbókavörðinn snertir, þá sýnist mér, að ef þetta frv. verður samþ., þá verði það starf niður að falla. Um vélritunarstúlku er hins vegar ekkert í frv. Og þó að þarna sé ein vélritunarstúlka, þá er það ekki meira en víða er á skrifstofum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 390 tekin aftur til 3. umr.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 81., 82. og 83. fundi í Ed., 22. marz, 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Þótt ég hafi áður gert grein fyrir afstöðu minni og meiri hl. menntmn. og frv. sé nú komið til 3. umr., þá vil ég rifja upp nokkur málsatriði. Kemur það til af því, að eftir 2. umr. hefur afgreiðslu málsins verið frestað nokkrum sinnum vegna þess, að einn dm., hæstv. dómsmrh., hafði hreyft athugasemdum við málið, en hann hefur nú um skeið verið fjarverandi sökum annarra skyldustarfa. Það mátti því gera ráð fyrir því, að hann mundi vilja koma athugasemdum sínum að, áður en frv. færi lengra. Annars hefur hér ekkert nýtt fram komið fram yfir það, sem áður lá fyrir í málinu. En þar sem fram hafa komið óskir um það, að frekari vitneskja lægi fyrir um málið, þá var leitað umsagna landsbókavarðar og háskólabókavarðar um málið og voru þeir kvaddir á fund með n. Samkvæmt skýrslu landsbókavarðar yrði það í sambandi við þann starfsmannafjölda, sem nú vinnur við landsbókasafnið, að lögfest verði, að þar séu 6 bókaverðir. Að meðtöldum landsbókaverði eru því á launum nú 7 bókaverðir. Enn fremur er starfandi bókband við landsbókasafnið, og auk þess eru svo greidd laun fyrir dyravörzlu og umsjón. Það breytir því engu, þó að þessar bókavarðastöður séu lögfestar. Nú, vörðunum hefur fjölgað smám saman vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur, og salirnir eru nú lengur opnir en áður hefur tíðkazt. Landsbókavörður taldi, að safnið gæti ekki komizt af með færri menn, því að sú þjónusta, sem látin er í té á safninu, er mjög yfirgripsmikil, svo sem skráning bóka og fleiri verkefni, sem þar að lúta. Þá er og starf við bókaskipti á milli landa. — Þetta er nú álit landsbókavarðar.

Háskólabókavörður segist ekki hafa nema 1—2 aðstoðarmenn, og eru þeir úr hópi norrænustúdenta og fá laun sín greidd úr sáttmálasjóði. Eru þessi laun mjög smávægileg, og fá þeir stúdentar, sem taka þetta sem ígripavinnu, ekki það mikil laun greidd, að það megi kalla það beint launaðar stöður. Nú, þegar rætt var um verkaskiptingu safnanna, þá kom í ljós, að línurnar, sem dregnar skyldu á milli þeirra, voru e. t. v. ekki eins glöggar og skyldi, en það virðist vera eðlilegt að ákveða háskólabókasafninu það starfssvið, að þar verði fyrst og fremst um safn að ræða, sem komi að sem beztum notum fyrir vísindi og bókmenntir háskólans, og að þar verði frekar um sérsafn vísindalegra rita á sem flestum sviðum að ræða, hins vegar verði landsbókasafnið frekar almennt bókasafn. Það er skoðun bókavarðanna, að með þessu frv., ef að l. verður, verði tryggð skipting í þá átt, sem ég nefndi. Annað safnið verður þá frekar fyrir menntalífið með tilliti til deilda háskólans. Markmiðið verður því að reyna að stefna að því smátt og smátt, að þessari skipan málanna verði á fót komið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta nú, en ef einhverjar till. koma fram til bóta, þá verður haft opið eyra fyrir því hjá nefndinni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hreyfði nokkrum athugasemdum varðandi þetta frv. við 2. umr. þess. Bar það til, að þm. virðast hafa litinn áhuga fyrir því að reyna að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og horfa oft ekki í að lögfesta frv., sem fela í sér stórkostlega aukningu starfsmannahalds hjá því opinbera, og það mjög oft áður en ýtarlegar upplýsingar liggja fyrir um gagn þess og nauðsyn, að slíkt verði gert. Það er ekki það, að ég telji mig vera fullkomlega færan til að dæma um það, hvort nauðsynlegt sé að fjölga mönnum við þær stofnanir, sem hér er verið að ræða um, en ég tel vera óheppilegt, að þegar hæstv. fjmrh. er að afgreiða fjárlögin og mikil þörf er á að reyna að lækka kostnaðinn við ríkisreksturinn, að þá sé komið fram með frv., sem mjög líkleg eru til að auka hann fremur en lækka, án þess að frekari athugun fari fram á því, hver sé þörfin. Að vísu er þetta flest smátt, en það er ekki bent á það, hvert starfssvið þessara manna verði. Við þennan hugsanagang má ekki lengur una. Ég sé ekki neina nauðsyn bera til þess að fara að lögskipa þessa tölu bókavarða að svo komnu máli, en ég tek fram, að ég hef enga andúð á þessu máli. Það er síður en svo, en hér er um að ræða eitt fárra mála, sem bera þess glöggan vott, hvernig kostnaðurinn við ríkisreksturinn hefur þanizt út á undanförnum árum. Landsbókasafnið er ekki eina stofnunin, sem hefur útnað mjög út á undanförnum árum. Svo er um flestar þær stofnanir, sem ríkissjóður kostar, en það virðist vera nokkuð erfiðara að losna við fólkið aftur, þegar þess gerist ekki lengur þörf. Landsbókavörður veigrar sér auðvitað við að fækka við sig fólki, en hví skyldi þurfa að lögfesta þá stöðuaukningu, sem orðin er við safnið? Nú hefur það verið upplýst, að háskólabókavörður hefur 1—2 menn í þjónustu sinni, en hann segir, að þeir fái laun sín úr sáttmálasjóði. Hvað lengi á það að ganga svo? Þeir þekkja illa gang mála á undanförnum árum, sem sjá ekki, að þarna er um að ræða verk, sem krafizt verður greiðslu fyrir úr ríkissjóði, áður en mörg ár líða. Hins vegar er það auðvitað verkefni sáttmálasjóðs að stuðla að og sinna vísindalegum verkefnum, en ekki að halda mönnum á launum við safnið. Svona hefur það verið við landsbókasafnið. Tala bókavarða er aukin, og svo er farið fram á, að sú aukning verði lögfest. Nú langar mig til að spyrja: Hvenær varð þessi aukning við safnið, og hver er vinnutími þessara manna, sem þar vinna? Það væri ekki alls ófróðlegt að heyra um það. Og ég vil taka það fram, að ég er ekki út af fyrir sig að amast við þessu litla frv., sem hér liggur fyrir, heldur ræði ég um þetta eingöngu vegna þeirrar tilfinningar, sem ég hef fyrir því, að ríkisbáknið sé orðið of stórt, en ég sé, að hér er enn verið að gera það stærra með því að lögfesta þetta. Það er því ekki óeðlilegt, að menn taki sig til og reyni að kryfja þetta litla dæmi til mergjar, hvort hér á að lögfesta þá mestu útþenslu, sem orðið hefur á stríðsárunum, og hvort ekki væri réttara að nota tækifærið til að skera hér eitthvað niður og það án þess, að menningu landsmanna væri stefnt í verulega hættu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv. kom fram, er sú, að okkur var bent á það í ráðuneytinu af ýmsum mönnum, sem kunnugir voru störfum landsbókasafnsins og háskólabókasafnsins, að þörf væri á því að samræma nokkuð störf þessara tveggja safna þannig, að hvort um sig vissi, hvað hitt gerði, og reyna að nota þar fjármagn, sem söfnin hefðu yfir að ráða bæði, svo, að það kæmi að sem beztu gagni. Síðan var sett n. til að undirbúa þetta og til að athuga, hvort lögfesta skyldi verkaskiptingu fyrir söfnin, en hún var þeirrar skoðunar, að erfitt væri að setja fastar reglur um þetta, en lagði til, að ný löggjöf yrði sett um landsbókasafnið, sem hér liggur fyrir frv. um, og að tvenns konar samvinna væri höfð milli safnanna. Í 7. gr. frv. er talað um að halda uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir bæði söfnin, og þar er ætlazt til, að menn geti glögglega séð, hvað er til í þeim hvoru um sig, svo að menn geti átt aðgang að hinu safninu, ef það, sem leitað er að, er ekki til í því safninu, sem fyrst er leitað til. Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að landsbókasafnið fái ráðunauta frá háskólaráði til stuðnings við bókakaup til safnsins, til þess að samræma vinnubrögð beggja safnanna. Þetta er ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið.

Hæstv. dómsmrh. minntist á 8. gr., þar sem talað er um starfsmennina við safnið. Ég vil taka það fram, sem ekki hefur komið fram hjá honum, að í frv. stendur, að menntmrh. skipi allt að 6 bókaverði. Því er ekki slegið föstu, að þeir eigi að vera 6, heldur að þeir megi mest vera 6, en það eru þeir nú. Þetta var því sett í frv., svo að hægt væri að fækka þarna, ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri mögulegt. Reynslan er sú, að útþensla hefur orðið þarna og víðar, þó að ákvæði séu um þetta í l. Ég hef ekkert á móti því, að frv. sé látið bíða enn, — þó að það að vísu sé búið að þvælast lengi í d., — til þess að hægt verði að athuga þetta nánar í sambandi við þá sparnaðarviðleitni, sem uppi er. Ég hef ekki fengið neinar till. frá sparnaðarn. viðkomandi landsbókasafninu, en það hefði mátt búast við, að þetta væri eitt af því, sem sú n. gerði till. um. Við vildum hafa þetta svona, að sett væri í frv., að bókaverðirnir skyldu vera allt að 6, til þess að hægt væri að spara þarna, ef menn vildu það, en ef mönnum finnst þetta of bindandi, er ég ekki á móti því, að frv. sé enn látið bíða, svo að séð verði, hvort hægt er að veita þarna frekara aðhald en nú er gert í frv. Menn ættu þá ekki að þurfa að eyða meiri tíma í að ræða þetta nú, nema menn vildu ræða eitthvað, sem kæmi sérstaklega að gagni við þessa athugun.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. frsm. n. þurfti að bregða sér frá vegna gildra orsaka,

og vegna þess ætla ég að segja nokkur orð fyrir hönd n. Hæstv. dómsmrh. taldi, að n. hefði haft fremur lítið upp úr þeim athugunum, sem hún gerði, eftir að málið var hér fyrst til umr. og n. hafði skilað áliti, og honum skildist það á frsm., að landsbókavörður og háskólabókavörður hefðu ekki haft annað fram að bera en það, að hægt væri að láta þessa bókaverði hafa eitthvað að dunda við. Ég skal taka það fram, að mér fannst ég hafa töluvert meira upp úr þessu, því að mér fannst landsbókavörður skýra það ljóslega, að þessir bókaverðir hefðu töluvert að gera, og ég held, að samkvæmt því, sem hann lýsti þessu og ég hef ekki ástæðu til að rengja, þá sé það klárt mál, að ef á að fækka bókavörðum frá því, sem nú er, — sem ég skal ekki leggja dóm á, hvort rétt er að gera í sambandi við almennan sparnað eða ekki, — þá verður líka að breyta starfstíma og starfsháttum safnsins. Lestrarsalur landsbókasafnsins er opinn til kl. 10 á kvöldin, og landsbókavörður sýndi n. alveg ljóslega fram á það, að með þessu móti væri nóg að gera og eiginlega ynnu bókaverðirnir lengri tíma en unnið er á ýmsum skrifstofum. Hann taldi það alveg nauðsynlegt að hafa 2 menn á verði í einu til gæzlu í lestrarsalnum, þegar hann er opinn. Salurinn er það stór og er sóttur af það mörgum, að landsbókavörður taldi mjög óvarlegt, að aðeins einn maður væri þar til gæzlu. Öllum er það skiljanlegt, að þarna þarf að hafa vaktaskipti, og einnig þarf ýmsa vinnu aðra við bækurnar en vörzlu á lestrarsal, og er þetta þá skiljanlegt. Að sjálfsögðu má taka það til athugunar í sambandi við aðrar sparnaðartill., hvort ekki megi minnka not almennings af safninu og þar með að spara, ef menn vilja leggja út í það að setja bókaverðina frá, sem þarna eru skipaðir fastir embættismenn. Það hefur venjulega verið svo, jafnvel þótt sparnaðarhugur hafi verið í mönnum, að niðurlagning embætta hefur verið látin koma til greina, þegar embættin losnuðu. Menntmn. fannst það ekki sérstaklega hlutverk sitt að gera till. um fækkun bókavarða frá því, sem verið hefur, en hér er ekki að ræða um fjölgun frá því, sem verið hefur, alls ekki, þó að vísu standi í gömlum l., að þeir skuli vera 2 fyrir utan landsbókavörð. En það eru mörg ár síðan út af því var breytt. — Hæstv. dómsmrh. spurði um það, hvenær þessi fjölgun hefði átt sér stað. Ég hefði að sjálfsögðu haft hér á takteinum upplýsingar um það, ef ég hefði verið frsm. n., en mér er kunnugt um það, að fyrrverandi menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, skipaði 2 nýja bókaverði, en hinir 2, sem eru um fram það, sem l. mæla fyrir um, voru skipaðir alllöngu áður. Mér er kunnugt um, að ýmiss konar aðstoð hefur verið veitt við safnið frá því um 1920 eða 1930 a. m. k. Mér er kunnugt um, beinlínis af því að koma þar sjálfur, að það voru fleiri en hinir skipuðu bókaverðir, sem þar voru við störf. Jafnvel þó að þetta frv. væri samþ., mætti nú, eins og hæstv. menntmrh. gat um, koma við sparnaði með stjórnarráðstöfun. Í frv. stendur, að bókaverðirnir skuli skipaðir allt að 6, en ekki, að þar skuli vera 6 bókaverðir. Ég skal geta um það í þessu sambandi líka, út af því, sem fór fram milli mín og form. fjvn. við 2. umr. þessa máls, að þessi aðstoðarmaður bókavarðanna, sem var við safnið árið 1947, er farinn frá því, eftir því sem mér hefur verið skýrt frá, og koma hans laun ekki til greina.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að það væri alltaf verið að gera ríkisbáknið stærra og stærra. Þetta er rétt, og ég er honum sammála um, að það verði að taka fyrir það. Við erum ekki svo stór eða efnuð þjóð, að við getum þanið ríkisbáknið í það endalausa, jafnvel þó að það sé eins og víða sé þörf fyrir slíkt og fólkið í landinu biðji um alls konar nýja og nýja starfskrafta. En með þessu frv. er ekki verið að gera ríkisbáknið stærra en það er. Það er að vísu ekki gerð tilraun til að minnka það með þessu frv., heldur er bara gengið út frá, að því sé slegið föstu, að núverandi ástand haldist. Ef hæstv. menntmrh. óskar þess, að enn sé beðið með þetta frv. til þess að athuga, hvort ekki sé hægt að koma þar við sparnaði í sambandi við aðrar sparnaðarráðstafanir, sem menn kynnu að hafa í huga, þá hygg ég, að menntmn. hafi ekki á móti því út af fyrir sig, en ef frv. á að ganga gegnum þetta þing og taka breytingum hér í þessari hv. d., þá hlýtur það að verða takmarkaður tími, sem hægt er að bíða með það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í sjálfu sér borgar sig ekki að eyða löngum umr. um þetta frv., en eins og ég sagði áðan, hef ég frekar talað um þetta mál sem dæmi um önnur fleiri slík heldur en það eitt út af fyrir sig, og þess vegna vildi ég segja aðeins nokkur orð til viðbótar. Í sjálfu sér undrar mig ekki, þó að hæstv. forseti telji, að það sé sannað, að það sé þörf á þessum mönnum, eins og rekstri safnsins er fyrir komið. Það er yfirleitt svo með allt ríkisbáknið og ríkisreksturinn, eins og hann er nú, að það er þörf fyrir þá menn, sem við þetta starfa, eins og starfrækslunni er varið og eins og henni er háttað eftir þeim reglum, sem á hverjum stað eru, og þeirri löggjöf, sem í landinu er. Og það mun nú víðar reynast svo en í þessu litla tilfelli, sem hér um ræðir, að menn geta talað um, að það sé mikill ofvöxtur í ríkisbákninu, og það má benda á, að það hafi blásið tortryggilega út á stríðsárunum og fyrst eftir þau, en þegar til á að taka að skera niður, verður það hægara sagt en gert, og menn hika við það. Nú sagði hæstv. forseti, að það væri venja, þegar embætti væru lögð niður, að láta það ekki koma til framkvæmda fyrr en mannaskipti yrðu í embættunum. Hæstv. Alþ. hefur tekið annan hátt upp nú. Það eru lækkaðar fjárveitingar til nokkurra greina ríkisstarfrækslunnar við 2. umr. fjárl. á þann veg, að það er ljóst, að mönnum á að segja upp, að því er virðist alveg fyrirvaralaust, láta þá hverfa úr störfum. En það er ómögulegt, að slíkur sparnaður sé gerður, eins og samþ. hefur verið, nema sú aðferð sé viðhöfð, að ekki sé um lögbundnar stöður að ræða. En í þessu

tilfelli, sem hér er um að ræða, er ekki um lögbundnar stöður að ræða. Það er nú, sem á að lögbinda þessar stöður. Það er rétt, sem hæstv. forseti segir, að hér er ekki beinlínis lagt til að auka ríkisbáknið, vegna þess að það er búið að vaxa upp í það, sem þar er lagt til, en frv. er ætlað að tryggja það, að það verði í sömu skorðum og það hefur verið og varð mest eftir ofvöxtinn á eyðslutímunum. (*BSt:* Nei, nei, það er búið að leggja niður eitt starfið.) Skráningarstarfinu hefur ekki verið þörf á að halda áfram, en annars er það góðra gjalda vert, ef búið er að leggja það niður. Hitt held ég, að sé aðeins orðaleikur hjá hæstv. forseta og hæstv. menntmrh. að tala um, að hér sé um hámark að ræða. Ég hef ekki trú á því, að hann eða einhver annar, sem ég hef ekki meiri trú á í þeim efnum en honum, hafi mikla aðstöðu til að hrekja menn úr stöðum, ef búið er að lögfesta þær alveg nýlega á Alþ., og hæstv. ráðh. er gert miklu örðugra um vik með þetta, þegar búið er að lögfesta það að hafa svona marga menn. Hæstv. forseti sagði, að þessir menn hefðu langan vinnutíma og lengri en tíðkaðist á skrifstofum. Það er þá nýtilkomið, ef svo er. Ég var fyrir nokkru kunnugur á þessu safni, og þá var vinnutíminn þar skammur, en það er gott, ef hann hefur lengzt. Hins vegar var það svo áður fyrr, í áratugi, að látið var nægja, að einn maður væri við lestrarsalsgæzlu á hverjum tíma, og ef það er rétt, að safnið sé opið frá kl. 10 á morgnana og til kl. 10 á kvöldin, þá eru lengst af á þessum tíma svo fáir gestir á lestrarsalnum að það ætti ekki að þurfa að vera þar meira en einn maður. Ég hef að vísu ekki komið þar fyrir hádegi, — og ég heyri fyrst núna, að safnið sé opið á þeim tíma, og efast ekki um, að það sé rétt, — en eftir venju, þá eru það ekki margir, sem sækja safnið á þeim tíma. Þess er nú að gæta við slíkar lagasetningar, að það hefur stundum viljað til, að þær hafa einungis verið yfirvarp fyrir því að skapa stöður handa mönnum, sem hafa þurft að fá einhverja fyrirgreiðslu. — Mér þætti það fróðlegt að fá yfirlit um það, hvenær þessi aukning varð við safnið, sem orðið hefur, og ég er ekki alveg viss um, að það sé alveg rétt, sem hæstv. forseti sagði, að fyrrverandi menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, hafi bætt við tveim mönnum. Þó að hann hafi skipað tvo menn, þá gæti verið, að staða hefði losnað af öðrum ástæðum; hitt man ég, að Einar Arnórsson skipaði einn mann, og ég held, að hann hafi verið ráðinn, án þess að hann kæmi í staðinn fyrir nokkurn. En mér þætti fróðlegt að fá að vita, hvenær menn hafa bætzt við í safnið, og enn fremur, hve langur vinnutíminn er þar og hve lengi safnið er opið daglega, og þá ekki síður, hve margir sækja safnið milli kl. 10 og 12 og eftir kl. 8 á kvöldin. Ég trúi því ekki, að það sé mikið sótt af fræðimönnum allan þann tíma, og víða erlendis eru söfnin ekki opin eftir kvöldmat, en hins vegar eru þau opin á morgnana.

Ég vil ítreka það, að mér er þetta mál síður en svo nokkurt kappsmál, og ég geri ráð fyrir, að ég greiði ekki atkv. á móti málinu, ef það er álit n. og þeirra manna, sem kunnugastir eru, að rétt sé að samþ. þetta, eins og það liggur fyrir. En ég vildi taka þetta sem dæmi um það, hve auðvelt er annars vegar að tala um það, hve ríkisbáknið sé mikið, og hvað það stendur svo í mönnum, þegar til á að taka við að draga það saman, því að ég þori að ábyrgjast, að óviða muni hægara að draga eitthvað saman en í þessu tilfelli. En ef n. eftir þessa sérstöku rannsókn telur það ástæðulaust, þá vil ég hlíta þeirri rannsókn. Ég vildi þó óska eftir þessum upplýsingum, áður en málið er tekið til endanlegrar afgreiðslu.

Umr. frestað.

Á 86., 87., 88., 89. og 92. fundi í Ed., 22., 23., 25. og 26. apríl, 2. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Það er nú búið að ræða svo mikið þetta mál í hv. d., að ég vil sem fæstu þar við bæta af minni hálfu. En eins og menn muna, þótti vanta upplýsingar um atriði, sem spurt var um, en þau voru þess efnis, hvenær bókavörðum hafi verið fjölgað upp í þessa tölu, sem nú er, og hvernig vinnutíma bókavarða væri háttað. Það er þetta, sem óskað hefur verið upplýsinga um. Hefur n. aflað sér skýrslu hjá landsbókaverði, þar sem hann gefur þessar upplýsingar, og liggur hún hér fyrir. Landsbókavörður segir hér í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1925 eru auk landsbókavarðar tveir bókaverðir og einn aðstoðarbókavörður, þ. e. alls þrír. 1931 er bætt við aðstoðarbókaverði, og er þá talan komin upp í fjóra. 1. júlí 1944 er bætt við aðstoðarbókaverði, og er þá talan komin upp í fimm. 1. janúar 1946 er bætt við aðstoðarbókaverði, og er þá talan komin upp í 6.

Í janúar 1946 var jafnframt ákveðið af menntmrn., að lestrarsalur skyldi opinn daglega frá kl. 10—10, eða fjórum stundum lengur en verið hafði."

Þessa skýrslu sína gefur landsbókavörður 24. apríl s. l. — Svo er hér nokkuð langt mál í annarri skýrslu frá landsbókaverði, sem lýtur að vinnutíma bókavarða. Hún er ekki svo mjög löng, að til þess að sagt sé skýlaust frá því, sem hann þar lætur uppi, tel ég rétt að lesa hana upp. Er hún dags. 21. apríl 1949 og hljóðar svo:

„Samkvæmt tilmælum í símtali í dag skal eftirfarandi tekið fram í sambandi við landsbókasafnið. (Nú, ég sleppi hér fyrsta kaflanum, um tölu bókavarða, þar sem það er komið áður).

Vinnutími bókavarða er sex stundir daglega, þar í ½ stundar kaffihlé. Raunverulegur vinnutími sex bókavarða daglega verður því 5½ stund x 6, eða 33 stundir. Til lestrarsalsgæzlu verður að hafa til staðar tvo menn samtímis; það verða 20 vinnustundir daglega. Útlánið er

opið tvo tíma á dag. Því fylgir bókfærsla og innheimtustörf, og verður að ætla útláninu minnst 4 tíma á dag. Viðtaka og skráning bóka er ærið starf einum manni og ekki unnt að ætla því minna en fullan vinnutíma eins manns. Útkoman verður þá þessi: Lestrarsalsgæzla 20 stundir daglega, útlán 4 stundir og skráning 5½ stund, eða samtals 29½ stund daglega. Afgangs er þá til annarra starfa í safninu aðeins 3½ stund daglega, auk vinnu landsbókavarðar, en hann annast allar bréfagerðir, margs konar vinnu í sambandi við öflun bóka o. s. frv.

Það væri auðvelt að rökstyðja þörf safnsins fyrir miklu meiri vinnu. Hér skal aðeins á það bent, að með nýsamþykktum lögum um skyldueintök eru lögð ný störf á landsbókasafnið, sem krefjast allmikillar vinnu.

Samkvæmt gestabók safnsins 1947 komu á því ári í lestrarsal kl. 10—12 að morgni alls 2655 gestir, en kl. 8—10 að kvöldi 2600. Ég hef ekki við höndina nákvæmar tölur um árið 1948, en þær munu ekki vera lægri. Í janúar og febrúar þ. á. voru morgungestir samtals 477, en kvöldgestir 310.

Virðingarfyllst
Finnur Sigmundsson."

Þetta er sú fræðsla, sem landsbókavörður hefur látið í té.

Get ég svo látið við þetta sitja af minni hálfu, og mun með þessum skýrslum vera fullnægt þeim spurningum, sem bornar hafa verið hér fram.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við þetta frv., á þskj. 390. Tel ég sjálfsagt, að flestir þdm. mundu ljá henni atkv. sitt, en nú sé ég, að af samþykkt hennar hlyti að leiða það, að þetta mál yrði að fara aftur til Nd., og býst ég við, að afleiðingin yrði þá sú, að málið dagaði uppi. Ég mun þess vegna taka brtt. mína aftur til þess að fyrirbyggja slíkt og auðvelda afgreiðslu málsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég þakka n. fyrir þær upplýsingar, sem hún hefur gefið, og sýna þær, eins og við mátti búast, að ekki er með öllu ástæðulaust, að sú aukning starfsmannafjöldans hefur átt sér stað, sem talin hefur verið upp. En hins vegar kemur berlega í ljós, að hægt ætti að vera að komast af með mun færri menn en þar er ætlazt til. Sérstaklega virðist óþarfi að hafa tvo menn yfir þeim innan við 10 hræðum, sem sækja safnið að morgni til og að kvöldi til. Ég hreyfði aths. við þetta mál hér í upphafi í þeim tilgangi að vekja á því athygli, að þegar talað er um að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn, væri þarna gott dæmi um það, hvernig rekstrarkostnaður hefði aukizt í stofnun, sem ekki væri að neinu leyti sérstæð, og væri auðveldara að tala um að draga úr þessum kostnaði en að gera það í framkvæmd. Þessar upplýsingar sanna það, sem ég fyrst hélt fram í þessu efni. Ég álít, að ef þingið hefði sparnaðarvilja, mætti draga úr kostnaðinum umfram það, sem hér er bent á samkv. þessu frv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég vil bara taka fram, að menntmn. lagði til fyrir langa löngu, með hæstv. forseta í broddi fylkingar sem form., að frv. næði fram að ganga. En þá kom fram aths., sem leiddi til þess að afla þeirra upplýsinga, sem nú hefur verið gert, og kom þá fram, að n. vildi gjarnan hafa biðlund, til þess að þetta yrði athugað. Við það situr, og hún finnur ekki hvöt hjá sér til þess að gera við það neinar brtt., en hefur vitanlega haft og vill hafa opin eyru til andsvara því, sem fram kynni að koma í brtt. frá öðrum, og tekur hún því málið í samræmi við það, sem hún hefur gert, eins og það horfir við á þessari stundu.

Gísli Jónsson: Út af þessum upplýsingum vildi ég leggja fram brtt. við 8. gr., sem hljóðar þannig: Fyrir orðin „allt að sex" í 2. mgr. komi: allt að fjórum. — Mér virðist hafa verið upplýst, að komast megi af með fjóra bókaverði, og þykir réttara að taka það fram strax en að lögfesta nú sex. Vísa ég þar til þeirra orða dómsmrh., að gerð hafi verið tilraun til þess að koma á sparnaði í ríkisrekstri, og sé þá ekki ástæða til þess að byrja að auka hér útgjöld fram yfir það, sem hægt er að komast af með.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. þm. Barð. við 8. gr. frv.: Fyrir orðin „allt að sex" í 2. mgr. komi: allt að fjórum. — Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 676) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti Ég vil bara benda á, að ég tel meðferð þessa máls vera sýnishorn af því, hvernig hún á ekki að vera. Við 1. umr. þessa máls hreyfir dómsmrh. því, að hann óski eftir upplýsingum. Í stað þess að afla þeirra og koma með þær fyrir 2. umr. er málið tekið fyrir til 2. umr., án þess að þessara upplýsinga hafi verið aflað, og sagt, að þær komi fyrir 3. umr. Síðan er málið búið að vera á dagskrá í hálfan mánuð, en er aldrei tekið til umr. Og nú, þegar allt er komið í eindaga, koma upplýsingarnar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég mótmæli því algerlega, sem hv. 1. þm. N-M. hefur látið sér um munn fara, að aldrei hafi verið gefnar upplýsingar um málið fyrr en í dag, þó að ekki hafi legið fyrir sú skýrsla, sem frsm. las, fyrr en nú. Strax við 2. umr. málsins skýrði ég frá því, að ég hefði átt tal við landsbókavörð viðvíkjandi tölu bókavarða. Og þær upplýsingar, sem ég gaf þá þegar, eru þær sömu og nú liggja fyrir, og það eru sex bókaverðir við safnið fyrir utan landsbókavörð og hefur verið nú um sinn. Hins vegar er alls ekki rétt, að hér sé um neina fjölgun embætta að ræða, eins og legið hefur við, að

haldið hafi verið fram í þessu máli. Hér er aðeins um staðfestingu á ríkjandi ástandi að ræða. Ég hygg, að fjárveiting til landsbókasafnsins hafi um tvö ár verið byggð á þessari starfsmannafjölgun. Og frv. miðar ekki fyrst og fremst að því að ákveða tölu bókavarða. Það eru aðrir hlutir, sem ákveðnir eru með því,

Hv. þm. sagði, að meðferð málsins væri nákvæmlega sú, sem ætti ekki að vera um nokkurt mál. Ég mótmæli þessu Ég álít, að menntmn. hafi athugað þetta mál eins vel og n. hafa athugað mál í þinginu og eins vel og þær n., sem hv. þm. kann að vera formaður í

Hv. þm. Barð hefur komið með till. um, að bókaverðirnir verði 4. Ég er hræddur um, að jafnvel þótt maður vildi vera með öllum skynsamlegum sparnaði, þyrfti nýja athugun á því, hvernig landsbókasafnið skyldi starfa, þannig að fá þyrfti að ýmsu leyti nýjar starfsreglur, ef þetta yrði samþ. Ég er ekkert sérstaklega að mótmæla því, en það er nú svona, að samkv. núgildandi l. eiga bókaverðir við landsbókasafnið að vera tveir, en þeir eru sex vegna þarfa þeirra starfa, sem þar eru unnin, og þar af leiðandi efast ég dálítið um gagnsemi þess að samþ. till., nema settar væru um leið nýjar reglur um starfsemi safnsins, sem gerðu þetta mögulegt.

Menntmrh. er ekki hér viðstaddur, og væri þó eðlilegt, að hann hefði sitt að segja um þetta mál, og væri e. t. v. ekki rétt að afgr. málið, þó að það hafi oft verið tekið af dagskrá, fyrr en hann gæti sagt hér álit sitt.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að mér fannst undarleg þessi árás hv. 1. þm. N-M. á þessa n., sem um mál þetta hefur fjallað, og ómakleg.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. formanni þykir ómaklega ráðizt á n. Við skulum taka þann hluta úr ræðu hans, þar sem hann segir, að komin sé till. um að fækka bókavörðunum um tvo. Hann segir, að þetta sé athugunarvert, en þá þurfi að breyta starfsreglum safnsins eitthvað. Á síðustu stundu koma þær upplýsingar, sem gefa honum sjálfum ástæðu til þess að athuga þetta, hvað þá hinum nm. Mér finnst nú ekki, að þetta sé eins og það ætti að vera. Mér finnst, að n. eigi snemma í umr. um málið að láta uppi þær upplýsingar, sem hægt er að gefa um málið, þannig að þm. geti komið með þær breytingar, sem þeir vilja, og byggt þær á réttum forsendum.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Hæstv. forseti er nú eiginlega búinn að taka fram öll þau atriði, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni. Ég vil aðeins bæta því við, að ef af hálfu þessarar hv. d. eða n. er eitthvað, sem er einkennilegt eða vítavert, dálítið skrýtið, þá er það einmitt þetta, að eftir allan þennan umhugsunartíma er komið á síðustu stundu og farið að víta allt saman. Ég álít þetta bara dálítið kotroskið mont af þdm. Sumir koma með haug af brtt., og ég er undrandi yfir aðferðum d. í sambandi við þetta mál.

Ég vil að síðustu geta þess, að enn þá stendur málið þannig, að þeir, sem vilja vanda þarna um, geta komið fram með brtt., eins og hv. þm. Barð. hefur gert. En ef fylgt væri á eftir samkvæmt þeim bendingum, sem gefnar hafa verið og þá fyrst og fremst af hálfu hæstv. dómsmrh., þætti mér sem frsm. æskilegt að heyra, hvað hann segði um málið og hvort hann vildi fylgja þeim breyt. eftir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hélt, að það væri ætlun d. að afgr. þetta mál eftir þetta þóf í allan vetur, og í trausti þess tók ég hina sjálfsögðu brtt. mína aftur hér áðan. En nokkru síðar er borin fram brtt. um málið, og sannfærðist ég þá um, að ástæðulaust hefði verið af mér að taka till. mína aftur, því að þetta gerði mér ljóst, að hér eru til þm. í d., sem hafa hug á því að bregða fæti fyrir málið með einhverju móti.

Það hefur verið talað um, að upplýsingar um málið hafi komið of seint frá menntmn., svo að þdm. hafi ekki gefizt kostur á að koma með neinar brtt. eða taka afstöðu fyrr en skýrsla sú var birt, sem hv. frsm. las upp áðan. En ég vil minna á það, að þegar menntmn. fjallaði um þetta mál snemma í vetur, kallaði hún til sín landsbókavörð og bókavörð háskólabókasafnsins, ræddi við þá um málið og fékk hjá þeim tæmandi upplýsingar um starf beggja safnanna, bæði um hugsanlega samstarfsmöguleika þeirra, hvernig unnt væri að draga úr óþarfa bókakaupum með samstarfi, starfsmannahald og hvort hægt væri að sameina söfnin, sem þeir töldu ekki vera hægt, nema byggð yrði ný bókasafnsbygging fyrir bæði söfnin sameiginlega. Ég held, að allar þessar upplýsingar og mörg atriði hafi verið upplýst hér af form. n. og frsm., og enginn dm. hefur þurft að vera í vafa um, hvernig þetta mál lægi fyrir. Það er því einhver tilhneiging að setja aðra til skrifta, sem kemur fram á síðustu stundu. Sízt hafði ég búizt við því, að hv. þm. Barð. bæri fram slíka till. nú, því að ef hann hefði talið fært að reka bókasafnið með færri mönnum á t. d. síðasta fjárhagsári, hefði hann látið það til sín taka í fjvn. Hvers vegna hefur ekki hv. þm., síðan hann varð form. fjvn., komið með till. um það, að ekki starfi við landsbókasafnið nema 2, 3 eða 4 menn? Þetta hefur þm. ekki gert og virðist ekki gripinn af þessum sparnaðaranda fyrr en nú. En aðalatriðið er þetta: Er þetta gert til að sýnast á síðustu stundu, eða fylgir þessu alvara? Það er ekki um að villast, að 6 menn eru nú með embættisveitingu við safnið, og vil ég spyrja dómsmrh.: Telur hann fært í framkvæmd að reka í sparnaðarskyni menn, sem hafa embættisveitingu fyrir sínu starfi, frá starfi fyrirvaralaust? Og ég vil spyrja form. fjvn.: Telur hann fært að leggja til nú þegar á þessum fjárl., að kostnaður við safnið sé miðaður við 4 starfsmenn, en ekki 6? Er hægt á næstunni að draga þarna saman seglin og koma við sparnaði? Ég gæti hugsað mér að leita samkomulags við þessa embættismenn, en get ekki séð, að af því mundi leiða fljótlega mikill sparnaður. Eins og tekið hef-

ur verið fram, hafa forstöðumenn safnanna beggja, háskólabókavörður og landsbókavörður, lýst því yfir, er þeir voru kallaðir fyrir n. til þess að veita upplýsingar, að þeir teldu að óbreyttum kröfum til safnanna ekki hægt að hafa þar færri menn. Þvert á móti mætti rökstyðja, að í rauninni þyrfti meiri starfskrafta. ef ekki ætti að setja til hliðar nauðsynleg störf við söfnin. Þeir töldu sér því nauðsynlegt að óbreyttum starfsháttum að hafa heimild til þess mannafla, sem nú starfar við söfnin.

Ég vil að síðustu endurtaka það, sem ég sagði, að ég held, að þær upplýsingar, sem nú hafa verið staðfestar með skriflegri skýrslu frá landsbókaverði, hafi legið fyrir í glöggri skýrslu form. og frsm. n. við framhaldsumr. n. hér. Það er því orðinn langur meðgöngutími hjá hv. þm. Barð., að hann skuli fyrst núna koma með þessa sparnaðartill. sína, eingöngu til þess að bregða fæti fyrir setningu þessarar löggjafar, sem nú liggur fyrir og er þó nauðsynleg viðvíkjandi þeirri stofnun, sem hér á hlut að máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég ætlaði ekki að taka til máls. En vegna þess að fyrirspurn var beint til mín, verð ég að svara henni. — Hv. 3. landsk. þm. spurði, hvort hægt væri að samþ. þessa till. þannig, að hún hefði áhrif og tveir embættismenn hyrfu þannig frá störfum. Ég vil vekja athygli á því, að samkvæmt landslögum eru það ekki nema 2 menn af þessum 6, sem hafa reglulega embættisveitingu og verða taldir embættismenn. Hinir 4 eru aðeins laust ráðnir með þeim hætti, að um þá gilda ekki sömu reglur og um embættismenn eða fasta starfsmenn, þannig að það hlýtur að vera hægt að losa þá við störf með sama hætti og allan þann aragrúa af opinberum starfsmönnum, sem ráðnir eru án heimildar í lögum til þess að gegna sérstökum störfum.

Ef þm. meina nokkuð með þessu tali sínu um að spara, þá er þarna kjörið dæmi til þess að fullnægja þeirri ósk með því að samþ. brtt. hv. þm. Barð. Þarna hefur ein stofnun blásið stórkostlega út á örfáum árum og meira en eftir þeim tölum sem hér eru taldar, því að hér verður einnig að taka tillit til háskólabókasafnsins, en þar eru a. m. k. 3 menn til viðbótar. Við þessi söfn starfa þá að minnsta kosti 10 menn, en munu hafa verið eitthvað 4—5 fyrir stríð. Nú er upplýst m. a., að 2 menn þarf til þess að sitja yfir innan við 10 mönnum, sem mæta á safninu fyrir hádegi og á kvöldin. Það þarf hvorki meira né minna en 2 fileflda karlmenn, hálærða vísindamenn, til þess að passa upp á þessar fáu hræður. Þetta er sjálfsagt allt í lagi, og ég efast ekki um, að hægt sé að færa rök að því. En ef menn eru að tala um óhófseyðslu hjá ríkinu, er hér ágætt tækifæri til þess að sýna vilja sinn til að spara, og tel ég miður farið, að síðasti ræðumaður skyldi ráðast á hv. þm. Barð. fyrir það að flytja brtt. Til hvers er verið að hafa 3. umr.? Til þess að menn geti komið með brtt. Það verður ekki móti því mælt, að þetta mál hefur ekki fyrr en nú við þessa umr. legið fullkomlega skýrt fyrir þdm. Ég þori að fullyrða, að þessar tölur um það, hvað fáir koma á safnið á morgnana og kvöldin, hafa ekki verið lesnar fyrr upp í deildinni, þó að frsm. hafi sýnt mér þær persónulega fyrir 1—2 vikum. Ég tel, að þetta mál, sem er í sjálfu sér lítið mál og hefur kannske orðið umræðufrekara en efni standa til, sé því aðeins merkilegt, að það sé tekið sem dæmi til þess að sýna, hvernig ríkisreksturinn hefur blásið út og hvaða þm. það eru, sem vilja, þegar á á að herða, gera eitthvað til þess að draga úr þessum rekstrarkostnaði. Ég hef ekki viljað stöðva þetta mál með því að bera fram brtt. En úr því að einn hv. þm. hefur sýnt sparnaðarvilja sinn með brtt., vil ég greiða henni atkvæði mitt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. beindi til mín þeirri spurningu, hvort ég teldi hægt að láta tvo menn fara, sem þegar eru komnir í safnið, ef brtt. mín yrði samþ. Hæstv. dómsmrh. hefur svarað þessu, en ég vil þó bæta því við, að jafnvel þótt það væri ekki hægt, meðan þessir menn lifa, væri ekki nauðsynlegt að ráða í stöðurnar aftur, ef þessir menn skyldu hverfa til annarra starfa eða falla frá, þannig að það er mikill eðlismunur á því, hvort skylt er að hafa framvegis 6 menn við starfið eða 4, eins og verða mundi, ef brtt. mín yrði samþ.

Hv. 3. landsk. spurði, hvers vegna ég hefði ekki borið fram sparnaðartill. í fjvn. í sambandi við þetta mál. Ég vil fyrst og fremst benda hv. þm. á það, að sú fullyrðing hans, sem hann hefur haldið fram á Alþ., að ég hafi alla fjvn. í vasanum, er ekki á rökum byggð, og þess vegna veit hann ekkert nema ég hafi gert þetta. Þetta er þá borið fram í þeirri trú, að ég ráði öllu í fjvn. og enginn annar.

Þessi brtt. er, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, mælikvarði á það, hvort menn vilja raunverulega spara eða þetta er aðeins í nösunum, þar sem ég legg hér til, að ekki sé hér lögboðin full tala þessara manna. Ég vil því vænta þess, að hv. 3. landsk. og aðrir þm. ljái brtt. minni fylgi sitt, sem er ekki fram komin til þess að spilla málinu, heldur af hreinni nauðsyn.

Hannibal Valdimarsson: Ég heyrði, að dómsmrh. telur fært að ógilda skipunarbréf tveggja þeirra bókavarða, sem við landsbókasafnið starfa, því að ekki sé lagastafur fyrir útgáfu þeirra. Ég hélt þó, að skipunarbréfin væru á ábyrgð þeirra ráðh., sem hafa gefið þau út, og held því, að þessir menn gætu fengið úr því skorið fyrir dómstólunum. Ég fæ því ekki skilið, þegar hæstv. dómsmrh. segir, að segja megi þessum mönnum upp.

Það hefur verið sagt hér af hæstv. ráðh. og hv. þm. Barð., að þetta mál sé ágætt dæmi um það, hvernig ríkisreksturinn blási út, og þá eigi að setja lög um að stöðva útblásturinn. En það er einmitt það, sem hv. þm. Barð. og hæstv. dómsmrh. eru að bregða fótum fyrir. Þessi till. hv. þm. er því með öllu ástæðulaus, nema því aðeins að komið sé með till. um að draga all-

verulega starf safnsins saman, stytta starfstíma þess o. fl., en engin till hefur komið fram í þá átt; þess vegna er þessi brtt. ótímabær með öllu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 390 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 676 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PZ.

nei: StgrA, ÁS, BK, BrB, EE, HV, HermJ, ÞÞ.

SÁÓ, BÓ greiddu ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

7 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Mér skilst, að hér sé um það að ræða að skipa 6 menn í embætti. Hins vegar má vel vera, að unnt sé að komast af með 5 eða færri menn. En úr því að hér á að fara að skipa þessa menn, þá greiði ég ekki atkv.

Björn Kristjánsson: Það er upplýst, að þessi tala sé tala þeirra, sem skipaðir hafa verið undanfarin ár til bráðabirgða, en eigi með l. Kom fram í umr., að ekki mætti spara þetta. En vegna þess, að hér er um heimild eina að ræða í l. til að skipa 6 menn, sem ég sé þó ekki, að sé nauðsynleg, og ég treysti hæstv. ríkisstj. til að finna leiðir til að draga úr mannahaldi ríkisins, segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Það er langur tími síðan hv. menntmn. hafði mál þetta til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að mæla með málinu. Síðan hefur orðið langur dráttur á því til að leita upplýsinga og menn gætu áttað sig á hverjar breyt. gera ætti á frv. Úr því að ég féll að því ráði að mæla með frv., eftir því sem kom fram, þykir mér ekki ástæða til að breyta þeirri skoðun, og greiði ég brtt. því mótatkv., þó að í henni kunni að felast sparnaður. Á það er og að líta, að í starfsmannaelgnum hjá ríkinu núna kynni ég betur við, að fremur yrði ræst fram úr einhverri annarri ríkisstofnun en Landsbókasafni Íslands. Ég segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Þar sem í frv. segir, að ráðh. geti skipað allt að sex bókaverði, þá sé ég ekki, að till. hafi þýðingu, heldur sé hún sparnaðarlátalæti ein, og segi ég því nei.

Hermann Jónasson: Ég get vísað til grg. hv. þm. N-Þ. um þetta atriði. Ég tel ei rétt að binda þetta, en treysti ráðh. þeim, er hlut á að máli, **að skipa eigi fleiri menn en nauðsynlegt er, en þetta eru bara látalæti,** og segi ég nei.

Lárus Jóhannesson: Starfsmenn ríkis og bæja hafa nú farið fram á 25% launabót, og segi ég **því já.**

Páll Zóphóníasson: Segi já, og er kominn tími til að fækka embættismönnum þeim, sem sósíalistar tróðu ólöglega inn í stöður, sem þeir bjuggu til.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv. og endursent Nd.

Á 106. fundi í Nd., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 692).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 707).

---

23. Fjáraukalög 1945.

Á 65. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1945 [190. mál] (stjfrv., A. 554).

Á 68. fundi í Sþ., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Sþ., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 711).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað þetta frv. til fjáraukalaga, og við athugun hefur það komið í ljós, að það voru í því nokkrar töluskekkjur, sem teknar voru til leiðréttingar á þskj. 711. Með þeim leiðréttingum leggur n. til, að þetta frv. verði samþ.

Það þarf í raun og veru ekki mikið meira um þetta að segja. Ég vil samt geta þess, að það er leitt, að það skuli koma fram í svona frv. slíkar töluskekkjur sem hér er um að ræða, því að þær benda til þess, að vinna að undirbúningi þess hafi ekki verið í því lagi, sem vera ber.

Þá vil ég einnig nota tækifærið til þess að taka undir það með þeim hv. þm., sem hafa fyrr og síðar lýst yfir, hvað þeir teldu mikla óreiðu á því, hvað landsreikningar og allt slíkt er seint fram komið. Við erum hér á þessu ári með ríkisreikninginn fyrir 1945 og þá einnig fjáraukalög fyrir 1945. Það er komið á

fjórða ár síðan þessir hlutir gerðust, þegar við erum hér með þessi mál. Það hefur því raunverulega ekki þýðingu, þó að einhver vilji um þessi mál tala nú. Þetta er liðið og fyrnt. — Það út af fyrir sig mætti segja, að það sé nokkuð athyglisvert, að þessi fjáraukalög eru upp á 50—60 millj. kr. fyrir sama tíma sem ég hygg, að fjárlagafrv. hafi verið samþ. upp á rúml. 100 millj. kr. Nú þýðir ekkert um þetta að ræða. Þetta er bara dæmi um það, sem við vitum, að hér er á hverju ári ekki svo mjög farið eftir fjárlögum hvers árs, heldur er ýmislegt annað látið ráða — sem sagt að of lítið tillit er tekið til þess, sem samþ. er á Alþ. í þessum efnum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í sambandi við það, sem hv. frsm. fjvn. sagði um þetta frv., og þar sem hann réttilega vakti athygli á því, að hér er um fjáraukalög að ræða fyrir árið 1945 upp á nærri 57 millj. kr., sem eru greiðslur fram yfir það, sem fjárlög þessa sama árs gerðu ráð fyrir, þá er rétt að benda á það, að þetta m. a. er vottur þess, að sú greiðslurausn og þær greiðsluskyldur, sem hæstv. Alþ. hefur lagt ríkissjóði á herðar, eiga sér lengri aldur en varðandi það tímabil einvörðungu, sem núverandi ríkisstj. hefur farið með völdin á. Það er að visu svo langt komið með fjárlagaafgreiðslu fyrir næsta ár, að ég býst ekki við, að þar verði neinu verulegu um þokað. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er greinileg bending um það, að þessar þarfir og þessar kröfur á ríkissjóðinn jafnvel langt umfram það, sem í fjárlögum er tekið til greina hverju sinni, eiga sér rætur mörg ár aftur í tímann. Og enn er það svo, að margs háttar lagafrv. eru meðhöndluð og samþ. af hæstv. Alþ., sem heldur þessum málum í sama farveginum að þessu leyti. Og má segja, að þetta frv. til fjáraukalaga sé rödd til aðvörunar, þó að orsakirnar megi rekja lengra en til dagsins í dag eða til þess tíma, sem þetta hæstv. Alþ. hefur setið, sem sé rödd til aðvörunar fyrir hæstv. Alþ. í þessu efni gagnvart því að setja stöðugt fram ýmiss konar löggjöf, sem knýr fram gjöld og greiðslur úr ríkissjóði. — Þetta vildi ég sagt hafa um leið og ég þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 711,1—4 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
7.—8. gr., með breyt. skv. brtt. 711, samþ. með 32 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 719).
Enginn tók til máls.
Alþt. 1948. B. (68. löggjafarþing).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 759).

---

24. Ríkisreikningurinn 1945.

Á 71. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945 [158. mál] (stjfrv., A. 432).

Á 73. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið eftir ríkisreikningnum fyrir árið 1945, sem nýlega hefur verið útbýtt hér. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 491).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Nefndin hefur lagt til, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1945 verði samþykktur nú eins og venjulega, en nm. tóku sér þann fyrirvara, að þeir ábyrgðust ekki það fé, sem eytt hefur verið utan fjárlaganna. Annars er það alveg óviðunandi, að ríkisreikningarnir skuli ekki vera lagðir fram prentaðir og endurskoðaðir fyrr en þrem árum síðar. Hér hefur t. d. nýlega verið lagður fram reikningur fyrir árið 1945. Það verður að teljast æskilegt, að slíkt endurtaki sig ekki, þannig að framvegis verði þeim hraðað svo, að ekki líði nema í mesta lagi eitt ár þar til þeir eru lagðir fram prentaðir og endurskoðaðir. Ég hygg, að erfiðleikar séu hjá fjmrn. með þetta og þá sérstaklega með endurskoðunina.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir störf hennar í málinu og vil taka það fram, að ég er ekki síður óánægður út af þeim seinagangi, sem á hefur orðið, að reikningurinn væri prentaður, en ástæðurnar fyrir þessu eru á fleiri en einum stað, en þó er það mest hjá endurskoðuninni. En ég hef orðið var við þennan seinagang á fleiri stöðum varðandi upplýsingar, sem ég hef þurft á að halda og ég hef beiðzt, t. d. hjá ríkisbókhaldinu.
Í morgun kom skrifstofustjórinn að máli við mig út af prentun á reikningunum. Þannig er ástatt í prentsmiðjunni, að 1946-reikningarnir eru búnir að liggja þar svo mánuðum skiptir. Mér datt því í hug, hvort ekki yrði að reyna að koma þeim í prentun annars staðar, en Gutenberg ber það aðallega fyrir sig að hún

hafi haft svo mikið að gera að undanförnu, einkum fyrir Alþingi. Ég tek undir það, að þessi seinagangur er ekki góður, en ég hef gert tilraunir til þess að flýta útgáfu reikninganna og mun nú gera enn meir en áður, en það getur leitt til þess, að fjmrn. verði að snúa sér til annarrar prentsmiðju, þegar prentunin hefur tafizt um marga mánuði í ríkisprentsmiðjunni. Þessa vildi ég láta getið við afgreiðslu málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gjarna við þessar umr. spyrja hæstv. fjmrh., hvort gerðar hafi verið athuganir í sambandi við bréf fjvn. um möguleika á því að fá Landsbankann til að taka að sér bókhald og fjárgreiðslur fyrir ríkið. Ég hef ekki heyrt neitt svar við því og vildi því gjarna spyrja hæstv. ráðh., hvaða svör hann hefur fengið og getur gefið. Ég vildi fá að heyra álit Landsbankans á þessu og álit ráðuneytisins. Bankinn hefur að ýmsu leyti miklu betri aðstöðu til þess að annast þetta og væntanlega þá einnig betri tök á því, að reikningarnir geti verið tilbúnir, heldur en nú er. Ég vildi gjarna fá að heyra um það, hvernig málið stendur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér er það minnisstætt, að hv. fjvn. sendi fjmrn. erindi um þetta í vetur, þar sem hún gerði till. um, að Landsbankinn tæki að sér ríkisfjárhirzluna eða gjaldkerastörf ríkisins. Erindið var sent til Landsbankans, og hann var beðinn um að láta í ljós álit sitt á þessari málaleitan. Ég minnist þess ekki, að bankinn hafi sent skriflegt svar, en eitthvað heyrði ég um það, að það hefði komið maður frá Landsbankanum, eða að maður hefði verið kallaður frá ríkisféhirði, til þess að ræða og kynnast störfunum. Setti ég það í samband við það, að bankinn væri að kynna sér málið. En ég hef sem sagt ekki orðið var við svar frá bankanum varðandi þessa málaleitan.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér hér í þessi málsatriði, sem nú fóru hér síðast fram, milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Barð., en ég vil þó taka það fram, að ég tel vafasamt að setja ríkisfjárhirzluna sem eina deild í bankann. Þar að auki mundi ég ekki, ef ég væri bankastjóri með sjónarmið bankans fyrir augum, hleypa slíkri stofnun inn í bankann og gera hana þar að einni deild. Ég segi þetta ekki af því, að þessi stofnun hafi illt orð á sér, síður en svo, þetta er eins og við vitum allir saman allra prýðilegasta stofnun. En eins og nú háttar, er það engan veginn heppilegt að blanda þessum tveim peningastofnunum saman.*(HV:* Er ríkið peningastofnun? Er það ekki miklu heldur peningaleysisstofnun?) Hv. þm. getur dregið þær ályktanir, sem honum fellur bezt. En eins og á stendur, þá tel ég, að þetta yrði ekki heppileg ráðstöfun.

Hvað endurskoðunina varðar, þá er það kunnugt, að það fer fram tvenns konar endurskoðun á ríkisreikningnum, það er endurskoðun yfirskoðunarmanna Alþingis og endurskoðun fjmrn., og má um það deila, hvorum það sé meira að kenna, hvað seint gengur. En sú reynsla, sem ég fékk þau tvö ár, sem ég hafði með þetta að gera, er sú, að þá heyrði ég aldrei frá yfirskoðunarmönnum Alþingis. Af þessu markaði ég það, að þeir væru langt á eftir, jafnvel miklu lengra á eftir en endurskoðun fjmrn., sem þó er ærið þung í togi. Ég veit, að þetta er erfitt verk og verður ekki leyst nema með hörðum átökum, en ég vil benda á það, að aðalráðið til þess að koma þessu í viðunandi horf er að setja upp endurskoðun fyrir hinar ýmsu greinar, en sameina þetta ekki allt saman og gera það að einni stofnun í fjmrn. Það er ekki von, að vel fari, þegar þetta er framkvæmt eins og það er nú. En hins vegar ætti að vera hægt að gera þessu skil á hæfilegum tíma — tvö ár er ekki hæfilegur tími —, ef það verður fært í líkt horf og nú er farið að taka upp við ýmsar stærri stofnanir og fyrirtæki, og það er sýnt, að það verður að koma þessu í annað horf, hvernig sem því verður við komið.

Hvað prentunina snertir, þá skiptir það auðvitað ekki nokkru máli, hvar hún fer fram, aðalatriðið er, að hún sé gerð fljótt. Ég tel, að það eigi að gefa reikninginn út strax eftir mitt ár næst á eftir því, sem reikningurinn er fyrir, þó að endurskoðun sé ekki lokið, svo að menn geti glöggvað sig á honum, en talnabreytingar og aðrar leiðréttingar mætti síðan taka upp í reikninginn fyrir næsta ár á eftir. Það stoðar ekki að hafa starfandi að þessu heila stofnun, ef skýrslur hennar koma ekki fyrr en svo mörgum árum eftir, að raunverulega er ekkert gagn að. Til þess að hægt sé að læra af reynslunni, þá verða reikningarnir að koma það fljótt út, að menn geti lært af þeim, en eins og nú háttar, þá eru þeir einskis virði, ef þeir koma ekki út fyrr en eftir svo og svo langan tíma. Þetta er að vísu aðeins lagalegt, en þrátt fyrir það er þetta alveg óviðunandi fyrirkomulag, því að ég álít, að ríkisreikningurinn sé heimild, sem þm. er nauðsynlegt að fá, og það sem fyrst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér við hv. 1. þm. Reykv., hvað sé heppilegast að gera í þessu sambandi. Hins vegar vildi ég gjarna fá að sjá svör Landsbankans út af þessum till., sem ég gat um áðan, og ég get ekki skilið, hvers vegna svörin skuli ekki vera komin eftir svo langan tíma. Að vísu heyrðist mér það á einum ráðherra stjórnarinnar, að stjórnin áliti þetta ekki til bóta, en ég hef hins vegar fengið að sjá gögn, sem Landsbankanum hafa verið send í sambandi við þetta mál, og fengið tækifæri til þess að athuga málið og getað myndað mér skoðanir um það, en óska þess jafnframt eindregið, að fjvn. gæti fengið svar við þessu bréfi sínu.

Út af sjálfum ríkisreikningnum langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvort þm. geti ekki fengið fjölritað eintak af honum á haustin, þegar þing kemur saman, eins og fjvn. fær,

því þó að reikningurinn sé þá að vísu ekki alveg fullkominn, þá er þó alltaf hægt að átta sig á honum í öllum meginatriðum, og tel ég, að að því yrði stór bót.

Ég hef ekki séð reikninginn fyrir árið 1948, það er líklega ekki búið að loka honum, en hann verður sjálfsagt til og lagður fyrir fjvn., þegar þingið kemur saman í haust, og tel ég þá, að það yrði til mikilla bóta, ef allir þm. fengju eitt eintak sams konar og þau, sem fjvn. fær.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Barð., en hann var að biðja um svar út af bréfinu, sem er í alla staði mjög eðlileg ósk, þá vildi ég taka það fram að ég hef beðið með svarið vegna þess, að ég vildi fá að heyra, hvaða afstöðu Landsbankinn hefði tekið til málsins, og meðan sú afstaða liggur ekki fyrir, er ekki knýjandi nauðsyn að svara.

Að gefnu tilefni skal ég ganga eftir því, að hv. þm. geti fengið til bráðabirgða fjölritað eintak af reikningnum í haust, eða þegar hann verður fullgerður fyrir fjvn., enda finnst mér eðlilegt, að það sé gert.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ríkisreikningurinn sé forngripur á alla kanta, því að hann er alltaf gamall reikningur, þegar hann er lagður fyrir Alþingi, þá langar mig samt til að fá að vita, hvað nefndin hefur gert gagnvart þeim athugasemdum, sem gerðar hafa verið við hann af yfirskoðunarmönnum þeim, er Alþingi kýs, en einn endurskoðandinn á sæti hérna í deildinni, 1. landsk. þm. Yfirskoðunarmennirnir hafa gert við hann athugasemdir, og sumum svörum ríkisstj. vísa þeir „til aðgerða Alþingis." Það er því skylda n., þegar málinu er vísað til hennar, að hún taki þær til athugunar og leggi til við Alþ., hvað eigi að gera; og mér finnst ekki vera hægt að afgreiða þetta án þess að n. hafi athugað athugasemdirnar og látið í ljós álit sitt um þær og lagt til við Alþingi, hvað gera skuli. Endurskoðunarmennirnir eru kosnir af Alþ., og þess vegna vil ég fá að heyra það, hvað n. ætlast fyrir með þetta, hvort hún ætlast til með þessu að segja, að þetta sé gott og blessað, og lofa því að vera alveg eins áfram eins og hingað til.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mig langar til að bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði við 2. umr., viðvíkjandi þeim drætti, sem orðið hefur á útkomu ríkisreikninganna. Ég hef athugað síðan, á hverju stendur aðallega, og þær upplýsingar, sem ég hef fengið, eru þær, að venjulega er það svo, að reikningarnir eru tilbúnir í sept. árið eftir. Endurskoðendur þingsins geta því byrjað strax og þingi er lokið, því þótt handritið sé ekki tilbúið, þá liggja frammi öll fylgiskjöl, sem hefur verið raðað af ríkisbókhaldinu og eru því mjög aðgengileg. Ef þetta væri gert og ekki stæði á prentuninni, þá mætti leggja reikningana fyrir árið eftir. T. d. mætti þá leggja reikningana fyrir árið 1948 fyrir þingið um áramótin 1949—50. Það hefur ekki staðið á reikningunum, heldur á endurskoðendum þingsins og prentuninni. Reikningar fyrir árið 1946 voru tilbúnir árið 1947, en athugasemdir endurskoðenda Alþingis hafa ekki enn þá borizt ráðuneytinu. Reikningar fyrir árið 1947 voru tilbúnir í handriti snemma hausts 1948 og afhentir Gutenberg, en þó mun enn langt í land með prentun þeirra, og þar sem endurskoðendur Alþingis hafa ekki enn þá lokið við reikningana fyrir 1946, þá hafa þeir sjálfsagt ekki litið á reikningana fyrir 1947. Prentsmiðjan hefur borið fyrir sig mikið annríki og þá fyrst og fremst fyrir Alþingi, en þingskjöl Alþingis ganga fyrir allri prentun yfir þingtímann. Það hefur verið venja að leita ekki til annarra prentsmiðja, en auðvitað mætti gera það, og er í rauninni full ástæða til að reyna að fá reikningana prentaða annars staðar.

Þetta er það, sem ég vildi segja um dráttinn á reikningunum, og vil endurtaka það, að ef endurskoðendur Alþingis vilja, þá geta þeir hafið endurskoðunina strax og þingi lýkur. Ég vildi geta þessa af því, að mér fannst á þingmönnum um daginn, að þeir álitu þetta vera fyrir trassaskap í ráðuneytinu, en svo er ekki, enda gengur endurskoðun ríkisins jafnt og þétt, og stendur ekkert á henni. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að ekki þyki tilhlýðilegt að leggja ríkisreikningana fyrir Alþingi án endurskoðunar Alþingis og svara ráðherra. Það er því Alþingi, sem verður að ýta á eftir endurskoðendum sínum, ef það vill fá reikningana fyrr en hefur verið.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur nú látið í té út af þeim ummælum, sem urðu hér síðast þegar málið var til umr. í deildinni. Ég get ekki betur séð en að þær upplýsingar, sem ráðh. hefur gefið, séu hörð áminning til yfirskoðunarmanna Alþingis, og mér finnst það vera óviðunandi vinnubrögð, að ekki skuli vera búið að endurskoða ríkisreikninginn fyrir árið 1946. Ef slík vinnubrögð eiga að þolast, þá get ég ekki betur séð en að Alþingi geti alveg hætt við þessa endurskoðun og þar með hætt að kjósa þessa menn. Sá eini af þessum yfirskoðunarmönnum, sem sæti á í þessari deild, er því miður ekki viðstaddur á þessum fundi, svo að ég vil ekki vera að deila á yfirskoðunarmennina, þegar enginn er til svara. — En þar sem hv. 1. landsk. er nú kominn inn í deildina, þá skal ég gjarna endurtaka það, sem ég sagði um yfirskoðunarmenn Alþingis. Ég var að segja

það, að ég tel þessi vinnubrögð algerlega óviðunandi, ef það er rétt, að ekki sé lokið við yfirskoðun á ríkisreikningunum 1946, og ef hv. yfirskoðunarmenn álíta sig ekki hafa skyldu til þess að hraða þessu verki sínu, þá álít ég, að hæstv. fjmrh. verði að hnippa í þá, svo að það megi verða, því að mér skilst, að sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, stafi ekki af endurskoðun fjmrn., því að eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti, þá er sú endurskoðun nú komin í það horf, að ekki þarf að standa á henni.

Að því er sjálfa prentunina varðar, þá skiptir það auðvitað ekki nokkru máli, hvort reikningarnir eru prentaðir í Gutenberg eða einhverri annarri prentsmiðju, þegar ríkisprentsmiðjan getur ekki afkastað öllu því, sem hún á að vinna fyrir ríkið. Ef fjmrn. leitaði til annarrar prentsmiðju um prentun reikningsins, þá ætti það ekkert að verða dýrara, eða að minnsta kosti ætti kostnaðurinn ekki að verða svo miklu meiri, að það geti verið ástæða til að draga útgáfuna af þeirri ástæðu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki getað fylgzt með 2. umr. þessa máls af óviðráðanlegum ástæðum, en vil hins vegar taka það fram, að ég er ekki vel undir það búinn að taka hér til máls, en þó að ég hafi ekki nein gögn í höndunum máli mínu til frekari sönnunar, þá vil ég samt taka það fram, að það hefur gætt nokkurs misskilnings hjá hæstv. fjmrh., ef hann heldur því fram, að rétt sé að kasta allri sökinni á drættinum á yfirskoðunarmenn Alþingis. Ríkisreikningnum fyrir árið 1945 hefur þegar verið útbýtt á Alþingi. Hins vegar hefur ekki verið lokið við athugasemdir né þeim skilað fyrir ríkisreikninginn 1946, en hin raunverulega yfirferð og samanburður hefur farið fram alveg síðan í haust, og hafa þingannir valdið því, að ekki hefur verið unnt að klára það. Annað er það í þessu máli, að yfirskoðunarmennirnir hafa ekki talið sig geta byrjað yfirferð sína fyrr en búið væri að loka reikningnum og hann lægi fyrir prentaður. Þetta hefur alltaf verið þannig, eins og hv. 8. landsk., sem einu sinni hefur unnið að þessu, getur borið vitni um.

Nú er ég ekki vel undir það búinn að taka hér til máls, en reynslan hefur sýnt, að ekki er ávallt búið að loka reikningnum, þegar við fáum hann, og þegar við förum að grennslast eftir því, hvers vegna svo er ekki, þá fáum við þau svör, að eitthvað sé eftir óinnkomið, sem veldur því, að reikningnum er seint lokað. Ég hef ekki tölur við höndina til að sýna þetta, en það er hægt að sanna, að svona hefur þetta verið. Við 1946-reikninginn lágu öll gögn fyrir, það er alveg rétt, en hins vegar vil ég benda á það, að það fer fram önnur endurskoðun, kritisk endurskoðun, og það er vitað, að á þeirri endurskoðun verða yfirskoðunarmenn Alþingis að byggja sína skoðun, því að ef þeir eiga að fara yfir allt án hennar, þá er ekki neinn tími til þess. Ég held, að ég fari rétt með, að skrifstofustj. fjmrn. upplýsti það, að nú væri allt kapp lagt á að vinna upp gamla reikninga og þeir væru með reikninga á öðru árinu óendurskoðaða, og hygg ég, að hann hafi með því átt við reikninginn 1947 og að sá reikningur sé ekki fyllilega endurskoðaður,og er þar þó nægur mannafli. Yfirskoðunarmenn Alþingis líta hins vegar svo á, að þeir geti ekki sannfærzt um reikninginn, nema þessi endurskoðun hafi farið fram áður. Með þessu er ég ekki að fegra okkar seinagang á endurskoðun reikningsins 1946, en það eina, sem eftir er að gera í sambandi við þann reikning, er að ganga frá athugasemdum í sambandi við hann, en við munum ljúka því áður en þingi lýkur.

Ef ég hefði verið betur undirbúinn, þá gæti ég hrakið það, sem að okkur hefur verið fundið, en ég segi það, sem ég sagði áður, að það er tæplega hægt að sannfærast og prófa, hvort reikningurinn er réttur, nema reikningsleg endurskoðun hafi farið fram áður. Hv. frsm. hefur verið að víta yfirskoðunarmennina fyrir seinagang, en hann verður að taka það með í reikninginn, að við verðum að byggja okkar skoðun á upplýsingum, sem getur staðið á, að við fáum. Annars vænti ég þess, að það gefist betra tækifæri til þess að skýra þetta við afgreiðslu málsins í Nd., og mun ég benda meðnm. mínum þar í deildinni á að undirbúa sig betur undir það.

Það hefur verið sagt af hæstv. ráðh., að ríkisreikningurinn fyrir árið 1947 liggi fyrir í handriti tilbúinn til endurskoðunar. Það má kannske segja sem svo, að reikningurinn þurfi ekki að vera prentaður, til þess að endurskoðun geti hafizt, en ég vil þá spyrja, hvort búið sé að loka honum. Það getur verið, að svo sé, en þá er það líka betra en venjulega, en ég leyfi mér að efast um það, að svo sé, jafnvel þó að hæstv. ráðh. segi það. Þá er það einnig talsvert mikið verk að prenta hann, því að ég hygg, að það sé meiri vandi að prenta hann, einmitt vegna þess, að svo margar tölur eru í honum, sem mikla aðgæzlu þarf við, en á prentuðum reikningum verður að byggja endurskoðun yfirskoðunarmannanna. Þegar hæstv. ráðh. segir, að það megi ekki útbýta reikningnum nema prentuðum og endurskoðuðum, þó að undirskrift yfirskoðunarmanna sé ekki komin á reikninginn, þá minnist ég þess þó, og ég held, að ég muni það alveg rétt, að reikningnum hafi verið útbýtt í handriti til þm., þó að það hafi ekki verið gert 2—3 s. l. ár.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram vegna ádeilu á yfirskoðunarmenn Alþ. og skoðun þeirra, því að svo mikið bákn sem ríkisreikningurinn er nú orðinn, þá er það ársstarf fyrir 3 menn að minnsta kosti, ef fara á nákvæmlega í hann, því að þeirri endurskoðun, sem fram fer í fjmrn., vinna annaðhvort 9 eða 10 menn — ég man nú ekki hvort heldur var — allan ársins hring, og eru þeir þó ekki búnir að ganga frá reikningunum árið 1947.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. var að draga það í efa, að upplýsingar fjmrh. væru réttar, en vafalaust kemur hv. þm. með upplýsingar um það síðar gegnum meðstarfsmenn sína í Nd., að hér hafi verið hallað á yfirskoðunarmennina að ósekju.

Hann segir, að það sé ekki venja að taka til starfa við yfirskoðunina fyrr en reikningarnir séu prentaðir. En ég get ekki séð, hvers vegna þarf að vera að halda þeirri venju, þegar það er ljóst fyrir löngu, að prentaðir reikningar liggja ekki fyrir fyrr en mörgum árum eftir að þeir eiga raunverulega að vera tilbúnir.

Það er alveg rétt, að yfirskoðunin er ekki kritisk endurskoðun, yfirskoðunarmennirnir eru ekki endurskoðendur, heldur framkvæma þeir aðeins pólitíska skoðun. Þess vegna er þetta létt verk, þó að mikið sé af fylgiskjölum, sem þeir þurfa að athuga.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að vera að fara frekar út í þetta, en ég verð þó að taka það fram, að mér finnst það vera margir liðir í reikningnum, sem yfirskoðunarmennirnir þurfa ekki að líta á. (*SÁÓ:* Það þarf að endurskoða hverja tölu.) Ef það er meining og álit hv. þm. að hafa svo nákvæma endurskoðun, þá er það annað en ég hélt. Þessir menn eru kosnir af þinginu til þess að athuga (*HV:* hvort um pólitískt hneyksli sé að ræða í sambandi við hann.) Já, til þess að athuga, hvort um nokkurt pólitískt hneyksli sé að ræða í sambandi við fjárgreiðslur ríkisins. Einmitt af þessum ástæðum sést það, að hlutverk yfirskoðunarmannanna er annað en kritisk endurskoðun, svo að þess vegna er það engin afsökun, hvað skoðunin hefur dregizt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 642).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar. Það er leitt að það skuli ekki ganga hraðar með endurskoðun á reikningnum en raun ber vitni, en ég ætla ekki að fara að gera það að neinu umtalsefni hér. Hins vegar leggur n. það til í áliti sínu, að það verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir. Ég ætla svo ekki að gera fleiri athugasemdir hér að sinni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, þá er þetta frv. um samþykkt á ríkisreikningnum 1945 seint á ferð. Ég hef áður fundið að því sleifarlagi, sem verið hefur á þessu undanfarið. Ég tel það mjög óviðeigandi, að nú á árinu 1949 skuli fyrst vera gengið til fulls frá ríkisreikningnum 1945. Ef nokkurt lag væri á þessu, þá ætti að vera búið að samþykkja reikningana frá 1946 og 1947 núna.

Ég vil þá gera hér að umtalsefni nokkur atriði í reikningnum. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við hann af yfirskoðunarmönnum Alþ., og geta menn sjálfir skoðað svör ríkisstj. við þeim. Nokkrum atriðum hefur verið vísað til Alþ., án þess að n. hafi gert nokkrar till. þar um. En það eru nokkur önnur atriði, sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Á eignahlið efnahagsreiknings er meðal annars talið til eigna, í V. lið 12, ábyrgðalán kr. 963041.34. Þetta eru útistandandi skuldir hjá 13 aðilum. Stærstu upphæðirnar eru hjá vátryggingarfélögum vélbáta 266900 kr., Tunnuverksmiðjum 246 þús. kr., Húsavíkurhöfn 111759 kr. og Skagastrandarhöfn kr. 99839.13, og síðan eru nokkrir smærri liðir. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það, og ef til vill geta yfirskoðunarmennirnir gefið um það einhverjar upplýsingar, hvernig gengur með innheimtu á þessum kröfum, sem samtals nema kr. 963041.34. Við það að lesa yfir reikninginn hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að það eru ýmsar vafasamar eignir teknar upp í eignahlið efnahagsreiknings ríkisreikningsins, t. d. veitti ég því athygli, að meðal útistandandi skulda í V. lið, 22. undirlið, er fé, sem lagt hefur verið út vegna clearingviðskipta kr. 716656.32 og verðjöfnunar á kolum kr. 159470.40, talið til eigna ríkissjóðs. Þessar eignir voru jafnháar á ríkisreikningnum 1944, og ég hef jafnvel heyrt, að þær standi enn óbreyttar. E. t. v. hafa endurskoðendur athugað, hvort þarna er um raunverulegar eignir að ræða.

Við yfirlesturinn varð ég líka var við ósamræmi og skekkjur, en ég skal aðeins nefna tvo liði, sem ég kom auga á. Samkvæmt reikningi kreppulánasjóðs á bls. 109 telur hann með eignum sínum óhafið ríkissjóðstillag, kr. 343-444.42. Nú hefði átt að færa þetta sem skuld á reikning ríkissjóðs, en sú upphæð finnst þar ekki, og virðist mér því eign hans vera oftalin sem því nemur.

Á bls. 111—112 er sérstakur reikningur fyrir fiskimálasjóð. Þar er talin eign hjá ríkissjóði kr. 2445166.58, en á ríkisreikningi er talin skuld við sjóðinn aðeins kr. 85860.96. Þarna skakkar því um 2 millj. og 360 þús. kr., sem fiskimálasjóður telur sig eiga hjá ríkinu, en ríkið ekki talið skulda sjóðnum samkvæmt reikningnum. Séu þessar tvær upphæðir lagðar saman, þá nema þær um 2 millj. og 700 þús. kr., eftir því sem ég fæ bezt séð. Ég hef komið auga á þetta við lauslegt yfirlit yfir reikninginn, en ég sé ekki, að yfirskoðunarmennirnir hafi gert neina athugasemd við þetta ósamræmi, sem þarna er. En það er æskilegt, að reikningurinn sé réttur, þegar hann loks kemur eftir 3—4 ár frá því að honum á að vera lokað.

Ég hef skrifað með fyrirvara undir nál., og hef ég nú gert grein fyrir því, hvers vegna ég hafði þann fyrirvara. Að vísu er það fleira, sem ástæða væri að ræða í sambandi við þennan reikning, eins og t. d. miklar umframgreiðslur, en á þessu ári hafa gjöldin farið 40% fram úr áætlun fjárlaga, en um það þýðir víst lítið að ræða, úr því sem komið er.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. hefur drepið á nokkur atriði reikningsins og finnst þar kenna nokkurs ósamræmis eftir því, sem tölur herma. Þó að maður hafi farið yfir þessar tölur einu sinni, þá kann að vera, að maður geti ekki svarað öllu samstundis í sambandi við þær, þar sem um er að ræða tölur, sem standa í fleiri ár, og þyrfti því að hafa fleiri tölur í kollinum í einu. En það er engu að síður eðlilegt, að hann veki athygli á þessu atriði, og skal ég nú reyna að svara þessu, þó að ég hafi ekki önnur gögn að styðjast við en reikninginn sjálfan.

Viðvíkjandi fyrstu tölunni, þessum 900 þús., þá get ég því miður ekki upplýst neitt um hana.

Þá drap hann á verðjöfnun kola. Við höfum ekki ástæðu til annars en að láta þessa upphæð standa sem eign, þar til ákvörðun yrði tekin um að innheimta hana eða annað. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort af innheimtu verður eða ekki. En þó að þetta sé mikil upphæð, þá er þó engin nýlunda að færa þetta svona, því að árum saman eru færðar á reikninginn fjárhæðir, sem lánaðar hafa verið og greiddar úr ríkissjóði, en ekki hafa verið greiddar þangað aftur. Um þetta á Alþ. að taka ákvörðun, en við yfirskoðunarmenn höfum ekki talið ástæðu til að leggja til, að Alþ. geri það, fyrr en útséð yrði um það, að þetta yrði ekki greitt. Við höfum heldur ekki fengið neina sérstaka hvöt til þess að hraða þess konar uppgjöri, því að þá sjaldan við höfum gert till. þar að lútandi, þá hefur aldrei verið gerð nein ráðstöfun af hálfu Alþ. til þess. Eigi að síður er ég sammála hv. þm. V-Húnv. í því, að þar sem ekki sé um raunverulega eign að ræða, þá eigi að gera það upp á þann hátt, að það komi skýrt í ljós. Og ég ætla, að það sé rétt, að það liggi till. um þetta frá okkur með þeim reikningi, sem fyrir liggur núna.

Þá minntist hv. þm. á tvær tölur, sem eru færsluatriði. Eftir reikningnum er það svo, að það ber á milli í reikningum tveggja stofnana, og það kann að benda til þess, að reikningurinn sé ekki réttur, því að það, sem annar sjóðurinn telur sig eiga hjá hinum, er ekki allt talið til skuldar hjá honum. Nú er það rétt, að reikningunum ber ekki saman, og maður gæti þá ætlað, að reikningurinn sýni þess vegna ekki alveg rétta mynd. En nú þarf þetta ekki endilega að vera svo, því að eftir að annar sjóðurinn hafði lokað sínum reikningi, þá gat vel verið, að hinn væri opinn enn þá. Það gat því skeð, að ríkissjóður hefði greitt þessa upphæð áður en reikningi hans var lokað, en eftir að reikningi fiskimálasjóðs var lokað. Sé þessu ekki þannig varið, þá hefur okkur yfirsézt. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að það er oft, að reikningunum ber ekki saman fljótt á litið, og það stafar af því, að sjóðirnir eða einstakar stofnanir loka sínum reikningum fyrr en ríkisreikningnum er lokað, en þá jafnast það allt saman á næsta ári á eftir. Hvernig þessu er varið í þessu tilfelli, er ég ekki fullviss um, en það er sjálfsagt að taka það til athugunar, hvort ríkissjóði séu þannig ofreiknaðar eignir, en ég gæti þó betur trúað, að hitt sé orsökin, að greiðsla hafi farið fram, eftir að sjóðnum hafi verið lokað hjá stofnununum.

Hv. þm. V-Húnv. fann að því, hvað seint gengi með afgreiðslu ríkisreikninganna. Þó að ég sé hér aðili að nokkru leyti, þá skal ég samt fúslega viðurkenna það með hv. þm. V-Húnv., að reikningarnir eru of langt á eftir. En við yfirskoðunarmennirnir þykjumst nú hafa nokkra afsökun. Um þriggja ára skeið höfum við verið í hinu mesta húsnæðishraki og höfum orðið að bíða í marga mánuði eftir því, en þetta hefur nú breytzt, og við erum nú búnir að fá viðunandi húsnæði. En þetta varð samt einmitt til þess að seinka þessum tveim reikningum, 1945 og 1946, en það nær hins vegar ekki til reikningsins 1947, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að ætti að liggja hér tilbúinn fyrir Alþ. til samþykktar. Ég er ekki að andmæla þessu, en þá ætti bara að vera öðruvísi í haginn búið fyrir yfirskoðunarmennina heldur en nú er. Fyrst vil ég geta þess, til þess að forðast allan misskilning, að hvað áhrærir ríkisbókhaldið, þá hafa reikningarnir af þess hálfu alltaf verið í góðu lagi. En hvað áhrærir ríkisstj., þá hefur það nú verið svo, að reikningnum hefur ekki verið lokað fyrr en einhvern tíma á sumarmánuðunum. Reikningnum 1947 var t. d. ekki lokað fyrr en í október í haust sem leið, og er þá eftir að gera hann upp og ganga frá honum. Nú eru fleiri atriði, sem koma inn í hvers konar athugun og endurskoðun, til þess að hún geti gengið fyrir sig. Reikningurinn þarf að vera tilbúinn, því að við getum þá strax byrjað endurskoðunina, áður en reikningurinn er prentaður. Sú byrjun byggist á þeim gögnum, sem frammi liggja, og við getum byrjað að athuga einstakar greiðslur. En hvað áhrærir ýmis önnur atriði, þá veit ég ekki, hve mikið er ætlazt til, að við athugum reikninga fyrir þau ár, sem við höfum ekki verið kosnir til þess að endurskoða. Það er í raun og veru ekki í okkar verkahring að athuga reikninga nema frá því ári, sem við erum kjörnir til. En ég get vel tekið undir það, að eðlilegt væri, að yfirskoðunarmennirnir fylgdust með höfuðatriðum gjaldaliðanna og greiðslum þaðan, en viðkunnanlegt væri þá, að búið væri að kjósa þessa menn til þess nokkru fyrr en venja er, verð ég að segja.

Umboðslega endurskoðunin er nú orðin langt á eftir. Ég vil þó geta þess í þessu sambandi, að húsakosti þeirra manna, sem að þeirri endurskoðun stóðu, var mjög ábótavant alveg fram á síðasta haust. Þar urðu margir menn að hýrast saman í litlu herbergi, þar sem þeir urðu að

pakka saman öllum skjölum og ganga frá þeim jafnskjótt og þeir höfðu notað þau einu sinni, og ef þeir þurftu að skoða þau aftur sama dag eða daginn eftir, urðu þeir að taka þau upp aftur. Þetta var þannig mjög til þess að hindra umboðslegu endurskoðunina, og þar af leiðandi er það nokkur vorkunn, þó að starfið hafi sótzt nokkuð seint. Og þó að það sé ef til vill nokkurt vorkunnarmál og við hefðum getað gengið rösklegar til verks, þá ætla ég samt ekki að fara að fjölyrða frekar um það eða bera af okkur sök, frekar en ég hef gert. Þó er það eitt atriði, sem ég vil aðeins drepa á í þessu sambandi. Það er ákvæði 43. gr. stjskr., þar sem okkur er uppálagt að kynna okkur eftir beztu getu skjöl og skilríki, eftir því sem þurfa þykir. Og það höfum við reynt að gera eftir okkar beztu getu, þó að vel megi vera, að æskilegt hefði verið, að við hefðum gert það enn þá rækilegar. En auk ákvæða stjskr. erum við bundnir af öðrum ákvæðum. Þar verð ég að gefa þá syndajátningu, að þann lagastaf höfum við brotið. Við höfum farið út yfir þá lagaskyldu, sem okkur var lögð á herðar. Ég vona, að okkur fyrirgefist það, af því að okkur hefur fundizt starfið svo langt á eftir, að við neyddumst til að framkvæma yfirskoðun reikninganna fyrr en þar er ætlazt til. L. um þetta efni, sem snerta yfirskoðun, eru frá 1931, nr. 61, um ríkisbókhald og endurskoðun. Í 10. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrn. ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins. Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefur verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, enn fremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjmrn. telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna."

Ef við eigum að fara eftir bókstaf l., þá eigum við ekki að skila okkar verki fyrr en við höfum öll þessi gögn. Þetta höfum við krossbrotið s. l. ár, því að ekki hefur legið fyrir nema nokkur hluti þeirra reikninga, sem hin umboðslega endurskoðun hefur átt að skila, og það er þá nýverið, ef það er búin að fara fram hin umboðslega endurskoðun fyrir 1944 á sumum stofnunum ríkisins og því síður fyrir 1945 og 1946. Nú er fjmrn. að reyna að kippa þessu í lag, enda höfum við á það þrýst alvarlega, að þetta geti ekki gengið svona áfram, og hvað áhrærir reikninginn, sem við erum að endurskoða nú, þá er hin umboðslega endurskoðun að verki með hann. Þetta vil ég, að komi fram, svo að hv. þm. sé kunnugt, hvernig þessu máli er varið.

Að því leyti sem færsla milli ára hefur átt sér stað, þá höfum við kynnt okkur, hvort það hafi ekki komið fram á næsta ári, svo að það leiðréttist, sem milli hefur borið frá fyrra árs reikningi.

Viðvíkjandi tveimur atriðum, sem hv. þm. V-Húnv. vék að, þá skal ég kynna mér það til að sjá, hvernig því er varið, svo að hægt sé að vekja athygli á því í sambandi við ríkisreikninga síðar. Ég vil svo taka undir það með honum, að það væri í alla staði heppilegast og skemmtilegast fyrir þá, sem að þessum málum koma, að ríkisreikningur geti komið fyrir Alþingi sem allra næst þeim tíma, sem hann er fyrir, og upp á alla vitneskju er það auðvitað nauðsynlegt. Ég vil mega vænta þess, að í haust, er þing kemur saman, geti reikningurinn fyrir 1946 og 1947 legið tilbúinn fyrir, þegar þingið byrjar sín störf.

Hvenær ríkisreikningnum verður lokið fyrir 1948, skal ég ekki segja, en það er óhjákvæmilegt, að ríkisstj. hraði því að ganga frá reikningnum frá sinni hálfu, svo að hægt sé að færa þann tíma fram, sem reikningurinn kemur fyrir þingið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var á þinginu 1943, sem ég flutti þáltill. ásamt hv. þm. N-Ísf. í sambandi við endurskoðun ríkisreikninganna, því að þegar ég var nýkominn á þing, þá undraði mig, að árið 1943 var borinn fram ríkisreikningurinn 1939, eða fjórum árum eftir að hann átti að vera fullgerður. Sú till., sem við bárum þá fram, var samþ., en í henni fólst, að endurskoðun ríkisreiknings skuli vera lokið einu ári eftir það ár, sem hann hljóðar upp á. Samkvæmt þessari till. ættum við nú að vera að samþ. ríkisreikninginn fyrir 1947. En hv. 1. þm. Árn., sem er einn af endurskoðendum ríkisreikninganna, hefur fært fram ýmsar ástæður fyrir, hvers vegna ekki hefur verið hægt að fara eftir þeim þingvilja og hvers vegna hefur ekki verið hægt að bæta neitt úr þessu þau 6 ár, sem liðin eru síðan till. var samþ. Kemur þar margt til greina samkvæmt því, sem hv. 1. þm. Árn. segir, að það standi ekki á ríkisbókara, því að allt sé þar í bezta lagi og ekkert á eftir tímanum, sem hann eigi að vinna, en hins vegar sé svo ástatt hjá ríkisstj., að hún loki reikningnum t. d. fyrir 1947 ekki fyrr en í október 1948, og fyrr en búið sé að loka reikningnum, þyki ekki tímabært að fara út í endurskoðunina. Þetta er rétt í öllum aðalatriðum og kannske í öllum atriðum. Þó mætti kannske endurskoða ýmsa liði, þó að reikningur væri ekki alveg fullbúinn. En samt sem áður hefðu endurskoðendur ríkisreikningsins getað byrjað á að endurskoða ríkisreikninginn fyrir 1947 á síðasta hausti, eftir að búið var að loka. Ég er ekki kunnugur, hvað mikil vinna felst í endurskoðun ríkisreiknings, en ég geri ráð fyrir, að hún sé mikil. En ef hægt hefur verið að hefja endurskoðunina í október, þá hefði ég látið mér detta í hug, að hægt hefði verið að hafa lokið þessari endurskoðun í apríl og leggja reikninginn fyrir til samþykktar á þessu þingi. En hvað dvelur ríkisreikninginn fyrir 1946, fyrst endurskoðun ríkisreikningsins fyrir 1947 er þegar hafin? Sennilega er endurskoðun ríkisreikningsins fyrir 1946 búin, og hvers vegna er hann þá ekki lagður fyrir þetta þing? Ég geri ráð fyrir, að þeir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins,

sem eiga sæti í þessari d., geti gefið upplýsingar um það. Ég býst við, að hv. 1. þm. Árn., ef hann tekur hér til máls aftur, segi, að þeir hafi ekki getað byrjað að endurskoða ríkisreikninginn 1947 í október, vegna þess að það hafi verið eftir að prenta hann. Það er vísdómur, sem ég fæ ekki skilið, að það skuli verða að prenta reikninginn, áður en byrjað er á endurskoðun. Þetta á sér hvergi stað nema hjá ríkinu. Alls staðar fer endurskoðun reikninga fram, áður en reikningur er prentaður, en þegar endurskoðun er lokið, þá fyrst er hann prentaður.

Hvað sem um þetta allt má segja, þá býst ég við, að alþm. hafi enn sömu skoðun og 1943, þegar við samþ. þessa till., og þeir séu óánægðir með þetta. Það er ekki nema nafnið eitt að leggja ríkisreikning fram til samþykktar á Alþingi fjögurra ára gamlan. Það er ekkert hægt að gera nema samþ. hann. Ég held satt að segja, að það sé óhjákvæmilegt að finna hina raunverulegu ástæðu fyrir, hvers vegna þessi endalausi dráttur á sér stað, og reyna að kippa því í lag. Ég heyrði á hv. síðasta ræðumanni, að hann hefur fullan hug á því, en ég held, að þingið geti ekki sætt sig við það lengur, að það sé aðeins góður hugur. Þess verður að óska og þess verður að krefjast, að það sé farið eftir þeim vilja, sem fram kemur í fyrrnefndri þál., að úr þessu verði bætt og á þessu ári verði lagðir fram reikningarnir fyrir 1946 og 1947 og reikningurinn fyrir 1948 yrði lagður fram á þinginu 1950 eða á næsta ári. Þá er þetta komið í það horf, sem ætlazt er til, að það verði, og ég gæti vel unnað hv. 1. þm. Árn. að hafa heiðurinn af því að koma því í það horf.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði. Hann er, eins og kunnugt er, einn af þeim mönnum, sem af hálfu þingsins hafa endurskoðað ríkisreikningana nú að undanförnu.

Út af því, sem ég sagði um ósamræmi milli reikninga einstakra sjóða og ríkisreikningsins, þá nefndi hann, að þetta gæti ef til vill verið þannig, að reikningum sjóðanna hefði verið lokað fyrr en ríkisreikningnum og einhverjar greiðslur hefðu farið fram, frá því er reikningum sjóðanna var lokað og þar til ríkisreikningurinn var gerður. Ég skal ekki lasta, þótt forráðamenn sjóða séu fyrr á ferðinni með reikninga sína en fjmrh., en ég vil benda á, að þetta er ekki frambærileg skýring á því ósamræmi, sem þar er. Þarna eru tveir sjóðir, sem eru eign ríkisins og eru talsverðar upphæðir, og telur ríkissjóður þá með eignum sínum. En fyrir það ósamræmi, sem þarna er, verður hrein eign sjóðanna nokkru meiri en verið hefur, og eru þeir færðir með eignum á aðalefnahagsreikningi ríkisins. Fyrir þetta verður eign ríkisins oftalin. Þetta geta endurskoðendurnir athugað nánar milli umr., því að þetta er aðeins 2. umr. málsins. Ég vil benda á, að það væri æskilegt, að slíkt ósamræmi í reikningsfærslu og uppgjöri hjá ríkisfyrirtækjum og ríkissjóði ætti sér ekki stað.

Viðvíkjandi þessu máli yfir höfuð og hvað ríkisreikningurinn væri seint á ferðinni, þá gat hv. 1. þm. Árn. þess, að þeim væri seint lokað, t. d. ríkisreikningnum fyrir 1947 ekki fyrr en í október 1948. Það er ástæðulaust fyrir fjmrn. að halda reikningnum svo lengi opnum. En ég vil þó benda á það, eins og þegar hefur verið gert af öðrum, að síðan þessum ríkisreikningi var lokað og til þessa dags er liðið meira en hálft ár, og eitthvað hefði mátt gera á þeim tíma, og það mun vera farið að nálgast tvö ár, síðan lokað var ríkisreikningnum fyrir 1946, og þó höfum við ekki fengið hann enn. Það virðist hafa farið mjög versnandi með ríkisreikninginn, eftir að Sjálfstfl. tók við fjármálastjórninni sællar minningar fyrir 10 árum síðan, því að áður var ríkisreikningurinn miklu fyrr á ferðinni. T. d. á fyrra þinginu 1938 var lagður fram ríkisreikningurinn fyrir 1936 og gengið frá honum á því þingi, en síðan fór þetta fljótlega að versna og hefur verið í þessu slæma lagi síðan.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins nokkur orð. — Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um millifærsluna, þá er það alveg rétt, að eftir því sem talið er á eignareikningi ríkisins, þá telur ríkið sig þarna eiga það, sem þessari upphæð nemur meiri eign. Ég þori ekki að segja um það, en ég get hugsað, að ríkið greiði þessar upphæðir til sjóðanna, en taki þær svo til frádráttar á sínum reikningi og þar færist á milli, sem ekki á að vera. Þetta viðurkenni ég alveg.

Hv. 2. þm. Rang. vék að því, að sér virtist, að ríkisreikningurinn fyrir 1947 gæti verið tilbúinn, þar sem honum hefði verið lokað í haust í október. Ég segi ekki, hvað kann að vera mögulegt, en ég held, að þá mættu þeir, sem það verk ættu að vinna, ekki gefa sig mikið að öðru, ef þeir ættu á svo stuttum tíma að ganga í gegnum allt, sem þar til heyrir, þar sem ekkert er við að styðjast. Það kann ég ekki við hjá þeim hv. þm., sem tala um, að við eigum að virða að vettugi, þó að við höfum gert það, lagaákvæði, sem okkur ber að fara eftir í okkar starfi, að við eigum að halda áfram með það. Það er fráleitt, að hin umboðslega endurskoðun geti á örstuttum tíma farið yfir reikninga allra stofnana, eftir að reikningum er lokað. Bæði nú og áður höfum við byrjað endurskoðun áður en reikningarnir hafa legið prentaðir fyrir. Hitt er ekki hægt, að skila reikningnum, fyrr en hann liggur prentaður fyrir og hægt er að bera hann saman við fylgigögn og niðurstöðutölur. Það er sá prentaði reikningur, sem yfirskoðunarmennirnir verða að svara til, hvernig ástatt er um. Og hvað áhrærir ríkisreikninginn 1947, þá er ekki enn búið að prenta hann. Það er ekki okkar mál, en ég segi hér frá staðreynd. Fyrir 1948 er hægt að athuga ýmis frumgögn og bera saman ýmislegt, en það er ekki hægt að yfirgefa þetta verk, fyrr en maður hefur aðstöðu til að bera saman niðurstöðutölur við ríkisreikninginn, eins og hann er prentaður. En það

er hægt að flýta fyrir sínu verki, og það höfum við gert, eftir því sem við höfum frekast aðstöðu til.

Ég ætla svo, að ég þurfi ekki frekar að fjölyrða um þetta. Ég tek undir þær óskir, sem fram hafa komið, að ríkisreikningurinn verði framvegis snemmbúnari en nú er, því að það er það eina rétta. Það er það, sem þarf að vera, **að reikningurinn komi sem allra fyrst fyrir þingið, upp á alla hluti**, sérstaklega ef þingið vill láta eitthvað til sín taka þær greiðslur, sem fram hafa farið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. hefur nægar afsakanir á reiðum höndum og telur fjarstæðu að láta sér detta í hug, að ríkisreikningur, sem lokað væri í október, gæti nú legið fyrir þinginu til samþykktar í apríl. Ég bið hv. þm. að virða mér til vorkunnar. Ég er ekki svo gamall og reyndur, að ég geti skilið, að ekki skuli nægja sex mánuðir til þessarar endurskoðunar. Bið ég hann að fyrirgefa mér mitt þekkingarleysi.

Ég skal svo láta útrætt um þetta. Ég heyri, að það eru nógar afsakanir fyrir þessum drætti. Það er sama og komið hefur fram á hverju einasta þingi, þegar um reikninginn hefur verið rætt, og er þá ekki um annað að ræða en sætta sig við það. Hinu vil ég mótmæla, sem fram kom hjá hv. þm. V-Húnv., að þetta hefði orðið svona, þegar Sjálfstfl. tók við fjármálastjórninni. Það er eins og fjmrh. hafi þetta á hendi, hvernig endurskoðunin gengur. Skyldu það ekki vera sömu menn, sem vinna í rn. að endurskoðuninni og bókhaldinu 1938 og síðan? Það er barnalegt að slá þessu fram. Ég held, að hv. þm. V-Húnv. láti sér ekki detta það í hug, þó að hann segi þetta. Það er í fyrsta skiptið, sem hann hefur fært fram þessa ástæðu fyrir drættinum.

Skúli Guðmundsson: Það breytir engu, þó að hv. 2. þm. Rang. mótmæli þessu. Staðreyndirnar liggja fyrir, hvað sem þessum mótmælum líður. Vitanlega eru þeir menn, sem vinna að endurskoðuninni í stjórnarráðinu, undirmenn fjmrh. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

---

25 Eignarnám lóða í Reykjavík.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík* [134. mál] (stjfrv., A. 352).

Á 61. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nokkuð langt liðið síðan menn urðu þess varir, að húsakostur Menntaskólans í Reykjavík var orðinn allt of lítill og ófullkominn á ýmsa lund. Var þá farið að athuga, hvaða ráð væru heppilegust til úrbóta. Var í því sambandi skipuð byggingarnefnd, og þessi byggingarnefnd lagði til, að byggt yrði nýtt skólahús á öðrum stað í bænum. Síðan var aflað lóðar með þetta fyrir augum, en lítlu síðar vildi bærinn fá lóðina til annarra nota, og þá þurfti í samráði við stjórn bæjarins að útvega annan stað fyrir skólann. Þegar þetta var á döfinni, kom það í ljós, að um það voru mjög skiptar skoðanir, hvort heppilegt væri að reisa nýjan skóla, og mætti það mikilli mótspyrnu, bæði hér á Alþ. og utan þess. Þáverandi menntmrh. hafði þetta mál til athugunar og síðan ég, og var niðurstaðan af þeim athugunum sú, að rn. vildi ekki leggja í það, eins og á stóð, en fjárhagur ríkisins var þá farinn að versna, að fara að láta byggja nýtt skólahús á nýjum stað í bænum. Enn fremur var vitað, að mikill ágreiningur var um þetta og mundi það verða til þess að þyngja róðurinn til þess að afla fjár til nýrrar byggingar. Þá hefur og verið athugað að fara aðra leið, sem sé þá að stefna að því að byrja að bæta við húsakost menntaskólans þar, sem hann er núna til húsa, og haga byggingum þannig, að þær gætu orðið liður í byggingum, sem hægt er að nota til frambúðar um lengri tíma, og jafnvel að aðrir skólar eða stofnanir fengju þarna líka stað, ef ekki kæmi síðar í ljós, að aðrir staðir væru heppilegri fyrir það.

En það verður að leysa þetta mál úr þeirri sjálfheldu, sem það er komið í, og gera það vel úr garði, svo að það gæti verið opið fyrir síðari tíma að ákveða, hvort á þessum stað skuli vera framtíðaraðsetur skólans eða hvort horfið skuli að öðru ráði. Við athugun á þessu, sem gerð var af fræðslumálastjóra, rektor skólans og húsameistara ríkisins, kom það í ljós, að nauðsynlegt var að færa svæðið nokkuð út, og var lagt til, að ríkið eignaðist lóðir þær og lóðahluta, sem taldar eru í frv. þessu, vegna viðbótarbygginga, sem nauðsyn ber til að reisa á næstunni vegna Menntaskólans í Reykjavík. Þetta er miðað við þær byggingar, sem nauðsyn þykir að reisa. En þessar lóðir eru Amtmannsstígur 2C, Amtmannsstígur 4A og Bókhlöðustígur 7, og auk þess neðri hluti lóðarinnar Þingholtsstræti 14. Þetta er miðað við

það, að byggingu verði þannig hagað, að gamla leikfimihúsið verði rifið, en á svipuðum stað, sem það er núna, verði byggt nýtt hús, sem verður hluti af framtíðarbyggingu skólans, og verði það þá byggt frá Bókhlöðustíg. Ef þetta verður framkvæmt, þá er skólinn vel settur með húsakost. En ég fer nú ekki út í það núna að lýsa húsakosti skólans, en eins og þm. vita, þá er skólinn allt of ófullkominn hvað húsakost snertir fyrir alla þá nemendur, sem þar eru nú. Það verður svo aftur annað mál á sínum tíma, hve þingið verður örlátt við framkvæmdir þessara nýbygginga.

Ég skal ekki segja, hvernig það er með lóðirnar. Það hafa lítið verið athugaðar kröfur eigendanna, en eins og frv. ber með sér, þá er þarna lagt til, að það verði látið fara fram eignarnám, en samningaleiðin verður að sjálfsögðu reynd.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta hér meira en orðið er, en vil láta það í ljós, að ég er reiðubúinn til þess að gefa n. kost á að athuga þessi plögg nánar. Svo legg ég að endingu til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. (*GJ:* Það á að vísa þessu til fjhn., þar sem þetta hefur fjárútlát í för með sér.) Ég vil minna hv. þdm. á, að það eru ekki öll mál, sem eiga undir fjhn., þó að í þeim séu einhver útgjöld, heldur eru það skattamál og fjáröflunarmál, sem heyra til fjhn. Öðrum málum er vísað til þeirra sérstöku nefnda, sem þau heyra helzt undir, og þess vegna er það langeðlilegast, að þessu máli verði vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 11:1 atkv.

Á 86. og 87. fundi í Ed., 22. og 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 352, n. 546, 549).

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. frsm. menntmn. er hér ekki mættur og er víst veikur, a. m. k. fór hann héðan af fundi síðast og bað um leyfi sökum veikinda. Ég er að vísu alveg óviðbúinn að hafa framsögu fyrir n., því að ég gerði ekki ráð fyrir því, en mér finnst þó ekki ástæða til að draga málið vegna veikinda frsm. og vil því sem formaður n. skýra afstöðu hennar.

Afstaða n. er í stuttu máli sú, eins og nál. á þskj. 546 ber með sér, að n. lítur svo á, að rétt sé að taka þessar lóðir, sem frv. fjallar um, eignarnámi.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur fyrirvara um frv., og veit ég ekki, í hverju hann er fólginn, en það kom fyllilega fram í n., að hinir 4 nm. voru sammála um það að vilja láta taka þessar lóðir eignarnámi. Það er álitin rík nauðsyn að eignast þessar lóðir, sem eru í næsta nágrenni menntaskólans, en þær eru, eins og frv. ber með sér, nr. 2C og 4A við Amtmannsstíg, nr. 7 við Bókhlöðustíg og neðri hluti lóðarinnar nr. 14 við Þingholtsstræti. Aftur á móti er ágreiningur um það í n., hvort binda eigi þessa heimild við Menntaskólann í Reykjavík. Hv. 8. landsk. vill ekki, að heimildin sé bundin við menntaskólann, og hefur hann flutt brtt. á þskj. 549 um að fella þau orð niður, sem bindi heimildina við menntaskólann. Ég skal ekki segja, hvort hinir 3 nm. séu með því að láta byggja nýjan menntaskóla þar, sem skólinn er nú. Þó hefur það komið fram, að hv. frsm. n. áleit, að svo ætti að vera, en ég segi fyrir mig, að ég játa það fúslega, að ég tel mig ekki þess umkominn að segja um það, hvort svo skuli vera í framtíðinni eða ekki, en hvað sem því líður, þá er nú menntaskólinn þarna og verður mörg ár enn, og eftir fjárhagsástæðum okkar nú er það sýnt, að ekki verður byggður stór menntaskóli annars staðar fyrst um sinn. Það getur því vel verið, að skólanum sé nauðsyn á meira landrými, þó að ekki sé um verulegar byggingar að ræða. Og þar sem ég lít svo á aðstæður, tel ég sjálfsagt, að ríkið eignist þessar lóðir, sem allar eru við hjarta bæjarins, og er ég því meðmæltur, að þær verði keyptar eða teknar eignarnámi, og sé ekki ástæðu til þess að fella úr fyrirsögn frv. orðin „fyrir Menntaskólann í Reykjavík“ né heldur úr 1. gr. frv. sams konar orð. Mér finnst, að það geti ekki skaðað, þó að þau orð standi, því þó að menntaskólanum sé gefið undir fótinn, þá er það þó ekki algerlega ákveðið með því, hvar menntaskólinn skuli vera í framtíðinni, því að það er Alþingi það, sem veitir fé til byggingarinnar, sem hefur það í hendi sinni að ákveða, hvar menntaskólinn skuli vera.

Ég vil geta þess, að n. hefur leitað umsagnar og álits skipulagsstjóra ríkisins og Reykjavíkurbæjar, og eftir þeirra áliti er ekki talið heppilegt, að á þessum lóðum verði byggðar viðbótabyggingar við menntaskólann.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. N. leggur öll til, að frv. verði samþ., en þó hefur hv. 1. þm. Reykv. gert fyrirvara og hv. 8. landsk. gert brtt. við málið.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og þegar er komið fram, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara og flyt brtt. á þskj. 549, og er sú brtt. byggð á þeirri skoðun, að ekki sé rétt að ætla Menntaskólanum í Reykjavík stað í framtíðinni þar, sem hann stendur nú. Það hefur réttilega verið tekið fram af formanni n., að mál þetta hafi verið sent skipulagsstjóra ríkisins og skipulagsstjóra Reykjavíkur til umsagnar, en því miður hef ég ekki bréf þeirra við höndina, því að þau eru í fórum hv. 2. þm. Árn., en það hefði verið fróðlegt að hafa þau við höndina til þess að vitna í þau. En ég get hins vegar fullyrt, að í umsögnum beggja þessara manna lýstu þeir sig andvíga viðbótarbyggingum við menntaskólann á þeim lóðum, sem hér er um að ræða, sem vegna legu sinnar er ekki heppilegur staður í framtíðinni fyrir menntaskólann. Hins vegar er ég ekkert á móti

því, að ríkið keypti þessa lóð fyrir þolanlegt verð eða tæki hana eignarnámi, því að það er gott að hafa hana, þegar ríkið þarf á þessu að halda. Þess vegna mun ég greiða atkv. með frv., ef samþykkt verður brtt. mín, en ég er andvígur þeirri skoðun, sem fram kom hjá form. n., að með þessu væri ekki verið að binda bygginguna, því að ég tel fyrirsögn frv. og 1. gr., þar sem sagt er „fyrir Menntaskólann í Reykjavík", ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að með því sé ákveðið að láta byggja fyrirhugaðar byggingar skólans þarna, og tel ég því þessi orð form. n. ekki hafa við rök að styðjast.

Ég ætla svo ekki að fara að orðlengja þetta frekar, en það hefur verið rætt mikið um það undanfarið í sambandi við annað mál, hvort rétt sé að ætla menntaskólanum stað í framtíðinni þar, sem hann nú er, en ég tek það aðeins fram, að ég mun fylgja frv., ef brtt. mín verður samþykkt, en annars ekki sjá mér fært að fylgja því.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Út af orðum hv. 8. landsk. vil ég segja nokkur orð.

Það hefur lengi legið fyrir áætlun um að byggja nýtt hús fyrir Menntaskólann í Reykjavík, og man ég ekki, hvað áætlað var, að sú stofnun mundi kosta, en hér var um allstóra stofnun að ræða. En áætlað var, að hún mundi kosta svo mikið fé, að ljóst var, að ekki mundi vera hægt að svo stöddu að leggja í slíkar byggingar, heldur þyrfti til þess langan tíma, eins og í pottinn er búið. Þá hefur það og komið til mála að flytja hann brott af þeim stað, sem hann er nú, og í því sambandi hafa komið till. um að hafa tvo menntaskóla í stað þessa. Þessar uppástungur hafa verið teknar til athugunar í rn., og hefur niðurstaðan orðið sú, að rn. hefur ekki séð sér fært að láta byrja byggingu á svo stórum skóla. Hins vegar sér rn. sér heldur ekki fært að standa aðgerðalaust og vill því reyna að fara þá leið, að byrjað verði að byggja á þessum lóðum viðbótarbyggingu fyrir menntaskólann og nýtt íþróttahús í stað þess gamla. Hugmyndin er sú að koma þessum húsum þannig fyrir, að þau gætu orðið hluti af heilsteyptri byggingu menntaskólans, sem þarna risi í náinni framtíð, ef horfið yrði að því ráði að hafa skólann þar, sem hann nú er, eða þá hluti af annarri opinberri byggingu, ef skólinn yrði fluttur. Þetta er hugmyndin, og þær till., sem hér eru til umr., eru miðaðar við þetta, og ég er sannfærður um það, að ef þetta verður samþykkt, þá er hér um að ræða eina leið til þess að leysa skólann úr þeirri sjálfheldu, sem hann hefur verið í, og þetta er leið, sem engan veginn lokar þeirri leið að færa skólann síðar, ef það þykir heppilegra, og enn fremur að hafa tvo skóla, ef það þykir hyggilegt, en það er engan veginn hægt að láta málið standa í þeirri sjálfheldu, sem það er í. Vil ég því mælast til þess, að hv. þdm. geti fallizt á að fylgja frv., eins og meiri hl. n. leggur til.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú staðfest það, sem ég fullyrti áðan, að með þessu frv. sé verið að stofna til bygginga fyrir menntaskólann á þessum umræddu lóðum, og er ég út af fyrir sig þakklátur fyrir það. Hitt vil ég leyfa mér að benda á, þar sem hæstv. ráðh. segir, að þessi till. hafi verið ákveðin af rn., að ef það væru hér til staðar bréf sérfræðinganna til n., þá væri hægt að sanna það, að þessar ákvarðanir rn. hafa verið gerðar án þess, að þeir hafi talið það heppilegt. Þessi hugmynd, að byggja þarna bráðabirgðabyggingar, sem síðar gætu orðið liður í væntanlegri byggingu menntaskólans, eða liður í annarri opinberri byggingu, ef ákveðið væri að flytja skólann, vil ég leyfa mér að segja, að sé í lausu lofti og vafasamt, hvort stefnt er að því, sem heppilegast er í framtíðinni í þessu máli. Það má vera, að nokkuð sé í því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér sé um tilraun að ræða og að það loki engu með því að fara þessa leið, en ég vil undirstrika það, að ég tel það mjög vafasamt, að fjármagni því, sem verður varið til slíkra bráðabirgðabygginga, sé varið á heppilegan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 549,1 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BrB, GJ.

nei: ÞÞ, BK, GÍG, LJóh, PZ, SÁÓ, BSt.

6 þm. (BBen, BÓ, EE, HV, HermJ, JJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég sé með eignarnáminu, hvort heldur sem það er fyrir Menntaskólann í Reykjavík eða ekki, þá er ég líka með því, að menntaskólinn eigi í framtíðinni að vera þar, sem hann er, og tel ég meiri tryggingu fyrir því, að svo verði, ef eignarnámið verður samþ. Þess vegna er ég á móti brtt. og segi nei.

1. gr. samþ. með 7:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GÍG, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt.

BrB, GJ, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBen, BÓ, EE, HV, HermJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 549,2 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég fleytti nú eins og flísasteinn kerlingar á þessu máli, því að ég var veikur bæði við 1. og 2. umr. þess hér í deildinni, en ég sé, að einhver muni hafa hlaupið undir bagga í minn

stað. Ætla ég ekki að fara að eyða orðum að því frekar, því að ég sé, að hv. deild hefur unnað málinu fram að ganga, og vænti ég þess að hún geri það áfram og málinu verði hleypt út úr deildinni. Ég býst við því, að hæstv. forseti hafi lýst áliti mínu á málinu þegar við 2. umr., og vænti þess, að þessi afsökun mín nægi til þess að koma málinu úr deildinni.

Forseti (BSt): Ég vil aðeins taka það fram, að ég lýsti því á síðasta fundi, að hv. frsm. n. væri veikur, og talaði fyrir frv. í hans stað.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 93. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. og fjallar um að fá eignarnámsheimild á lóðum vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík. Þessar lóðir eru ætlaðar til þess að reisa á viðbótarbyggingu við menntaskólann, sem gæti í framtíðinni orðið þáttur í skólabyggingu á þessum stað, ef ákveðið yrði að láta skólann standa áfram þar, sem hann nú er. Hins vegar er líka gert ráð fyrir, að þetta geti orðið hluti af öðrum byggingum, ef skólinn yrði færður af þessum stað. Þetta er gert að mjög athuguðu máli og farið fram á þessa heimild til að leysa málið úr þeirri sjálfheldu, sem það hefur verið í, án þess að tekin sé ákvörðun um það viðkvæma deilumál, hvar skólinn verði látinn standa í framtíðinni. Að sjálfsögðu er hægt að gefa hv. nefnd nánari upplýsingar, ef þess verður óskað.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð um þetta mál, áður en það fer í nefnd. Það eru tvenns konar rök fyrir því, að þetta mál á að ganga svo skjótt gegnum þingið. Annars vegar er tryggð lóð fyrir skólann, en hins vegar er skorið úr viðkvæmu deilumáli, sem staðið hefur vegna staðsetningar skólans í framtíðinni. Um fyrra atriðið ræði ég ekki sérstaklega, þar sem ég er algerlega samþykkur, að ríkið eignist þær lóðir, sem hér um ræðir. Hitt atriðið vil ég ræða nokkuð og þá einkum með tilliti til Alþingis. Það hafa verið færð fram þau rök fyrir því, að menntaskólinn megi ekki hverfa af þeirri lóð, sem hann er nú, vegna þess að hann hefur staðið þarna meira en 100 ár. Einkum var lögð áherzla á þetta í sambandi við 100 ára afmæli skólans fyrir stuttu. Nú þykist ég hafa eins hlýjar tilfinningar til skólans eins og hver annar stúdent, sem þaðan hefur útskrifazt, en þó tel ég, að ein stofnun eigi meiri rétt til þessa húss en allir þeir nemendur, sem þaðan hafa útskrifazt, og þessi stofnun er einmitt Alþingi. Áður en nokkur piltur hóf nám sitt í þessu húsi, var háð þar þing, og allt stjórnmálatímabil Jóns Sigurðssonar, glæsilegasta tímabilið í íslenzkri stjórnmálasögu, er tengt við þetta hús sterkum böndum. Ég álít því, að Alþingi eigi meiri kröfu til þessa húss en við, sem þaðan erum útskrifaðir, og þess vegna tel ég, að húsið og minningarnar, sem það geymir, eigi að tengjast við Alþingi, þegar húsið hæfir ekki lengur sem menntaskóli. Ég vil því biðja hv. n. að athuga alvarlega þessa hlið málsins og þá sérstaklega með hliðsjón af húsnæðisvandræðunum hér á Alþingi. Ég álít, að mikið mætti bæta úr starfsskilyrðunum á Alþingi, ef það fengi þetta hús til afnota. Þar gæti forseti lýðveldisins fengið húsnæði til umráða, og mætti þá flytja forsetaskrifstofurnar úr alþingishúsinu, en við það mundi rýmkast um Alþingi. Gamli hátíðarsalurinn í menntaskólanum gæti þá verið viðhafnarsalur fyrir forsetann, og teldi ég það vel ráðið, því að varla er hægt að gera annan sal hátíðlegri, þegar sá er vel skreyttur. Sömuleiðis getur gangstígurinn upp að húsinu verið mjög glæsilegur og hátíðlegur, ef vel er til skrauts vandað. Þessu tel ég að beri að stuðla að, og mega þá allir vel við una, ef við gamla skólahúsið verða í framtíðinni tengdar glæstustu minningar úr sögu þjóðarinnar og hátíðarsalurinn notaður sem viðhafnarsalur íslenzka lýðveldisins.

Hitt tel ég ekki heppilegt, að þarna verði reistur skóli, því að bæði er landrými of lítið og auk þess óheppilegt að hafa hann í miðbænum. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga gaumgæfilega, en flaustra þessu máli ekki af. Hinu er ég alveg sammála, að ríkið taki eignarnámi umræddar lóðir, því að vafalaust verður þörf á þeim fyrir opinberar byggingar í náinni framtíð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 735, 736).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 736. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram vegna þess og byggt á því, að byggja þurfi viðbótarbyggingu við Menntaskólann í Reykjavík, en til þess að svo megi verða, þurfi ríkið að eignast lóðir og lóðarhluta, sem greint er í 1. gr. frv.

Ég skal ekki rekja sögu þessa máls eða rökin fyrir því, en aðeins geta þess, að menntmn. er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. Einn nm. gerir þó fyrirvara og flytur brtt. á þskj. 736.

Að sjálfsögðu telur n. sjálfsagt, að áður en til eignarnáms kemur, verði samningar reyndir til ýtrasta og að þeim, sem af þessum ástæðum missa íbúðir, verði veitt nauðsynleg fyrirgreiðsla til að eignast íbúðir, fjárfestingarleyfi og annað slíkt.

Ég þarf ekki að hafa um þetta mál fleiri orð, en legg til, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég er vissulega ekkert á móti því, að ríkið eignist þær lóðir, sem lagt er til í þessu frv. En ég tel alveg misráðið, ef á að fara að endurbyggja menntaskólann á þeim stað, sem hann er nú. Ég er sannfærður um, að þetta er ekki heppilegur framtíðarstaður fyrir aðalmenntaskóla landsins, Menntaskólann í Reykjavík, og ég er ákaflega hræddur um, að ef horfið yrði að því ráði að gera þær framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. hefur ráðgert í sambandi við þetta frv., þá yrði þar í senn að ræða um kák eitt og mjög fjárfrekar framkvæmdir. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, hvernig þessar lóðir liggja, sem ætlazt er til, að séu teknar eignarnámi og notaðar til þess að bæta húsakost menntaskólans. Það er lóð nr. 7 við Bókhlöðustíg og lóð nr. 2 C við Amtmannsstíg, sem er áföst við lóð nr. 7 við Bókhlöðustíg, og 4 A við Amtmannsstíg. Samkvæmt þessu verða þær lóðir, sem menntaskólinn þannig eignast, þannig settar, að þær liggja sumpart við Bókhlöðustíg og sumpart við Amtmannsstíg. En svo kemur inn í þessar lóðir ríkisins eins og eyja lóð við K. F. U. M. og enn fremur lóðin nr. 2 við Amtmannsstíg.

Mér skilst, að meiningin með þessu öllu sé að reisa leikfimihús fyrir menntaskólann, væntanlega á lóðinni nr. 4 við Amtmannsstíg. Nú er þess að geta, að alveg nýlega hefur verið varið stórfé til að endurbæta og jafnvel endurbyggja hið gamla leikfimihús skólans. Nú er ráðgert, að þetta hús skuli hverfa, en þar og á lóðinni nr. 7 við Bókhlöðustíg á að rísa upp ný bygging, sem mér skilst, að sé hugsuð sem liður í framtíðarbyggingu fyrir menntaskólann. Ég er sannfærður um, að þetta verður klastur eitt. Það verður ákaflega óeðlileg skipun, a. m. k. á menntaskóla, þegar búið er að láta hann mynda hálfhring utan um húseign og lóð K. F. U. M. og húseignina og lóðina á Amtmannsstíg 2. Sannleikurinn er sá, að ef á að hafa menntaskólann áfram þar, sem hann er, þá nægir ekki að taka þessar lóðir, sem hér um ræðir, honum til handa, það verður einnig að taka lóð K. F. U. M. og Amtmannsstíg 2 og loks 3—4 lóðir upp við Þingholtsstræti. Sem sé, eigi menntaskólinn að vera áfram á sama stað, þarf hann að fá allan reitinn milli Bókhlöðustígs, Þingholtsstrætis, Amtmannsstígs og Lækjargötu. Hér er sem sé verið að stíga hálft spor, kákspor, sem áreiðanlega verður mjög dýrt.

Ég held, að hyggilegast væri að hverfa nú þegar að því að byggja menntaskólasetur á öðrum stað. Mætti nota þetta gamla hús á meðan, og þegar því væri lokið, gæti ef til vill verið þörf fyrir það enn um sinn. En það segi ég og bið hv. þm. að athuga vel, að það er ekki framtíðarlausn í okkar menntaskólamálum að byggja aðalmenntaskóla landsins hús inni í miðbænum, inni í væntanlegu verzlunarhverfi á lóð, þar sem gert er ráð fyrir 6—10 hæða byggingum, þar sem álitið er, að skólar eigi ekki að vera hærri en tvær hæðir eða í mesta lagi þrjár. Þessi staður er á gatnamótum, þar sem verður mjög mikil umferð.

Ég verð að biðja hv. þm. að hafa í hyggju, að það er ákveðið að breikka Lækjargötu mjög mikið, svo að hún verði ein af breiðustu götum bæjarins eða sú breiðasta, sem nú er hugsað um, og er sennilegt, að horfið verði að þeirri framkvæmd þegar á þessu ári. Þetta þýðir það, að mjög veruleg sneið verður tekin af reitnum framan við menntaskólann. Lækjargata á að tvöfaldast að breidd eða meir, líklega um það bil þrefaldast. Þetta þýðir það, að um það bil tvöföld breidd Lækjargötunnar verður tekin neðan af menntaskólatúninu. Þá er einnig ráð fyrir því gert, að Amtmannsstígur verði tengdur Kirkjustræti og Túngötu og framlengdur við Skólavörðustíg og áfram inn á Grettisgötu. M. ö. o., eftir því sem ráð er fyrir gert í bæjarskipulaginu, munu Amtmannsstígur og Lækjargata verða meðal hinna umferðarmestu gatna í bænum. Og það ættu allir menn að sjá, sem eitthvað hugsa um skipulag bæjarins, að á slíkum stað á ekki að byggja menntaskólahús. Á slíkum stað á að byggja stórhýsi, sem til alls annars eru betur fallin en fyrir skóla.

Ég vil ekki eyða tíma d. til að fara inn á fleiri rök. Ég get sem sé vel fallizt á, að ríkisstj. fái heimild til þess að kaupa lóðir á þessum stað, en ekki endilega í því augnamiði að reisa þar menntaskóla. Ég tel tvímælalaust, að þar eigi að rísa upp byggingar, og fer mjög vel á því, að það séu opinberar byggingar ríkisins. En hverjar sem þær verða, þá þarf að bæta við þær lóðir, sem ríkið á þar nú, og miklu meiru en því, sem hér á að gefa heimild til að kaupa. Ég tel, að ríkið ætti að eiga lóðirnar allt upp að Þingholtsstræti, en ekki fyrir skólahús, heldur fyrir aðrar opinberar byggingar, sem eftir eðli sínu eiga að vera í miðbænum við aðalumferðargötu og eiga að vera háreistar byggingar.

Umr. frestað.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst afgreiðsla þessa máls hjá menntmn. mjög leiðinleg og fyrirhyggjulaus og hefði satt að segja átt von á, að mál sem þetta yrði tekið til nánari athugunar hjá hv. nefnd.

Við 1. umr. þessa máls minntist ég nokkrum orðum á, að það væri ástæða til þess, að Alþingi tæki ákvörðun um, hvað gera ætti við gamla menntaskólahúsið. Það er vitað mál, að frá skólans sjónarmiði er ekkert sem ýtir undir það að hafa hann áfram hér niðri í miðbænum. Þetta er tilfinningamál gamalla stúdenta og kom sérstaklega skýrt fram í sambandi við 100 ára afmæli skólans, og þessari stefnu, að hafa húsið áfram sem skólahús eða

sem klúbbhús stúdenta eða því um líkt hefur skapazt mikið fylgi. Úr því að þarna er ekki um skólasjónarmið að ræða, þá er önnur stofnun, sem á meiri rétt á þessu húsi, og það er Alþingi. Þarna kom Alþingi saman fyrir 104 árum og áður en húsið var tekið í notkun sem skólahús. Við menntaskólahúsið eru tengdar margar endurminningar úr frelsisbaráttu þjóðarinnar. Þar fór þjóðfundurinn fram, og þar starfaði Jón Sigurðsson. Ég álít því, að Alþingi eigi að taka þetta hús til sinna nota, þegar það verður ekki notað lengur sem menntaskóli. Nú væri ekkert í veginum með þetta, ef ekki væri búið að taka þá ákvörðun að byggja þarna menntaskóla. Þess vegna er það, að ákvæðið í 1. gr. frv.: „vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík", hefur enga þýðingu nema þá, að það kemur í veg fyrir, að Alþingi fái húsið. Ef þetta væri fellt niður, stæði opin leið hvort heldur til þess að hafa þarna menntaskóla, ef það yrði talið heppilegt, eða til þess að Alþingi fái húsið. Það nær því engri átt að hafa þessi ákvæði þarna, enda hafa engin rök verið færð fyrir því að hafa þau, heldur hefur málið verið sótt af hinu mesta offorsi og skammsýni. Ég tel því, að Alþingi ætti að samþykkja brtt. hv. 6. þm. Reykv. um að fella þessi orð: „vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík", burt úr 1. gr. frv. Þá eru báðir möguleikarnir opnir til ráðstöfunar síðar í ró og næði.

ATKVGR.
Brtt. 736,1—2 felldar með 15:6 atkv.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 794).

---

26. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [184. mál] (stjfrv., A. 527).

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur orðið síðbúnara en skyldi, og kemur í ljós í athugasemdum, hvað valdið hefur. Eins og kunnugt er, lögðu útgerðarmenn áherzlu á, að stofnaður yrði aflatryggingasjóður, þegar verið var að ráða fram úr erfiðleikum sjávarútvegsins í vetur. Markmiðið með þessari sjóðsstofnun var að forða útveginum frá að þurfa að leita á náðir ríkisvaldsins, þegar illa gengi. En eins og kunnugt er, hefur það verið þrautalendingin, og þó að ég telji, að um of mikið fljótræði hafi verið að ræða, þegar gripið var til þess fyrst, eða á árinu 1945, þá hefur það verið óhjákvæmilegt síðar. Upphafsmaður að þessum ráðstöfunum mun hafa verið þáverandi atvmrh., og vil ég segja, að hann hafi farið nokkuð geyst á stað, en ræði það ekki frekar hér. Kostnaður hefur mikið vaxið undanfarið við útgerðina og einkum þó við hina stærri báta. Þetta hefur valdið því, að áhættan í útgerðinni er meiri en hún hefur áður verið og þó einkum hjá eigendum stærri bátanna. Það má að vísu segja um þessa stærri báta, sem flestir eru Sviþjóðarbátar, að þeir séu góð skip, en einkum á það þó við, ef um verulega síldveiði er að ræða, því að á þorskveiðum afla þeir litlu betur en smærri bátar og skila þar af leiðandi miklu lakari afkomu, vegna þess að þeir eru dýrari í rekstri. Þegar síldveiðin nú hefur brugðizt í nokkur ár og hins vegar dýrtíðin eykst, þá horfir ekki vænlega fyrir þessum bátaútveg, og er fyrirsjáanlegt kreppuástand, ef ekki rætist úr. Í þessum erfiðleikum hefur verið stungið upp á því að stofna þann hlutatryggingasjóð, sem hér liggur fyrir frv. um. Hugmyndina munu Bolvíkingar eiga, en eins og kunnugt er eru þeir mjög framarlega í flokki hvað við kemur hagsýni og myndarbrag í bátaútgerð. Hins vegar er vitað, að 5. þm. Reykv. (SK) flutti frv. um aflatryggingasjóð á 3 þingum, en það frv. fékk ekki afgreiðslu. Aftur á móti var veitt heimild til stofnunar hlutatryggingasjóða 1943, en sú heimild mun ekki hafa verið notuð nema í Bolungavík. Þótti því sýnt eftir reynslunni frá 1943, að ekkert yrði úr slíkum tryggingum, nema sett yrðu lög um málið og aðilar skyldaðir til að taka þátt í slíkum tryggingasjóði. Þetta atriði var til umræðu, þegar vandamál útvegsins voru rædd í vetur, og lofaði ríkisstj. þá að hrinda málinu í framkvæmd, en hins vegar var ekki rætt um einstök atriði, nema helmingur af eignaraukaskattinum skyldi í þennan sjóð renna og var það skv. l. 128 1947. Samkvæmt þessu fól því sjútvmrn. Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna að semja frv. til laga um sjóðinn, en það frv. mætti mikilli andstöðu og þótti byggt upp sem hér væri um styrktarsjóð að ræða, en ekki tryggingasjóð eins og hugmyndin hafði verið. Þegar sýnt var, hverjar undirtektir frv. þetta fékk, fól rn. alþingismönnunum Birni Kristjánssyni, Hannibal Valdimarssyni og Sigurði Kristjánssyni, ásamt þeim Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Þorvarði K. Þorsteinssyni stjórnarráðsfulltrúa og Óla Valdimarssyni forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, að semja nýtt frv. um sjóðinn, og hafa þeir samið frv. það, er hér liggur fyrir. Þó ber þess að

geta, að Gunnar Þorsteinsson hafði sérstöðu við afgreiðslu málsins og lagðist gegn nokkrum greinum frv. og taldi sig ekki geta samþ. það í heild.

Í frv. var gert ráð fyrir, að í sjóðinn rynni 2% af óskiptum verðmæti bátaflotans, og ákveðið, að framlag úr ríkissjóði yrði hliðstætt þar á móti. Rn. færði þennan hundraðshluta niður í 1% og hafði þá hliðsjón af því, að útvegsmönnum yfirleitt þykir nú alveg nóg á sig sett af gjöldum í margs konar prósentum og útflutningsgjöldum, t. d. af sjávarafurðum, og þeir stynja undir tryggingunum, sem þeir verða að greiða vegna hásetanna. Þeir eru yfir höfuð í vanskilum með tryggingarnar af skipunum sjálfum. Og með tilliti til þess fannst mér varla gerlegt að leggja til í fyrstu meðferð, að þessi hundraðshluti væri hærri en eins og rn. hefur sett hann í frv. Og var þessu þess vegna breytt af rn. frá því, sem hv. n. hafði lagt til. Um þetta má náttúrlega deila. Og það er vitaskuld á valdi hins háa Alþ. að gera breyt. á þessu eins og öðru við meðferð málsins. Og svo er framlag ríkissjóðs. Það munar ríkissjóðinn strax mikið, hvort hann þarf að leggja tvær millj. eða fjórar millj. kr. árlega fram í þessu skyni.

Önnur breyt. var á þessu gerð fyrir mitt tilstilli, að leggja til, að dálitill tími gæfist til þess að safna í tryggingasjóðinn, áður en lögin kæmu til framkvæmda sem venjuleg tryggingalög. Og þetta var eiginlega afleiðing af því fyrra, sem ég nefndi, að ég hefði lagt til að breyta, því að þegar maður leggur til, að farið sé hægar í fjárútlátum til þess að koma þessum sjóði á fót, þá er nokkuð rökrétt að leggja til að láta og líða einhvern lítinn tíma, þangað til tryggingin tæki til starfa. Ég held þess vegna, að það sé hér eðlilegt, að ráð sé fyrir því gert, að sem tryggingabótastofnun taki þessi sjóður ekki til starfa þegar í stað, heldur safnist í sjóð þessarar stofnunar eitt ár fyrst.

Yfir höfuð er það sjálfsagt þarft og gott að stofna tryggingasjóð slíkan sem þennan. En ég vil samt sem áður við þetta tækifæri benda á það, að afkoma sjávarútvegsins verður aldrei tryggð, hvorki með þessum sjóði né með neinum öðrum sjóðum, heldur aðeins með því, að staðið sé að útgerðinni bæði með dugnaði og hagsýni og með því að bæði ríkisvaldið og einstakir útgerðarmenn og sjómenn komi sér saman um vinnubrögð og starfsaðferðir í þessum hlutum, sem skapa skilyrði til þess, að slíkur atvinnurekstur geti borið sig. Sá háttur hefur komizt á hér á undanförnum árum, að útgerðarmenn, sem ráða menn á skip, þurfa að tryggja þeim visst kaup, hvernig sem aflast, svokallaða hlutartryggingu eða kauptryggingu. Það má náttúrlega ákaflega margt gott segja um ráðstöfun eins og þessa, meðan henni er haldið innan skynsamlegra takmarka. En þegar út í það er komið, að sjómenn ráði sig á skipin eiginlega aðallega með aflatryggingu fyrir augum, þá er verkunin af þessari ráðstöfun farin að vinna á móti heilbrigðri afkomu skipanna. Það hefur hér frá fornu fari verið þannig, að sjómenn og útvegsmenn hafa orðið að treysta mest á sitt eigið framlag til þess að afla lífsins gæða á þann hátt. Og við það hefur þessi þjóð lifað í mörg hundruð ár. Og þó að segja megi, — og það er ekki efi á því, — að það sé til mikilla bóta, að nokkur trygging sé fyrir því, að þeir, sem ráða sig á skipin, gangi ekki alveg slyppir frá, hvernig sem fer, þá er áreiðanlegt, að tryggingafyrirkomulag í þessum efnum verður að vera innan vissra takmarka, ef atvinnutækin, bátarnir og þeir, sem að þeim standa, eiga að hafa þá tiltrú hjá lánsstofnunum, sem lána til útvegsins, að þeir komist af stað með sín atvinnufyrirtæki. Mér hefur virzt í seinni tíð bóla nokkuð mikið á því, að menn eiginlega einblíni á kauptryggingar, en gefi hinu minni gaum, hvað gera þurfi til þess að gera afkomu bátanna hagstæða bæði fyrir sjómenn og útgerðarmenn.

Ég tel þá, að ég þurfi ekki án sérstaks tilefnis að hafa um þetta lengra mál. Þetta frv. er sett fram sem grundvöllur undir því að innleiða eða lögfesta almennar hlutatryggingar fyrir bátaútveginn. Og eins og n., sem vann að því, hefur skilað því af hendi, þá var það miklu nær því að verðskulda það nafn að heita tryggingafrv. heldur en eins og því var skilað frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands. Varðandi breyt. á þessu frv. er ég vitanlega til viðræðu, og mundi í mörgum tilfellum hafa tilhneigingu til þess að styðjast við álit þeirra manna, sem starfað hafa að undirbúningi málsins fyrir rn. Og að öðru leyti vona ég, að meðferð þess hér í þessari hv. d. geti orðið þannig, að málið fái góðar undirtektir. Ég mælist til þess, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 92., 93. og 95. fundi í Ed., 2. og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Ed., 4. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 527, n. 604, 614 og 619).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki taka 3. málið á dagskránni fyrst fyrir. Þannig er mál með vexti, að í samráði við ríkisstj. varð samkomulag um að hafa þann hátt á, ef deildin samþ., að hver frsm. gerði grein fyrir sínu áliti, en þá yrði umr. frestað og haldinn sameiginlegur fundur sjútvn. beggja deildanna til þess að reyna að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin. Fyrir hönd þessara aðila leyfi ég mér að óska eftir, að þessi háttur verði á hafður til að flýta fyrir afgreiðslu málsins.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. að óþörfu. Eins og þm. er kunnugt hefur sjútvn.

haft þetta mál til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess, heldur þriklofnað um málið. Við, sem skrifum undir nál. meiri hl., getum fallizt á, að frv. verði samþ. lítið eða ekkert breytt, þó að við teljum okkur hafa frjálsar hendur í sambandi við brtt., sem fram kunna að koma. Hins vegar var vonlaust verk að bræða saman þau þrjú sjónarmið, sem fram komu við meðferð málsins í n., vegna þess, hvað skoðanir manna voru ólíkar. Það atvikaðist þannig, að ég var með í að semja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Hins vegar hafði áður verið samið frv. um þetta efni, en það mætti mikilli andstöðu, og var þá horfið að því að semja nýtt. Þeir, sem að þessu frv. unnu, hafa orðið sammála um þessa niðurstöðu, nema fulltrúi L. Í. Ú., sem hafði sérstöðu við afgreiðslu málsins og lagðist gegn nokkrum gr. frv. og taldi sig ekki geta samþ. það í heild. Af því að ég var við að semja frv., mun ég ekki leggja fram neinar brtt., en gæti hins vegar fallizt á smávægilegar breytingar til samkomulags. Hins vegar munu hinir meðnm. mínir, sem skrifa undir nál. meiri hl., ef til vill flytja einhverjar brtt., sem þeir þá gera grein fyrir. Form. n. hefur nokkuð aðrar skoðanir á þessu máli, og koma skoðanir hans fram í nál., sem hann gefur út, og mun ég ekki ræða það frekar á þessu stigi málsins. Sömuleiðis gefur hv. 6. landsk. líka út sérstakt nál., og á hann þar í sumum atriðum samleið með form. n., en þó er þar nokkur ágreiningur, sem olli því, að þeir gátu ekki átt samleið.

Það virðist svo, að útgerðarmenn hafi haft allmikinn áhuga á að koma upp aflatryggingasjóði, og hefur komið fram frv. á Alþ. um það efni, þó að ekki næði það lögfestingu. Þegar l. um dýrtíðarráðstafanir voru sett 1947, kom nokkur skriður á þetta mál, því að í 2. gr. l. var svo fyrir mælt, að hálfur eignaraukaskattur samkvæmt II. kafla þeirra laga skyldi renna í afla- og hlutatryggingasjóð fyrir bátaútveginn. Í sambandi við dýrtíðarráðstafanirnar í vetur komu fram eindregnar óskir um, að sjóðurinn yrði stofnaður sem fyrst, og varð að samkomulagi, að það skyldi gert þegar á þessu þingi. Samkv. því fól svo sjútvmrh. Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna að semja frv. til l. um sjóðinn, en það frv. mætti mikilli andstöðu, eins og ég hef áður tekið fram. Þá var okkur, sem að þessu frv. höfum unnið, falið að semja frv., sem líklegt væri, að samkomulag gæti orðið um, og niðurstaða okkar varð svo frv. það, er hér liggur fyrir. Ég mun svo ekki segja fleira um málið á þessu stigi, því að væntanlega gefst tækifæri til frekari umræðna síðar.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka forseta fyrir að hafa sýnt velvilja í sambandi við þetta mál. — Ég er ekki sammála meðnm. mínum í þessu máli, eins og tekið hefur verið fram, og get ég látið nægja að vitna til nál. míns á þskj. 614. Þau rök, sem þar koma fram, ættu að nægja til að skýra mína afstöðu og þar af leiðandi ekki ástæða til að fara út í hvert atriði sérstaklega á þessu stigi málsins, þar sem ég hef lagt til, að umr. efnislega um málið verði frestað og tími gefinn til að ræða það með sjútvn. Nd. Það hefur þótt rétt að hafa þennan hátt á til þess að reyna að ná samkomulagi um málið. Hins vegar taldi ég rétt, að gefin yrðu út nál., svo að þm. gætu kynnt sér þau sjónarmið, sem fram hafa komið. Sannleikurinn er sá, að n. hefur fimmklofnað í málinu. Frsm. meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem hann hefur unnið að samningu frv. Hins vegar hafa tveir nm. skrifað undir nál. meiri hl., þó að þeir geti ekki fallizt á öll sjónarmið frsm., og er ef til vill ekki víst, hvorum ber meira milli, þessum mönnum eða hinum, sem gefa út sérstakt nál. Vegna þessarar afstöðu til málsins vil ég leyfa mér að óska, að málið verði ekki tafið með miklum umr. á þessu stigi. Ég hygg, að allir séu á einu máli um það, að þessi sjóður verði stofnaður, enda er loforð ríkisstj., að svo verði. Hitt er þá líka ef til vill að deila um keisarans skegg, hvort frv. er samþ. óbreytt eða gerðar á því breytingar, því að lífið hlýtur að kenna mönnum, hvernig heppilegast er að haga þessu máli, og sennilega er ekki unnt að vanda svo til þessara laga, að ekki þurfi að endurskoða þau og bæta þegar á fyrsta starfsári sjóðsins. Ég mun láta þetta nægja og ekki taka til máls aftur á þessu stigi, nema sérstakt tilefni gefist.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég get orðið við þeim tilmælum form. sjútvn. að lengja ekki verulega þessar umr. og það því frekar, þar sem hann í sinni ræðu hefur ekki farið efnislega í sínar brtt., en vísað aðeins í nál. sitt. Hins vegar veit ég ekki, hvort heppilegt er að sneiða hjá efnislegum umr., ef þm. virðist það skipta máli, hver hin efnislegu ágreiningsatriði eru, sem n. klofnaði um. En þar sem hv. form. hefur latt til þess, þá mun ég stilla máli mínu í hóf, en vil þó drepa á mínar till. og ástæðurnar fyrir því, að ég hef ekki getað átt samleið með öðrum nm. um afgreiðslu málsins. En eins og komið er fram í nál. og drepið hefur verið á í þeim umr., sem orðnar eru, þá er ég að ýmsu leyti sammála form. n. og mun greiða atkv. með mörgum af hans brtt. á þskj. 614. Ég er alveg sammála form. um það veigamikla atriði, að sá háttur verði á hafður við uppbyggingu frv., að sérstakri n. verði falið að ákveða bótatímabil, skiptingu veiðisvæða og flokkun skipa. Það eru varla möguleikar á að vinna það starf á þeim tíma, sem hér er til stefnu, og óheppilegt, að handahófsregla gildi við slík störf. Hins vegar er ég algerlega ósammála form. n. um önnur veigamikil atriði, einkum varðandi leiðir til tekjuöflunar fyrir sjóðinn og ákvæði um úthlutun bóta.

Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að tekna verði aflað með því að taka ákveðna prósentu af brúttóafla skipanna og síðan leggi ríkissjóður jafnháa upphæð á móti.

Ég viðurkenni, að rétt sé að leggja gjöld á útgerðina til sjóðsins, en hins vegar tel ég, að ekki sé rétt að taka það gjald af sjómönnunum, þar sem þeir fá ekki aukna tryggingu með frv. Ég tel réttmæta till. form. um það, að bátaútvegurinn sé látinn greiða nokkurt iðgjald til sjóðsins. Hins vegar vil ég ekki hafa það nema ¼% af útfluttum sjávarafurðum í stað ½% hjá form. n. Ég get ekki verið sammála form. n. um gjald af innfluttri vöru, þar sem ég hef ekki tryggingu fyrir, að það verði ekki lagt á vöruna, en færi svo, að það yrði gert, mundi slíkt hafa í för með sér aukna dýrtíð. Hins vegar hef ég lagt til, sem ekki fékk undirtektir í n., að verulegur hluti af tekjuöflun sjóðsins verði með þeim hætti að láta lánsstofnanir, sem skipta við sjávarútveginn og hafa haft af því gróða á undanförnum árum, þ. e. a. s. Landsbankann og Útvegsbanka Íslands, leggja tíunda hluta af nettóviðskiptahagnaði sínum í sjóðinn, og þá verður þessi hagnaður þannig, að fé sjóðsins verður ávaxtað til helminga hjá þessum lánsstofnunum, þannig að þær halda þessu fé sem sínu rekstrarfé, meðan það safnast í sjóðinn, þangað til til sjóðsins kasta þyrfti að koma með bætur, þá tapast þetta fé einnig úr rekstri bankanna. Eins og ég sagði, fékk þetta ekki miklar undirtektir í n. Að vísu vildu menn ekki neita réttmæti þess, að þessar stofnanir tækju einhvern þátt í því að tryggja áframhaldandi starfsemi útgerðarinnar, því að það er ekki hægt að neita því, að bankarnir hafa þarna mikilla hagsmuna að gæta. En það, sem einkum var fært fram gegn þessu, var það, að þetta bryti í bága við það skattfrelsi, sem þessar lánsstofnanir hafa í l., og það verð ég að vísu að viðurkenna, að er rétt, en hins vegar, ef meiri hl. Alþ. hefur vilja til þess að afla sjóðnum fjár á þennan hátt, þá hefur það, eins og þm. vita, vald til að samþ. einnig að breyta ákvæðum um skattfrelsi bankanna á þann hátt, að þetta yrði samrýmanlegt. Þess vegna er ekki hægt að segja, að þingið geti ekki haft þetta mál á valdi sínu, ef það vildi aðhyllast þessa leið. Í þriðja lagi legg ég til, að ef tekjur sjóðsins samkvæmt 1. og 2. tölul. nema minna en 4 millj. kr., þá skuli ríkissjóður leggja til það, sem á vantar. Þetta eru þær höfuðtill., sem ég hef fram að leggja um tekjuöflun.

Hins vegar er líka verulegur ágreiningur um aðferðir við að bæta úr sjóðnum. Í frv. er settur upp bótastigi, eins og hv. þm. hafa kynnt sér. Í till. 1. minni hl., form. n., er hins vegar farin önnur leið í þessum efnum, sem mér finnst að sumu leyti nokkuð óljós. En að því leyti sem ég skil hana, þá finnst mér, að grundvallarhugsunin fyrir henni sé ekki réttlát. Mér skilst, að samkvæmt þeirri till. eigi að bæta skipum í viðkomandi flokki jafnt án tillits til aflamagns, að vissu hámarki. Ég get ekki fallizt á þessa grundvallarhugsun, heldur hef ég haldið mig við þá grundvallarhugsun, sem felst í frv., en tel hins vegar, að þær bætur, sem greiddar yrðu samkvæmt þeim stiga, séu of lágar. Það er að vísu hægt að deila mjög um það, meðan ekki hefur verið slegið neinu föstu um það, hvað telja skuli meðalaflamagn skips í hverjum flokki. En samkvæmt þeim athugunum, sem ég hef reynt að gera á þessu, virðist mér, að þær bætur, sem mundu verða greiddar eftir þessum bótastiga, mundu verða ófullnægjandi til þess að tryggja það á aflaleysisárum, að útgerðin gæti haldið áfram störfum, en það hlýtur að vera sá megintilgangur, sem frv. á að fela í sér. Að vísu er í frv., eins og það liggur fyrir, gert ráð fyrir því, að reiknað verði út meðalaflamagn skipa á tilteknu árabili undanfarið og bæturnar síðan miðaðar við það. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að komast að niðurstöðu um það, hvert meðalaflamagn mundi verða samkvæmt þeim útreikningi, en hvað síldveiðarnar snertir geri ég ráð fyrir, að vegna þeirra mörgu aflaleysisára, sem nú hafa verið í röð, mundi sá útreikningur gefa fremur lágt meðalaflamagn, og ég er hræddur um, að það mundi verða það lágt, að með því meðalaflamagni og síðan þeim bótastiga, sem hér er ákveðinn í frv., mundu bætur til skipa á aflaleysisárum verða ófullnægjandi. En samkvæmt þeirri aðferð, sem form. n. og einnig ég viljum við hafa, er þetta þannig, að það verður ekki bundið skilyrðislaust við þessa útreikninga, heldur verða þeir hafðir til hliðsjónar. Nú má gera ráð fyrir því, ef samþ. verður till. form. um þessa nefndarskipun og ef sú n. verður skipuð á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, að a. m. k. sumir af nm. mundu hafa tilhneigingu til þess að setja aflamagnið sæmilega hátt, t. d. fulltrúar útgerðarmanna, því að það væri hagur útgerðarinnar að hafa það hátt. En hins vegar er það, að ef ágreiningur verður um þetta í n., þá er það ráðh., sem sker úr. Þó að n. út af fyrir sig sé sammála um eitthvert aflamagn, sem ráðh. þætti of hátt, þá er það á valdi hans að staðfesta ekki reglugerðina nema með því aflamagni, sem hann telur, að vera ætti. Hjá ráðh. hlýtur því að verða tilhneiging til þess að setja þetta aflamagn frekar lægra en hærra, til þess að koma í veg fyrir það, að sjóðurinn yrði strax þrotinn að fé fyrir bætur á árum, sem þó væri kannske ekki hægt að telja sérstök aflaleysisár. Þess vegna geri ég ráð fyrir því, að niðurstaðan verði sú, ef þessi aðferð verður viðhöfð, að meðalaflamagnið verði ákveðið frekar lágt, og með tilliti til þess er það, að ég komst að þeirri niðurstöðu, að þessi bótastigi hér í frv. muni vera of lágur. Ég hef því lagt til, að hann yrði hækkaður nokkuð, eins og felst hér í 3. brtt. á þskj. 619. Þar er stiganum breytt þannig, að í staðinn fyrir að í frv. er gert ráð fyrir, að hæstu bætur verði 40%, þá hef ég minn bótastiga með 50%, og í staðinn fyrir að í frv. nær bótastiginn ekki hærra en til skipa, sem veitt hafa 74.5% af meðalaflamagni, þá held ég mínum bótastiga áfram um skip, sem veitt hafa 85% af meðalaflamagni síns flokks. Þetta þýðir það, að t. d. skip, sem hefur veitt 45% af meðalaflamagni, fær samkvæmt frv. 40% bætur af því, sem á vantar meðaltal, og það mundi þá fá 67% af meðalafla, en samkvæmt mínum

till. mundi þetta sama skip fá greitt 72½% af meðalafla, samanlagt eigin afla og bætur. Nú er, eins og ég hef áður sagt, ekki vitað, ef þessi aðferð yrði viðhöfð, sem ég aðhyllist, hvert yrði ákveðið meðalaflamagn, svo að ekki er hægt að segja, hver fjárhagsafkoma þess skips yrði á viðkomandi vertíð. En ef gengið er út frá því, t. d. við síldveiðarnar fyrir Norðurlandi, að meðalaflamagn skipa í ákveðnum flokki væri 6000 mál yfir vertíðina, þá þýðir það það, að skip, sem aflaði 45% af meðalafla, hefði í eigin afla 2700 mál og vantaði þess vegna 3300 mál á meðalafla og fengi því samkvæmt þeim till., sem nú felast í frv., 40%, þ. e. a. s. 1320 mál, og hefði þá samanlagt í eigin afla og bætur úr sjóðnum 4020 mála afla. Samkvæmt þeirri reynslu, sem fengizt hefur undanfarin ár, mundi þetta skip, eftir að hafa fengið þessar bætur, vera með aðeins rúmlega ⅝ af meðalafla í viðkomandi flokki. Þessi afli, rúmlega 4000 mál, mundi eftir þeirri reynslu sem ég hef sjálfur af tveim síðustu síldarvertíðum, ekki vera næg trygging til þess að standa undir lágmarkstryggingu til skipverja, en það held ég, að sé lágmark, sem reikna verður með, að eigin afli skips og bætur úr sjóðnum verði að geta staðið undir. Ef farið væri eftir þeim till., sem ég geri hér, þá mundi þetta reikningsdæmi líta þannig út, að eigin afli skips væri sá sami, 2700 mál, og mismunur 3300 mál, en í staðinn fyrir 1320 mál í bætur kæmu 1650 mál. Þessi munur er að vísu ekki mjög mikill, en ég held, að það mundi samt ríða baggamuninn um það, að skipið gæti staðið undir lágmarkstryggingu skipverja samkvæmt samningum stéttarfélaga við útgerðarfélögin, en það er það lágmark, sem ég álít, að eigi að liggja til grundvallar fyrir bótum úr sjóðnum. Um þetta mál skal ég svo ekki deila frekar á þessu stigi, vegna þess að þetta er það óákveðið mál enn þá, hvernig þetta meðalaflamagn er metið. En mín skoðun er sú, að meðalaflamagn sé ekki langt frá þeirri tölu, sem ég hef verið að nefna, og þó að meðalaflamagnið breytist eitthvað, þá verða hlutföllin þau sömu hvað meðalafla viðvíkur.

Þriðja brtt., sem ég flyt, að vísu nr. 1 í röðinni, er varðandi stjórn sjóðsins, endurskoðun og þess háttar. Ég vil leggja á það mikla áherzlu, að ekki verði hlaðið upp utan um þennan sjóð kostnaðarmiklu skrifstofukerfi, því að ég álít það fé, sem til hans er aflað, betur komið sem hærri bætur til útgerðarinnar heldur en það fari kannske talsverður hluti af því í slíkan stjórnarkostnað. Ég hef þess vegna lagt til, að stjórn sjóðsins verði ólaunuð. Í till. minni felst, að hún sé skipuð þrem mönnum, einn sé skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu L. Í. Ú. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands. Ég held, að það megi ganga út frá því sem gefnu, að allir þessir aðilar hafi mjög góð tök á því að skipa þessa stjórn mönnum, sem hvort sem er eru á föstum launum hjá þessum stofnunum og geta þess vegna unnið þetta starf, sem ekki yrði verulega mikið nema á þeim árum, þegar kæmi til bóta úr sjóðnum, án annarra launa en þeirra, sem þeir þegar hafa hjá viðkomandi stofnun. Ég held hins vegar, að þessar stofnanir hafi það mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við starfsemi þessa sjóðs, að þær mundu telja það vel til vinnandi að eiga þess kost að mega tilnefna menn í stjórn, þó að þeir væru ekki launaðir, heldur greiddu stofnanirnar þeim þau laun, sem þeir þyrftu að hafa við önnur störf. Ef það færi svo, að einhver þessara stofnana teldi, að ekki svaraði kostnaði fyrir sig að setja mann í stjórnina, án þess að hann fengi laun, þá set ég það ákvæði, að ráðh. skipi annan mann í staðinn, en ég held, að til þess muni ekki koma. Ég legg einnig til, að endurskoðendur ríkisins, sem eru fastlaunaðir menn, endurskoði reikninga þessa sjóðs án aukaþóknunar. Í þriðja lagi legg ég til, að Fiskifélag Íslands, sem fær allt sitt starfsfé frá ríkissjóði, skuli annast alla afgreiðslu fyrir sjóðinn án þess að taka fyrir það sérstök laun. Ætti þá ekki að þurfa að eyða neinu af því dýrmæta fé, sem aflað er til sjóðsins, í stjórnar- eða skrifstofukostnað, heldur væri hægt að nota það allt til þess, sem hlýtur að vera tilgangur sjóðsins, að bæta útgerðina, þegar mikinn aflabrest ber að höndum.

Ég skal svo ekki eyða lengri tíma í umr. um þetta mál að sinni. Ég geri ráð fyrir því, að þegar þetta mál kemur aftur á dagskrá eftir þær umr., sem nú er gert ráð fyrir, að fari fram milli sjútvn. beggja d., þá muni verða frekari umr. um það og einstök atriði, sem ágreiningur er um, og enn fremur þegar aðrir nm. hafa gert grein fyrir þeim till., sem þeir hafa að flytja um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að gera aths. við það, sem fram kom í ræðum tveggja síðustu ræðumanna. Ég ætla aðeins að segja það fyrir hönd okkar nm., sem undirskrifum nál., að við föllumst á það, að málið sé tekið fyrir á sameiginlegum fundi beggja n. þingsins í sjávarútvegsmálum, en hv. form. stakk upphaflega upp á þessum umr. Mér er ljóst, að þetta mál, um að tryggja aflahluta, er ákaflega vandasamt, og við höfum eiginlega ekkert fordæmi fyrir því, af því að engin reynsla er fengin um það. Að vísu voru gefin út heimildarl. fyrir nokkrum árum, sem aðeins voru notuð á einum stað, en sú reynsla er svo lítil, að ekki er mikið hægt á henni að byggja. Ég held, að það geti þess vegna orðið til að flýta fyrir afgreiðslu málsins, að það verði tekið fyrir á sameiginlegum fundi sjútvn. beggja deilda.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umr., og tilefni þess er það, að ég hafði skrifað undir nál. meiri hl., en þó með fyrirvara, þar sem

ég ásamt fleirum áskil mér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. Ég hreyfði því innan n., að ég mundi flytja brtt. Sú brtt. er nú komin í prentun, en ég mun leggja hana fram hér skriflega. En úr því að ég stóð á fætur, get ég ekki stillt mig um að ræða anda og stefnu frv. og viðhorf mitt til þessarar lagasetningar. Ég hygg, að innan sjútvn. sé a. m. k. sú skoðun ríkjandi, að frv., sem stefnir í þessa átt, eigi fullan rétt á sér. Ég hreyfði því fyrir 3—4 árum í fjölmennum hópi, þ. e. í stéttarfélagi, að eina leiðin fyrir útgerðina til að tryggja sig fyrir áföllum væri sú að mynda tryggingasjóð eða tryggja sig hjá einhverju tryggingafélagi, sem tæki þá upp slíkar tryggingar. Það hefur sýnt sig á undanförnum aflabrestsárum, að útgerðarmenn hafa átt fullt í fangi með að standa við skuldbindingar sínar, svo sem að greiða aflatryggingu, sem er nú yfirleitt í gildi í samningum, því að útgerðarmaður hefur ekki vald til að taka af þeim afla, sem á að ganga í hlut til einstaklinga. En nái hlutur ekki því marki, sem hlutatryggingalögin segja, þá verður útgerðarmaður að greiða það, sem á vantar, og það er af þessum ástæðum, sem menn hafa komizt á þá skoðun, að útgerðin þurfi að mynda sjóð til að tryggja sig. Hugmyndin fyrir frv. er sú, að útgerðarmaður tryggi það með opinberum stuðningi, að hann fái bætt úr tryggingasjóði það, sem aflahlutur dregur ekki til að greiða hlutatryggingu, enda ber nafn frv. með sér tilgang hans, þar sem það nefnist hlutatryggingasjóður, en ekki útgerðartryggingasjóður. Úr þessum sjóði fæst því fé, sem ekki væri hægt að afla annars til að uppfylla þessar kvaðir, og af þeim ástæðum einum er þetta formað, en ekki vegna þess, sem útgerðarmaður hefur kostað til skips síns eða vegna tjóns á veiðarfærum eða til að greiða opinber gjöld. Meginmarkmið sjóðsins er því að tryggja það, að launþegar fái það, sem þeim ber, og út frá þessu lít ég — og að minni hyggju aðrir, sem bera hag launþega fyrir brjósti, á málið. En að vísu getur maður reiknað með því eins og frv. nú er, að frv. tryggi útgerðarmenn fyrir fleiru, og eins og ég hef áður sagt, þá er ég í prinsipinu með hugmynd og stefnu frv. Menn deila um það, hvernig svona frv. eigi að vera sniðið, og lái ég þm. það ekki, þó að þeir séu ekki fullráðnir í því, hvernig fyrirkomulagið skuli vera. Málið er afar vandasamt, þar sem við höfum enga reynslu og verðum að þreifa okkur áfram og greinir á um leiðir, sem sést bezt á því, að tveir hv. þm., hv. form. n. og hv. 6. landsk., hafa lagt fram brtt., sem ganga að ýmsu leyti í allt aðra átt en frv., og sannar þetta vel, hve þm. eru óráðnir í, hvaða leið skuli fara. Vitanlegt er, að gerð hafa verið drög að frv. um hlutatryggingasjóð, að ég hygg af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna í sameiningu við Fiskifélagið, og mun fleira en eitt uppkast hafa verið gert, en eftir því, sem mér hefur skilizt, hefur hæstv. ríkisstj. ekki getað fallizt á þessar tillögur og skipaði því 3 manna n. hér á þingi til að vinna úr þessum tillögum og liggur það frv. hér fyrir. En regindjúp er á milli skoðana L. Í. Ú. og Fiskifélagsins annars vegar og nefndarmanna hins vegar, hvernig beri að gera tryggingarnar úr garði. Að vísu hefur till. þriggja manna nefndarinnar verið breytt af ríkisstj., t. d. um framlag rríkisins til sjóðsins. Nú skilst mér, að till. hv. þm. Barð. séu að meginhugsun samdar eftir till. L. Í. Ú., og það gefur ekki góða raun, þegar vitað er, að ríkisstj. gat ekki fellt sig við þær og heldur ekki tveir nm., sem sitja hér í deildinni. Nú er talað um, að hæstv. ríkisstj. leggi á það mikla áherzlu, að frv. verði hespað í gegn á þessum fáu dögum, sem þing á eftir að sitja, og er mér sagt, að það byggist á því, að lofað hafi verið í sambandi við dýrtíðarlögin í fyrra, að frv. fari í gegn á þessu þingi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki nógu gagnger undirbúningur á frv., sem á að vinna í anda allra þeirra, sem eiga að njóta þessara laga. Ég hefði því talið viturlegra að fresta málinu, svo að tími gæfist til að undirbúa málið betur og athuga ýmis atriði, sem máli skipta, fyrir næsta þing. Nefndin gat ekki aflað sér hagfræðilegra talna, sem nauðsynlegar voru við samningu frv. Hins vegar er ekki ógerningur að leita þeirra í skýrslum, og ég hygg, að Fiskifélagið hafi skýrslur, sem hægt sé að byggja á slíkar hagfræðilegar tölur, bæði hvað snertir aflamagn og hvernig það skiptist niður á ýmsa flokka skipa. Mér er það ljóst, að til þess að útbúa frv. vantar hagfræðilegan grundvöll, og ég hefði talið viturlegra, ef ríkisstj. hefði séð sér fært, að láta málið bíða til næsta þings og athuga það og undirbúa rækilega í millitíðinni. Nefndin gat jafnvel ekki fengið upplýsingar um, hve há upphæð þessi hálfi eignaraukaskattur væri, sem á að renna til stofnunar sjóðsins. Ef Alþ. vill samþykkja, að ríkissjóður leggi fram ákveðna upphæð til sjóðsins, þá á sú upphæð að koma inn á fjárl. Við lauslega athugun, sem sjútvn. gerði, lítur svo út sem þetta 1% af afla muni nema um 1½ millj. kr., og á þá ríkissjóður að leggja fram jafnt á móti, og þá er fengin sú trygging, sem sjóðurinn á að byrja með. Nú er gert ráð fyrir, að sjóðurinn taki ekki til starfa fyrr en eftir eitt ár. Það er sýnilegt, að á því ári gerist ekkert sérstakt fyrir sjóðinn, og það verður fyrst við síldveiðarnar 1950, ef þá verður aflabrestur, sem sjóðurinn á að koma að notum, og þá á fyrst að greiða úr honum. Þessar vangaveltur mínar byggjast á því, að ég tel heppilegra að fresta stofnun sjóðsins nú, en ætla honum eignaraukaskattinn og það fé, sem ríkissjóður ætlar að leggja fram. Þetta vil ég láta koma fram, þótt þetta sé kannske hjáróma rödd. Við sátum klukkustundar fund ásamt sjútvn. Nd., og ég gat ekki betur heyrt en að þeir væru mjög óráðnir í, hvernig þessu yrði bezt fyrir komið, og þótt við komumst að niðurstöðu hér í Ed., tel ég miklar líkur til, að frv. taki miklum breytingum í Nd.

Ég skal svo ekki ræða brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., því að það tæki mjög langan tíma, ef ræða ætti hverja einstaka brtt.

Ég skal þó játa, að ég gæti fallizt á einstakar till. á þskj. 614, en þær yrðu svo bezt felldar inn í frv., að nefndin tæki þær og felldi þær sjálf inn í frv. Ég lýsti því yfir í n., að ég gæti fallizt á 2. og 3. undirlið í brtt., við 4. gr., en þeir passa ekki vel inn í, og þarf því að laga það til fyrir atkvgr.

Ég kem þá að þeirri brtt., sem ég mun leggja skriflega fyrir hæstv. forseta. Ég hef gert brtt. við sjálft frv., 8. gr., 1. tölul., en þar er gert ráð fyrir 1% af óskiptum afla. Þetta þýðir það, að tekið er 1% af aflanum, áður en hlutaskipti fara fram, og að mennirnir, sem ráðnir eru upp á prósentur, eiga að taka þessar byrðar á sínar herðar. Á það get ég ekki fallizt. Ég tel ekki rétt að láta þessa launþega greiða þetta iðgjald, til þess að þeir fái greitt kaup sitt. Frv. er til þess flutt að tryggja útvegsmönnum, að þeir geti greitt kaup, og þeim er því aðeins heimilt að leita í þennan sjóð, að þeir geti það ekki. Á síðari tímum, eða síðan 1936, hefur sú stefna verið tekin upp, og þá fyrst í sambandi við síldveiðarnar, að hverjum manni er tryggt ákveðið kaup, þannig að menn komi ekki heim til sín algerlega með tvær hendur tómar eftir vertíðina. Kauptryggingin er miðuð við það, að menn geti séð fyrir heimili sínu, meðan þeir eru fjarverandi, jafnvel þótt ekkert veiðist. Á þessu byggist kauptryggingin, og við erum svo sem ekki eina þjóðin, sem hefur tekið þetta upp. Ég hafði hugmyndina fyrir þessu frá Noregi, Hollandi og Belgíu, og reynslan hefur sýnt það í þessum löndum, að kauptryggingin hefur alltaf farið hækkandi, hvað svo sem aflabrögðum hefur liðið. Ég tel viturlegra, að launþegar á skipum séu að mestu leyti ráðnir upp á hlut, því að þá hafa allir áhuga fyrir því, að sem mest veiðist. Reynið að ráða menn á skip upp á fast kaup og frítt fæði, og þá mun sjást, hvernig fer. Ég man það, að í tíð þilskipanna var ráðið upp á fast kaup, en einnig upp á prósentur, annaðhvort af hverju skippundi, sem veiddist, eða af hverjum fiski, sem maðurinn dró. Þegar árabátarnir lögðust niður og menn fóru að vera fjarverandi frá heimilum sínum meiri hluta ársins, sáu flestir, að eitthvað varð að gera, til þess að þessir menn gætu að minnsta kosti brauðfætt konur sínar og börn, meðan þeir voru í burtu. Ég skal gangast við því hér að vera faðir þessara kauptrygginga, þótt sumir álíti þær hið mesta átumein í þjóðfélaginu. Reynslan hefur sýnt það nú hin síðari ár, að með vaxandi dýrtíð og aflabresti ár eftir ár, — því að nú er það aflabrestur, sem fyrir 15 árum hefði talizt ágætur afli, — þá hefur útkoma sjómanna verið fyrir neðan hið almenna verkamannakaup. Útgerðin hefur tapað milljónum króna undanfarin ár, og þessu frv. er ætlað að fylla upp í þær eyður. Um leið og þessi sjóður hjálpar útvegsmönnum, hjálpar hann einnig ríkissjóði, sem á s. l. 5 árum hefur lagt fram stórfé til aðstoðar við þá. Það fé átti að vísu að vera lán, en verður aldrei greitt, nema lítið eitt sem var greitt fyrsta árið. Það er því nauðsynlegt, að þessi sjóður verði til, og ég get vel fellt mig við, að ríkissjóður leggi fram fé í hann, til þess um leið að firra sig sjálfan vandræðum. En ég vil taka það fram, að ég get ekki fellt mig við, að launþegarnir séu látnir greiða þessi útgjöld. Það mætti á sama hátt taka af launþegunum fé til þess að tryggja bátana og þ. u. l., nefnilega ef það væri tekið af óskiptum afla. Þetta er nákvæmlega það sama. Það er rétt að geta þess, að hlutaskiptin eru ákveðin með samningum og slík kvöð sem þessi yrði því lögþvinguð kvöð, til þess að lækka aflahlut viðkomandi manna. Þegar tekið er af óskiptum afla, er það samkomulag milli þeirra aðila, en Alþ. er komið inn á allt aðra braut, ef það ætlar að skylda launþega til þess að greiða þetta iðgjald, og ég get ekki sætt mig við það, að Alþ. grípi þannig inn í samkomulag milli atvinnurekenda og launþega. Þetta er líka gagnstætt öllum tryggingareglum, t. d. er það húseigandinn, sem borgar tryggingagjöld af húsinu, en ekki leigjandinn, og þannig er það alltaf, að sá, sem er að vernda sig fyrir skakkaföllum, verður að borga fyrir þá vernd, en ekki einhverjir aðrir.

Það liggur auðvitað í augum uppi, að ef um almennan aflabrest verður að ræða, þá verður þessi sjóður ekki fær um að greiða öllum kauptryggingu til fulls. Ég er hins vegar ekki grunlaus um, að sumir líti þannig á málið, að sá hluti kauptryggingarinnar, sem aflatryggingasjóður er ekki fær um að greiða, sé með öllu tapaður. Þetta er auðvitað mesti misskilningur, því að sjómenn eiga sjóveð í skipum jafnt fyrir þetta, og ef útgerðarmaður fær t. d. aðeins helming kauptryggingarinnar greiddan úr aflatryggingasjóði, þá á launþegi jafnt fyrir því heimtingu á fullri kauptryggingu. Hef ég því orðað viðbótartill. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hrekkur ekki úthlutað fé til greiðslu á hlut eða hundraðshluta af afla eða kauptryggingu, og útgerðarmann brestur getu til að greiða fiskimönnum að fullu hlut þeirra eða kaup, og eiga þeir þá sjóveðsrétt samkv. ákvæðum siglingal. fyrir þeim fjárhæðum, sem ógreiddar eru.“ Tel ég þetta öruggara, svo að það verði ekki neinum vafa bundið, að fiskimenn eiga sjóveðsrétt fyrir því, sem útgerðarmaðurinn getur ekki greitt.

Ég hef nú lýst brtt. minni, sem ég mun afhenda hæstv. forseta, þegar er ég hef lokið máli mínu. En ég hef einnig hnotið um önnur minni háttar atriði, sem ég hef ekki enn gert brtt. við, en mun e. t. v. gera það síðar, ef ég álít þess þörf. T. d. skal ég minnast ögn á ákvæði 11. gr. frv. Þetta hefur verið borið undir lögfræðinga, og þeir hafa athugað þetta. Að mínu áliti er þessi stefna n. alveg rétt, að fyrst eigi að greiða kaup og fæði skipverja, síðan vátryggingargjöld og annað, en ég er bara ekki viss um, hvort þetta fær að standa, ef það færi í dóm, því eftir ákvæðum sjólaganna er það nú svo, að opinber gjöld eða lögveðskröfur hafa forgangsrétt á undan öðrum kröfum. Það getur hafa safnazt saman mikill fjöldi lögveðsskulda, segjum t. d. 10 þús kr.,

vegna ógreiddra skatta og vátryggingargjalda, því að það er lögveð á þeim, eftir að Samábyrgðin komst undir ríkið. Mér er kunnugt um, að þannig hafi dregizt saman verulegar upphæðir á þennan hátt, sem hafa forgangsrétt fyrir öðrum kröfum, og ég man ekki betur en að útsvörin hafi einnig forgangsrétt, svo að það er ekki nein smávegis upphæð, sem þannig getur safnazt fyrir og ætti að hafa forgangsrétt, þegar gengið er að. Ég álít samt stefnu n. rétta, að setja kaup skipverja á undan og hafa á því sjóveð, en ég veit ekki, hvort það muni halda, því að ég hef ekki leitað álits lögfræðinga um það, en ég skal leita upplýsinga um þetta fyrir 3. umr. málsins, því að ef svo væri, að ákvæði siglingalaganna ættu að vikja fyrir þessu, þá er óþarfi að breyta þessu.

Þið haldið kannske, að þetta, sem ég hef sagt, sé alveg út í loftið. En það var skip, sem síðast í vetur var krafizt af sjóveðs, og það fór „undir hamarinn", þ. e. a. s. það var gert upp. En hvað kemur þá í ljós? Það kemur í ljós, að það hvíldu svo mikil lögveð á skipinu, að sjóveð falla. Þetta er aðeins einn dómur. Og þessi dómur er aðeins eitt dæmið, en þau eru fleiri en eitt og fleiri en tvö. En þetta verður að fyrirbyggja, að kaup manna sé sett aftur fyrir kröfur þær, sem hafa forgangsrétt samkvæmt gildandi l. Ég hef ekki enn þá gert brtt. við þetta ákvæði og mun ekki gera það fyrr en ég hef fengið betri upplýsingar um það, en mun þá gera það við 3. umr., ef nauðsyn ber til þess.

Um önnur ákvæði frv. er það að segja, að það eru til þar ákvæði, sem ég tel, að mætti lagfæra, svo sem sumt af því, sem kemur fram í till. hv. þm. Barð., t. d. um svæðaskiptinguna. Ég er ekki vel ánægður með hana, annars býst ég við því, að það verði matsatriði, hvernig það verður hagkvæmast. En um það hafa komið fram brtt., sem ég get fallizt á. Hins vegar hefur verið deilt um það, hvernig eigi að greiða út úr sjóðnum, og ég játa það, að ég er ekki búinn að gera mér það vel ljóst, hvort betra er að breyta þeirri reglu og hafa 3 manna stjórn í stað 5 manna. Hitt er ljóst, að reynslan sker úr því, hvað svo sem ég eða einhver annar hv. þm. gerir, þá sker reynslan úr því, hvernig bezt sé að breyta. En það er ómögulegt að segja: Þetta eina er rétt, allt annað er rangt. Til þess að geta sagt þetta vantar nógu glöggan undirbúning, eins og ég sagði í upphafi.

Ég býst nú við, að mitt mál sé orðið nógu langt, enda get ég tekið til máls síðar, ef tilefni gefst til.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við 8. gr. frv. frá hv. 1. landsk. þm. Er hún í tveimur liðum, og er á þessa leið: [Sjá þskj. 636.] Þar sem þessi brtt. er bæði of seint fram komin og þar að auki skrifl., þarf að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég sé, að það eru komnar fram margar brtt. í þessu máli, og kann það að vera að vonum, því að sjálfsagt er það svo, að sínum augum lítur hver á silfrið. Annars verð ég að segja það, að það hefur verið reynt að vanda undirbúninginn eins og hægt var, og fór til þess mikill tími og vinna. Þar sem ég er nú bundinn við störf utan deildarinnar, skal ég nú ekki að þessu sinni fara út í brtt. þær, sem fyrir liggja, né heldur út í það að ræða við hv. 1. landsk. þm., en vildi samt út af því, sem fram hefur komið varðandi það að fresta þessu máli, þar til hægt væri að undirbúa það betur og athuga nánar, eins og mér skildist þessi hv. þm. leggja megináherzlu á, taka það fram, að ég tel afgreiðslu málsins nauðsynlega á þessu þingi. Fari svo, að ekki líki öllum alls kostar við hana, þá er auðvitað hægt að breyta löggjöfinni þegar á næsta þingi. En afgreiðslan verður að vera á þessu þingi. Þetta hefur mér aðeins þótt rétt að taka fram, vegna gefins tilefnis hv. 1. landsk.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. fjmrh. er nú vant við látinn, þá langar mig til þess að beina þegar í upphafi spurningu til hans, en ég vil taka það fram, að ég ætlast ekki til þess, að hann svari henni endilega nú strax, því að hann getur auðveldlega gert það síðar, áður en málið er afgr. héðan úr deildinni. Þessi spurning er um það, hvort fjmrh. og ríkisstj. séu reiðubúin til þess að taka á fjárl. yfirstandandi árs þær greiðslur, sem þetta hefur í för með sér fyrir ríkissjóð. Afstaða mín mótast nefnilega nokkuð af því svari, þó að ég sé annars fylgjandi frv., hvort sem það verður eða ekki. Það er gert ráð fyrir því, að stofnfé sjóðsins sé 5 millj. kr., svo að tillag ríkissjóðs gæti orðið 3—4 millj. kr., en þar við bætist árstillag sjóðsins, sem er 1,5 millj. kr., svo að útgjöldin á þessu ári gætu orðið allt að 5 millj. kr. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi svar við þessari spurningu minni, áður en afgreiðslu málsins lýkur, þó að hann svari ekki nú þegar. Þetta mál er vandasamt, og það krefst mikils starfs og erfiðis að gera það þannig úr garði, að það nái sem bezt tilgangi sínum. En ég hygg þó, að allir séu fylgjandi því, að þessi löggjöf verði sett á, því að þetta er ekki nema sjálfsagður liður í nútíma þjóðfélagi í atvinnutryggingamálum, og því ekki nema eðlilegt, að við komum upp stofnun sem þessari til öryggis atvinnuvegum okkar þegar illa árar. Á þessu er alltaf þörf og ekki sízt þegar illa árar og þjóðin stendur höllum fæti fjárhagslega. Það er því heldur engin deila um það, að þessu máli beri að koma fram, heldur stendur deilan um það, hvernig beri að grundvalla þetta, hvernig beri að byggja þetta upp, svo að það verði ekki bara dauður bókstafur.

Ég hallast að meginmáli að þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., en ég játa það, að það eru viss atriði, sem ég er í vafa um. Það er t. d. atriði eins og svæðaskiptingin, sem fram kemur í brtt. hv. þm. Barð. En af því að ég er

ekki viss um, að hans till. sé neitt betri, þá hef ég ekki getað fallizt á þær, enda þó að ég viðurkenni, að það er ýmislegt í þeim till., sem hægt væri að fallast á. Till. hv. þm. Barð. á þskj. 614 eru sumar alveg til gerbreytingar á frv., svo að ég hygg, eins og hv. 1. landsk. sagði, að það gæti verið erfitt að fella þær inn í frv., svo að deildin væri viss um, að það væri ekki allt saman bæklað eða afskræmt í meðferðinni. Þess vegna hefði það verið langæskilegast, ef hægt hefði verið að útkljá þetta deilumál í nefnd. Ég vil þó geta um eina brtt. á þessu sama þskj., 614. Það er 6. till. við 6. gr., um árlegar tekjur sjóðsins. Í 1. málsgr. þessarar brtt. er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir 1% af óskiptum afla komi ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Ég skal viðurkenna, að það kann að vera, að ekki sé mikill munur á þessu fyrir aðila, en mér er það ljóst, að á þessu er mikill munur í framkvæmdinni. Það er hinn mesti munur á að innheimta þetta á þann hátt, sem fyrir er lagt í till. á þskj. 614, eða innheimta það hjá einstökum útgerðarmönnum. Ég gæti því léð fylgi mitt slíkri breytingu sem þessari.

Þá er í 2. lið gert ráð fyrir því, að tekið verði ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem þær nefnast. Þetta mundi þýða það, að þessi skattur, sem gert er í frv. ráð fyrir, að ríkið greiði, sé greiddur af einni stétt manna, nefnilega að innflytjendur greiði þennan skatt. Þetta er ákaflega furðuleg leið að fara inn á í svona stórmáli, að ætla sér að fara að skattleggja eina stétt manna til þess að standa undir þessum l. Hv. flm. þessarar till., hv. frsm. 1. minni hl. n., heldur því sjálfsagt fram, að þessi stétt fái gjaldeyrinn til umráða frá þeim mönnum eða þeirri stétt manna, sem góðs eiga að njóta af lögunum, og því sé þetta ekki nema eðlileg leið. Að vísu er þetta ekki rétt hjá hv. flm., því að gjaldeyririnn er notaður til þess að kaupa fyrir vörur, sem allur almenningur í landinu þarf að fá fluttar inn. En hér er um alveg nýja aðferð að ræða við að skattleggja. Ríkið hefur fram að þessu haft sinn hátt á því að skattleggja menn, og satt að segja efast ég um það, að svona ákvæði fái staðizt vegna ákvæða stjórnarskrárinnar. Þetta er svo fráleit till., að mér finnst það hreint ekki koma til mála að samþykkja hana, því að með því er verið að fara inn á hættulega braut og enginn kominn til með að segja, hvar ætti að nema staðar.

Þá er 8. brtt., á þá leið, að í stofnsjóð skuli árlega leggja 5% af tekjum sjóðsins og ekki megi ganga nær sjóðnum en svo, að eftir sé stofnsjóðurinn þannig óskertur. Ég er í grundvallaratriðum samþykkur þessu, þ. e. a. s. ég mundi ekki vilja láta binda árstekjur sjóðsins við ákveðna fjárhæð og ekki skerða stofnfé hans, því að ef farið yrði inn á þá braut að skerða stofnfé hans, þá væru lítil líkindi til annars en að sjóðurinn yrði étinn upp á fáum árum og þá yrðu lítil líkindi til þess, að sjóðurinn gæti komizt upp á næstunni. Þess vegna verður að sníða stakk eftir vexti, til þess að hægt sé að mæta skakkaföllum, sem koma kunna. En af því að ég er ekki sammála og get ekki fellt mig við 8. till. á þskj. 614 að öðru leyti, þá hef ég borið fram sérstaka brtt. við þetta atriði, sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 9. gr. Síðasta málsgr. orðist svo: Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi allt stofnfé hans.“ Þá er ekki bundið við vexti eða hundraðshluta.

Varðandi till. á þskj. 619 þykir mér rétt að lýsa því yfir, að ég tel mér ekki fært að fylgja henni, eins og hún er komin fram. Hv. 1. landsk. talaði mikið um það, að hugmyndin með þessu væri eingöngu sú að tryggja launþegana og það næði því ekki nokkurri átt, að þeir færu að greiða í sjóðinn nokkurn hlut með því að láta taka af óskiptum afla. Ég hygg hins vegar, að það gæti orðið nokkur ágreiningur um það, hvort hlutverk sjóðsins sé eingöngu það að tryggja launþegana. Það hljómar að minnsta kosti hálf einkennilega, þar sem launþegarnir eru í 99 tilfellum af hundraði tryggðir með öðrum hætti. Þetta er miklu fremur gert til þess að tryggja atvinnuveg þeirra, svo að þeir geti haldið bátunum í rekstri og eigi það ekki á hættu, að atvinnuvegurinn leggist niður, af því að aflaleysisár gangi svo nærrri honum. Ég tel þetta miklu stærra atriði og það er það, sem verið er að tryggja, en það tryggir um leið launþegana, sem eru á bátunum, en kaupið er þeim tryggt, það fá þeir undir flestum kringumstæðum.

Ég hefði getað tekið undir ummæli hv. 1. landsk., að ég teldi mjög æskilegt, að frv. yrði frestað og það undirbúið betur, en eftir því sem hæstv. fjmrh. sagði hér, þá mun hæstv. stj. hafa bundið sig þannig í málið, að hún mun æskja þess mjög eindregið, að frv. nái fram að ganga, og þess vegna tel ég vonlítið að ýta fram þeirri hugmynd, að frv. sé vísað frá nú eða það fellt niður að þessu sinni, þó að ég teldi það mjög æskilegt vegna ýmissa atriða í því, sem flestir, sem um það hafa viljað fjalla, mundu hafa viljað glöggva sig betur á.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í gær, þá var ráðgert, að þetta mál yrði rætt á sameiginlegum fundi beggja sjútvn., og var það gert í morgun. Þess var ekki að vænta, að það gæti orðið mikið samkomulag á einum fundi, sem stóð aðeins klukkutíma og 10 menn mættir, og því ekki tækifæri til að setja sig vandlega inn í þetta stóra mál. Þó má ég segja, að niðurstaðan hafi orðið sú, sem vitað var áður, að nauðsynlegt er, að málið nái fram að ganga á þessu þingi og ef með þyrfti, þá yrði afl atkv. látið ráða afgreiðslu málsins í þessari d., og svo mundi því ekki verða breytt mikið í Nd., svo að það þyrfti ekki að taka mikinn tíma í þessari d., ef það kæmi hingað aftur. Ég vil því mjög mælast til þess við hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að ljúka þessari umr.

í dag, þó að það þyrfti að hafa hér fund eftir kl. 4 eða í kvöld, vegna þess hve stuttur tími er eftir til að ljúka þessu mikla máli. Gæti ég þá hugsað mér, að atkvgr. væri frestað og þeir aðilar, sem styðja hæstv. ríkisstj., fái þá tækifæri, áður en atkvgr. fer fram, til að ræða um það og taka afstöðu til þess og standa utan um þau ákvæði frv., sem meiri hl. beggja d. þykir betur, svo að það komi nokkurn veginn fram vilji meiri hl. við afgreiðslu þegar hér í þessari d. Þætti mér það ekki óeðlileg lausn, að þessi háttur yrði hafður eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh., og mér virðist, að það sé einnig tekið undir það af flestum hv. þm., að málið verði afgr. á þessu þingi

En vegna þess, að ég fór ekkert efnislega inn á frv. í gær, þá er ég að sjálfsögðu neyddur til að fara hér nokkrum orðum um frv. sjálft, áður en ég svara þeim hv. þm., sem hér hafa talað, og skal ég þó reyna að stytta mál mitt, eftir því sem mér er frekast unnt, en ég hef borið fram svo víðtækar brtt., að mér er ómögulegt annað en að mæla nokkuð fyrir þeim.

Hæstv. ráðh. minntist á það hér, að málið hefði verið mjög vel undirbúið, því að það hefði verið sett í þá n., sem getið er um í aths. við frv. Skal ég viðurkenna, að það hafi verið góðra gjalda vert að gera það út af fyrir sig. Hins vegar verð ég að segja, að mér þykir dálítið einkennilegt, að þegar sá aðili í n. gerir ágreining, sem mér þó skilst, að frv. sé sérstaklega gert fyrir, eins og hv. 1. landsk. sagði, að það væri sérstaklega gert fyrir útgerðarmenn, — þegar fulltrúi útgerðarmanna gerir ágreining, vill fara í gagnstæða átt og gerir skoðanamun um uppbyggingu frv., þá virðist mér hafa eitthvað skort á í undirbúningi þessa máls. Ég held, að það sé ekki heldur rétt, að það hafi ekki legið fyrir þau gögn, sem þurft hafi til að byggja á þessa lagasetningu. Vil ég í sambandi við það benda á, að það lágu fyrir Alþingi gögn í sambandi við verð á sjávarafurðum og uppbætur á þær úr ríkissjóði á þessu ári. Ég veit, að þau voru ákaflega víðtæk; þau gögn. Þau þóttu nægileg til að byggja á milljónaútgjöld úr ríkissjóði á þessu ári. Mér þykir því einkennilegt, ef ekki hefur verið hægt að byggja nokkuð á þeim gögnum, þegar þetta frv. var byggt upp.

Brtt. mínar eru á þskj. 614, og er fyrsta till. við 3. gr., en þar stendur nú, með leyfi hæstv. forseta:

„Réttindi í almennu fiskideildinni eiga þau skip bátaflotans, sem þorskveiðar stunda með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti."

Nú vil ég benda á, að það er megintilgangur þessa frv., að allir hlutir séu jafnt bættir upp. En ef svo er, þá er alveg rangt að hafa þessa síðustu setningu „ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti", því að þá er útilokað, að sá maður, sem kynni að vera þar upp á laun, fengi sinn hlut bættan. Ég tel þetta ákaflega mikinn galla á frv., sérstaklega ef það er vitað, að það kemur varla fyrir nokkur vertíð, að ekki sé meira og minna um það, að menn veikist og hverfi úr skiprúmi af einhverjum ástæðum og útgerðarmaður verði að taka mann upp á ákveðin laun til að bjarga vertíðinni. Ef þetta ákvæði er haft hér, þá skilst mér, að þann hlut eigi ekki að bæta, en það tel ég rangt, og ef það hefur verið hugsað af n., að það skyldi vera þannig, þá tel ég það ranglátt, en ef það er yfirsjón hjá n., þá er það rangt, og má leiðrétta það. Þess vegna ber ég fram mína brtt., að orðin „ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti" falli niður. Við skulum hugsa okkur, þó að ég geri ekki ráð fyrir, að það komi til, að öll skipshöfnin sé upp á kaup. Mér finnst sjálfsagt fyrir því, að slík skip ættu að vera skyldug til að greiða í sjóðinn og hefðu þá full réttindi, þó að enginn maður væri þar ráðinn upp á hlut, heldur væri skipt eftir sömu hlutföllum og önnur skip hefðu í sömu veiðistöð. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki til greina, því að eins og hv. 1. landsk. sagði, þá hefur það verið venja gegnum aldir og verður ekki breytt innan skamms, en þetta þarf að laga vegna þessara hluta, sem ég hef bent á, að alltaf kemur fyrir meira og minna í öllum verstöðvum.

Þetta er síðari brtt. mín við 3. gr. Fyrri brtt. er við 2. málsgr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum."

Þar legg ég til, að orðin „með herpinót eða svipuðum veiðarfærum" falli niður, vegna þess að þau útiloka, og það hygg ég, að sé ætlun n., reknet, lagnætur og annað slíkt. Nú skal ég leyfa mér að benda á, að reknetaveiðar eru kannske undirstaðan undir, að hægt sé að gera út á þorskveiðar. Fyrir það, að þessir menn við Faxaflóa í vetur höfðu ekki tryggingu fyrir að fá sanngjarnar tekjur, vildu þeir ekki gera skip sín út á reknetaveiðar, með þeim árangri, að landið varð að eyða stórkostlegu fé til að kaupa lélega beitu frá Noregi. Þessir menn voru tilbúnir að fara á veiðar í stórum stíl, ef hægt hefði verið að tryggja þeim sæmilegar tekjur. Þetta er atvinnuvegur, sem ég tel, að eigi að flokka, eins og ég geri ráð fyrir í brtt. við 4. gr., og það er engum vandkvæðum bundið að hafa þetta sérstakan flokk. Ég tel því sjálfsagt að taka þetta inn.

Í sambandi við 4. gr. hef ég gert till. um að gerbreyta þeirri gr. Það er ákaflega mikil grundvallarbreyt. Hér er ætlazt til samkvæmt frv., að reiknað sé út af Fiskifélagi Íslands, hvað sé almennur aflabrestur, og lagt til grundvallar meðalaflamagn síðustu fjögur árin á þorskveiðum. Þetta verður til þess, að á hverju ári fer út fyrsta árið af þessum fjórum og inn kemur nýtt í staðinn. Slíkt meðalveiðimagn er alltaf mismunandi. Það gæti farið þannig, ef í röð kæmu fjögur góð aflaár og síðan fjögur léleg, líkt og kýr Faraós — nema þær voru sjö, þá skapaði það engar meðaltekjur fyrir

menn, en yrði hins vegar stórkostlegt áfall fyrir sjóðinn. Þó finnst mér þetta enn meiri áhætta fyrir síldveiðarnar, því að þar á að miða við meðalaflamagn síðustu átta ára. Aflamagnið sveiflast svo stórkostlega til, að ég tel ákaflega varhugavert að setja inn í l., að slíkt hafi stórkostleg áhrif á sjóðinn sjálfan. Mín till. er því, að 4. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands og staðfest af ráðherra, skal ákveða: 1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilið, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega. 2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði. 3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl. 4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr."

Nú vil ég biðja menn að athuga, að þetta eru þeir aðilar, sem þetta mál snertir. Það eru útgerðarmenn, og það er Fiskifélagið, sem eitt allra stofnana hefur tækifæri til að afla þeirra gagna, sem þarf í sambandi við þetta, og það er Alþýðusamband Íslands, sem gætir hagsmuna sjómanna. Þetta eru þeir aðilar, sem ég vil, að komi sér saman um það, strax og l. hafa tekið gildi, hvað er á þessum tíma eðlilegt meðalaflamagn, til að hægt sé að gera út þessi skip, hvað á síld fyrir t. d. 60 eða 100 tonna bát, hvað á 20 tonna bát á þorskveiði á þessum og þessum stað o. s. frv. Ég tel þetta engum vandkvæðum bundið. Ég hef lagt til, að þessir aðilar skuli fyrst ákveða bótatímabilið og miða við vertíðaskipti í hverri veiðistöð. Þetta er það fyrsta, sem þarf að ákveða, hvort bótatímabilið skuli vera vetrarvertíð eða vetrar- og vorvertíð, eftir staðháttum í hverri veiðistöð. Þá er ákveðið, að stundi skip ekki veiðar allt bótatímabilið, skerðist réttur þess hlutfallslega.

Annað atriðið er skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort sem um er að ræða síldveiði eða þorskveiði. Þetta tel ég nauðsynlegt, að sé gert.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að þetta er raunverulega gert nú, þegar verið er að ákveða hlutaskipti. Hlutaskipti manna nú eru ákveðin eftir stærð skipa og sumpart veiðistöðvum og sumpart hvað menn veiða, og tel ég engum erfiðleikum bundið fyrir þá aðila, sem ég ætlast til, að hafi með þetta mál að gera, að ákveða þetta atriði.

Í þriðja lagi skulu þessir aðilar ákveða skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl., t. d. eftir því, hvort á skipunum eru fleiri eða færri menn. Það þarf ekki alltaf að verða lakari hlutur, þó að færri menn séu á skipi. Það er nauðsynlegt að skipta skipunum í slíka flokka, áður en kemur til bóta. Ég sé ekki, að þetta sé gert í frv., eins og það er nú. Því legg ég til, að þetta komi hér inn í 4. gr.

Þá er fjórði og síðasti liðurinn, að ákveðið sé meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Það meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

Það getur vel komið til mála, að breyttir tímar sýni, að meðalveiðimagn, sem ákveðið hefur verið í einhverjum eða öllum flokkum, sé ekki rétt, og er þá eðlilegt, að sömu aðilar komi sér saman um að breyta því. Þá virðist mér einnig eðlilegt, að sá ráðh., sem á hverjum tíma fer með sjávarútvegsmál, skeri úr ágreiningsatriðum um einstök ákvæði reglugerðarinnar.

Það kom fram hjá hv. frsm., að með þessu móti mundu útgerðarmenn og sjómenn alltaf hafa tilhneigingu til að setja meðalveiðimagnið eins hátt og mögulegt væri. Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að í fyrsta lagi þarf einhver rök að færa fram til að gera það, en Fiskifélag Íslands hlýtur að hafa sterkustu rökin um þetta mál, þ. e. a. s. skýrslur um aflamagnið, og ef þær tala gegn fullyrðingum þessara aðila, þá má vera einkennilegt, ef viðkomandi ráðh. og ríkisstj. leyfa sér að skera úr þeim mönnum í hag, sem hafa ekki rökin sín megin, ef það væri þar að auki ríkissjóði í óhag, en allt þetta yrði að ske, ef taka á gild rök hv. frsm. gegn þessari till.

Þá hef ég gert brtt. við 5. gr. Hún er nú þannig, að þar er ákveðið, að bótatímabil séu fyrir öll svæðin vetrar- og vorvertíð saman, en haustvertíð teljist sérstakt bótatímabil, en sumarsíldveiðar og vetrarsíldveiðar séu einnig aðskilin bótatímabil og bátar, sem sumarróðra stunda, séu undanþegnir árlegum gjöldum til sjóðsins vegna þeirra veiða.

Nú er þess að gæta, að vetrarvertíð og vorvertíð eru ákaflega óskyldar vertíðir, t. d. við Faxaflóa. Fjöldi skipa hættir veiðum 14. maí eða um það leyti, önnur halda áfram og stunda vor- og sumarveiðar og undir öðrum skilyrðum, og að útiloka þá frá þátttöku finnst mér ekki

rétt og ógerlegt að slengja þessu saman. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að haustvertíð sé sérstakt bótatímabil og eins sumarsíldveiðar, en vetrarsíldveiðarnar séu sérstakt tímabil. Ég vil ekki, að bátar, sem stunda sumarróðra, séu undanþegnir árlegum gjöldum og njóti ekki réttar. Mér finnst það óþolandi. Það eru menn, t. d. á Norðurlandi, sem stunda róðra á sumrin, og það eru þeirra aðaltekjur. Eins er það á Austurlandi. Mér finnst það fyrir utan alla sanngirni og sjóðurinn nái ekki tilgangi sínum, ef þeir eiga að vera útilokaðir, fá engar bætur, en beri þær byrðar, sem ríkissjóði eru lagðar á herðar. Ég tek það svo, að það sé af því, að hv. frsm. og aðrir hv. þm. hafi ekki athugað þetta, þegar frv. var samið, og er það ekki sagt þeim til ámælis. Þetta er svo flókið mál, að eðlilegt er, að ýmsu sé ábótavant við fyrstu gerð. Ég hef því lagt til, að gr. hverfi burt, enda er hún tekin upp í 4. gr. minni.

Þá legg ég til, að 5. gr. orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða."

Það er sjálfsagt að ákveða þetta atriði, enda er það gert annars staðar í frv.

Við 6. gr. hef ég gert þá breyt., að 3 menn skuli skipa stjórn sjóðsins, en í frv. er gert ráð fyrir, að þeir skuli vera 5. Ég tel nægilegt fyrst um sinn að hafa þrjá menn. Þar eigum við hv. 6. landsk. samleið. Ég vil, að þeir séu skipaðir til 4 ára í senn, en í frv. sé ég ekki, að það eigi að vera neinn ákveðinn tími, hvort stjórnin á að vera skipuð til eilífðar eða hvort skipta megi um menn daglega. Þá legg ég til, að einn sé skipaður í stjórn sjóðsins eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar. Ég vil leyfa mér að geta þess, að það hefur komið nokkur ágreiningur um þetta, þegar málið var rætt í n. M. a. vildi fiskimálastjóri, að í staðinn fyrir þetta yrði einn tilnefndur samkvæmt till. Fiskifélags Íslands og nm. kysu sér sjálfir formann. Ég tel, að sá háttur sé ekki eðlilegur. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisstj. skipi formann n., meðan ríkissjóður leggur fram fé í sjóðinn, eins og nú er ætlazt til. Ég tel það vera óvirðingu við ráðh., hver sem hann er, að hann sé skuldbundinn til að útnefna mann, sem er hans undirmaður, þ. e. mann frá Fiskifélagi Íslands, því að Fiskifélagið heyrir undir rn. Því er eðlilegt, að rn. tilnefni manninn, en sennilega mundi það leita til Fiskifélagsins með það, en það gæti verið fyrir þeirri stofnun maður, sem rn. þætti ekki heppilegur formaður. Ég tel því, að þessi tilhögun sé betri, og geri það að tillögu minni.

Þá hef ég einnig lagt til, að inn komi ný málsgr. á eftir 1. málsgr., svo hljóðandi: „Ráðherra ákveður laun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda". Þetta er ekki tiltekið í frv. Nú hefur komið fram till. frá hv. 6. landsk., að stjórn sjóðsins skuli vera ólaunuð. Mér er tjáð, að það stríði alveg á móti ákvæðum stjórnarskrárinnar að fyrirskipa mönnum að taka að sér störf án launa. Annars er stjórnarskráin teygð á alla vegi, en það er ekki eðlilegt, að stjórn, sem á að bera ábyrgð á svo vandasömum verkum sem hér er, sé ólaunuð. Hv. 6. landsk. sagði, að það væri mikill kostur að geta fengið menn í stjórn sjóðsins, sem gætu stjórnað ólaunaðir, enda væru þeir fulltrúar einhverra aðila og launaðir af þeim, en ég álít, að í stjórnina eigi að skipa hlutlausa menn, sem séu ekki þar til að berjast fyrir hagsmunum einstakra aðila, heldur hafi hag allra fyrir augum og séu launaðir.

Þá legg ég til, að fiskveiðasjóður annist afgreiðslu sjóðsins, en ekki Fiskifélag Íslands. Ég tel það heppilegra, að fiskveiðasjóður hafi með fjármálin að gera, enda er Fiskifélag Íslands engin bankastofnun, og veit ég ekki betur en á þeim tíma, sem útvegurinn hefur verið studdur, þá hafi það alltaf verið gegnum fiskveiðasjóð, en ekki Fiskifélagið. Fiskveiðasjóður hefur verið rekinn af mikilli hagsýni, og hann hefur bein sambönd við flotann, og tel ég í alla staði óheppilegra að fela þetta Fiskifélaginu, þar sem þá þyrfti að bæta við nýjum starfsmönnum, en það verður til aukins kostnaðar.

Við 7. gr. hef ég lagt til, að 2. meginmálsgr. falli niður, þ. e., að ef stofnféð nær ekki 5 millj. kr., þá skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar. Er þetta ekki af því, að ég telji ekki nauðsynlegt að hafa stofnféð svo mikið, heldur finnst mér þetta varhugavert ákvæði. Ef t. d. helmingur eignaraukaskattsins næmi ekki nema 1 millj. kr., þá skyllu þarna 4 millj. kr. útgjöld á ríkissjóði. Meðal annars af þessu hef ég lagt til, að þetta ákvæði 7. gr. falli niður.

6. brtt. er við 8. gr., og er þar um allmiklar breyt. að ræða, en engan veginn svo sem af er látið, því að nokkuð stendur á sama, hvaða leið er farin, að undanskilinni skrifl. brtt., sem er hrein bylting. Í frv. er lagt til, að tekið verði 1% af óskiptum afla, og er upplýst, að verðmæti hans hafi orðið árið 1947 94,3 millj. kr. Í mínum brtt. er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að tekið verði ½% af útflutningsverðmæti þessara sjávarafurða. Þegar þetta er athugað, þá sést, að þetta verður hér um bil sama upphæðin, og hvað hefur þá skeð? Það, að útflytjendur verða að greiða til sjóðsins, en það þýðir, að innheimtan verður miklu öruggari en ef taka ætti 1% af óskiptum afla. Ef mín brtt. væri samþ., þá regúlerar þetta allt saman sjálft, þegar eðlileg viðskiptaregla er komin á í landinu. Það kemur þó til greina, að þá fæst ekki gjald af þeim afla, sem seldur er innanlands, en megintilgangur frv. er að tryggja erlendan gjaldeyri, og auk þess munar sáralítið um það, sem selt er á innanlandsmarkaðinum. Þá legg ég til, að í staðinn fyrir framlag ríkissjóðs til jafns við 1% af óskiptum afla komi ½% af öllum innfluttum vörum, og ef þetta er rætt með stillingu, þá sést, að

þetta kemur nokkuð í sama stað niður, ef tryggt er, eins og ég vil, að þessu megi ekki bæta við vöruverðið. Ef ríkissjóður ætti að leggja þetta fram, kemur það niður á þjóðinni í tollum og sköttum, og þess vegna vil ég láta innflytjendur greiða þetta. Ég vil í því sambandi minna á, hvílíkt kapphlaup nú er um það að fá innflutningsleyfi. Hvort halda menn að sé meira kapphlaup um, að gera út mótorbát eða flytja inn vörur? Það þarf ekki skarpan til að sjá það. Og af hverju er allt þetta kapphlaup um innflutninginn? Af því að innflutningur vöru er nú langarðvænlegasta atvinnan í landinu. Menn keppast ekki um að komast í atvinnu, þar sem er mikið erfiði og litlar tekjur, og meðan gengisskráningin er eins og hún er nú, þá er þetta lítið gjald, að leggja á þetta ½%, og ef þetta þykir ranglátt og óbærilegt, þá má bara flytja innflutninginn á hendur útgerðarinnar. Hv. 1. þm. Reykv. taldi þetta nýjan skatt og væri þetta brot á stjórnarskránni, en það hefur áður verið lagður á slíkur skattur, söluskatturinn gamli, sem mátti ekki leggja á vöruna. Vitanlega kostaði hann þjóðina minna en söluskatturinn nýi, sem leggja má á vöruna og samkv. upplýsingum hv. 1. þm. Reykv. sjálfs jafngildir allt að 50% gengislækkun. Það er lítill skilningur hjá þeim mönnum, sem kveina og kvarta út af því, að eigi að leggja þetta lítilræði á innflytjendur, og ef innflytjendunum finnst þetta alveg óbærilegt, þá held ég þeir ættu að hætta þessu kapphlaupi um leyfin og fá sér bát, svo að eitthvað fækkaði þeim, sem um innflutninginn berjast. *(HV:* Bættur væri skaðinn.) Já, bættur væri skaðinn. Ég vildi því leggja eindregna áherzlu á, að þetta væri samþ., að taka ½% af innflutningnum og að það gjald megi ekki leggjast á vöruna. Það kom fram hjá mörgum í n., m. a. hv. þm. Ísaf., að miðla svo til, að fyrri hluti tekjuöflunar minnar yrði samþ., en tekið yrði jafnmikið úr ríkissjóði beint á móti. Hv. þm. Ísaf. taldi heppilegra að taka þetta af útflutningnum, en vildi hins vegar til samkomulags við aðra vera á móti 2. tölul. 6. brtt. minnar og greiða í staðinn beint úr ríkissjóði, en ég tel hitt heppilegra, og ég man þá tíð, er ríkissjóður gat ekki greitt sínar skuldbindingar, ekki einu sinni laun opinberra starfsmanna á réttum tíma. Því vil ég eindregið leggja til, að megintekjur sjóðsins verði svo sem segir í mínum brtt. Þá hef ég lagt til, að í þriðja lagi séu vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins, og skal ríkissjóður sjá um innheimtuna. Tekjurnar skv. 1. tölulið skulu skiptast þannig, að tekjur vegna síldveiða renni til síldveiðideildar og tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Má þetta teljast alveg eðlilegt, enda byggt þannig upp frá fyrstu hendi.

Þá hef ég lagt til, að komi nýtt ákvæði, sem mér finnst alveg vanta í frv., svo hljóðandi: „Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk, sbr. 4. gr. Skylt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.“ Mér finnst alveg óhjákvæmilegt að setja þetta, en ef mín brtt. undir 2. lið verður felld, þá þarf að breyta þessu, því að það er vísað í hana.

Um bæturnar legg ég til að verði haft það fyrirkomulag sem segir í fyrri hluta 8. brtt. minnar, við 9. gr. Þar segir: „Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur samkv. 5. gr. Ber sjóðnum þá að bæta upp aflahlut allra þeirra skipa, sem tilheyra þeim flokkum, er eigi hafa náð meðalaflamagni, án tillits til aflamagns einstakra skipa innan flokkanna. Þó skal engan hlut bæta upp meira en svo, að hann verði jafnstór að verðmæti meðalaflahlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar.“ — Þetta er ákaflega einföld leið. Næsti flokkur fyrir ofan takmarkar, hvað næsti flokkur fyrir neðan á að fá og hvaða skip í honum, því að ef hæsta skipið í honum er hærra en meðalaflamagn í næsta flokki, þá á ekki að koma til bóta, og er þetta eina reglan, sem ekki leiðir út í hreinar ógöngur. Það bið ég hv. þdm. vel að athuga. — Síðan segir hér í sömu brtt., að uppbæturnar skuli greiðast jafnt á hluti útgerðarinnar og skipverja. Þetta er alveg sjálfsagt, enda eiga tryggingarnar að vera fyrir báða aðila. — Þá segir enn: „Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkv. ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Í stofnsjóð skal leggja árlega 5% af tekjum sjóðsins, og má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir sé stofnsjóðurinn þannig óskertur.“ Þetta er meginatriði. Aðrar till. hafa um þetta fram komið, m. a. frá hv. þm. Ísaf., og gæti ég fellt mig við hana, um að vexti og vaxtavexti megi aldrei nota til bóta, og gæti ég vel fellt mig við það, því að ef við ættum nú 25 millj. kr. höfuðstól, þá væri náttúrlega enn betra að eiga 30 millj. kr. höfuðstól, og væri hann ágæt stoð til að taka af skelli, en eins og frv. er nú, þá er hægt að éta upp allan sjóðinn í einu, og þá er ekki verið að berjast fyrir að koma upp tryggingastofnun, heldur er bara verið að fá meira fé til að greiða bátaútveginum í eitt skipti fyrir öll. Tel ég frv. einskis virði, ef það verður samþ. þannig óbreytt.

Þá hef ég flutt 9. brtt., við 11. gr., um að orðin „í þeirri röð, sem hér er talið“ í meginmálsgr. falli niður. Ég vildi benda á, að það er alveg útilokað að hafa 11. gr. svona. Það er á móti siglingal. Það er ekki hægt að ákveða með þessum l., að beitukostnaður gangi fyrir lögboðnum gjöldum, en ef brtt. mín verður samþ., þá eiga þau að greiðast eins og l. mæla fyrir. Ég hef rætt um þetta við lögfræðinga, og telja þeir þetta þýðingarlaust, og geti ekki staðizt nema hinum l. verði breytt, en um það munu áreiðanlega verða átök.

Þá hef ég einnig flutt brtt. við 14. gr. um, að ráðh. geti sett nánari ákvæði um fram-

kvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum till. sjóðstjórnar, og loks legg ég til, að á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Fella skal niður greiðslu til hlutaútgerðarfélaga samkv. 7. gr. laga nr. 45 12. febr 1940, eftir að lög þessi taka gildi.“ Ef þessi lög eru enn í gildi, en þau eru ekki numin úr gildi með þessu, þá eru mönnum þar samkvæmt 7. gr. lagðar skyldur á herðar um greiðslu á móti þessu framlagi.

Ég hef nú, herra forseti, í rauninni lokið minni framsögu í sambandi við þessa till., en á eftir að svara tveimur hv. þm., sem hér hafa talað. En ég vildi gjarna vita, hvort forseti ætlar að halda fund í kvöld, og væri æskilegt, að hann gæti það. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 645) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson) [Frh.]: Ég þarf að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. 1. landsk. Hann er nú ekki við, eins og svo oft áður, en ef til vill flytur einhver orð mín til hans. Annars ber hann sjálfur ábyrgðina á því. Hann sagði, að útgerðarmenn hefðu ekki vald til að taka hlut skipverja. Mér er ekki kunnugt um, í hvaða tilgangi þetta er sagt, því að eins og allir vita hafa skipverjar tryggingu samkvæmt samningi, en auk þess hafa þeir sjóveð í skipinu fyrir sínum hlut, svo að þessi ummæli þm. eru algerlega út í hött. Þá ræddi þessi þm. um það, að það væri ekki nema réttlátt, að þeir greiddu iðgjöldin, sem tryggðir væru. Mér skilst, að hv. frsm. líti svo á, að þessi sjóður eigi að vera trygging bæði fyrir útgerðarmenn og skipverja. Það er rétt, að útgerðarmaðurinn á að fá tryggingu úr sjóðnum, ef aflabrestur verður, en skipverjinn fær í raun og veru líka sína tryggingu. Enda þótt skipverjum sé nú tryggt lágmarkskaup, hvernig sem fiskast, þá er engin vissa fyrir greiðslu þess, ef ekkert fiskast. Hins vegar ætti að vera miklu meiri trygging fyrir greiðslu kaupsins, ef útgerðin fær bætur á aflaleysisárum. Það er því rangt hjá 1. landsk., að skipverjar séu ekkert tryggðir með þessum sjóði. Auk þess mun sjóðurinn með tíð og tíma eiga að geta orðið svo öflugur, að hægt verði að tryggja þeim, er þessa atvinnu stunda, betri kjör og meira öryggi. Hlutverk sjóðsins er því í raun og veru ekkert síður að tryggja skipverja en útgerðarmenn, og þess vegna tel ég till. 1. landsk. um að fría háseta við greiðslu til sjóðsins hreina fjarstæðu. Svo er það þriðji aðilinn, sem mesta trygginguna hefur í raun og veru, en það er almenningur í landinu, því að hann á bókstaflega allt undir því, að hægt sé að halda þessum atvinnuvegi gangandi og á sæmilega réttum kili. Þess vegna tel ég enga goðgá, þó að lagt sé til, að innflytjendurnir, sem árlega fá á annað hundrað milljónir í gjaldeyri frá útveginum, verði að taka á sig einhverjar byrðar í þessu sambandi. Það er enn fremur verið að tryggja hag ríkissjóðs með þessum ráðstöfunum og þess vegna ekki óeðlilegt, þó að hann verði að greiða ríflegt framlag til sjóðsins. Hitt má deila um, hvort heppilegt er að leggja á aukinn söluskatt í þessu skyni. Hv. 1. landsk. sagði, að hér væri ekki verið að tryggja launþegana. Ég álít þetta algerlega rangt hjá þessum hv. þm. Launþegunum er skapað aukið öryggi með þessu frv., ef að 1. verður, og þá sérstaklega launþegum, sem eru upp á aflahlut, eins og sjómenn eru að jafnaði. Þá lagði hv. þm. til, að frv. væri vísað frá vegna þess, að það væri ekki nægilega undirbúið. Þessi rök eru ekki annað en grímuklædd andúð á frv. Í fyrsta lagi hefur verið gerður rammi um þetta mál með 1. Í öðru lagi hafa landssamtök þessa atvinnuvegar undirbúið frv. Í þriðja lagi hefur milliþn. undirbúið frv., en í henni eiga sæti 1 eða 2 lögfræðingar og tveir alþingismenn. Auk þess hefur svo rn. haft málið til athugunar, og að síðustu hefur málið svo verið rætt í þingnefnd, en samt ætlar 1. landsk. að vísa málinu frá vegna þess, að það vanti undirbúning, slíkt nær auðvitað engri átt. Hitt er rétt, að nokkur ágreiningur hefur orðið um leiðir, en flestir munu þó á einu máli um, að sjóðinn skuli stofna, og þá ættu að vera til einhverjar leiðir, sem samkomulag gæti náðst um. — Hv. 1. landsk. sagði, að sjóðurinn gæti orðið 16 millj. á 5 árum. Ég lít á þetta atriði sem meðmæli með málinu, því að ef sjóðurinn hefði verið stofnaður fyrir 5 árum, þá væri hann orðinn 16 millj. eftir fyrirmælum frv., og ætli það væri ekki skemmtilegra, ef til hefði verið sjóður á þessum aflaleysisárum, sem hefði getað staðið undir hallanum? Ég held því, að þetta séu nægilegar upplýsingar, til að menn ættu ekki að vera að skjóta þessu máli á frest eins og 1. landsk. vill gera. Ég held, að ég hafi svarað öllum meginatriðum í ræðu 1. landsk., sem öll gekk út á það, að tryggja ætti launþegana á kostnað útvegsins, án þess að hafa nokkra hliðsjón af því, hvort útgerðin gæti staðið undir þeim byrðum, sem á hana væru lagðar. Það er því líkt og maðurinn, sem drap fiskinn, án þess að sjá borð fyrir báru, og hlóð, unz allt var komið í kaf. Ég geri ráð fyrir, að 1. landsk. verði ekki svo lengi á þingi, að hann berjist ekki fyrir þá stétt, sem hann er fulltrúi fyrir, og er ekki nema gott um það að segja, ef sú barátta væri ekki oft of einhliða, því að þá vill svo fara, að hún verði þeim til tjóns, sem hún átti að greiða fyrir.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að svara 1. landsk. nokkrum orðum, en þar sem hann er ekki við, þá mun ég beina máli mínu til 1. minni hl., hv. þm. Barð. Hv. þm. kvaðst furða sig mjög á því, að nefndin, sem samdi þetta frv., skyldi ekki taka meira tillit til tillagna Gunnars Þorsteinssonar. Því er til að svara, að meðal annarra till. G. Þ. í nefndinni var sú, að bætur væru ákveðnar hærri til útgerðarmanna. Andstaða okkar í n. við þessa till. G. Þ. var ekki vegna þess, að við sæjum ekki þörf útgerðarinnar fyrir hærri bætur. Hitt réð okkar afstöðu, að

okkur var ljóst, að erfitt mundi að afla sjóðnum tekna og þar af leiðandi þýðingarlaust að skuldbinda sjóðinn til bóta, sem engar tekjur stæðu fyrir. Þessi till. hafði því enga þýðingu, þegar ekkert fé var fyrir hendi. Hins vegar er ákveðin heimild í frv. til að hækka bæturnar, ef þörf er fyrir hendi og geta sjóðsins leyfir slíka hækkun. Það var þessi ástæða, sem réð afstöðu okkar, því að við vildum ekki leggja sjóðnum meiri skyldur á herðar en hann gæti staðið undir.

Þá ætla ég að snúa mér að till. í nál. á þskj. 614. Fyrst er þar brtt. við 3. gr. frv., tveir stafliðir, a. og b. Þessar till. eru ekki þýðingarmiklar, og ætla ég að sleppa að tala um þær, þó að ég hins vegar telji þær ekki nauðsynlegar og muni greiða atkv. á móti þeim. — Um 2. brtt., við 4. gr., verð ég aftur á móti að segja nokkur orð, því að þar er um gerbreytingu á frv. að ræða. Þessi brtt. er þess efnis, að í stað þess að ákveða í l. vissar reglur fyrir sjóðinn til að starfa eftir, verði það reglugerðaratriði, sem sjóðsstjórnin semji, en þó skuli samþ. af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Alþýðusambandinu og Fiskifélaginu. Þessa breytingu tel ég alveg ófæra, bæði vegna þess, að með því móti krefjast útgerðarmenn, að meðalaflinn verði settur sem hæstur og hins vegar bæturnar sem hæstar, auk þess sem ég er hræddur um, að tilgangur sjóðsins náist ekki með þessu móti, sem líka er játað af frsm. 2. minni hl. (StgrA). Það er ekki ætlunin með þessu frv. að tryggja útveginn fjárhagslega, til þess er ekki aðstaða, heldur er tilgangurinn að forða vandræðum, sem hljóta að verða, þegar mikill aflabrestur er, miðað við reynslu undanfarandi ára. Ég tel því bæði rétt og sjálfsagt, að meðalaflinn verði ákveðinn eftir meðalafla undangenginna ára, eins og gert er ráð fyrir í frv., en ekki tilbúinn af einhverri nefnd, sem ákveður hann eftir eigin duttlungum, auk þess sem slík ákvörðun gæti orðið pólitískt bitbein, er varla væri heppilegt fyrir sjóðinn. Það hefur verið talað um, að auðvelt væri að breyta l. og fá breytingar á meðalverðinu með því móti. Það er auðvitað rétt, að l. má breyta, en þó verða lögfest ákvæði ekki eins laus í reipunum og hin, sem ákveðin eru með reglugerð. Ég er því algerlega á móti þessari till. og mun greiða atkv. gegn henni. Hins vegar gæti vel komið til mála að samþ. undirliðina í 2. brtt., við 4. gr. frv., ef þeir væru sérstaklega bornir fram sem brtt. við frv., því að annars yrðu þeir vanskapnaður, en ég get ekki fallizt á, að þetta verði reglugerðaratriði.

3. brtt., við 5. gr. frv., er aðeins tilfærsla, og ræði ég hana því ekki frekar.

4. brtt., við 6. gr. frv., fyrri liður, fjallar um, að stjórn sjóðsins skuli skipuð 3 mönnum, í stað 5 eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég tel þetta ekki mikilvægt atriði, og ætti að vera auðvelt að ná samkomulagi um það. Hins vegar tel ég till. 6. landsk. um, að allir stjórnendurnir verði tilnefndir af félögum eða stofnunum, ekki heppilega, því að ég hef þá skoðun, að ráðherra eigi að hafa þar hönd í bagga. (*StgrA:* Það er gert ráð fyrir í minni till., að ráðh. skipi form. stjórnarinnar af þessum tilnefndu mönnum.) Um b-liðinn, þar sem gert er ráð fyrir, að ráðherra ákveði laun sjóðsstjórnar, er það að segja, að starf þessara manna ætti ekki að verða svo mikið, ef Fiskifélagið tæki að sér alla skýrslusöfnun og ynni úr þeim skýrslum, sem nauðsynlegar væru fyrir sjóðinn, og þar af leiðandi ekki ástæða til, að þessir menn hefðu föst laun. Hins vegar get ég ekki fallizt á till. 6. landsk. um, að þessir menn verði alveg ólaunaðir, og tel því rétt og sanngjarnt, að þeim verði greidd einhver þóknun, sem fari eftir því, hvað starf þeirra verður mikið, og sama er að segja um endurskoðendur sjóðsins. C-liður brtt. gerir ráð fyrir, að fiskveiðasjóður annist afgreiðslu sjóðsins í stað Fiskifélagsins. Þetta atriði var til athugunar í n., og held ég, að enginn hafi lagt neina höfuðáherzlu á það. Þess vegna ætti að geta orðið samkomulag um þá breytingu.

5. brtt., við 7. gr. frv., gerir ráð fyrir, að annar meginmálsliður gr. falli niður, en sá liður er svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm millj. kr., og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.“ Þetta vill þm. Barð. fella niður. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að sjóðnum muni ekki veita af þessari upphæð, og þess vegna komi ekki til mála að fella þetta ákvæði niður. Ég fyrir mitt leyti hef þá skoðun, þó að ýmsir hafi talið, að það kynni að verða ákaflega lítið, sem hefðist af þessum skatti, að ekki komi til mála, að skatturinn allur nemi minna en 10 millj. kr. Og þá kæmi af sjálfu sér, að þessi sjóður fengi 5 millj. kr., og ekki kæmi til kasta ríkisins að bæta þar neitt upp. Ég held því, að ekki sé hætta fyrir ríkissjóð, þó að þetta ákvæði standi. En ég held, ef svo illa færi, að skatturinn næmi töluvert minna, þá mættum við ekki leggja út í þessa sjóðsstofnun með minna fé en 5 millj. kr. Ég er því á móti því, að þessi málsgr. sé felld niður.

Þá kem ég að 6. brtt., sem er við 8. gr. og er kannske þýðingarmesta till. af brtt. hv. þm. Við, sem sömdum frv., lögðum til, að árlegar tekjur sjóðsins væru 1% af óskiptum vertíðarafla bátaflotans og framlag úr ríkissjóði að jöfnu þar á móti og í þriðja lagi vextir og aðrar tekjur sjóðsins. Þessu vill hv. þm. Barð. breyta öllu. Fyrsta brtt. við þessa gr. er um það, að í staðinn fyrir 1% af óskiptum vertíðarafla bátaflotans verði tekið ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Og ég held, að það hafi verið fært fram sem rök fyrir þessari brtt., að innheimtan væri svo erfið, ef taka ætti þetta 1% gjald eftir frv. Ég skal játa, að líkur eru til þess, að innheimtan mundi verða auðveldari, ef gjaldið væri innheimt af útflutningsverðmæti. Og fyrir bátatryggingasjóðinn mundi þetta koma sennilega alveg að sama liði, hvor aðferðin sem yrði höfð á þessu, því að eftir þeim skýrslum, sem upp eru gefnar um útflutning og aflamagn, þá mundi þetta

koma í sama stað niður fyrir sjóðinn. En ég held, að of mikið sé gert úr erfiðleikunum við að innheimta þetta samkv. frv. Ég hygg, að það mundi ekki vera ákaflega erfitt fyrir lögreglustjóra í hverju héraði og embættismenn þeirra, sem munu vera í hverju fiskiþorpi landsins og útgerðarstað. Ég held, að þetta yrði mjög vel framkvæmanlegt eins og innheimta annarra gjalda, að innheimta þetta af heildarverðmæti afla hvers báts. Og ég get þess vegna ekki fallizt á þessa breyt. En aðalrökin gegn þessari brtt. eru þau, að eins og frv. nú er, er ekki gert ráð fyrir því, að þeir, sem stunda veiðar á sumrin á smábátum, greiði þetta gjald í sjóðinn. (*GJ:* Það breytist við samþykkt brtt. við 4. gr., ef samþ. verða.) Hins vegar verða þeir að borga þetta útflutningsgjald. Ef þeir menn, sem stunda veiði á þeim bátum, hafa engin réttindi, þá eiga þeir engar skyldur að hafa. Ég veit um marga menn á Norðausturlandi, sem ekki stunda sjó að staðaldri, en þegar tækifæri og veður gefst, fara á sjó á smámótorbátum, og ef þeir eiga að fá réttindi til bótagreiðslna úr sjóðnum, sem ég teldi sjálfsagt, ef þessi brtt. væri samþ., þá er ákaflega erfitt að finna það út, hvert væri meðaltalsaflamagn hjá þeim, og því erfitt að ákveða þeim bætur. Og þetta er ástæðan til þess, að við, sem vorum að semja frv., töldum varla fært að taka sumarveiðarnar með.

Annar liðurinn í tekjuöflun til þessa sjóðs eftir till. hv. þm. Barð. er um að taka ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast, og að banna að leggja gjaldið á í útsöluverðinu. Mér finnst þetta ákaflega ósanngjarnt og óheppilegt ákvæði. Hvers vegna ætti ríkissjóður að fara að afla fjár á þennan hátt fyrir þessa starfsemi frekar en fyrir ýmislegt annað? Og hvaða vit væri í því að stofna til hinna og annarra framkvæmda og segja bara: Þessi stétt á að borga þetta, hún ein á að standa undir þessu? Þetta finnst mér ekki ná nokkurri átt. Landsmenn allir í heild eiga að borga þetta tillag til sjóðsins, gegnum skatta og tolla, og það á þess vegna að taka það beint úr ríkissjóði, en ekki á þennan hátt. Ef það þykir fært að leggja eitthvað sérstaklega á þessa stétt manna, sem þetta gjald á að koma niður á eftir till. hv. þm. Barð., þá er leið til þess miklu eðlilegri sú að gera það annaðhvort með hækkun á sköttum eða bæta þessu gjaldi við aðra tolla, sem fyrir eru, en ekki reikna þetta svona. Auk þess, ef ætti að heimila að leggja þetta á vörur og láta neytendurna borga þetta, eins og hv. þm. Barð. skaut fram áðan, að hann gæti kannske fallizt á, þá horfir þetta öðruvísi við að sumu leyti. Og þá yrði að taka tillit til þess við álagningu á vörurnar. Og það eru sannarlega nógar sermoníur og reglur, sem settar eru gagnvart þeim, sem verzla með vörur, gegnum verðlagsákvæði og alls konar ákvæði, þó að þetta bætist ekki við. Ég er þess vegna alveg á móti þessu.

Þriðji liður þessarar brtt. hv. þm. Barð. er að efni til alveg eins og ákvæði í frv., og ég þarf þess vegna ekki um hann að tala. — Sama er að segja um 7. brtt., við 9. gr. Þar er fram tekið það, sem við álitum, að nauðsynlegt væri að taka fram um þetta í 9. gr. frv. Þar (í frv.) segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn sjóðsins flokkar skip hvorrar deildar eftir stærðum. Skipa skal hverju skipi í flokk strax við innritun, þannig að skip með svipaða aflamöguleika verði sér í flokki.“ Þetta er í raun og veru sama efni og er í 7. brtt. hv. þm. Barð., og það er kannske greinilegar tekið fram hjá honum. En það skiptir ekki miklu máli, álít ég, hvort af þessu tvennu samþ. yrði. Það eru nokkru nánari reglur um tilkynningar í till. hans viðkomandi því, þegar skip byrja veiðar og þegar þau hætta veiðum, og um réttindi til bótagreiðslna.

Þá kem ég að 8. brtt. hv. þm., við 9. gr. frv., sem er gerbreyt. frá því, sem stendur í frv. Ég verð að segja, að mér finnst orðalag þessarar brtt. ekki vera líkt því nægilega ljóst, enda kom það fram í morgun, þegar við áttum tal um þetta atriði á sameiginlegum fundi beggja sjútvn. þingsins, að þá höfðum við skilið þetta á fleiri en einn veg. Og ég er ekki enn þá alveg klár á því, hvernig á að skilja þetta. En mér skilst þó helzt, að þar sé átt við, að ef einhver flokkur hefur ekki náð meðalaflamagni, þá eigi að bæta skipum í þeim flokki upp, án tillits til aflamagns einstakra skipa innan flokkanna. Mér skilst á þessu orðalagi, að meiningin sé, að hvert skip innan þess flokks eigi að fá sömu upphæð í bætur úr sjóðnum, en til bóta komi ekki fyrr en afli skipanna sé kominn niður fyrir 75% meðalaflamagns. En ef þessi skilningur er réttur, þá leiðir af því, að skip, sem er mjög langt niðri með afla, það er mjög illa haldið samanborið við skip, sem er rétt fyrir neðan markið, sem sett er. En ef þetta er ekki réttur skilningur, þá er annað um þetta að segja. En ég hygg, að reglan, sem sett er um þetta í frv., sé sæmileg og ekki sé ástæða til að breyta henni. Það er líka sá kostur við hana, að það er ekkert hægt um hana að deila. Þar er settur fram ákveðinn stigi fyrir bótum, þannig að bætur hækka og lækka eftir aflamagni skipa. Og það er hægara fyrir stjórn sjóðsins að bæta eftir henni en eftir þeim reglum, sem settar eru fram í brtt. hv. þm. Barð., og er ég því á móti þeirri brtt.

Þá er 9. brtt., við 11. gr. frv., og þar vill hv. till.-maður, hv. þm. Barð., að algerlega sé fallið frá þeim ákvæðum, sem standa í frv. um röð á þeim skuldum, sem kunna að hvíla á útgerðarfélagi eða útgerðarmanni, eins og tekið er fram í frv. um það, hverjar þessar skuldir skuli meta meir en aðrar. Ég skal nú ekki segja um það, hvort þetta stenzt fyrir dómstólum, og það má vera, að lögveð gangi fyrir öllu öðru, þannig að til lúkningar skuldum gegn þeim verði greiðslurnar að ganga á undan öllu öðru. Ég álít þó, að dálítið sé vafasamt, hvort réttur þess kröfuhafa, sem lögveðið hefur, sem er ríkissjóður í þessu tilfelli, nái til þess, sem útgerðarmaður fær úr þessum sjóði.

Og mér mundi þykja það eðlilegur skilningur, að það næði aðeins til annars afla, sem maðurinn eða útgerðarfyrirtækið hefur fengið eða eignazt við rekstur skipsins. En þetta er auðvitað atriði, sem lögfræðingar verða að skera úr. Annars vil ég segja, að einmitt þetta ákvæði var tekið orðrétt upp úr frv. Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Það er ekki breyt. frá okkur, sem sömdum þetta frv., heldur er þetta einasta gr. úr því frv., sem við tókum upp orðrétta. Og skilningur á þessu atriði hefur þá verið svipaður hjá þeim eins og hjá okkur. En við vorum allir sammála um, að kaup yrði að ganga á undan öllu öðru, þegar til bótanna kemur, þannig að þeir, sem bótanna nytu, yrðu áður en þeir tækju bæturnar, að setja tryggingu fyrir því, að kaup mannanna, sem á skipunum hefðu unnið, væri greitt. Hitt getur orðið deiluefni, í hvaða röð aðrar skuldir eiga að ganga. En þetta er sem sagt bein till. frá útvegsmönnum sjálfum.

10. brtt., við 14. gr., er um breyt. á orðalagi, sem skiptir ekki miklu máli.

Loks er 11. brtt., sem er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir 14. gr. komi ný grein, er orðist svo: Fella skal niður greiðslu til hlutaútgerðarfélaga samkvæmt 7. gr. laga nr. 45 12. febr. 1940, eftir að lög þessi taka gildi.“ Ég skal ekki segja mikið um þetta. Það má vera, að það sé eðlilegt að fella niður þau lagaákvæði. En ég efast um, að ástæða sé til þess að setja lagaákvæði um það. Skal þó ekkert fullyrða um það.

Auk þessara brtt., sem ég hef minnzt á, liggja hér fyrir frá hv. 6. landsk. þm. brtt., sem hann talaði um í gær. Sumar þeirra hef ég minnzt á í sambandi við nál. hv. 1. minni hl. sjútvn., því að þær eru þær sömu. Hv. 6. landsk. þm. telur í nál. sínu, að hann geti fallizt á sumar þær brtt., þ. á m. till. um uppbyggingu þessa frv., þ. e. hvort skuli standa í lögum þau ákvæði, sem ég minntist á, eða hvort þau ættu að vera í reglugerð. Annars eru aðalbrtt. hans um tekjuöflun til sjóðsins. Hann vill innheimta útflutningsgjald, sem nemi ¼% af öllum útflutningsafurðum bátaflotans. Þetta finnst mér ekki koma til mála að samþ., heldur sé réttara að halda sig við þau ákvæði um tekjuöflunina, sem eru í frv., en vera ekki að margskipta þessu meir en þar er gert. Þar næst vill hv. till.-maður, 6. landsk. þm., láta renna í þennan sjóð 1/10 hluta af nettó-viðskiptahagnaði Landsbankans og Útvegsbankans. Það hefur verið upplýst hér í hv. þd., að þetta mundi vera brot á landsbankalögunum og þegar af þeirri ástæðu ekki framkvæmanlegt. Að öðru leyti vil ég segja það, að þó að það sé rétt, að bankarnir hafi grætt mikið á þessum árum, þegar allt hefur flóið í peningum og viðskiptin hafa verið mikil, þá getur svo farið, að mikil breyt. verði á því, og er þegar orðin mikil breyt. á því. Auk þess er rétt að benda á, að bankarnir hafa átt mikla áhættu í sambandi við lán til útvegsins. — Svo kemur hér að lokum hjá hv. 6. landsk. þm. nýr stigi fyrir bótum, sem hann hefur sett upp og hann segist byggja upp á sama hátt og í frv. er gert. En breyt. er aðeins sú, að bæturnar eru þar hækkaðar frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir. Ég get endurtekið það, sem ég sagði áðan, að við höfðum sannarlega hug á því, að útgerðinni gæti orðið sem mestur stuðningur að þessum aflatryggingasjóði og að það væri ekki nema gott eitt um það að segja að hækka bæturnar, ef unnt væri. En það eru svo mjög litlar líkur til þess, að hægt verði að bæta upp afla eftir þeim ákvæðum, sem frv. tiltekur, og þá því síður eftir þessum brtt., sem eru um töluvert hærri bætur. Ég er sammála hv. 6. landsk. þm. um það, hve æskilegt þetta væri, sem hann leggur til, ef hægt væri. En ég hef ekki von um það. Við byggðum bótastigann á því, að sjóðurinn fengi 1% af óskiptum vertíðarafla bátaflotans og framlag ríkissjóðs á móti, svo að þetta næmi því að vera jafnmikið og 2% af heildaraflanum. Og þrátt fyrir það sáum við okkur ekki fært að hafa bótastigann hærri en hann er tiltekinn í frv., og enn síður þegar búið er að lækka þetta um helming og ríkissjóðsframlagið á sama hátt. Og þó að þessi brtt. hv. 6. landsk. þm. um bótagreiðsluna yrði samþ., þá mundi hún aldrei verða nema pappírsgagn, þar sem það stendur í frv., að bæturnar megi lækka hlutfallslega, ef fé sjóðsins hrekkur ekki til.

Ég held, að ég hafi hlaupið yfir eina af brtt. hv. þm. Barð., sem er um það, að stofnfé sjóðsins megi aldrei skerða, en hins vegar skuli leggja í stofnsjóðinn 5% árlega af tekjum sjóðsins. Um þetta töluðum við allmikið, þegar við vorum að semja þetta frv. Og okkur fannst öllum æskilegt, að það þyrfti ekki að skerða stofnsjóðinn, og að það væri mjög æskilegt, að hægt væri að láta ganga í hann hluta af árlegum tekjum sjóðsins, svo að hann gæti orðið sterkari stofnun, sem gæti bætt e. t. v. meiri aflabrest en frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar álitum við, að eins og ástæðurnar eru nú hjá útgerðinni, þá væri varla fært annað en að heimila að taka meira og minna af stofnsjóðnum, ef á þyrfti að halda, þó að það gæti kostað það eftir tvö, þrjú eða fjögur ár, að stofnsjóðurinn yrði að mestu upp étinn. Við álitum, að útgerðarmenn óskuðu þess, — eða a. m. k. hélt ég það, — að þetta ákvæði væri sett í frv., að það mætti eyða stofnsjóðnum að miklu leyti í bætur, ef á þyrfti að halda. En ég hef dálitið breytt um skoðun á því, því að bæði tel ég, að skoðanir hv. þm. Barð. muni vera í samræmi við óskir útgerðarmanna, og hins vegar heyrði ég það á hv. þm. Ísaf., sem mikið hefur verið við útgerð riðinn, að hann var á því að samþ. þá breyt., að stofnféð mætti ekki skerða og að því væru áætlaðar árlegar tekjur, ákveðinn hundraðshluti af árlegum tekjum sjóðsins eða þá allir vextir af honum, svo að ég hallast miklu frekar nú að þeirri till., að sett verði ákvæði um þetta inn í frv. En þó vil ég að svo komnu ekki ganga lengra en það, að sjálfan stofnsjóðinn megi ekki skerða, en ekki ganga inn á hitt að bæta við hann vöxtum af árlegum tekjum aflatryggingasjóðs-

ins eða þá vöxtum af stofnsjóðnum sjálfum.

Hv. 1. landsk., sem talaði hér í upphafi þessa fundar í dag, er ekki viðstaddur nú, en ég verð að minnast á það, sem hann hafði aðallega út á frv. að setja. Það var sérstaklega ákvæðið um það, að tillög til sjóðsins yrðu tekin sem hundraðshluti af óskiptum afla bátanna. Það er ekki hægt að neita því, að með þeirri aðferð hljóta sjómenn að borga ofur lítið í sjóðinn. Þetta finnst hv. 1. landsk. þm. alveg ófært og ekki koma til mála. Ég er á annarri skoðun um það. Ég álít, að þetta gjald sé svo lágt, sem kæmi til með að lenda á þeim, þannig að það væri hverfandi hluti af tekjum þessara manna, því að maður, sem fær 10 þús. kr. hlut, þarf þá að borga 100 kr. í sjóðinn eftir þessu ákvæði, og maður með 12 þús. kr. hlut 120 kr. Ég held, að þetta sé svo lágt gjald, að það sé ekki hægt að setja þetta fyrir sig, ekki sízt þegar þess er gætt, að með þessu fær hlutaðeigandi sjómaður aukna tryggingu fyrir því, að hann fái kauptryggingu sína borgaða refjalaust, í stað þess að í mörgum tilfellum verður hann að ná kaupinu gegnum lögveð í skipi, sem kostar hann í mörgum tilfellum að verða að bíða eftir því, og auk þess á hann alls ekki víst að fá það, ef skipið t. d. er svo lítils virði, að það hrekkur ekki til þess að borga lögveð, sem á því hvíla, eins og hv. 1. landsk. þm. benti sjálfur á í ræðu sinni í dag. Ég held, að þetta sé þess vegna ekki til þess að setja fyrir sig. Auk þess hefur það verið tekið fram af hv. þm. Barð. og fleirum, að það er sannarlega ekki einskis virði fyrir hlutarmanninn heldur, ef þetta gæti miðað að því að tryggja útgerðina og þar með atvinnu hans af henni. — Þessi hv. þm. lét greinilega í ljós, að hann óskaði þess, að þetta frv. yrði ekki samþ. á þessu þingi, heldur athugað betur og ýmsum skýrslum safnað til þess að undirbyggja þessa löggjöf. Ég held, að þetta væri nú ekki heppilegt. Það er nú fyrst og fremst, að því hefur verið yfir lýst af hæstv. ráðh., — enda hefur maður einnig heyrt það úr öðrum áttum, — að því hefur verið lofað, að löggjöf um þetta mundi verða afgr. á þessu þingi. Og ég tel ekki fært að rjúfa það loforð. Að öðru leyti hygg ég, að það *græðist ekki mikið á því þó að safnað* yrði ýmsum skýrslum um afla og annað þessu viðkomandi. Við höfum ekki reynt starfsemi slíka sem þessa eða löggjöf um hana. Og ég hygg, að reynslan ein geti sýnt okkur, hvað það er í lögunum, sem síðar þarf að breyta. Það hefur verið stofnaður einn hlutatryggingasjóður á einum stað í landinu, samkv. l. frá 1943, sem eru aðeins heimildarlög. Og sjóðurinn hefur starfað þangað til nú og starfar sjálfsagt enn, og ég veit ekki annað en að sú starfsemi hafi gengið sæmilega vel. En að öðru leyti vantar alla reynslu um starfsemi slíka sem þessi löggjöf gerir ráð fyrir, sem hér er frv. um. Og ég hygg, að reynslan ein geti sannað, hvað það er, sem síðar þarf að breyta í l.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hér í dag hæstv. ráðh. um það, hvort hann mundi sjá sér fært að taka inn á fjárl. nú þær upphæðir, sem til þess þyrfti að byggja upp þennan sjóð. Ég held, að það sé kannske ekki mikil ástæða til þess að tala um þetta nú, af þeirri ástæðu, að þessi lög geta aldrei tekið gildi fyrr en í lok vetrarvertíðar. Og ég hef a. m. k. haldið, að þau yrðu ekki látin gilda aftur fyrir sig þannig, að það yrði krafið um gjald frá útgerðinni fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er, þegar lögin taka gildi. Og sé sá skilningur réttur, þá er það ekki mikið, sem útgerðin þarf að leggja á sig á þessu ári vegna þessa sjóðs, og þá ríkissjóður ekki heldur. Mér heyrðist á þessum hv. þm., 1. þm. Reykv., að hann gerði sér ákaflega litlar vonir um þetta framlag af eignaraukaskattinum. Ég verð að segja, að ég er miklu bjartsýnni en hann á það. Ég held, að það hljóti að koma svo mikið þar inn, að það komi ekki til þess, að ríkissjóður þurfi að borga þetta, sem sé það, sem vantar á fimm milljónirnar. — Ég hef nú minnzt á flestar þessar till. og sé því ekki ástæðu til að lengja mál mitt og mun þess vegna ekki hafa um þetta fleiri orð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er mjög í vafa um, hvort það þýðir nokkuð að halda umr. um þetta mál áfram. Umr. eru orðnar langar og málið flókið, og í rauninni fyrir þeim, sem ekki hafa sett sig inn í það, alveg *jafnflókið eftir umr. eins og þegar þær* hófust. Ég ætla þó að fara um það nokkrum orðum, af því að ég er einn af þeim mönnum, sem á öndverðum þessum vetri voru settir í þann vanda að vinna að því að setja saman þetta frv.

Það er bezt, að ég segi það strax, að þegar við vorum settir í það starf, þá þótti okkur vonlítið, að við dyttum ofan á það að koma því formi á þessi mál, að allir lykju upp einum munni um það, að það væri hin eina rétta leið, sem hefði verið fundin. Við vorum sannfærðir um það strax eftir fyrstu viðtölin, að það væri um svo vafasöm atriði að ræða, að við sáum ekki út úr því lengi vel. Það var á litlu að byggja, og þótt búið væri að gera hverja tilraunina á fætur annarri til að semja frv., þá varð niðurstaðan sú, að enginn vildi líta á neitt af þeim frv., sem samin höfðu verið. Við kynntum okkur frv. það, sem 5. þm. Reykv., Sigurður Kristjánsson, flutti mörg ár í röð, og einnig þau l., sem urðu niðurstaðan af frv. hans. Við fengum líka ýmiss konar skýrslur frá Fiskifélagi Íslands, sem við kölluðum eftir, og hygg ég, að það séu yfirleitt þau gögn, sem fyrir hendi mundu liggja, þó að afgreiðslu þessa máls yrði frestað, þar sem ekki hafa komið fram neinar kröfur um það að safna nýjum skýrslum og undirbyggja þetta mál sérstaklega. Við kynntum okkur svo reglugerðina, sem sett hefur verið á grundvelli l. um hlutatryggingafélög frá 1943, og sú reglugerð er um þá einu framkvæmd, sem á er að byggja hér á landi, sem er hlutatryggingasjóðurinn í Bolungavík, sem starfað hefur í allmörg ár, en það er lítið upplýst niðurstaðan af starfi hans. Hins vegar var vinnuaðstaða okkar sú, að við höfðum nauman tíma til að

vinna. Við fengum um það ákveðnar óskir, þegar leið á starfið, að við yrðum að hraða eins mikið og mögulegt væri okkar starfi, og gerðum það einnig, og má vera, að okkur hafi kannske ekki tekizt eins vel að koma frv. saman og ella hefði mátt verða með meiri yfirlegu. Við skiluðum okkar verki í marzmánuði s. l., síðan fór málið til ríkisstj., og hún athugaði það og gerði á því tvær meginbreyt.: Að tekjugrundvöllur sjóðsins væri lækkaður um helming, og að bætur úr sjóðnum yrðu ekki greiddar fyrr en hann hefði starfað í eitt ár. Mér finnst engin lausn að fresta þessu máli, því að ég hygg, að það fengjust engar nýjar skýrslur til að byggja á. En hins vegar þarf, auk þess sem ríkisstj. mun loforði bundin um að koma með frv., svo að fé taki að safnast til þess að leysa þetta hlutverk, að athuga það, það ár sem sjóðurinn ekki starfar, hvernig fé úr honum mundi koma til með að dreifast og að hvaða gagni hann kæmi, bara með því að reikna það út eins og framkvæmdin mundi verða og bera síðan fram breyt. til lagfæringar á því fyrsta ári, sem sjóðurinn kæmi til með að starfa. Ég er þess vegna andvígur því, að frestað sé að afgreiða þetta frv., en tel þó, að það sé eins og hálfstigið spor. Ég tel, að það ætti að ganga frá því með opnum möguleikum að breyta því eftir því, sem reynslan bendir til.

Það fyrsta, sem við þurftum að athuga í n., var þetta: Er heppilegt, að sjóðurinn sé einn og óskiptur fyrir alla íslenzka útgerð? Við komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri slíkur reginmunur milli tekjuöflunarmöguleika á þorskveiðum og hallærisins, sem alltaf er annað slagið á síldveiðum, að það yrði að byrja á því að skipta sjóðnum í tvær megindeildir, þorskveiðideild og síldveiðideild. Um þetta virtust allir sammála. Þá voru menn með það, að síldveiðin yrði fyrir svo stórum skellum, að ef ættu að koma að gagni nokkrar bætur til hennar, þá þyrfti að fá meira fé en sjóðurinn gæti lagt til, jafnvel til að bæta upp mestu skakkaföllin. Við komumst þess vegna að þeirri niðurstöðu í okkar frv., að þær álögur, sem verða lagðar á síldveiðarnar, fari í sjóð síldveiðanna, og þær álögur, sem verða lagðar á þorskveiðarnar, komi í sjóð þorskveiðanna. Þá var okkur það ljóst eftir fyrstu samtölin í n., að það gæti verið aflaleysi við Faxaflóa, þó að mjög góður afli væri á Vestfjörðum, eða það gæti verið aflaleysi á Austfjörðum fleiri ár, þó að góður afli væri í Vestmannaeyjum, Faxaflóa og á Vestfjörðum. Af þessu þótti okkur augljóst, að þorskveiðideildin mætti ekki starfa í einni sameiginlegri deild, því að þegar almennur aflabrestur væri á Austfjörðum, þá þyrftu að koma bætur þar og aðstoð úr sjóðnum, þó að þorskveiðarnar yfir allt landið væru ekki neðan við 75% af meðalaflamagni í landinu. Það virðist líka viðurkennt, að þetta sé rétt, það þurfi að vera **sveðaskipting**, að því er þorskveiðarnar snertir, og komi til bóta úr sjóðnum, þá sé það miðað við meðalaflamagn á ákveðnu svæði. Sumir segja, að það sé ekkert sameiginlegt milli tveggja verstöðva og þurfi því að reikna út meðaltal fyrir hverja verstöð, og mér skilst, að till. hv. þm. Barð. gangi inn á það. Í n. komu fram ýmsar till. um það, hvernig ætti að skipta þorskveiðisvæðunum, og niðurstaðan varð sú, sem hér liggur fyrir í frv. En ég gæti sætt mig við það, að ekki væri slegið neinu föstu um að ákveða svæðin, heldur verði það reglugerðarákvæði síðar.

Þegar við töluðum um það, hvaða afvik frá meðalafla væru hæfileg, að því er snertir þorsk- og síldveiðar, til þess að réttlæta bætur, þá ræddum við um það, hvort hægt væri að bæta strax að einhverju leyti úr sjóðnum, ef t. d. aflamagnið væri 90% af meðalafla. En við komumst brátt að þeirri niðurstöðu, að þá þyrfti sjóðurinn geysilegar tekjur, ef hann ætti að inna af hendi nokkrar verulegar bætur. Við gerðum okkur enn fremur ljóst, að skellirnir, sem útgerðin hefur orðið fyrir, eru svo gífurlegir, að jafnvel hinn sterkasti sjóður mundi tæmast á einu ári, ef síldveiðin ætti að fá bætur við jafnlítil frávik frá meðalafla eins og þorskveiðarnar. Þess vegna urðum við að sætta okkur við það ákvæði, að á síldveiðum væri ekki farið að bæta neitt skakkaföll neðan við meðalafla, nema það væri 65%, eða 35% fyrir neðan meðalafla. Hvor tveggja þessi ákvæði, 65% og 75% sem hámark áður en til bóta kemur, eru miðuð við, að það sé ekki hægt að ákveða það hærra nema meira fé komi í sjóðinn strax. Ef menn vilja hækka þessi takmörk og hafa síðan bótastigann öllu hærri, eins og fram er komin till. um, en afla sjóðnum ekki meira fjár en við gerðum, þá er það aðeins ómerkilegur óskaseðill þeirra manna, sem vilja fá fögur orð á pappírinn, en eru ekki að hugsa um framkvæmdina. Það er því tilgangslaust að ganga frá frv. á þennan hátt. Það hafa komið fram aths. um það, að öllum síldveiðiskipunum skuli ekki eiga að veita bætur úr sjóðnum, t. d. ekki þeim, sem stunda veiðar með reknet eða landnætur. Þetta stafar eingöngu af því, að til þess að geta ákveðið bætur úr þessum sjóði, þarf að vera hægt að ná meðaltali einhverja normalvertíð. Reknetaveiðin er um allt land ígripaveiði, sem stundið er mjög skamman tíma, og er ekki um neina ákveðna vertíð að ræða og því vafasamt, hvort hægt er að fá út nokkurt meðaltal, sem unnt væri að miða bæturnar við, og alveg það sama má segja um veiði í landnót. Þar sem um er að ræða slíka ígripaveiði á þorskveiðum, þá væri ekki um að ræða slíkar bætur eða meðaltalsútreikninga fyrir ákveðnar verstöðvar, heldur verður að miða bæturnar við fullan úthaldstíma.

Eitt af stóru vandamálunum hjá okkur í n. var það, við hvað ætti að miða meðaltalsútreikninginn. Við fundum það út, að sveiflurnar eru stórkostlegar á síldveiðunum. Reynslan undanfarin ár hefur sýnt, að það geta verið mörg aflaleysisár á síldveiðum í röð. Við töldum því, að það þyrfti að miða við nokkuð mörg ár til að finna meðalafla á síldveiðum,

og settum það við 8 ár. Ef það er ekki hægt að finna út meðalafla við þessa veiðiaðferð með því að taka nokkuð mörg ár undir, þá er það ekki hægt með því að taka mjög langt tímabil, því að það geta orðið svo miklar umbreytingar á veiðiaðferðum og veiðitækni, að ekkert sé við það miðandi, og þess vegna verður að gæta þess að hafa tímabilið ekki of langt. Við þorskveiðarnar er till. miðuð við 4 ár. Hins vegar finnst mér það ekki vera verkefni fyrir nefnd, sízt af öllu n. útgerðarmanna, að ákveða, við hve langan tíma á að miða til þess að fá út meðaltalsútreikning, þannig að um réttlæti væri að ræða. Ég mundi því ekkert segja við því, þótt brtt. kæmi um tímalengdina, að því er grundvöll fyrir meðaltalsútreikninginn snertir. Ef menn vilja heldur hafa 10 ár til þess að undirbyggja útreikninga fyrir síldveiðarnar og 5—6 ár fyrir þorskveiðarnar, þá er ekkert við því að segja, en nefndarverkefni er þetta ekki.

Sumar till., sem fram komu, þurfa ekki að vera neitt ágreiningsatriði. Það skiptir litlu máli, hvort 5 menn eða 3 eru í stjórninni. Við unnum framan af að því í n. að hafa þetta sem minnst bákn og lögðum til, að þetta yrði 3 manna stjórn. En svo vildi Fiskifélag Íslands eiga fulltrúa í stjórninni, þá voru komnir 4 aðilar, og var þá ekki um annað að ræða, ef samkomulag átti að nást í n. um þetta aukaatriði, en að ganga inn á að hafa 5 manna stjórn. Ég mundi hafa sætt mig við þriggja manna stjórn. Um afgreiðslu sjóðsins og reikningshald var aðallega rætt um tvo möguleika. Sumir töldu, að fyrst Fiskifélag Íslands ætti að bera meginvinnuna við útreikningana og framkvæmd málsins, þá ætti þessi aðili líka að sjá um reikningshald fyrir sjóðinn og það ætti ekki að vera á tveim stöðum framkvæmdin á þessu. En aðrir sögðu, að eðlilegast væri, að Fiskveiðasjóður Íslands hefði þetta með höndum, það geti staðið þannig á mannafla hjá honum, að hann þurfi engan aukinn vinnukraft að taka í þetta hlutverk og geti það án þess að auka rekstrarkostnaðinn og án þess að taka sérstaka greiðslu fyrir það. Þess vegna kemur það fram í aths. okkar um frv., að það geti komið til mála að fela öðrum en Fiskifélagi Íslands rekstur sjóðsins, t. d. fiskveiðasjóði, ef hagkvæmara þætti. Þetta atriði held ég því að standi alveg opið að ganga inn á brtt. um, ef líkindi eru til, að það reynist sjóðnum kostnaðarminna heldur en hitt fyrirkomulag framkvæmdarinnar.

Eins og nú hefur komið í ljós hér í d., þá var það svo í n., að mönnum sýndist mjög sitt hvað um það, á hvern hátt ætti að afla sjóðnum tekna, og ég held, að allar till., sem komið hafa fram í d., hafi komið fram í n. Auðvitað var enginn ágreiningur um það, að helmingur eignaraukaskattsins ætti að vera þarna frumundirstaðan, það er þegar lögbundið. En það var allt í óvissu um það, hve há upphæð mundi skila sér, töldu þó nm. framtalsnefndar, að þessi helmingur mundi ekki verða undir 5 millj. kr. og ef til vill meira. En þeir sögðu, að sumir liðir gætu brugðizt vegna þess, að sumir af þeim, sem ættu að borga stórupphæðir, væru útgerðarmenn og fyrirtæki, og þegar ekki væri vitað, hvernig hag þeirra aðila væri komið, þá gæti innheimta tekna af eignaraukaskattinum orðið önnur og rýrari en útreikningarnir á pappírnum bentu til. Þorðum við því ekki annað en að slá þann varnagla, að ríkissjóður skuli greiða það, sem á vantar 5 millj. kr. Við töldum, að okkur bæri að ganga þannig frá því, að stofnfé sjóðsins yrði sem minnstur vonarpeningur. Niðurstaðan í n., eftir að rætt hafði verið um tekjuöflunarleiðir til sjóðsins, varð sú, að við fórum inn á þessa leið með meirihluta-atkvgr., að tekjurnar skyldu vera: Í fyrsta lagi 2% af óskiptu aflaverðmæti bátaflotans. Ríkisstj. hefur lækkað þetta um helming og þar með líka lækkað framlag ríkissjóðs um helming. Það er alveg rétt, að þar er farið inn á þá leið, að að fjórða hluta skuli tekjuöflun sjóðsins hvíla á hlutarsjómönnum og að fjórða hluta á útgerðarmönnum, sem sjá þannig fyrir sínum helmingi en ríkissjóður leggi svo á móti sinn helming. Út frá hreinu stéttarlegu sjónarmiði, sem mér hefði borið að vera talsmaður fyrir, er það alveg rétt, að þarna eru byrðarnar á hlutarsjómönnum. En ég taldi þetta ekki óeðlilegt, og miða ég þar við þann eina vísi til hlutatrygginga, sem til er í landinu, hlutatryggingasjóðinn í Bolungavík. Þar hefur samizt svo um milli sjómanna og útgerðarmanna, að þeir skyldu taka saman á sig þá byrði að leggja 2% af óskiptu aflaverðmæti í sjóðinn, þó að þeir fengju ekki nema 0,7% úr honum á móti, en það gæti gengið ágætlega, ef ríkissjóður legði 2% á móti. Hvað er hér verið að tryggja? Fyrst og fremst það, að útgerðarmenn verði þess megnugir að standa í skilum við sjómenn og halda útgerðinni gangandi. Nú mundu sumir segja, að engin hætta sé, þótt útgerðarmaður borgi ekki umsamda tryggingu, því að sjómenn séu tryggðir fyrir vanskilum með sjóveði. En það að ná sjóveði kostar stöðvun útgerðarinnar um lengri tíma og atvinnuhnekki fyrir sjómanninn. Þarna er þess vegna verið að reyna að tryggja, að með nokkru framlagi frá hásetum, jöfnu framlagi frá útgerðinni og síðan með framlagi ríkissjóðs sé gert mögulegt að komast hjá stöðvun vegna málaferla út af sjóveðskröfum. Eins og fram kom hjá hv. 1. landsk., lít ég svo á, að ef tækist að byggja upp öflugan sjóð eins og þennan, væri það meginhagur þjóðfélagsins og aukið atvinnuöryggi fyrir útgerðarmenn og sjómenn og til þess bæri að fórna. Við erum þannig settir, að aðalatvinnuvegur okkar er hinn áhættusamasti og þjóðfélagið á svo mikið undir þessum atvinnuvegi. Þegar tekjur af sjávarútveginum hafa brugðizt, er ríkið sízt fært um að hlaupa undir baggann. Þess vegna verður þetta ekki gert nema með því að hafa tryggingalag á þessu, þ. e. að framlög til þess að tryggja þennan atvinnuveg verði lögð fram þegar honum vegnar vel, en komi honum að notum, þegar honum vegnar illa. Þetta virð-

ast sjómenn og útgerðarmenn binda miklar vonir við. Kröfurnar um slíkar tryggingar koma því eðlilega ekki aðeins frá útgerðarmönnum, heldur líka frá sjómönnum. — Móti þessu segja menn enn fremur, að erfitt kunni að verða að innheimta einn hundraðshluta af óskiptu aflaverðmæti. Ég skal játa, að það er hugsanlegt. Aftur á móti gengi það nokkuð af sjálfu sér, segja menn, ef þessi tekjustofn væri tekinn sem útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það er einnig rétt. Hins vegar verður ekki á móti því mælt, að með því að taka þetta með útflutningsgjaldi, þá falla ekki öll verðmæti undir útflutningsgjaldið. Hér getur líka komið til, eins og frsm. gat um áðan, að með því að grípa til útflutningsgjaldsins getur komið á aðra að bera útgjöldin en þá, sem fá bætur úr sjóðnum. Útgerðarmaður á að fá bætur til þess að standa í skilum gagnvart sínum sjómönnum, en hann hefur selt fiskinn hraðfrystihúsi, sem er í eigu allt annars manns, og þetta hraðfrystihús er síðan útflytjandinn. Útgerðarmaðurinn fær þá samkvæmt þessu greiðsluna, en hraðfrystihúsið, sem í þessu tilfelli er allt annar aðili, verður að borga í sjóðinn. Ég skal taka fram, að ef menn geta sameinazt um það að taka þetta ekki af óskiptum afla, heldur með útflutningsgjaldi, skal það ekki stranda á mínu atkvæði, ef sjóðnum eru tryggðar svipaðar tekjur með seinni aðferðinni og hinni fyrri.

Eitt af því, sem olli okkur mestum heilabrotum í n., var að finna úr réttlátan bótaskala til þess að úthluta bótum úr sjóðnum eftir. Nú hefur yfirleitt ekki verið ráðizt mikið á það kerfi, sem þessi skali byggist á, heldur hafa komið fram brtt. um að hækka hann, en þó í þeim hlutföllum, sem í honum felast. En meginbreyt., sem hér liggur fyrir um starfsemi sjóðsins, er í því fólgin, hvort sjóðurinn eigi að veita bætur samkvæmt þessum ákvæðum, sem eru í 9. gr., meðan nokkur eyrir er í sjóðnum, eða hvort hann eigi að starfa á þessum grundvelli þangað til ausið hefur verið úr honum öllum tekjum hans og komið að stofnfénu. Ég sé ekki, að á þessu sé mikill munur. Ef fyrstu árin, sem sjóðurinn starfaði, yrði að úthluta öllu nema stofnfénu og komið væri inn ákvæði um það, að stofnféð mætti aldrei skerða, væri hann óstarfhæfur, og til að fyrirbyggja það, yrði að setja sjóðinn aftur í sitt upphaflega form. Ef ganga mætti nær honum, gæti farið svo, að hann yrði starfhæfur eitt ár til. Segjum, að það væri líka hallærisár og að bæta yrði þar úr. Hvort væri þá betra að bæta úr því með stofnfé sjóðsins eða hjálp ríkissjóðs? Ég sé ekki, að á því sé mikill munur. Hér í frv. er ákvæði um það, að aldrei megi ganga nær sjóðnum en svo, að í honum standi 30%. Sé gengið á stofnféð, minnkar þetta 30% magn, sem ekki má skerða. Ég tel mjög vafasamt, hvort nokkur vandi er leystur með þessu ákvæði, að ekki megi skerða stofnsjóðinn.

Ég vil gera það öllum ljóst, að þótt ég hafi tekið þátt í samningu þessa frv., þá hefur mér aldrei dottið í hug, að þetta væri það eina rétta form á þessu máli, og get svo hjartanlega samþ. hverja till., sem stæði til bóta. En það má bara ekki vera tilviljun háð, hvernig þær brtt. verða. Ég er því ákaflega leiður yfir því, að ekki skuli hafa tekizt samstarf milli sjútvn. Ed. og Nd. um að koma sér saman um breyt., sem ættu að verða á frv. áður en það kæmi til atkvæða í Nd. Mér hefði fundizt eðlilegast, að þær till., sem hér hafa komið fram, væru teknar aftur til 3. umr. og n. ynnu síðan saman og kæmu sér saman um meginbreyt., sem ættu að ná fram að ganga.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um frv., en vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við 4. gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 4. gr. Á eftir orðunum „ákveðin svæði og“ komi: ákveðast takmörk þeirra með reglugerð —, en áframhald greinarinnar, þar með stafliðirnir a, b, c og d, falli niður“.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 3. landsk. (HV) og hv. þm. N-Þ (BK) við 4. gr. frv., sem hv. 3. landsk. hefur nú lýst. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 646) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það hefur nú ekki svo mjög verið rætt um þær brtt., sem ég hef flutt hér og skýrði í meginatriðum í ræðu minni hér í gær, svo að ég þarf kannske ekki svo mjög að deila við þá ræðumenn, sem hafa talað hér á undan mér. En þó eru nokkur atriði, sem ég verð að minnast á af þeim, sem fram hafa komið.

Ég vil þá fyrst minnast á þá skriflegu brtt., sem hv. 1. landsk. hefur flutt hér varðandi tekjuöflun í sjóðinn og er á þá leið, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að tekið sé 1% af óskiptum verðmæti afla bátanna, án frekari fyrirmæla um það, sem mundi þýða, að það yrði tekið jafnt af hluta útgerðarinnar og hluta skipverja, þá vill hann raunar halda þessu fyrirmæli um að taka 1% af aflanum, en á þann veg, að það skerði ekki hlut skipverja, heldur sé það greitt aðeins af hlut útgerðarinnar. Ég er hv. þm. sammála um það, eins og ég tók mjög skýrt fram í gær, að ekki eigi að taka þetta hundraðsgjald af hlut sjómanna. Hins vegar álít ég ekki, eins og hann, að fært sé að leggja slíkt iðgjald á útgerðina sem gert yrði með þessu, því að það mundi í raun og veru þýða það, að útgerðarmaðurinn eða útgerðarfélagið yrði að borga 2% af þeim aflahlut, sem í hlut útgerðarinnar kæmi. Og ég hygg, að með því ástandi og þeim erfiðleikum, sem bátaútvegurinn á nú við að búa, sé of mikið að ætlast til þess, að útgerðin greiði svo hátt iðgjald sem hér um ræðir, enda er það miklu hærra en gert er ráð fyrir í öðrum till., sem komið hafa fram um þetta efni. Ég

mun þess vegna ekki geta fylgt þessari till., eins og hún er fram borin.

Þá vil ég minnast á atriði, sem raunar kemur ekki þessu máli, sem hér er um að ræða, neitt sérstaklega við, en hv. 1. landsk. leiddi inn í umr. Hann ræddi hér um það, að með þessu frv. og þessari sjóðsstofnun hefði hann staðið að tryggingu þess, að útgerðin gæti staðið við þá skuldbindingu, sem hún hefði tekið á sig í samningum við flest eða öll stéttarfélög sjómanna um að greiða þeim þá lágmarkstryggingu, sem felst í þessum samningum milli útgerðarmanna og sjómannafélaganna. Og út frá því fór hann að ræða um, hvernig þessi lágmarkstrygging hefði komizt á, og gat ég ekki betur heyrt en að hann segði, að hann væri faðir að þessari kauptryggingu. Ég skil þessi ummæli hans þannig, að hann hafi verið að koma því hér á framfæri, að hann hafi átt frumkvæðið að því að koma þessu ákvæði um lágmarkstryggingu sjómanna inn í samningana. *(SÁÓ: Ætli það sé ekki rétt?)* Nei, það athyglisverðasta við þetta er það, að þetta er ekki rétt. Fyrsti samningur,. sem gerður var milli stéttarfélags og útgerðarmanna um lágmarkstryggingu skipverja, var gerður af Sjómannafélagi Norðurlands sumarið 1936, eftir það harðvítugasta verkfall, sem háð hefur verið hér á landi og snerist fyrst og fremst um þetta ákvæði. Árangurinn af verkfallinu varð sá, að þetta var í fyrsta skipti tekið upp í samninga við útgerðarmenn. Það var því Sjómannafélag Norðurlands, sem ruddi brautina, og önnur sjómannafélög komu síðan í kjölfarið. Og þó að það komi ekki þessu máli við, má nefna það, að sú trygging, sem síðar var sett af sjómannafélögum hér syðra, var lægri en sú trygging, sem Sjómannafélag Norðurlands kom inn í sína samninga. Ég hefði ekki farið að draga þetta inn í umr., hefði hv. þm. ekki farið inn á þetta. En af því að hann fór inn á þetta, vil ég mótmæla því og tel, að ástæðulaust hafi verið af honum að lauma þessu inn í þingtíðindin sem sérstöku afreki af sinni hendi, sem hann hefur engan þátt átt í.

Þá skal ég víkja að frv. því, sem hér liggur fyrir, og þeim brtt. og ræðum, sem hér hafa verið fluttar, að svo miklu leyti sem ég þarf að gera við það athugasemdir.

Hv. þm. Barð. (GJ) færði það m. a. fram sem rök gegn þeirri till. minni, að stjórn sjóðsins skyldi vera ólaunuð, að það mundi stríða gegn stjskr., hann hefði a. m. k. heyrt það utan að sér, að það mundi vera svo, það væri ekki hægt að gera þá kröfu til þeirra manna, sem skipuðu n., að þeir ynnu þetta starf án sérstakra launa. Það er nú orðið — ekki kannske almennt, en kemur oft fyrir, að það er notað sem rök gegn framgangi ýmissa mála í þinginu, ef gerðar eru ákveðnar kröfur, að það stríði gegn stjskr. En ég verð að segja, að mér finnst þetta nokkuð langsótt í þessu sambandi. Þetta er svo mikil fjarstæða, að ekki er hægt að halda henni fram, enda fann ég það, að hv. þm. Barð. sagði þetta ekki í mikilli alvöru. Og þó að n. séu stundum launaðar, þá er hitt ekki óalgengt, að sett séu þau ákvæði í lög, að þær skuli vera ólaunaðar, og væri það varla gert, ef það væri á móti stjórnarskránni. Og það er alls ekki tilfellið, að þessi n. sé ólaunuð, þó að hún fái engin sérstök laun fyrir þetta. Ég gat þess í gær, að allar þær stofnanir, sem tilnefndu menn í stjórnina, hefðu fleiri menn á föstum launum, og störf stjórnarinnar eru ekki það mikil, að þeir gætu ekki eftir sem áður gegnt starfi sínu, en ef svo er ekki, mundi það þá bitna á starfinu hjá viðkomandi stofnun. Þeir eru því á föstum launum, en ekki launalausir. Og kemur það allundarlega fyrir sjónir eftir allar bollaleggingarnar um sparnað, ekki sízt hjá stjórnarsinnum, og um að draga úr ríkisbákninu, ef nú þykir ófært í sambandi við stjórn þessa sjóðs að hlaða ekki miklum kostnaði af skrifstofuhaldi á hann. Og mér finnst það alveg sérstaklega undarlegt, að hv. þm. Barð., sem er form. fjvn. og hefur margrekið sig á það, að menn taki laun fyrir mörg störf, skuli finnast það óviðeigandi, að þessir menn, sem eru á föstum launum hjá fyrirtæki sínu, skuli ekki fá laun einnig hjá sjóðnum. Ég legg áherzlu á það og hef haldið því fram í umr., að engin þörf sé að setja launuð embætti við sjóðinn, heldur sé bezt, eins og kemur fram í tillögum mínum, að sjóðurinn spari að eyða fé sínu í stjórnar- og skrifstofukostnað, heldur verji því til bóta, sem sennilega er nóg þörf fyrir eins og verið hefur fram að þessu. Hv. þm. Barð. fannst óþarft að hafa sjóðinn hjá Fiskifélaginu og taldi, að það mundi hafa í för með sér, að þar yrði að bæta við meira starfsliði eða jafnvel nýrri deild, en fiskveiðasjóður gæti annazt þetta fyrir lítið eða ekki neitt. Ég skil ekki þennan mun, að það kosti lítið hjá fiskveiðasjóði, en jafnvel nýja deild hjá Fiskifélaginu. Hins vegar er ég honum sammála í því, að þetta þurfi ekki að kosta neitt til muna aukna starfskrafta, hvort sem það er hjá fiskveiðasjóði eða Fiskifélaginu, sem hafa hvort sem er skrifstofuhald. En ég tel heppilegra að hafa það hjá Fiskifélaginu, því að þar eru allar aflaskýrslur og annað, sem þarf til að úthluta úr sjóðnum, og vænti þess, að Fiskifélagið geti annazt þetta án aukins starfsliðs og verulegs kostnaðar á venjulegu ári.

Ég vil nú minnast á eitt atriði, sem lítið hefur verið rætt og ég drap ekki á í gær, og ég er ekki sammála till., sem liggja fyrir um það atriði, en það er skiptingin milli deilda. Ýmsar till. hafa verið bornar fram um tekjuöflun, en hvort sem þær gera ráð fyrir, að þær séu teknar af óskiptum afla eða af útfluttum, þá gera þær ráð fyrir, að tekjur af þorskveiðum renni til þorskveiðideildar og tekjur af síldveiðum til síldveiðideildar, og verð ég að fallast á, að varla er hægt, að ein deildin taki frá annarri. En hins vegar tel ég, vegna þess hve síldveiðar eru áhættusamar, þá verði að renna meiri tekjur til þeirra, en það er ekki gert, hvorki í frv. né till. þeim, sem komið hafa fram, nema í till. minni að nokkru leyti. En samkvæmt frv. á framlag ríkisins, og

hjá hv. þm. Barð. útflutningsgjaldið, að skiptast í hlutfalli við afla, en undanfarin ár hafa tekjur af þorskveiðum verið meiri en af síldveiðum, sem hefur í för með sér, að þorskveiðideild fær meiri tekjur en síldveiðideildin. Þetta held ég að sé rangt, og þess vegna legg ég til í mínum till., að tekjum þeim, sem þannig verður aflað samkv. 1. lið, verði skipt jafnt milli deildanna. Það held ég að sé það skemmsta, sem hægt er að fara, og raunar held ég, að meira hefði átt að fara til síldveiðideildar, en ekki eins og nú er, að þorskveiðideild fái meira. Ég tel slíkt rangt, og getur verið, að síðar meir verði að breyta þessu meira en ég geri.

Þá vil ég minnast á bætur eftir hinum ýmsu till. Hv. þm. Barð. telur, að með sínum till. sé farin einfaldasta og auðveldasta leiðin, en hins vegar skýrði hann þetta ekki það rækilega, að ég kæmist að því, hvernig beri að skilja hana og hvað fyrir honum vakir, og er ég þó búinn að lesa till. vel og finnst mótsögn hjá honum. Hann telur, að þegar skip í einhverjum flokki eru að meðaltali með fyrir neðan 75% af meðalaflamagni, þá komi allur flokkurinn til bóta án tillits til afla hvers einstaks skips, nema þá að þau nái vissu hámarki. En það er óvenjulegur aflabrestur, ef ekkert skip nær 75% af meðalafla, og ber þeim þá einnig bætur, en samkvæmt fyrirmælum, sem síðar koma, segir, að ekki eigi að bæta þeim. Þetta er því mótsögn, þar sem fyrst er sagt, að öllum skipunum eigi að bæta jafnt án tillits til aflamagns, en svo er sagt síðar, að svo skuli ekki vera, og skil ég ekki, hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Ef ber að skilja þetta svo, að það eigi að bæta skipum án tillits til aflamagns, þá get ég ekki fallizt á það. Það verður að taka tillit til tryggingaþarfarinnar og því þarf að bæta þeim meira, sem minna hafa aflað, a. m. k. að vissu marki, og ef hlutverk sjóðsins er það, sem ég hef haldið, að gera útgerðinni mögulegt að standa við hlutatrygginguna, þá held ég, að hér sé rangt að farið. Mínar till. miða að því, að bætur verði greiddar að því marki, að útgerðin geti borgað lágmarkskauptrygginguna eða sem nálgaðist það, svo að hægt væri þess vegna að halda útgerðinni áfram. Í sambandi við mótsögnina í till. hv. þm. Barð. skilst mér, að einnig í sjálfu frv. kenni nokkurrar mótsagnar hvað varðar bætur til síldarskipa. Í 4. gr. er gerður munur á, hvenær komi til bóta á síldveiðum og þorskveiðum, þannig að á þorskveiðum kemur til bóta, þegar aflinn er undir 75% af meðalaflamagni, en á síldveiðum þegar aflinn er undir 65% af meðalaflamagni. Hins vegar fæ ég ekki séð, að í ákvæðum um bætur sé gerður greinarmunur á bótum til deildanna og eru þær prósentvís þær sömu og gert ráð fyrir 75%. Þetta er misræmi, sem þarf að athuga. Ég er ekki viss um, að þurfi að gera þennan mismun, og það er ekki gert í till. mínum, heldur miðað alls staðar við 75%. Frsm. meiri hl. n., hv. þm. N-Þ., var í ræðu sinni að færa rök gegn brtt. hv. þm. Barð., að setja aðeins reglugerð um skiptingu, bótatíma og annað í 2. gr., og færði sem rök, að ef þetta væri gert, þá yrði meðalaflamagn sett svo hátt, að sjóðurinn kæmist í þrot, og taldi, að ég hefði játað, að tilhneiging væri hjá útgerðarmönnum og sjómönnum til að setja þetta aflamark sem hæst, en þetta kemur til kasta hæstv. ráðh., og hann hefur tilhneigingu til að halda meðalaflamagninu niðri. Þetta er líklega byggt á því, að hv. þm. hefur ekki tekið nógu vel eftir eða ekki sagt nema hálfan sannleikann. Ég benti að vísu á, að þessi tilhneiging væri sennilega til staðar, en benti hins vegar á og færði sem rök, að í framkvæmdinni mundi þetta ákveðið of lágt, en til að fá staðfestingu á reglugerðinni þarf staðfestingu ráðh., og hann hlýtur að hafa það sjónarmið að gæta hagsmuna sjóðsins og mundi því reyna að halda meðalaflamagninu niðri, eins og ég gat um áðan, og ástæða er því til að halda, að markið verði sett heldur lægra en hærra en það raunverulega er. Þetta er því rangt hjá hv. þm. N-Þ. Ég álít þvert á móti, að í ákvæðum eða reglugerð um þetta verði markið sett neðar en normalt er, og með tilliti til þess vil ég gera till. um að hækka bótastigann, svo að hann verði það hár, að hann nægi til að standa undir tryggingunni. — Enn fremur hélt hv. þm. N-Þ. því fram, að sú till. mín að taka hlut af nettóhagnaði bankanna til að standa undir þessu sé brot á l. Þó að ákveðið sé í l., að þessar tekjur séu skattfrjálsar, þá er ekkert auðveldara fyrir Alþ. en breyta þessu og setja slík ákvæði í l. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hér á Alþ. er breytt með einum l. mörgum öðrum lögum, og er því ekkert auðveldara en breyta bankal. hvað þetta snertir, ef vilji er fyrir hendi, og þarf það því ekki að standa í vegi. Mér finnst þetta það heppilegasta, að taka peningana þar, sem þeir eru, enda er gert ráð fyrir, að peningar sjóðsins séu í vörzlu bankanna, þegar ekki kemur til úthlutunar, og það er lengur en hitt. Þetta mundi einnig gera bönkunum auðveldara fyrir, þar sem útgerðin mundi greiða skuldir sínar við þá. — Þá gat hv. þm. N-Þ. þess, að tilhneiging mundi verða til að bæta eftir þörfum úr sjóðnum, en sjóðurinn mundi ekki hrökkva til meiri bóta en þarna eru ákveðnar. Það er reynslan, sem sker úr því, hvort sjóðurinn standi undir þessu. Í mínum brtt. er gert ráð fyrir, að tekjurnar séu ¼ hærri en gert er ráð fyrir í frv., en þar er gert ráð fyrir 3 millj. kr. tekjum, en hjá mér er gert ráð fyrir 4. millj.

Þá vil ég minnast aðeins á eitt atriði, sem rætt hefur verið um, og það er, hverja sé raunverulega verið að tryggja með þessu frv. og þeim sjóði, sem ætlað er að mynda. Ég held, að í raun og veru sé nú ekki hægt að deila um það, að það er fyrst og fremst verið að tryggja útgerðina. Það er verið að gera tilraun til þess að tryggja það, að á aflaleysisárum sé til sjóður, sem geti bætt útgerðinni upp þann aflabrest, sem hún verður fyrir, upp að tilteknu marki, og með því verður hún auðvitað færari um að inna af hendi þær skuldbindingar, sem

hún hefur tekið á sig. Skipverjar fá ekki með þessu aðra tryggingu — ef þeir þá fá einhverja tryggingu — en aukna tryggingu fyrir innheimtu á því lágmarkskaupi, sem þeir hafa tryggt sér með samningum sínum við útgerðarmenn. En frá mínu sjónarmiði álít ég, að ekki sé hægt að réttlæta það, að vegna þessarar auknu tryggingar fyrir innheimtu umsamins kaups eigi sjómenn að fara að borga iðgjald í tryggingarnar. Það væri sama og ef launþegar ættu að stofna einhverja tryggingu fyrir því, að þeir fengju greitt kaup sitt, og borguðu í hana iðgjöld. En ég held, að mönnum geti komið saman um, að óþarfi sé að fara inn á slíka braut, enda mundi það ekki þýða annað en það, ef tekin væru gjöld af óskiptum afla, að með því væri verið að lækka umsamið kaup skipshafna til þess að tryggja þeim greiðslu á kaupi sínu. Að fara inn á slíka braut tel ég algerða fjarstæðu og er ég eindregið á móti því, að sú leið sé farin, hvað sem að öðru leyti verður ofan á með þessa tekjuöflun handa sjóðnum.

Ég held, að það sé þá ekki meira, sem ég þarf að taka fram í þessu sambandi. Ég mun, þegar til atkvgr. kemur, greiða atkvæði með ýmsum till., sem hv. þm. Barð. flytur, en mun hins vegar að sjálfsögðu leggja kapp á það, að þær brtt., þar sem ég vil fara aðrar leiðir, nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Ed., 7. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 614,1.a felld með 9:8 atkv.
Brtt. 614,1.b felld með 9:5 atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 614,2 (ný 4. gr.) samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁS, BBen, BrB, EE, GJ, JJós, LJóh, PZ, StgrA.

nei: BK, BÓ, GÍG, HV, HermJ, SÁÓ, BSt.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég sé ósamþykkur einstökum atriðum þessarar gr., er ég henni meir samþykkur en 4. gr. frv. og segi þess vegna já í trausti þess, að henni verði breytt við 3. umr., sérstaklega 1. málsgr. gr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get ekki verið með sumum ákvæðum þessarar gr., enda þótt ég sé með sumum undirliðum hennar, og verð því að segja nei.

Brtt. 646 kom ekki til atkv.
Brtt. 614,3 (ný 5. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 619,1 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 614,4.a samþ. með 10:6 atkv.
Brtt. 614,4.b samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 614,4.c felld með 10:4 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 614,5 felld með 10:5 atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 636 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 619,2 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 614,6 (ný 8. gr.) samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GJ, GÍG, HV, JJós, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS.

nei: EE, HermJ, LJóh, PZ, BBen, BK, BÓ, BSt.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Úr því að maður er neyddur til að greiða atkv. um alla undirliði í senn, þar sem maður gæti verið með einum, en móti öðrum, þá kemst ég ekki hjá því að segja nei.

Hannibal Valdimarsson: Það hafa ýmsar þær breyt. verið samþ. á frv. frá þessum sama till.-manni, sem gerir það mjög eðlilegt, að þessi till. verði samþ. líka, og segi ég því já.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er að vísu kominn í hrein vandræði, þar sem ég er á móti þessari gr. eins og hún er orðuð og líka á móti gr. í frv., en í trausti þess, að gr. í frv. verði löguð fyrir 3. umr., segi ég samt nei.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefði tilhneigingu til að vera með sumum liðum þessarar till., en þar sem búið er að breyta hér ýmsu, tek ég þann kostinn að segja já við allri till.

Steingrímur Aðalsteinsson: Þó að ég sé ekki ánægður með þær leiðir til tekjuöflunar, sem mælt er fyrir um í þessari gr., og hefði kosið, að farið hefði verið þær leiðir, sem ég lagði til í minni brtt., þá tel ég þessa till. til bóta og segi því já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með tilvísun til grg. 2. þm. Árn. segi ég nei.

Björn Ólafsson: Með því að 2. málsl. í þessari gr. leggur skatt á sérstaka stétt manna, þá álít ég gr. eins og hún er hreina fjarstæðu og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég tel réttast, þar sem ekki náðist samkomulag um sameiginlega afgreiðslu í n., að frv. fari óbreytt áfram, og segi nei.

Brtt. 619,3 felld með 12:3 atkv.
— 614,7 felld með 12:4 atkv.
— 645 samþ. með 9:4 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, BrB, EE, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, BSt.

nei: GJ.

BBen greiddi ekki atkv.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv., svo látandi:

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að gr. verði löguð við 3. umr., segi ég já.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þó að ég telji, að bætur samkvæmt 9. gr. séu of lágar, mun ég segja já, þar sem till. um breyt. á þessu hefur verið felld.

Brtt. 614,8 tekin aftur.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 614,9 felld með 9:1 atkv.
11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 614,10 felld með 9:7 atkv.
14. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 614,11 tekin aftur til 3. umr.
15.—16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 664, 670, 671).

Brtt. 670 og 671 voru of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það var alveg ljóst eftir atkvgr. við 2. umr. þessa máls, að sjútvn. þyrfti að taka málið til athugunar, áður en þessi umr. færi fram. N. tók málið fyrir á fundi sínum í morgun og ræddi það eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. á þskj. 664. Á fundi n. mætti hv. þm. Ísaf., form. sjútvn. Nd., og ræddi við n. um þær breytingar, sem málið hefur nú tekið, og samræmingu á hinum ýmsu brtt., sem fram hafa komið. Nefndin hefur orðið sammála um að bera fram 7 brtt. við það eins og það liggur fyrir á þskj. 664. Ég vil þó taka fram, að einstakir nefndarmenn, þó sérstaklega hv. þm. N-Þ., hafa óbundnar hendur við atkvgr. og um að fylgja eða flytja brtt. Þar á meðal hef ég sem form. n. borið fram brtt. á þskj. 671, og von er á annarri frá hv. þm. N-Þ. og hv. 1. þm. Reykv.

Ég vil nú í stuttu máli lýsa þeim brtt., sem n. ber fram sameiginlega. — Fyrsta brtt. er, að á eftir 4. gr. komi ný grein, er orðist eins og stendur á þskj. 670. Þessi brtt. var felld við 2. umr. á þeim forsendum, að hún ætti að koma í stað 9. gr. Öllum nefndarmönnum var samt ljóst, að þetta þyrfti að komast inn í frv., og samkomulag varð um, að það skyldi koma sem ný gr. á eftir 4. gr. Um þetta var enginn ágreiningur í nefndinni.

Þá er næsta brtt., við 6. gr. Það var samþ. við 2. umr., að ráðh. ákvæði „laun" stjórnarinnar og endurskoðenda, en samkomulag varð um það í n., að í staðinn fyrir orðið „laun" kæmi: þóknun.

Þriðja brtt. n. er við 8. gr., þannig að á eftir 2. tölulið komi nýr liður, sem orðist svo: „3. Ef tekjur sjóðsins samkv. 1. og 2. tölulið nema minna en 4 millj. kr., skal ríkissjóður leggja sjóðnum til fé, sem vantar á 4 milljónir." Nú er gert ráð fyrir, að tekjur sjóðsins nemi samkv. 1. og 2. tölulið 8. gr. samtals 3—3½ millj. kr. Þær tekjur geta vitanlega breytzt, og þótti n. rétt að setja þetta ákvæði inn í frv. Það hlýtur að liggja ljóst fyrir, að eðlilegt er að tryggja sjóðnum ákveðnar árstekjur, og verður það varla gert á annan hagkvæmari hátt en þennan. Um þetta atriði, 4 millj. kr. árstekjur, var fullt samkomulag í n.

Fjórða brtt. er við 9. gr., þannig að fyrir 1. og 2. málsgr. komi ný málsgrein, sem orðist á þessa leið: „Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafla skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafla, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu." Þessi breyting er gerð fyrir þá sök, að nú eru í 9. gr. tvær málsgr., sem varla geta átt hvor við aðra og því ekki rétt að láta þær standa. Um þessa breytingu var fullt samkomulag í nefndinni.

Fimmta brtt. er við 10. gr., og orðist hún á þessa leið: „Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 9. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða." Hér er sá mikli eðlismunur á, ef þetta verður samþ., að strax skal grafa fyrir rætur þess meins — ef um það er að ræða —, sem aflabrestinum veldur, en eins og frv. er nú úr garði gert, getur það dregizt í þrjú ár. Um þessa breytingu var einnig fullt samkomulag í nefndinni.

Sjötta breytingin er við 11. gr. Við þá grein bar ég fram brtt. við 2. umr., sem felld var þá, en n. þótti, að athuguðu máli, rétt að orða greinina upp og hafa hana svo hljóðandi: „Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni." Nefndinni þótti, að mjög erfitt yrði, eins og 11. gr. frv. í sinni núverandi mynd segir, að greiða fyrst kaup og fæði, vátryggingargjöld, kol, olíu, beitu og veiðarfærakostnað o. s. frv., allt með framlagi frá þessum sjóði. Hún tók því þann kostinn að telja aðeins upp í frv. þrjá liði, er ganga skyldu fyrir, síðan skyldi annar kostnaður greiddur eftir því, sem fé hrykki til.

Sjöunda brtt. er við 14. gr. Ég hafði borið fram brtt. við 14. gr., en hún var felld við 2. umr. Aftur á móti getur 14. gr. ekki staðizt eins og hún nú er í frv., og leggur n. því til, að þessi grein verði orðuð svo: „Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga."

Allar þessar brtt. ber sjútvn. fram sameiginlega. Þó ber þess að geta, að 1. þm. Reykv. var ekki á fundi, þegar n. afgr. málið. Ég vil einnig taka það fram, að n. ætlast að sjálfsögðu til, að þegar samin er reglugerð samkv. 4. gr., þá verði þeir bátar, sem aðeins stunda sumarveiði, ekki útilokaðir frá ákvæðum þessara laga. Það á að vera tryggt með reglugerð, að eigendur þeirra báta geti einnig fengið bætur. — Þá hef ég tekið fram allt það helzta í sambandi við þessar brtt., en ég vil benda á, að verði þær samþ., þá er þar með sköpuð ein samræmd heild úr þessu frv. Það getur þó vel svo farið, að einhverjar aðrar brtt., t. d. við 4. gr., verði samþ., og er þá nauðsynlegt að taka sumar þessara til baka. Eins og er finnst mér þó eðlilegast, að þessar brtt. verði samþ. og frv. þannig sent til Nd.

Ég hef nú við þessa umr. borið sjálfur fram brtt. við 9. gr., á þskj. 671, sem er þannig, að á eftir 4. málsgr. komi: „Engan hlut má bæta upp meira en svo, að hann verði jafnhár að verðmæti meðalaflahlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar.“ Ég tel, að þessi brtt. sé alveg óhjákvæmileg, en á það hafa hv. meðnefndarmenn mínir ekki getað fallizt og vísa til þess, að í 9. gr. sé ákvæði um, hvernig bæta skuli aflann, en þrátt fyrir það tel ég ekki vera hægt að standa á því. Ef ekkert svipað ákvæði og felst í brtt. minni er sett inn í frv., gæti þar af skapazt mikið ranglæti. Þetta ákvæði var í einni af þeim brtt. frá mér, sem felldar voru við 2. umr., en ég tel, að eins og málum er nú komið, sé alveg nauðsynlegt, að þessi grein komist inn í frv.

Þá var og rætt um það í n., hvort ekki ætti að breyta síðustu málsgr. 9. gr. í sambandi við stofnfé sjóðsins, þ. e. a. s., hvort leyfa ætti meiri eða minni greiðslur en sú málsgr. segir til um. Sumir nm. vildu ekki hafa stofnféð svo fastbundið eins og þar er gert ráð fyrir, en aðrir vildu auka við það fé á ári hverju, sem ekki mætti hreyfa. Ég var meðal þeirra síðarnefndu, en hef þó ekki viljað koma fram með brtt. um þetta atriði nú, þótt það sé auðvitað mjög varhugavert að gera ekki ráðstafanir til þess, að sjóðurinn, sem á að vera hjálparhella útgerðarinnar, aukist og stækki frá ári til árs. Helzt þyrfti hann að vera 25—100 millj., ef öruggur og tryggur ætti að vera.

Ég hygg nú, að ég hafi tekið allt fram fyrir hönd n., sem fram þarf að taka, og vænti þess, að þær brtt., sem hún gerir, verði samþ. Hinir aðrir nm. munu svo að líkindum gera grein fyrir sinni afstöðu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 672, sem kom of seint fram, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um brtt. þær, sem fram eru nú komnar. Ég hef fallizt á þær vegna breytinga þeirra, sem frv. tók við 2. umr. málsins. Ég skal sem sagt ekki hafa langan formála, en vil þó taka fram, að við 8. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið bæti við, sem á vantar 4 millj. kr., að ef brtt. á þskj. 672 er samþ., þá er það skilningur okkar allra í n., að þá komi það ekki til greina og það verði að taka fullt tillit til þess við atkvgr. Hins vegar skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, því að ég hygg, að það sé vænst til samkomulags að halda sér við frv. eins og það er nú hvað tekjuöflun snertir. Maður veit ekki, hvaða breytingum það kann að taka, ef farið verður að breyta því frá því, sem það er nú. Það er ekki tilætlun okkar, að ríkið leggi fram tvöfalt framlag. Það er of mikil kvöð á ríkissjóðinn.

Það, sem kom mér til að standa hér upp, voru ummæli, sem féllu hér við 2. umr. málsins hjá hv. 6. landsk. þm. Þegar ég minntist á það, hvernig hlutatryggingin væri til komin, og færði mín rök fyrir því, þá mótmælti hv. 6. landsk. þm. því sem röngu. Ég vil láta það koma fram hér, að það er alrangt hjá hv. þm., að hlutatryggingin eigi upptök sín hjá Sjómannafélagi Norðurlands á árinu 1936. Ég ætla að upplýsa hv. 6. landsk. og aðra hv. dm. um það, að fyrsta hlutatryggingin, sem hér er viðurkennd og gerð með samningi, var gerð við Hafstein Bergþórsson hér í Reykjavík sem sérsamningur og sú hlutatrygging átti að gilda um allar veiðar, línuveiðar, síldveiðar o. s. frv. Umr. um þetta mál byrjuðu á árinu 1935. Næsta hlutatrygging, sem er gerð af sama félagi, — þá höfðu engin einstök félög tekið þetta eftir, — er dagsett 6. febr. og er við félag bátaútvegsmanna hér í Reykjavík og snertir útgerð með lóðum. Þarna eru komnir tveir samningar, sem eru um hlutatryggingu. Þessi stefna, sem var tekin upp af okkar félagi, vakti eftirtekt úti um landið, en kemur ekki til umræðu úti um landið fyrr en við síldveiðisamningana, sem þá voru gerðir það sama ár. Það vill svo til, að Sjómannafélag Reykjavíkur fer að ræða síldveiðisamningana í byrjun maí það ár, og þá var að sjálfsögðu talað um hlutatryggingu á síldveiðunum, sem þegar var komin í samninga í sambandi við aðrar veiðar, og það endaði með því, að samningur er gerður 14. júní um hlutatryggingu á síldveiðum. Þá hafði ekkert félag á landinu annað samið um hlutatryggingu á síldveiðum. En það, sem hv. 6. landsk. þm. er að vitna í út af því, sem hér var að gerast á Suðurlandi, var, að þá fylgdist þetta félag, Sjómannafélag Norðurlands, með í þessu, og gaf það út kauptaxta 25. maí, en þá eru samningar hér í fullum gangi sunnanlands um þetta atriði. En því máli lyktar ekki hjá þeim þarna fyrir norðan fyrr en um 17. eða 18. júní eftir þessi átök, sem þá áttu sér stað. Þá er sá kauptaxti í meginatriðum viðurkenndur, en það mun ekki hafa verið gerður samningur. Það er því alrangt, sem hv. 6. landsk. þm. hélt fram, að þeir fyrir norðan ættu upptökin í þessu máli, því að hreyfingin er komin að sunnan og þeir tóku síðan upp þessa stefnu fyrir norðan. Og ég sagði, að ég væri faðir að þessu, og það er rétt, að ég hreyfði þessu máli fyrst innan fé-

lagsstjórnarinnar á sínum tíma. Ég vildi láta þetta koma fram, svo að ekki væri hægt að segja, að ég hefði farið með rangt mál. — Um frv. vil ég svo að öðru leyti segja það, að ég er að sjálfsögðu ekki alls kostar ánægður með það í þeirri mynd, sem það nú er í, og þá sérstaklega vegna þess, að með þeim breyt., sem frv. hefur tekið í þessari deild, hefur verið tolli af þeim mönnum létt, útgerðarmönnunum, sem ég tel, að séu sá aðilinn, sem hefði átt að leggja að verulegu leyti af mörkum til þessara trygginga. Ég mun sætta mig við þetta ákvæði, sem kemur í stað þess, að eins og þetta var fyrst, þá var ætlazt til, að gjaldið væri tekið af óskiptum afla. Ég mun fylgja frv., ef það fer í gegnum hv. d. eins og það nú kemur frá sjútvn.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Hv. frsm. n. (GJ) gat þess, að við sumir nm. hefðum áskilið okkur rétt til þess að greiða atkv. móti vissum atriðum í þeim till., sem n. var annars að mestu leyti sammála um, brtt. á þskj. 670. Þetta er alveg rétt, og sá eini fyrirvari, sem ég hafði fyrir því að fylgja þeim brtt., snertir aðeins einn lið, sem sé 3. liðinn, sem er um það að tryggja sjóðnum minnst 4 millj. kr. í árstekjur. Þegar fundur stóð í morgun, var ég ekki alveg ráðinn í því, hvort ég ætti að flytja við þetta brtt., en við nánari athugun vildi ég freista þess að færa þennan tekjuöflunarlið í sama horf og hann var í í upphaflega frv. Þegar hv. þm. Barð. bar fram brtt. við þá gr. frv., sem tekjuöflunarhliðina snertir, — en það var 6. brtt. hans, — var brtt., með 3 undirliðum, borin upp í einu lagi. Af því réð ég það, að það væri ekki alveg víst, að allir, sem greiddu brtt. atkv., væru fyllilega sammála öllum liðunum. Þess vegna hef ég nú ráðizt í að bera fram þessa brtt., sem ég tel vera leiðréttingu til bóta, þó að áður væri búið að samþ. þennan lið með hinum liðunum, þegar greidd voru atkv. um brtt. í heilu lagi. Í frv., eins og það er nú, er ákveðið ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara og einnig, að ekki megi bæta því við söluverð varanna. Hér er verið að leggja þetta gjald á vissa stétt í landinu, og fyrir þeirri ákvörðun sé ég ekki hina minnstu sanngirni. Ef fært þykir að leggja gjöld á þessa stétt, sem vel getur verið, en um það vil ég ekkert segja, þá finnst mér, að það ætti að gera það eftir öðrum leiðum en í sambandi við tekjuöflun til þessa sjóðs. Að afla tekna til vissra framkvæmda með gjaldi á vissar stéttir í landinu finnst mér alveg forkastanlegt og hef aldrei getað sætt mig við það. Þess vegna hef ég borið fram þessa brtt. Um hana þarf ekki mörg orð, því að þetta hefur verið rætt við 2. umr. málsins. Ég býst við, að öllum hv. dm. sé ljóst, hvað ber hér á milli, og geti tekið afstöðu til till., án þess að fjölyrt sé um hana. Mér virðist sjálfsagt, að sameiginlegur sjóður þjóðarinnar allrar styrki þennan hlutatryggingasjóð, en ekki að hann sé lagður á á þann hátt, sem frv. ber með sér. Auk þess mundi þetta valda ómaki við álagningu varanna, að þurfa að bæta þessu gjaldi við öll þau gjöld, sem fyrir eru og eru í mörgum liðum, snertandi innflutning og tolla. Að undanskildu þessu eina atriði í brtt. á þskj. 670 er ég þeim samþykkur og mun greiða þeim atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki nema að vonum, að hv. n., sem nú hefur haft þetta mál til athugunar, kæmist að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til að gera allmargar brtt. við frv. til þess að fá í það það samræmi, að það tylldi saman sem ein heild, eftir þá handahófskenndu niðurstöðu, sem varð við afgreiðslu málsins við 2. umr. um það. Ég ætla þess vegna að ræða örlítið sumar brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. sjútvn. og gerðar eru í þeim tilgangi að berja í brestina á frv., eins og það er orðið, og leitast við að samræma það. Samkvæmt 1. brtt., sem er við 4. gr. frv., leggur hv. n. það til, að sú skylda skuli hvíla á útgerðarmönnum að láta innrita veiðiskip sín hjá sjóðstj., og þetta á að gera ekki síðar en degi áður en þau fara á veiðar. Þá á útgerðarmaðurinn einnig að tilkynna, hvar og hvers konar veiðar skipið ætlar að stunda. Að fengnum þessum upplýsingum á sjóðstj. að skipa því í flokk. Þegar skip hættir veiðum á tímabilinu, ber útgerðarmanninum að tilkynna sjóðstj. það, og eins má hann ekki gleyma að tilkynna sjóðstj. það, ef hann breytir um veiðiaðferð; ef skipið fer á dragnótaveiðar í staðinn fyrir herpinótaveiðar eða línueða reknetaveiðar í staðinn fyrir snurpinótaveiðar, því að vanræksla þessara tilkynninga varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum. Mér þykja þessi ákvæði, eins og þau eru þarna, vera þannig, að lítils háttar aðgæzluleysi geti leitt til þess, að útgerðarmenn verði unnvörpum sviptir réttindum til bóta úr sjóðnum. Ég tel því, að athugandi væri, hvort ekki væri réttara að láta skrásetningarskylduna hvíla á skráningarstjóranum, því að ný skráning fer fram, ef um meiri háttar breytingu er að ræða, og alltaf í byrjun veiðitímabils og einnig að því loknu. Ég tel það áhættuminna fyrir útgerðarmenn, að þessi skylda hvíli á skráningarstjóra, en ekki útgerðarmanninum sjálfum. — Ég skal taka það fram, að ég er fyllilega samþykkur 2. brtt., sem er um það, að í staðinn fyrir „laun" komi „þóknun", og hefur alltaf verið til þess ætlazt, að þessi laun yrðu ekki fyrir aðalstarf, heldur einmitt þóknun. Þá er annað atriði, sem ég vil benda á, sem er um það, að samkvæmt 4. gr. er n. ætlað að ákveða meðalaflamagn, sem styrkveitingar úr sjóðnum eiga að miðast við. Nú er í 9. gr., þar sem kemur að reglunum um það, hvernig eigi að úthluta styrkjum úr sjóðnum, eingöngu talað um meðalaflamagn. Í upphaflega frv. var af ráðnum hug talað um meðalaflaverðmæti, af því að þá á að fara að úthluta fjárupphæðum miðað við verðmæti aflans hjá skipinu. Ég held, að það geti ekki vakað fyrir hv. n., að bátur, sem hefur aflað 20 tonn af flatfiski, sem er ákaflega verðmætur aflafengur, eigi að fá

sams konar styrkveitingu úr sjóðnum eins og annar bátur af sömu stærð, sem eingöngu hefur aflað 20 tonn af þorski á sama veiðitímabili. Aflaverðmætið verður margfalt meira hjá hinum fyrrnefnda bát. En þegar hér á að miða við afla, en ekki verðmæti, þá sýnist svo sem þessir bátar eigi að hafa sams konar aðstöðu. Hér er annað dæmi. Segjum, að um tvo síldarbáta sé að ræða, sem báðir hafa aflað jafnmikið af síld. Annar hefði lagt upp afla sinn á söltunarstöð og fengið þannig mjög mikið verðmæti fyrir hann, en hinn hefði sett allt sitt aflamagn í bræðslu. Eftir því sem greinin er nú orðuð, virðist mér, að báðir þessir bátar hafi sömu aðstöðu til bótagreiðslu. Þess vegna sér hv. þm. Barð. hilla undir það, að það þurfi að klúðra greinina svolítið betur, og kemur með brtt. við hana. En þó hefur hv. flm. till. ekki fengið hv. n. til að fallast á það, að nú væri greinin orðin svo afbökuð, að setja þyrfti í hana nýja málsgr. til þess að berja í brestina. — Ég vil taka það fram, að 5. brtt. er til bóta. Það er einn þáttur úr till. hv. 6. landsk. þm., og get ég mjög vel fellt mig við hana, en hún er um það, að það gefist strax tækifæri fyrir sjóðstj. að fyrirbyggja styrkveitingar til þeirra, sem lítið fiska vegna vítaverðrar vanrækslu eða óstjórnar á útgerðinni. — Þá er það eitt, sem sýnir glögglega, hve bæklað frv. var eftir afgreiðslu þess við 2. umr. hér í hv. d. Nú er gert ráð fyrir, að mér skilst, tveimur reglugerðum, reglugerðinni samkvæmt 4. gr., þar sem verkefnin eru sérstaklega upp talin, og enn fremur almennri reglugerð samkvæmt 14. gr. Það er mjög vafasamt, að þetta geti verið ein og sama reglugerðin, og hefði þá átt að rýmka upptalninguna í 4. gr. viðvíkjandi reglugerðarákvæðunum, svo að ekki þyrfti sérstaka gr. í frv. aftur með reglugerðarsetningum. Þetta sést gleggst á því, að tvenns konar ákvæði eru um jafneinfalt atriði og það, að setja megi eða skuli reglugerð um framkvæmd þessara l., og sýnir það, hve ósamstætt þetta er orðið, hvernig árekstrarnir koma strax upp í fangið á manni, áður en gengið er frá l., en þetta á því miður eftir að koma betur fram við framkvæmd l.

Ég er sannfærður um það, að alls konar ný tilvik, sem engan hefur órað fyrir, eiga eftir að koma fram í sambandi við þessa lagasetningu, hvernig sem frá henni er gengið. Menn eru ekki svo forsjálir, þó að þeir þekki vel íslenzkan sjávarútveg, að þeir geti séð fyrir allt, sem koma kann. Og svona l., sem eru algert nýmæli, verða sjálfsagt strax og einhver reynsla kemur um þau, fyrir meiri eða minni gagngerðum breytingum. Þar sem ákvæði eru í frv. um það, að l. komi ekki til framkvæmda árlangt, þá sé ég ekki ástæðu til að vera mjög flaumósa um það að bera fram brtt., eins og málið liggur nú fyrir, enda gæti það orðið til að torvelda afgreiðslu málsins. Ég mun því sjá hvað setur og nota tækifærið til að bera fram brtt. á því ári, sem það á fram undan, áður en það kemur til framkvæmda. Ég tel það mestu máli skipta, að sjóðsstofnunin komist á og að sú hlið málsins verði leyst nú þegar.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það eru fyrst örfá orð út af deilu okkar hv. 1. landsk. um það, hvenær lágmarkskauptryggingar hafi fyrst verið upp teknar. Vildi ég segja um þetta örfá orð, þar sem hv. 1. landsk. innleiddi þetta mál í umr. við 2. umr. og sagði sig vera föður og frumkvöðul þessarar lágmarkstryggingar. Ég mótmælti þessu þá og taldi fyrstu samningana um þetta hafa verið gerða af Sjómannafélagi Norðurlands sumarið 1936. Í dag mótmælti hv. 1. landsk. þessu og reyndi að færa rök að því sem áður, að hann væri upphafsmaður þessarar lágmarkstryggingar, er tókst svo óhöndulega, að þegar hann vitnaði til síldarvertíðarinnar 1936, þá er þangað einmitt að rekja upphaf þessarar lágmarkstryggingar. Hann færði sömu rök fram í dag, sem sé þau, að hinn 17. jan. 1936 hefði Sjómannafélag Reykjavíkur, þar sem hann er formaður, gert samning um lágmarkskauptryggingu, en aðalatriðið er, að hann var alls ekki gerður við samtök atvinnurekenda, heldur einstakan atvinnurekanda, og því er ekki rétt, að sá samningur hafi brotið brautina fyrir lágmarkstryggingunum. Sá samningur markaði engin djúp spor í baráttunni fyrir þeim, heldur var sú braut brotin með einu harðvítugasta verkfalli, sem háð var af Sjómannafélagi Norðurlands 1936 og því miður án stuðnings frá hv. 1. landsk. og hans mönnum, en þetta verkfall varð til þess, að samningar fengust við samtök útgerðarmanna um lágmarkskauptryggingu, og eru nú slíkir samningar almennt í gildi. Þetta er staðreynd, og hversu sem hv. 1. landsk. langar til að slá sig til riddara á þessu máli, þá getur hann það ekki, og hefði hann ekki átt að leiða þetta mál inn í umr. Það er ósmekklegt, og hefur hann af því engan sérstakan heiður.

Þá skal ég víkja nokkuð að málinu sjálfu. — Eftir að sjútvn. hafði komið sér saman um brtt. á þskj. 670 og þar voru upp tekin atriði úr till. mínum frá 2. umr., sem þá voru felldar, af því að þær voru í sambandi við annað, þá hef ég ekki lagt fram sérstakar brtt. um önnur atriði, sem ég þó vildi breyta, þar sem tekið hefur verið tillit til minna brtt. um það að tryggja sjóðnum lágmarkstekjur, 4 millj. kr. á ári, og er þetta mjög þýðingarmikið atriði, því að tekjur sjóðsins eru ekki nógu tryggar samkv. frv. eftir 2. umr. Raunar vildi ég, að tekjur sjóðsins yrðu meiri, svo að hægt væri að samþ. till. mína um hækkun bóta, en á það vildi n. ekki fallast. Sömuleiðis hefur n. tekið upp 5. brtt. á þskj. 670, sem er brtt. við 10. gr. og gengur út á að koma í veg fyrir, að hægt verði að nota bæturnar til þess að halda uppi óreiðu í útgerðinni, sem annars var hægt, ef greinin var óbreytt, og eins og ég sagði, eftir að n. hafði tekið tillit til þessara atriða úr brtt. mínum, þá hafði ég ekki ætlað mér að bera fram sérstakar brtt. nú við 3. umr., en

nú kemur hér fram brtt. frá þeim hv. þm. N-Þ. og hv. 1. þm. Reykv. um það að raska mjög þeim tekjuöflunarleiðum, sem samþ. voru við 2. umr., og ef sú till. verður samþ. nú við 3. umr., þá leiðir það líklega til, að 3. brtt. n. verði ekki samþ., því að þeir, sem mundu samþ. brtt. á þskj. 672, mundu ekki telja ríkissjóði fært að leggja fram tvöfalt framlag. Það er því hætta á, að þessi till. n. verði felld, og er þar með komið í veg fyrir, að þessi tekjuöflunarleið verði farin. Vegna þessa get ég ekki fylgt brtt. á þskj. 672, og þegar á annað borð er farið að deila um tekjuöflunarleiðir, þá flyt ég aftur brtt., ásamt hv. 1. þm. N-M., á þskj. 678 um það, að í stað innflutningsgjalds skuli tekin 10% af árlegum hagnaði Landsbankans og Útvegsbankans. Ef þessi till. yrði samþ., þá er ekkert í vegi, að þeir, sem samþ. hana, gætu einnig samþ. 3. till. n. um að tryggja sjóðnum 4 millj. kr. árstekjur, og mundi þá ríkissjóður alveg sleppa við að leggja fram fé til sjóðsins. *Af þessum sökum vil ég gefa hv. þdm. tækifæri* til þess að greiða atkv. um þessa till. út af fyrir sig, þar sem hún var felld í sambandi við annað við 2. umr., og vil ég gjarna fá að vita það ákveðið, hvort hv. þdm. vilja heldur taka úr ríkissjóði a. m. k. 1½ millj. kr. árlega, eða hvort þeir vilja taka þetta og meira af hagnaði bankanna og tryggja þar með hag sjóðsins enn betur. Eins og ég gat um, er hv. 1. þm. N-M. meðflm. að þessari till. og hefur lýst því yfir við 2. umr., að hann telji þessa tekjuöflunarleið æskilega.

Hv. form. sjútvn. hefur á sérstöku þskj., 671, flutt brtt. við 9. gr., um að við gr. bætist ný málsgr., er orðist svo: „Engan hlut má bæta upp meira en svo, að hann verði jafnstór að verðmæti meðalaflahlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar.“ Rökin fyrir þessu eru þau, að samkv. 9. gr. geti átt sér stað, að skip, sem fær bætur samkv. henni, verði hlutarhærra en meðaltal skipa. Ég veit nú ekki, hvort þetta muni geta átt sér stað, en ef svo verður, þá er það af því, að mistök eiga sér stað í flokkun skipanna, en ef í hverjum flokki eru skip með sömu veiðiskilyrði, þá held ég, að ekki sé mikil hætta á, að meðaltal í þeim bótaflokki geti orðið 74,5% af meðalafla, svo að mér finnst þetta tæplega koma til greina. Hins vegar held ég, að ef um slíkt misræmi væri að ræða, þá gæti það valdið óréttmætum hömlum á bótum samkv. 9. gr., þannig að ef um misræmi er að ræða milli flokka, þá held ég, að það *gæti orðið í gagnstæða átt* við það, sem hv. flm. brtt. hugsar sér. Því sé ég ekki ástæðu til að styðja till. og efast um, að hún sé til bóta á gr.

Út af orðum hv. 3. landsk. um það, að n. hefði lappað upp á frv. eftir 2. umr. og reynt að leiðrétta það ósamræmi, sem þá hafði skapazt, þá er það að vísu rétt, að frv. þurfti þá endurskoðunar við, og er það ekki undarlegt, en út af því, sem hann sagði um bótastigann, er hann taldi ekki nægilega skýrt tekið fram, að meta ætti verðmæti aflans, en ekki magn, þá vil ég segja, að þetta er nákvæmlega eins og þegar frv. var lagt fyrir. Það er að vísu rétt, að í inngangi kaflans er talað um verðmæti, en í 9. gr. um aflamagn, og er það ósamræmi, en það er ekki n. að kenna, og sjálfsagt verður aflaverðmætið lagt til grundvallar, því að það er ekki annað en verðmæti aflans, sem ákveður afkomu útgerðarinnar á hverjum tíma.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 678, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hafa farið fram nokkrar umr. síðan n. lagði fram brtt. sínar, og líka hafa komið fram tvær brtt., á þskj. 672 og 678. Ég skal fara nokkrum orðum um till. sjálfar og aths. þær við frv., sem fram hafa komið.

Fyrst vil ég snúa mér að hv. 3. landsk. og gagnrýni hans á till. n. og frv. eins og það er nú. Hann taldi m. a. fyrstu brtt. á þskj. 670 varhugaverða og vildi leggja til að skylda lögskráningarstjóra, en ekki útgerðarmann. Það væri hægt varðandi það, hvenær skráð er á skipið, en ekki hvenær það skiptir um veiðiaðferð, veiðisvæði eða hættir veiðum, það þarf ekki að afskrá skipshöfnina fyrir því. Það minnsta, sem hægt er að krefjast af útgerðarmanni, er það, að hann tilkynni, hvenær hann byrjar veiði og hættir og hvenær hann breytir um veiðiaðferð. Ég tel þessa breyt. ekki til bóta og vona, að hann fallist á það. Hann sagðist vera sammála annarri brtt., og er því ekki tilefni til að athuga hana frekar, en við fjórðu brtt. hafði hann ýmislegt að athuga, sérstaklega að ekki væri tekið þar upp ákvæðið um aflaverðmæti. Hann hnýtti við þetta ádeilu á frv., sagði að það væri hálfgerður „bæklingur“ eða væri orðið bæklað, en ég vil benda á, að ég boðaði hv. 3. landsk. á þennan fund og bauð honum að vera með að laga það, sem þyrfti, eftir að frv. var gengið til 3. umr. Ég gerði þetta af því, að ég vissi, að hann hafði verið með í að semja frv., og mér þótti ekki ólíklegt, að hann vildi sjá það fara óbæklað út úr d., en hann hafði ekki það mikinn áhuga, að hann vildi koma. Mér finnst honum því sízt farast. Það er ekki „pósitívt“ að koma bara með gagnrýni, en vilja ekki taka þátt í tilraunum til bóta. — Eins og 9. gr. var, rakst eitt á annars horn, en samræmi er í því að bæta upp aflamagn eftir prósenttölu, og er gert ráð fyrir því í till. n., að 45% eða minna af meðalaflamagni eigi að bæta. — Þá hef ég á þskj. 671 flutt brtt. við 9. gr. þess efnis, að ef hægt er að sýna með tölum, að aflaverðmæti hlutar er svo hátt, að það er hærra en verðmæti annarra hluta, sem ekki eru bótaskyldir, þá á ekki að fara lengra. Um þetta er ekkert í frv. nú, og ef þessi till. verður felld, verður að setja um þetta reglugerð. Það bannar frv. ekki. Það verður að taka tillit til þess, eins og hv. 3. landsk. benti á, að eitt skip getur veitt 20 tonn af kola og annað 20 tonn af steinbít, en ég er ekki sammála hv. 3. landsk. og hv. 6. landsk.

um það, að fara eigi eftir aflaverðmæti. Segjum, að tvö skip fari á síldveiðar og annað skuldbindi sig til að veiða í salt, en hitt í bræðslu. Það, sem veiðir í salt, fær minna aflamagn, því að það skuldbindur sig til að koma með síldina söltunarhæfa, en hitt ekki. Eða tökum tvö skip. Annað leggur upp hjá ríkisverksmiðjunum og tekur þann kost að láta vinna úr síldinni, hitt selur síldina föstu verði. Það getur orðið mismunur á verðmæti, og ég tel það varhugavert að slá föstu um aflaverðmæti. Hugsum okkur tvo togara eða skip, sem sigla út með afla sinn, og segjum, að þau fari með 150 tonn hvort. Annað selur kannske fyrir 8 þús. pund, en hitt fyrir 12 þús. pund. Ég held, að það verði erfitt að skýrgreina þetta nánar í l. og bezt sé að samþ. mína till. sem varnagla, svo að ekki verði greitt hærra verð fyrir neinn hlut en verðmæti þess hlutar, er ekki er bættur í næsta flokki. Það verður óánægja, ef hlutur, er bættur er upp í einum flokki, verður hærri að krónutölu en hinir, sem ekki ná rétti til bóta. Ég skal svo ekki ræða þetta nánar. — Hv. þm. sagði, að fimmta till. væri til bóta, en var á móti því, að í l. væru ákvæði um tvær reglugerðir. Í 4. gr. er ekki um að ræða hina almennu reglugerð, heldur það, hvernig ákveða eigi veiðimagn, skiptingu veiðiskipa í flokka og bótatímabil. *(HV:* Það er um tvær reglugerðir að ræða.) Þó að þær væru 100, væri það rétt, ef það getur hjálpað málinu áfram. Ég vildi biðja hv. þm. að athuga, hvort 14. gr. getur staðið óbreytt. Það getur hún ekki, því að það er búið að taka upp, m. a. í 4. gr., ákvæði 14. gr.

Ég skil afstöðu hv. þm. til frv. Hann vill ekki að það nái fram að ganga, af því að það er ekki í því formi, sem hann vildi. Það hefur ekki vakað fyrir okkur í sjútvn., allir hafa viljað það bezta. Þó að skoðanir væru mismunandi, hefur verið samkomulag um að gera frv. þannig úr garði, að það væri ekki „vesalingur" eða afskræmi, er það færi út úr þessari hv. d. Meiri hl. Alþ. eða d. ræður svo, hvernig málið verður afgr.

Þá er brtt. á þskj. 672. Till. er um það að fella burt 2. tölul. 8. gr. frv., en þar stendur, að tekjur sjóðsins skuli m. a. vera: „½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og annað vörugjald og greiðist af innflytjendum vörunnar, og má ekki bæta því við söluverð hennar." Ég varð undrandi, er þessi brtt. kom fram, af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hafði hv. þm. N-Þ. tjáð mér, að hann ætlaði ekki að bera fram brtt., og í öðru lagi sagði hv. 1. þm. Reykv., að hann væri ekki með neina brtt. En nú hafa þeir „rottað" sig saman um till., sem er til tjóns fyrir málið. *(BÓ:* Þurfum við að biðja hv. þm. Barð. um leyfi?) Nei, þeir þurftu ekki að biðja mig um leyfi, en ég hafði haldið, að þeir gætu staðið lengur en sólarhring við orð sín. Hv. 1. þm. Reykv. hefði líka átt að sjá sóma sinn í því að koma á fund til þess að ræða málið eða biðja um leyfi til að vera fjarverandi, en hann sýndi ekki þann áhuga að koma og ræða málið, kannske vill hann spilla fyrir málinu og till. borin fram til þess. Ef miðað er við fyrirmæli frv., eins og það er nú á þskj. 664, og verðmæti útflutnings og innflutnings 1947, yrðu tekjur sjóðsins 1060500.00 kr. af útflutningsgjaldinu og 2151500.00 kr. af innflutningsgjaldinu. Samanlagt yrðu því tekjur hlutatryggingasjóðs af þessu 3212000.00 kr. Nú er lagt til í þriðju till. á þskj. 670, að ef þessar tekjur samkv. 1. og 2. tölul. nái ekki 4 millj. kr., þá leggi ríkissjóður til það fé, sem vantar á 4 millj. Í þessu tilfelli þyrfti ríkið því að leggja fram 788000.00 kr. Á þennan hátt fengi sjóðurinn 4 millj. kr. Ef till. á þskj. 672 yrði felld, mundu fjórir af fimm sjútvnm. vilja samþ. þriðju till. n. og tryggja þar með sjóðnum 4 millj. kr. En ef till. á þskj. 672 verður samþ., verða tekjur sjóðsins 1060500.00 kr. af útflutningsgjaldinu og jafnt framlag úr ríkissjóði eða alls 2121000.00 kr. Það getur verið, að þessir hv. þm. álíti, að það þurfi ekki meira, en þeir hafa þá ekki kynnt sér málið. *(HV:* Það þarf miklu meira.) Já, það þarf miklu meira. Ríkissjóður yrði þá að leggja fram 1879000.00 kr. til viðbótar, svo að tekjur sjóðsins yrðu 4 millj. kr., og væri þá framlag ríkissjóðs komið upp í 2939500.00 kr. til þess að tryggja sjóðnum 4 millj. kr. tekjur. Hverjir eiga að greiða þetta gjald? Það verður að leggja það á einhverja. Flm. vilja ekki nýtt vörugjald, eins og við viljum, annars mætti ræða það, hvort ríkissjóður megnar að greiða þetta eða þjóðin öll. Ef á að leggja á tekju- og eignarskatt til viðbótar, þarf að koma með till. um það, en það hafa ekki komið fram neinar till. í þá átt. Hv. flm. ætlast til, að þetta sé tekið úr ríkissjóði, en allt er í óvissu um það, hvort ríkissjóður megnar að greiða þetta framlag, og þess vegna engin trygging fyrir því, að sjóðurinn fái fé. Þá er hitt atriðið. Er þetta ranglátt gjald? Er það ranglátt, að þessi stétt greiði þetta, því að því er haldið fram, að þetta sé lagt á eina stétt? Ég verð að segja, að í sambandi við innflutning kaupfélaganna og S. Í. S. er þetta lagt á alla, sem verzla við þau. Þegar söluskatturinn var lagður á, var því haldið fram, að hann væri lagður á allan almenning, og það var meira að segja reiknað út, að hann næmi 400 eða 500 kr. á hvert heimili. Það vörugjald, sem lagt er á kaupfélögin og S. Í. S., er því ekki lagt á eina stétt. Svo eru hinir, sem gjaldið er lagt á, heildsalarnir, og það má segja, að þar sé gjaldið lagt á eina stétt. En ég vil spyrja, er það ósanngjarnt, þegar barátta stendur um að fá gjaldeyri, sem er mjög ranglega skráður, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur oft talað um? *(BÓ:* Það kemur ekki þessu máli við.) Jú, því að ef þessu væri breytt, þyrftu sjómenn ekki að biðja um hjálp. Öngþveitið stafar af því, að gengið er ranglega skráð. Það er réttlátasti skattur, sem til er, að lagður sé á innflutninginn léttur skattur eins og þessi. Og það er smásálarlegt af mönnum, sem flytja inn fyrir

milljónir, að kvarta og kveina, er verja á örlitlum hluta af gróða þeirra til sjómanna, sem leggja líf sitt í hættu til þess að afla gjaldeyrisins fyrir þá. Hverjir standa betur að vígi en þessi stétt, er búið er að sjúga merg og blóð úr útveginum? Ef flett er í blaði hv. þm. N-Þ., Tímanum, hvað sér maður þá? Jú, hér stendur: „Kaupfélag Siglfirðinga bætir hag sinn verulega. Hefur greitt félagsmönnum sínum tugi þúsunda í arð þrátt fyrir lækkaða álagningu og mikinn vöruskort.“ Hvað skyldu bátaútvegsmenn hafa sagt, ef þeir hefðu fengið tugi þúsunda í arð? Nei, sannleikurinn er sá, að það er innflutningsverzlunin, sem fleytir rjómann af öllu saman. Og svo er verið með þessa kveinstafi yfir því að gefa ½% fyrir að mega halda áfram að fleyta rjómann. Það er ekki að furða, þó að menn taki höndum saman við þá, sem nota öll tækifæri til þess að koma sér undan skatti í landinu. *(BÓ:* Hverjir eru það?) Samvinnufélögin. *(HV:* Ekki heildsalarnir. Hv. 1. þm. Reykv. vildi fá syndakvittun.) Það þarf brjóstheilindi til þess að koma með slíka till. og ætlast til, að hún verði samþ. Ég öfunda ekki þá, sem samþ. hana hér með nafnakalli. Það er nú komið svo, að því að mér er sagt, að þó nokkur hluti bátanna, sem flytur út fisk, neyðist til að skila ekki gjaldeyrinum, og útgerðarmenn hafa sagt við bankann, að hann geti gert hvað sem hann vilji. Þannig er ástandið í dag. Svo koma þessir menn og segja: „Fyrst er að tryggja okkar rétt og ekki greiða ½% innflutningsgjald.“

Út af brtt. hv. 6. landsk., þar sem hann tekur upp sína till., að 10% af árlegum nettóhagnaði Landsbankans og Útvegsbankans renni til sjóðsins, verð ég að segja það sama og áður. Ég tel ekki hægt að breyta með þessum l. bankal., þar sem tryggt er skattfrelsi. En ég er sammála till. og tel, að það væri rétt, að bankarnir legðu fram þessi 10%. *(SÁÓ:* Hér féllust Heródes og Pílatus í faðma.) Það kemur ekki við mig, ég er ekki svo flokksbundinn, að ég láti kúga mig móti sannfæringu minni eins og þessi hv. þm. hefur oft gert. Ég læt ekki fyrirskipa mér. — Ég teldi það bönkunum í hag að gera þetta. Hver er ekki áhætta bankanna, ef allt fellur í kaldakol hjá útgerðinni, og hvað græða bankarnir ekki, ef hægt er að halda henni í stöðugum rekstri með þessu? — Nýlega sagði mér bankamaður, að fluttur hefði verið inn hlutur og að bankakostnaðurinn hefði verið eins mikill og flutningskostnaðurinn frá Ameríku til Reykjavíkur. Hversu miklu betra væri það ekki fyrir bankana, ef tryggt væri, að ekki þyrfti að stöðva þennan rekstur eða krefjast persónulegra ábyrgða af mönnum, svo að ekki yrði gert fjárnám í eignum þeirra? Sannleikurinn er sá, að það er misskilningur, að hér sé verið að tryggja útgerðina eina. Það er verið að tryggja afkomu landsins og þar með líka bankana. Því er haldið fram, að þeir, sem tryggðir eru, eigi að bera kostnaðinn, og þá ættu bankarnir líka að gera það. Þetta er hins vegar ekki hægt nema með breyt. á bankal., og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessari till.

Ég vil að síðustu benda hæstv. forseta á, að ég neyðist til að bera fram skriflega brtt., af því að deilt er um, hvernig skilja beri 1. tölul. 8. gr., svo lengi sem ábyrgðarverðið varir. Eins og nú er hljóðar gr. þannig: „½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru“. Í dag ber ríkissjóður ábyrgð á 65 aura verði og 1.33 kr. til þeirra, sem frysta. Hver greiðir þetta gjald nú? Um það segir frv. ekkert. En það hefur komið áður fram í umræðum, að þeir, sem veiði fiskinn, eigi að greiða gjaldið, og komi það þá endanlega fram í fiskverðinu. Ég vil því leyfa mér að flytja um þetta brtt., svo hljóðandi:

„Á meðan ríkissjóður greiðir lögboðið ábyrgðarverð fyrir sjávarafurðir, skal útflutningsgjaldið, sem um ræðir í þessari gr., dregið frá ábyrgðarverðinu.“

Ég leyfi mér að leggja fram þessa brtt. fyrir hæstv. forseta. Mun ég svo ekki tefja umræður, nema sérstakt tilefni gefist.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég held nú, að þessar umræður séu orðnar óþarflega langar. Ég ætla því ekki að blanda mér inn í þex um einstök atriði. Það liggja ekki fyrir nema tvær aðrar brtt. en þær, sem sjútvn. flytur. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu ljós efnislega brtt. á þskj. 678. Hún er samhljóða annarri till., sem hér var felld. En um brtt. á þskj. 672 má segja, að ekki sé úr því skorið, hvort d. vill fara inn á að ætla ríkissjóði að leggja á móti að jöfnu við þetta ½%. Tekjur sjóðsins yrði þá nokkuð litlar, svo að hætt er við, að hann kæmi ekki að fullu gagni. Og þessar tekjur má ekki gera svo litlar. Það gefur auga leið, að sjóðurinn getur ekki með því móti rækt sitt hlutverk. Ég er því andvígur þessari brtt. Um aðrar brtt. er ekki að ræða nema á þskj. 670, sem á að samþykkja, þar sem þar er um að ræða nauðsynlegar breytingar á frv., sem sjútvn. er sammála um.

Það, sem kom mér því aðallega til að standa nú upp, voru ummæli hv. 6. landsk. Rökin hjá honum voru þetta gamla: Hvítt er svart, og svart er hvítt! — og endurtekningar á ósannindum hans við 2. umr. Hann virðist ekki vera kominn hér til að sannfærast, heldur til þess að endurtaka sömu lygina nógu oft, ef einhver skyldi þá loks fara að trúa henni. Hann hefur ekki hrakið með neinum rökum, að fyrstu samningarnir um hlutatryggingar voru gerðir við atvinnurekendur árið 1936. Hann taldi, að það hefði ekki markað nein spor, þar sem samið hefði verið við einstaklinga. Var þá ekki 6. febr. samið við alla atvinnurekendur í Rvík og í Hafnarfirði? Jú, og

það er ábyggilegt, að Sjómannafélagi Norðurlands datt ekki neitt slíkt í hug þá. Það var ekki fyrr en 25. maí, sem Sjómannafélag Norðurlands gaf út sinn taxta, og hann var ekki viðurkenndur fyrr en 15. og 17. júní og aldrei gerðir neinir samningar. En Sjómannafélag Hafnarfjarðar samdi 14. og 18. júní. Þetta eru staðreyndirnar í þessu máli, hvernig sem hv. þm. reynir svo að umsnúa þeim.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi mega svara í fáum orðum hv. þm. Barð., en hann kemur nú fram í nýrri rullu; undanfarið hefur hann verið í gervi siðameistarans, nú er eins og hann eigi mig og hv. þm. N-Þ. með húð og hári, og við megum ekki einu sinni koma fram með brtt. án þess að spyrja hann leyfis. En við munum nú ekki draga hana til baka, þótt hann kalli, að hún spilli málinu. Hann hefði þá sjálfur aldrei átt að koma með sína fráleitu till., sem við fundum okkur til knúða að reyna að bæta úr. Ég skal ekki fara inn á að svara fyrir þá stétt, sem hann telur, að megi þakka fyrir að fá að borga þetta, þar sem hún fleyti rjómann ofan af framleiðslutroginu. Það er gott að vita. að hv. þm. hefur þennan skilning. En það mætti þá alveg eins taka undir með till. hv. 6. landsk. um að leggja skatt á bankana fyrir að selja gjaldeyrinn.

Út af brtt. sjútvn. við 8. gr. í 3. lið á þskj. 670 vil ég segja, að henni get ég ekki fylgt. Gerum ráð fyrir, að brtt. sé sett fram með það fyrir augum, að frvgr. nái fram að ganga, en ef ekki, þá lítur dæmið svo út, að ríkissjóður leggur jafnt á móti útveginum og þar að auki það, sem vantar á 4 millj. í sjóðinn. Hér er því um 1 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs að ræða frá því, sem ráð var fyrir gert. En hv. form. fjvn. er kannske reiðubúinn til að bæta því lítilræði inn í fjárlög.

Till. hv. 6. landsk. á þskj. 678 tel ég alveg jafnfráleita og till. hv. þm. Barð., en hún er um það, að skylda bankana til að greiða 10% af árlegum nettó-hagnaði sínum til sjóðsins. Ef farið verður inn á þessa braut, verður ekki langt þangað til allur rekstrarhagnaður bankanna verður kominn í slíkar sporzlur sem hér um ræðir.

Ég vænti þess, að hv. d. samþykki brtt. á þskj. 672 og felli þar með þá till., sem hv. þm. Barð. kom með, og ég verð að segja, að ég teldi þjóðinni lítinn sóma að þeim molbúahugsunarhætti, sem slík skattheimta bæri vott um.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. hneykslaðist á því, að við hv. 1. þm. Reykv. skulum hafa leyft okkur að bera fram brtt., og talaði um, að ég hefði ekki haldið loforð mitt í einn dag. Nú var það svo, að ég hafði engu lofað. Hv. þm. vissi, að ég var óánægður með brtt. þá, sem samþ. var við 2. umr. Og er hann spurði, hvort ég mundi bera fram brtt., mun ég hafa sagt, að sennilega væri ekki til neins að fella niður meira en síðustu orðin. En hér var ekki um neitt loforð að ræða.

Allir hljóta nú að hafa myndað sér skoðun um þetta mál, svo að tilgangslaust er að fara um það mörgum orðum. Ég get ekki verið að elta ólar við fjarstæðu-hugmyndir hv. þm. um samvinnufélagsskapinn. Um þennan skatt er það að segja, að hann er allur annar en veltuskatturinn og mundi koma mjög við S. Í. S., sem þegar borgar nóg í skatta og útsvör, og verður þetta að teljast fráleit skattlagningaraðferð á einstök verzlunarfyrirtæki. Ég er ekki að halda því fram, að slík fyrirtæki séu yfirleitt illa stödd, en ég veit þó um S. Í. S., að þar er sáralítill arður. En ef menn hafa þá skoðun, að það sé bætandi á álögur á þessi verzlunarfyrirtæki, þá ætti það að koma fram í öðrum lögum en þessum. Hv. þm. taldi, að hagur útgerðarinnar væri mjög slæmur, og kann hann að segja það satt. En vitaskuld er þá fjarstæða að telja þetta eitthvert allsherjarbjargráð. Hitt er annað, að til þessa mætti grípa, er allra verstu árin koma. Það verður að gera allt aðrar ráðstafanir og víðtækari, ef það á að takast að tryggja útveginn alveg, og réttara væri t. d. í þessu tilfelli að leggja ákveðinn gjaldeyrisskatt á alla erlenda mynt, sem menn kaupa.

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og læt máli mínu lokið.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að það er aðallega sagnfræði, sem ég ætla að ræða, en get þó lofað því að vera ekki langorður. Hv. 1. landsk. hefur innleitt þessar sagnfræðilegu umr., og tel ég mér skylt að svara honum nokkuð. Hv. þm. var mjög taugaóstyrkur, er hann stóð hér upp áðan og hafði ekki önnur rök fram að færa en þau, að hann segði satt, en ég ósatt. Þetta endurtók hann nokkrum sinnum til þess að berja því þannig inn í hv. þm. Þetta er nú líklega sterkasta bardagaaðferð þessa hv. þm., en ég hef síður en svo tilhneigingu til að beita slíku. Hv. þm. staðhæfði, að hlutatryggingu sjómanna væri fyrst að finna í samningum, er hann hefði gert við ákveðinn útgerðarmann hér 17. jan. 1936. Þegar slík stórmerki áttu að hafa gerzt hér í Rvík, þá höfðu sjómenn eða forustumenn þeirra fyrir norðan ekki einu sinni verið farnir að hugsa um slíka samninga. Þá sagði hv. þm., að sú deila, sem varð í byrjun síldarvertíðar 1936, hefði ekki leitt til neinna samninga. Hv. þm. ætti nú að muna það, þar sem hann er eldri og reyndari en ég í verkalýðshreyfingunni, að umtal og jafnvel samningar um lágmarkstryggingu höfðu staðið yfir í mörg ár og að fyrst voru undirritaðir samningar varðandi þetta 1936, að lokinni deilunni, sem hv. þm. taldi, að ekki hefði leitt til neinna samninga. Ég vil svo aðeins endurtaka þá staðreynd, að fyrstu samningarnir um lágmarkstryggingu voru gerðir milli Sjómannafélags Norðurlands og útgerðarmanna. Um þetta atriði gæti ég lagt fram skjallegar sann-

anir, þótt ég hafi þær ekki við höndina nú, en ég vona, að hv. þingmenn muni það með mér, að í sinni fyrstu ræðu vitnaði hv. 1. landsk. alltaf í síldarvertíð 1936, og hygg ég, að það sé bezta sönnunin fyrir sannleiksgildi orða minna.

Hv. 1. þm. Reykv. lýsti vel afstöðu sinni til þessa máls og þeirrar tilraunar, sem í frv. er gerð til þess að tryggja þennan aðalatvinnuveg Íslendinga. Hv. þm. sagði, að till. mín og 1. þm. N-M. á þskj. 678 væri alveg fjarri öllu viti, það væri sem sé alveg fjarstæða að taka eitthvað af hagnaði bankanna og henda því í þessar sporzlur, eins og hann orðaði það. Það eru m. ö. o. sporzlur á máli hv. þm. að reyna að tryggja aðalatvinnuveg Íslendinga. Þetta skýrir vel afstöðu þessa hv. þm., sem raunar mátti búast við hver væri. Hann og aðrir heildsalar hafa sjálfsagt meiri áhuga á að eyða því, sem þeir hafa þénað á útveginum, í aðrar „sporzlur" en að tryggja þennan atvinnuveg.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það skyldi engan undra, þótt miklar umr. yrðu um mál sem þetta, því að í fyrsta lagi er málið stórmál og í öðru lagi er þetta tilraun, sem engin fordæmi á til að styðjast við, og er því eðlilegt, að umr. verði nokkuð fálmkenndari en ella. Þó hygg ég, að það sé alveg rétt hjá hv. 1. landsk., að umr. séu orðnar helzt til miklar, því að við munum ekki komast að betri niðurstöðu með frv. en nú er. Brtt. eru líka að verða helzt til margar, því að hv. sjútvn. flytur á þskj. 670 7 brtt., og varla er prentsvertan á því þskj. þornuð, þegar tveir nm. flytja eina brtt. í viðbót á þskj. 672. Síðan þarf hv. form. n. að flytja aðra á þskj. 671, og nú er hann að sögn að unga út einni í viðbót. Ég hygg, að nú séu ekki komnar fram færri brtt. en fram komu við 2. umr., og getur svo farið, að frv. verði allt í ósamræmi, nálægt því að vera hrein vitleysa, er það verður samþ. út úr deildinni við 3. umr. Nú eru fram komnar till., sem sumar fara í þá átt að auka útgjöld sjóðsins og aðrar í þá átt að rýra tekjur hans, og getur samþykkt margra þessara till., leitt til alls konar röskunar. Ég tel, að úr því að farið var inn á þessa tekjuöflunarleið við 2. umr., að sjóðurinn skuli fá ½% útflutnings- og innflutningsgjald, þá sé bezt að halda henni. Nú vilja sumir þdm. engar kvaðir leggja á sjómenn til öflunar tekna sjóðsins, aðrir vilja ekkert taka frá útgerðinni, enn aðrir vilja ekki láta ríkissjóð greiða neitt til hans, svo eru þeir, sem ekkert vilja taka frá útflutningsverzluninni, þá þeir, sem ekkert vilja láta innflutningsverzlunina leggja til hans, og að síðustu þeir, sem ekkert vilja taka frá bönkunum. En öllum er það sammerkt, að þeir vilja sjóðinn sem sterkastan, en koma sér bara alls ekki saman um, hvaðan framlagið til hans eigi að koma.

Út af till. þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. N-Þ. vil ég segja það, að úr því að ekki tókst að fá samþ. að taka tekjur til sjóðsins af óskiptum afla og fá framlag frá ríkinu á móti, þá hafi ekki aðrir breiðara bak að bera þessi gjöld en innflytjendurnir, S. Í. S. og heildsalarnir. Einhver sagði áðan, að ef taka ætti þetta framlag frá S. Í. S., þá kæmi það niður á meðlimum samvinnuhreyfingarinnar. Þetta er að nokkru leyti rétt. Eftir því sem hagnaður S. Í. S. af innflutningsverzluninni er minni, því minni verður sú upphæð, sem kaupfélögin geta úthlutað meðlimum sínum sem arði. Þannig er skipulag samvinnustefnunnar, miðlandi skipulag, því að sá gróði, er verður á innflutningsverzluninni, fer frá S. Í. S. til kaupfélaganna og frá þeim til meðlimanna. Þetta er því heilbrigðasta verzlunarform, sem hugsazt getur. En ef nú einhver hagnaður verður á innflutningsverzlun S. Í. S., er honum síður en svo illa varið til þess að tryggja útveginn, því að verzlunin stendur og fellur með honum og hefur hingað til fleytt rjómann af því, sem útvegurinn hefur aflað. Allt öðru máli gegnir um heildsalana, þar skiptist ágóðinn af innflutningsverzluninni ekkert, heldur er fastur hjá þeim. Báðir þessir aðilar, S. Í. S. og heildsalarnir, geta því mjög vel borið þessar byrðar, og ég tel það vera á miklum rökum reist hjá hv. þm. Barð., að þessir aðilar hafi nú góðar ástæður til þess að koma þeim áhættusama atvinnuvegi, sem þeir fá allan sinn gjaldeyri hjá, til hjálpar í nauðum. Að þessu athuguðu hygg ég, að bezt sé að hafa þetta óbreytt eins og það var eftir 2. umr.

Þá er það till hv. þm. Barð. á þskj. 671. Ég held, að þessi brtt., ef samþ. verður, valdi í eins mörgum tilfellum misrétti eins og að leiðrétta það, sérstaklega milli skipa í sama flokki. Eru þetta afleiðingar af þeirri breytingu, sem n. gerði á 9. gr. Áður en brtt. n. komu til, stóð í 9. gr.: „Skal hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalaflaverðmæti" o. s. frv. En í brtt. n. stendur: „45% eða minna af meðalafla." Ef þessi brtt. n. verður samþ., getur orðið um mikið misrétti að ræða, því að í sama flokki skipa með sama aflamagn getur verið um mikinn mismun að ræða á aflaverðmætinu. T. d. getur eitt skip verið með ákveðið magn af þorski, en annað með sama magn af flatfiski, og er þá auðvitað um mikinn mun á aflaverðmætinu að ræða. Hv. n. hefur því alveg farið öfugu leiðina og innfært í 9. gr. orðalag 4. gr., en þar er verið að ákveða allt annað, eða meðalaflamagn í landinu. En í 9. gr. átti að segja, hvað mikið krónutal í viðbót við það, sem aflinn hefur gefið, hvert bótaskylt skip átti að fá. Í 9. gr. átti því alls staðar að miða við aflaverðmæti, en ekki aflamagn. Þetta kemur líklega skýrast í ljós í sambandi við síldveiðarnar. Þar geta tveir bátar verið með alveg sama aflamagn, en annar með allan sinn afla í salt, en hinn í bræðslu.

Þá kem ég að till. þeirra hv. 6. landsk. og hv. 1. þm. N-M. Þar leggja þeir til, að sjóðnum sé einnig aflað tekna með því að taka 10% af nettóhagnaði Landsbankans og Útvegsbankans. Ég hygg nú, að það sé eins með þessa aðila og S. Í. S. og heildsalana, að þeir gætu vel borið þetta, því að meginhagnaður bankanna er einmitt kominn frá sjávarútveginum. Annað mál er það, að þetta ákvæði brýtur ef

til vill í bága við bankalögin, og þá er það ekki til neins gagns. Ég mundi sætta mig betur við, að bankarnir væru skyldaðir til að lækka útlánsvexti sína til útvegsins um ákveðna upphæð, og væri þá þannig hægt að ná í 10% af nettóhagnaði þeirra. Bæði bankarnir og innflytjendurnir eiga gengi sitt komið undir útgerðinni. Þetta ættu þeir að vita og sýna það í verki með því að aðstoða hana í nauðum.

Hv. þm. Barð. gat þess, að hann hefði verið svo elskulegur að bjóða mér á fund hv. sjútvn. Þetta er alveg rétt, hann hringdi til mín í gær, á háhelgum degi, og bauð mér að sitja fund n., en ég þáði ekki, því að ég kann ekki við að sitja fund n., er ég á ekki sæti í, einnig eiga þar sæti svo margir reyndir og sannfróðir menn, að ég gæti enginn ráðgjafi orðið þeim. En þar með afsalaði ég mér engum rétti til að gera athugasemdir við þær brtt., er n. kynni að bera fram, og það hef ég nú líka gert og meira að segja í fullum rétti. En það er nú svo, að ekki er gott að gera hv. þm. Barð. til hæfis. Hann taldi áðan, að tveir hv. þm. hefðu svikið sig og ég ætti að vera með bundnar hendur, af því að ég hafði ekki komið eftir vinki frá honum á fund sjútvn.

Ég er sannfærður um, að tekjur þessa sjóðs eru áætlaðar allt of lágar, og þessu til sönnunar vil ég nefna dæmi frá þeim eina aflatryggingasjóði, sem starfað hefur á Íslandi. Tekjur hans voru 2% af óskiptum afla og 0,7% frá ríkissjóði. Sex eða sjö fyrstu árin kom aldrei til bótagreiðslna, en í fyrra tæmdist hann algerlega. Þetta sýnir, að tryggja þarf það mjög vel, að sjóðurinn geti staðizt þær sveiflur, sem eru á veiði skipa, og skakkaföll sjávarútvegsins almennt.

Ég held, að heppilegt væri að draga úr þessum umr., þó ekki væri nema til þess að sporna við fleiri brtt., sem sumir þm. virðast hafa ótæmandi möguleika á að unga út. Fæstar þessar till. munu vera til heilla og þó allra sízt síðasta brtt. þm. Barð., sem áreiðanlega er til mikilla óheilla og tilraun til að varpa byrðunum á sjómenn og útgerðarmenn að verulegu leyti og því ekki rétta leiðin til tekjuöflunar fyrir sjóðinn.

Hv. þm. Barð. taldi ekkert við það að athuga, þó að ákvæði um reglugerðir væri á tveim stöðum í frv., en eftir hans till. á það að vera svo bæði í sambandi við 4. gr. og 14. gr. Hann sagði meira að segja, að ekkert gerði til, þó að 100 reglugerðarákvæði væru í frv. Þetta er hans gamla speki, en hins vegar verð ég að segja, að nýstárlegt væri það frv., sem innihéldi ákvæði um fleiri reglugerðir en tvær. Að lokum vil ég svo láta þá ósk í ljós, að þær till., sem fram hafa komið síðan n. gekk frá frv., verði felldar.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum til að svara 3. landsk., því að ræða hans kom þessu máli lítið við. Hann var að reyna að færa ástæður fyrir því að mæta ekki á fundi sjútvn. beggja deilda, sem hann var boðaður á. Og aðalástæðan var sú, að slíkt væri ekki venja. Veit ekki þm., að þingnefndir kalla oft ýmsa menn á sinn fund og það meira að segja utanþingsmenn, hvað þá þm., sem er höfundur að því frv., sem verið er að ræða um. Annars er ég ekkert að ásaka 3. landsk. fyrir að mæta ekki á þessum fundi nefndanna, þó að það hefði verið vænlegra til samkomulags, þ. e. a. s. ef einhver samstarfsvilji er fyrir hendi hjá þessum þm., heldur en vera hér með alls konar dylgjur og persónulegar árásir á mig í sambandi við þetta mál. Um mína skriflegu brtt. er það að segja, að hún er flutt vegna ábendingar lögfræðings, sem telur hana nauðsynlega til skýringar, þess vegna hef ég tekið hana upp. Hitt er allt annað mál, þó að nefndirnar hafi ekki orðið sammála um þetta atriði, og tel ég enga ástæðu til að ásaka mína meðnm. fyrir það. 3. landsk. telur þessa till. ekki eiga rétt á sér, og ég er heldur ekki að ásaka hann fyrir það, það er hans sjónarmið. En hann verður bara að gæta að því, að það eru til fleiri sjónarmið en hans, og sé svo, eins og mætur lögfræðingur heldur fram, að brtt. sé nauðsynleg til að skýra anda laganna og taka af allan vafa, þá álít ég hana eiga fullan rétt á sér.

Það hefur verið deilt mikið í sambandi við þetta mál um það, hverja sé raunverulega verið að tryggja. Ég hef sýnt fram á, að það er ekki einungis verið að tryggja útgerðarmenn, heldur alla þjóðina, því að um leið og aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er tryggður, þá er það um leið trygging fyrir alla þjóðina. Í þessu sambandi er rétt að minna á tvö dæmi í sambandi við tryggingar. Annað er Samábyrgð Íslands. Hverjir ættu að bera byrðarnar af henni nema útgerðarmenn? En þrátt fyrir það veit ég ekki betur en ríkissjóður hafi lagt fram mikið fé í það fyrirtæki og sé auk þess í ábyrgð fyrir allri starfseminni. Hitt dæmið er stríðsslysatryggingin, en af þeirri áhættu hefur ríkissjóður lagt fram 60%, og þetta hefur hvort tveggja þótt sjálfsagt. Nú þykir það aftur á móti hrein goðgá, ef þeir, sem mestan rjóma fleyta í þjóðfélaginu, eiga að láta lítið brot af tekjum sínum í þennan sjóð.

Þá vil ég segja nokkur orð til 1. þm. Reykv. og þm. N-Þ., sem ég get afgreitt í einu og sama högginu. Það er táknrænt fyrir málflutning þeirra, að meginuppistaðan í þeirra rökum voru persónulegar ádeilur á mig, þegar verið er að ræða mál, sem snertir líf eða dauða bátaútvegsins á Íslandi. Það er ekki að furða, þó að þeir leggi hart að sér til að komast á þing. Þá eru þessir menn að tala um, að ég sé svo yfirgangssamur, að þeir geti ekki snúið sér við. Þetta eiga svo að vera rök í málinu. Ég held, að 1. þm. Reykv. hefði verið sæmra að taka þátt í afgreiðslu málsins í n. en koma með svona fáránlega útúrsnúninga. Annars sýnir þetta er til vill enn betur en allt annað, hversu gersamlega rökþrota hann er í sinni eiginhagsmunabaráttu. Ef athuguð er afstaða mín til þessa máls annars vegar, en afstaða þeirra hins vegar, þá er fljótt hægt að komast að raun um, af hverju ágreiningurinn stafar.

Ég veit ekki til, að ég eigi nokkra kollu, sem kæmi til með að njóta styrks úr þessum sjóði. Ég er þess vegna ekki að vernda mína eigin hagsmuni, heldur rétt þeirra manna, sem standa í baráttu fyrir tilveru sinni, sem um leið er barátta fyrir aðalatvinnuvegi þjóðarinnar og þar af leiðandi barátta fyrir lífi og velferð alls almennings í landinu. Þeir slá hins vegar hring um sína eigin hagsmuni og þau sérréttindi, sem viss stétt hefur lengi haft í þessu landi. Það er þess vegna ekki að furða, þó að þeir kasti að mér svívirðingum. Annar þessara þm. er að passa aumingja Sambandið, sem er svo fátækt, að allur ágóðinn fer í skatta. Þó er vitað, að þetta fyrirtæki er svo fjársterkt, að það getur leyst af hendi mörg og merkileg verkefni, sem gífurlegt fjármagn þarf til, og hefur í fjölda mörg ár notið stórkostlegra skattfríðinda, en er samt svo fátækt, að það þolir ekki þetta álag, slíkt mundi jafnvel geta lagt það í gröfina. Það eru ekki lítil rök þetta. Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki vera að spilla málinu, þó að till. hans valdi því, að sjóðurinn fái 2 millj. kr. minni tekjur á ári. Það liggur nú ákaflega ljóst fyrir, hvort slíkt er ekki að spilla fyrir málinu. — Hlutur þm. N-Þ. er ekki öfundsverður í þessu máli. Hann byrjar á að taka að sér að semja frv. fyrir ríkisstj., og við athugun á því máli kemst hann að þeirri niðurstöðu, að þessi sjóður þurfi 6 millj. kr. í stofnfé, en hvar endar svo þessi þm. sitt skeið? Jú þannig, að þessi sjóður skuli ekki hafa nema 2 millj. í stofnfé. Hann kastar þarna 4 millj. fyrir borð og verður ekki flökurt af. Það er að segja, þegar hann tekur að sér þetta vandaverk, þá kemst hann að raun um, að sjóðurinn þurfi að fá þessar tekjur, en nú við afgreiðslu málsins hér í þinginu er hann orðinn á móti því, að sjóðurinn fái þessar tekjur, og vinnur til að takast í hendur við heildsalaforingjann, sem hann hefur nú ekki þótzt vera neitt hrifinn af, til þess að svíkja málið, og eingöngu vegna þess, að það kemur ofur lítið við Sambandið. Það verð ég að segja, að ég vildi ekki hafa svona sögu að baki mér. Svo var 1. þm. Reykv. að kvarta undan verðlagsákvæðunum, sem hann hefur nú verið meira og minna viðriðinn í áratug. Ég vil nú spyrja hann í því sambandi, hver sé ástæðan fyrir því, að menn sitja nótt og dag fyrir utan dyr hjá viðskiptanefnd til að ná í leyfi, eins og Spegillinn sýnir svo ágæta skopmynd af í síðasta tölublaði. Er það kannske vegna þess, að um of sé þrengt að álagningunni, að ekki megi draga af henni ½%? Eða eru líkur til, að þessir menn mundu hanga þarna nótt og dag, í stað þess að vinna eitthvert nytilegt verk, ef ekkert væri upp úr því að hafa? Ef svo er, þá væri þeim nær að fara út á fleyturnar og vinna heldur en að eyða hálfu lífinu á tröppunum hjá viðskiptanefnd. En ég er alveg viss um, að þeir væru ekki búnir að fara einn túr, þegar þeir kysu heldur að fara í land og halda áfram sinni fyrri iðju, þó svo að þeir ættu að greiða ½% í hlutatryggingasjóðinn. Það er sannarlega hreinn viðbjóður að heyra alþingismenn verja þannig sína eigin hagsmuni gegn þeim, sem hætta lífi og limum, til þess að aðrir geti fleytt rjómann af viðskiptunum í landinu. Svo var eins og minnzt væri á eitthvað voðalegt, þegar farið var fram á, að bankarnir legðu eitthvað í þennan sjóð. Mér hefði nú þótt meiri sómi fyrir bankana að bjóða framlag til sjóðsins, því að það er ekki ólíkt því, þegar góður bóndi gefur kúnni sinni vel. Sjávarútvegurinn er sannarlega mjólkurkýr bankanna, þó að innflytjendurnir mjólki hana líka, og þar af leiðandi bæði eðlilegt og sjálfsagt, að þessir aðilar leggi fé í þennan styrktarsjóð útvegsins. 1. þm. Reykv. var að ræða um það, að hvergi væri stoppað með eyðslu í alls konar framkvæmdir. Þetta er bara allt annað mál en það, sem hér er til umr., auk þess, sem þessar framkvæmdir skapa ekki gjaldeyri. Það er til dæmis ekki verið að skapa gjaldeyri með því að byggja bindindishöll í Reykjavík eða bankahús, og varla hefur sá bankinn tapað, sem nýlega hefur reist yfir sig stórhýsi upp á margar milljónir. Hv. þm. N-Þ. var að ásaka mig fyrir, að ég notaði hvert tækifæri til að hreyta ónotum að Sambandinu. Ég leyfi mér að lýsa þetta alger ósannindi. Ég veit ekki til, að ég hafi verið með nokkur ónot í garð samvinnufélaganna. Ég hef aðeins bent réttilega á, að þau hafi setið við annað borð í sambandi við skattaálögur en margar aðrar stofnanir, en annað hef ég ekki sagt.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál meira nú. Það mun koma í ljós við atkvgr. um þær till., sem fyrir liggja, hvern hug menn bera til þessa máls, þó að gera megi ráð fyrir, að málinu sé markaður bás annars staðar, þar sem aðrar klær ráða, en það verður munað, ekki einungis af mér, heldur líka þeim mönnum, sem þræla fyrir þær stéttir, sem ekki vilja sleppa neinu af þeim sérréttindum, er þær enn hafa í þjóðfélaginu. Og það verður heildsalastéttinni til lítils sóma, ef rýra á tekjur hlutatryggingasjóðsins um 2 millj. kr. hennar vegna.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. ræddi mikið um það, að bankarnir mjólkuðu sjávarútveginn. Ég veit nú ekki, hvernig á að skilja þetta hjá þm., þegar þess er gætt, að bankarnir tapa oft miklu fé á útveginum. Ef hægt er að tala um slíkt, þá mjólka bankarnir alla atvinnuvegina og allar stéttir, og gagnkvæmt hafa allar stéttir mikil not af bönkunum. Það er því nauðsynlegt, að bankarnir séu vel stæðir, svo að þeir geti innt sitt hlutverk af hendi.

En ef farið er nánar út í skipti bankanna við útgerðina, þá veit ég ekki betur en mest af gróða bankanna hafi runnið til hennar fyrr og síðar, því að bankinn hefur tapað lítið á öðrum starfsgreinum. Ég segi þetta ekki sem neina ásökun á útgerðina. Þessi atvinnuvegur er áhættusamur, en hjá þeirri áhættu verður ekki komizt. En það sýnir það líka, hversu nauðsynlegt er einmitt fyrir þennan atvinnuveg, að hagur bankanna sé góður, svo að

þeir hafi bolmagn til að rétta hjálparhönd, þegar illa árar.

Um það atriði í ræðu þm. Barð., hverjir sitja á tröppunum hjá viðskiptanefnd, skal ég ekki fullyrða, en óhætt er að segja, að þar komi menn úr öllum stéttum, og má meðal annarra minna á allan iðnaðinn, sem sækir þangað sín leyfi, námsmenn, sem nema erlendis, og alla, sem eitthvað ferðast út fyrir landssteinana, svo að það er óhætt að slá föstu, að það eru ekki allt innflytjendur, sem leita til viðskiptanefndar, þó að þeir komi þar eðlilega líka í sambandi við sína atvinnu.

Þá vildi þm. láta í það skína, að það væri sök okkar þm. N-Þ., ef sjóðurinn fengi ekki þær tekjur, sem hann þyrfti, því að við gerðum allt til að draga úr tekjum hans. Þetta er algerlega rangt, þó að okkur greini á um leiðir til tekjuöflunar. Hv. þm. hefur haldið því fram þar til í kvöld, að prósentgjaldið, sem hann vill leggja á skv. sinni brtt., muni nema 1½ millj. og sé því samsvarandi prósentunum af aflaverðmætinu. Ef því sjóðurinn fær minni tekjur en ráð er fyrir gert, þá er það hans hringlandahætti að kenna og engu öðru.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla að lýsa yfir iðrun minni, ef við 1. þm. Reykv. höfum verið svo vondir við þm. Barð. eins og hann vill vera láta, þennan sérstaklega orðvara og prúða mann, sem aldrei lætur út úr sér nokkurt skammaryrði. Slíkt væri svívirðileg meðferð á þessum hógværa og ljúfa manni. Ég vil því skjóta því til deildarinnar, hvort ég er sekur í svo dæmafárri meðferð. — Ég hef ekki talað um afstöðu þm. Barð. til S. Í. S. eða um þá stofnun sem neitt aðalatriði í þessu máli. Það, sem ég tel aðalatriðið, er óréttlætið, sem leiðir af því að færa byrðarnar, sem felast í samþykkt þessa frv., yfir á sérstakar stéttir, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess, hvort þær séu færar um að bera þær eða ekki. Ef þm. Barð. telur, að auka beri álögur á innflytjendur, þá átti hann að koma með till. um það í sambandi við fjárlögin. Ríkissjóði hefði ekki veitt af auknum tekjum og með því móti ef til vill verið færari um að leggja fé til þessa sjóðs, sem hér er um að ræða. En eins og ég hef áður tekið fram, tel ég, að hið opinbera framlag til hlutatryggingasjóðsins eigi að koma frá öllum almenningi, og ég óttast ekki dóm sögunnar um þá skoðun mína. Að lokum vil ég svo segja það, að það er þessi þm. sjálfur, sem er að gera tilraun til að draga úr tekjum sjóðsins, en ekki við hinir, því að í frv. er gert ráð fyrir 1½ millj. kr. tekjum, sem hann vill fella niður, svo að það er hann sjálfur, sem á heiðurinn af því, ef tekjurnar rýrna, en ekki við, sem reynum að leiðrétta ranglætið í till. hans.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Aðeins stutt athugasemd við ræðu 1. þm. Reykv. og ræðu þm. N-Þ. Mér virðist sem þeir hafi alls ekki lesið till. minar um tekjuöflun til sjóðsins. Eftir mínum till. á sjóðurinn að fá svipaðar tekjur og frv. gerir ráð fyrir, þó að í mínum till. felist að vísu mun öruggari tekjustofnar. En það, sem hér er um að ræða, er till. mín um ½% af verðmæti innfluttra vara, en það gerir eftir innflutningi síðasta árs 2151500.00 kr. Þetta er það, sem þessir hv. þm. látast ekki skilja, en með tilraunum sínum til, að sjóðurinn fái ekki þessar tekjur, eru þeir að draga úr tekjum sjóðsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. og 103. fundi í Ed., 10. og 11. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 670,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 670,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 636 tekin aftur.
— 682 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, PZ, GJ.

nei: HermJ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BrB, GÍG, HV, ÞÞ.

BBen, BK, BÓ, EE greiddu ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 678 felld með 9:4 atkv.
— 672 samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, PZ, BBen, BK, BÓ, EE, HermJ, ÞÞ.

nei: SÁÓ, StgrA, ÁS, BrB, GJ, GÍG, HV.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 670,3 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GJ, GÍG, HV, HermJ, StgrA, ÁS.

nei: BÓ, EE, JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BK, ÞÞ.

PZ greiddi ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 670,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 671 felld með 10:1 atkv.
— 670,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 670,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 614,11 tekin aftur.
— 670,7 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 726).

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. Það er borið fram til þess að fullnægja skuldbindingum, sem gerðar voru við bátaútvegsmenn í vetur. Ég ætla ekki að ræða málið efnislega nú, því að ég tel heppilegra, að sjútvn. fjalli um það fyrst. Án frekari formála óska ég, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 726, n. 763 og 765, 769).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 769. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson). Herra forseti. Þegar lögin um eignakönnun voru samþ. á Alþingi, var það fyrirheit gefið, að nokkur hluti þess fjár, sem inn kæmi vegna eignakönnunarinnar, skyldi lagður í hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Það má því segja, að loforð frá því opinbera sé fyrir hendi um að beita sér fyrir þessari sjóðstofnun. Ríkisstjórnin lagði svo fyrir nokkru fram frv. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og kemur það hingað frá hv. Ed., þar sem það hefur tekið talsverðum breytingum frá því, sem var, þegar nefndin, er undirbjó það, skilaði því frá sér. Það hefur komið í ljós undanfarið, að hagur bátaútvegsins er mjög misjafn frá ári til árs, og nú síðustu ár hefur hagur hans verið mjög slæmur, svo að rækilega hefur þar þurft að hlaupa undir bagga. Með l. um hlutatryggingasjóð er ætlunin að setja á stofn öflugan sjóð, sem tekið geti af slík skakkaföll, þegar illa árar. Ber því brýna nauðsyn til, að sjóðstofnun þessi megi bæði fljótt og vel takast. Ég skal ekki fara út í það, hvort frv. uppfylli allar vonir útvegsmanna, en að því er þó stefnt með frv., að sjóðurinn megi koma þeim að sem mestu gagni.

Við afgreiðslu málsins í sjútvn. kom í ljós, að einn nm., hv. 5. þm. Reykv., telur frv. svo úr lagi fært í Ed., að hann treystir sér ekki til að fylgja því. Hv. þm. Siglf. skilar séráliti, en við þrír, hv. 2. þm. N-M., hv. þm. Borgf. og ég, leggjum til eftir atvikum, að frv. verði samþ. í því formi, sem það kom frá hv. Ed., því að leggja verður megináherzlu á, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Einn okkar, hv. 2. þm. N-M., hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara og hefur flutt brtt. á þskj. 769, þar sem hann leggur til, að tekjur sjóðsins verði 1% af óskiptum vertíðarafla bátaflotans, sem stundar tryggingarskyldar veiðar, í stað þess, að nú er í frv. gert ráð fyrir ½% útflutningsgjaldi af öllum útfluttum sjávarafurðum öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, selveiðum og hvalveiðum, og svo framlag úr ríkissjóði á móti þessu. Ég tel till. hv. þm. að ýmsu leyti eiga rétt á sér, en tel þó af fenginni reynslu, að innheimta gjaldsins eftir brtt. hv. þm. yrði allt of erfið og tekjuöflun sjóðsins þannig stefnt í óefni. Um innheimtuna til sjóðsins hefur hv. þm. Siglf. einnig flutt brtt. við 9. gr., að 2. tölul. orðist svo, að fyrir framlag ríkissjóðs komi ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og önnur innflutningsgjöld, og má ekki bæta því við söluverð varanna innanlands. Nú er það svo, að við höfum bæði á þessu þingi og áður ákveðið allmikil innflutningsgjöld, svo að sú skoðun hefur við full rök að styðjast, að þar sé nógu mikið ásett. Enn fremur er svo á liðið þingtíma, að stór hætta er á, að frv. nái ekki fram að ganga, ef brtt. við það eru nú samþ. Það eru því eindregin tilmæli mín, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed., enda þótt ég telji, að betur hefði þurft að athuga það í n., en til þess vannst því miður ekki tími.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. Siglf. gat ekki mætt á þessum fundi og bað mig að segja nokkur orð um brtt. á þskj. 765. Þær brtt. eru í fyrsta lagi við 5. gr., um að niður falli málsliðurinn: „Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum." Það virðist vissulega helzt til strangt í farið, ef skip breytir um veiðiaðferð og tilkynnir það ekki, að það valdi réttindamissi, og ættu hv. þm. að geta fallizt á þessa breytingu. Aðalbrtt. er þó við 9. gr., og hefur hv. þm. Ísaf. þegar gert hana að umtalsefni, það er að segja, að í stað ríkissjóðsframlagsins komi ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara. Það er vitanlegt, að sá gjaldeyrir, sem sjávarútvegurinn aflar, er með ráðstöfunum fjárhagsráðs tekinn og afhentur innflytjendum, þ. e. kaupmönnum og S. Í. S., og reynslan hefur sýnt, að verzlunin græðir, þegar útvegurinn tapar. Það er því óréttmætt að leggja gjöldin á þann aðilann, sem verst stendur að vígi, en láta heildsalana halda áfram að græða á hans kostnað. Þessi till. hefur því við full rök að styðjast, og vona ég, að hv. d. samþ. hana.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, þá vorum við þrír nm. í sjútvn. sammála um að afgreiða þetta frv., enda hafði hæstv. ríkisstj. lofað, að lög skyldu sett, er tryggt gætu að einhverju leyti hag bátaútvegsins í framtíðinni. Ég sá mér þó ekki annað fært en að bera fram brtt. við frv., eins og það nú kemur frá hv. Ed., og er þá fyrst að geta þess, að ég legg áherzlu á, að tekjuöflunin skv. 9. gr. verði færð í hið upphaflega horf, eða 1% af óskiptum afla. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að taka ½% af útflutningsverðmæti aflans og svo framlag ríkissjóðs til jafns á móti. Með þessu er sýnt, að tekjuöflunin til sjóðsins er stórlega skert, og verða tekjurnar miðað við vertíðina s. l. sumar ekki nema 2 millj. kr., en skv. brtt. mínum yrðu þær yfir 3 millj. kr. Hins vegar má segja, að það sé einnig ekki nógu mikið, því að talið er, að árleg tekjuöflun sjóðsins megi ekki vera undir 4 millj. kr. Varðandi það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að ef brtt. mínar yrðu samþ., þá yrði innheimtan allt of erfið, þá sé ég ekki, að það hafi við svo mikil rök að styðjast. Aflinn er annaðhvort hraðfrystur eða verkaður sem saltfiskur, og ef hann er hraðfrystur, þá geta hraðfrystihúsin haldið eftir hinum á-

kveðna hundraðshluta, en ef hann er saltaður, þá má í gegnum S. Í. F. innheimta gjaldið, eins og nú eru innheimt ýmis gjöld, er á útgerðinni hvíla. Því held ég, að ekkert það hafi fram komið, sem telja megi ástæðu til þess, að brtt. minar verði felldar. Um brtt. hv. þm. Siglf. fjölyrði ég ekki, en get ekki fallizt á þær. Hvað það snertir að afla sjóðnum tekna með álagi á verzlunarstéttina, þá tel ég það fjarstæðu. Sá tími er liðinn, að þessi atvinnugrein sé svo arðsöm, að ekki megi vel á halda, ef hún á að ganga hallalítið eða hallalaust. Og ég tel ekkert réttlæti í að rökstyðja þetta með því, að verzlunarstéttin fái þann gjaldeyri, sem sjómennirnir afla. Það mætti þá færa þetta gjald yfir á neytendur almennt, því að þeirra vegna er gjaldeyrinum eytt. Till. hv. þm. Siglf. er því hreinasta fjarstæða, hvernig sem á hana er litið. Eins og frv. er nú, með ½% gjaldi af afla bátaflotans, þá verður útkoman sú, að tekjur af því verða ekki nema um 1 milljón og með jöfnu framlagi ríkissjóðs um 2 milljónir. Með svo litlu fé kemur sjóðurinn ekki til með að geta rækt sitt hlutverk. Hins vegar mundi hann ná tilgangi sínum, ef till. mín væri samþ.

Hin till. á þskj. 769 er minna virði. Brtt. við 10. gr. er meira leiðrétting. Ég geng út frá, að átt hafi að miða við verðmæti meðalafla, þegar um uppbót úr sjóðnum væri að ræða. Það er allt annað t. d., hvort veiddur er koli eða annar fiskur, sem ekki er nærri jafnverðmætur. Ég legg því til, að í staðinn fyrir orðið „meðalafla" í 10. gr. komi „verðmæti meðalafla". Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég hef enga tilhneigingu til málþófs um þetta efni, þar sem fáir dagar eru nú þar til þingi skal slíta og ég veit, að hæstv. ríkisstj. vill hraða þessu máli af þeim ástæðum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka n. afgreiðslu þessa máls og vil taka undir það með hv. frsm. og 2. þm. N-M., að ríkisstj. er það mikið í mun, að málið nái fram að ganga, og vildi mega vænta þess, að brtt., sem ætla mætti, að illa yrði tekið í Ed., yrðu ekki samþ. í þessari hv. deild. Það er hart að vísu, að mæla á móti 1. brtt. hv. þm. N-M., því að það, sem hún fjallar um, var einmitt orðað þannig í frv. eins og ég lagði það fyrir Alþ. En hætt er við, að brtt. yrði ekki vel tekið í Ed. Ég fellst á ýmislegt af rökum hv. þm. N-M. í hans mjög svo skynsamlegu ræðu. Og að því er snertir hina brtt. hans, þá tel ég hana nauðsynlega. — Að öðru leyti vil ég ekki blanda mér inn í deilur um málið, en tel nauðsynlegt, að frv. verði staðfest af Alþ. nú; og það er eins og hv. þm. Ísaf. sagði, að hvernig sem frv. yrði afgreitt, er ósköp líklegt, að það mundi ekki líða á löngu, unz um það þyrfti að bæta að nýju hvort sem væri.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. frsm. sagði í upphafi, að mál þetta hlýtur að fara til endurskoðunar mjög fljótlega. Það er venjulega svo, þegar um alger nýmæli er að ræða. Hins vegar get ég ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun mína, sem án alls vafa er rétt, að frv. þetta hefur ekki neina þýðingu til bjargar útveginum. Ég er ekki svo mikið barn, að ég láti mér detta í hug, að þetta tryggi aflahlutinn. Ég veit ekki betur en við höfum alltaf verið að baksa við þetta og hæstv. ríkisstj. hlaupið undir bagga með að bjarga lágum hlutum sjómannanna og aldrei mælt í minni upphæðum en 5 — 7 — 10 millj. króna. Og svo á að fara að stofna hér sjóð í þessu skyni upp á 2 millj.! Ég man, að fyrir mörgum árum — í gamla stríðinu — kom maður að máli við mig og sagði mér, að hann ætlaði til útlanda að kaupa skip, og bað mig um eina krónu. Mér finnst þetta hlíðstætt. Eins og ég sagði, þá hefur aldrei þurft að verja minna fé í þessu skyni en 5 millj., en nú eiga allt í einu að duga 2 millj. Ég verð að segja, að mig alveg undrar þetta. Er ekki betra að láta þetta kyrrt liggja heldur en að gera sig að undri með slíkum samþykktum?

Þegar hæstv. fjmrh. var að undirbúa þetta frv., var ég kallaður til ásamt öðrum, og gerðum við þá ráð fyrir 6 millj. Við vorum ekki í neinum vafa um, að það væri helzt til lágt, og heyrðum það líka frá útvegsmönnum, að þeir mundu blása á það og telja það einskis virði. Nú er sem sagt gert ráð fyrir 2 millj. En það er þó kannske ekki aðalatriðið, heldur hitt, að það er komið út af tryggingagrundvellinum og yfir á styrkjagrundvöllinn. Menn eru nú orðnir svo ruglaðir af styrkjapólitíkinni, sem rekin er á öllum sviðum, að menn gera ekki lengur neinn mun á þessu tvennu.

Ég hef nú haft kynni af þessu máli áður. Fyrir rúmum 10 árum flutti ég frv. um aflatryggingar á 3—4 þingum, en þeim var alltaf komið fyrir kattarnef með undirhyggju, enda þótt vinsamlega væri á þeim tekið. Hér voru þá flokkar á þingi, sem ekki báru hlýjan hug til útvegsins, og galt frv. þess. Nú þýðir ekki að sakast um orðinn hlut, en ef Alþ. hefði þá litið ópólitískt á þetta mál, þá væri nú til sjóður í þessu skyni, sem næmi sjálfsagt meiru en 10 millj. kr. Þessi frv. mín voru byggð á tryggingagrundvellinum, og ég heyrði því aldrei hnekkt af neinum, að það væri rétt og eðlilegt, en hugsunin er þar sú, að þeir, sem tryggðir eru, leggi sjálfir eitthvað af mörkum. Þegar nú á að afla teknanna frá allt öðrum en þeim, sem á að tryggja, er komið yfir á styrkjagrundvöllinn, og yfir á hann á að fara hér nú. Það er árangurinn af hugsunarhætti, sem Alþ. hefur mjög stuðlað að að skapa, að stéttirnar eigi ekki að tryggja sig sjálfar, heldur eigi aðrir að sjá fyrir þeim. Það hefur verið unnið fast og skipulega að því að drepa áhuga manna fyrir því að bjargast upp á eigin spýtur. Það er ekkert sérstakt fyrir útgerðina, það er svo alls staðar.

Þegar ríkisstj. tók ábyrgð á sölu sjávarafurða og tryggði mönnum hærra verð en vonir stóðu til, að þær yrðu seldar fyrir, þá var numinn burtu allur áhugi hjá þeim, sem sjóinn stunduðu, til þess að ná hærra verði. Áður var

það aðaláhugamál útgerðarmanna og skipshafnar, hvaða verð yrði unnt að fá fyrir vöruna. Nú er þessi áhugi tekinn burt. Svo komu kauptryggingarnar. Útgerðarmaðurinn á að nafninu til að ábyrgjast kaupið, en reyndin er sú, að ríkissjóði blæðir. Og með þessu móti er líka í burtu numið mikið af áhuga sjómannanna fyrir því að afla sem bezt. Þá hangir eitt eftir. Það er áhugi útgerðarmannanna sjálfra. Með þessu á nú svo að taka þann áhuga frá þeim að verulegu leyti. Hann á að fá tryggingu fyrir hlut, en leggur ekkert fram. Þeir, sem eiga að borga brúsann, eru fyrst og fremst þeir, sem kaupa útflutningsvöruna, og svo auðvitað hinn þrautpíndi ríkiskassi. Hér er sem sagt algerlega vikið frá tryggingagrundvellinum og yfir á styrkjagrundvöllinn. Það er nú ekki þýðingarlaust atriði, hvernig fer um kauptrygginguna. Það fór ég aldrei dult með, að ég áleit, að hlutatryggingin ætti að koma í stað kauptryggingarinnar. Nú á hún að haldast. En hver borgar svo kauptrygginguna? Útgerðarmenn, ef vel aflast, en ef illa fer, þá ríkissjóður, þessi sami brunnur, sem allir halda, að hægt sé að ausa endalaust úr.

Ég hef nú ekki tíma til þess að fara nánar út í þetta mál. Ég neitaði að vera með um afgreiðslu þessa máls, þegar ég sá, hvernig fara skyldi út af tryggingagrundvellinum og sjóðstofnunin var ekki annað en hégómi. Það kom, þetta frv., frá sjútvn. Ed. eins og rifið ræksni. Af því að ég tel stigið spor í rétta átt með brtt. hv. 2. þm. N-M. um að taka framlagið af óskiptum afla, *mun ég greiða henni atkvæði mitt.* Um nál. hv. minni hl. ræði ég hér ekki, þar sem hv. þm. Siglf. er ekki viðstaddur, enda þótt hann gæfi tilefni til gagnrýni. Frv. mun ég ekki greiða atkv., því að ég tel það einskis virði í þessu *formi, en ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj.* 769.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þann reiðilestur, *sem hv. 5. þm. Reykv. hafði hér í frammi.* Ég hef ekki útbúið þetta frv. né verið kvaddur þar til ráða. Það er að vísu satt, að ekki er líklegt, að það fullnægi allra þörf, ef mikil óhöpp steðja að. Hins vegar er sjóðurinn alls ekki mjög lítill á okkar mælikvarða, þar sem Alþ. kemur til með að leggja fram um 5 millj. til að stofna hann og tekjur verða um 3 millj., en það verða alls 8 millj. eftir eitt ár. Þótt ég hefði talið betra, ef Alþ. hefði séð sér fært að vera stórtækara, þá tel ég þetta þó ekki einskis virði.

Ég vil svo segja út af ummælum hv. 2. þm. N-M. um gjaldið af óskiptum afla, að það er rangt, að útflutningsgjaldið komi hvorki niður á útgerðarmönnum né sjómönnum; það gerir það, og ég tel rangt það, sem hv. 5. þm. Reykv. heldur fram, að málið sé komið út af tryggingagrundvelli og yfir á styrkjagrundvöll. Það er gert ráð fyrir, að þetta fé komi frá sjávarútveginum og ríkið leggi svo á mótl, svipað og er í sambandi við almannatryggingarnar. Menn eru nokkurn veginn sammála um gjaldið, en hins vegar greinir á um leiðir, þó að ég telji, að það sé nokkuð sama, hvor leiðin er valin. — Ég skal svo ekki fjölyrða um málið nú, en vil að lokum taka það fram, að ég tel, að 5. þm. Reykv. sé á rangri leið með sín stóryrði.

Halldór Ásgrímsson: Ég ætla með örfáum orðum að svara hv. þm. Ísaf. Mér skildist, að þessi hv. þm. vildi telja það rangt hjá mér, að útflutningsgjaldið, þetta háa prósent eins og það er hugsað nú, kæmi ekki niður á útgerðinni. Ég held, að hér sé um mikinn misskilning að ræða hjá þm., því að það hlýtur að fara svo, meðan ábyrgðarverðið er í gildi, að sjómenn hljóta að krefjast fullrar greiðslu á því opinbera verði, sem ákveðið er, og skilst mér þá, að ekki geti hjá því farið, að hraðfrystihúsin verði að taka á sig þennan frádrátt og þar af leiðandi bera uppi þetta háa prósent. Hins vegar kemur þetta, eins og ég sagði, niður á fiskeigendum sjálfum, þegar um saltfisk er að ræða. Ég benti á, að hér er um misræmi að ræða, þar sem í sumum tilfellum eru það útgerðarmenn og sjómenn, sem bæru uppi gjaldið, en í öðrum tilfellum aðrir aðilar. — Hv. þm. vildi halda fram, að ef samþ. yrði till. mín um 1% af óskiptum afla, mundi það verða meira gjald en ef tekið yrði ½% af útflutningsverðinu. Ég held, að ástæðulaust sé að óttast slíkt, því að það geta ekki verið neinar deilur um það, að ef greiða á 1% af óskiptum afla, eru það sjómenn og útgerðarmenn, sem bera þetta gjald uppi og hlutfallslega við það, sem þeim ber af aflanum.

Hv. þm. talaði um, að það mundi valda miklum erfiðleikum að innheimta gjaldið á þann hátt, sem ég legg til, og taldi, að ástæðan fyrir *þessari till. mundi vera ókunnugleiki minn í* þessum efnum. Ég skal ekki bera saman kunnugleika okkar hv. þm. Ísaf. á sjávarútvegsmálum. Ég viðurkenni, að hann mun vera meiri til staðar hjá honum en mér. En ég vil leyfa mér að benda honum á, að það eru fleiri, sem hafa komið við þessa sögu en ég. Ég er hér að taka upp till., sem er sett inn í stjfrv. af mönnum, sem ég vænti, að hafi eins mikið vit á þessu og hv. þm. Ísaf. og ég geri ráð fyrir, að hafi haft góðan tíma til þess að athuga þetta mál. Ég vil því ekki fallast á, að þetta séu góð rök gegn till. minni.

Þetta vildi ég segja. Ég skal svo ekki tefja tímann meir né vekja neinar deilur í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 765,1 felld með 18:1 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 769,1.a felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, HÁ, JG, JörB, PÞ, SK, SkG, StgrSt.

nei: EOl, FJ, GTh, GÞG, AG, JóhH, JPálm, PO, StJSt, StSt, BG.

JS greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁÁ, EmJ, HelgJ, HermG, IngJ, JJ, KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 765,2 felld með 17:3 atkv.
— 769,1.b felld með 10:9 atkv.
9. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 769,2 felld með 10:9 atkv.
10.—17. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 796).

---

27. Marshallaðstoðin.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu [195. mál] (stjfrv., A. 577).

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, getur aðstoð sú, sem veitt er samkvæmt samningi um efnahagslega samvinnu milli Bandaríkjanna og Íslands, verið í þrenns konar formi. Í fyrsta lagi getur verið um lán að ræða, í öðru lagi um framlag án endurgjalds og í þriðja lagi skilorðsbundið framlag. Við höfum nú fengið samkvæmt þessum samningi lán að upphæð 2,3 millj. kr. og skilorðsbundið framlag 5,3 millj. kr. Lánið var tekið í júlí 1948 og eingöngu notað til kaupa á síldarbræðsluskipi, vélum og öðrum framleiðslutækjum. Lánið er með mjög hagstæðum kjörum, þar sem vextir eru aðeins 2½% og lánstími 35 ár, en lánið er bæði vaxta- og afborganalaust fyrstu árin. Svo hagstætt lán hefði hvergi fengizt á hinum almenna lánamarkaði. — Skilorðsbundna framlagið var veitt þannig, að við fengum dollaragjaldeyri fyrir vörur, sem seldar voru til annarra bandalagsríkja en Bandaríkjanna. Við seldum t. d. fisk, lýsi og ýmiss konar sjávarafurðir til Mið-Evrópu og fengum þar fyrir dollaragreiðslur, svo að viðskipti, sem við þurftum nauðsynlega að hafa við Bandaríkin, gátu farið fram, enda þótt dollaratekjur okkar af beinum sölum til Bandaríkjanna væru svo litlar, að slík viðskipti hefðu reynzt ógerleg, ef þessi aðstoð hefði ekki komið til. — Nú eigum við kost á að fá 2,5 milljónir dollara sem framlag án endurgjalds, og er þetta frv. flutt til að leita eftir heimild handa ríkisstj. til að taka á móti og ráðstafa þessu framlagi. Meiningin er að láta allt framlagið ganga til þess að kaupa efnivörur og vélar skv. þeirri fjögurra ára áætlun, sem ríkisstj. birti í vetur, en vegna skorts á dollurum verðum við þó að nota nokkurn hluta framlagsins til kaupa á neyzluvörum, sem okkur eru nauðsynlegar, en aðeins fáanlegar í Bandaríkjunum. Því er ætlunin að leggja til hliðar jafnháa upphæð og til þess fer í öðrum gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum, sem fást utan Bandaríkjanna, svo að raunverulega fer allt framlagið til kaupa á efnivörum og vélum. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að framlaginu verði ekki ráðstafað nema með samþykki Alþingis. Sé ég svo ekki þörf á að hafa þessa framsögu öllu lengri. Ég vil aðeins undirstrika það, að ef við hefðum ekki orðið þessarar aðstoðar aðnjótandi, þá hefðu hin mjög svo nauðsynlegu viðskipti okkar við Bandaríkin torveldazt svo, að líklegt er, að þau hefðu stöðvazt að mestu eða öllu leyti. Ég vil svo vænta þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef áður rætt hér um Marshallaðstoðina svonefndu og látið í ljós afstöðu mína og míns flokks og fer því ekki nú út í það mál almennt. Þegar það mál var reifað hér af hæstv. ríkisstj., þá var lögð á það áherzla, að við Íslendingar værum í samstarfi Vestur-Evrópu sem veitendur, og þá var ekki gengið út frá því, að við þyrftum nokkurn tíma að taka á móti gjöfum. Það er nú komið á daginn, að það hefur verið gert, og er þetta frv. staðfesting á því og felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að taka á móti gjöfum. Í slíku samstarfi, sem við nú erum, þá er nógu slæmt að taka við lánum, en er þó verjandi, ef lánin eru tekin til arðbærra framkvæmda, en gjafir eða framlag án endurgjalds, eins og það er kallað, þýðir í fyrsta lagi niðurlægingu að mínum dómi. Að öðru leyti er ég hræddur um eftir það, sem gerzt hefur, að þetta framlag sé engin gjöf, heldur sé það goldið dýrara verði en við höfum efni á. Ég er á móti þessu frv., en þar sem það fer til þeirrar n., sem ég á sæti í, segi ég ekki um það fleiri orð að sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:3 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 577, n. 657 og 683).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Axel Guðmundsson: Herra forseti. Ég er einn af meiri hl. fjhn., sem hélt fund um málið, og var meiri hl. sammála um að samþykkja frv. Frsm. meiri hl. er ekki viðstaddur, og vil ég því aðeins skýra frá þessu fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mér finnst nú satt að segja, að það sé orðið mjög mikið efamál, hvort halda eigi áfram þingfundi, þegar að minnsta kosti stendur yfir einn flokksfundur og frsm. fyrir stjfrv. er svo upptekinn, að hann getur ekki haft framsögu fyrir frv. Mér finnst bara skrípaleikur að halda áfram þingfundi með þessu móti og vil benda hæstv. forseta á þetta, þar sem hann á að sjá um, að málin fái þinglega afgreiðslu. Ég mun þó ekki skorast undan að hafa framsögu fyrir minni hl., þótt það sé nú reyndar vanalegt, að frsm. meiri hl. gangi fyrir.

Hér í þessu frv. er farið fram á það, að ríkisstj. sé veitt heimild til að taka á móti fjárframlögum án endurgjalds. Hér hefur áður verið rætt um afstöðuna til Marshallssamningsins í heild, og mun ég því ekki gera hann að umtalsefni hér, heldur aðeins þetta atriði. Eins og vitað er, var samningurinn aldrei lagður fyrir Alþingi til samþykkis, heldur samþykktu forseti og ríkisstjórn hann samkvæmt valdi, sem þau töldu sig hafa, en utanrmn. taldi þetta „að taka án endurgjalds", þess eðlis, að fyrir því þyrfti sérstaka löggildingu. Nú er svo komið, að ríkisstj. vill fá staðfestingu Alþingis á þessum þætti, og það er um leið það fyrsta, sem lagt er fyrir Alþingi af þessum samningi. Ég harma, að til þess skuli koma, að ríkisstj. skuli fara fram á það við Alþ. að fá að taka við fjárframlagi endurgjaldslaust. Við höfum lengst af verið fátæk þjóð, og þegar við hér áður fyrr bjuggum við baxl og bágindi, þótti okkur leitt að þurfa að taka við gjöfum. Eftir síðasta stríð vorum við svo vel stæðir, að við gátum gefið öðrum gjafir, og frá því var sagt hvað eftir annað í útvarpi og blöðum og við vorum stoltir af. Við skoðuðum þetta sem siðferðislega skyldu okkar, þar sem við höfðum orðið svo vel úti í stríðinu, meðan ýmsar aðrar þjóðir liðu hinar ægilegustu hörmungar. Bandaríkin græddu stórkostlega á síðasta stríði, og við Íslendingar græddum líka nokkuð. Hin almenna afstaða þjóðarinnar var sú, að ekki kæmi til mála, að við þyrftum að taka við fjárframlögum án endurgjalds, og slík var líka afstaða ríkisstj. fyrst eftir að hún tók við völdum. Því var lýst yfir af ríkisstj. árið 1947, að þótt Ísland gerðist þátttakandi í efnahagssamvinnu Norðurálfuþjóðanna, þá yrði Ísland þar veitandi, en ekki þiggjandi. Þetta voru orð ráðherranna, og þau voru endurspeglun af stolti þjóðarinnar og áliti hennar á þessum málum. Í umr., sem fram fóru um haustið um þetta mál, komst hæstv. utanrrh. svo að orði:

„Því miður er efnahagur margra Evrópuríkja svo slæmur eftir eyðileggingar styrjaldarinnar, að þeim er um megn að standa sjálf straum af endurreisnarstarfinu. Þess vegna er það von þeirra, að áætlanir þessar verði grundvöllur þess, að Bandaríkin veiti þeim fjárhagslegan tilstyrk. Ísland er hins vegar ekki í hópi þeirra þjóða, sem hafa beðið um slíka aðstoð, og við skulum vona, að við berum gæfu til þess að haga svo málum okkar, að við þurfum ekki á henni að halda."

Þetta voru þá orð hæstv. utanrrh., og ég býst við, að þau hafi verið töluð fyrir hönd allrar ríkisstj. Þá leit ríkisstj. svo á, að hún mundi ekki þurfa á þessu að halda. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir, að hörmungar stríðsins hefðu valdið því, að sumar Evrópuþjóðirnar yrðu að treysta á slíkar gjafir. Nú er svo komið eftir tvö ár, frá því að þessar yfirlýsingar voru gefnar, að ríkisstj. fer fram á heimild til að taka á móti framlögum án endurgjalds. Ríkisstj. hefur því ekki borið gæfu til að stjórna landinu rétt, heldur hefur hún í hverju máli kveðið upp dóm yfir sinni eigin stefnu. Í hinni alkunnu grg. fyrir hækkuninni á tóbaki og áfengi var sagt, að þar sem allt hefði hækkað, yrði þetta að hækka líka. Í grg. fyrir benzínskattinum var sagt, að þar sem hann væri lægri hér en erlendis, þá yrði hann að hækka. Og svo kemur hér fram beiðni um að fá að taka við fjárframlögum frá Bandaríkjunum endurgjaldslaust. Ég álít það í fyrsta lagi mjög leitt, að íslenzka ríkisstj. skuli koma fram með svona frv. eftir að hafa gefið sterkorða yfirlýsingu um það, að slíkt skyldi aldrei koma fyrir. Þá vil ég líka benda á, að með því að taka við framlögum án endurgjalds frá erlendu ríki, göngumst við undir skuldbindingar, sem leiða til þess, að þetta ríki getur haft áhrif á fjármálaráðstafanir innanlands. Í Marshallssamningnum fjallar 4. kafli eingöngu um þau ákvæði, sem koma til greina, þegar aðstoð er veitt án endurgjalds, en þegar samningurinn var ræddur hér árið 1948, var þessi grein sama og ekkert rædd, þar sem enginn reiknaði með því þá, að nokkurn tíma kæmi til þess, að við þyrftum að taka við gjafafé. Og ég held því að þeir, sem á annað borð láta sig einhverju skipta, hvað þeir samþ., ættu að athuga þær greinar samningsins, sem leggja okkur skyldur á herðar. T. d. er mjög athugandi 6. gr. í 4. kafla, sem segir, að jafnóðum og Ísland tekur á móti framlögum í dollurum, þá eigi að leggja inn á reikning í Landsbankanum jafnháa upphæð í íslenzku fé. Síðan eru sérstök fyrirmæli um, með hvaða skilyrðum þetta fé megi nota. Í 6. gr. segir svo: „Ríkisstj. Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi, til þeirra ráðstafana, sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku. Við athugun á till., sem ríkisstj. Íslands gerir um ráðstafanir á innstæðum á hinum sérstaka reikningi, mun ríkisstj. Bandaríkja Ameríku hafa í huga þá þörf, sem er á því að efla eða viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi og á því að efla framleiðslustörf og millirikjaviðskipti, svo og leit að og eflingu á nýjum auðlindum á Íslandi, þar

með talið sérstaklega: a. útgjöld vegna fyrirætlana eða áætlana, þ. á m. þeirra, sem eru þáttur í heildaráætlun um eflingu framleiðslugetu Íslands og hinna þátttökuríkjanna, og fyrirætlana eða áætlana, sem erlendur gjaldeyriskostnaður við er greiddur með aðstoð, sem ríkisstj. Bandaríkja Ameríku veitir samkv. l. frá 1948 um efnahagssamvinnu eða á annan hátt, eða með lánum frá alþjóðabankanum. b. útgjöld í sambandi við leit að og aukna framleiðslu á efnivörum, sem þörf kann að vera fyrir í Bandaríkjum Ameríku vegna skorts, sem er eða líklegt er, að verði á slíkum vörum í Bandaríkjum Ameríku; og c. niðurgreiðslur, sem um munar, á þjóðarskuldum, einkum á skuldum Landsbanka Íslands eða annarra bankastofnana."

Ég vil nú í sambandi við þetta síðasta benda á, hvort hér er rétt þýtt: „especially debt held by the National Bank of Iceland." Þetta er þýtt með „skuldum Landsbanka Íslands" o. s. frv. Ég skal nú ekki fullyrða, hver venja er með slíkar þýðingar, en ég held, að óhætt sé að segja, að þetta þýði réttilega „skuldir við Landsbanka Íslands" o. s. frv. Þó getur verið, að með íslenzku þýðingunni sé átt við skuldir Landsbankans út á við hjá öðrum þjóðum.

Ég er nú ekki mjög kunnugur orðatiltækjum á ensku, en ég hygg, að öll 6. gr. beri það með sér, að um leið og Ísland tekur á móti þessum framlögum og leggur jafnháa upphæð í íslenzkum peningum til hliðar, þá megum við ekki hagnýta þá peninga nema að fengnu leyfi stjórnar Bandaríkjanna. Stjórn Bandaríkjanna lofar að athuga þær till., sem íslenzka ríkisstj. gerir, með hliðsjón af því að „viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi." Og nú vil ég spyrja í sambandi við þetta ákvæði: Eru fyrir hendi tilmæli frá Landsbankanum um það sérstaklega, að þetta fé verði notað til þess að grynna á skuldum ríkissjóðs við bankana? Og í öðru lagi: Er það fullkomið vald, sem stjórn Bandaríkjanna fær sem sá aðili er veitir þetta fé? Er þá einmitt ekki hugsanlegt, að það vald verði notað til þess að þrýsta á gengislækkun? Hvað oft rekum við okkur ekki á í Marshallssamningnum skuldbindingar um að halda réttu gengi? Ég tel því þá hættu felast í því, að íslenzka ríkisstj. geri 4. kafla þessara laga gildandi, að það mundi verða vatn á myllu þeirra, er vilja fella gengi íslenzku krónunnar. Það hefur komið fram í leynibréfi bankastjóranna, að þeir telja gengi krónunnar allt of hátt, og ég held, að samþykkt þessara l. þýddi aukinn styrk fyrir þá og aðra með sömu skoðun. Þessi grein þýðir í öðru lagi, að Bandaríkjastjórn kemur til með að hafa visst vald yfir því, hvernig þetta fé, sem lagt er á hinn sérstaka reikning, er notað. Stjórn Bandaríkjanna gæti sett ýmis skilyrði um það, hver atvinnutækin yrðu, og jafnvel um það, hvenær þau yrðu rekstrarhæf. Ég vil vekja athygli á þessu, því að ég álít, að Íslendingar fái, eins og nú er komið, erlent fé til þess að koma upp atvinnutækjum í landi sínu. Þótt ýmsum muni þykja betra að fá það að gjöf en láni og þótt ég viti og viðurkenni fyllilega, hvaða hættur felist í því að taka fé að láni, þá álít ég það mun heppilegra. Við munum þá einir geta ráðið því, til hvers það er notað og hve mikið það er, og getum þá eingöngu miðað við okkar þjóðarhag. En ef við aftur á móti treystum á gjafafé, erum við undirorpnir þeim skuldbindingum, sem ég var að lesa upp áðan. Við höfum verið með eitt mál hér í þinginu, sem er að einhverju leyti imprað á í minnihlutaáliti mínu, þ. e. a. s. áburðarverksmiðjuna, og vitum, að þegar upprunalega var rætt um byggingu áburðarverksmiðju á Íslandi á fundi efnahagsmálastofnunarinnar í París, mætti það mál mótspyrnu, sem aðallega kom frá þeim stóriðjulöndum, sem ekki vildu, að Íslendingar hagnýttu sitt vatnsafl til að koma stóriðju á fót í landi sínu. Þetta var viðurkennt af hæstv. atvmrh. og einnig, að aðalmótspyrnan hefði komið frá fulltrúum tveggja eða þriggja auðhringa í Bandaríkjunum, Englandi og Þýzkalandi, sem hirða allan arðinn af slíkri framleiðslu og eru því vitanlega andstæðir slíkri stóriðju á Íslandi. Eftir að felld hafði verið till. frá okkur sósialistum um byggingu stórrar og afkastamikillar áburðarverksmiðju og búið var að ræða frv. í báðum deildum, kemur svo brtt. við síðustu umr. málsins í Ed. — og nær samþykki — sem kveður svo á, að taka eigi auðmagn einstaklinga í byggingu verksmiðjunnar og veita þeim síðan sérréttindi í stj., sem draga mun mjög úr því ótvíræða valdi, sem ríkið á að hafa yfir þessu fyrirtæki. Ég hef alltaf verið sannfærður um það, þótt samþ. hafi nú verið að byggja aðeins 10 þús. smálesta verksmiðju, þá verði horfið að því ráði, þegar framkvæmdir hafa verið hafnar, að hafa verksmiðjuna miklu stærri, eða að minnsta kosti í huga þann möguleika. Hins vegar hef ég alltaf haft mikinn áhuga fyrir því, að yfirráð íslenzka ríkisins yfir fyrsta stóriðjufyrirtækinu, sem byggt er á virkjun hinna miklu fossa okkar, yrðu sem bezt tryggð, og að vald og eign ríkisins yrðu alveg ótvíræð, þannig að engir erlendir auðhringar gætu náð valdi yfir slíkum stórrekstri. Við megum vera minnugir þess, að ekki eru nema 2—3 ár síðan háð var barátta til þess að koma í veg fyrir, að erlent auðmagn fengi tök á stóriðjurekstri á Íslandi. Nú kemur fram till. í Ed. að gefa auðmagni afgerandi vald yfir þessu fyrirtæki. Ég skal ekkert fullyrða um, hver ætlunin með þessu er, en hitt er víst, að hér er opnuð leið fyrir erlent auðmagn að ná afgerandi valdi yfir áburðarverksmiðjunni, og það er athugandi, að í Marshallsamningnum, eins og Bandaríkjakongressið samþ. hann, eru alveg sérstök ákvæði um, að þau lönd, sem þátttakendur eru í honum, skuldbinda sig til að veita bandarískum borgurum samsvarandi leyfi til fjárfestingar og borgarar þess ákveðna lands hafa. Að vísu var nokkur varnagli sleginn af hæstv. ríkisstj., þegar Marshallsamningurinn var gerður. Það er þannig: „Samkomulag er um, að ákvæði 5. gr., 2. mgr., samningsins skuli eigi skilið þannig, að af þeim leiði samningaumleitanir um breytingu á fiskveiða-

löggjöf Íslands. Þá er og samkomulag um, að ákvæði, sem 5. gr. kynni að gefa tilefni til og háð eru samkomulagi beggja ríkisstj., muni verða í samræmi við ákvæði íslenzkra laga.“ Á enskunni stendur nú að vísu „will take into account the provisions of the laws of Iceland.“ M. ö. o. fiskveiðalöggjöfin er tekin þarna út úr alveg sérstaklega, en hún er mjög lítið atriði fyrir Bandaríkin. En stóriðja á Íslandi, sérstaklega í sambandi við virkjun Urriðafoss eða fossanna við Búrfell, það er mál, sem við vitum, að bandarísku auðhringarnir hafa áhuga á. Ef gerður væri samningur í samræmi við þetta frv., sem grundvallaðist á samningunum frá 5. júlí 1948, sem ég hef nú gert að umtalsefni, þá verður vitanlega afstaða Bandaríkjanna til að beita áhrifum sínum, hvernig þetta fé er notað, miklu sterkari en ef um lán væri að ræða. Nú er vitað mál, að fyrirkomulag atvinnurekstrar á Íslandi og Bandaríkjunum er mjög ólíkt. Þar er ríkisrekstur álitinn hinn argasti bolsévismi, en hér er ríkisrekstur líklega meiri en í nokkru öðru landi, sem er í efnahagssamvinnustofnuninni. Þegar nú Bandaríkjastj. eða bandarískir auðhringar fá vald yfir eða aðstöðu til þess að komast yfir slík fyrirtæki sem áburðarverksmiðju, þá er ekki að efa, að þeir reyna að nota sína aðstöðu til að draga sem mest úr áhrifum ríkisins á því sviði og koma því eingöngu undir stj. einstaklinga.

Það er engin tilviljun, að hér koma fram till. frá þeim hv. þm. úr Sjálfstfl., sem ákafastir eru fylgismenn þeirrar stj., sem mest er andvíg ríkisrekstri, að draga á öllum sviðum úr áhrifum ríkisins í atvinnumálum þjóðarinnar. Og svo þegar till. eins og sú, sem fram kom í hv. Ed. við áburðarverksmiðjufrv., renna í gegnum þingið, þá virðist hér vera um að ræða eina samfellda atlögu gegn því, að Íslendingar hafi afgerandi vald yfir sinni stóriðju. Ég álít því, að það vald, sem Bandaríkjastj. fær til áhrifa á, hvernig þessu fé er varið, sé hættulegt fyrir sjálfsforræði Íslendinga í atvinnumálum sínum og því strax af þeirri ástæðu andvígur samþykkt þessa frv.

Þá vil ég taka fram í sambandi við 6. gr. 5. kafla fyrrnefnds samnings, að ég álít ákaflega óviðeigandi, að Bandaríkin séu að gefa okkur gjafir og auglýsa það fyrir öllum heiminum, á sama tíma sem þau brjóta þá samninga, sem þeir hafa við okkur gert. Á ég þar við tollsvikin á Keflavíkurflugvelli, sem ég hygg, að nemi milljónum. Á meðan Bandaríkin greiða ekki slíkar upphæðir, sem þeir tvímælalaust eru skyldir til að gera, og hæstv. ríkisstj. gerir ekki einu sinni tilraun til að innheimta þetta, þá álít ég það ákaflega óviðkunnanlegt, að það sé kallað, að við séum að þiggja gjafir, og básúnað út um allan heim, m. a. s. í einu stjórnarblaðanna lýst mikilli ánægju og gleði yfir því, hve háir við erum á lista Bandaríkjanna yfir ölmusuþjóðir.

Að lokum álít ég, að hér sé ekki um framlag án endurgjalds að ræða. Bandarikjastj. fær með þessum gjöfum íslenzku ríkisstj. svo háða sér og þau áhrif á Íslandi, að hún innheimtir sjálf það endurgjald, sem hún fær fyrir þetta framlag. Hafi þetta ekki verið meiningin hjá stjórn Bandaríkjanna, var það a. m. k. ákaflega taktlaust að auglýsa fyrir öllum heiminum sama daginn sem ákveðið var, að hálf hæstv. ríkisstj. færi vestur, að Bandaríkjastj. veitti Íslandi að gjöf 2½ millj. dollara. Og nú er ríkisstj. að leggja þetta frv. fram, eftir að Atlantshafssamningurinn hefur verið knúinn í gegn hér á Alþ.

Ég álít því þetta frv. vera svo varhugavert, að okkur beri þess vegna að fella það. Það má vel vera, að þeim röksemdum verði haldið á móti, að við séum í vandræðum með peninga. Og 16 millj. kr. er mikill peningur, það er alveg satt, en ég verð að segja það, að það var meiri peningur, sem tapaðist fyrir aðgerðir ríkisstj. með togarastöðvuninni í vetur, því að þá tapaði þjóðin yfir 20 milljónum í erlendum gjaldeyri. Og hefði ríkisstj. verið umhugað um að halda vel á spöðunum þá, þá væri það fé til ráðstöfunar núna, og er það hærri upphæð en hér er um að ræða, upphæð, sem hægt hefði verið að nota til uppbyggingar atvinnuveganna eftir því, sem við sjálfir álitum hagkvæmast, og án þess að þurfa að vera að leita til annarrar þjóðar um leyfi til þess að fá samþykkt, hvernig slíkri uppbyggingu skyldi hagað. Þegar verið er að ræða um þetta mál, þá er alltaf gripið til gjaldeyrisþarfarinnar. Ég veit ekki betur en að framlag okkar til alþjóðabankans, samtals um 2 milljónir dollara, hafi að engu leyti verið tekið út af okkur, og ég veit heldur ekki til þess, að leitað hafi verið til hans af okkur. Ég held þó, að það lægi nær að taka það fé út að láni þaðan, sem svarar til þess fjár, sem við höfum lagt þar fram, áður en gengið er inn á þessa braut. Áður en ríkisstj. notar sér slíka möguleika, þá er það nokkuð langt gengið að fara að valda þjóðinni þeirri níðingslegu smán, sem þessu er samfara. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að svara nokkuð þeim atriðum, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur helzt fundið þessu frv. til foráttu, og jafnframt fara nokkrum orðum um frv. almennt.

Hv. þm. finnur það helzt að frv., að hér er verið að fara fram á leyfi til þess að taka á móti framlagi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku án endurgjalds. Hann telur, að við höfum verið vel efnuð þjóð eftir styrjöldina og því ekki þurft að leita til annarra um fjárhagslega aðstoð. Það út af fyrir sig hefði þessum hv. þm. átt að vera ljóst, að þegar um áramótin 1946—47 var fé þjóðarinnar til þurrðar gengið, af því að því hafði verið varið til stórfelldrar fjárfestingar, sem kostaði þjóðina mikið fé í erlendum gjaldeyri, sem þó nægði ekki til að ljúka þessum framkvæmdum til fulls. Þar á ofan bætist svo, að viðskiptajöfnuðurinn við Bandaríkin hefur alltaf verið okkur óhagstæður, því að við höfum alltaf þurft að kaupa þaðan meiri vörur en við höfum getað flutt

þangað. Fyrir styrjöldina var þetta einnig svona, þá gátum við ekki verzlað nema lítið við Bandaríkin, af því að við höfðum ekki aðstæður til að selja þeim nema lítið eitt af þeim vörum, sem við framleiddum og gátum flutt út, af þeirri ástæðu, að við vorum ekki samkeppnisfærir við aðrar þjóðir, sem höfðu sömu vöru á boðstólum. Það, að við gátum keypt svo mikið frá Bandaríkjunum meðan á styrjöldinni stóð, stafaði ekki af því, að við flyttum svo mikið þangað, heldur af því, að Bandaríkin höfðu þá samþ. láns- og leigulögin, sem eins og þessi lög, sem þau hafa samþ. núna nýlega, voru til hjálpar og aðstoðar þeim þjóðum, sem börðust á móti fasismanum í heiminum. Við nutum þess þá, eins og við njótum þess nú. Það má geta þess hér í þessu sambandi, innan sviga, að kommúnistar alls staðar í heiminum börðust þá eins og nú á móti því með hnúum og hnefum, þegar Roosevelt Bandaríkjaforseti 1941 reyndi að freista þess að taka upp baráttu gegn einangrunarsinnunum og afturhaldssinnum. En þá samþ. Bandaríkjaþingið að styrkja hann í þeirri baráttu. En hvað gerðu kommúnistar þá, allt fram til 22. júlí? Þá börðust þeir gegn láns- og leigulögunum, eins og þeir berjast nú gegn Marshallaðstoðinni. En þá skyndilega breyttist þetta. Þá voru þetta allt í einu orðin ágæt lög og kommúnistar orðnir stuðningsmenn þeirra laga. Það er þess vegna alveg auðséð, að andúð kommúnista á þessu máli stafar af því, að þeir hafa ekki tekið afstöðu til þess sjálfir. Eins mætti segja mér það nú, að hv. 2. þm. Reykv. réði ekki afstöðu sinni sjálfur í þessu máli, því að það er alveg eins með hann og kommúnista í öðrum löndum, það er tekin afstaða fyrir þá. En ef það kæmi nú einhver andblær að austan, þá mætti segja mér, að hv. þm. snerist ótt og títt, eins og kommúnistar gerðu alls staðar 1941.

Ég ætla svo ekki að fara lengra inn á þetta atriði, þó að það mætti miklu við bæta. En ég skal, af því að langt er liðið kvölds og margir þm. farnir heim, reyna að stilla mitt tal í hóf, en í stað þess skal ég fara nokkrum orðum um þær athugasemdir, sem þessi hv. þm. bar hér fram gegn samþykkt frv.

Í fyrsta lagi taldi hann, að skyldurnar væru það miklar, að það væri ekki einasta óviðkunnanlegt, heldur jafnvel stórhættulegt að taka við svona framlagi. Nú er það svo, að hér er um að ræða framlag án endurgjalds, en samkvæmt Marshallaðstoðinni er um þrenns konar framlög að ræða. Það er í fyrsta lagi lán, í öðru lagi er það skilyrðisbundið framlag og í þriðja lagi framlag án endurgjalds. Mestur hlutinn af því fé, sem við höfum fengið, er skilorðsbundið framlag, sem við höfum fengið í Bandaríkjadollurum fyrir andvirði vara, sem seldar hafa verið til þátttökuríkja efnahagssamvinnunnar. Þessi framlög í dollurum voru fyrir vörur, sem seldar hafa verið til Evrópuríkjanna og voru einkum fiskur og fiskafurðir, lýsi og síldarmjöl, sem annars hefðu í bezta falli verið greiddar í sterlingspundum. Auk þess var tekið að láni 1948 2,3 milljónir dollara til þess að kaupa fyrir síldarbræðsluskip, verksmiðjuvélar, veiðarfæri og fleira til framleiðslustarfseminnar samkvæmt áætlun. Og ég er alveg hreint viss um það, að þessi lán eru þau hagkvæmustu og þénanlegustu, sem ríkissjóður hefur nokkurn tíma tekið, því að þau eru veitt með 2,5% ársvöxtum og eru veitt til 35 ára. Það þarf enga vexti að greiða af þessum lánum fyrr en 1952 og ekki heldur afborganir fyrr, en það er einnig gert ráð fyrir því, að lengri frestur verði gefinn, ef samkomulag verður um það milli viðkomandi aðila. Þetta framlag er ákaflega hentugt og þénanlegra en nokkurt annað. Þó ber að geta þess, að við getum ekki notað það til þess að borga vexti og afborganir af erlendum lánum með því. Við hikuðum við lántöku vegna þess, að við héldum, að við ættum erfitt með að endurgreiða það lán á réttum tíma, og þess vegna var farið fram á að fá framlag án endurgjalds, og nú höfum við fengið það, samtals 2,5 millj. dollara, og ég verð nú að segja það, að einhvern tíma hefði það nú þótt þakkarvert að fá slíkt framlag án endurgjalds til þess að tryggja framkvæmd þeirrar áætlunar, sem miðar að því að tryggja fjárhagslegt og atvinnulegt öryggi hér á landi. Þess vegna er í þessu sambandi sett ákvæði í frv., þar sem áskilið er, að fé verði eingöngu notað til bygginga á atvinnufyrirtækjum, og er þessi áætlun í stórum dráttum eins og segir á þskj. 657:

1. Aukning fiskiflotans.
2. Aukning síldariðnaðarins.
3. Bygging lýsisherzluverksmiðju.
4. Bygging fiskimjölsverksmiðju.
5. Aukning kaupskipaflotans.
6. Aukning hraðfrystihúsanna.
7. Bygging skipasmíðastöðvar og þurrkvíar.
8. Kaup á landbúnaðarvélum og aukning ullarverksmiðju.
9. Bygging raforkuvera.
10. Bygging áburðarverksmiðju.
11. Bygging sementsverksmiðju.
12. Bygging kornmyllu.

Ég veit, að þetta eru allt aðkallandi mál, sem við getum ekki ráðizt í vegna takmarkaðrar gjaldeyrisgetu sem stendur og getur valdið okkur talsverðum örðugleikum, nema því aðeins að þær aðstæður fáist, sem hér er um að ræða í frv. Ég tel þess vegna, að við þokumst mjög verulega fram á við að því marki, sem við höfum sett okkur, með því að taka þessu boði, því að ég tel, að lántakan og þetta framlag án endurgjalds hjálpi okkur nær því marki, sem við höfum sett okkur og hv. 2. þm. Reykv. hefur lýst yfir, að hann sé ekki mótfallinn, og auk þess er mikil þörf á erlendu fé til þess að geta komið þessari áætlun í framkvæmd. Og ef það er þörf fyrir þessa peninga, er þá ekki miklu þægilegra að fá þá án þess að þurfa að borga þá aftur til baka? En það, sem hv. þm. setur fyrir sig, það er þessi særði metnaður hans af því að taka við gjöfum. En ég vil þá spyrja hv. þm., hvort við séum það miklu meiri menn en Englendingar, Danir, Frakkar,

Hollendingar og fleiri þjóðir, sem allir hafa tekið á móti slíkum gjöfum, að við getum ekki tekið við þeim án þess að særa metnað okkar. Það var sagt hérna í upphafi, — ekki við umr. um þetta frv., heldur umr. um Marshallaðstoðina, — af þm. þess flokks, sem hv. 2. þm. Reykv. heyrir til, og í blöðum flokksins, að það, sem Bandaríkin ætluðu að láta okkur hafa samkvæmt Marshallsamningnum, væru aðeins þær vörur, sem offramleiðsla væri á í Bandaríkjunum og enginn markaður fyrir, það ætti að troða upp á okkur vörum, sem við hefðum ekkert að gera með. Hver hefur svo raunin orðið? Reynslan er sú, að við getum ekki fengið þær vörur frá Bandaríkjunum, sem hægt er að fá héðan úr þeim löndum Norðurálfunnar, sem eru aðilar að samningnum. Það er ekki verið að troða upp á okkur bílum eða tóbaki. Við höfum aðeins fengið þær vörur, sem okkur hefur lyst að kaupa, þó ekki, eins og ég sagði áðan, þær vörur, sem við getum fengið í Evrópu.

Marshallhjálpin er hugsuð til þess að gera þjóðirnar færari til þess að komast af án þess að hafa dollarahalla í viðskiptum sínum við Bandaríkin. Í stað þess að vera háðir Bandaríkjamönnum gera þeir allt til þess að losa okkur við að verða það. Efnahagshjálpin byggist á því að gera þjóðirnar svo efnahagslega óháðar, að þær geti komizt hjá því að hafa dollarahalla eftir 1952. Gegn þessari þróun og yfirleitt allri efnahagsþróun í Vestur-Evrópu hafa kommúnistar allra landa barizt, sýnilega samkvæmt einhverri yfirstjórn og eftir áætlun, því að baráttuaðferðirnar eru alls staðar eins. Þessi barátta kemur ekki til af því, að þeir séu hræddir um, að hjálpin geri okkur háða Bandaríkjum Norður-Ameríku, heldur óttast þeir, að þetta muni efla framleiðsluna, svo að afkoma þjóðarinnar verði betri og þar af leiðandi minni líkur til þess, að trúboð þeirra gangi að óskum. Það er þetta, sem baráttunni veldur.

Fyrir utan þennan særða þjóðarmetnað, sem hv. 2. þm. Reykv. taldi fyrstu ástæðuna til, að við skyldum ekki taka við þessu framlagi, þá taldi hann númer tvö óttann við þær skyldur, sem við mundum taka á herðar okkar með því að taka við framlaginu. Framlag án endurgjalds er fyrst og fremst gjaldeyrisstyrkur, það er fyrsti ávinningurinn. Annar ávinningurinn er svo sá, að andvirði þeirra vara, sem fengnar eru fyrir þennan erlenda gjaldeyri, í íslenzkum gjaldeyri er bundið innanlands, og má ekki ráðstafa því nema með samþykki Alþ. Það, sem hv. þm. óttast, er, að okkur kunni að verða settar þær skyldur, að ekki verði við hlítandi. En hvað er það þá, sem skeður að hans dómi? Það t. d., skildist mér, að þessir peningar yrðu ef til vill notaðir til þess að grynna eitthvað á skuldum ríkisstj. við Landsbankann. Ég held, að ég hafi skilið hann rétt og hann hafi átt við þetta. En væri það nú svo óttalegt, ef eitthvað af þessum peningum yrði notað til þess að lækka á skuldunum við Landsbankann? Mér finnst það nú reyndar ekki. Þessi jafnvirðissjóður hefur í Noregi og Englandi verið notaður til þess að grynna á skuldum viðkomandi stjórna við banka þar í landi eða aðrar lánsstofnanir, sem stj. hafa tekið lán hjá. Og ég sé ekkert á móti því, þótt það verði gert hér, en hins vegar hefur engin ákvörðun verið um þetta tekin. Það hafa engin tilmæli komið frá Landsbankanum um slíkt, og það er alveg opið til umræðu, hvort þetta fé verður notað til þess að greiða niður skuldir í Landsbankanum eða hvort það verður notað til einhverra framkvæmda innanlands. Og það eina, sem ég hef fengið að vita um hug Bandaríkjamanna í sambandi við þetta, er það, að ég hef spurt umboðsmann þessarar Marshallstofnunar um það, hvort þeir hafi nokkrar sérstakar till. að gera um notkun þessa jafnvirðissjóðs, og hefur hann svarað því, að svo væri ekki og að þeir skyldu fúslega taka til athugunar hverjar þær till., sem gerðar hefðu verið um notkun sjóðsins. En sjóðurinn er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur er það aðalatriðið að fá gjaldeyrinn til að geta keypt vörur. Ég vil segja, að ráðstöfun jafnvirðissjóðsins sé hreint aukaatriði í þessu sambandi, þannig að ég tel, að þær skyldur, sem við erum bundnir stofnuninni með, — að geta ekki ráðstafað jafnvirðissjóðnum nema með samþykki hennar, — séu eðlilegar og sjálfsagðar.

Þá minntist hv. þm. á það, að það væri ákvæði um það í bandarískum l., — og ég vil nú undirstrika það, að það er náttúrlega sitt hvað, hvaða ákvæði eru í bandarískum l., sem samþ. eru á congress Bandaríkjanna, eða þeim millirikjasamningi, sem við höfum gert við Bandaríkin, þó að sá samningur byggist á þeim l., sem þeir hafa samþ., af þeirra hálfu, — að þegnar Bandaríkjanna njóti sama réttar til fjárfestingar í þessum löndum og þegnar viðkomandi landa. En hann bætti við þeim fyrirvara, sem gerður var af hálfu Íslendinga, um leið og þessi samningur var gerður, og útilokar það beinlínis, að Ameríkumenn fái nokkur réttindi til nokkurra framkvæmda á Íslandi umfram það, sem íslenzk l. leyfa, heldur aðeins þau, sem hefði verið hægt að veita hverjum þegni Bandaríkjanna, án þess að samningurinn hefði verið gerður. M. ö. o., ég sé ekki, að samningurinn feli í sér neina skuldbindingu eða nein réttindi til handa Ameríkumönnum umfram það, sem þeir þá hefðu án þessa samnings. Að þetta sé hættulegt sjálfsforræði okkar, kemur þess vegna alls ekki til greina.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það svo upp sem síðustu rök fyrir sínu máli til þess að vera á móti þessum samningi, að við værum gerðir háðir Bandaríkjunum, ef þessi lög yrðu nú samþ., og af því gæti leitt það, að þeir gætu sett okkur ýmis skilyrði og fengið fram ýmislegt, sem þeir óskuðu eftir, eða eins og hann orðaði það sjálfur, „innheimt sjálfir það endurgjald, sem þeir óskuðu að fá fyrir þessa peninga". Hv. þm. fór síðan að skýra þetta nánar, og það mátti greinilega skilja það, að einhvers konar landsréttindi hefðu verið seld eða afhent Bandaríkjunum fyrir það fé, sem við höfum tekið á móti, og að það væri gjaldið, sem við hefðum fórnað til Bandaríkjanna vegna samningsins. Þessum

aðdróttunum hv. þm. dettur mér ekki í hug að svara og ég veit það, að hann veit, að þetta eru mjög ómakleg orð, sem ekki eiga sér stoð í veruleikanum fremur en margt annað, sem um þetta mál hefur verið sagt. Það hafði verið farið fram á það í sambandi við Marshallaðstoðina, að það yrði látið af hendi framlag án endurgjalds, og það var gert löngu áður en minnzt var á Atlantshafssáttmálann. Og svo grandalausir vorum við, eða a. m. k. ég, um það, að þetta yrði á nokkurn hátt sett í samband við hvað annað, að mér datt ekki í hug að reyna að hafa nokkur áhrif á það, þó að þetta framlag, sem við vissum, að komið var að að afgreiða, bæri að á svipuðum tíma og undirskrift Atlantshafssáttmálans. Ef við hefðum verið hræddir um, að þessu tvennu yrði blandað saman í hugum nokkurra heiðarlegra Íslendinga, þá hefði okkur verið innan handa að fá málin afgreidd sitt í hvoru lagi með meira millibili. En að þetta var gert á sama tíma, sýnir, að við vorum grandalausir fyrir, að nokkrum manni mundi detta slíkt í hug. Læt ég þetta vera nóg svar við þessari aðdróttun hv. 2. þm. Reykv.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að við gætum farið í alþjóðabankann og fengið þar lán. Í fyrsta lagi liggur ekkert fyrir um það, að við gætum fengið lán þar. Í öðru lagi getum við vissulega, ef við viljum fá okkur lánsfé, fengið það hjá Marshallstofnuninni, og við gætum fengið það með mjög hagkvæmum vöxtum, eins og ég nefndi áðan, 2½% til 35 ára, afborgunarlaust fyrstu árin o. s. frv. Ég efast um, að hagkvæmari lán fáist í alþjóðabankanum, og hvers vegna skyldum við þá vera að fara í hann? Að við óskuðum ekki að fara lántökuleiðina nema að nokkru leyti, stafaði af þeirri ástæðu, sem ég rakti í upphafi máls míns, af ótta við, ef í mikla lántöku væri ráðizt, að geta ekki staðið í skilum með vexti og afborganir af dollaralánum, þegar til kæmi. Og þegar við áttum kost á að fá nokkurn hluta upphæðarinnar í óendurkræfu láni, hvers vegna skyldum við þá ekki nota okkur það til þess að geta byggt dýr og fjárfrek fyrirtæki, sem við þurfum nauðsynlega að koma upp, þegar við, eins og aðrar þjóðir, sem þessa njóta, getum fengið verulegan hluta stofnkostnaðarins til þessara framkvæmda án endurgjalds? Vissulega hafa aðrar þjóðir ekki kinokað sér við að gera það, og ég sé enga ástæðu til þess að við skyldum gera það frekar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri einn af þeim dómum, sem ríkisstj. hefði fellt um sjálfa sig. Fyrsti dómurinn, sem hún hefði fellt um sjálfa sig, væri, að í grg. fyrir till. um hækkun álagningar á tóbak hefði staðið, að úr því að aðrar vörur hefðu hækkað svo mikið í verði, yrði tóbak að gera það líka. Og hv. þm. vildi leggja þetta þannig út, að við hefðum ekki getað staðið á móti þessum miklu hækkunum á nauðsynjavörum og þess vegna orðið að hækka tóbakið líka. Þessi túlkun hefur líka komið fram í blaði hv. þm. En það, sem vitaskuld lá á bak við, er án útúrsnúninga, að ýmsar vörur í þessu landi hafa hækkað tiltölulega meira en tóbakið hefur gert, og þess vegna var það ekkert óeðlilegt, meðan ekki væri farið fram úr neinu venjulegu samræmi, þó að tóbakið væri hækkað álíka og annað. Þetta hefur ekki verið gert frekar í tíð núverandi stj. heldur en í tíð fyrrverandi stj., þar sem þm. Sósfl. áttu sæti með mér „sællar minningar". En ég man ekki eftir því, að þeir væru á móti tóbakshækkun. Þá átti frv. um benzínskattinn að vera einhver dómur um það, að okkur hefði mistekizt fjármálastjórnin, vegna þess að við hefðum fært það fram sem rök, að benzínskatturinn væri hærri erlendis. Ég skil ekki svona rök. Vegna þess að okkur hefur tekizt að halda niðri verði á benzíni lengur en öðrum þjóðum hefur tekizt það, ætti okkur að hafa mistekizt fjármálastjórnin. Ég held, að þótt við höfum ekki hækkað benzín fyrr en nú, þá sýni það ekki neitt um fjármálastjórnina, hvorki illa né góða. Það er prinsip, hvort kostnaður við vegagerð er tekinn af benzínskattinum eða ekki. Ýmsar þjóðir telja það eðlilegt. Ég tel eðlilegt, að farið verði inn á þessa braut fyrst nú. Það þýðir aðeins, að við höfum farið inn á hana seinna en aðrir, en að það sýni mislukkaða fjármálastjórn, sé ég ekki. Og að þetta frv. sýni hið sama, það sé ég ekki. Þetta frv. fer ekki fram á annað en að við fáum að taka á móti framlagi án endurgjalds til þess að stofnsetja fyrirtæki, sem við annars komum ekki á fót. Við höfum sett upp áætlun um gagnleg fyrirtæki, sem munu verða þjóðinni til blessunar í framtíðinni, gjaldeyrisaukandi og innflutningssparandi fyrirtæki. Þau geta orðið fleiri, og þau geta líka orðið færri, en við höfum með því að taka á móti þessu möguleika til þess að auka framleiðslugetu þessara fyrirtækja og stækka þau. Ég sé ekki, að þetta beri vott um mislukkaða fjármálastjórn, en hv. 2. þm. Reykv. hefur nú sínar skoðanir á því.

Hv. þm. sagði, að við hefðum ekki þurft að fara þessa leið, ef togarastöðvunin hefði ekki átt sér stað. Þar hefðum við eytt 20 millj. kr. í gjaldeyri, án þess að nokkur ástæða væri til. Slíkar fullyrðingar er alltaf hægt að koma með, að ef þetta væri svona eða svona, þá hefðum við fengið meiri gjaldeyri. Ef Hvalfjarðarsíldin hefði komið eða eitthvað annað, þá hefðum við getað fengið meiri gjaldeyristekjur. En það sannar ekkert í þessu máli. Hv. þm. veit það eins vel og ég, að það er oft ekki hægt að komast hjá því, að vinnustöðvun verði, þó að óæskilegt sé. Að við höfum skaðazt um 20 millj. kr. er náttúrlega sagt gersamlega út í loftið. Hv. þm. veit, að það, sem við fáum í aðra hönd fyrir ísfisk togaranna, nemur ekki nema 40—60% af söluverði aflans, hitt fer í ýmiss konar erlendan tilkostnað, og þess vegna og af ýmsum fleiri ástæðum má ekki reikna með því, að togararnir gefi viðlíka eins mikinn gjaldeyri og hv. 2. þm. Reykv. og aðrir reikna með, að þeir gefi, svo að þótt engin togarastöðvun hefði verið, þá hefðum við ekki haft þessar millj. í handraðanum og allra sízt í dollurum.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á öll atriðin, sem hv. 2. þm. Reykv. fann þessu frv. til foráttu. Mér þótti rétt að gera það í eitt skipti, þó að áliðið sé orðið og umr. kunni að hafa litla þýðingu, þar sem fáir hv. þm. eru á fundi. Ég geri ekki ráð fyrir að taka frekar til máls, nema alveg sérstakt tilefni gefist, en tel mig hafa gert grein fyrir afstöðu minni og ríkisstj. í heild til þessa máls og einnig svarað því, sem hv. þm. hefur fundið frv. til foráttu.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það var nú í raun og veru gott, að það skyldi koma einhver framsöguræða af hálfu meiri hl. í þessu máli, og ef til vill var það ekki óeðlilegt, að hæstv. viðskmrh. flytti hana. Ég ætla að byrja á því að minnast á það, sem hæstv. viðskmrh. talaði um síðast. Hann átti ákaflega erfitt með að skilja þá samlíkingu, sem ég gerði út af tóbakinu og benzíninu og nú síðast Marshallframlaginu. Ég skal nú reyna að skýra þetta fyrir honum, svo að honum verði ljósari mislukkun fjármálastefnu stj. Það var eitt af stefnumálum ríkisstj. að lækka verðlagið í landinu. Hins vegar lýsti ríkisstj. því yfir í grg. fyrir hækkun á tóbaki, að verðlagið hefði almennt hækkað hjá sér í landinu undanfarin 2 ár. (*Samgmrh.:* Var það tekið fram, að það væri „hjá sér"?) Nei, en í landinu, sem hún stjórnaði, var meint með því. En í hennar stefnuskrá var yfirlýst sem aðalatriði, að hún ætlaði að sjá um, að verðlagið lækkaði. Þess vegna var þetta fyrsta gjaldþrotayfirlýsingin á hennar eigin yfirlýsingu í hennar stefnuskrá. Í öðru lagi hafði ríkisstj. lýst því yfir, að hún ætlaði að gera okkur Íslendinga samkeppnisfæra við aðrar þjóðir, lækka verðlagið og tilkostnaðinn, til þess að svo yrði. Þegar hún er svo með tveggja ára ríkisstj. búin að koma því til leiðar, að verðlagið hefur almennt hækkað í landinu og m. a. sérstaklega fyrir hennar eigin álögur, þá uppgötvar hún, að það er ein vara, benzín, sem er ódýrari hér en erlendis, ein vara, sem kannske gæti hjálpað okkur til þess að verða samkeppnisfærir við aðrar þjóðir. Hvað gerir ríkisstj. þá? Hún ákveður, að nú skuli endilega hækka benzín, stíga eitt skref, til þess að við höfum minni möguleika til þess að verða samkeppnisfærir. Ég veit ekki nema hæstv. viðskmrh. finni mótsetninguna í þessu, þegar hann athugar málið betur og ber saman við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Ef til vill er hæstv. ráðh. farinn að gleyma stefnuyfirlýsingum ríkisstj., fyrst og fremst vegna þess, að langt er síðan þær voru gefnar út, og í öðru lagi vegna þess, að ríkisstj. hefur sjaldan haft fyrir því að dusta rykið af þeim og því síður haft tíma til að rifja þær upp. Og viðvíkjandi þriðja atriðinu, þar sem hæstv. ráðh. skildi ekki, að hægt væri að tala um mislukkaða fjármálastjórn í sambandi við þessi mál, þá hélt ég, að ég hefði tekið það svo skýrt fram, að svo greindur maður sem hann er hefði átt að skilja það, sem ég sagði. Ég sagði, að einmitt einn af samráðh. hans hefði gefið yfirlýsingu um það fyrir tæpum 2 árum, að hann vonaðist til þess, að við Íslendingar gætum haldið svo á málum okkar, að við þyrftum ekki á fjárhagslegum tilstyrk Bandaríkjanna að halda, m. ö. o., að það yrði hægt að stjórna málum hér þannig, að við þyrftum ekki að þiggja gjafir, og hann notaði það orðatiltæki, „að við bærum gæfu til þess að haga málum okkar þannig." Og þegar það svo kemur í ljós með þessu frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, að hún segir: „Við þurfum á þessu að halda" — þá finnst mér ákaflega eðlilegt að leiða þar af rökrétta viðurkenningu á því, að mislukkast hafi sú fjármálastefna, sem þessi ráðh. vonaðist til, að við Íslendingar bærum gæfu til þess að halda. Ég held þess vegna, ef hæstv. ráðh. athugar þetta nánar, þá komist hann að þeirri niðurstöðu, að einmitt í þessum þremur frv., sem ríkisstj. hefur látið leggja fyrir Alþ. nú síðustu dagana, þá hafi beinlínis af tilviljun komið mjög greinilega fram viðurkenning af hálfu ríkisstj. sjálfrar á því, hve fjármálastjórn hennar sé stórmislukkuð.

Þá ræddi hæstv. ráðh. um það í sambandi við þetta mál, hve viðskiptajöfnuðurinn við Bandaríkin væri óhagstæður og að eitt af því, sem gerði það að verkum, að við þyrftum á þessum styrk að halda, væri það, að við þyrftum að fá dollara, beinlínis þá tegund gjaldeyris. Við höfum nú einu sinni eða tvisvar áður rætt um þetta atriði sérstaklega hér á Alþ., en þó hefur í raun og veru aldrei verið rætt virkilega raunhæft um þetta. Ég hef haldið því fram, að allmikið af þeim vörum, sem við höfum flutt inn frá Bandaríkjunum, væri hægt að fá annars staðar frá, að við keyptum vörur fyrir dollara, sem við gætum greitt með öðrum gjaldeyri, og ég hef sagt, að ég væri alveg reiðubúinn að ræða það mál allnákvæmlega við hæstv. ráðh., ef það væri virkilega tekið fyrir að athuga innkaupin. Ég skal aðeins benda á í þessu sambandi, að korn, sem keypt hefur verið frá Bandaríkjunum, hefðum við getað fengið frá Evrópu, ef ekki væru lagðar á óeðlilegar viðskiptahömlur. Enn fremur vil ég geta þess, að olíu, sem við höfum fengið frá Bandaríkjunum, hefðum við getað fengið annars staðar frá. Ég veit ekki betur en að flutt hafi verið inn olía frá Bandaríkjunum, þó að eitthvað sé kannske farið að breyta því nú. Á skýrslum frá í fyrra var olía eitt af því, sem talið var upp. Í fyrstu áætluninni, sem kom fram um innflutning dollaravara til Íslands, var ekki nema 20% vörur, sem óhjákvæmilegt var að kaupa í Bandaríkjunum. Ég held þess vegna, að þessi skortur á dollurum, sem talað er um, sé á vissan hátt yfirdrifinn.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að óttinn við það, að ekki mundi vera hægt að greiða lán í dollurum til baka seinna, væri eitt af því, sem ylli þeirri afstöðu ríkisstj., að hún vildi síður taka lán, en heldur taka á móti gjöfum. Jafnhliða því sem hæstv. ráðh. sagði þetta, var hann að segja, að tilgangurinn með Marshallæætluninni

og þessum samningi væri sá að losa okkur úr þeim óeðlilegu tengslum, sem þarna væri um að ræða, sem sé að gera okkur hvað dollarapörfina snertir óháðari Bandaríkjunum. Það hefur verið látið í veðri vaka, að tilgangurinn með Marshalláætluninni og þessum samningi væri sá að sjá til þess, að í lok þeirrar áætlunar væri viðskiptajöfnuðurinn í dollurum við Bandaríkin orðinn nokkurn veginn jafn. M. ö. o., með því að hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að hann óttist, að við munum ekki geta greitt lán, sem við kynnum að taka, til baka í dollurum, þá er hann um leið að lýsa því yfir, að hann búist við, að þessi viðleitni, sem látið er í veðri vaka, að sé tilgangurinn með Marshallsamningnum, muni ekki bera árangur. (*Menntmrh.:* Þvert á móti.) Nei, og það er líka nokkurn veginn vitanlegt, að svona muni þetta verða. Það er sem sé orðið altalað hjá öllum Marshalllöndunum, að afleiðingin af þessum Marshallsamningi verði sú, að þessi ríki muni eftir 1952 verða enn háðari Bandaríkjunum hvað dollarapörfina snertir en þau voru áður, og ef til vill er það þetta sérstaklega, sem Bandaríkin sækjast eftir. Það er látið í veðri vaka, að þetta sé hjálp til viðreisnar og sjálfsbjargar, en að mínu áliti er þetta aðferð amerísku auðvaldsins til þess að gera þessar þjóðir sér beinlínis háðari. Ég held, að 1952 muni það koma í ljós, og það er nú þegar farið að ræða um það, að dollarapörfin muni hjá flestum þessum þjóðum vera jafnbrýn og áður. Sú þjóð, sem ég hef mesta trú á, að mundi ef til vill bjarga sér nokkuð vel í þessu efni, eru Englendingar, m. a. vegna þess, að þeir voru áður eitt sterkasta ríkið þrátt fyrir sín miklu áföll, en almennt held ég, að útkoman verði sú fyrir Vestur-Evrópu, að 1952 verði byrjað á nýrri Marshalláætlun. Þá verður sagt, að öll þessi lönd séu í þörf fyrir dollara frá Bandaríkjunum og ekki hafi tekizt það, sem átti að gera eða var látið í veðri vaka, að ætti að gera með Marshalláætluninni. Ég viðurkenni, að þetta er hætta, að það verði erfitt að borga þetta til baka, af því að Bandaríkin beita Evrópuríkin þveröfugri pólitík við það, sem þau segjast vilja, að sé gert. Þau heimta innflutning til þessara landa í Evrópu, og á sama tíma gera þau öllum þessum þjóðum erfiðara að geta verzlað við þau en vera ætti. Þau t. d. þvinga Ítalíu til að kaupa af sér bíla, sem er þó hægt að framleiða þar í landi. Það er útkoman, sem við verðum að dæma eftir, en ekki það, sem löndin láta í veðri vaka.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það væri þakkarvert, en ekki ámælisvert að fá gjafir og stj. ætti frekar þakkir fyrir það en ámæli. Það er ekki aðeins ég, sem hér ámæli hæstv. stj., það er ríkisstj. sjálf með þeim orðum, sem einn af samráðh. hans lét uppi og ég hef áður vitnað í, að hann vonaðist til þess, að Íslendingar bæru gæfu til að haga svo málum sínum, að þeir þyrftu ekki að þiggja gjafir. Það lá ekki í þeim orðum þakklæti fyrir að stjórna þannig málum, að það þyrfti að þiggja gjafir, heldur væri það ógæfa, svo að það er ámæli, sem liggur í þeim orðum, sem komu frá hæstv. ríkisstj., þegar hún var að ræða þessi mál í upphafi og hafði ekki órað fyrir, hvernig hennar fjármálastjórn mundi mistakast gersamlega.

Þá spurði hæstv. ráðh. í sambandi við þetta, hvort við værum nú orðnir meiri menn en Englendingar og aðrar slíkar þjóðir, að við gætum ekki tekið á móti gjöfum. Ég býst við, að Englendingum og Norðmönnum yrði ekki skotaskuld að svara, ef þeir væru spurðir um þeirra siðferðilega rétt til þess jafnvel að krefjast þessara gjafa. Þeir mundu skírskota til þess, að þeir hefðu verið stríðsaðilar með Bandaríkjunum í styrjöld gegn sameiginlegum óvinum, þar sem bæði þessi ríki hefðu fórnað stórkostlegum fjárhagslegum verðmætum fyrir utan mannslífin, á sama tíma sem Bandaríkin beinlínis sem ríki og þjóð hefðu grætt á styrjöldinni fjárhagslega á þeim fórnum, sem þessar samstarfsþjóðir þeirra færðu. Ég býst við, að þessum þjóðum yrði ekki skotaskuld að svara og mundu einnig benda á, að þessar kröfur gætu Íslendingar ekki gert, enda hefur það ekki verið flutt fram sem rök fyrir því, að við ættum kröfu á Marshallframlagi, að við hefðum fært svo miklar fórnir, Íslendingar, þó að við höfum vissulega fært þær.

Það er talað um það hér af hæstv. ráðh., að það sé þægilegt að geta fengið fé án þess að þurfa að borga það aftur. Það er ekki byggt á þeirri siðferðilegu kröfu, sem þessar stríðsþjóðir mundu byggja sína afstöðu á og hafa byggt sína afstöðu á, heldur aðeins að það sé þægilegt að fá gefins. En fyrst hæstv. ráðh. er að gera gys að því, að mér finnist við verða minni menn á að þiggja þetta fé, vil ég spyrja hann: Hefur hæstv. utanrrh., sem þóttist vera svo mikill maður 1947, að hann áleit, að Íslendingar gætu ekki þegið slíkar gjafir, minnkað síðan 1947, sakir þess að nú leggur hann til að taka við þessu?

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það væri rangt, sem ég hef áður haldið fram, að Marshallhjálpin væri notuð til að troða upp á þjóðirnar vörum, sem Bandaríkin þyrftu að losna við. Það er samt rétt, að hún hefur verið notuð til þess í flestum löndum Evrópu, en með þeim afleiðingum, að fjöldamörg helztu iðnaðarlöndin, eins og Belgía, Ítalía og önnur slík, hafa nú við tilfinnanlegt atvinnuleysi að búa og fluttar inn til þessara landa iðnaðarvörur, sem Bandaríkin framleiða og keppa með við þær vörur, sem viðkomandi lönd framleiða, og útrýma þeim jafnvel af markaðinum. Bandaríkin hindra einnig þessi lönd í að fá þau hráefni, sem þau þurfa til sinna verksmiðja, þannig að stóriðjufyrirtæki í þessum löndum eru nú meira og minna atvinnulaus, á sama tíma og afurðir Bandaríkjanna eru fluttar inn í ríkum mæli til þessara landa til sölu. Ég held, að það sé ákaflega fjarri því, að þeir, sem ræða um fjármálapólitík Bandaríkjanna í sambandi við Marshallhjálpina, geri sér ljóst, hvert Bandaríkin eru að stefna með þessu, vegna þess hvað annað er

látið í veðri vaka en verið er að framkvæma. Ég hef litið á Marshalláætlunina sem eins konar kalt stríð auðvaldsins ameríska móti Vestur-Evrópu, móti auðmannastétt og verkalýðshreyfingu Evrópu.

Þetta kalda stríð gerist aðallega með tvennu eða þrennu móti. Ameríska auðvaldið knýr fram, að stóriðjufyrirtæki Vestur-Evrópu séu ýmist stöðvuð eða jafnvel seld ameríska auðvaldinu. Sérstaklega einbeitir auðvaldið sér við að láta stöðva þjóðnýtt fyrirtæki, eins og flugvélaverksmiðjurnar frönsku, eða hindra, að viðkomandi ríkisstjórnir þjóðnýti þau fyrirtæki, sem þær vilja þjóðnýta. Þannig var það, þegar átti að þjóðnýta stóriðjuna í Ruhr, sem Bretastjórn hafði ætlað sér að framkvæma. Samtímis því sem ameríska auðvaldið í skjóli Marshalláætlunarinnar leggur undir sig stóriðjufyrirtæki í Vestur-Evrópu í vaxandi mæli og kaupir þau eða knýr fram lokun þeirra, er brotið niður svo mikið af efnahagslegu sjálfstæði þessara ríkja, að þau verða að flytja inn vörur frá Bandaríkjunum til að útrýma sinni eigin stóriðju. Með þessu er eyðilagður efnahagslegur grundvöllur þessara ríkja og skapað atvinnuleysi, enda þarf ekki að vitna nema til Spaak, forsætisráðherra Belgíu, á síðasta fundi efnahagssamvinnustofnunarinnar, þegar hann talaði um, að 300 þús. atvinnuleysingjar væru í Belgíu, þegar hann ræddi um þær afleiðingar, sem Marshalláætlunin hefði haft á Belgíu. Samtímis þessum árásum á auðmannastétt Vestur-Evrópu og að verið er að leggja undir sig atvinnufyrirtæki hennar, er verið með atvinnuleysi og þeirri kjararýrnun, sem fram fer í þessum löndum, að ráðast á verkalýðshreyfingu þessara landa. Samtímis þessum árásum á Vestur-Evrópuríkin gerist svo það, að Bandaríkin tryggja sér yfirgnæfandi ítök í nýlendum allra Evrópuríkjanna, sem hafa verið valdamestu nýlenduríki heimsins, og það er svo langt komið, að allar dýrmætustu vörurnar frá þessum nýlendum eru nú fluttar til Bandaríkjanna, eins og t. d. öll úraníumframleiðsla Kongó, sem ameríska auðvaldið flytur allt þangað vestur. Sama er að segja um aðrar auðlindir, svo sem olíulindir og gúmmíekrur. Þar eru nú amerísku auðhringarnir, olíuhringurinn og gúmmíhringurinn, að ná tökum. Þetta eru þau tök, sem bandaríska auðvaldið beitir nú við auðmannastéttina í Evrópu. Þetta er aftur það, sem gerir þeim mögulegt að brjóta á bak keppinauta sína í Evrópu, og samtímis því sem það ræðst þannig á auðmannastéttina, koma í kjölfar þeirrar kúgunar árásir á verkalýðshreyfinguna í Vestur-Evrópu og lækkun hennar lífskjara. Þannig vex hin efnahagslega yfirdrottnun ameríska auðvaldsins yfir Vestur-Evrópu með hverju ári, sem líður, og það er eftirtektarvert, að nú um leið og Bandaríkin fara að verða meira vör við vaxandi kreppu heima hjá sér, þá herða þau, svo sem eðlilegt er frá þeirra sjónarmiði, á þeim ráðstöfunum, sem þau gera til þess að velta kreppunni yfir á Evrópuþjóðirnar, sem þeir kalla sig vera í samvinnu við. Atvinnuleysið er beinlínis útflutningur frá Bandaríkjunum til Vestur-Evrópu í skjóli Marshalláætlunarinnar. Aukið atvinnuleysi í skjóli Marshalláætlunarinnar stendur í beinu sambandi við þau fjárhagslegu ítök, sem Bandaríkin í skjóli Marshalláætlunarinnar hafa öðlazt yfir efnahag Vestur-Evrópuríkjanna.

Þá minntist hæstv. ráðh. á ótta hjá sósialistum við, að efnahagsafkoman yrði betri í skjóli Marshalláætlunarinnar, og því værum við á móti þessari áætlun. Ég held, að það sé alveg nýtt, a. m. k. á síðustu árum, að bera okkur sósialistum á brýn, að við værum hræddir við, að efnahagsafkoma almennings yrði betri. Ég veit ekki betur en einmitt sú barátta, sem hefur verið síðustu áratugina, sýni mjög greinilega, hvernig það hefur verið okkar áhugamál að gera efnahagsafkomuna betri, og okkur hefur tekizt að fá mjög miklu áorkað í því efni. Það er þess vegna út í hött að tala um, að við óttumst, að efnahagsafkoman verði betri. Ég býst ekki við, að neinn einstakur flokkur hér á landi hafi stuðlað meira að því en sósialistar að gera efnahagsafkomu almennings betri. Okkur hefur verið legið á hálsi og ráðizt á okkur og barizt á móti okkur vegna þess, hvað okkur hefur tekizt að knýja fram miklar umbætur almenningi til handa. En það hafa verið gerðar ráðstafanir til að gera efnahagsafkomu almennings verri nú á síðustu árum. Þær ráðstafanir hafa verið gerðar af núverandi ríkisstj. af ráðnum hug með því að leggja fram og pína í gegnum þingið frv., sem skerða laun almennings og auka dýrtíðina, þannig að það er vitanlegt, að ef við sósialistar hefðum áhuga fyrir, að efnahagsafkoma almennings yrði lakari, þá vinnum við gegn okkar óskum, en því fer svo fjarri, því að við höfum verið eini flokkurinn, sem hefur barizt á móti kjaraskerðingu hæstv. ríkisstj. á hendur almenningi og hefur tekizt dálítið að standa á móti því, þó að það sé ekki nægilegt. Það eru aðrir menn, sem hafa óttazt hér á landi, að afkoma almennings yrði betri. Það er hæstv. viðskmrh. og hans samverkamenn í ríkisstj., því að hæstv. viðskmrh. hefur látið sér um munn fara, að hann óttaðist, að við sósialistar beittum okkur fyrir því, að verkamenn og launþegar bættu sín kjör og reyndu að bera af sér þau högg, sem hæstv. ríkisstj. veitti þeim, og vinna gegn þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. gerði til að rýra lífskjör þeirra. Hæstv. viðskmrh. hefur kallað það glæp að vinna að því að bæta efnahagsafkomu almennings. Það kemur því úr hörðustu átt, að hann skuli koma fram með þessa bábilju.

Þá minntist hæstv. ráðh. á skuldir ríkisins í Landsbankanum og lét þá skoðun í ljós, að það hefðu að vísu ekki komið fram tilmæli frá Landsbankanum, að Marshallframlagið yrði notað til að lækka skuldir ríkisins við bankann, en þó að slík tilmæli kæmu fram, þá væri það ekki óeðlilegt. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., vegna þess að hann er einnig bankamálaráðh.: Er það áreiðanlegt, að það hafi ekki komið fram nein tilmæli frá Landsbankanum um, að Marshallframlagið yrði notað til þessa? Það væri æskilegt að fá því svarað ótvírætt, eftir

að hæstv. ráðh. hefði athugað vel öll tilmæli, sem honum hafa borizt frá Landsbankanum. Viðvíkjandi svo hinu, hvort það sé rétt að verða við því, að sá gjaldeyrir, sem borgaður er inn á þennan reikning, yrði notaður til að greiða eða grynna á skuldum ríkissjóðs við Landsbankann, þá komum við að máli, sem ég álít tilefni til að ræða hér á þingi. Sannleikurinn er sá, að það hefur hvað eftir annað komið opinberlega frá hálfu bankans, að hann vildi gjarna, að ríkið greiddi eða lækkaði verulega á sínum skuldum, og t. d. happdrættistekjurnar hafa verið notaðar til að minnka skuldir ríkissjóðs þar. Nú hefur auðvitað ekki fengizt rætt hér um Landsbankann eins og um annað, sem þeirri stofnun við kemur. Þetta er tabú, og má ekki á það minnast. En það væri sannarlega ástæða til að ræða það, hvort ástæða er til fyrir ríkið á erfiðum tímum að vera að greiða niður skuldir við sjálft sig. Ríkið á þennan banka. Ríkið ræður yfir þessari stofnun, og þegar ríkið greiðir niður skuldir við bankann, aukast að sama skapi eignir þessarar ríkisstofnunar. Það er því að færa úr einum vasanum í annan. Ef til vill heldur hæstv. ráðh., að þetta sé einn af þessum dyntum mínum út af Landsbankanum. En ég vil benda á, að það er langt frá, að ég sé einn um þessa skoðun. Þetta er skoðun samflokksmanna hans í Sviþjóð og hefur að nokkru leyti verið gerð að undirstöðu fyrir þeirra fjármálapólitík. T. d. árin fyrir stríð hækkuðu skuldirnar við seðlabankann, og var það aðferð þeirra til að skapa eðlilega jöfnun í viðskiptalífinu og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ég vil enn fremur benda honum á, að það er ekki aðeins meðal lærðra hagfræðinga úr sænska sósialdemókrataflokknum, heldur varð ég einnig var við það hjá einum prófessor við Háskóla Íslands, sem einmitt fylgir Sjálfstfl. og hvað eftir annað hefur verið notaður sem sérfræðingur hæstv. ríkisstj. í þessum málum, þar sem hann telur ástæðulaust að auka yfirdrátt ríkisins við bankann frá því, sem nú er. Hins vegar veit ég, að stjórn bankans sækir það ákaflega fast, að ríkið grynni á skuldum sínum þar. Hún hefur gengið svo hart að ríkisstj., að fé, sem stj. hefur haft inn upp á síðkastið, sem skiptir meira en milljónatug króna, hefur beinlínis verið notað til að borga niður hjá bankanum, þó að stj. hafi haft mikla þörf á því til nytsamra framkvæmda. Ég álít beinlínis, að með þessum niðurgreiðslum sé verið að fórna fyrir vitlausa hagfræðikenningu nauðsynlegum framkvæmdum, sem ég veit, að bæði hæstv. stj. og fleiri hafa áhuga fyrir að framkvæma, það er verið að fórna þeim á altari skurðgoðs, misskilnings. Það er verið að pína þjóðina til að borga skuldir, það er verið að pína fram tekjuöflunarleiðir, sem öllum finnast hvimleiðar, til þess að framkvæma vitlausa hagfræði. Ég held, að þetta sé mál, sem vissulega sé þess virði, að það sé rætt af sérfræðingum þingsins.

Ég vil enn fremur vekja athygli hæstv. ráðh. á því, af því að við getum talað hér saman í góðu tómi, að þegar hann sagði áðan, að aðalatriðið væri að fá gjaldeyrinn, það væru ekki svo mikil vandræði með íslenzkar krónur, að það hafa komið fyrir mál, sem ég veit, að hann hefur mikinn áhuga fyrir, þar sem tekizt hefur að útvega erlendan gjaldeyri, en miklu erfiðara að útvega íslenzkan gjaldeyri að láni. Ég hef orðið var við það í sambandi við umr. um viðbótarvirkjun Sogsins, að af hálfu þeirra manna, sem hafa áhuga fyrir þeirri framkvæmd, sem eru margir, hefur verið talið eins erfitt að eiga við Landsbankann um að fá íslenzkt fé að láni til að framkvæma hina nýju virkjun eins og jafnvel að fá útlendan gjaldeyri, svo að það er mikil þörf á íslenzkum gjaldeyri til framkvæmda hér á landi, og þess vegna er það að öllu leyti rangt að láta hann lenda í þessari landsbankahít með því að greiða skuldirnar þar. Við ráðh. vitum báðir, að á síðustu þremur árum hefur bankinn grætt 48 millj. kr. í hreinan gróða og að hann hefur nú til ráðstöfunar um 85 millj. kr., og ríkisstofnun, sem þannig er stödd, þarf sannarlega ekki að ganga svo hart að, þegar þjóðin er í peningavandræðum og fé vantar til nauðsynlegustu framkvæmda, og láta slíkar framkvæmdir sitja á hakanum. Við vitum, að þessi banki svífur ekki í lausu lofti og hefur ekki gróða sinn af engu. Hann hefur hann ekki sízt af þeim gjaldeyri, sem þjóðin framleiðir og hann fær að miklu leyti einkarétt á. Þessi gjaldeyrir skapast ekki, nema framleiðslu landsmanna sé haldið í gangi, og henni verður ekki haldið í gangi, nema þjóðin hafi fé til að leggja í framleiðsluna, en stöðvist ekki fyrir harðvítuga innheimtu bankans á sínum skuldum. Það er stórskaðleg pólitík fyrir þjóðina og, þegar lengra er litið, fyrir bankann sjálfan.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, sem ég hef gert að umtalsefni út af þeim rétti, sem áskilinn er í amerískum l. og hefur verið viðurkenndur, þó að hæstv. ríkisstj. hafi reynt að setja fyrirvara. Hæstv. ráðh. kom ekki inn á það, sem ég sagði viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni.

Ég vakti í ræðu minni sérstaka athygli á hættunni á því, að þrýstingurinn mundi aukast frá hálfu amerísku stj. og þeirra aðila, sem hafa áhuga á að fá þetta útlenda auðmagn inn í landið. Og ég vil vekja athygli ráðh. á því, að það er ekki undarlegt, þótt slíkur ótti komi hjá honum. Til þess liggja tvær ástæður. Annars vegar vitum við, að stór fyrirtæki, sem hafa áhuga á að koma ár sinni fyrir borð, hafa aðstöðu til leppmennsku, þ. e. að ná tökunum gegnum íslenzka aðila. Enn fremur höfum við fyrir okkur mjög harðvítug brot á íslenzkum lögum í sambandi við framkvæmd Keflavíkursamningsins, þar sem amerískum mönnum og auðfélögum eru veitt, þvert ofan í íslenzk lög, sérréttindi hér á landi. Og vegna þessarar reynslu er það ekki undarlegt, þó að maður óttist, að slíkt kunni að koma upp í sambandi við þá stóriðju, sem þyrfti að koma.

Ég ætla ekki að fara að deila um það, sem hæstv. ráðh. sagði ómaklega mælt hjá mér, þegar ég tengdi saman þessar 2½ millj. dollara

og Atlantshafssamninginn. Ég hef undirstrikað taktleysið hjá Bandaríkjastjórn, að láta þetta verða samferða, eins og gert var. Og ákaflega er mér nærri að halda, að Bandaríkjastjórn setji alla sína Marshallaðstoð og allar sínar „gjafir" í beint samband við þær kröfur, sem sú stj. hefur fengið framfylgt um það hernaðarbandalag, sem nú hefur komizt á. Er ekki nýtt í milliríkjaviðskiptum, að slíkt hafi verið gert. Slíkt hefur tíðkazt t. d. allt frá því á 17. öld, þegar Frakkar voru sem sterkastir og voru að ná tökum á Englandi. Nógu mörg eru slík dæmi úr mannkynssögunni, hvernig sterk ríki veita framlag til ríkisstjórna til þess að ná afgerandi tökum á pólitískri ríkisstj. til þess svo að knýja hana til að framfylgja stefnu, sem lánardrottni er hentug. Bandaríkin eru með þessari fjármálapólitík að gera þessi ríki óbeint að sínum nýlendum og hjálendum.

Í því, sem hæstv. ráðh. minntist á um alþjóðabankann, fékk ég ekki svar um það, hvort reynt hafi verið að fá lán. Ég held það sé í þriðja skiptið, sem ég minnist á þetta mál í tvö ár, og hef aldrei getað fengið svar um það, hvort ríkisstj. hafi leitað fyrir sér um slíkt lán. Og samt held ég, — en þori þó ekki að fullyrða, — að í reglum alþjóðabankans og gjaldeyrissjóðsins sé svo fyrir mælt, að það eigi að gera ríkjum hægt um að fá lán úr þessum sjóðum, einmitt með tilliti til þess, að ríkin kunni að eiga erfitt með að greiða aftur í öðrum gjaldeyri en sínum eigin. Ég held t. d., að það eigi að vera alger möguleiki á því fyrir okkur að fá lán úr gjaldeyrissjóði án þess að vera skuldbundnir til að greiða til baka í dollurum. Ég held þess vegna, að ríkisstj. hafi átt fyrir löngu að vera búin að athuga þessi mál. Einn þm. í þessari hv. d. er í stj. gjaldeyrissjóðsins, þannig að það eru hæg heimatökin um athugun á þessu. Sannarlega er rétt að nota sér slíkt lán, áður en farið væri inn á þá braut, sem hér hefur verið farið.

Ég ætla ekki að fara inn á stjórnmálin almennt í ræðu hæstv. ráðh. Það er ekki vert, að við séum að munnhöggvast um slíkt „prívat"; skulum e. t. v. gera það, þegar við höfum fleiri áheyrendur. En viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. talaði um sjálft málið, held ég, að ég hafi gert flestu af því nokkur skil, og læt þar við sitja að svo stöddu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til, að við séum að halda áfram þessari umr. öllu lengur. Væri sjálfsagt hægt að halda áfram í alla nótt á svipaðan hátt og við höfum gert hingað til. Skal ég því láta mér nægja að fara örfáum orðum um það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sinni síðustu ræðu. Hv. þm. minntist fyrst á viðskiptajöfnuð okkar við Bandaríkin. Hann mótmælti ekki því, sem ég hélt fram, að þessi viðskiptajöfnuður hefði af ýmsum ástæðum allt frá því löngu fyrir stríð verið okkur óhagstæður, vegna þess að við höfum ekki getað selt nema mjög lítið af því, sem við höfum haft til að selja, af ástæðum, sem ég hef áður rakið. Hins vegar vildi þm. halda fram, að allmikið af þessum vörum væri hægt að fá annars staðar frá, og nefndi í því sambandi kornvörur. Kornvörukaup frá Bandaríkjunum hafa takmarkazt mjög, um leið og okkur opnuðust leiðir annars staðar. Ég held ég fari rétt með það, að yfirleitt kaupum við ekki verulegt af kornvörum þaðan, nema hveiti, og kannske einhverjar fóðurvörur. En aðrar kornvörutegundir fáanlegar í Evrópu hafa verið keyptar þaðan. Hins vegar er ekkert leyndarmál fyrir þessum hv. þm., að ýmsar iðnaðarvörur eru hvergi í heiminum fáanlegar betri eða hagkvæmari en einmitt frá þessu landi. Frá Evrópulöndum hafa alls ekki fengizt sumar vörur af sama tagi og þær frá Ameríku. Þetta hefur gert það að verkum, að við höfum einungis verið færir um að fá þennan innflutning okkar afgreiddan með þeim fjármunum, sem við höfum fengið gegnum Marshallstofnunina, bæði í einu formi og öðru. Ég skal í þessu sambandi geta þess, að af þeim 25 þús. tonnum, sem á þessu ári hafa verið flutt til landsins frá Bandaríkjunum, eru um 17 þús. og 300 tonn vörur, sem hafa verið greiddar með Marshallfé. Og þegar frá eru teknar þær vörur, sem beinlínis eru til Keflavíkurflugvallarins, nemur þetta um 80% af öllum þeim innflutningi, sem við höfum fengið á þeim tíma frá Bandaríkjunum. Þetta sýnir, hve þessi viðskipti hefðu verið erfiðari viðfangs, ef við hefðum ekki haft þessa möguleika til að styðjast við. Í sínum stórpólitísku hugleiðingum hélt hv. þm. því fram, að þessi Marshallaðstoð væri nokkurs konar „kalt stríð" móti auðstéttum Vestur-Evrópu. Skildist mér hann og hans flokkur vera í hörðum bardaga á móti slíku, aðallega til þess að vernda auðstéttir Vestur-Evrópu, svo ólíklega sem það hljóðar. Verður hver að dæma, sem vill, um einingu þessara aðila.

Hv. þm. kvað hæstv. utanrrh. hafa haldið því fram fyrir nokkru, — ég ætla að það hafi verið áður en umræður fóru að hefjast verulega um þátttöku okkar Íslendinga í Marshallstofnuninni og framkvæmdir í því sambandi, þ. e. á árinu 1947, að við mundum verða þar veitandi, en ekki þiggjandi og mundum ekki koma til með að þurfa að þiggja neinar gjafir þaðan. En á þeim tíma, þegar þessi ummæli féllu, ætla ég, að ekki hafi verið farið að vinna að þeim stórfelldu áætlunum um verklegar framkvæmdir, sem einmitt liggja fyrir nú og þessari aðstoð er ætlað að standast kostnað af. Ég hygg ummæli ráðh. hafi fallið á þá lund, að við mundum ekki þurfa að taka við þessu til venjulegrar neyzlu, þess vegna hefði stj. verið ákveðin í að nota þetta fé ekki í þeim tilgangi, heldur festa það til sérstakra framkvæmda, sem gert væri ráð fyrir í áætlun. Þessi ummæli ráðh. geta því að mínu viti fyllilega staðizt.

Þá hélt hv. þm. fram, að það væri nýtt, að þeim sósialistum væri borið á brýn, að þeir óttuðust, að efnahagsafkoman yrði betri. Ég hélt fram, að þessi andstaða móti Marshalláætluninni væri þess vegna fram komin, enda

ekki aðrar skýringar nærtækari en að þeir geri þetta til þess að torvelda efnahagsviðreisn Evrópu, að berjast gegn Marshalláætluninni. Og þó að það sé svo, að hv. þm. og hans flokkur hafi barizt fyrir háu kaupi, þurfa ekki alltaf að vera samfara því endurbætur á afkomu almennings. Baráttan fyrir hækkuðu kaupi hefur þvert á móti verið höfð sem yfirvarp til „agitationar" og til þess að örva verðbólguna, sem sannarlega verður ekki til að bæta afkomu almennings í landinu. Ég hygg það sama vaki í þessu máli fyrir þessum hv. þm. og fyrir flokksbræðrum hans erlendis.

Um Landsbankann þarf ég ekki að fjölyrða. Engin tilmæli hafa komið til ríkisstj. í þá átt, sem hv. þm. spurði um. En ég fyrir mitt leyti vil halda fast við þá skoðun, sem ég lýsti, að það sé fullkomlega heilbrigt og ekki vitlaus hagfræðileg kenning að greiða niður skuldir við bankana. Það er gefið, að eftir því sem meiri peningar eru í umferð, án þess að raunverulegir fjármunir séu á bak við, verður það fyrst og fremst til þess að auka verðbólguna í viðkomandi landi. Það er vitanlega stefna hv. þm. og hans flokks, að það sé gert og það í ákveðnum tilgangi. En slíkur tilgangur vakir ekki fyrir stj., að fyrst og fremst séu peningarnir í umferð. (*Einhver:* Svo að stj. er kannske að auka verðbólguna fyrir kommúnista!) Ekki hefur hún gert það og ekki með því að draga fé úr umferð, til þess að fjármunirnir, sem eru í umferð, og raunverulegt verðmæti svari betur hvort til annars.

Um það, að hernaðarbandalagið hafi verið sett í samband við veitingu þessarar aðstoðar, get ég einungis sagt það, að mjög greinilega var fram tekið, þegar um þátttöku í Atlantshafsbandalaginu var að ræða, að við værum algerlega sjálfráðir, hvort við tækjum þátt eða ekki. Ekki var með einu einasta orði reynt að hafa áhrif á okkur, né heldur veit ég til, að slík orð hafi fallið annars staðar. Enginn „þrýstingur" eða „pressa" var notuð til þess að knýja okkur. Ákvörðunin var tekin af fúsum og frjálsum vilja og án þess að á nokkurn hátt væri sett í samband við Marshalllögin.

Þetta ætla ég að láta nægja um það, sem hv. þm. sagði.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Nokkur orð langar mig til að segja út af ræðu hæstv. viðskmrh. Í fyrsta lagi viðvíkjandi þeim atriðum, sem viðkoma vörum, sem við greiðum í dollurum. Hann talaði fyrst og fremst um hveiti og fóðurvörur. Ég býst við, að þetta hvort tveggja gætum við fengið frá Austur-Evrópu, svo framarlega sem við hefðum lagt upp úr því að flytja viðskiptin þangað. Þá taldi hæstv. ráðh. okkur geta fengið betri og hagkvæmari iðnaðarvöru frá Bandaríkjunum en annars staðar. Rétt er það. En það þýðir ekki, að við getum ekki fengið iðnaðarvörur annars staðar, sem gætu alveg eins komið í þeirra stað. Þegar við eigum erfitt með að útvega dollara, þá er ekki gefið, að við verðum að ganga að einhverjum afarkostum til að ná í þá bara til þess að fá vöru eitthvað ódýrari eða eitthvað finni en ella. Við yrðum kannske að kaupa vöruna í Englandi, og þó að þær hafi ekki alla þá kosti, sem amerískar vörur hafa, þá eigum við þó nóg pund til að greiða með. Í raun og veru fólst viðurkenning þess í orðum hæstv. viðskmrh., að hægt sé að kaupa iðnaðarvörurnar annars staðar en í Ameríku, eða mjög mikið af þeim, þó að frá samkeppnissjónarmiði einu sé talið heppilegast að kaupa þær þaðan. En ameríska auðvaldið mun hafa áhuga fyrir, að vörurnar séu keyptar þaðan, og við þekkjum stóru framleiðsluhringana, sem leggja kapp á að leggja markaðina undir sig alls staðar.

Þá upplýsti hæstv. ráðh., að svona stæði illa viðskiptajöfnuðurinn við Bandaríkin, að 80% af innflutningi þaðan hefði verið greitt með Marshallfé. Hvað gerðu nú kollegar hans í brezku stj. í svona krngumstæðum? Mjög harðvítugar ráðstafanir til að draga úr þessum innflutningi frá Bandaríkjunum. Þeir hafa reynt það eins og þeir hafa getað, svo háðir sem þeir eru Bandaríkjunum, að hindra innflutning þaðan á hinum og þessum vörum. T. d. hefur verið harðvítug barátta um kvikmyndirnar, og hafa þeir brezku að vísu stundum orðið að láta í minni pokann. En ég hef aldrei orðið þess var hér, að þing eða stj. hafi gert neinar ráðstafanir til að reyna að sporna við innflutningi frá Bandaríkjunum. Í hvert skipti, sem mál þessi ber á góma, er slíku eytt, í stað þess að ef ríkisstj. hefði áhuga fyrir því að spara dollara mundi lagður fram listi ársfjórðungslega fyrir þjóðina um vörurnar, sem menn hefðu neyðzt til á síðasta ársfjórðungi að kaupa frá Bandaríkjunum, og síðan væri óskað eftir till. um, hvernig við gætum sloppið við það. Einmitt í þessu er áhugaleysið fyrir því að gera okkur óháða Bandaríkjunum um vörukaup. Virðist mér koma fram greinileg tilhneiging til að láta þetta ástand haldast, sem hæstv. ráðh. lýsti svo átakanlega, þegar hann sagði, að 80% af innflutningnum frá Bandaríkjunum væri greiddur með Marshallfé.

Þá minntist hv. ráðh. á skilgreiningu mína á áhrifum Marshallsamstarfsins og kvað mig telja það þýða raunverulegt samkeppnisstríð ameríska auðvaldsins gegn auðvaldinu í Vestur-Evrópu. Hann sagði okkur sósíalista berjast gegn Marshallsamstarfinu til þess að vernda auðvaldið í Vestur-Evrópu. En hér er verið að tala um árás ameríska auðvaldsins gegn verkalýðshreyfingunni í Evrópu, svo að það var óþarfi að snúa út úr þessu. Ég býst við, að það eigi eftir að koma enn áþreifanlegar á daginn, hvernig Bandaríkin eru að gera þessar stéttir háðar sér. Það má vera, að komi greinilega í ljós strax og eitthvað fer að létta til í Þýzkalandi, að amerísku auðfélögin séu búin að tryggja sér svo að segja öll völd yfir stóriðjunni í Ruhr, itök í stálhringunum og kemisku hringunum, í þeim stóriðjuhringum, sem hafa verið voldugustu fyrirtæki Evrópu um áratuga skeið. Það er vert að hafa auga fyrir þessari þróun. Hún er það, sem gerist samtímis því,

sem þetta volduga auðvald ræðst gegn alþýðunni í heiminum og gerir sínar ráðstafanir, fjárhagslegar, hernaðarlegar og pólitiskar. Ameríska auðvaldið leggur nú kapp á að brjóta undir sig auðfyrirtæki annarra landa og hlífir þá engri stétt viðkomandi landa. Ég minntist á, að það er vegna þessa, að ég sé hættu á, að ameríska auðvaldið nái líka tökum hér á landi. Og við vitum, að það er byrjað að seilast hér til á slíkan hátt. Hæstv. ráðh. vildi líta svo á, að ekki gæti verið öðru til að dreifa en að mótspyrna okkar sósíalista gegn Marshalláætluninni gengi í þá átt að reyna að eyðileggja uppbyggingu atvinnulífsins hjá þjóðunum. Ég vil spyrja þennan hæstv. ráðh., af því að hann ætti að vera málinu kunnugur, hvort það hafi e. t. v. nokkur annar flokkur verið öllu ákveðnari í því að berjast fyrir uppbyggingu atvinnulífsins heldur en Sósíalistaflokkurinn hér á landi. Ég held þess vegna, að það sé nokkuð langsótt röksemd til þess að skýra okkar afstöðu til Marshalláætlunarinnar, að við hljótum að vera „prinsipíelt" með því að torvelda nýsköpun atvinnulífsins.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að ekki þyrfti hátt kaup alltaf að þýða bætt kjör. Þetta er rétt, t. d. ef svo ómöguleg ríkisstj. starfar, sem sér um að hækka álögurnar, svo að það eyðileggst, sem tekizt hefur að ávinna. Lengst af hefur þetta þó orðið að vera eitt aðalatriði verkalýðshreyfingarinnar til að bæta sín kjör innan ríkjandi skipulags. En það eru ómakleg orð á Sósfl. að segja, að hann hafi bundið sig við þessa aðferð einvörðungu. Hann hefur einmitt mjög eindregið barizt fyrir aukinni atvinnu almennings í landinu og átt þátt í að gera stórfelldar ráðstafanir í þá átt og jafnan barizt fyrir bættri tækni í okkar þjóðfélagi, svo að afköst verkamannsins eru nú miklu meiri en áður, til þess að mjög eðlilegur grundvöllur skapist fyrir bætt kjör hans.

Þá minntist hæstv. ráðh. á Landsbankann og sagði, að engin tilmæli hefðu komið frá honum. Ég er ekki í þeirri aðstöðu að geta hrakið það. Hins vegar kom skýrsla frá Landsbankanum til ríkisstj. og var útbýtt til þm. Hef ég skrifað undir skjal ásamt fleiri þm. um það, að sú skýrsla mætti verða birt. En hæstv. ráðh. virðist nú fyllilega vilja gefa í skyn, að að sínu áliti sé alls ekki óhugsandi, að einhverju af því, sem lagt yrði á þennan sérstaka reikning í Landsbankanum, yrði varið til að greiða skuldir. Og vissulega er það tekið sem fyrsta atriðið af því, sem talið er upp í samningnum hjá Bandaríkjastjórn, þegar talað er um að athuga þörfina á því, sem efla megi öryggi í fjármálum Íslands. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta geti komið til mála, að viðurkenndar verði þannig kröfur Landsbankans. Er það með öllu leyfilegt eftir 2. gr., eða er það meiningin að nota upphæðina til þess að greiða skuldir við Landsbankann? 2. gr. hljóðar svo: „Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum." Verður að fyrirbyggja, að það standi opið fyrir Landsbankanum að taka þetta fé upp í skuldir ríkisins. Út af þessum ráðstöfunum frekar um íslenzka gjaldeyrinn, þá held ég, að það sé nauðsyn að tryggja yfirráð hins íslenzka gjaldeyris engu síður en hins erlenda, því að oft þegar leggja hefur átt í framkvæmdir hér, þá hefur strandað á því, að ekki hefur verið hægt að fá framlög í íslenzkum gjaldeyri. Ég held því, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda fast við áætlun sína, þá þurfi að gera hér í Alþingi þær ráðstafanir, sem tryggi framgang hennar.

Ég hef nú rætt þetta mál eins mikið og ég hef leyfi til við þessa umr. og mun ekki að svo stöddu leggja fram brtt., en geri það ef til vill við 3. umr. Mér þykir sýnt, að afgreiðsla málsins ætlar að verða með endemum, þar sem engar umr. fást, þannig að hv. þm. fylgist með, og geri ég ráð fyrir, að málið verði afgreitt án þess að menn geri sér ljóst, hvaða skuldbindingar Íslendingar takast þar með á hendur, og án þess að gera sér ljósar afleiðingar þeirra skuldbindinga. Þetta hefur alltaf verið svona, þegar ræddir hafa verið samningar við Bandaríkin, og eftir eitt til tvö ár kemur svo í ljós, að framkvæmd samningsins er alveg öfug við það, sem formælendur hans hafa látið í veðri vaka. Mig skyldi ekki undra, þótt fjárhagslegar afleiðingar af því að gefa Bandaríkjunum þessi áhrif á okkar atvinnulíf yrðu þær, að hættulegar tilraunir yrðu á næstunni gerðar til þess að ná mestu auðlindum okkar, öðrum en fiskimiðunum, undir erlend áhrif, og á ég þar við, að reynt verði að ná eignarréttinum á Þjórsá og þeirri stóriðju, sem byggist á orku þaðan. Meðferð hæstv. ríkisstj. á þessum málum hefur verið svo undarleg og svo óljós svör hennar, að ekki er undarlegt, þótt slíkan kvíða setji að manni, ekki sízt eftir það, sem maður hefur orðið var við í sambandi við Keflavíkursamninginn, þar sem svo lítur út sem framkvæmt sé eftir einhverjum allt öðrum samningi en gerður var. Annars mun ég ekki orðlengja þetta frekar við þessa umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 106. fundi í Nd., 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:6 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:5 atkv.

Á 107. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 577, 710).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég mun eiga hérna brtt. Ég hef rætt ýtarlega við 2. umr. málsins um almennu hliðina á þessu máli og mun því ekki gera hana að neinu sérstöku umtalsefni að sinni, heldur vil ég víkja nokkrum orðum sérstaklega að atriðum, sem ég flyt brtt. við. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 710, við 3. gr. frv., um það, að á eftir orðunum „samþykki Alþingis" bætist: og einvörðungu til greiðslu á innlendum kostnaði við framkvæmdir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. — Ég skal nú skýra það, hvernig á þessu stendur. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þetta framlag án endurgjalds sé notað til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, og að svo miklu leyti sem það er ekki notað til kaupa á þessum vörum, þá skal leggja jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til hliðar til kaupa á þessum vörum. M. ö. o., með 2. gr. er bundin notkun framlagsins í erlendri mynt við kaup á þessum atvinnutækjum. Í 3. gr. hins vegar skuldbindur ríkisstj. sig til að leggja jafnvirði framlagsins til hliðar og ráðstafa því ekki nema með samþykki Alþ. Nú las ég upp við 2. umr. eða skýrði frá, hvaða skilyrði það væru, sem Bandaríkjastjórn setti í sambandi við Ísland viðvíkjandi notkun þessa fjár. Þar var talið fyrst, að gerðar yrðu ráðstafanir til að efla og viðhalda öryggi í peningamálum Íslands. Það er vitanlegt, að íslenzka ríkisstj. getur ekki ráðstafað þessu fé án þess að fá til þess samþykki Bandaríkjastj. Hún verður að gera till. um það til hennar og fá samþykki hennar. Nú er það ákaflega þýðingarmikið mál fyrir þingið, hvernig þessu fé er ráðstafað, við skulum segja, hvort þessu fé er ráðstafað til þess að auka möguleika á að hagnýta þau tæki, sem keypt eru til landsins, sem sé til nýsköpunar atvinnulífsins, eða hvort gerðar eru ráðstafanir vegna gengismála eða til að borga skuldir við Landsbankann. Í 4. kafla, 6. gr. samningsins við Bandaríkin frá 3. júlí 1948 er talað um, að Bandaríkjastj. mundi taka til athugunar að minnka skuldir við Landsbankann. Nú býst ég við, að þessir samningar, sem ríkisstj. kemur til með að eiga um þetta mál við ríkisstj. Bandaríkjanna, fari fram milli þessara stjórna og síðan verði Alþingi spurt á eftir, þannig að stj. væri búin að semja um þetta, en það yrði aðeins formlega, sem þingið samþ. á eftir, enda getur stj. skaffað sér það með bráðabirgðalögum. Ég álít því, að þingið eigi nú við samþykkt þessa frv. að láta sína skoðun í ljós, hvernig verja eigi þessu fé, sem lagt er á þennan reikning. Ég spurði við 2. umr. þessa máls hæstv. viðskmrh. að því tvisvar sinnum, hvort Landsbankinn hefði gert nokkra kröfu til þess eða mælzt til þess við stj., að hann fengi það fé, sem lagt yrði á þennan sérstaka reikning, til umráða eða það yrði notað til að greiða skuldir ríkisins við bankann. Hæstv. viðskmrh. neitaði þessu. Ég er hins vegar ákaflega hræddur um, að svona kröfur muni koma fram frá bankanum, og vil ég leyfa mér einu sinni enn að spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann hafi ekki neina ástæðu til að óttast það líka. Við höfum orðið varir við það undanfarið, að Landsbankinn hefur sótt ákaflega hart á að fá það fé, sem ríkissjóður hefur getað fengið með álögum á fólkið, t. d. hafa allir happdrættispeningarnir farið til að greiða niður skuldir við bankann. Ég er því hræddur um, að þegar maður er kominn út úr þinginu, muni endurtaka sig sú saga, að ríkisstj., sem á í erfiðleikum, eins og margar aðrar ríkisstjórnir, sem þurfa að sækja til bankanna, verði að sæta þar slíkri meðferð, að bankinn setji henni afarkosti, knýi stj. til að svo og svo miklu leyti að nota það fé, sem tekst að pína út úr almenningi, til niðurgreiðslna við bankann.

Ég vil nefna eitt dæmi, sem sýnir, hvað þetta þýðir, Sogsvirkjunina eða Laxárvirkjunina. Ríkisstj. ætlar að nota þessa dollara til að kaupa vélar og aðrar vörur til Sogsvirkjunarinnar. Vélarnar koma hingað og eru hér á hafnarbakkanum. Síðan vantar íslenzka peninga til að geta greitt vinnulaun við framkvæmd verksins. Það verður jafnvel erfiðara að fá þá peninga hjá bankanum en þann erlenda gjaldeyri, sem þarf til að greiða þær erlendu vörur. Ef Landsbankinn hefur þá aðstöðu, að hann getur sagt: Þessa peninga, sem þið leggið inn á sérstakan reikning í bankanum, vil ég fá upp í skuldir hjá mér, — þá er hugsanlegt, að hann geti knúið stj. til að gera þetta. En ef búið er að binda það, að ekki megi nota þetta fé til annars en að greiða kostnað innanlands við þær framkvæmdir, sem á að vinna fyrir þetta framlag, þá getur ríkisstj. skírskotað til þess og sagt: Hér eru lög, sem binda hendur stj., svo að hún hefur ekki leyfi til að ráðstafa þessu fé til að borga skuldir við bankann.

Ég veit, að ríkisstj. er oft milli tveggja elda í slíkum málum. Alþingi heimtar fjárframlög til ýmissa nytsamra framkvæmda í þjóðfélaginu. Landsbankinn stendur hins vegar með sína skuldareikninga í bókhaldinu og heimtar tölur borgaðar niður, meðan fólkið vantar peninga til að framkvæma nauðsynlegustu hluti í þjóðfélaginu. Ég vil lýsa yfir, að ég álít þessa pólitík, sem nú er rekin af bankanum, ef ég ætti að taka einhverja samlíkingu, eins og mannfórnir á altari skurðgoðs í gamla daga, vegna þess að menn halda, að það sé hægt að blíðka goðið, svo framarlega sem útkoman á pappírnum er góð. Bankastjórarnir virðast einhliða líta á afstöðu atvinnulífsins út frá því, hvernig hentar dálkum reikninga í Landsbankanum, þegar gert er upp þar. Við Íslendingar hefðum ekkert við það að gera, þó að Landsbankinn ætti 100 milljónir í skuldlausum eignum, ef atvinnulífið er meira og minna lamað. Ef bankinn hefur þá aðferð að sjúga peninga út úr atvinnuvegunum og láta þá liggja án þess að veita þá aftur, svo að atvinnuleysi skapist hjá verkamönnunum og lánsfjárleysi hjá atvinnurekendunum og ríkinu, þá er verið að dæla blóðinu úr þjóðarlíkamanum og veikja hann með þessu móti, til þess að töluleg útkoma bankans verði betri. Þetta er alger villukenning og röng hagfræði. Með þessari hóflausu innheimtu er

verið að fórna afkomu almennings og kúska ríkið til að leggja álögur á fólkið til þess að geta borgað skuldir við Landsbankann. Bankinn á nú 85 millj. kr. í eigin fé. Það er ekkert sérstakt atriði fyrir rekstur þjóðarbúsins, að Landsbankinn sé ríkur. Aðalatriðið er að dæla nýju blóði í þjóðarlíkamann, til þess að hann sé hraustur, að allt sé í gangi í atvinnulífi landsmanna, hver maður hafi vinnu og þeir, sem eiga fé, vilji hætta því í atvinnurekstur, verksmiðjur, íbúðarhús eða annað slíkt, sem verður til að auðga þjóðfélagið og til að auðga atvinnulíf þjóðarinnar. Það er það, sem er aðalatriðið. Ég held því, að það sé alveg rétt að bæta því við 3. gr., að á eftir orðunum „samþykki Alþingis" komi: og einvörðungu til greiðslu á innlendum kostnaði við framkvæmdir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Þar með er girt fyrir það fyrir fram af hálfu Alþingis, að hægt sé að nota þetta fé til að borga skuldir við Landsbankann. Ég vona, að hv. þm. skilji, hvað ég á hér við. Við verðum alltaf varir við það, ekki síst þegar um er að ræða afgreiðslu fjárl., hvað mikill áhugi er hjá þm. fyrir því, að framkvæmdavaldið hafi til umráða fé til framkvæmda, sem þarf að vinna hér. Þá vil ég vekja athygli á því, að hér eru möguleikar, þótt ekki séu sérstaklega miklir, til að tryggja yfirráð stj. yfir, að slíkt fé fari til nauðsynlegra framkvæmda, en sé ekki notað til að greiða skuldir ríkisins við eina ríkisstofnun. Og þar sem þessi hugsun hjá mér er í samræmi við þá stefnu frv., að þetta fé verði notað til nauðsynlegra framkvæmda, þá vona ég, að brtt. mín verði samþ.

Að öðru leyti, af því að ýtarlegar umr. fóru fram um þetta mál við 2. umr. og ég lýsti þar afstöðu minni og míns flokks, ætla ég ekki að endurtaka það nú. Andstaða mín gegn frv. er óbreytt, en þó vil ég freista að fá þessa breyt. gerða á málinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki hefja hér langar umr. við hv. 2. þm. Reykv. um þessa kenningu hans, en hér er fram komin brtt. frá honum á þskj. 710 í samræmi við þessa kenningu. Ég vil aðeins segja honum það, að bæði þessi ríkisstj., sem nú situr, og ég hygg flestar aðrar ríkisstjórnir hafa tekið þau lán, sem þau hafa tekið hjá bönkunum, með það fyrir augum að greiða þau aftur, en ekki með það fyrir augum að svíkjast um að borga þau. Svo getur það verið mál, sem þarf að athuga, hvort eigi að endurgreiða þessi lán á þennan hátt, með því að nota eitthvað af jafnvirðissjóðnum til þess eða taka það í fjárlög. Það er atriði, sem þarf að ræða og verður að ræða, þegar þar að kemur, og 3. gr. er sett til þess, að Alþingi ráði því, hvernig þessu fé er ráðstafað. Ef brtt. hv. þm. yrði samþ., þá þýðir það það, að ríkisstj. væri bannað að nota nokkuð af þessum sjóði til að grynna á skuldunum við bankann. Vissulega getur það komið til mála, að þetta fé verði ekki notað þannig, en það getur líka komið til mála, að það verði notað til þess, allt eftir því, sem hagkvæmast þykir, þegar ákvörðun er tekin um það, en ekkert af þessu fer fram hjá þinginu. Til þess er 3. gr., að engar ráðstafanir verði gerðar, nema það hafi áður verið borið undir Alþingi. Ef þessi brtt., sem hv. þm. ber fram, yrði samþ., þá væri búið að taka ákvörðun um, að sjóðurinn yrði aðeins notaður eins og hann leggur til, en útilokað, að hann yrði notaður til annars, og þá þyrfti ekki að bera málið undir þingið, því að þá hefur ákvörðunin verið tekin. Þegar af þeirri ástæðu finnst mér, að brtt. ætti að orðast öðruvísi. Ef hún er samþ., þá er búið að ráðstafa sjóðnum, ákveðið, að hann yrði notaður til að greiða innlendan kostnað, sem af stofnun þessara fyrirtækja leiðir, sem í 2. gr. segir, og þá virðist mér, að ekki þyrfti að bera málið undir samþykki Alþingis á ný. Þetta liggur ekki svo ljóst fyrir í augnablikinu. Ég, og ég ætla stj. öll, vil hafa opið, til hvers jafnvirðissjóðnum er varið, hvort hann verður að einhverju leyti notaður til að greiða skuldir og að einhverju leyti til þess, sem hv. 2. þm. Reykv. vill verja honum öllum til, eða jafnvel á annan hátt. Um þetta verður að hafa samkomulag, og það verður á sínum tíma borið undir Alþingi og þess vegna engin ástæða til að taka fyrir fram ákvörðun um það, eins og hv. þm. vill vera láta samkvæmt sinni till.

Hvað viðvíkur hjátrú á bókhaldsútkomu Landsbankans og að það sé hrein vitleysa að kúska fólkið til að greiða skuldir við bankann, þá mætti ræða um það langt mál. Ég skal ekki gera það að þessu sinni, mér finnst það ekki eiga heima hér. Hingað til hefur þeirri reglu verið fylgt að reyna að borga fé, sem fengið er að láni. Ef ríkið á að byrja á að breyta þar til og borga ekki og aðrir þá væntanlega koma þar á eftir, þá þýðir það algera stefnubreytingu í þessum málum, sem yrði þá að gera alveg sérstakar ráðstafanir í sambandi við. Það er ekki rétt, að bankinn tregðist við að lána fé, sem hann hefur til umráða. Hann hefur þegar í útlánum miklu meira en nemur sparifé og hefur orðið að taka stór lán hjá seðlabankanum til þess. Það er því ekki rétt, að bankinn hafi dregið að sér höndina um lánveitingar. Spurningin er fremur, hvort ekki hafi frekar verið farið of langt en of stutt.

Að öðru leyti þykist ég ekki þurfa að ræða þetta frekar. Ég þykist líka hafa gert grein fyrir málinu í heild. Ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel ekki æskilegt, að við þessar umr. sé slegið fastri einhliða notkun jafnvirðissjóðsins, og sé þá ekki, hvað málið ætti að gera inn í þingið aftur. Þá er búið að ráðstafa sjóðnum, og þyrfti ekki um það að tala meir. Þetta vil ég, að sé athugað, en engu slegið föstu fyrr en sú athugun hefur farið fram.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um þetta mál, áður en það hlýtur afgreiðslu þessarar d.

Þegar Marshalláætlunin var til umr. hér á þingi á síðasta hausti, gerði ég allýtarlega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég lýsti því þá yfir, að ég væri algerlega fylgjandi Mars-

hallláætluninni og framkvæmd hennar og einnig aðild Íslands að þessari áætlun. Ég taldi, að rökin fyrir því, að Ísland ætti að gerast aðili að þessari alþjóðasamvinnu, væru þau, að Ísland gæti með því móti, eins og reynslan hefur síðan sýnt, fengið aðstöðu til að selja afurðir sínar fyrir dollara og einnig til að fá ýmsar innflutningsvörur, sem annars væri erfitt að fá, og enn fremur ef til vill hagkvæm lán til nauðsynlegra og arðbærra framkvæmda innanlands. Hefur þegar komið í ljós, að öll þessi rök hafa staðizt. Ég lýsti því einnig, að ég teldi, að aðild Íslands að Marshallsamvinnunni ætti ekki að verða til þess, að flutt yrði hingað til lands meira af neyzluvörum eða hráefnum í neyzluvörur en ella mundi verða, m. ö. o., að aðild okkar mætti ekki verða til þess að halda uppi í landinu neyzlu, sem að öðrum kosti hefði ekki átt sér stað. Enn fremur lét ég þess getið, — og sama gerðu margir aðrir hv. þm., — að það væri óæskilegt, að til þess kæmi, að Ísland tæki við fjárframlagi án endurgjalds, sökum þess að hagur okkar í stríðinu hefði að mörgu leyti verið öðruvísi en flestra annarra þátttökuþjóða, Íslendingar hefðu hagnazt á stríðsárunum, andstætt því sem var um flestar aðrar þjóðir, þar sem þær hefðu orðið fyrir geysilegu tjóni sökum beinnar og óbeinnar þátttöku í stríðinu. Það var því skoðun mín og margra annarra, að Marshalláætlunin ætti ekki að verða til aukinnar neyzlu innanlands, heldur ætti eingöngu að nota þetta fé til uppbyggingar atvinnulífs landsmanna og meira að segja til uppbygginar, sem ekki hefði verið ráðizt í að öðrum kosti. Nú hefur hins vegar komið í ljós, sem raunar mátti vita fyrir, að ýmsar neyzluvörur, sem óhjákvæmilegt var að flytja til landsins, hafa ekki verið fáanlegar annars staðar en í Vesturheimi og ekki hægt að afla þeirra á annan hátt en sem lið í Marshallkerfinu. Ef þessar neyzluvörur hefðu verið fluttar inn sem liður í Marshalláætluninni, án þess að nokkrar aðrar ráðstafanir hefðu verið gerðar, hefði það verið brot gegn því grundvallaratriði, sem ég taldi skipta miklu máli, að aðild að Marshalláætluninni yrði ekki til að auka neyzlu innanlands. En eins og þetta frv. ber með sér, er einmitt tilætlunin, að tillit verði tekið til þess á þann hátt, að ef veitt er viðtaka framlagi án endurgjalds og það fé notað til þess að flytja inn neyzluvörur, þá sé skylt að leggja til hliðar í öðrum gjaldeyri samsvarandi upphæð, og nota hana til kaupa á vélum, tækjum og efnivörum til framkvæmda. Auðvitað gildir einu máli, hvaða gjaldeyrir er notaður til að kaupa þessi framleiðslutæki og efnivörur. Það brýtur ekki þessa meginreglu, sem ég gat um, ef jafnvirði þessara dollara er notað eingöngu til að afla framleiðslutækja. Ég geri einnig ráð fyrir, að lán verði ekki tekið til að kaupa neyzluvörur, enda hefur þingið það í hendi sér að láta ekki til þess koma, því að lán er ekki hægt að taka án samþykkis Alþingis.

Mig langar og til að vekja sérstaka athygli á einu atriði. Í gildandi l. um fjárhagsráð er það ákvæði, að leggja skuli árlega til hliðar af útflutningstekjum landsmanna 15% og að af því fé skuli verja til kaupa á framleiðslutækjum og annarrar nýbyggingar atvinnulífsins. Þrátt fyrir samþykkt þessa frv. verða ákvæði fjárhagsráðslaganna auðvitað í gildi áfram. Ég vil í þessu sambandi leggja sérstaka áherzlu á, að þetta fé, sem lagt verður til hliðar í öðrum gjaldeyri en dollurum, vegna þess að Íslendingar fá dollara sem lið í Marshalláætluninni, verði ekki notað til að kaupa framleiðslutæki, sem hefði verið hægt að afla með þeim 15% af útflutningstekjum, sem á að leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri til slíkra nota samkvæmt fjárhagsráðslögunum. Ég geng m. ö. o. út frá því sem sjálfsögðu, að þessi framlög, sem fást til að kaupa atvinnutæki í sambandi við Marshalláætlunina, verði ekki til þess, að dregið verði úr kaupum á framleiðslutækjum af venjulegu útflutningsandvirði, enda væri það ekki hægt, meðan l. um fjárhagsráð eru enn í fullu gildi. Ég legg sérstaka áherzlu á, að það verði haldið áfram að verja 15% a. m. k. af útflutningsverðmæti landsmanna til að kaupa nýbyggingartæki og efnivörur, en það, er fæst sem óafturkræft framlag í sambandi við Marshalláætlunina til að kaupa framleiðslutæki, verði til viðbótar þessum 15%, sem verja á í slíku skyni samkvæmt fjárhagsráðslögunum, og það er í trausti þess, að framkvæmdin verði þannig, að ég fylgi þessu frv. Ég geri mér auðvitað ljóst, að sé efnt til fjárfestingar innanlands fyrir framlög erlendis frá, þá veldur það aukinni neyzluþörf í landinu og kallar á nýjan innflutning neyzluvöru. Ég hef ekki á móti slíkum neyzluvöruinnflutningi. Hann er eðlileg afleiðing af þeirri tekjumyndun, sem hlýzt af fjárfestingunni. Það, sem ég er andvígur, er, að hin erlendu framlög verði að einhverju leyti beint og þegar í stað notuð til neyzluaukningar.

Það kann að mega segja, að ýmsar aðrar þjóðir ættu meiri siðferðilegan rétt til slíkra framlaga með tilliti til ástæðna okkar og þeirra á stríðsárunum, en því er þó ekki að leyna, að efnahagsástæður okkar eru mjög erfiðar nú, og þegar það er haft í huga, að tilætlunin er að verja aðstoðinni í fyrirtæki, sem eru mjög nauðsynleg fyrir efnahagslíf Íslendinga í nútíð og framtíð og raunar einnig fyrir efnahagssamvinnu Norðvestur-Evrópu, þá væri það mjög mikill ábyrgðarhluti að neita að veita þessu fé viðtöku. Vissulega hefði verið æskilegast, að þróun efnahagsmála þjóðarinnar hefði verið þannig, að við hefðum átt hægt með að komast af án slíkra framlaga. Ástandið er hins vegar þannig, að svo er ekki. Það er þó bót í máli, að þessu fé verður einungis varið í fyrirtæki, sem miða að því að efla atvinnulífið, fyrirtæki, sem engar líkur eru til, að kæmust upp að öðrum kosti. Þess vegna mun ég greiða atkv. með þessu frv. Ég legg þó enn á það höfuðáherzlu, að aðild okkar að þessari efnahagssamvinnu verði ekki til þess, að hér verði haldið uppi neyzlu, sem ekki hefði átt sér stað að öðrum kosti, en ég tel það tryggt með þessu frv., að svo verði

ekki. Meðan svo er, að aðstoðinni er einvörðungu varið til fyrirtækja, sem nauðsynleg eru atvinnulífi okkar og efnahagssamvinnu Norðvestur-Evrópu, þá er það skoðun mín, að rétt sé og skynsamlegt að halda áfram þátttöku í þessari samvinnu. Ég tel það alrangt að telja okkur Íslendinga styrkþega, þótt við tökum þátt í þessari samvinnu. Slíkt mætti segja, ef við notuðum það framlag, sem við fáum, til neyzlu, en meðan því er einungis varið til nauðsynlegra fyrirtækja, sem næstum óhjákvæmilegt væri að koma upp að öðrum kosti, þá tel ég slík ummæli óviðeigandi og óverjandi að hverfa frá aðild í þessu þjóðasamstarfi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Nokkur ágreiningur varð um þetta mál í fjhn. Meiri hl. n. hefur lagt til, að frv. verði samþ., en minni hl., hv. 2. þm. Reykv., hefur lagt til, að það verði fellt, og gefið þar um sérstakt nál., og segir þar, að þetta frv. misbjóði virðingu þjóðarinnar. Ég vil nú leyfa mér að benda á ýmsar hliðar á málinu. Sumar nágrannaþjóðir okkar hafa þegar hlotið mikla aðstoð frá þessari endurreisnarstofnun, einkum þær, sem urðu fyrir miklu tjóni í styrjöldinni, en þótt oft sé talað um það, að við Íslendingar höfum grætt á stríðinu, þá ber á það að líta, að við urðum þá fyrir mjög miklu tjóni á skipum og mönnum, og ég er ekki viss um, að tjón Íslendinga hafi verið minna hlutfallslega en ýmissa annarra þjóða, sem taka þátt í þessari efnahagssamvinnu og hljóta aðstoð samkv. Marshallsamningnum. Að vísu er það svo, að við fengum mikla peninga í sambandi við dvöl útlendinga hér á stríðsárunum, en sú dvöl útlendinga hér hafði einnig sínar skuggahliðar, og hæpið er, ef hægt væri að gera þann reikning upp tölulega, sem raunar er ómögulegt, að útkoman yrði sú, að Íslendingar hefðu haft hagnað af þessu. Ég tel því skoðun hv. 2. þm. Reykv. allt of einhliða og dóm hans langt frá því að vera óvefengjanlegan. En ég tek undir orð hv. 4. þm. Reykv. um það, að þrátt fyrir þá aðstoð, sem Íslendingar fá samkv. Marshallsamningnum, þá megi ekki láta hjá líða að verja hæfilegum hluta af útflutningsverðmæti þjóðarinnar til kaupa á vélum og tækjum til nýbygginga í atvinnulífinu, enda er svo fyrir mælt í l. um fjárhagsráð, að leggja skuli vissan hundraðshluta til hliðar í þessu skyni, og þau l. eru auðvitað í fullu gildi þrátt fyrir þessa aðstoð frá Marshallstofnuninni.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér ræðu áðan. Það er einkennilegt um jafngreindan mann, að alltaf þegar hann talar um Landsbankann, þá talar hann óráð, eins og menn með mikla hitasótt. Nú er það vitað, að ríkissjóður hefur fengið stór lán hjá Landsbankanum, svo að það er jafnvel talið um of og óhollt fyrir okkar fjármálalíf, en það virðist hv. 2. þm. Reykv. áhyggjuefni, ef lán þessi verða endurgreidd. Samkv. þessum ótta hv. þm. um það, að Landsbankanum verði endurgreitt, þá mætti álykta sem svo, að fyrst það væri glapræði að borga þær skuldir, sem þegar er til stofnað, þá ætti ekkert að gera til, þótt aukið væri við þær, því að hagur Landsbankans virðist ekki skipta máli að dómi hv. þm., og kannske er þetta lausnin á fjárhagsvandamálum okkar, og þá getum við sparað okkur mikil heilabrot um fjármálin, losnað við að hækka skatta og tolla og hækkað samt sem áður framlög til verklegra framkvæmda eins og hvern og einn langar til og látið bara Landsbankann lána út á allt saman. Þetta virðist vera kjarninn í kenningu hv. 2. þm. Reykv., og kannske er það lausnin að gera þetta og ganga svo heim af þingi.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég ræddi nokkuð við 2. umr. og nú áðan um það, að ég væri hræddur um, að Landsbankinn mundi gera kröfur til að fá upp í skuldir eitthvað af því fé, sem yrði til hliðar vegna hins óafturkræfa framlags samkv. Marshallaðstoðinni. Hæstv. viðskmrh. sagði um þetta, að ríkissjóður hefði ekki tekið lán hjá Landsbankanum með annað fyrir augum en greiða þau aftur og ef svikizt væri um það, þá mundu einstaklingar þjóðarinnar telja, að skapað væri fordæmi og sigla í kjölfar ríkissjóðs. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að Landsbankinn er eign ríkisins, stofnaður samkv. l. frá Alþingi í þeim eina tilgangi að sjá um, að atvinnulíf Íslendinga geti gengið sem bezt. Landsbankinn er engin gróðastofnun, heldur er seðlabankinn að sínu leyti eign ríkisins eins og ríkissjóður, og stjórn hans á að hafa það eitt sjónarmið, að atvinnuvegir þjóðarinnar geti staðið í eins miklum blóma og hægt er á hverjum tíma. Ef bankinn væri í einstaklingseign, væri skiljanlegt, að hann væri rekinn frá öðrum sjónarmiðum. Þá væri eðlilegt, að stjórnendur hans vildu geta bent á sem mestan arð af rekstrinum og lagt sem mest til hliðar. En það, sem Alþingi heimtar af Landsbankanum, er það, að hann sýni blómlegt atvinnulíf, sýni að öll fyrirtæki, sem rekin eru í þágu þjóðarinnar, gangi vel og að allt vinnuafl sé hagnýtt til hlítar og á sem skynsamlegastan hátt. Þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt, að við lítum á seðlabankann öðrum augum en á hvert annað hlutafélag, en bankastjórar hans og fjöldi hv. þm. virðist líta á hann sem privatbanka, sem reka eigi með hag bankans fyrir augum, en ekki hag þjóðarinnar. Ef hitt á að ráða, hvað bankinn geti grætt mikið á ári, þá er það skammsýnt sjónarmið. Hitt er það, að þau takmörk, sem bankanum eru sett, mega ekki fara út í öfgar, eins og hv. þm. V-Húnv. virtist gleðjast yfir, ef létta mætti af öllu stjórnarliðinu öllum áhyggjum fjármálaöngþveitisins, svo að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. gætu farið heim til sín frá öllu vafstrinu og vísað á Landsbankann. En þau takmörk, sem ber að setja útlánastarfsemi Landsbankans, eru fullnýting alls vinnuafls þjóðarinnar við skynsamlegan og arðbæran atvinnurekstur. Það er á valdi Landsbankans að hafa lánsfjárþensluna svo mikla, að allt vinnuafl þjóðarinnar sé nýtt til fulls, og það vita allir, sem

til þekkja, að þegar hefur átt að koma á sósialisma í kapítalistísku þjóðfélagi, þá er það stræka fjármagnsins, sem hefur eyðilagt slíkar tilraunir. Þannig fór í Englandi á tímum verkamannastjórnarinnar 1930—31 og sömuleiðis í Frakklandi, þegar franski bankinn strækaði á Blumstjórnina 1936. Þegar stjórnir ætla að framkvæma áætlunarbúskap, þá þurfa þær að hafa algert vald yfir fjármagninu, en þá strandar venjulega á seðlabankanum, hvort sem hann er í eigu einstaklinga eða undir stjórn þeirra manna, sem reka ríkisbankann með gróðasjónarmið fyrir augum. Ríkið á Landsbankann og ætti að geta ráðið lánsfjárpólitík hans, og hún ætti vitanlega að vera í samræmi við vilja Alþingis. Það er skrípaleikur einn að tala um það að gera áætlanir um uppbyggingu atvinnulífsins, ef ekki er jafnframt knúinn fram sami viljinn í seðlabankanum. Þegar ríkið tekur lán hjá Landsbankanum, þá á auðvitað að borga þau aftur, en hve ört þau eru greidd, verður að fara eftir því, hver þörfin á framkvæmdum í atvinnulífinu er á hverjum tíma. Okkar þjóðfélag þarf á miklu lánsfé að halda, vegna þess að landið er minna byggt og minna á því gert en víðast hvar annars staðar. Þess vegna þurfum við mun meira lánsfé en aðrar þjóðir, sem eiga mörg hundruð ára gamlar byggingar og búa í löndum, sem eru byggð og ræktuð að miklu eða mestu leyti, og því verðum við að gera þá sérstöku kröfu til Landsbankans, að hann reki sína pólitík þannig, að hægt sé að vinna að ræktun og byggingu landsins, og sé lánastarfsemi hans aðeins takmörkuð við það, að allt vinnuafl sé hagnýtt. Ef farið er með seðlaútgáfu og lánsfjárstarfsemi út yfir þau takmörk, þá skapast „inflation" og efnahagsvandræði. En það dugir ekki, að Landsbankanum sé stjórnað með jafnhaldssöm sjónarmið fyrir augum og bönkum hinna þrautræktuðu og byggðu landa Vestur-Evrópu, t. d. Englands, þar sem ⅘ landsins er byggt, því að við þurfum aðra pólitík til þess að byggja upp okkar land, og ef bankastjórar Landsbankans skilja ekki þetta, þá eru þeir ekki færir um að veita atvinnulífinu þá hjálp, sem það þarf, og raunar hafa þeir oft sýnt sig ófæra um það. Það er ekki meining mín, að ríkissjóður svíkist um að borga Landsbankanum sínar skuldir, en ég geri þá kröfu og vil láta tryggja það, að bankinn sé rekinn með hagsmuni alþjóðar fyrir augum. Hitt er svo ekkert einsdæmi, að ríkið skuldi ríkisbankanum, eins og t. d. sænska ríkið, sem skuldar svo og svo mikið sínum banka, en þar er bara svo um hnútana búið, að sænska stj. hefur algert vald á seðlabankanum og getur lagt fyrir hann, hvaða stefnu hann eigi að fylgja í fjármálum. Það er alger misskilningur, ef menn halda, að bankastjórar Landsbankans séu þeir herrar, sem eigi að ráða fjármálastefnunni innanlands. Þar á Alþingi að ráða, og það er Alþingi, sem búið hefur bankann til. Ég legg áherzlu á það, að ég vil ekki, að ríkissjóður svíkist um að borga sínar skuldir, en ég vil, að það sé fullkomlega á valdi ríkisstj., hve ört hann greiðir skuldirnar niður, og láti ekki Landsbankann hindra þýðingarmiklar framkvæmdir, eins og hann hefur gert. Ég veit, að Landsbankinn hefur lengi hindrað, að fé fengist til Sogsvirkjunarinnar, og það þýðir, að fjöldi fyrirtækja getur ekki verið í fullum gangi og við þurfum að kaupa mikið af dieselmótorvélum, sem brenna olíu og benzíni, svo að þetta kostar allt mikinn erlendan gjaldeyri, og ég veit, að ef þessari stefnu verður haldið áfram, sem nú gengur svo langt, að þegar er búið að skapa atvinnuleysi, þá verður þessi hraða niðurgreiðsla, sem Landsbankinn heimtar á skuldum, til þess að rýra enn afkomu þjóðarinnar, þannig að tekjur hennar minnka og þar af leiðandi verður tekjuskatturinn til ríkissjóðs minni, og þá er gripið til þess að binda vísitöluna, hækka benzínskattinn og fella niður kjötuppbótina.

Hæstv. viðskmrh. minntist á, að óþarfi væri að bera þetta mál aftur undir þingið, ef mín brtt. yrði samþ. Þetta er ekki að öllu leyti rétt, því að samkv. minni brtt. á Alþingi nú aðeins að ákveða höfuðstefnuna. Hins vegar á svo Alþingi eftir að samþ. ráðstafanirnar í hverju einstöku tilfelli.

Þá sagði hæstv. ráðh. eitt, sem ég vildi gera athugasemd við. Hann sagði, að engar ráðstafanir yrðu gerðar með það fé, sem á að leggja til hliðar, nema það verði áður borið undir Alþingi. Skildi ég þetta þannig, að hæstv. ráðh. vildi segja, að Landsbankanum yrði ekki greitt þetta, nema áður væri þetta borið undir Alþingi, en það er bara að ekki verði búið að ákveða þetta allt á bak við, áður en það er lagt fyrir Alþingi, og hægt er að gefa út bráðabirgðalög, sem eyðileggja það ákvæði, sem á að tryggja Alþingi umráð þessa fjár.

Þá verð ég að segja það, að svo framarlega sem sjónarmið hæstv. viðskmrh. og hv. þm. V-Húnv. ætti að gilda, þá nær það ekki neinni átt, að ríkið taki ekki gróðann af rekstri Landsbankans. Ef bankastjórarnir og hv. þm. álíta, að reka beri Landsbankann sem gróðafyrirtæki, þá verður ríkið auðvitað að taka gróðann af rekstri hans.

Landsbankinn hafði þannig um 40—50 millj. kr. gróða á þremur árum. Ef það á að fara að líta á hann sem einhverja privatstofnun, þá er engin ástæða til að leggja ekki á hann skatta sem slíkan, svo drjúg mjólkurkýr sem hann mundi vera með slíkan ofsagróða.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þarf ég þá ekki að segja meira, en það vil ég segja við hv. þm., sem kvarta undan því, að erfitt sé að fá fé til framkvæmda í kjördæmum þeirra, að ef þeir vilja, að fé sé fyrir hendi, svo að þeir geti fengið lán til slíkra framkvæmda, þá er betra fyrir þá að setja undir þennan leka, svo að það, sem ríkið kúskar inn af fé frá almenningi, verði ekki fyrst og fremst látið í hít Landsbankans, heldur veitt út í atvinnulífið. Ef þeir vilja þannig efla lánsmöguleikana, þá hafa þeir tækifæri til þess nú með því að greiða atkvæði með brtt. minni. Það hefði verið unnt að verja happdrættispeningunum þannig að einhverju leyti, ef skilninginn á þessu hefði ekki

skort; en það fékkst ekki, og menn ganga atvinnulausir í þess stað, og ekkert er aðhafzt. Hinu raunverulega verðmæti þjóðarinnar, vinnukraftinum, er fórnað á altari þessa skurðgoðs í fjármálalífinu, — því að þetta er skurðgoðadýrkun og hún dýr, þar sem menn eru hindraðir í hinum þjóðnauðsynlegustu framkvæmdum vegna tignunar á rammskakkri lánsfjárpólitík.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði nokkur orð um afstöðu sína til Marshallsamningsins. Ég hafði ekki farið út í hina almennu afstöðu til Marshallsamningsins vegna þess, hve ýtarlega ég ræddi það mál við 2. umr. Hv. 4. þm. Reykv. sá ekkert athugavert við að taka á móti framlögunum, ef þeim væri einungis varið eins og 2. gr. gerir ráð fyrir. Vissulega er betra að verja þeim eins og sagt er í 2. gr. en á einhvern annan hátt, en það haggar ekki því, að framlög þessi höfum við Íslendingar goldið dýru verði og munum gjalda. Það var ekki af neinum mannúðarhvötum, sem auðvald Bandaríkjanna kom Marshalláætluninni í framkvæmd, og það var engin tilviljun, að samningarnir um Atlantshafsbandalagið voru undirritaðir á ársafmæli Marshalláætlunarinnar. Atlantshafssamningarnir voru bein borgun á Marshallframlögunum. Og hafi einhver efazt um það hér á landi, þá gerðu Bandaríkjamenn okkur það eins ljóst og unnt var með því að tilkynna það öllum heimi, um leið og ráðherrarnir flugu vestur ósællar minningar, að við hefðum fengið 16 milljónir í gjafafé. Hitt skal svo viðurkennt, að það sýnir pólitískt sakleysi hv. 4. þm. Reykv., að hann hélt, að við kæmumst hjá endurgjaldinu, þótt við tækjum á móti framlögum. En betra hefði okkur verið að missa af þeim en að þurfa að borga það, sem við höfum orðið að borga, — og vantar þó ekki, að við þurfum mikið að láta vinna í okkar landi, sem fé þarf til. En Ísland hefur ekki aðeins verið gert styrkþegi, heldur jafnvel mútuþegi. Hv. þm. V-Húnv. taldi, að við mættum skoða þetta fé sem nokkurs konar uppbót fyrir töp vegna stríðsins og hernámsins. En hinar fjárhagslegu bætur fengum við í gróða stríðsáranna, og hitt aftur á móti, sem við glötuðum í þjóðlegum verðmætum og sjálfstæði, það er svo fjarri því að það sé bætt með þessu gjafafé, að það er einmitt skert enn meir af þeim völdum.

Vegna ummæla hv. þm. Húnv. vildi ég spyrja hann einnar spurningar. Setjum svo, að hann ætti tvær sparisjóðsbækur, aðra í Landsbankanum og hina í Búnaðarbankanum og innstæðuna í bókinni í Landsbankanum mætti hann ekki snerta, en aðeins nota það fé, sem hann lagði inn í hina bókina; en svo þyrfti hann að byggja sér hús, og rétt um sama leyti tæki hann allt úr bókinni í Búnaðarbankanum og legði inn í bókina í Landsbankanum — og svo héldi hann að sér höndum og segði: Hvaða dæmalaus vandræði. Ég þarf að byggja hús, en ég hef enga peninga til þess. — Er það nú ekki nákvæmlega sama sagan, sem á að gerast með milljónirnar, sem nú er ætlunin að ausa í Landsbankann? Vissulega. Þetta er nú svona einfalt, og ef menn gætu skoðað það þannig, væri afleiðingin skynsamleg fjármálastjórn. En ef við flækjum okkur í hvers konar aukaatriðum, fer ekki vel. Og ég er hissa á því, að sumir hv. þm. skuli enn vera haldnir þessu óráði um Landsbankann, eftir að það hefur sýnt sig, að við höfum orðið að taka ráðin af Landsbankanum til þess að geta framkvæmt stærstu atvinnubyltingu, sem orðið hefur í þjóðlífi okkar. Þrátt fyrir það er haldið áfram að tigna þetta skurðgoð og þjóðin beygð dýpra og dýpra niður í atvinnuleysi og fátækt, á meðan Landsbankinn græðir æ meir. Hvers virði eru 85 millj. kr. í Landsbankanum, ef þær hafa kostað það, að allar atvinnuframkvæmdir í landinu hafa stöðvazt?

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Landsbankinn væri til þess að styrkja atvinnulífið fyrst og fremst. Segjum, að svo sé. En nú skuldar ríkið Landsbankanum tugi milljóna, og á meðan ríkið festir þannig fé bankans, hefur hann það ekki handbært til lána, og það verður þannig minna fé, sem hann getur veitt út í atvinnulífið. Nú flytur hv. þm. brtt. til að hindra, eins og hann segir, að fénu verði fleygt í hít Landsbankans, — till., sem hlýtur að skerða möguleika bankans til þess að veita fé út í atvinnulífið. Ég held nú, að hv. þm. ætti að taka þessa till. sína aftur og beita sér fyrir því, að þetta fé fari til Landsbankans, ef hann vill, að hann hafi einhverju fé að miðla. Mér virðist einsætt, að ekki sé heil brú í þessari röksemdafærslu hv. þm.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að hv. þm. V-Húnv. skuli ekki hafa lesið brtt. mína, sem hann talar um. Um hvað hljóðar hún? Ríkissjóður fengi með því móti 16 millj. kr. til atvinnuframkvæmda, sem hv. þm. veit vel, að ríkið er í vandræðum með. En ef þær væru settar í Landsbankann, er engin trygging fyrir því, að þær kæmust út í atvinnulífið. Ríkið er stærsti atvinnuveitandi á Íslandi. Það vantar fé. Ef ríkissjóður fengi þessar 16 milljónir, gæti ríkið sett þær beint í framkvæmdir hvar sem er, t. d. í stórvirkjanir fallvatna, sem brýnust þörf er á. Hefur hv. þm. V-Húnv. trú á, að betra væri að borga þær fyrst inn í Landsbankann? Ég held, að hv. þm. ætti að lesa till. mína betur. Hún er um það, að þessum 16 millj. verði veitt beint út í atvinnulífið, svo að ekki þurfi að sækja þær til þess í greipar Landsbankavaldsins og tryggt sé, að þeim yrði varið t. d. til stórvirkjana, sem eru skilyrði fyrir því, að fjölmargir einstaklingar geti lagt út í sinn atvinnurekstur, sem bíður eftir því, að rafmagnsþörfinni sé fullnægt.

Skúli Guðmundsson: Ég er á annarri skoðun en hv. 2. þm. Reykv. um það, að ríkissjóður eigi að vera lánsstofnun, til þess eru bankarnir að mínu áliti. Og það er mikið fjármagn í landinu, sem mundi fara í framkvæmdir eins

og þær, sem taldar eru í áliti meiri hl., þó að það kæmi ekki frá ríkissjóði.

ATKVGR.
Brtt. 710 felld með 18:3 atkv.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 105. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 577, n. 755 og 767).

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta mál, og leggur meiri hl. til, að það verði samþ. Frv. er í samræmi við samninga þá, er Ísland gerði við Bandaríkin 3. júlí 1948, og þá samninga, er gerðir hafa verið viðvíkjandi efnahagslegri endurreisn Evrópu. Í 2. gr. er tekið fram, að sá gjaldeyrir, er inn kemur, verði aðeins notaður til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, er taldar eru upp í áætlun þeirri, sem lögð var fram í sambandi við efnahagssamvinnuna. Þá má samkvæmt 3. gr. ekki nota jafnvirði framlags án endurgjalds í íslenzkum gjaldeyri, að frádregnum 5%, nema með samþykki Alþ. Þar sem þetta er bein afleiðing af samningum, er þegar hafa verið gerðir og Alþ. hefur samþ., leggur n. til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Þetta frv. er, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, í samræmi við samninga þá, er gerðir voru 3. júlí 1948 við Bandaríkin, og í raun og veru staðfesting á þeim samningum. Ég var andvígur þeim samningum og tel, að með þeim hafi Ísland verið svipt efnahagslegu sjálfstæði, þess vegna er ég á móti því, að Alþ. staðfesti þá. Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

---

28. Togarakaup ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hinn 16. júní s. l. voru gefin út bráðabirgðal., sem lagt er til, að hér verði samþ. á Alþ., en það er viðauki við l. nr. 109 1945, um togarakaup ríkisins.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir upphaflegu bráðabirgðal., er það í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt væri hægt að auka og fullkomna íslenzka togaraflotann. Ríkisstj. hafði rætt það nokkuð sín á milli og komst að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt væri að gera tilraun til þess að fá svo fljótt sem kostur væri á 10 nýja togara til landsins. Það var þess vegna eftir samráði innan ríkisstj., að hæstv. samgmrh. lýsti því yfir á sjómannadaginn 6. júní, að ríkisstj. hefði ákveðið að auka togaraflotann a. m. k. um 10 skip til viðbótar þeim, er áður hafði verið samið um smíði á.

Áður en bráðabirgðal. þessi voru gefin út, gerði ríkisstj. sinn fyrsta undirbúning í því að athuga, á hvern hátt væri tiltækilegt að láta smíða a. m. k. 10 nýja togara. Gísli Jónsson, hv. þm. Barð., sem hefur haft eftirlit með smíði hinna 32 nýju togara, sem flestir eru komnir til landsins, dvaldi þá erlendis, og ríkisstj. símaði honum og bað hann í ferð sinni að koma við í Bretlandi og athuga hjá brezkum skipasmíðastöðvum og þá ekki sízt hjá þeim, sem samið hafði áður verið við, um möguleika á að fá smíðaða 10 nýja togara fyrir Ísland. En samtímis því sem Gísla Jónssyni var falið þetta, fól ríkisstj. sendiráðum sínum í Washington, Svíþjóð og Danmörku að athuga þar í löndum, hvort tiltækilegt væri og unnt að fá þar byggða 10 togara, sem hæfilegir þættu og væru í samræmi við óskir Íslendinga. Gísli Jónsson þm. skilaði svo áliti, þegar hann kom úr utanför sinni, um möguleika á því að fá byggða 10 togara í Bretlandi, og hafði hann í þessari utanför sinni sérstaklega rætt við þau firmu, sem tekið hafa að sér að smíða þá togara, sem flestir eru nú komnir til landsins. Þessar skipasmíðastöðvar skýrðu frá því, að þær væru reiðubúnar til þess að taka að sér að smíða

nýja togara, en hins vegar væru þær, eins og allar skipasmíðastöðvar, sem starfa bæði í Bretlandi og annars staðar, mjög hlaðnar störfum, því að eftir stríðið og jafnvel áður en því var lokið, höfðu runnið inn beiðnir til skipasmíðastöðvanna í Bretlandi og annars staðar.

Eftir nokkurn tíma fengum við fyrir milligöngu sendiráðanna í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Washington upplýst, hvaða möguleikar væru þar í löndum fyrir smíði 10 togara. Í Svíþjóð og Danmörku báru skipasmíðastöðvarnar það fyrir sig, að það væru yfirleitt engin tök á því á næstu árum að fá slíka togara smíðaða, bæði vegna þess, að sumar skipasmíðastöðvarnar þar væru allsendis óvanar að byggja togara, og þá ekki síður hins, að þær væru mjög hlaðnar pöntunum á ýmsum skipum, sem þeim höfðu fyrir löngu borizt. Frá Bretlandi bárust hins vegar þær upplýsingar, að unnt væri að fá á ekki mjög löngu tímabili smíðaða þessa togara. En þær upplýsingar fylgdu með, að þessir togarar mundu nokkuð dýrir, og var miðað við vissa tegund togara, sem í Bretlandi eru mjög þekktir, en það var ekkert ákveðið með kaupin. Þá voru einnig athugaðir möguleikar um smíði þessara skipa í Bandaríkjunum fyrir Íslendinga, en það kom í ljós við athugun þar til fróðra manna, að þeir togarar, sem smíðaðir eru í Bandaríkjunum, mundu alls ekki henta íslenzkum staðháttum. Þótti því sýnt, að ekki væri til neins að hugsa sér að leita til Danmerkur, Svíþjóðar eða Bandaríkjanna um smíði á togurum, sem hentuðu Íslendingum.

15. júlí var skipuð n. til þess að gera till. um gerð, útbúnað og stærð þessara togara og hvort þeir skyldu vera knúðir eim- eða dieselvélum. Í n. voru skipaðir Kjartan Thors, formaður Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Gísli Jónsson þm., Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur, Ásgeir Stefánsson útgerðarmaður, Sigurjón Á. Ólafsson þm., og Hreinn Pálsson útgerðarmaður. Nefndinni var falið að hafa samstarf við útgerðarmenn og skipstjóra og þó sérstaklega Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, skipaverkfræðinga landsins og þá, er þegar hafa leitað eftir kaupum á togurum, en þeir voru þá þegar orðnir allmargir, án þess þó að ríkisstj. hefði opinberlega auglýst eftir óskum manna í þessu efni. Nefnd þessi skilaði svo áliti, dagsettu 10. ágúst, og tekur n. það fram í áliti sínu, að hún hafi leitað álits og samvinnu við væntanlega kaupendur, útgerðarmenn, stéttarfélög og aðra aðila, sem málið snertir á einn eða annan hátt, allt á sama hátt og gert var við undirbúning á smíði nýsköpunartogaranna árið 1945, en þó með viðeigandi breytingum:

1. að skipin verði lengd frá 175 fetum allt upp í 195 og að það rúm, sem fæst við lenginguna, verði notað til fiskimjölsiðnaðar og skipin því útbúin með fiskimjölsvélum;
2. að skipin verði útbúin með eimvélum á líkan hátt og nýsköpunartogararnir. Þó kom fram ósk um, að að minnsta kosti eitt af þessum skipum yrði útbúið sem dieselskip. Skipaverkfræðingar þeir, sem n. leitaði til, sendu frá sér ýtarlega grg., þar sem lagt var til eindregið, að skipin yrðu útbúin með dieselvélum og að ýmsar aðrar breytingar yrðu gerðar á skipunum, sem flestar fóru í þá átt að nálgast hugmyndina um tveggja þilfara togara;
3. að lestar skipanna verði útbúnar með kælitækjum til þess hvort tveggja í senn að spara ís og jafnframt að tryggja betri geymslu á fiskinum;
4. að einnig verði gerð nokkur breyting á fyrirkomulagi á geymslu fyrir veiðarfæri í samráði við kaupendur; að nokkrar breytingar verði gerðar á íbúðum og borðsal, er til bóta megi verða;
5. að lýsisgeymar verði stækkaðir og olíugeymum verði dreift meira um skipið til þess að geta haft meira vald yfir hleðslu þess á hverjum tíma;
6. að athuga möguleika fyrir því að hækka stjórnpall, svo að unnt sé að fá rúm fyrir lifrarbræðslu og fleira þar, sem nú er herbergi skipstjóra;
7. að skipið verði útbúið með bátaþilfari;
8. að kaupendum verði gefinn kostur á að ráða að einhverju leyti sjálfir, eftir því sem við verður komið, um val á togvindum og öðrum aukavélum í skipunum.

Í sambandi við þessar óskir, sem fram komu til þessarar n., bendir hún á í álitsgerð sinni, að engar líkur séu til þess, að unnt verði að lengja skipin upp í 195 fet nema jafnframt að breyta öðrum stærðum, svo sem dýpt og breidd. Nefndin tók einnig fram, hvað viðvíkur fiskimjölsvélum, þá væru þær eftir upplýsingum, sem hún hefur fengið, allt of rúmfrekar og að mörgu leyti óheppilegar til notkunar í togurum, en með því að óskir útgerðarmanna eru svo almennar að fá skipin útbúin með slíkum vélum og ljóst er jafnframt, að hér getur verið að ræða um töluverða tekjulind fyrir útgerðarmenn, ef hægt er að fá hentugar og öruggar vélar til þess að vinna úr úrganginum, sem tækju þó mun minna rúm en þær vélar, sem nú eru notaðar, er n. sammála um, að mál þetta þurfi skjótrar og raunverulegrar athugunar. Þá taldi n. nauðsynlegt að athuga, á hvern hátt kælingu skuli fyrir komið í lestum, og telur, að það sé mjög mikils virði, að slíkt sé ekki framkvæmt af handahófi, heldur eftir mjög nákvæma rannsókn af sérfræðingum.

Niðurstaða n. hefur því orðið sú, eftir að hafa leitað til þeirra, sem hér hefur nú verið greint frá, að að minnsta kosti 8 af hinum 10 væntanlegu togurum verði byggðir sem eimtogarar af líkri gerð og nýsköpunartogararnir. Í öðru lagi, að einn til tveir togarar verði byggðir með dieselvélum. Ég vil geta þess, að einn nm., Hreinn Pálsson útgerðarmaður, gerði ágreining sérstaklega um gerð togaranna, hvort þeir ættu að vera dieseltogarar eða eimknúðir togarar, og hann lagði til, að það yrðu fengnir fleiri togarar með dieselvélum.

Að fenginni þessari álitsgerð frá þessum sér-

fróðu mönnum ákvað ríkisstj. að senda menn til Bretlands til þess að athuga um, hvort unnt væri að fá smíðaða 9—10 togara, og fékk þeim í veganesti þá álitsgerð, sem ég hef nú drepið á, og var það álit ríkisstj. og n., sem valin var til fararinnar, að rétt væri, að 8 af hinum væntanlegu 10 togurum yrðu eimknúðir, en 1—2 togarar dieselknúðir. Sömuleiðis var þessari n. falið að athuga, hvort ekki væri hægt að fá nokkrar breytingar gerðar á togurum þessum frá nýsköpunartogurunum, t. d. fá þá lengda allt að 185 fet, en eins og kunnugt er, hefur einn nýsköpunartogarinn, Neptúnus, þá stærð; hann er um 183 fet, ef ég man rétt. Nefnd þessi, er skipuð var Gísla Jónssyni, Jóni Axel Péturssyni hafnsögumanni og Valtý Blöndal bankastjóra, fór síðan til Bretlands og ræddi þá við ýmsar skipasmíðastöðvar. Þær skipasmíðastöðvar, sem n. ræddi sérstaklega við, höfðu sumar áður tekið að sér að byggja nýsköpunartogara, sem flestir eru nú komnir til landsins, og einnig nokkrar skipasmíðastöðvar, sem ekki höfðu smíðað fyrir okkur áður, en voru vel þekktar sem slíkar. Einnig var n. falið að fara til allra skipasmíðastöðva í Bretlandi, sem til greina gætu komið að geta tekið þessar byggingar að sér. Það kom í ljós, eins og vitað var áður, að þær höfuðstöðvar Bretlands, sem frekast var um að ræða, voru allar mjög hlaðnar pöntunum. Þær skipasmíðastöðvar, sem gerðu sameiginleg tilboð, hafa nú þegar í smíðum skip, sem hér segir:

1. Mr. Cochrane & Son, Ltd., Selby — 30 skip, flest togarar;
2. Gook, Welton & Gemmel, Beverley — 18 skip, togarar;
3. Goole Shipbuilding Co., Goole — 14 skip, af ýmsum gerðum;
4. Alexander Hall, Aberdeen — 10 skip, togarar;
5. John Lewis & Sons, Aberdeen — 14 skip, togarar og önnur skip.
6. Hall Russel, Aberdeen — 10 skip, af ýmsum gerðum.

Samningan. ræddi síðan við þær skipasmíðastöðvar, sem til greina gátu komið, og tóku þær strax fram, að togarar af sömu gerð og nýsköpunartogararnir, sem þegar eru smíðaðir, mundu verða talsvert dýrari nú í Bretlandi, vegna þess að ýmis kostnaður hefði hækkað síðan samið var 1945. Mr. Lewis Cochrane stýrði þessum fundi. Skýrði hann nefndinni frá því, að viðstaddir skipasmiðir hefðu nú athugað mjög gaumgæfilega möguleika á því að smíða 8—10 eimtogara og 1—2 dieseltogara af sömu gerð og áður og hefðu komið sér saman um að bjóðast til þess að smíða eimtogarana fyrir £ 126250:0:0 á hvert 175 feta skip samkvæmt verklýsingu þeirra skipa, eins og þær hefðu verið gerðar árið 1945, að viðbættum endurbótum, sem gerðar hefðu verið á þeim og numið hefðu tæpum 4000 pundum. Væri tilboð þetta miðað við núverandi verðlag á vinnu og efni og háð sömu verðbreytingum og ákveðið hefði verið í því samningsuppkasti, sem n. hafði nú meðtekið. Lagði Mr. Cochrane þá fram eftirfarandi sundurliðun á verðhækkun frá 1945, er sýndi, að verðmismunurinn væri tæp 10000 pund á skip til hækkunar frá því, sem samið var um árið 1945, sem stafaði af hækkun á ýmsum liðum, sem verðbreytingarákvæði þeirra samninga hefðu ekki náð yfir, og er sundurliðunin á þessa leið:

1. Grunnverð 1945				98000
2. Hækkun á stáli	16/6	1213		
3. — - —	5/-	367		
		——	1580	
4. — - —	23/6		1727	
5. — - —	3/6		325	
			——	3632
6. — - vinnu			5880	
7. Stytting vinnutíma			5880	
			——	11760
8. Aukagreiðslur á bol		2068		
9. — - vél		1035		3103
Verðhækkanir, sem ekki er greitt fyrir:				
10. Trjáviður		1350		
11. Rafmagnsvörur		250		
		——	1600	
12. Aukavélar		5650		
13. Smíðastál		1300		
14. Eimvatnshitari		400		
15. Olíukælari		200	7550	9150
		——	——	——
				£ 125645

Verðtilboðið miðast við, að tekin verði minnst 2 skip frá hverri smiðju og afhendingartími á fyrsta skipi væri í nóv. 1950, en síðasta í marzlok 1952, ef tekin yrðu skip frá öllum viðkomandi skipasmiðjum, sem þó væri ekki gerð krafa um af þeirra hálfu, enda hefðu kaupendur frjálst val, hverja af þessum aðilum þeir vildu láta byggja fyrir sig. Væru því möguleikar fyrir því að færa afhendingu á 10. skipi fram í sept. í stað marz 1952, en þá kæmi hvorki til greina að taka skip frá Beverley né Selby. Aðilar höfðu orðið sammála um að fallast á eftirfarandi greiðsluskilmála samkvæmt ósk samninganefndar:

1. 2% við undirskrift samninga.
2. 7% sex mánuðum síðar, og eftirstöðvarnar samkvæmt fyrirmælum samningsuppkastsins.

Skipasmiðir rökstuddu lokatilboð sín með því, að verðhækkun á vélum væri nú 10% frá grunnverði 1945, verð á rafmagnsvörum og timbri hefði síðan hækkað stórkostlega og nú yrðu þeir að greiða tryggingagjöld starfsmanna sinna, sem ekki hefði verið skylda að greiða áður, og auk þess yrðu þeir að yfirkaupa starfsfólk og greiða því allt að 25% í viðbót við hin opinberlega skráðu launakjör, sem allar verðbreytingar væru miðaðar við í samningnum.

Eftir að ríkisstj. hafði athugað málið um stund, tilkynnti hún n. á fundi 24. sept., að hún óskaði eftir því, að hin sameiginlegu tilboð hinna 6 skipasmíðastöðva yrðu samþykkt og að n. tæki sér far til Bretlands svo fljótt sem verða mætti til þess að ganga endanlega frá verklýsingum og teikningum við þá aðila, sem boðizt hefðu til þess að smíða skipin, á grundvelli þeirra óska, sem fram hefðu komið

hjá undirbúningsn., og í samræmi við þau tilboð, sem fyrir lágu. Tók ríkisstj. það fram, að hún óskaði eftir því, að af þeim 10 togurum, sem um ræðir, yrðu 8 útbúnir með eimvélum, en 2 með dieselvélum, en með því að nokkur ágreiningur væri í n. um tegund og gerð dieselvélanna, væri rétt að ráðgast um það atriði á ný við þá verkfræðinga, sem látið hefðu í ljós álit sitt um skipabyggingarnar við n.

Þann 27. sept. s. l. fóru þeir Gísli Jónsson og Jón Axel Pétursson ásamt Erlingi Þorkelssyni til Bretlands á ný til þess að ganga frá verklýsingum og samningum um togarakaupin við þá skipasmiði, sem tilboðin höfðu verið samþykkt frá. Nefndin hélt fyrst til Aberdeen til þess að ræða þar við skipasmíðastöðina, ganga frá öllum verklýsingum og teikningum og semja að nýju um þær endurbætur, sem gera þurfti á skipunum. Kom þá fyrst til greina stærð skipanna og vildu skipasmiðirnir ekki, eftir að hafa athugað málið mjög gaumgæfilega, lengja skipin um meira en 8'6", eða upp í 183'6", nema því aðeins að bæta við breidd þeirra.

Þann 9. þ. m. voru endanlegir samningar undirritaðir við þá aðila, sem hér segir:

1. Við Hall Russel & Co., Ltd., Aberdeen, um smíði á 3 eimtogurum til afhendingar á tímabilinu í nóv. 1950 til marz 1951. Er þessi skipasmíðastöð mjög vel þekkt fyrir smíði á togurum, en hefur ekki áður smíðað togara fyrir Íslendinga.

2. Við Alexander Hall & Co., Ltd., Aberdeen, um smíði á 3 togurum til afhendingar á tímabilinu í des. 1950 til marz 1951, en þessi skipasmíðastöð hefur þegar smíðað og afhent 5 togara fyrir ríkisstj. og hefur auk þess í smíðum 2 togara fyrir ríkisstj., sem eiga að afhendast á þessu ári.

3. Við John Lewis & Co., Ltd., Aberdeen, um smíði á 2 togurum til afhendingar í janúar og maí 1951. Hefur þessi skipasmíðastöð smíðað 5 af nýsköpunartogurunum, sem allir eru komnir til landsins.

Höfðu þessir aðilar boðizt til þess, eins og fyrr greinir, að smíða 175 feta skip fyrir 125.750 pund með þeim endurbótum, sem rætt hafði verið um á fundinum 9. sept. Nú voru það sameiginlegar óskir undirbúningsn. og nefndarmanna almennt, að eftirfarandi breytingar yrðu gerðar á skipunum, er n. þótti rétt að taka til greina:

1. að lengja skipin úr 175 fetum upp í 183'6", en halda sömu dýpt og breidd og á hinum fyrri skipum;
2. að koma fyrir 40 smálesta olíugeymi í framenda skipsins;
3. að lengja yfirbyggingu skipsins og útbúa fyrir aftan skipstjóraherbergi geymslu fyrir veiðarfæri, áhöld o. fl.

Ég skal geta þess, að nefndin athugaði sérstaklega möguleikana á því að setja beinavinnsluvélar í togarana, en þær eru svo fyrirferðarmiklar og taka svo mikið lestarrúm, að það var ekki talið fært.

Þetta er það, sem gert hefur verið til bóta, frá því sem áður var. Við þetta hækkaði verðið um 7250 pund, en endanlegt verð er 133.000 pund. En þetta verð er háð þeim breytingum, sem verða kunna á verði efnis og vinnu samkvæmt hinum svokallaða „gliðandi skala", sem skip eru nú alls staðar byggð eftir, nema þau verði mun dýrari, svo að skipasmiðirnir tryggi sig fyrir þessari áhættu. Venjulega er það verð óhagstæðara, nema alveg sérstaklega standi á.

Goole Shipbuilding Company, sem er nú að smíða fyrir okkur tvo dieseltogara, er koma eiga til landsins annar í árslok, en hinn síðar, tekur að sér smíði hinna tveggja nýju dieseltogara, og eiga þeir að afhendast á tímabilinu febrúar-september 1951. Stærð þeirra er: lengdin 175 fet, breiddin 30 fet og dýptin 16 fet. Grunnverðið er 129.500 pund.

Það er þannig búið að ganga frá samningum um kaup á 10 togurum og samningarnir undirskrifaðir.

Ég kem þá að greiðsluskilmálunum. Það er yfirleitt regla um nýbyggða togara, að greidd eru 2½% af samningskostnaðarverði, þegar samningar eru undirskrifaðir, og 7½% sex mánuðum síðar. Síðan eru greidd 20% þegar kjölur hefur verið lagður, 20% þegar byrðingurinn er kominn upp, 10% þegar plötunum hefur verið komið fyrir, 20% þegar skipinu er hleypt af stokkunum og loks 20% við afhendingu.

Samkvæmt samningunum á að greiða í yfirstandandi mánuði 33.075 pund. Búið er að greiða áðurnefnd 2½% af samningskostnaðarverði átta eimtogara, en fyrir dieseltogarana hafa þau ekki enn verið greidd. Greiðslunum heldur svo áfram samkvæmt samningunum. Í apríl 1949 á að greiða 99.225 pund, í október 1949 26.600 pund, í desember 1949 53.200 pund. Árið 1950 á að greiða: í janúar 26.600 pund, í febrúar 132.300 pund, í marz 66.500 pund, í apríl 79.100 pund, í maí 26.600 pund, í júní 119.000 pund, í júlí 79.451 pund, í ágúst 65.800 pund, í september 66.500 pund, í október 79.100 pund, í nóvember 52.850 pund og í desember 53.200 pund. Greiðslurnar 1951, á tímabilinu janúar — september, eru svipaðar eða frá 25.000 upp í 53.000 pund. Samtals þarf að greiða 33.075 pund á árinu 1948, 179.025 pund á árinu 1949, 847.000 pund á árinu 1950 og rúm 300.000 pund á árinu 1951. Alls verður þetta fyrir alla togarana 1.323.000 pund.

Það má kannske segja, að það gæti mikillar bjartsýni hjá stj. að gera slíka samninga, án þess að gjaldeyrir sé tryggður og fjármagn innanlands. En stj. telur, að árferðið verði verra en ástæða er til að reikna með, ef Íslendingar geta ekki á tímabilinu 1949—1951 innt þessar greiðslur af hendi. Ég skal geta þess, að stj. hafði samráð við fjárhagsráð um þetta mál, sem samþykkti fyrir sitt leyti að greiða fyrir leyfum til kaupa á þessum skipum.

Ég gat um það áður, að Valtýr Blöndal bankastjóri fór utan í sambandi við þetta mál, og síðar fór Jón Maríasson bankastjóri einnig utan að beiðni ríkisstj. Áður hafði verið um það rætt við banka erlendis, sérstaklega Bar-

clay's Bank, hvaða möguleikar væru á því, að þeir hjálpuðu til um útvegun lánsfjár, fyrst og fremst svokallaða „exportkredit". Málið var nú rætt ýtarlega við Barclay's Bank, og eru möguleikar á því, að brezka ríkið vilji veita „exportkredit", sem nemi 40% af andvirði togaranna, og ekki þarf að greiða fyrr en tveimur árum eftir að skipin eru afhent. Það hefur þó ekki verið gengið frá samningum um þetta, því að ríkisstj. vill athuga, hvort möguleikar eru á því að koma þessum skipakaupum undir Marshall-aðstoðina. Þannig hefur ekki enn þá verið gengið endanlega frá útvegun gjaldeyris, en möguleikarnir munu verða athugaðir til þrautar, bæði hvað snertir exportkredit og Marshall-aðstoð.

Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um það, hvað þeir aðilar, sem kaupa togarana, þurfa að leggja fram. Stofnlánasjóðurinn við Landsbankann getur ekki einu sinni sinnt öllum togurunum, sem samið var um 1945, það vantaði lánsfé fyrir að minnsta kosti sex togara, auk þess er óafgreitt æði mikið af lánsbeiðnum frá verksmiðjum og frystihúsum. Það er því til athugunar, hvað gera þarf til þess að útvega kaupendum togaranna einhver lán og hvað strangt á að fara í sakirnar varðandi eigin framlög. Ég tel sjálfsagt, að kaupendur verði sjálfir að útvega þó nokkurn hluta af andvirðinu, en ekkert hefur enn verið ákveðið af hálfu ríkisstj. um þetta. Ég geri ráð fyrir því, að áður en langt um líður verði auglýst eftir því, hverjir vilja kaupa togarana, og að stjórnin geti þá um leið þeirra skilyrða, er hún setur fyrir kaupunum.

Ég held, að ég hafi svo ekki fleira að segja á þessu stigi málsins. Að mínu viti er þetta merkilegt spor í þá átt að bæta íslenzka togaraflotann, þótt ekki sé það neitt lokaspor. Það er bezt að reikna með því, að þannig verði áfram fetað, ekki sízt þar sem margir eldri togararnir eru mjög úreltir og dýrir í rekstri, og hafa því miður verið reknir með tapi undanfarin ár, sem numið hefur 200—300 þús. kr. á ári. Ef aðgerð færi fram, mundi hún kosta um 1 millj. kr. á skip, og geri ég ráð fyrir, að fáir vilji leggja út í það. Við verðum því að reikna með því, að þeir heltist úr lestinni og að fylla verði upp í skörðin og bæta við. Ættum við þannig á tiltölulega stuttu árabili að eignast mjög fullkominn togaraflota.

Ég tel, að ríkisstj. hafi með þessu stigið merkilegt spor, og veit, að landsmenn fagna því að fá nú 10 nýja togara til viðbótar, enn þá fullkomnari en þá, sem komið hafa á síðustu árum.

Ég hef talið rétt að gefa þessar upplýsingar og vil að lokum óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að með kaupum þessara togara er stigið merkilegt spor, en það er verra, að það er of stutt og of seint stigið. Þetta er gott dæmi um það, hve hikandi hæstv. ríkisstj. hefur verið að stíga sporið áfram og hve dýrt það hefur orðið þjóðinni.

Það voru fleiri, sem voru hikandi, þegar fyrst var byrjað að ræða um það að kaupa inn togara í stórum stíl. Árið 1945, þegar nýbyggingarráð tók þessi mál til meðferðar, töldu togaraeigendur það fásinnu að kaupa togara strax. Þeir byggðu skoðun sína á því, að brezkir togaramenn ætluðu ekki að semja strax, heldur fyrst 1½ ári eftir lok styrjaldarinnar, því að þá yrði komin verðlækkun. Íslenzku togaraeigendurnir voru líka þeirrar skoðunar. Við vorum á annarri skoðun og héldum því fram, að það væri um að gera að semja strax, helzt áður en stríðinu lyki, svo að við yrðum fyrstir. Ég var sérstaklega á þeirri skoðun, að verðhækkun yrði bæði á okkar vörum og erlendum vörum, en fjöldi manna, sem þóttist vita betur, trúði á verðlækkun. Við, sem vildum, að Íslendingar yrðu á undan Bretum, fengum fram samninga um 30 togara, og vegna þess tókst að fá hingað togara 1947 og 1948. Ég býst við, að allir landsmenn séu sammála um, hve gott spor var stigið með þessu.

Þegar frv. um kaup 30 togara kom fyrir Alþingi, lögðu sósíalistar fram brtt. um, að keyptir yrðu 50 togarar í stað 30. Ef þetta hefði verið samþ. í nóvember—desember 1945, hefðu þeir 20 togarar komið til landsins á þessu ári og í byrjun næsta árs. En allir voru á móti þessu, nema sósíalistar. Ísland átti þá nóg fé fyrir 20 togurum í viðbót. Hver togari aflar nú gjaldeyris fyrir um 3 millj. kr. brúttó, og sést bezt á því, hvílíkur gjaldeyrisfengur þetta hefði orðið.

Þegar núverandi stj. tók við völdum og lagði fyrir þingið frv. um fjárhagsráð, minnti ég aftur á þessa till. og lagði hana fram sem brtt. við 1. um fjárhagsráð, þannig að fjárhagsráði yrði falið að undirbúa tafarlaust kaup 20 nýrra togara. Ég hafði þá talað við hv. þm. Barð., sem unnið hefur manna mest að þessum málum. Ég spurði hann að því, hvernig horfur væru á því að fá smíðaða togara, ef samið væri strax, og hann sagði, að það mundi vera hægt að fá þá smíðaða, svo að þeim yrði lokið 1949. En till. okkar sósíalista var felld. Ég hafði vakið eftirtekt hæstv. ríkisstj. á þessu og lagði áherzlu á, að ekki væri beðið, þar sem þarna væri um þýðingarmikinn gjaldeyrisfeng að ræða og auk þess yrði auðvelt fyrir eigendur togaranna að borga þá niður, en það gæti orðið erfiðara síðar hvað verðlag snertir. En allt kom fyrir ekki. Till. okkar sósíalista voru drepnar af flokkum hæstv. ríkisstj.

Nú sér hæstv. ríkisstj., að hún kemst ekki lengur hjá því að verða við mjög almennum kröfum fólksins um kaup á nýjum togurum. Nýsköpunartogararnir hafa vakið það mikla hrifningu og afkoma þeirra verið svo góð, að menn hafa óskað að eignast fleiri. Hæstv. ríkisstj. var bent á að verða við þessum óskum í tíma. Fyrsti nýsköpunartogarinn kom til landsins í febrúar 1947, og í maí sama ár kom Akureyrartogarinn Kaldbakur. Hæstv. ríkisstj. vissi, hve dýrmætt það var að vera snemmbúinn, og

hún hafði tækifæri til þess, en sleppti því. Nú loks eru kröfur fólksins orðnar svo sterkar, að hún verður að láta undan þeim. Ef til vill á hugboðið um nýjar kosningar sinn þátt í því. En það tekur hana hvorki meira né minna en hálft annað ár frá því hún settist að völdum og þangað til hún gerir þennan samning. Þessi tími er orðinn Íslendingum mjög dýr, og er nauðsynlegt, að bæði þjóðin og flokkar ríkisstj. og svo ríkisstj. sjálf geri sér það ljóst. Ef samið hefði verið um smíði þó ekki hefði verið meira en á 10 togurum á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstj., hefðu slíkir togarar verið komnir til landsins í byrjun eða um mitt næsta ár. Þeir hefðu þá getað framleitt hver um sig 3—3½ millj. kr. á ári brúttó. Það þýðir m. ö. o., að nýsköpunartogararnir hefðu á hverju ári flutt þjóðinni jafnmikið í bú eins og þeir sjálfir hefðu kostað upprunalega. Það er þess vegna víst, að það hefur orðið þjóðinni ákaflega dýrt að hafa ekki getað fengið þessi skip í notkun nú 1949 og 1950. Það eru glötuð þarna tvö ár, en á þeim hefðu þessir togarar getað framleitt 7—8 millj. kr. í erlendum gjaldeyri hver um sig. Alveg sérstaklega tilfinnanlegt er þetta fyrir þá, sem eru að eignast þessa togara af litlum efnum. Ég á sérstaklega við bæjarfélögin. Til þess að fátæk bæjarfélög geti eignazt slík tæki, þurfa þau að geta búið við eins góða afkomu fyrstu árin eins og togaraútgerð nú hefur búið við. Takist vel fyrstu tvö til þrjú árin og sé hægt að borga skipin fljótt niður, eins og t. d. Kaldbak á Akureyri, verður auðveldara að standa undir, þótt eitthvað kunni síðar að ganga verr og verð að lækka. Og nú upplýsir hæstv. forsrh., að þetta ráðslag ríkisstj. hans sé ekki aðeins orðið þjóðinni dýrt fyrir þennan seinagang að hefjast handa um að semja um þessa 10 togara, heldur verði þessir togarar mun dýrari en nýsköpunartogararnir, eða upp undir eina milljón kr. dýrari hver um sig. Að vísu mun nokkuð af því verði felast í betri útbúnaði, en hlutfallslega er það ekki mjög mikið. Það er þess vegna í alla staði mjög slæmt, að þessir hlutir skuli hafa dregizt svona. Það er leitt, að ríkisstj. skuli hafa, þegar hún byrjaði sína göngu, treyst um of á það að geta drepið niður nýsköpunaráhuga þjóðarinnar. Ef hún hefði gert sér grein fyrir því strax, þegar hún tók við völdum, að það er ekki auðvelt að kveða aftur í kútinn þann anda, sem skapaðist hjá Íslendingum á árunum 1944—46, þá hefði hún kannske látið undan kröfum fólksins strax og við því getað fengið þessa togara á næsta ári. Nú upplýsir hæstv. forsrh., að samkv. samningnum eigi þessir togarar að vera tilbúnir frá nóv. 1950 og til sept. 1951. Sé nú reiknað með álíka seinagangi hjá skipasmíðastöðvum í Bretlandi og við höfum orðið fyrir með nýsköpunartogarana, sem mun vera óhætt, er vart að búast við, að almennt megi reikna með togurunum fyrr en 1951—52. Það eru m. ö. o. tvö dýrmæt ár töpuð okkur þarna. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram um leið og þetta frv. hæstv. ríkisstj. er hér til 1. umr. Það fer til þeirrar n., sem ég á sæti í, þannig að mér gefst tækifæri til að fjalla þar um það og athuga betur, hvort fært þykir að gera brtt., t. d. að fá aukna tölu togara, sem um er að ræða. Ég er fyllilega þeirrar skoðunar, að þó að ríkisstj. hafi farizt þetta illa úr hendi og gert þjóðinni þessi togaramál miklu dýrari en þurfti, sé það síður en svo nokkur hætta að leggja í togarakaup, en sé sjálfsagt af Íslendingum að gera það; og ekki aðeins þessa tíu, heldur líka fleiri. Ég efast ekki um, að áhugi þjóðarinnar muni vera fyrir því að eignast slíka togara. En það er nauðsynlegt fyrir Alþ. að gera, um leið og ákveðið er um togarakaupin, ráðstafanir til þess að tryggja, að þessir togarar komi þjóðinni almennt að sem mestu gagni, — að sá auður, sem þeir vonandi koma til með að skapa, renni til þjóðarinnar sem heildar. Þegar samið var um nýsköpunartogarana, voru um leið gerðar stórfelldustu ráðstafanir, sem nokkurn tíma hafa verið gerðar á Íslandi til þess að gera fátækum bæjarfélögum mögulegt að eignast þessi stórvirkustu framleiðslutæki í íslenzkum sjávarútvegi. Það voru samþ. l. um stofnlánadeild og þál. um, að ríkisstj. skyldi veita 10% lán til viðbótar til bæjarfélaga, sem leggja í togarakaup. Og það vita allir, sem til þekkja, hvílík lyftistöng nýsköpunin hefur orðið sérstaklega þeim bæjarfélögum víðsvegar á Íslandi, sem gátu lagt í að kaupa þessa togara, vegna þess að þau þurftu ekki að leggja fram nema 15% af andvirði þeirra sjálf. Með þessu móti er hægt að fara að dreifa nokkru af auðmagni Íslands út um bæi og þorp landsins og veita þeim þá auðsköpunarmöguleika, sem Reykjavík og Hafnarfjörður hafa einir setið að milli styrjaldanna. Um leið og hugsað er um að kaupa þessa 10 togara, þarf að gera ráðstafanir til þess að tryggja ýmsum bæjarfélögum að eignast þá. Við höfum nógu volduga auðmannastétt hér í Reykjavík, þó að ríkið geri ekki þær ráðstafanir, sem geri henni einni kleift að eignast þessa togara. En það verður, ef borgunarskilmálar verða það erfiðir, að engum nema auðugustu mönnum er fært að ráðast í kaupin. Þess vegna álít ég, að Alþ. þurfi að gera ráðstafanir í þessu efni samtímis því, sem það afgr. þessi l. Ég á þó ekki við, að gera skuli aðeins brtt. við þessi l. Ég heyrði á hæstv. forsrh., að þetta er dálítið feimnismál enn þá fyrir ríkisstj. Hún vissi það í vor, að stofnlánadeildin var uppétin og sex nýsköpunartogara vantaði lán úr henni. Ég benti ríkisstj. á það áður en hún réðst í þennan samning, hvort ekki þyrfti að gera ráðstafanir til að bæta úr þeim vandræðum. En það hefur verið sama stjórnleysið á þeim málum sem öðrum hjá ríkisstj. Hún hefur ekkert gert á því sviði. Og nú kemur hún fram fyrir þingið og segir: Þetta er nú allt í vitleysu og við höfum engin ráð á þessu. Hæstv. forsrh. komst mér liggur við að segja loðið að orði um það, að togaraeigendur yrðu að útvega þó nokkurn hluta af andvirðinu. Ég álít nauðsynlegt, að hæstv. stj. birti sinn vilja og hugmynd um þetta sem allra fyrst, hvort t. d. kaupendur eigi að greiða svo mikinn hluta af andvirðinu, að engum nema auðugustu

mönnum sé kleift að leggja í þetta. Þetta er það, sem Alþ. þarf að fá að vita.

Það sýnir þó gæfusemi, að við skyldum ekki hafa átt stj. slíka sem þessa árið 1945. Það hefði þýtt, að enginn af þessum nýsköpunartogurum, sem nú eru komnir og munu flytja í ár um 100—150 millj. kr., mundi þá hafa verið hingað kominn. En ég er sem sagt fylgjandi þessu frv. og hefði verið fylgjandi því, að það hefði verið komið fram fyrir hálfu öðru ári. Það er þjóðinni dýrt að hafa ríkisstj., sem er svona lengi að átta sig á hlutunum. En betra er seint en aldrei. Svo lengi sem maður verður að dragnast með slíka ríkisstj., þá er betra að hún átti sig að lokum, þó að biðin hafi orðið dýr. Mér þætti vænt um, að stj. hefði djörfung til að segja Alþ. um sínar fyrirætlanir um, hvernig togarakaupendum verði gert mögulegt að greiða þessa togara. Það komu um 40 umsóknir, strax eftir að samgmrh. tilkynnti, að það ætti að kaupa þá. Það sýnir, að áhugann vantar ekki um allt land og ekki heldur í Reykjavík.

Um útbúnað þessara togara skal ég ekki fara að ræða nú, enda gefst tækifæri við 2. umr. En mér þykir leitt, að þeir, sem um málið hafa fjallað, skuli ekki hafa séð möguleika á að hafa fiskimjölstæki í skipunum. Ef forsrh. hefði verið viðstaddur, hefði mér þótt gaman að fá upplýst, hvort ekki væri rétt, að sá dieseltogari, sem Guðmundur Jörundsson togaraútgerðarmaður hefur keypt og smíðaður er í Bretlandi og kemur bráðlega, muni hafa fiskimjölstæki, og hvort þau hafi ekki fengizt í Englandi, enn fremur hvort slík tæki séu svo fyrirferðarmikil, að erfitt sé að koma þeim fyrir. Það er óþolandi barbarismi hjá Íslendingum að kasta upp undir helming af fiskinum út aftur, í staðinn fyrir að vinna úr sem mestu. Það tókst ekki að fá slík tæki í nýsköpunartogarana. Og mér þykir leitt, að með þeim langa tíma, sem hæstv. ríkisstj. hafði til að undirbúa þessi togarakaup, skuli ekki hafa tekizt að ganga þannig frá þessu, að öruggt væri, að í þá fengjust nægilega heppileg tæki. Það er strax lakara að láta hina einstöku væntanlegu togaraeigendur fást við þetta. Það er ekki eins mikið áhugamál fyrir einstaka togaraeigendur að nota vel miðin eins og það ætti að vera fyrir ríkisstj. Hún gat samþ. í upphafi að setja þessi tæki í skipin. Hefði þá verið trygging fyrir því, að fiskimiðin væru sómasamlega hagnýtt og ekki eins miklu af fiskverðmæti fleygt. Ég á bágt með að trúa, að þessi tæki hafi hvergi fengizt í þessa togara. En þetta er hægt að ræða nánar síðar við meðferð þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 106. og 107. fundi í Nd., 11. og 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 1, n. 689, 690, 691).

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Frsm. fjhn. sagði mér, að hann gæti því miður ekki verið á fundi í dag, og þess vegna þykir mér rétt, áður en lengra er haldið með málið, að geta þess, að sú brtt., sem n. hefur komið sér saman um að flytja við frv., er gerð í samráði við ríkisstj., og mælir hún með þeirri brtt. — Frv. þessu fylgdi ég úr hlaði á sínum tíma með mörgum skýringum og sé ekki ástæðu til að endurtaka það við þessa umr. málsins né heldur að minnast á brtt., sem fyrir liggja á þskj. 690 og 691, fyrr en gerð hefur verið grein fyrir þeim af flm.

Einar Olgeirsson: Ég flyt hér eina brtt. við þetta mál, á þskj. 690. Málið er búið að vera lengi hjá okkur í n., þó að þetta sé stjfrv., og er það sökum þess, að ríkisstj. mun þennan tíma hafa verið að semja við Breta um lán til þess að greiða togarana með, þ. e. að tryggja að geta fengið lengra lán en venjulegt útflutningslán til greiðslu á þessum 10 togurum, og þess vegna hefur þetta mál dregizt svona lengi í n., eða næstum 7 mánuði.

Þær brtt., sem ég flyt, ganga út á tvennt. Í fyrsta lagi, að í stað þess að heimila ríkisstj. að kaupa allt að 10 togurum legg ég til, að þessi heimild sé hækkuð upp í að kaupa allt að 20 togara. Ástæðan til þess, að ég geri það, er sú, að ég álít nauðsynlegt að reyna að fá þetta marga togara til viðbótar við núverandi flota okkar, og er þetta ekki ný skoðun hjá mér. 1945, þegar þau lög, sem þetta frv. á nú að skapa viðauka við, voru til umræðu í Nd., lagði 6. þm. Reykv. (SigfS) til, að í stað þeirra 30 togara, sem þá var heimilað að kaupa, skyldi lagt til að kaupa allt að 50 togurum. En þá voru engir nema þm. Sósfl., sem vildu fylgja þessari till., svo að hún var felld þá. Það var slæmt, bæði vegna þess, að hefðum við samþ. 1945 að kaupa þá 20 togara til viðbótar við þá 30, sem keyptir voru í ágúst 1945, voru í fyrsta lagi nógir peningar til þess að kaupa þá togara erlendis, og auk þess hefðum við að öllum líkindum fengið þá á þessu ári, þannig að flotinn hefði þá verið kominn upp í 50 nýsköpunartogara í lok þessa árs. — Ég endurtók till. um þetta, þegar þessi ríkisstj. tók við völdum, en hún var líka felld. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt til, að henni verði gefin heimild til að bæta við 10 togurum, sem er út af fyrir sig gott, þó að betra hefði verið, að það hefði verið ákveðið fyrr, bæði vegna þess, að togararnir hefðu í fyrsta lagi verið ódýrari á þeim tíma, og í öðru lagi sökum hins, að hefðu togararnir verið keyptir fyrr, hefðu þeir verið komnir fyrr og þess vegna verið í gangi hjá okkur lengur og getað fært þjóðinni björg í bú. Þess vegna er það illa farið, að við skulum ekki hafa tekið þessa ákvörðun fyrr, að bæta þarna meiru við

togaraflota okkar. Nú álít ég hins vegar, að jafnvel þótt erfitt kunni að verða með fjárhaginn og annað slíkt, geti það engu spillt, þótt ríkisstj. hafi heimild til þess að kaupa þessa togara. Ég get ekki séð, að þótt þarna standi „allt að 20 togara", geti það verið að neinu leyti til hins lakara. Ríkisstj. hefur keypt 10, og þetta væri aðeins viljayfirlýsing um það frá Alþ., ef ríkisstj. gæti útvegað lán til slíks, að henni væri þá heimilt að kaupa meira. Ég held þess vegna, að hv. d. ætti að sýna áhuga sinn fyrir þessu máli, þó að hún hafi áður fellt svona till., og gefa ríkisstj. þessa heimild, jafnvel þótt erfitt kunni að verða í svipinn að nota hana. Nú er það svo, að þeir 10 nýju togarar, sem hér um ræðir, þegar þeir hefðu verið keyptir til viðbótar, mundu koma 1950—51, og væru þá alltaf úrræði með að selja það, sem eftir er af okkar gömlu — líklega 15 — togurum. Og ef þeir yrðu seldir, væri togaraflotinn, þegar þessir 10 kæmu til viðbótar, ekki nema 35—36 togarar. Ég held þess vegna, að það væri nauðsynlegt, að heimild væri fyrir hendi til að fylla upp í skarðið. Áformum við nú að selja þessa 15 gömlu togara og gerum ekki fleiri ráðstafanir og bíðum með að gefa slíka heimild, stöndum við uppi með færri togara að tölunni til árin 1950—51. Ég vil þess vegna leggja mikla áherzlu á, að d. geti gengið inn á að samþ. þessa till. mína. — Í samræmi við það að auka heimildina úr 10 togurum upp í 20 að því er töluna snertir, legg ég til, að gefin sé heimild til hækkunar að því er lánið snertir úr 30 millj. upp í 60 millj.

En svo kemur þriðji liður brtt. minnar, þar sem ég legg til, að ríkisstj. skuli gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau vilja kaupa þá til síns rekstrar, og heimilist ríkisstj. að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstj. í þessum lögum heimilast að taka, skuli lánið greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum og vextir vera hinir sömu og ríkisstj. greiðir. Ég vil vekja athygli á því, að þessi till. mín kemur jafnt til greina, hvort sem um 10 togara er að ræða eða 20, þannig að hvernig sem fer um 1. og 2. lið, kemur þessi jafnt við. Ástæðan er þessi: Þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir, voru samtímis sett lög um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Samkvæmt þeim l. mátti lána aðilum eins og bæjar- og sveitarfélögum 75% af andvirði togaranna. Með þessu móti hefur bæjar- og sveitarfélögum, sem annars áttu þess engan kost, verið gert kleift að festa kaup á togurum, og hefur þetta orðið til þess, að 10 af þessum nýsköpunartogurum hafa farið til bæja úti um land, sem enga möguleika hefðu haft til þess að koma upp togaraútgerð. Og ég býst við, að allir, sem þekkja til á þessum stöðum, viti, að togaraútgerðin, sem varð til upp úr þessum togarakaupum, hefur orðið þessum stöðum hin mesta lyftistöng og góður tekjustofn og skapað mjög mikla atvinnu. Þannig var hægt að beina fjármagni út á landsbyggðina og skapa þar stórrekstur. Staðir þessir nutu aðstoðar stofnlánadeildar sjávarútvegsins, og þó dugði það ekki til. 75% lán var ekki nóg. Í viðbót við það tók ríkisstj. að sér að ábyrgjast fyrir þessa staði 10% lán í viðbót, þannig að bæjarfélög eins og t. d. Siglufjörður, Akureyri, Keflavík, Akranes o. fl. fengu 85% lán frá ríkinu eða stofnlánadeild sjávarútvegsins til þess að geta keypt þessa nýju togara, og samt vitum við, að mjög erfitt var fyrir fólkið að standa undir þessum 15%, sem það þurfti að leggja fram, vegna þess hve bæirnir og fólkið var fátækt fyrir. Mörgum bæjum tókst að ná í einn togara, og þeim efnaðri, t. d. Akureyri, tókst að ná í tvo togara. Ég veit, að í þessari hv. d. er mikill áhugi fyrir því að beina fjármagni út um kaupstaði og sveitir landsins, og fólk í Rvík hefur líka áhuga fyrir þessu. Ég vona þess vegna, að þessi tilraun, sem gerð var þarna um árið og raunverulega hefur tekizt vel, hafi verið skilin til fulls og metin af þm. En nú kemur til kastanna, hvort á að halda þessari tilraun áfram. Ég vil vekja athygli þm. á því, að enginn af þessum 10 togurum kemur til með að fá lán úr stofnlánasjóði, því að ef l. verður ekki stórlega breytt, verður stofnlánadeildin drepin jafnóðum og borgað verður af nýsköpunartogurunum inn í hana. Til þess að kaupa þessa nýju togara fæst því ekkert úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Ef þess vegna Nd. ætlast til, að eitthvað af þessum togurum fari út um land eða til bæjarútgerðar Rvíkur eða Hafnarfjarðar sem bæjartogarar, — svo framarlega sem þessi hv. d. vill stuðla að því, að einhverjir möguleikar séu til þess, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið alla þessa 10 nýju togara, þarf að gera þessa breyt., sem ég legg til með 3. lið. Verði þessi till. ekki samþ., fer þannig með þessa nýju togara, að þeir lenda hjá þeim aðilum, sem eru nógu ríkir til þess að geta borgað nógu mikið út í þeim eða geta útvegað sér lán upp á eigin spýtur. Og hv. þm. er flestum kunnugt um það, hvernig aðstaðan er hjá bæjarfélögum að fá lán. Nú býst ég við, að ríkisstj. hafi von um að geta fengið þetta lán erlendis til 15 ára, og þess vegna legg ég til, að þetta lán, sem hún þarna getur fengið, verði að verulegu leyti notað til þess að hjálpa bæjar- og sveitarfélögum til þess að eignast þessa togara og skuli það greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum og vextir vera hinir sömu og ríkisstj. greiðir. — Ég vil, að Alþ. stuðli að því, að þessir togarar, hvort sem þeir verða 10 eða 20, fari til bæjar- og sveitarfélaga eða þeirra samtaka, sem mynduð hafa verið víða úti um land og bæjarfélög, samvinnufélög og ýmsir einstaklingar eru aðilar í. Þetta vil ég leggja ákaflega mikla áherzlu á, því að ég álít, að Alþ. eigi að stuðla að því, að sem mest af þessum togurum lendi í slíkum rekstri.

Skúli Guðmundsson: Ég á hér brtt. á þskj. 691 um það, að nýrri gr. verði bætt í frv. Efni þeirrar gr. er það, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og sveitarfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af

kostnaðarverði skipanna, ef ríkisstj. telur, að viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þurfi á þessari aðstoð að halda. Síðan eru þarna sett skilyrði fyrir þeirri aðstoð, sem eru þau, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Samkvæmt þessu er ætlazt til, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1,5 millj. kr. lán. Það, sem fyrir mér vakir með þessu, er að greiða fyrir því, að eitthvað af þessum 10 togurum geti farið til annarra staða en þeirra stærstu, þar sem togaraútgerð er mest, ef óskir koma frá þeim stöðum um að fá eitthvað af skipunum. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að 27. apríl 1947 var samþ. hér í Sþ. ályktun um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa, og var sú ályktun efnislega að mestu leyti samhljóða þessari till., sem ég ber hér fram, og samkv. þeirri heimild mun ríkisstj. hafa veitt nokkrum bæjar- eða hreppsfélögum aðstöðu til þess að kaupa nokkra af þeim 30 togurum, sem fyrrv. ríkisstj. festi kaup á. Ég tel, að á sama hátt sé ástæða til að greiða fyrir því með heimild ríkisstj. til handa, að eitthvað af þessum nýju skipum geti farið til annarra staða en stærstu verstöðvanna, þar sem fjármagnið er mest. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína.

Þetta frv. er fyrsta mál þingsins og hefur legið óafgreitt frá því í þingbyrjun. Er það eftir ósk ríkisstj., að fjhn. hefur frestað afgreiðslu þess, þar sem hæstv. ríkisstj. mun hafa þurft tíma til þess að leita fyrir sér um lánsmöguleika í Bretlandi. Það mun hafa verið gerð grein fyrir málinu við 1. umr. af hæstv. forsrh. En ég hefði talið fara miklu betur á því, að í grg. frv. hefði verið skýrt frá samningum um þessi skip í höfuðatriðum. Ég hef núna nýlega lesið það í blaði, að einn útgerðarmaður á Akureyri sé að kaupa nýjan togara erlendis frá, sem eftir þeim fregnum að dæma virðist vera töluvert fullkomnari en þessi skip, sem ríkisstj. hefur samið um smíði á. M. a. stendur í frásögninni af þessu skipi, að þar verði lifrin unnin með einhverri nýrri aðferð, sem geri það að verkum, að hún nýtist miklu betur. Er jafnvel talið, að verðhækkun á lifrinni vegna þessarar nýju aðferðar geti numið um 3 þús. sterlingspundum yfir árið, eða 80 þús. íslenzkum krónum. Er hér um mikinn mun að ræða, ef þetta hefur við rök að styðjast. Enn fremur hefur verið skýrt frá því í blöðunum, að þessi nýi togari útgerðarmannsins á Akureyri muni hafa fiskimjölsvélar, þannig að allur afli, sem á skipið kemur, verði hagnýttur. Þessu mun ekki vera til að dreifa um togara ríkisstj. Munu togarar þessir vera stærri en þeir 30 togarar, sem fyrrv. ríkisstj. samdi um kaup á, en annars ekki ólíkir þeim að öðru leyti. Þegar þetta er athugað, dreg ég í efa, að þarna hafi verið unnið að á þann heppilegasta hátt fyrir ríkisstj., við samninga um þessi nýju skip. Það er sem sagt þannig með þessa 30 togara, sem fyrrv. ríkisstj. samdi um kaup á, og eins með þessa 10, að þeir verða reknir með því gamla ólagi, að verulegum hluta þeirra verðmæta, sem aflast á skipin, er fleygt jafnóðum fyrir borð. Þetta finnst mér langt frá því að vera menningarlegur atvinnurekstur, og þess vegna sérstaklega athyglisverð þessi nýung, sem blaðafregnir herma, að sé á ferðinni hjá útgerðarmanninum á Akureyri. Það, sem þarf að stefna að í þessum efnum, er vitanlega það að hagnýta allt það, sem aflast, á sem beztan hátt. Á það tel ég, að skorti mjög mikið meðan haldið er áfram að varpa fyrir borð verulegum hluta af þeim fiski, sem á skipin kemur. Um þetta þýðir sjálfsagt héðan af ekki að sakast, en ég vildi þó um leið og ég talaði fyrir brtt. láta í ljós efasemdir um það, að þarna hefði verið svo vel að unnið fyrir hönd ríkisstj. sem átt hefði að vera og æskilegt hefði verið.

Einar Olgeirsson: Ég vil út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um tæknilegan útbúnað nýju togaranna, taka undir það, að langæskilegast hefði verið, að fiskimjölsverksmiðjur væru í þeim. En upplýsingar lágu fyrir frá þeim, er samninga höfðu með höndum, að það yrði alveg á valdi kaupenda, hvort þessar verksmiðjur yrðu í togurunum eða ekki, en líklega mundi verða erfitt að fá þær í Englandi. Hitt er svo alveg rétt, sem hv. þm. minntist á um þann mikla barbarismus, sem hjá okkur er í því að kasta mjög miklu verðmæti úr fiskinum í sjóinn. En þetta snertir hinn tæknilega útbúnað skipanna og þann áhuga, sem kaupendurnir hafa á því, hversu þau eru vel útbúin.

Ég vil vekja athygli hv. þm. V-Húnv. á því, að mér finnst gæta nokkurs misskilnings í aðaltill. á þskj. 691, þ. e. a. s. að heimila ríkisstj. að lána allt að 10% af kostnaðarverði skipanna. Ég er hræddur um, að þm. reikni með þeim möguleika, að hægt sé að lána út úr stofnlánadeild sjávarútvegsins eða annarri hliðstæðri lánsstofnun. Slík till. kom fram og var samþ. 1947 og kom þá að mjög góðu haldi, því að það lán kom þá til viðbótar við 75% úr stofnlánadeildinni. Nú mundi þetta verða enn erfiðara, því að þessi 10% hafa nú ekki baktryggingu hjá stofnlánadeildinni, og yrði því að sækja um lán til bankanna, og mundi það að öllum líkindum ganga mjög erfiðlega og alveg undir hælinn lagt, hvort það fengist. Eigi því að skapa öryggi fyrir bæjar- og sveitarfélögin, svo að þau geti keypt þessi skip, þá þarf að gera allt aðrar ráðstafanir, því að erfiðlega býst ég við, að þeim mundi ganga að útvega hin 90%, að Reykjavík og Hafnarfirði kannske undanskildum. Ég er því hræddur um, að þetta mundi þýða, að meginhlutinn af þessum skipum lenti hjá einstaklingum, sem annaðhvort hefðu nægilegt fjármagn eða lánstraust til að kaupa togarana, og mundi þetta því verða til þess að skapa meiri auð á einstakra manna hendur, í stað þess að bæjarfélögin ættu að fá þessi atvinnutæki. Ég vil því eindregið vekja athygli hv. þm. á því, að bæjarfélögunum er ekkert svipað öryggi skapað og 1947, nema samþ. séu mínar till.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég átti því miður ekki kost á að hlusta á allt, sem sagt hefur verið um þessi mál nú, en eftir að hafa heyrt hvað flm. brtt. hafa sagt, vil ég fara um þetta nokkrum orðum. — Ég vil fyrst taka nokkur atriði fram í sambandi við það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um gerð skipanna og það að hafa ekki enn gert ráðstafanir til þess, að fiskimjölsverksmiðja væri í þeim. Áður en kaupin á þessum 10 togurum voru ákveðin og samþ., var skipuð n., sem átti að gera till. um gerð, útbúnað og stærð þessara togara til ríkisstj. og þeirrar n., sem kaupin átti að annast fyrir hennar hönd. Þessi n. leitaði álits útgerðarmanna, sjómanna, skipaverkfræðinga o. fl., sem vit höfðu á eða hagsmuna að gæta. Það virðist vera, þótt þeir hafi gjarna viljað hafa fiskimjölsverksmiðjur í skipunum, þá hafi þeim ógnað svo það pláss, sem þær vélar mundu taka, svo og að þær mundu draga verulega úr því magni, sem skipin gætu flutt á markaðinn. Þar að auki lá fyrir, að þær vélar, sem hægt var að fá, mundu ekki vera sem heppilegastar. Af þessum sökum varð það álit þeirrar n., sem með kaupin hafði að gera, og ákvörðun, að ekki skyldi setja þessar verksmiðjur í togarana nú, en reikna með þeim möguleika, að seinna mætti setja þær í þá, ef vilji þeirra, sem gerðu skipin út, stæði til þess.

Þótt ég sé þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að auka togaraflotann sem mest, tel ég vera lítil líkindi til þess, að hægt sé að bæta enn við 10 togurum, m. a. vegna þess, að mikill vafi er á því, hvort hægt er að fá þá byggða í brezkum eða skandinavískum skipasmíðastöðvum á næstu tímum. En ég vildi vona, að hægt yrði smám saman að bæta við togaraflotann. Þó tel ég ekki heppilegt að fara lengra núna, fyrr en reynsla er komin á, hvernig þeir reynast dieseltogararnir tveir, sem ákveðið er að kaupa. Fróðir menn og glöggir telja, að þetta verði síðustu eimtogararnir, sem Íslendingar kaupa, og dieseltogararnir séu skip framtíðarinnar. En þegar kaupin voru ákveðin, var það vilji útgerðarmanna að fá frekar eimtogara. Bæði af þessum ástæðum og svo örðugleikum á útvegun gjaldeyris tel ég á þessari stundu ekki fært að ráðast í meiri kaup.

Þá kem ég að brtt. hv. þm. V-Húnv. og 2. þm. Reykv. um að greiða fyrir bæjar- og sveitarfélögum að ná í þessa togara. Eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, þá er ekki hægt að búast við, að sömu möguleikar fáist nú til lána eins og þegar stofnlánadeildin var upp á sitt bezta og lánaði 85% af kaupverðinu. Hún er nú mjög niður dregin og ekki hægt að búast við lánum þaðan, vegna þess að Landsbankinn telur sig ekki geta lagt til hennar neitt fé. Ég hygg því, að eina ráðið sé að taka lán erlendis. Ríkisstj. hefur unnið að þessu, og vonir standa nú til, að það takist að fá 1 millj. pund að láni í Bretlandi. Þótt það sé nú um 75—80% af grunnverði skipanna, þá benda allar líkur til, að raunverulegt verð verði allmiklu hærra. Samningarnir eru nefnilega, eins og kunnugt er, þannig, að verðið breytist af sjálfu sér, ef verð á vinnulaunum eða efni breytist. Nú er t. d. búið að greiða 10% af grunnverði togaranna, en verð á stáli hefur hækkað nokkuð svo og vinnulaun, svo að búast má við, eins og áður er sagt, að kaupverð togaranna verði allmiklu hærra en gert var ráð fyrir í fyrstu. Ég hygg, að það séu lítil líkindi fyrir því, að ríkisstj. geti útvegað lán nema um það bil ⅔ af grunnverði togaranna, og eins og lánaþenslan hefur aukizt nú á síðustu árum, um um það bil 550 millj., þá held ég, að það séu gyllivonir, að ríkisstj. geti, þótt hún vildi, útvegað lán til kaupa á 10 togurum í viðbót eða lánað bæjar- og sveitarfélögum andvirði þessara togara eða hluta af því. Ég hygg því allt vera undir því komið, hvernig bæjar- og sveitarfélögum tekst að safna fé eða útvega sér lán til þess að leggja út í þennan mjög svo æskilega atvinnurekstur. Þess vegna held ég, að brtt. þeirra hv. þm. V-Húnv. og 2. þm. Reykv. komi ekki að nokkru gagni hér, þar sem aðeins er talað um heimild fyrir ríkisstj. og búast má við, að ekki verði hægt að nota hana. Ég hygg og, að eina leiðin til öflunar togara til handa bæjar- og sveitarfélögum sé, að þeir geti aflað sér og beinlínis lagt fram fé af eigin hendi. Af þessum ástæðum get ég ekki mælt með þeim brtt., sem fyrir liggja, og tel, að það verði að ráðast í framkvæmdinni, hvernig fer um þetta. Stjórnin mun reyna að afla fjár erlendis, og ef það tekst, þá verða bankarnir að ganga í lántökuna. Ég tel því óheppilegt að samþ. brtt. hv. þm., en mæli með samþ. brtt. frá fjhn., að taka megi lán innanlands eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri, og yrði þá þeim aðilum, sem togarana fengju, veitt hlutdeild í því, ef það á annað borð fæst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér heyrðist á því, sem hæstv. forsrh. sagði, að hann teldi litlar líkur á því, að bankarnir vilji eða geti hjálpað bæjar- og sveitarfélögum til að eignast þessa nýju togara, og vera enn fremur hræddur um, þótt þessi heimild væri samþ., þá gæti hæstv. ríkisstj. ekki heldur útvegað lán til þessara aðila. Þetta má vel vera, en ekki ætti heimild að saka, og víst er um það, að ekki gerðu bæjar- og sveitarfélög minna til að pína út fé til kaupa á þessum atvinnutækjum, ef þau hefðu einhverja von um að fá þau. En við vitum, hvernig þetta er, nýju togararnir verða miklu dýrari en þeir, sem keyptir voru 1946. En ég álít samt, að við megum ekki gefast upp við að koma fjármagninu út á landið. Hæstv. forsrh. sagði, að við yrðum að láta það ráðast, hvernig þetta færi. En þá fara togararnir einmitt til þeirra, sem auðmagnið hafa eða nægilega gott lánstraust hjá bönkunum. Hér þarf Alþ. einmitt að grípa inn í og reyna að breyta þessu, og þess vegna er nauðsynlegt að samþ. heimildina. Ég tel því rétt að fara fram á, að 3. liður brtt. minnar verði borinn undir atkv. í tvennu lagi, þannig að fyrst komi: „Ríkisstj. skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin

rekstrar.“ Þetta mundi þýða, ef þessi liður yrði samþ., að þótt báðar heimildartill., mín og hv. þm. V-Húnv., yrðu felldar, þá kæmist inn í lögin ákvæði, sem ætti að gefa bæjar- og sveitarfélögum forgangsrétt að togurunum að öðru jöfnu. Ég bið því hæstv. forseta að bera 3. liðinn upp í tvennu lagi. Ég sé ekki formlega neitt athugavert við þetta og býst því ekki við, að ég þurfi að koma með sérstaka till. í þessu efni.

ATKVGR.
Brtt. 690,1 felld með 21:3 atkv.
— 689 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 690,2 tekin aftur.
— 690,3, 1. málsl., felld með 12:7 atkv.
— 690,3, 2.—4. málsl., felld með 13:5 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 691 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, FJ, HÁ, HelgJ, JörB, PÞ, SigfS, SB, SG, SkG.
nei: EmJ, GTh, IngJ, JS, PO, SEH, SK, StJSt, GÞG, JG, BG greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁkJ, ÁÁ, AG, HermG, JóhH, JPálm, JJ, KTh, LJós, ÓTh, StSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Ég álít að vísu þessa till. ófullnægjandi, en ef hún verður samþ., yrði kostur á að reyna við 3. umr. að bæta nokkuð um, og þess vegna segi ég já.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 744).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 744, n. 757).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil fylgja frv. þessu úr hlaði með nokkrum orðum, þar sem viðkomandi ráðh. er ekki í hv. d. Þetta frv. er upphaflega fram komið til staðfestingar á brbl. um kaup á 10 togurum erlendis. Við meðferð málsins í hv. Nd. hefur orðið sú breyt. á frv., að nýtt ákvæði hefur verið sett í það í sambandi við lán til bæjar- og hreppsfélaga. Meiri hl. n. hefur lagt til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir. Ég vil taka það fram, hvað mig snertir, að ég hefði frekar fylgt málinu eins og það var í brbl. og mun áskilja mér rétt til að fylgja brtt., ef þær koma fram við 2. gr. frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er nú að vísu gott til þess að vita, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að auka við togaraflota okkar frekar en þegar er orðið, því að það hefur nú sýnt sig mjög greinilega, að hinir svokölluðu nýsköpunartogarar, sem keyptir voru inn í landið fyrir forgöngu fyrrverandi ríkisstj., eru nú þau atvinnutæki, sem langstórvirkust eru við að afla þjóðinni gjaldeyristekna. Og ég býst við, að nú sé svo komið, þó að á sínum tíma væri nokkur andstaða gegn þeirri ráðstöfun, að nú muni flestir álíta, að vel hafi verið ráðið, þegar þessir togarar voru keyptir, enda sýnir það sig nú við afgreiðslu þessa máls, að ekki hafa komið fram a. m. k. nein veruleg andmæli gegn því, að þessir 10 togarar verði keyptir til viðbótar. Hins vegar hafa komið fram raddir um það, að þetta væri ekki fullnægjandi og nú ætti að taka enn stærra skref en felst í þessu frv. Hv. 2. þm. Reykv. flutti um það brtt. í hv. Nd., að í staðinn fyrir 10 togara, eins og frv. felur í sér, yrðu keyptir 20 togarar og að lánsheimildin til ríkisstj. yrði hækkuð í samræmi við það. Ég álít, að það væri mikil þörf á því að kaupa fleiri togara en gert er ráð fyrir í frv. og að það mundi sýna sig, eins og þegar hefur orðið um þá togara, sem búið er að kaupa, að það yrði þjóðinni mjög til hagsbóta, að þeim yrði fjölgað verulega frá því, sem nú er, jafnhliða öðrum ráðstöfunum, sem þyrfti að gera til ýmiss konar nýrra framkvæmda í sambandi við sjávarútveg okkar. Og sérstaklega þyrfti að gera ráðstafanir til að gera það kleift að vinna betur úr hráefnum en nú er gert og auka á þann hátt útflutningsverðmæti þeirra. En þrátt fyrir þetta ætla ég ekki að flytja brtt. um, að togurunum verði fjölgað. Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi meiri byr hér en í hv. Nd., þar sem slík brtt. var felld. Hins vegar álít ég, að annað atriði í sambandi við þessa togara skipti mjög miklu máli. Það er atriði, sem að vísu líka var flutt um brtt. í hv. Nd., af hv. 2. þm. Reykv., sem miðar að því að gefa bæjarfélögum úti á landi meiri möguleika en frv. felur í sér til þess að verða eigendur togaranna, þegar þeir koma til landsins. Það var gert nokkuð að þessu í sambandi við kaup nýsköpunartogaranna, þegar þeir voru keyptir til landsins. Í sambandi við það var komið upp sérstakri láns-

stofnun, eins og hv. þm. er kunnugt, og fyrir þá ráðstöfun var hægt að tryggja bæjarfélögum úti á landi, — og að vísu einstaklingum líka, — lánsfé til þess að geta keypt togara. Sú ráðstöfun varð beinlínis til þess, að nokkur hluti togaranna, að vísu fyrir forgöngu þáverandi ríkisstj., komst í hendur bæjarfélaganna og í hendur einstaklinga og félaga í bæjunum, félaga, sem voru mynduð á grundvelli þessarar lagasetningar til þess að geta keypt þessa togara. Nú er það augljóst mál og komin á það nokkur reynsla, þó að hún sé ekki fullnægjandi og eigi eftir að sýna sig enn betur, að bæjarfélögin úti á landinu, sem flest hafa fyrir þessar aðgerðir í fyrsta sinn orðið eigendur togara, hafa haft af þessu mikinn hagnað, og það hefur sýnt sig, að þetta hefur orðið þeim alveg sérstök lyftistöng í atvinnulífi þeirra og skapað hinu vinnandi fólki á þeim stöðum betri skilyrði en áður voru til þess að hafa atvinnu og sæmilega atvinnumöguleika. Ég álít þess vegna, að um leið og gerðar eru ráðstafanir til þess að fjölga þessum togurum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá verði að haldast í hendur við þær ráðstafanir, sem tryggja það, að bæjarfélögin úti á landi geti haldið áfram að eignast slíka togara, þ. e. a. s., að þau geti orðið eigendur nokkurs hluta þeirra skipa, sem nú er gert ráð fyrir að kaupa inn í landið. En ég þykist viss um, að verði ekki gerðar ráðstafanir til þess að tryggja þessum bæjarfélögum lánsfé, þá verði niðurstaðan sú, að þau fái ekkert af þeim, geti ekki keppt við fjársterka einstaklinga hér í Reykjavík, sem vafalaust munu sækjast eftir að fá þessi skip keypt.

Ég vil þess vegna leyfa mér að taka upp þá brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. flutti í Nd., og gera tilraun til að fá henni framgengt hér í hv. d., a. m. k. þá fá að sjá, hverjir það eru, sem ekki vilja veita bæjarfélögunum þennan nauðsynlega stuðning, og hverjir það eru, sem hafa meiri áhuga fyrir því, að fjársterkir einstaklingar í Reykjavík geti einir setið að þessari aukningu togaranna. Ég mun þess vegna leggja hér fram skriflega brtt. við 2. gr., sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstj. í þessum lögum heimilast að taka. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir."

Til samræmis þessu yrði þá einnig að breyta niðurlagi 1. gr., þannig að niður yrðu felld síðustu orð hennar, um það, að það lán, sem ríkisstj. er heimilað að taka, skuli greiðast strax, þegar skipin hafa verið seld, því að samkvæmt þessari brtt. við 2. gr. er ætlazt til þess, að ríkisstj. taki þetta lán til lengri tíma og noti það til styrktar bæjarfélögum, sem kynnu að kaupa togara samkvæmt þessu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 777) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 777,1 felld með 9:3 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 777,2 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, StgrA.

nei: BÓ, EE, GÍG, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BSt.

GJ, PZ greiddu ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJós, LJóh, ÁS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Þessi brtt. snertir að verulegu leyti hag ríkissjóðs. Nú er hæstv. fjmrh. ekki hér viðstaddur, hvorki til að segja álit sitt um brtt. né greiða atkv. um hana, svo að ég tel, að honum sé nokkurn veginn sama um það, hvort hún verður samþ. eða ekki. Þess vegna sit ég hjá við þessa atkvgr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Út af fram komnum ummælum um hæstv. fjmrh. vil ég taka það fram, að honum var ókunnugt um þessa brtt., þar sem hún er fram borin skriflega undir umr., og hefur hann því ekki getað vitað það fyrir fram, að hennar var von. Auk þess hefur hæstv. fjmrh. talið það víst, að örugglega væri staðið á verði um fjárhag ríkisins af ýmsum hér í hv. d. og ekki sízt hv. form. fjvn. Það hefur að vísu brugðizt, en ég vil ekki, þó að sumir hv. þm. hafi gert það, bregðast fylgi mínu við góðan fjárhag ríkissjóðs og segi því nei.

2. gr. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, BrB, EE, GÍG, HV, PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BSt.

nei: GJ, ÞÞ, BBen.

3 þm. (HermJ, JJós, LJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Mér skilst, að þessi gr. hafi verið sett inn í frv. í hv. Nd., eftir að stj. bar frv. fram. Hún felur í sér töluverð útgjöld fyrir ríkissjóð og sömuleiðis áhættu, og í trausti þess, að hæstv. dómsmrh. vilji standa með mér í því að forða ríkissjóði frá slíkum útgjöldum, þó að hann svikist um það í sambandi við afgreiðslu fjárl., þá segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég sé yfirleitt á móti málinu öllu, tel ég þó þessa grein betur fara eins og hún er nú. Og þó að henni væri breytt, þá er ég ekki viss um nema það kæmi á ríkissjóð eins fyrir það að greiða þetta. Var það ekki svo í gömlu l., að þeir ættu að borga togarana, sem fengju þá? Er ekki eitthvað af þeim óborgað enn? Ég held, að það geti því farið eins nú, og segi því já, en mun greiða atkv. á móti frv. í heild.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil hvorugum bregðast, hvorki hv. þm. Barð. né hæstv. fjmrh., og segi því nei.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar málið var til 2. umr., flutti ég brtt. við 2. gr., sem fól í sér, að gerðar væru ráðstafanir til þess að tryggja bæjar- og sveitarfélögum lánsmöguleika, svo að þau gætu keypt skipin. Þar var lagt til, að allt að 85% af verði skipanna væri lánað, eins og gert var við nýsköpunartogarana. En þessi till. mín var felld. Nú vil ég freista að fá samþ. brtt. við 2. gr., sem gengur miklu skemur en sú, sem felld var í dag, eða þannig, að í stað 10% í 2. gr. komi 50% og til samræmis við það komi 7,5 millj., sem fjmrh. er heimilt að lána í stað 1,5 millj. áður. Ég álít að vísu, að þessi heimild sé ekki nægileg, en hún er þó í rétta átt og gerir vonandi einhverjum bæjarfélögum kleift að kaupa togara. Ég vil sem sagt sannprófa, hvort ekki er hægt að komast eitthvað áleiðis í þessum efnum.

Forseti (BSt): Þessi till., sem ég hef nú fengið í hendur, er of seint fram komin og auk þess skrifleg, svo að hún þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 793) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það mun hafa verið í l. um kaup á togurum þeim, sem búið er nú að kaupa, sams konar ákvæði og nú eru í 1. gr. þessara l. um greiðslu á skipunum. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh., sem einnig er sjútvmrh., hvort þessu ákvæði hafi nokkurn tíma verið framfylgt. Mér hefur verið sagt, að enn sé eftir að greiða ríkinu sumt af andvirði nýju togaranna og ákvæði eldri l. séu því aðeins dauður bókstafur. Ef svo hefur verið, að stofnlánadeildin hafi verið tæmd og ávísanir nýbyggingarráðs reynzt falsávísanir einar, eins og ávísanirnar á jeppana, þá vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann héldi, að það yrði með þessa. Nú er enginn slíkur sjóður til að lána úr, svo að ekki er hægt að ávísa á hann, og hvert á þá að vísa þeim mönnum, sem þessa togara kaupa? Ég vil einnig fá um það upplýsingar, hvort gjaldeyrisástæður eru til að kaupa þessi skip. Mér er að vísu sagt, að nægur gjaldeyrir sé fyrir hendi til kaupa á því, sem á innflutningsáætlun er, en ekki eru þessi skip þar á skrá.

Ég spurði um það á sínum tíma, hvernig væri með mannskap á nýju skipin, sem keypt hafa verið, og núverandi fjmrh., sem þá var form. nýbyggingarráðs, sagði þá, að alltaf kæmu nýir menn, það væri ástæðulaust að óttast um mannleysi. Í sama streng tók þá hv. 2. þm. Reykv. En þetta reyndust allt rangir spádómar. Reynslan hefur sýnt, að bændum hefur fækkað frá því að vera 6200 1940 í 5586 1948. Einnig standa nú uppi 80—90 bátar, sem ekki er hægt að gera út vegna mannleysis. Mér er nú spurn: Hvar á að taka mannskap á þessi skip? Eiga þeir að koma frá landbúnaðinum, eða á aðeins að leggja skipunum?

Það er sem sagt þrennt, sem ég vil spyrja hæstv. ráðh. um.

1. Hvernig er með greiðslu á gömlu togurunum?

2. Hvar er ætlazt til, að lán sé fengið til að kaupa þessa?

3. Hvar á að taka mannskap á skipin?

Það vantar fólk alls staðar, hvar sem litið er. Hvaðan á fólk að koma á þessi skip? Allt þetta vildi ég fá upplýsingar um, áður en ég greiði atkv., því að það gæti orðið mér leiðbeining um það, hvernig ég ætti að gera það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er að vísu hæstv. forsrh., sem stendur aðallega fyrir þessu máli fyrir stj. hönd, en með því að hann er ekki staddur hér, þá get ég minnzt á einstök atriði viðvíkjandi þeim spurningum, sem þessi hv., mjög svo spurull þm. bar fram. Hv. þm. getur tæplega ætlazt til þess, að hann geti bara staðið hér upp, óundirbúið, og heimtað upplýsingar frá ráðh. um greiðslur og lán í svona stórfelldu máli eins og hér er um að ræða. Hv. þm. talaði um falskar ávísanir og jeppa, en hann er búinn að tala svo mikið um jeppa hér á Alþ., að ég hélt, að hann væri búinn að tæma sig í því efni. Um innflutning nýbyggingartogaranna er það að segja, að ég held, að allir, og þar með hv. 1. þm. N-M., mundu nú vilja með Ingólfi ganga hvað þá snertir. Hv. þm. bar það á mig og hv. 2. þm. Reykv., að við hefðum farið með rangt mál varðandi mannskap á togarana. Ég veit ekki til þess, að það vanti menn á nýsköpunartogarana. Gömlu togurunum hefur ekki verið lagt vegna þess, að það vanti mannskap á þá, heldur af því, að það borgar sig ekki að gera þá út. Ef í hart færi, mætti kannske fá eitthvað af ráðunautunum frá landbúnaðinum á togarana. Þeir mættu helzt missa sig. Ég kæri mig ekki um, að venjulegir sveitamenn leiti á togarana, en ef hægt væri að nota eitthvað af ráðunautunum í kolaboxin, þá mætti setja þá í það starf.

Nýbyggingarráð gaf ekki út neinar falskar ávísanir, en hitt var annað mál, að stj. landsins vissi ekki um það á þeim tíma, að togararnir mundu verða miklu dýrari en ráð var fyrir gert. Þess vegna reyndist sú upphæð, sem lögð var til hliðar til togarakaupa, að vísu nógu há til þess að standa straum af þeim, en ekki nóg í lán til allra, sem fengu þessi skip. Það hefur verið gert samkomulag við Landsbankann um þetta, svo að þeir, sem hafa fengið nýbyggingartogarana, hafa ekki þurft að bíða einn einasta dag af þeirri ástæðu, að það hafi verið tafið fyrir þeim hvað lánsmöguleika snertir. Um greiðslur á þessum togurum hefur ríkisstj.

gert sérstakt samkomulag við Landsbankann, sem ég kann ekki svo utan að, að ég vilji tala um það í einstökum atriðum. En hv. þm. N-M. er ekki bundinn við að fylgja þessu máli. Þess æskir enginn. Frv. hefur nægilegt fylgi á Alþ. Það vita allir hv. þm., að þessi hv. þm. fylgir engu góðu máli af heilum hug.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun ekki svara beinum brigzlyrðum hæstv. fjmrh. Þau skipta mig engu máli, vegna þess að slíkar hnútur kastast í steinvegg og lenda aftur á þeim, sem senda þær frá sér. Ég vænti þess, að ef hann vill gæta að því, sem hann sagði í hv. Nd., þegar umr. fóru fram um gömlu togarakaupin, þá muni hann sjá, að því var haldið fram, að þeir ættu ekki að taka menn frá annarri atvinnu. Það var nú eitthvað annað.

Ég ætlast til þess, að stj., hver sem hún er og hverjir sem að henni standa, gæti allra aðstæðna, áður en hún leggur svona mál fram. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að svo hefði farið, að eigendur togaranna, sem komnir eru, væru enn ekki búnir að greiða þá. (*Fjmrh.:* Ég hef ekkert um það sagt.) En að ríkissjóður standi í ábyrgð gagnvart Landsbankanum vegna þeirra togara, sem síðast hafa komið. Það getur farið eins með þessa, sem nú á að kaupa. Og ég spái hæstv. ráðh. því, að svo fari hér, að bæði þetta og reyndar fleira, sem nú er verið að gera, verði til þess að draga úr eða leggja í eyði nokkuð af þeirri atvinnu, sem nú er fyrir í landinu. Þetta nýbyggingarbrölt, sem svo hefur verið kallað, hefur verið framkvæmt svo ört, að það hefur lagt í rústir meira og minna af því atvinnulífi, sem fyrir var í landinu, og það er skaði. Þessi aukning hefði þurft að verða þannig, að alltaf hefði skapazt atvinna vegna fólksfjölgunarinnar, svo að það atvinnulíf, sem fyrir var, gæti blómgazt áfram, en ekki orðið að dragast saman vegna hins nýja. Það hefur þessi ríkisstj., sem fyrst og fremst settist á stólinn með það fyrir augum að gera slíkar ráðstafanir, gersamlega vanrækt. Í stað þess eru lagðir þyngri baggar á herðar allra vinnandi manna til sjávar og sveita. Menn gera verkföll eða hóta að gera þau, ekki aðeins verkalýður landsins, heldur embættismennirnir líka, ef þeir fá ekki launauppbætur. Allt er þetta afleiðing af þeirri verðbólgu, sem þing og stj. hefur, í staðinn fyrir að stöðva, stöðugt látið aukast, og nú síðast með afnámi kjötuppbótarinnar. Þetta frv. mun verða einn liðurinn í því að láta landbúnaðinn fara í rústir, og menn munu fara frá honum og á þessa togara.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Vegna þeirra manna, sem hafa keypt og eiga þessa togara, sem fluttir hafa verið inn á vegum nýbyggingarráðs á sínum tíma, vil ég leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. N-M., að þeir hefðu ekki staðið í skilum gagnvart þeim hluta andvirðisins, sem þeir áttu að leysa af hendi. Það er ekki tal gerandi út af þeim upphæðum, sem vantar upp á, að svo sé, hjá einum eða tveimur kaupendum. Yfirleitt hafa þeir, sem skipin fengu, staðið við að greiða hið lögákveðna framlag, sem þeir áttu að láta af hendi. Hitt sagði ég, að lánasjóðurinn hefði ekki reynzt nægur til að inna af hendi vegna síðustu togaranna, þeirra allra síðustu, þau lán, sem gert var ráð fyrir, að kaupendur togaranna fengju, þegar skipin voru keypt. Og það var m. a. út af því, að skipin voru dýrari en ráð var fyrir gert, eða m. ö. o. vegna þess, að það voru 100 millj., en ekki meira, sem lagt var til hliðar í þessu skyni. Varðandi það, að þessi togarakaup hafi orðið til vanblessunar fyrir land og þjóð, þá hygg ég, að hv. þm. N-M. standi nokkuð einn um þá skoðun, eins og hann er ákaflega oft einn með sínar oft og tíðum einkennilegu skoðanir á hlutunum. Það er held ég viðurkennt, að einmitt þeir peningar, sem nýju togarnir, sem til landsins hafa komið, hafa „siglt" inn á s. l. ári, hafi átt ákaflega mikinn þátt í því að bjarga gjaldeyrisástandi þjóðarinnar, þegar aðrar lindir þrutu. — Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 793 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 798).

29. Laxárvirkjunin.

Á 79. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Laxárvirkjunina [161. mál] (stjfrv., A. 446).

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Með lögum frá 1937 var leyfð og ákveðin fyrsta virkjun Laxár. En árið 1946 kom beiðni frá Akureyrarbæ um nýja heimild til aukningar virkjuninni, og sú viðbótarvirkjun hefur nú verið undirbúin um skeið. Málið þótti þá hins vegar ekki svo undirbúið, og samningar höfðu heldur ekki verið gerðir milli ríkisins og Akureyrarkaupstaðar, að fært þætti að ganga frá lögum um það á þinginu 1946—47. Hins vegar var ráðuneytinu þá gefin heimild til að undirbúa þessa framkvæmd, svo að ónógur undirbúningur yrði ekki til að tefja verkið, þegar samningar hefðu verið gerðir og ný lög sett um þessa virkjun.

Laxá í Þingeyjarsýslu er ein af beztu virkjunarstöðvum hér á landi, og er helzt að líkja aðstöðunni þar við aðstöðu til virkjunar Sogsins. Það er áætlað, að virkjunarmöguleikar í Laxárgljúfrum og þar í kring séu um 27—28

þús. hestöfl, sem ætlazt er til, að virkjað verði í áföngum. Hið efra í ánni, við Sandavatn, hefur lauslega verið áætlað, að virkja mætti 30—40 þús. hestöfl.

Árið 1939 voru virkjuð og tekin í notkun 2400 hestöfl í Laxárgljúfrum, og 1944 var bætt við vélum, svo að orkan óx við það um 4000 hestöfl, svo að þar hafa nú alls verið virkjuð rösk 6000 hestöfl. Þessi orka er nú fullnotuð, bæði á Akureyri og af rafveitunum utan Akureyrar, þannig að 20% þess fólks, sem nýtur góðs af virkjuninni, er utan Akureyrar. En þessi aukning á leiðslu rafmagnsins út um byggðirnar nyrðra er að stöðvast og er raunverulega stöðvuð, af því að orkan, sem fyrir hendi er, er uppétin. En þó eru staðir, eins og t. d. Dalvík, sem bíða þess eins, svo að segja, að taka á móti orkunni, þannig að segja má að strandað hafi á því að öllu leyti, að orkan er þegar fullnýtt. Það er því kominn tími til að hefjast handa um framkvæmd þeirrar virkjunar, sem fyrirhuguð er. Það er áætlað að virkja 11500 hestöfl í þessum áfanga, og þegar þeirri virkjun er lokið, hafa alls verið virkjuð 17—18 þúsund hestöfl í Laxá. Það er áætlað, að þessi 11500 hestafla virkjun kosti 25 millj. kr. Í næsta áfanga er áætlað að virkja 9—10 þús. hestöfl, og að lokinni þeirri virkjun er að kalla búið að nýta til fulls neðri hluta árinnar. Þegar þeirri virkjun er lokið, væru miklir möguleikar á að leiða orkuna út um byggðirnar nyrðra og til sjávarsíðunnar, og yrði sú virkjun að duga í alllangan tíma. Er þá hugsað, að Laxá verði hluti í stærra kerfi, rafmagnskerfi landsins.

Um frv. sjálft er ekkert sérstakt né mikið að segja. Það er í aðalatriðum eins og önnur lög, sem samþykkt hafa verið af Alþ. um virkjanir almennt. Þó skal ég skýra 3. gr., með því að efni hennar er árangur af allmiklum átökum og umræðum milli ríkisins og Akureyrarbæjar, eða fulltrúa þeirra aðila. Það þótti sjálfsagt, að í þessari löggjöf yrði meira en áður tekið tillit til þess, að sívaxandi hluti orkunnar yrði leiddur með rafmagnsveitum ríkisins út um byggðir landsins og ríkið yrði þar af leiðandi æ meiri þátttakandi í virkjuninni og orkuveitunni. Hvenær sem er, eftir að lokið er þeirri virkjun, sem nú er í undirbúningi, getur ríkið, samkv. 3. gr., gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni, og eiga ríkið og Akureyrarbær hana þá í sameiningu. Grundvöllurinn að þessu ákvæði er að nokkru leyti lagður með 7. gr. Sogsvirkjunarlaganna, en þau lög gera ríkinu að skyldu, ef Reykjavík óskar þess, að gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þegar virkjunin hefur verið aukin fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, en heimilar hins vegar ríkinu að gerast meðeigandi fyrr. Hins vegar var ekki hægt að ná samningum við Akureyrarbæ um þátttöku ríkisins í þeirri virkjun, sem næst stendur fyrir dyrum. En frá og með annarri virkjunarauknингu hér frá verður ríkissjóður meðeigandi í Laxárvirkjuninni, og skipta Akureyrarbær og ríkið þá með sér virkjuninni eftir ákveðnum reglum. Eins verður ríkinu þá gert kleift að gerast meðeigandi að þeirri aukningu, sem nú stendur fyrir dyrum, fyrir kostnaðarverð. Elzta hluta virkjunarinnar, eða þá virkjun, sem þegar hefur verið gerð, verður ríkið að kaupa að sínum hluta, ef það gerist meðeigandi, og náist ekki samningar við Akureyrarbæ um verð, skal ákveða það með mati. Og þegar þetta er allt komið í kring, gilda sömu ákvæði um sameignina og upphaflega giltu um stjórn sameignar Reykjavíkurbæjar og ríkisins á Sogsvirkjuninni.

Ég fer ekki langt út í fjármál þessa fyrirtækis að sinni. Það er áætlað, að næsta viðbótarvirkjun kosti 25 millj. kr., og skiptist sá kostnaður niður á þrjú væntanleg virkjunarár. Enn þá hefur ekki verið hægt að fullnægja fjármagnsþörfinni með lánum eða á annan hátt. Hins vegar þykir rétt að hafa ríkisábyrgðina þegar fyrir hendi, ef takast kynni að útvega lán. Sannast að segja sér ekki út yfir það á þessari stundu, hvernig takast megi að útvega lán, innanlands eða erlendis, til aukningar Sogsvirkjunarinnar, aukningar Laxárvirkjunarinnar og fleiri virkjana. En það er mál út af fyrir sig, sem ég skal ekki draga inn í þessar umræður.

Ég óska svo að lokum, að þessu máli verði vísað til fjhn., og hygg ég, að það sé viðtekin regla að vísa virkjunarmálum til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 446, n. 638).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef fátt um þetta mál að segja. N. mælir með þessu frv., enda hefur orðið samkomulag milli ríkisstj. og stjórnar Akureyrarkaupstaðar um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 102. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 753).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um Laxárvirkjunina fer í sömu átt og áður hefur verið um svipað mál, þ. e. a. s. Sogsvirkjunina, en það er, að ríkissjóður gerist að hálfu leyti meðeigandi Akureyrar í virkjuninni, eins og áður var með Sogsvirkjunina og Reykjavík. Þó er hér sá munur á, að þegar ríkissjóður gerist eigandi að hálfri Sogsvirkjuninni, þá er það á þann hátt, að kaupverð hans á þeim hlýta er miðað við kostnaðarverð. Hins vegar er í þessu frv. ákvæði um, að þær eignir, sem lokið er að byggja, og þær eignir, sem byggðar verða á næstunni, skuli verða seldar ríkissjóði með matsverði, en þær eignir, sem síðar verða byggðar, verði seldar ríkissjóði á kostnaðarverði. Þetta er talsverður munur og að dómi n. mjög miklu óeðlilegra en þeir samningar, sem gerðir voru í sambandi við Sogsvirkjunina. Hæstv. atvmrh. tjáði mér, að hann hefði átt í samningum við Akureyrarbæ út af þessu atriði, en það hafi ekki fengizt lagfært og að hann leggi þrátt fyrir það til, að að þessum samningi verði gengið. Skildist mér, að það byggðist að verulegu leyti á því, að raforkumálastjóri taldi, að þær eignir, sem til eru fyrir, þær mundu hafa rýrnað talsvert mikið í verði, þegar til þess kæmi, að ríkissjóður yrði meðeigandi að virkjuninni. Ég skal ekkert um það segja, hversu mikilvæg þessi rök eru, en það má vel vera, að svo sé, að eignirnar verði þá metnar á nokkru lægra verði en nú mundi vera. Þrátt fyrir þetta hefur n. ekki talið sér fært að leggja á móti frv. og vill eftir atvikum mæla með samþykkt frv., þó að mér fyrir mitt leyti finnist dálítið erfitt að samþ. svona mál, sem að mestu leyti er rekið á eftir af Akureyrarbæ, sem ekki vill þó ganga til móts við ríkið á þann hátt, sem Reykjavíkurbær gerði, en ef þetta frv. verður ekki samþ. nú, þá skilst mér, að Akureyrarbær muni verða í einhverjum vandræðum með áframhald Laxárvirkjunarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 801).

---

30. Nauðungaruppboð.

Á 26. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um nauðungaruppboð [94. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er svipað um þetta frv. að segja og nokkur önnur, sem ég hef flutt, að það er réttarfarsfrv., þar sem reynt er að setja heildarlöggjöf með þessu frv. um nauðungaruppboð. Þau fyrirmæli, sem nú gilda um þetta, eru sum allt aftan úr Jónsbók og önnur frá því árið 1793 og síðar, og leikur oft vafi á, hvað af þessum lagaleiðum skuli gilda, og segja má, að engin grein réttarfarsins sé eins erfið að átta sig á og þessi. Það var því brýn þörf á að safna saman fyrirmælum um þetta, samræma þau og setja ný ákvæði, þar sem það mátti kalla ómögulegt að átta sig á þeim nema með ærinni vinnu og fyrirhöfn. Auk þess voru sum fyrirmælin orðin mjög úrelt og ekki sniðin fyrir staðhætti hér á landi sérstaklega eða nútíma hugmyndir um réttarfar. Ég fékk því fyrrv. hæstaréttardómara, Einar Arnórsson, til þess að semja um þetta frv., og hafði hann síðan samvinnu um það við mig, dómsmrn. og bæjarfógetann hér í Rvík, sem hefur manna mesta reynslu í þessu efni. Þetta frv. er árangur af því samstarfi, og ég hika ekki við að segja, að það horfir til mikilla bóta í réttarfarinu. Það hefur heldur engin aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, enda aðeins um heillegri reglur að ræða en gilt hafa hingað til, svo að það getur ekki verið neitt áhorfsmál, að frv. beri að samþ. sem allra fyrst. Ég vil ekki segja, að engar breytingar geti komið til mála á frv. Betur sjá augu en auga. En ég vil leggja til, að því verði vísað til allshn. og vænti þess, að hún afgr. það fljótt og vinsamlega og að það fái síðan greiðan framgang á Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 651).

Frsm. (Lárus Jóhannessson): Herra forseti. Hv. allshn. hefur athugað frv., sem hefur verið lagt hér fram sem stjfrv. Þetta frv. virðist vera mjög vel undirbúið, og eru tekin upp í það dreifð ákvæði frá ýmsum tímum um framkvæmd nauðungaruppboða og dregin úr þeim hin beztu og nýmæli gerð, eftir því sem reynslan hefur kennt. Ég skal eigi eyða tíma d. í að fara út í grg., en þykir rétt að drepa nokkuð á helztu nýmælin.

Það, sem helzt má benda á, er, að ákvæði um uppboð hafa áður fyrr verið þannig, að hver einstaklingur hefur getað farið fram á uppboð, og hafi hann fallið frá uppboðskröfunni, þá hefur uppboðið þar með fallið niður. Nú er stungið upp á, að þessu verði breytt þannig, að leiðin um nauðungaruppboð orki sem gjaldþrotabeiðni, svo að uppboðið fer fram, þótt uppboðsbeiðandi hafi fallið frá kröfu sinni, þannig að aðrir, sem eiga fjárnám í eigninni, geti gengið inn í það. Mun vera sparnaður í þessu, því að áður hefur hver maður þurft að biðja um sérstakt uppboð, og þá hafa mörg uppboð verið auglýst á sömu eigninni.

Þá hefur það nýmæli verið tekið upp, sem ég álít mjög til bóta, að fáist ekki nægilega gott boð á uppboði á því, sem um er að ræða, þá sé hægt að halda aukauppboð til þess að reyna, hvort ekki fáist betra boð. Þetta er auðvitað til hagsbóta fyrir uppboðsþolanda og sýnist geta verið réttarbót.

Þá er enn eitt nýmæli. Iðulegt er, að uppboð, sem eftir l. á að vera einhver hin hentugasta söluaðferð, geti í staðinn orðið mjög óhentug söluaðferð. Nú er reglan sú, að veðhafi, er orðið hefur hæstbjóðandi á uppboði, en fær eigi fullnægt kröfu sinni, getur krafizt þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið. Nú kemur það oft fyrir, ef um háa skuld er að ræða, að hæstbjóðandi býður aðeins nokkuð upp í skuld sína og fær því eignina útlagða langt undir sannvirði, en heldur þó persónulegri kröfu á hendur uppboðsþola fyrir mismun uppboðsverðs og skuldirnar. Í frv. er aftur á móti sett það nýmæli, að skuldunautur geti krafizt þess, að eignin sé metin af óvilhöllum mönnum eða með öðrum hætti, og dregst þá matsverðið en ekki uppboðsverð frá skuldinni, sem uppboðsþolandi er í við uppboðsbeiðanda. Þetta hefur verið tekið upp í l. annarra Norðurlanda og sýnist geta verið réttarbót í því.

Þá eru tekin upp ákvæði um að auglýsa betur eignir til uppboðs en viðgengizt hefur. Lögbirtingablaðið hefur ekki þótt gott auglýsingatæki fyrir almenning, og gert er ráð fyrir, að auglýst sé á annan hátt. Er það vitanlega gert til þess, að tryggt sé, að sem flestir viti um uppboðið og hærra verð fáist því. Vegna þess, að auglýsingar hafa verið ófullnægjandi, hefur komið fyrir, að veðhafar hafa misst rétt sinn, því að þeir hafa ekki athugað að mæta. Þeir eru hins vegar skráðir í veðmálabækurnar. Þarna er það nýmæli tekið upp, að uppboðshaldari skuli senda þeim tilkynningu um uppboð, og það er áreiðanlega til bóta, þótt það kosti uppboðshaldara nokkra fyrirhöfn. — Þá er nýmæli um að aflýsa uppboði, ef því verður komið við, til þess að ómaka menn ekki á uppboðsstað að óþörfu, en iðulegt er, að uppboð eru fyrst afturkölluð þar. — Þá eru settar ýmsar nýjar reglur varðandi innheimtuna til þess að tryggja það, að innheimtumaðurinn misbrúki ekki stöðu sína. — Þá hefur áfrýjunarfrestur til hæstaréttar verið styttur niður í 4 vikur, og er það gert til að hraða fullnustunni. Þetta ætti að vera nægilegur tími, eins og samgöngum er nú háttað, og koma sér vel.

Ég held, að þetta séu þá í höfuðatriðum nýmæli þau, er tekin hafa verið upp varðandi nauðungaruppboð á fasteignum. En varðandi nauðungaruppboð á lausafé eru einnig þau nýmæli, að flytja megi muni á milli hreppa eða lögsagnarumdæma til að koma þeim á uppboð þar, sem mestar eru sölulíkurnar. — Þá er tekin upp eða lögfest sú aðferð við sölu á skráðum skuldabréfum, að þau megi selja utan uppboðs. Þetta hefur verið gert í Rvík, en án lagaheimildar. Er rétt að setja þetta í l., því að vandræði hafa stafað af því að hafa ekki lögheimild fyrir þessu.

Ég hef þá talið upp flest nýmælin. Hafa þau þann kost, að hér er um venjureglur að ræða, sem myndazt hafa smám saman. Engin l. eru eins góð og þau, er í því eru fólgin að festa ýmsar venjureglur, því að þær hafa sína reynslu að baki. — Ég minntist á útlagningu veðs, og inn í 32. gr. er skotið hinu eina nýmæli, sem n. álítur eigi fullnægjandi rök vera fyrir, að: „Veðhafi samkvæmt veðbréfi, sem er eða verið hefur handhafabréf, hefur eigi heimild til útlagningar samkvæmt 1. málsgr." Rökstuðningurinn er ákaflega veikur, þegar gert er ráð fyrir því í aths. við 32. gr., að gera verði ráð fyrir því, að aðili verði venjulega fyrir tapi, sá er útlagningar þarf með, en það þyki ekki „ástæða til þess að veita eigendum handhafa veðskuldabréfa þetta hagræði, með því að bæði hafa þeir sætt betri kjörum um stimpilskyldu sakir framsals slíkra bréfa en þeir, er nafnbréf fá sér framseld, og reynsla þykir vera um það, að eigendur handhafabréfa hafi oft eða jafnvel venjulega fengið þau með afföllum, stundum allverulegum." Ég held, að hvort sem um nafnbréf eða handhafabréf sé að ræða, þá gangi þau iðulega með afföllum. — Svo er bætt við: „Annars skal þess geta, að ákvæði þetta hefur verið tekið í frumvarpið eftir tillögum borgarfógeta í Reykjavík, sem manna kunnugastur er þessu efni." Það segir sig sjálft, að séu settar ýmsar reglur, sem þrengja kosti eigenda handhafabréfa, þá verða afföllin enn meiri af þeim en ella. Ég held, að það liggi allt aðrar ástæður til þess, að þetta ákvæði hefur verið sett þarna, sem ég ekki mun nefna núna, enda hefur n. einróma lagt til, með samþykki hæstv. dómsmrh., að þessi málsgr. verði felld niður, en hann sagði n., að ástæðan fyrir því, að gr.

hefði komizt inn í frv., væri sú, að honum hefði sézt yfir hana við yfirlestur frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar í framsögu. Auðvitað hefði verið hægt að rekja þetta mál miklu nákvæmar, en til þess er hvorki tími né þörf. Ég vil leyfa mér að leggja til, að hæstv. d. samþ. frv. með þeirri breyt., sem kemur fram í nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
12.—31. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 651 samþ. með 10 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
33.—36. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
37.—49. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
50.—51. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 701).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 701, n. 778).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—51. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 802).

---

31. Loftflutningar milli landa.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa [209. mál] (stjfrv., A. 706).

Á 104. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10:3 atkv.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 706, n. 729).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef óskað, að þetta mál yrði tekið fyrir, því að ég vildi fara um það nokkrum orðum, en gat ekki verið viðstaddur við 1. umr. Þetta mál liggur mjög ljóst fyrir og er ákaflega einfalt. Það er um alþjóðasamninga, sem mörg ríki hafa gerzt þátttakendur að, og er hér farið fram á, að þeir verði einnig löggiltir hér á landi. Þetta er gert eftir till. manna í utanrrn. og fleiri, sem mjög hafa vit á þessum málum. Mér finnst alveg sjálfsagt, að hv. deild samþykki þetta, enda hefur n. einróma lagt það til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 108. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 706, n. 776).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 803).

---

32. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [23. mál] stjfrv., A. 23).

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nú flestum kunnugt, að hið mesta ófremdarástand ríkir hér um aðbúnað allan þeim til handa, er hafa orðið ofdrykkju að bráð, og ábótavant er um leiðbeiningar fyrir þá, sem vilja fá aðstoð til þess að forðast að lenda um of út á drykkjuskaparbrautina. Það er nú þannig, að raunverulega skortir samvinnu milli lögreglunnar annars vegar og heilbrigðisstofnananna hins vegar um aðbúnað þeirra manna, sem lögreglan þarf að hafa skipti af vegna ölvunar, og eru í þessu frv. gerðar till. til úrbóta í þessum efnum. Fyrst er þá lagt til, að tekin verði upp ný stefna, þannig að lögboðin verði samvinna milli þessara aðila um aðbúnað fyrrgreindra manna. Þessi samvinna verður á þá lund, að ef lögreglan þarf að taka mann, sem þannig er ástatt fyrir, að hún telur ekki rétt að fara með hann heim til sín, þá skal læknir koma til, og skal eftir það farið eftir fyrirmælum hans um meðferð mannsins, og í 4. gr. er svo í framhaldi af þessu gert ráð fyrir, að sveitar- og bæjarfélög komi upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til afnota fyrir þá, sem teknir eru vegna ölvunar, svo að þeir fái þar hjúkrun og læknishjálp og aðrar þarfir. Ætlazt er til, að ríkissjóður styrki þessar byggingar verulega, eða svo nemi helming eðlilegs byggingarkostnaðar, eða að öðru leyti skv. lögunum um sjúkrahús.

Þetta er þá í sem fæstum orðum hin nýja samvinna milli lögreglu og heilbrigðisstofnana, sem ráðgerð er og greinir frá í I. kafla frv. Ég tek það fram og undirstrika það, að áformað er, að þessar stofnanir hafi ekki aðeins með höndum aðhlynningu þeirra, sem nauðsyn ber til, að lögreglan skipti sér af, heldur er þeim ætlað víðtækara verksvið, sem sé að gefa leiðbeiningar og hvers konar aðstoð öllum þeim, sem þess þarfnast og leita eftir því af frjálsum og fúsum vilja. Ákvæðin um þetta verða sett síðar með reglugerð. Þá geta menn fengið aðstoð til að öðlast bata og forðast það að lenda lengra út á drykkjuskaparbrautina.

Þetta lýtur að þeim, sem ekki geta beint kallazt sjúkir, en um hina, sem beinlínis eru haldnir drykkjusýki og þurfa þarafleiðandi læknis við, er fjallað í II. kafla. Þar er þó ekki um mikil nýmæli að ræða, heldur miklu fremur staðfestingu á því, sem áður hefur verið, en þó eru gerðar nýjar ráðstafanir. Þar er því slegið föstu, að ríkið reisi og reki gæzluvistarhæli fyrir þá drykkjusjúklinga, sem gera má ráð fyrir, að fái bata. Þetta hæli skal alveg reisa og reka á ríkisins kostnað, og er það hliðstætt ákvæðum þeim, sem nú eru í lögum. Þessi stofnun skal vera undir stjórn geðveikrahælisins á Kleppi, eins og drykkjumannahælið var áður. Enn þarf annað drykkjumannahæli fyrir þá, sem svo illa eru farnir, að búast má við, að þurfi að dvelja lengi án þess að fá bata, og þá kom spurningin, hvort ríkið ætti einnig að taka að sér slíkar hælisbyggingar. Nú er það vitað, að hjá bæjaryfirvöldum og öðrum aðilum hefur verið mikill áhugi á að gera eitthvað fyrir þessa menn, sem svo illa eru farnir, og ég tel rétt, að nota beri alla krafta, sem lið vilja leggja í þessu skyni, því að ekki mun af veita. Því tókum við þá ákvörðun, að við gerðum ráð fyrir, að ríkið byggði þetta ekki, heldur legði fram stofnkostnað á móti þeim aðilum, er vildu leggja í að koma þessum hælum upp, og í 8. gr. er svo ráð fyrir gert, að skipting stofnkostnaðarins fari eftir sömu reglum og um stofnkostnað sjúkrahúsa. Það er gert ráð fyrir því, að sjúklingum á þessi hæli verði ráðstafað þangað í samráði við forstöðumenn geðveikrahælisins á Kleppi, eins og áður hefur verið, og það er tvímælalaust rétt, að samráð sé haft við þá aðila, því að hér er vitanlega um nokkurs konar geðveikisjúklinga að ræða.

En vafalaust verða þessi hæli kostnaðarsöm, og þá er spurningin, hvar taka á peninga til að reisa þau og reka, og finnst mér ekki óeðlilegt, að tekin sé fúlga af gróða þeim, sem Áfengisverzlun ríkisins veitir, til þess að koma þessum málum í rétt horf, og er því gert ráð fyrir að taka af þeim gróða 1,5 millj. kr. árlega í 6 ár. Ekki liggur að vísu fyrir kostnaðaráætlun, en það mun ekki af þessari upphæð veita.

Ég þykist vita, að hv. þm. geri sér ljóst, hve mikil þörf er á framkvæmdum í þessum efnum og vil því biðja hv. þm. að athuga málið með öllum velvilja, það má vera hægt að finna betri leiðir, en þó er þess að gæta, að frv. hefur fengið góðan undirbúning áhugasamra aðila, og ég endurtek það, að ég bið hv. þm. að athuga frv. gaumgæfilega og með velvilja og kynna sér allar aðstæður, áður en þeir leggjast gegn því eða bera fram brtt. við það. — Ég legg svo til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér skilst, að aðalatriðið í þessu frv. sé það, að á næstu 6 árum verði varið 9 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs til þess að stofna drykkjumannahæli. Ég skal ekki hafa á móti því, að þetta sé gert, ef hagur ríkissjóðs er svo góður, að það þyki fært, en ég vil minna á það, að á tveimur undanförnum árum hef ég ásamt fleiri þingmönnum flutt frv. um byggingu héraðshæla. Það frv. er byggt á því, að heilbrigðismálin í mörgum héruðum landsins horfa nú til vandræða. Þannig er það í mínu héraði og mörgum fleirum. Þó að þörf sé á því í mínu héraði að byggja sjúkrahús, þá er þó ástandið enn verra í sumum öðrum héruðum, því að þar er vegna sjúkrahúsleysis ekki hægt að fá lækna í héruðin. Þetta frv. okkar, sem ég áður gat um, hefur tvisvar sinnum verið stöðvað í heilbr.- og félmn., þótt ekki bóli á neinu frá hæstv. stj. til úrbóta. Með flutningi þessa frv. er því auðsætt, að hæstv. ríkisstj. telur að gera eigi drykkjusjúkum mönnum hærra undir höfði en öðrum sjúkum mönnum.

Það er vert að minna á það, að þegar núverandi hæstv. menntmrh. tók við, var nýbúið að byggja, á árunum 1943—46, hæli fyrir drykkjusjúka menn fyrir ¾ millj. kr. Eftir því sem ég veit bezt, var hæli þetta lagt niður og látið af hendi með nokkuð undarlegum hætti. Þetta frv. kemur mér því undarlega fyrir sjónir.

Ég vildi biðja hv. heilbr.- og félmn. að athuga það, hvort ríkari þörf er á því að stofna drykkjumannahæli eða á því að bæta úr ágöllum og vandkvæðum varðandi meðferð annarra sjúklinga. Í öðru lagi vildi ég biðja n. að athuga, hvaða orsakir lágu til þess, að það drykkjumannahæli, er til var, var lagt niður. Í þriðja lagi vildi ég biðja n. að athuga það, hvort ekki er hægt að fá upplýsingar um það, hvað miklir peningar hafa komið í ríkissjóð fyrir hælið, en eins og ég áður sagði, var varið til þess ¾ millj. kr.

Ég vænti þess, að þegar þetta mál kemur til 2. umr., þá gefi hv. heilbr.- og félmn. upplýsingar um þessi atriði.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vildi tjá hæstv. menntmrh. þakkir fyrir flutning þessa frv. Ég tel, að frv. stefni í megindráttum í rétta átt og muni verða til verulegra bóta, ef að l. verður. Það, að ég tel mig vera umkominn að segja þetta, byggist á því, að ég tel frv. byggt á þeirri reynslu, þótt lítil sé enn, sem fengizt hefur á því að leysa vandamál ofdrykkjumanna.

Sá læknir, sem mest hefur um þessi mál hugsað, Alfreð Gíslason, hefur fyrir löngu sett fram sína greinargerð og tillögur um þessi mál, og frv. er í samræmi við þær tillögur, sem hann hefur lagt fram.

Ætlunin er sú, að drykkjusjúkir menn verði fluttir á sjúkrahús í stað þess að vera settir í ósæmilega fangaklefa. Á sjúkrahúsinu á síðan að kveða upp úrskurð um það, hvað helzt er hægt fyrir mennina að gera.

Það kom fljótt í ljós, er þessi mál voru rannsökuð, að nauðsyn var á tvenns konar hælum, því að sjúkdómurinn er mismunandi, enda gerir frv. ráð fyrir því. En það er eitt atriði, sem ég vil vekja athygli n. á, og það er það, að mér virðist naumast nógu vel séð fyrir mönnum, er þeir koma út af hælunum. Ég hygg, að það sé þýðingarmikið, að eitthvert starf sé innt af höndum fyrir þá, er fara á hælin og útskrifast þaðan. Ég held, að þörf sé á sérstakri fyrirgreiðslustarfsemi í þessum efnum, ekki bara fyrir þá, sem eru ofdrykkjumenn, heldur líka fyrir hina, sem lenda í kasti við réttvísina og koma út úr fangelsunum. Mér virðist, að reynslan hafi sannað, að þörf sé á þessu. Mér virðist, að vel mundi fara á því, að þessi fyrirgreiðslustarfsemi væri í höndum félagsskapar áhugamanna, er ríkisvaldið styrki. Þetta vildi ég, að n. athugaði, hvort ekki væri hægt að koma upp slíkri fyrirgreiðslustofnun.

Ég kemst ekki hjá því að minnast á 15. gr. frv. Mér er ánægja að því, að hæstv. ríkisstj. vill vera stórtæk, hvað það snertir að bæta úr þeirri brýnu nauðsyn, sem hér er fyrir hendi. En ég get ekki látið hjá líða að spyrja: „Hvenær skapaðist þessi þörf?“ Saga áfengismálanna hefur oft verið rædd, bæði hér í sölum hæstv. Alþ. og annars staðar. En við hvaða tímamót skapaðist þessi mikla þörf? Það var ekki á árunum 1915—22. Höfðum við þá tugi eða hundruð af ofdrykkjumönnum? Ég segi nei. Ástandið var ekki slíkt í landinu þá, að þörf væri á stórkostlegum hælum til hjálpar. Næsta tímabil mætti kalla hálfbannið, eða Spánarvínatímabilið, fram til ársins 1935. Skapast þessi þörf þá? Ekki í viðlíka mæli og nú, en það er rétt, að þá fór að bera á ofdrykkjumönnum. Það sást ískyggileg blika á lofti, en það var ekki talað um það þá að verja millj. kr. til drykkjumannahæla, enda er það staðreynd, að þörfin var þá ekki neitt viðlíka brýn og nú. Þörfin skapast eftir 1935, er stefna andbanninga varð ráðandi í landinu. Það verður ekki annað sagt en að það sé einkennilegt

ástand í því þjóðfélagi, sem rekur með áfengisverzlun hernað gegn þegnunum með þeim árangri, að tugir liggja í svaðinu, og svo verður ríkið að verja 9 millj. kr. til þess að sjá sómasamlega fyrir hinum föllnu. Enginn má skilja mig svo, að ég vilji draga úr því, að þetta fé sé veitt. Það er ekki lagt fram um of. En væri ekki nær að hætta við þessa stórfengu áfengissölu og sjá, hvort við getum ekki losnað við þennan herkostnað og notað stofnanirnar, er nú er nauðsyn á að reisa, til annars?

Um hælið í Kaldaðarnesi vildi ég segja það, að því var valinn staður samkvæmt tillögum tveggja manna fyrst og fremst, er kunnugir voru þessum málum, Vilmundar Jónssonar landlæknis og þáverandi sakadómara Jónatans Hallvarðssonar, núverandi hæstaréttardómara. Að byggingu hælisins var starfað eftir tillögum eins af byggingarmeisturum ríkisstj. Gamla húsið var skinnað upp, svo að þar var gott pláss fyrir 17 sjúklinga, og byggt var hús fyrir umsjónarmanninn. Það var þá ekki eins ljóst og nú, að hælin þurftu að vera tvö, það var ekki sízt reynslan í Kaldaðarnesi, sem sýndi það. Eigi að síður var þarna komið upp gæzluhæli, og nú vil ég spyrja, eins og hv. þm. A-Húnv., af hverju var þessari starfsemi ekki haldið áfram þar? Af hverju var horfið frá þessu ráði? Það er síður en svo, að ég vilji halda því fram, að hæstv. ráðh. vilji hætta að vinna að þessum málum almennt, en það væri æskilegt að fá upplýsingar um, af hverju þessari starfsemi var hætt. Í öðru lagi hefur verið seld þarna eign ríkisins. Ég vildi spyrja: með hvaða verði og með hvaða heimild? Fyrir nokkru var lagt hér fram frv. um heimild fyrir hæstv. stj. til að selja lóðarskika í Reykjavík, þar sem talið var, að sala gæti ekki farið fram án slíkrar heimildar. Því spyr ég, ef sala hefur farið fram, með hvaða heimild fór hún fram, og hvað var söluverðið?

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um málið. Ég vænti þess, að n. vinni störf sín fljótt og vel og að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi í megindráttum eins og það er.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir með þeim, sem látið hafa í ljós ánægju sína yfir þessu frv. og þeirri viðleitni, sem í því felst til þess að ráða bót á þeim þjóðarvoða, er við horfumst í augu við vegna drykkjuskaparins í landinu. Ég býst við því, að þær ráðstafanir, er í þessu frv. felast, geti orðið nokkur meinabót, ef vel er á þessu haldið og þeim mönnum falin framkvæmdin, er hafa skilning á því, hvernig á að búa að þeim vesalings ólánsmönnum, er drykkjuskapurinn hefur orðið að fjörtjóni. En það, sem ég er hræddur um, er, að þessar aðgerðir verði of seinvirkar. Hér á að byggja á því, að sveitar- og bæjarfélög hafi framtak um framkvæmdirnar og njóti stuðnings ríkisins. Í öðru lagi á ríkið að standa fyrir framkvæmdum. Á þess kostnað á að reisa gæzluhæli, er stjórnað skal af yfirlækninum á geðveikrahælinu Kleppi. Þetta eru þá framkvæmdaraðilarnir, er byggja skal á.

Nú er hins vegar, samkvæmt 15. gr., ekki gert ráð fyrir því, að neitt fé verði veitt til þessara framkvæmda fyrr en á árinu 1949, og máske ekki fyrr en í árslok þá. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvað hann hyggst fyrir um framkvæmdir varðandi gæzluvistarhælið, er gert er ráð fyrir í 8. gr. frv. Jafnframt vildi ég spyrja, hvort vitað sé, hvað t. d. Reykjavík hyggst fyrir um framkvæmdir í þá átt að koma upp hæli, er miðað sé við lengri dvöl fyrir þá, sem misst hafa fótfestuna vegna drykkjuskapar. Eins og nú er, er ekki til neitt hæli, sem hægt er að koma slíkum mönnum fyrir á. Einasta úrræðið er að stinga þeim inn í klefa, nokkurs konar sakamannaklefa, bæði í Reykjavík og úti um land, þar sem þeir eru til. En auk þess, sem aðstaðan að þessu leyti er óhallkvæm, er húsrýmið svo lítið, að ekki er hægt að sjá öllum þeim fyrir vistarveru, er þarf að hirða, og ekki forsvaranlegt að flytja heim til konu og barna, verður stundum að grípa til þess ráðs með hættulegum afleiðingum.

Eins og komið hefur fram í þessum umr., hefur sá vísir, sem komið var á fót í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi, ekki orðið langlífur. Stofnanirnar hafa verið lagðar niður án þess, að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma upp hliðstæðum stofnunum. Fyrst nú er málið tekið til meðferðar og ráðstafanir ráðgerðar 1949.

Mér er sagt af mönnum, sem eru kunnugir í Reykjavík, að hér í bæ séu 100 manns, er þyrftu að komast inn á þær stofnanir, sem ráð er gert fyrir í frv., stofnanir, sem taka áfengissjúklinga í von um, að hægt sé að lækna þá. Svo eru aðrir, sem eru svo djúpt sokknir, að lítil eða engin von er til þess, að þeir geti aftur náð fótfestu í lífinu til þess að verða þar starfandi menn. Og þeir, sem segja, að nú séu í Reykjavík 100 af þessum mönnum, segja, að reynslan sýni það, að 5—10 menn bætist í þennan auðnuleysishóp á ári, menn, sem eftir fjögurra til fimm ára drykkjuskap smátt og smátt sogast í djúpið, þar til þeir hafa misst allt, sem einkennir starfandi þjóðfélagsborgara. Hér er því mikið verkefni fyrir höndum og vöði á ferð, og ég vil spyrja hæstv. menntmrh., sem flytur frv. fyrir hönd ríkisstj., hvort vænta megi framkvæmda í þessum málum fyrir árslok 1949. Og máske líka, ef hæstv. ríkisstj. hefur sett sig í samband við bæjarstjórnir, þar sem slíkra aðgerða sem þessara er þörf, hvað þær muni hyggjast fyrir um framkvæmdir, því að ég lít þannig á þetta mál, að aðstoð ríkisins muni hljóta í þessum efnum að vera allt önnur og ríkari en að því er snertir það að koma upp venjulegum sjúkraskýlum eða sjúkrahúsum. Og þessi afstaða mín byggist á því, að ríkisvaldið með sínum aðgerðum sér fyrir því, með takmarkalausu vínframboði, að fýsnum þessara vesalings manna, sem drykkjuskapurinn hefur orðið að falli, sé og geti verið fullnægt, eftir því sem þessir vesalingar hafa getu til að afla sér þess fjár, sem þarf til þess að kaupa vínið fyrir. Þess vegna skilst mér, að aðstoð ríkis-

valdsins sé og eigi að vera allt önnur og ríkari til þess að hamla eitthvað á móti þeim voða, sem af þessum aðgerðum ríkisvaldsins stafar og er alveg bein og hlykkjalaus afleiðing af því, hvernig ríkisvaldið hagar áfengissölunni í landinu, því að eins og kunnugt er, þá er af hálfu ríkisvaldsins spekúlerað, eins og mögulegt er í að gera, í drykkjufýsn þjóðarinnar til þess að afla sem mestra tekna handa ríkinu. Þetta er sannleikurinn, alveg brotalaust sagður, og er ekki hægt að breiða neinn hjúp yfir það, og dettur heldur engum í hug að gera slíkt.

Ég ætla svo ekki frekar að fara út í þessa sálma. Ég býst við, að ef nokkrar verulegar aðgerðir eiga að geta orðið í þessu efni, þá sé það fé, sem ætlað er til þessara hluta samkv. 15. gr. frv., sízt of mikið, ef við eigum áfram að búa við það ástand í þessum málum, sem við höfum búið við nú um alllangt skeið. En ef þjóðin til dæmis á skömmum tíma vitkaðist svo, að gerð yrði tilraun til að koma hér vörnum við, þá mundi mjög draga úr þessari nauðsyn, sem ákvæði þessa frv. miða að að bæta úr, þó að við vitanlega yrðum samt um margra ára og jafnvel áratuga skeið að búa við afleiðingarnar af því, sem gerzt hefur að undanförnu í þessum efnum, og þá bera uppi ærinn kostnað, sem af því leiðir.

Ég vænti svo að heyra svör hæstv. ráðh., ef hann hyggst fyrir um skjótar aðgerðir í þessum efnum. Og mundi þá ekki vera ástæða til að ákveða rífari framlög í þessu skyni en í frv. er gert ráð fyrir? En ef svo er ekki, að hæstv. ráðh. hyggi á skjótar framkvæmdir, lít ég svo á, að full ástæða mundi vera til að taka til athugunar það, sem er alveg óákveðið í þessu frv., hvenær skuli hafizt handa um þá byggingu, sem hér um ræðir og ríkið á að standa straum af. Eins og nú er, er heldur ekki vitað, hvað þau bæjarfélög, sem hér er í frv. byggt á um framkvæmdir, ætlast fyrir um framkvæmdir að sínu leyti.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. benti á, að það væri margt annað óunnið, sem framkvæma þyrfti í heilbrigðismálum landsins, en það, sem frv. þetta fjallar um, og taldi hann, að þess vegna væri vafasamt, að fært væri að ætla svo mikið fjármagn árlega til þessara mála af tekjum ríkissjóðs eins og hér er gert ráð fyrir. Ég mótmæli því ekki, að margt er óunnið í heilbrigðismálum landsins og mörgum öðrum menningarmálum hjá okkur. En samt held ég, að við verðum að horfast í augu við það, að ástandið í þessum málum er svo slæmt, að óhugsandi er annað en að efna þar til framkvæmda með algerri stefnubreytingu frá því, sem verið hefur, og hlýtur það vitanlega að kosta mjög verulegar fjárhæðir. Annaðhvort er að láta það, sem gerist í þessum efnum, dingla eins og það er, sem er fullkomin ófremd, og ég hygg, að allir séu sammála um, að það sé ófremd hin mesta, eða hins vegar að verja verulegum fjármunum til þess að gera verulegt átak til úrbóta í þessum efnum. Ég skal ekkert fullyrða, að það sé nákvæmlega til tekin sú upphæð, sem í frv. er gert ráð fyrir, að varið verði til þessara framkvæmda, og mætti sjálfsagt breyta þar um eitthvað, ef nauðsynlegt þætti. En ég lít svo á, að við getum ekki látið framkvæmdir til úrbóta í þessum efnum, sem frv. fjallar um, bíða þangað til a. m. k. öll önnur heilbrigðismál, sem bíða úrlausnar, eru leyst, þótt aðkallandi séu. Það er nú þegar verið að leysa mörg þeirra aðkallandi mála, þar sem m. a. er verið að reisa allmörg sjúkrahús. Og kemur það til álita og úrskurðar út af fyrir sig, hvort hægt sé að auka fjárframlög til þeirra. En það verður að skoða út af fyrir sig, hvernig ástandið er í þessum efnum, sem þetta frv. fjallar um, og hvort menn vilja fórna fjármunum til þess að bæta þar úr.

Þrír hv. þm. hafa minnzt á drykkjumannahælin, sem áður hafa verið starfrækt, og spurzt fyrir í því sambandi. Þegar ég tók við þessum málum, var rekið drykkjumannahæli í Kaldaðarnesi. Það sýndi sig, að rekstur þess hælis notaðist ekki vel. Mjög fáir leituðu vistar á hælinu, sem vafalaust hefur verið meðfram fyrir það, að sambandið milli hælisins og yfirstjórnar þess var mjög losaralegt. Það var því álit þeirra, sem kunnugastir voru þessu, að hælið væri ekki heppilega sett sem lækningahæli, sem það átti að vera. Og við rekstur hælisins rann það betur upp fyrir mönnum, að það þyrfti tvískiptingar við í þessu efni, þyrfti að reka í tvennu lagi hæli fyrir drykkjusjúka menn. En ríkisstjórnin hefur hugsað sér, að á vegum ríkisins verði rekið hæli fyrir þá menn, sem allgóðar batahorfur eru með. — Jafnframt var af atvmrn. sótt um að fá Kaldaðarnes til annarra afnota. Og þegar það var fyrir hendi og hitt einnig, að lítil aðsókn var að hælinu á þessum stað, sem það var á, þá sá heilbrmrn. ekki ástæðu til að halda að sínu leyti í eignir á þessum stað, en féllst á, að húsin þar, sem voru gömul hús, nokkuð viðgerð, væru afhent eftir mati ásamt jörðinni að öðru leyti atvmrn. til ráðstöfunar. Þetta var ekki gert í þeirri meiningu að leggja hælið niður, heldur var meiningin að koma því upp á öðrum stað. Og við höfum ætlað að vinna að því að koma upp gæzluvistar- og lækningahæli fyrir ofdrykkjusjúka menn á Úlfarsá í Mosfellssveit. Það er byrjað að vinna að því að koma þar upp slíku lækningahæli, sem ætti fyrir sér að stækka, ef þessum málum verður meira sinnt. Og ég býst við, að hægt verði að reisa þarna slíkt hæli með tiltölulega litlum stofnkostnaði, af því að atvmrn. hefur látið þarna land af hendi með góðum húsum. En ef einhver stofnkostnaður yrði við að reisa slíkt hæli á þessum stað, þá er hægt að mæta honum með fé því, sem komið hefur fyrir eignir í Kaldaðarnesi, sem seldar hafa verið. Ég man ekki, hve há sú upphæð var. En sú upphæð var ekki eins há og það fé, sem varið hafði verið af því opinbera til þess að gera við hús á þeirri jörð, því að þegar gert er við hús og á að selja þau aftur, vill verða misbrestur á því, að það fé komi til baka við söluna, sem varið hefur verið til umbótanna. Þess-

ar viðgerðir í Kaldaðarnesi kostuðu mikið á sinni tíð. En talsverð fjárfúlga kom fyrir þetta. Salan á þessum mannvirkjum var byggð á matsgrundvelli, sem nánar væri hægt að lýsa fyrir heilbr.- og félmn. — Þetta, sem ég hef sagt um Úlfarsá, er um leið svar til hv. þm. Borgf., þar sem hann spurði, hvað liði framkvæmdum af hendi ríkisins til byggingar lækningahælis fyrir ölvunarsjúka menn. Þarna á Úlfarsá höfum við hugsað okkur að byrja þessa starfsemi og efla hana síðan með einhverju af þeim fjármunum, sem veittir yrðu, ef frv. þetta yrði að l.

Þá er hin spurningin frá hv. þm. Borgf., um framkvæmdir í sambandi við byggingu þeirra hæla, sem bæjum er samkv. þessu frv. ætlað að leggja fram fé í að nokkru leyti og í þessu tilfelli Reykjavíkurbæ. Ég get ekki upplýst, hve langt því máli er komið af hálfu Reykjavíkurbæjar. En af viðtölum við borgarstjórann í Reykjavík er mér kunnugt um, að mikill undirbúningur hefur verið af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur gerður til þess að hefjast handa í þessu efni sem allra fyrst. Og ég er viss um, að mikill aukinn skriður mundi koma á málið af hendi bæjaryfirvalda Reykjavíkur, ef þau sæju, að þetta frv. væri samþ., því að þá gætu þau átt vísan svo mikinn stuðning við þessar framkvæmdir af hendi ríkisins. Ég get ekki frekar upplýst um þetta atriði. Ég sé, að hv. þm. Snæf., borgarstjórinn í Reykjavík, er hér ekki viðstaddur. En hann hefði getað upplýst betur um þetta atriði.

Þá fannst hv. 6. þm. Reykv. það áfátt við þetta frv., að ekki væri í því gert ráð fyrir leiðbeiningarstarfsemi þeim mönnum til handa, sem hefðu verið í vist á svona hælum, en hefðu náð bata. Ég vil taka það fram, að í 7. gr. frv., og reyndar á fleiri stöðum í frv., er gert ráð fyrir, að reglur verði gefnar út um rekstur þeirra stofnana, sem þarna er um að ræða, og um leiðbeiningar og aðstoð þeim mönnum til handa, sem drykkjusjúkir eru eða hætt er við drykkjusýki, þeim til viðréttingar. Einnig er tekið fram í I. kafla frv., 3. gr., að leiðbeiningar eigi að veita þeim eða vegna þeirra, sem drykkjusjúkir eru eða yfirvofandi er, að verði drykkjusjúkir. — Annars mætti að sjálfsögðu greina eitthvað nánar um það í frv., hvernig leiðbeiningastarfsemi í þessum efnum skuli hagað, ef menn við athugun komast að þeirri niðurstöðu, að það sé réttara.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Mér þykir hlýða að gefa upplýsingar um nokkra þætti þessa máls, sem dregnir hafa verið hér inn í umr., og með tilliti til fyrirspurna þeirra hv. þm. A-Húnv. og hv. 6. þm. Reykv., þ. e. um ráðstöfun Kaldaðarness.

Þegar ég kom í atvmrn., þá kom það af sjálfu sér, að ég fékk til meðferðar allar jarðir ríkisins, bæði byggðar og óbyggðar. Og meðal þeirra var að vissu leyti Kaldaðarnes, sem atvmrn. hafði um skeið lánað í eins konar byggingu til rekstrar drykkjumannahælis. Nú bárust mér fljótt skoðanir og álitsgerðir ýmissa merkra manna á Suðurlandsundirlendinu um það, að þeir töldu, að þessu forna höfuðbóli væri þannig komið, að til skaða og skammar væri fyrir þjóðfélagið, hvernig jörðinni væri haldið. Ég fór svo þangað austur til þess að kynna mér þetta. Og mér rann til rifja að sjá þetta forna höfuðból, sem áður fyrr hefur verið með glæsilegustu höfuðbólum á Suðurlandsundirlendinu, — að sjá þá viðurstyggð eyðileggingarinnar, sem þar hafði verið drýgð um undanfarin ár. Jörðin hafði verið hersetin, og hafði þar með túnið verið eyðilagt með byggingum og margvíslegum framkvæmdum. Þessi braggaborg, sem þar hafði verið reist, lá skökk og skæld og hálffhrunin með járnplötum á víð og dreif um allt túnið, og sýnilegt var, að túnið væri um ófyrirsjáanlega framtíð ónothæft. En mikill flugvöllur, sem þarna var byggður, lá í miðjum engjunum, þar sem beztu og vissustu slægjulöndin höfðu áður verið. Ég komst þá að þeirri niðurstöðu, að ég vildi ekki eiga þessa jörð, þó að mér væri gefin hún. Og ég áleit ekki líklegt, að hægt mundi vera að fá dugandi mann til þess að byggja þarna og koma hlutunum í samt lag, eftir því sem möguleikar eru á. — Ég kynnti mér einnig hælisreksturinn sjálfan. Þá var aðeins einn einasti vistmaður á hælinu, og gert var ráð fyrir því, að hann færi næstu daga. En allt þetta mikla maskineri átti að ganga áfram með þeim ærna kostnaði, sem hafði verið við það og fyrirsjáanlegt var, að mundi verða áfram. Og ég kynnti mér þetta hjá mönnum, sem höfðu haft þetta með höndum, m. a. hjá heilbrmrn., hvað þeir hugsuðu sér um Kaldaðarnes í framtíðinni, og létu þeir ótvírætt í ljós þá skoðun, að þessi staður væri ekki vel valinn staður fyrir rekstur drykkjumannahælis, og að það yrði að skipa þeim málum öðruvísi. Þá fór ég fram á það við heilbrmrn., að það sleppti ábúðarrétti sínum á jörðinni, þannig að ég gæti gert tilraun til að ráðstafa jörðinni til framtíðarnotkunar og framtíðarviðreisnar. Og niðurstaðan varð, að þetta var gert samkvæmt ráðleggingum þeirra manna, sem höfðu með höndum rekstur hælisins þarna, sem voru sérfræðingar í þeim efnum. Tók atvmrn. því næst við jörðinni, með þeim skilmálum þó af hendi menntmrn., að það fengi fjármuni þá, sem hægt væri og eðlilegt væri að taka út úr stofnuninni. En það er búið að verja miklu fé, bæði sem stofnkostnaði hælisins og undirballans á búrekstri og hælisrekstri á staðnum, og búið að leggja allmikið fé í að byggja upp gamla húsið og byggja smáhús þarna í viðbót. Þessar byggingar voru þó ekki meiri en það, að þær nægðu til þess að koma staðnum í eitthvað svipað horf og það, sem hann hafði verið í áður.

Nú stendur svo á, að hæstv. Alþ. hafði þá nýskeð samþ. lög um bændaskóla í Skálholti. Það hafði ekki verið tekið fram í þeim l. og ekkert rætt í því sambandi, að Jörundur Brynjólfsson hafði lífstíðarábúð á þessari jörð. Og það var ekki hægt að byggja skólann á þessum stað nema með samþykki hans. Og nefndur ábúandi jarðarinnar hafði löglegan rétt til þess

að setja upp fyrir það eitthvað, meira eða minna, að sleppa sínum ábúðarrétti. Hefði þá annaðhvort orðið að ná samkomulagi við ábúandann um að sleppa ábúðarréttinum á jörðinni eða taka ábúðarréttinn eignarnámi. Nú kom það í mitt hlutskipti, til þess að framkvæma þann hlut, sem mér var fenginn að framkvæma, að losa Skálholt úr ábúð. Ég ræddi við ábúandann um það, með hvaða kjörum hann vildi sleppa ábúðarréttinum á jörðinni. Hann tjáði sig fúsan til að flytja burt af jörðinni, ef eignir hans þar væru keyptar samkvæmt mati dómkvaddra manna og honum fengin einhver jörð í héraðinu, sem hann vildi líta við. Ég leit þá yfir þær jarðir í héraðinu, sem ég hafði yfir að ráða sem ráðh. Og Kaldaðarnes var eina jörðin, sem hann vildi líta við í staðinn fyrir að sleppa lífstíðarábúðarrétti sínum í Skálholti. Þegar svo að því kom, að ég hafði losað Kaldaðarnes úr byggingu, taldi ég rétt að fá Jörund Brynjólfsson til að standa upp af Skálholti með því að láta hann fá Kaldaðarnes. Um sama leyti fór fram mat dómkvaddra manna, bæði á eignum Jörundar í Skálholti og eignum hælisins, sem verið hafði í Kaldaðarnesi. Og eins og eignir hælisins voru taldar af þessum sömu dómkvöddu mönnum, þá voru þær metnar á 300—400 þús. kr., sem hælinu var skilað af þeim eignum, sem lágu í Kaldaðarnesi. — Nú spurði hv. 6. þm. Reykv. samkvæmt hvaða heimild jörðin hefði verið seld. (*SigfS:* Sérstaklega hælið.) Jörðin var seld með þeim húsum. Það er heimild í tvennum lögum fyrir því að selja jarðir, sem verið hafa í opinberri eign, með því að þær séu gerðar að óðalseign, og verður þá eigandi jarðarinnar eða hans afkomendur, svo sem til er tekið í þeim l., að búa á jörðinni, en verði það ekki, fellur hún til ríkisins aftur. Og með þessari kvöð var jörðin Kaldaðarnes seld, eins og fjölda margar ábúðarjarðir, samkvæmt heimild í tvennum l. — Áður en ég gerði þetta, leitaði ég álits hreppsnefndar í viðkomandi hreppi og sömuleiðis viðkomandi sýslunefndar, svo og landbúnaðarnefnda Alþ. Sýslunefnd og hreppsnefnd mæltu eindregið með því, að þessi sala færi fram, og meiri hl. landbn. Alþ. einnig. — Þetta er í fáum orðum sú grg., sem ég get á þessu stigi málsins látið frá mér fara út af þeim fyrirspurnum, sem fram hafa komið um þetta mál. En nánari upplýsingar er hægt að fá um þetta, ef óskað er, t. d. af þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Sigfús Sigurhjartarson: Aðeins örfá orð. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, sem gefnar hafa verið. En ég vil taka fram, að ég hef enn ekki fengið neinar tæmandi ástæður færðar fram fyrir því, að hælið væri lagt niður í Kaldaðarnesi. Hæstv. menntmrh. nefndi eina ástæðu fyrir því, og ég veit, að hann ber hana fram af því, að honum er ekki betur um þetta kunnugt. En þessi ástæða er byggð á misskilningi. Hann segir, að fáir hafi leitað vistar á hælinu. Nú er honum vafalaust kunnugt um það, að þegar hælið var flutt frá Kumbaravogi, var starfandi fyrir það sérstök stjórn samkv. landslögum. Meðan þessi stjórn hafði með hælið að gera, var alltaf í því fullskipað hvert rúm og margföld eftirspurn eftir hverju rúmi. En við þá menn, sem þurfa á svona vist að halda, þarf þó nokkra lagni og fyrirhöfn til þess að fá þá til þess að fara á svona hæli, þó að þeir séu búnir að sækja um vist þar. Nú var að því ráði horfið að tengja þetta hæli við Kleppshælið, og mér fannst það út af fyrir sig eðlilegt. En það var gert að skilyrði af yfirlækninum á Kleppi, að stjórn hælisins hætti að skipta sér af málum þess. Á þetta var fallizt, þótt ekki væri lögum samkvæmt. Þegar svo yfirlæknirinn á Kleppi tók við hælinu fullskipuðu, þá var það hans fyrsta verk að fara þangað og setja reglur, sem þar skyldu gilda, — og ef þeir, sem þar voru, vildu ekki hlíta þeim reglum í einu og öllu, var til tekið, að þeir gætu farið og yrðu sóttir. Það hafði komið fyrir, að vistmenn þarna höfðu farið, en voru samkvæmt gildandi lögum sóttir aftur. Þetta leiddi til þess, að allir, sem á hælinu voru, fóru. Síðan tók læknirinn upp þá aðferð, að hann vildi fá 5—8 menn á hælið, og þeir áttu að koma á einum og sama degi, og þeir áttu líka að fara á einum og sama degi. Með þessu móti er ekki hægt að halda mönnum á drykkjumannahæli. Ég veit, að allir, sem um þetta hafa hugsað, vita, að það er rétt. Þannig atvikaðist það, að aðsókn að hælinu var lítil. Það má segja, að orsökin sé kannske sú, að yfirlæknirinn á Kleppi hafi litið svo á, að þetta ætti fyrst og fremst að vera lækningahæli. En mér hefur fundizt eðlilegt, að það væri fyrst og fremst gæzluheimili. Ég tel, að það hafi marga kosti til þess, m. a. að þar eru ótæmandi verkefni til starfs við að reisa þessa jörð úr rústum.

Sem sagt, þetta er á misskilningi byggt, að það hafi þurft að leggja hælið niður, af því að engin eftirspurn hafi verið eftir vist þar. Það var ekki aðsókn á þeim tíma, sem læknirinn vildi fá hana, og ekki á þann hátt, sem hann vildi hafa hana, því að hann vildi útiloka þá, sem verst voru farnir. Ég held, að það hefði verið skynsamlegt að hugsa sér að hafa þarna ekki aðra en þá, sem verst voru farnir, og stækka þann vísi, sem þarna var þegar kominn. Hefði það verið gert, hygg ég, að við værum nú betur staddir í þessum málum og að myndarlegt hæli væri komið fyrir þessa menn.

Hæstv. atvmrh. skýrði málið frá sinni hlið. Hann kom austur og fannst líkt og mér, þegar ég kom þangað, því að mér rann til rifja að sjá, hvernig farið hafði verið með eitt elzta höfuðból Íslands. Það var hörmung að sjá það. Braggarusl um gervallt túnið, sem áður hafði verið um 1000 hesta tún, og engjarnar verulega skemmdar. Þá fór hann að svipast eftir, hvernig úr þessu mundi mega bæta. Og þá kom honum gott ráð í hug. Það var nefnilega til annað höfuðból enn þá frægara, Skálholt, eða Skálaholt, eins og það var áður nefnt. Ráðið var það, að hann tók ábúandann af Skálholti og lagði þetta merkasta höfuðból landsins í

eyði. (*Atvmrh.:* Nei. — *PO:* Hver býr þar? — *Atvmrh.:* Skálholtsskóli.) Hann tók það ráð að leggja merkasta höfuðbólið í eyði til að geta reist það næstmerkasta við. En með allri virðingu fyrir hv. 1. þm. Árn. finnst mér, að hann hafi ekki á sinni löngu búskapartíð reist Skálholt úr rústum sem skyldi, og ég hef því ekki mikla von um, að hann reisi Kaldaðarnes úr rústum, þar sem hann er nú líka heldur kominn á efri ár. Að vísu hefur hæstv. ríkisstj. fengið honum þarna nokkuð í hendur, þar sem hann hefur fengið byggingar, sem hafa kostað 750 þús. kr., sem hann getur flutt inn í, þegar hann hverfur frá hinu húsalitla Skálholti. Þetta er einkennileg saga, sem ég skal ekki gera meir að umræðuefni, en ég vona, að báðir hæstv. ráðh. gefi n., sem fær málið til meðferðar, ýtarlega skýrslu um þetta málefni allt.

Hæstv. landbrh. segir, að Kaldaðarnes sé ekki vel fallið til þessarar starfsemi. Mér þykir það kynlegt, því að landlæknir og sakadómari völdu þennan stað, og ég held, að hann sé skynsamlega valinn fyrir gæzluhæli, en ekki lækningastofnun.

Ég endurtek það, að ég held, að það hefði átt að halda áfram að efla þessa stofnun, sem var búið að verja svo miklu fé til. Þá ættu ýmsir nú athvarf, sem nú hrekjast í Hafnarstræti eða á Arnarhólstúni, ef ekki hefði verið farið út í þessi einkennilegu höfuðbólskaup hæstv. ráðh.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta mál, sem hér hefur verið lagt fram, hefur nokkuð skýrzt við þær umr., sem hér hafa átt sér stað, og má vænta þess, að þegar það hefur fengið athugun í þeirri n., sem það vafalaust fer til, heilbr.- og félmn., þá fáist fullar skýringar á þeim atriðum, sem ég vék til n. í minni ræðu. En þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, sérstaklega af hálfu hæstv. ráðh., gefa mér tilefni til að bæta fáeinum orðum við það, sem ég áður sagði.

Hæstv. menntmrh. viðurkenndi það, sem ég sagði, að það þarf fleira að endurbæta í okkar heilbrigðismálum en að sjá drykkjusjúklingum fyrir samastað. Sannleikurinn er sá, að ástandið í okkar sjúkrahúsmálum, sérstaklega víðs vegar í hinum strjálbyggðu héruðum, er óþolandi með öllu. Í sjálfu sér er furðulegt, hvernig þeim málum hefur verið tekið undanfarið á Alþingi að gera þar endurbót á. Nú skal ég ekki neita því, og um það munu allir vera sammála, að þeir menn, sem verða ofdrykkjunni að bráð, séu sjúklingar. Og þá ber sjálfsagt að fara með þá á svipaðan veg og aðra sjúklinga. Þetta mál er því í fullkomnu samhengi við sjúkrahúsmál landsins yfirleitt. Mér virðist því, að eðlileg meðferð þessa máls væri sú, að aukið yrði mjög verulega framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga víðs vegar um land, svo að það verði tækifæri til, eins og ég hef bent á í frv., sem ég áður hef flutt, að taka þar á móti sjúklingum, sem stendur mjög misjafnlega á um og ekki geta verið í sama húsnæði eða í sömu deild. Þetta mál er þess vegna þannig vaxið, að ég tel, að það eigi að leysa það í sambandi við önnur sjúkrahúsmál í landinu, og að því er snertir Reykjavíkurbæ, sem hér á aðallega hlut að máli varðandi drykkjusjúklinga, þá hlýtur að hvíla sú skylda á bæjaryfirvöldunum að hafa þar forgöngu um byggingu sjúkrahúss með aðstoð ríkisins, en það, að það hefur ekki gengið betur en raun ber vitni, stafar af því, að aðstoð ríkisins hefur verið alveg ófullnægjandi og hve fjárhagur héraðanna hefur verið lélegur. Þess vegna er það að mínu áliti ekki hægt að taka drykkjusjúklinga út úr og bera þá fyrir brjósti fram yfir aðra sjúklinga, sem mjög skortir á um, að hægt sé að sjá fyrir.

Þá er það þetta fyrrverandi drykkjumannahæli, sem að eðlilegum hætti hefur vafizt inn í þessar umr., því að það er eitt undarlegasta fyrirbrigðið, sem komið hefur fyrir í meðferð opinberra mála, síðan ég hef komið hér á þing, að það skuli eiga sér stað, að ein ríkisstj. tekur sig til og leggur niður stofnun, sem búið er að byggja, lætur hana af hendi og kemur síðan og biður um að byggja sams konar stofnun og þá, sem hún lagði niður. Þetta er aðferð, sem mér þykir furðulegri en flest annað, sem hér hefur verið gert, og er þó margt þannig, að það getur vakið undrun manns. Nú hefur verið upplýst af hálfu hv. 6. þm. Reykv., sem stendur framarlega í þessum málum, að þetta fyrrverandi drykkjumannahæli hafi rúmað 17 menn. Mér hefur verið sagt af byggingameistaranum, sem með það hafði að gera, að þar hafi verið rúm fyrir 20 menn. Nú hefur þetta hæli verið lagt niður og látið af hendi, og svo er ráðgert að byggja annað. Hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir, að sá undirbúningur sé byrjaður á Úlfarsá í Mosfellssveit. Mér þætti ekki undarlegt eftir öðru, sem gerzt hefur á ýmsum sviðum opinbers reksturs, að það fari á svipaðan veg með það fyrirhugaða drykkjumannahæli eins og Kaldaðarnes, því að þar var ekki hægt að hafa nema einn mann á 20 manna hæli, og þá sýnist mér ekki mikil vissa fyrir undir svipaðri stjórn, að mjög margir fáist til að sækja fyrirhugað drykkjumannahæli á Úlfarsá. Að vísu er ráð fyrir gert, að breytt verði um stjórn í þessu efni, en þó á hælið að vera í sambandi við geðveikrahælið á Kleppi, sem í sjálfu sér er ekki óeðlilegt, og verður því yfirstjórnin sú sama að því leyti.

Það er komið í ljós með drykkjumannahæli, sem ríkið áður rak, að búið er að verja í þá byggingu ¾ millj. kr., og þegar þar gátu ekki verið fleiri menn en 1—3, þá gæti farið á svipaðan veg, ef farið væri að byggja annað hæli, þó að það væri nokkrum km. nær Reykjavík en það fyrra, því að það munar ekki svo miklu, að það hefði átt að valda neinum vandræðum að flytja sjúklinga að og frá Kaldaðarnesi, það er ekki svo löng leið.

Varðandi fyrirkomulag á sölu Kaldaðarness þá skal ég ekki fara langt út í það mál að þessu sinni. Hæstv. atvmrh. lýsti yfir í ræðu sinni, að þegar hann kom þar, þá hefði sér litizt þannig á þá jörð og það, sem þar var, að

hann hefði ekki viljað eiga það, þó að honum hefði verið gefið það. Mér virðist meðferð hæstv. ráðh. á þessari jörð og þeim mannvirkjum, sem þar eru, hafa verið í samræmi við þessa hugsun. Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta hefði verið samþ. af hreppsn. og enn fremur af sýslunefnd Árnessýslu og meiri hl. landbn. beggja deilda Alþingis. Ég vil segja það, að heimildin til að selja þessa fasteign ríkisins eykst ekkert við það, þó að einhver hreppsnefnd samþ. það, og ekki heldur, þó að sýslun. sé því samþ. Þar að auki er meðferð þessa máls í landbn. þannig, að heimildin hefur ekki vaxið fyrir hæstv. ráðh. til sölunnar við það. Það var borið upp í fyrra á sameiginlegum fundi beggja landbn. og fékkst ekki samþ. Þá var ákveðið af form. að fresta fundi, en framhaldsfundur var aldrei boðaður, en mér er sagt, að 6 menn af 10 hafi samþ. yfirlýsingu, sem að mínu áliti hefur ekki minnsta gildi, jafnvel þó að allir nm. hefðu skrifað þar undir, því að landbn. hafa enga heimild til að breyta l. varðandi heimild fyrir sölu á fasteignum, og ég fullyrði, að hæstv. ráðh. hefur selt þessa jörð án þess að hafa fylgt þeim fyrirmælum, sem um það eru í viðkomandi l.

Pétur Ottesen: Mér fannst ég ekki fá þau svör hjá hæstv. menntmrh., sem ég hafði óskað eftir, að því er framkvæmdir ríkisins snertir eða byggingu á því hæli, sem hér er um að ræða. Hæstv. ráðh. segir að vísu, að það sé í undirbúningi að koma upp vísi að slíkri stofnun á Úlfarsá í Mosfellssveit. Í sambandi við það vil ég segja, að ég veit ekki betur en að þeirri jörð hafi þegar verið ráðstafað til annarra hluta. Í fjárl. fyrir yfirstandandi ár er sérstakur liður til tilraunastöðvar á Úlfarsá, og af þeim umr., sem fram hafa farið um það mál í fjvn., skilst mér, að jörðinni hafi verið ráðstafað og a. m. k. þeim húsum, sem á jörðinni eru nú. Hér mun því vera um nýja byggingu að ræða á þessari jörð. Ég hef ekki aðstöðu til að gagnrýna það neitt, en mér virðist, að hæli á þessum stað væri þannig sett, að yfirlæknirinn á Kleppi geti haft eftirlit með því. Ég vil hins vegar mjög óska eftir upplýsingum um, hvort ekki sé meiningin að koma upp á næsta ári þeirri stofnun, sem hér er um að ræða, og að hve miklu leyti yrði leyst úr þeim mikla vanda, sem hér er um að ræða, t. d. hve margir sjúklingar gætu komizt þarna að, því að til að byrja með má þar engan veginn vera minna rúm en í þeirri stofnun, sem niður var lögð fyrir austan fjall.

Ég skal ekki blanda mér inn í þær deilur, sem risið hafa út af þessari sölu, en eins og fram hefur komið, þá hefur þetta hæli verið lagt niður, án þess að gerðar væru nokkrar ráðstafanir til að leysa af hendi það hlutverk, sem nú er ætlunin að vinna. En ég óska eftir að fá að vita, hvernig þessu á að haga og hvort megi vænta þess, að þessari stofnun verði komið upp á næsta ári, og hvað marga sjúklinga gert er ráð fyrir, að þetta hæli geti tekið, a. m. k. til að byrja með. Þetta var það, sem ég óska, að hæstv. ráðh. gefi svar um, sem ég veit, að honum er ljúft að gera, því að ég veit, að hann stendur að þessu máli, af því að hann veit, að það er nauðsynjamál, sem verður að mæta með tilsvarandi aðgerðum, en ekki aðgerðaleysi.

Hins vegar vil ég taka fram um sjúkrahúsmál yfirleitt, að það er hverju orði sannara, að mikið skortir á, að það mál sé leyst, hvorki í þorpum né kaupstöðum og enn síður úti um byggðir landsins, hvort sem það er í því formi, sem talað hefur verið um, að koma upp héraðasjúkrahúsum, sem er sjálfsagt mjög góð hugmynd, eða með venjulegu sjúkrahúsfyrirkomulagi. En þetta mál, sem hér liggur fyrir, má ekki hindrast af reipdrætti, sem rísa kynni upp um það, hvað eigi að ganga fyrir. Það er vissulega svo um marga af þessum mönnum, að þeim verður ekki sinnt nema halda þeim nokkurn veginn aðgreindum frá öðrum sjúklingum, þó að á vissu stigi málsins kunni það að geta fallið saman.

Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þá deilu, sem risið hefur upp í sambandi við Kaldaðarnes, að öðru leyti en því, sem fram hefur komið í minni ræðu, en ég vil nota tækifærið eins og ýmis önnur tækifæri, sem mér hafa gefizt hér á þingi, til að taka fram, að ég álít, að það sé alveg skökk stefna, að ríkið sé að seilast eftir að koma í leiguábúð jörðum, sem hafa verið í sjálfsábúð. Ég tel það rammskakka stefnu og til óheilla í þjóðfélaginu. Ég tel það því rétt spor, en ekki rangt, hvenær sem jörð er seld þannig, að hún kemst í sjálfsábúð. Hitt getur vel verið, að svo standi á um einstöku jarðir, að þær séu vel fallnar fyrir einhverja opinbera starfsemi og þá sé réttmætt, að ríkið eigi þær, en hitt tel ég, að eigi að vera heildarstefna í málinu, að sem allra flestir eigi sína ábúðarjörð. Það er rétt stefna, eins og það er röng stefna að láta ríkið vera að seilast sínum krumlum í jarðeignir landsins til þess að breyta þeim úr sjálfsábúð í leiguábúð. Mér þykir því ekki undarlegt, þegar það er borið undir stjórnarvöld byggða landsins, hvort þau séu því samþykk, að þau játi því, því að þau þekkja þessi mál og bera fullt skyn á, að þetta er rétt stefna.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, þar sem hann tók fram, að hann hefði ekki fengið tæmandi ástæður fram færðar fyrir því, að hælið var lagt niður í Kaldaðarnesi, skal ég taka það fram, að það voru þrjár ástæður fyrir því. Fyrst — og það, sem mestu máli skipti, var það, að reynslan sýndi að dómi þeirra, sem bezt munu hafa vit á því, að það væri ekki heppilegt að hafa lækningahæli fyrir drykkjusjúklinga alllangt frá höfuðstöðvum þeirra mála, eins og Kaldaðarnes var. Og reynslan sýndi þetta mjög glöggt, eins og m. a. kom fram í því, hversu fáir voru á hælinu, eins og þó var mikil nauðsyn á slíkri hælisvist fyrir drykkjusjúka menn. Það sýndi sig, að heppilegra mundi að flytja hælið nær höfuðstaðnum. Þetta var

fyrsta atriðið. Og í sambandi við þetta kom til greina sá rekstrarhalli á hælinu, sem raun bar vitni. — Annað var, sem mælti með flutningi hælisins, að mikið ófremdarástand var þarna í Kaldaðarnesi, sem hæstv. atvmrh. hefur lýst og hv. 6. þm. Reykv. og fleiri hafa bent á, og sýnt var, að kosta mundi mikið, ef sómasamlega ætti að ganga um aftur í Kaldaðarnesi. — Í þriðja lagi var sótt eftir þessari jörð og húsum þar af atvmrn., eins og hæstv. atvmrh. hefur upplýst. Þegar þetta lá allt fyrir, vildi ég ekki taka á mig ábyrgð af því að halda þessum rekstri á jörðinni áfram með þeim hætti sem hann var, heldur samþ., að atvmrn. tæki jörðina til sín, gegn því að fá fjármuni þá aftur til heilbrmrn., sem fyrir húsin kæmu. Og ég má segja, að við höfum fengið hátt á fjórða hundrað þús. kr. fyrir þau. Og ég hygg, að frá sjónarmiði heilbrigðismálanna í landinu sé þetta ekki óhyggileg ráðstöfun, þó að sumir líti kannske öðruvísi á.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að það væri einkennilegt að leggja niður stofnun, en koma svo með till. um þrjár í staðinn. Þetta er ekki rétt upp sett hjá hv. þm., því að hér var ekki lögð niður stofnun, heldur gerðar ráðstafanir til þess að flytja þessa stofnun nær höfuðstöðvum þessara mála, sem sé geðveikrahælinu á Kleppi. Og þær undirbúningsráðstafanir, sem verið er að gera á Úlfarsá, miða að því að flytja þessa stofnun þangað, sem var í Kaldaðarnesi, af því að lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn þarf að vera mun nær höfuðstöðvum þessara mála en hægt er að láta það vera með því að hafa það í Kaldaðarnesi.

Hv. þm. Borgf. spurðist nánar fyrir um Úlfarsá. Enn sem komið er er undirbúningur lítill þar á staðnum, en meiningin er að taka upp hælisrekstur í húsum, sem eru þar, með því móti að flytja tilraunastöðina. Síðan kemur svo til athugunar að byggja hús til viðbótar á þessum stað. En það er ekki komið svo langt með það, að ég geti gefið upplýsingar um það nú. En meiningin er að byrja þarna hælisrekstur *í smáum stíl, þegar tilraunastöðin er flutt þaðan (PO:* Hvenær verður hún flutt?) Ég skil það svo, að það verði nú alveg á næstunni. Annars hefur landlæknir annazt þetta mál fyrir ráðuneytisins hönd.

Inn í þessar umr. hefur verið dregið að tala um Skálholt og ábúanda þess, Jörund Brynjólfsson. Ég ætla, að það sé rangt til getið, að hér sé á bak við nokkur tilhneiging til að láta þennan hv. þm. fá óeðlileg hlunnindi. En mér hefur fundizt, að sumt, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt, og jafnvel hv. þm. A-Húnv. líka, hafi átt að skilja svo, þó að ekki hafi þetta beinlínis verið sagt. En viðkomandi þessu vil ég taka tvennt fram. Fyrst það, sem hv. þm. raunar vita, að þegar ákveðið var með l., að *settur skyldi á fót Skálholtsskóli, þá var náttúrlega þannig komið*, að hv. 1. þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, gat ekki vitað, hvort honum mundi verða auðið að sitja á þeirri jörð eitt, tvö, þrjú eða kannske fjögur missiri, þannig að framtíðin um ábúð fyrir hann var í óvissu, og vita allir, sem komið hafa að búskap, að undir þeim kringumstæðum er ómögulegt að starfa að búskap. Þá þurfti vegna skólans fyrirhugaða að losa Skálholt úr ábúð, eins og hæstv. atvmrh. tók fram. Og var þá ekki hægt að *gera ráð fyrir, að Jörundur Brynjólfsson* stæði upp af ábýlisjörð sinni án þess að hafa eitthvað til að hverfa að. Og ef hann vildi halda áfram búskap, var því sjálfsagt að leitast fyrir um, hvort fáanleg mundi vera jörð, sem hann vildi nota, og ganga þá frá því á eignaskiptagrundvelli, ef unnt væri, að hann hefði ábúðaskipti. Og var þá ekki hægt að miða við annað í því efni en mat óvilhallra manna. Og hér hefur ekki gerzt annað en það, að atvmrn. hefur losað Skálholt úr ábúð og látið í staðinn til ábúandans aðra jörð, Kaldaðarnes. Og þetta hefur farið fram á báða bóga eftir mati óvilhallra manna, hvað verð og skilmála snertir. Og það skilst mér, að sé sú aðferð ein, sem viðhafa beri í slíkum málum sem þessu. — Að vísu lýtur þetta, sem ég hef nú síðast gert að umtalsefni, ekki að þessu hæli, sem um hefur verið rætt, en af því að þetta atriði hefur dregizt nokkuð inn í umr., gat ég þessa.

En svo kemur í annarri röð það atriði, sem eru hæli fyrir þá drykkjusjúklinga, sem lengur þurfa að dvelja á hæli. Og þar er gert ráð fyrir, að Reykjavíkurbær og aðrir bæir eigi að eiga frumkvæðið um að koma upp þeim hælum. Sú skylda er lögð á ríkið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 137).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað mál þetta á þrem fundum og athugað það eftir þeim gögnum, sem hún hefur fengið, og boðað á fundina menn þá, er að samningu frv. stóðu. Á tveim fundunum mættu þeir landlæknir og dr. Helgi Tómasson yfirlæknir. Að fengnum upplýsingum þeim og gögnum, sem þeir töldu liggja til grundvallar fyrir frv., var nefndin sammála um, að hér væri stefnt í rétta átt og mikilvæg atriði, er mæltu með frv. Hins vegar voru ekki allir á sama máli um staðsetninguna, t. d. hvort binda ætti stofnunina við Kleppsspítalann, og gæti ef til vill verið heppilegra að binda hana við annað sjúkrahús. Í öðru lagi er kostnaðarhliðin dálítið ótrygg, og hefur verið látið í veðri vaka, að Reykjavíkurbær mundi taka drjúgan þátt í kostnaðinum, og í 6. gr. er talað um almennan rekstrarkostnað. Slíkur kostnaður verður allmikill, þar sem gert er ráð fyrir 40 rúmum,

en hvort það verður á Kleppi eða annars staðar, skiptir minna máli.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt., en eru að öðru leyti með framgangi þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, StgrSt, EystJ, FJ, HÁ, HB, HermG, IngJ, JóhH, JG, JS, KTh, PÞ, SG, SEH, BG.

SK greiddi ekki atkv.

17 þm. (StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, GTh, GÞG, HelgJ, JPálm, JJ, JörB, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Ég veit ekki á þessu augnabliki, nema búið sé að ráðstafa fé því, sem til þessa er ætlað, á annan veg, og vil ekki ráðstafa því á tvennan hátt. Ég sit því hjá við atkvæðagreiðslu.

2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

8.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

15.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Frv. þessu, sem hér er fram borið, er í rauninni skipt niður í svo meginþætti. Annars vegar fjallar frv. um það, hvernig fara skuli með þá menn, sem lögregla tekur höndum drukkna og eru á almannafæri. Hinn hluti frv. fjallar um það, hvað hið opinbera á að gera til að hjálpa drykkjusjúklingum, en þar er átt við þá menn, sem mega kallast sjúkir af ofnautn áfengis. Ákvæði þau, sem felast í fyrri hluta frv., eru ráðgerð í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina og lögregluyfirvöldin. Hefur því verið leitað til þeirra aðila, sem hafa meðferð drykkjusjúklinganna með höndum, og lögreglunnar, sem handtekur drukkna menn á almannafæri. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur einnig sýnt þessum málum mikinn gaum, og hefur ríkt mikill áhugi meðal forráðamanna Reykjavíkurbæjar, að þeim drykkjusjúklingum sé hjálpað, sem af frjálsum vilja óska þess að reyna að komast yfir sjúkdóm sinn, og reynt að forða þeim mönnum frá því, að þeir verði algerlega áfenginu að bráð. Er því gert ráð fyrir, að komið verði upp hæli fyrir drykkjusjúkt fólk. Ráðgert er, að bæjarfélög greiði stofnkostnaðinn að hálfu leyti og að móti komi hálft framlag úr ríkissjóði, eins og ráðgert er í 15. gr. frv. Í síðari kaflanum er talað um ráðstafanir vegna drykkjusjúkra. Í honum eru ekki nein nýmæli frá því, sem áður hefur verið í l., því að áður hefur ríkið rekið hæli fyrir drykkjusjúka menn. En hér er gert ráð fyrir, að reist verði tvö hæli, annað, sem sé ætlað þeim sjúklingum, sem ekki er gert ráð fyrir, að þurfi nema stutta hælisvist til þess að læknast, en hitt hælið sé fyrir þá, sem svo illa eru leiknir af völdum áfengis, að þeim sé nauðsynleg lengri dvöl og nákvæmari hjúkrun á hælinu. Reynsla undanfarinna ára hefur kennt, — sú leið, sem farin var með rekstur drykkjumannahælis, — að nauðsynlegt væri, að þessi hæli væru tvö, og er því hér lagt til, að ríkið reisi á sinn kostnað læknishæli fyrir drykkjusjúka, en hitt hælið verði reist fyrir frumkvæði bæjarstjórnar Reykjavíkur, en til þess verður lagt fé á móti bæjarfélaginu úr sérstökum sjóði, sem ráðgert er að stofna og segir frá í 15. gr. frv. Mikill áhugi ríkir að koma þessu átaki í framkvæmd. Hefur þetta orðið að sameiginlegu verkefni ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

Loks er að geta þess, að III. kafli frv. fjallar um fjáröflunarleiðina til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Þar er tiltekin ákveðin upphæð, sem ríkið greiði árlega sérstökum sjóði, sem renni til hælisbygginga. Eins og segir í 15. gr., er gert ráð fyrir að taka hluta af ágóðanum af sölu Áfengisverzlunar ríkisins til þess að koma þessu málefni áleiðis, og fannst ríkisstj. ekki óviðeigandi að taka hluta áfengisgróðans til þessa fyrirtækis.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að málinu verði vel tekið og verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. að umr. lokinni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og ástandið virðist vera í áfengismálunum, er þetta frv. ekki of fljótt fram komið, að hið opinbera hlutist til um, að þeir áfengissjúklingar, sem eru á meðal vor í þjóðfélaginu, fái eitthvað betri aðbúð en verið hefur til þessa. Nú er farið að líta svo á, að það fólk, sem verður áfenginu að bráð, sé sjúkt og þurfi lækningar við, engu síður en við öðrum sjúkdómum. Það eru nokkuð margir góðir menn, sem hafa viljað stíga spor í þessa átt á undanförnum árum. Ríkisvaldið hefur sýnt nokkurn skilning á málinu á undanförnum árum, með því að styrkja drykkjumannahæli, sem góðtemplarar höfðu forgöngu um. En nú er vilji fyrir hendi, að ríkisvaldið leitist við að gera ýtarlegri tilraunir til þess að hjálpa þeim drykkjusjúku en verið hefur. En ef Alþ. viðurkennir þessa nauðsyn, þá vil ég, að veitt sé til þessa máls djarf-

lega af opinberu fé. Ég tel, að það beri að leggja þetta fé fram beint úr ríkissjóði og að ákveðin upphæð sé árlega ætluð á fjárlögum til framdráttar þessu máli. Ég kann ekki við, að neitt sé verið að reyna að fara í kringum þetta. Ákvæði lík þessu hafa stundum smogið inn í íslenzka löggjöf og nartað hefur verið í fé ríkisins svona á bak við. En ef slíkur háttur er upp tekinn, er það ekki til annars en að rugla menn í útgjöldum ríkisins. En þó að mörgum kunni kannske að finnast það harðir kostir að veita til þessa máls af ágóða af sölu áfengis, þá er það nú svo, að ríkisframkvæmdir styðjast að mjög verulegu leyti við þennan tekjustofn, og honum verður vart breytt fyrr en fundinn er nýr tekjustofn, ef þá þegnarnir slaka ekki til um kröfur sínar til lífsins. Nú, en um þetta er annars það að segja, að ekki þýðir um það að sakast, því að um það erum við allir jafnsekir á Alþ., meðan önnur leið er ekki fundin til þess að koma í stað áfengiságóðans. En það eru nú ekki öðruvísi peningar áfengispeningarnir frá áfengisverzluninni en aðrir peningar, og tekjur af verzluninni renna í ríkiskassann. Mér finnst því eðlilegast að taka þessa peninga beint úr ríkissjóði til þess að lækna ofdrykkjumenn. En það er þetta, sem ég hef við þetta að athuga, að ef það er vilji Alþ. að fórna árlega 1½ milljón fyrir þetta málefni, þá á að gera það fyrir opnum dyrum og setja þetta sem fastan lið á útgjaldareikning ríkisins. Hér var annað frv. á ferðinni fyrir skömmu síðan. Þar var líka reynt að seilast í ágóðann af rekstri áfengisverzlunarinnar, án þess að það kæmi berlega fram á ríkisreikningnum. Sé farið að praktisera þetta, þá gefa hvorki fjárlögin né ríkisreikningurinn rétta hugmynd af fjárútlátum ríkisins. Ég vil því leyfa mér að biðja hv. n., er hún fær málið til athugunar, að athuga það, hvort ekki væri réttara að breyta frv. þannig, að fé til hjálpar drykkjumönnum verði árlega tekið á fjárlög, en ekki verði sá siður upp tekinn að seilast ofan í ríkiskassann bakdyramegin. Það er „better for us all", eins og Englendingurinn segir, að skerða ekki tekjustofna ríkisins, þó að til þess sé ætlazt aðeins í bili.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af þeim orðum, sem hæstv. fjmrh. lét falla hér í ræðu sinni. Eins og ráðh. tók réttilega fram, þá er í frv. gert ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður til framdráttar þessu máli, og er gert ráð fyrir, að í hann renni hluti af árlegum ágóða áfengisverzlunarinnar. Er þetta frv. var samið, var ákveðið að miða við þetta, og er engin ástæða til þess, að nokkur skekkja komi fram á ríkisreikningnum. Þetta gæti ekki komið fram nema á einum lið reikningsins, en ef þetta yrði tekið inn á fjárlögin, þá mætti alltaf búast við því, að þessari greiðslu yrði þrýst út af fjárlögum vegna annarra greiðslna, sem fjvn. kynni að telja meira aðkallandi. Að koma þessu þannig fyrir í frv. þótti betur tryggja það, að greiddur yrði árlega ákveðinn póstur til framdráttar þessu máli, heldur en að hafa sjálfstæða upphæð á fjárlögum til þessa, en að sjálfsögðu kemur þetta fram á ríkisreikningnum og á fjárlögum. Er þetta því aðeins bókfærsluatriði, og verður tekið af ágóða ríkisins, hvaða ráðh. sem fer með fjármál ríkisins. Hvað upphæðina snertir, þá mætti ef til vill lækka hana eitthvað, og fyndist mér engin goðgá, þó að hún yrði kannske eitthvað lægri, ef aðeins er tryggt, að pósturinn haldist. Ég óska þess aðeins, að ákveðinn hluti af áfengisgróðanum verði tekinn til þessa, en það er svo auðvitað á valdi ráðh., hvernig hann lætur bókfæra þetta.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég skal ekki efa hæstv. menntmrh., að bókfæra megi þennan útgjaldalið sómasamlega og á allan hátt svo, að sómasamlegt sé að dómi ráðh., en þessi aðferð hefur verið notuð stundum áður og ekki alltaf þótzt reynast vel. En ef ríkisvaldið ætlar að láta framkvæma eitthvað menntalegt, heilbrigðislegt eða atvinnulegt, þá held ég, að það sé rétta leiðin, að hreinlega sé komið fram í þeim efnum. Um upphæðina, sem lagt er til að greiða árlega, hef ég ekkert sagt, en upphæðin er rausnarleg, sem við mátti búast af hæstv. ráðh., en mér er ljóst, að þegar fjvn. er, oft á síðustu dögum þingsins, að vega og meta tekjur og gjöld ríkissjóðs og balansera gjöld og tekjur ríkiskassans, þá geti henni sézt yfir þessa greiðslu, þegar þetta kropp, — já, ég vil kalla þetta kropp, — þegar verið er að kroppa svona utangátta í ríkiskassann. Menn segja nú, að hafa megi þetta í huga, en það vill nú sjást yfir það, og ég held því fram, að það ætti að færa þetta inn á fjárlög. Annars verður niðurstaðan sú, að tekjustofnar ríkisins rýrna. Niðurstaðan verður sú, að tekjustofnarnir svara ekki því, sem ætlazt er til. Afleiðingin verður halli á fjárl., sem kemur á bak þess fjmrh., sem í hvert sinn á að svara fyrir það. Ég er þess vegna mjög á þeirri hugsun að flytja brtt., ef hún kemur ekki frá n., að hér skuli „stýra af hafinu stórskipaleið og stefna á Engeyjarsund", fara ekki neinar krókaleiðir, heldur ganga hreint til verks, og Alþ. sjái sjálft fyrir því, hvað það vill leggja mikið fé í þetta á þessu árabili, og gera viðeigandi ráðstafanir, en hætta að taka fé til þess úr ríkisstofnunum bakdyramegin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara minna báða hæstv. ráðh. á, að það var í l. um nokkurt skeið að leggja ákveðinn hluta af benzínskattinum í svokallaðan brúasjóð, og var sú áætlaða upphæð tekin inn í fjárl., því að það er vitanlega skylda Alþ. hverju sinni að taka upp í fjárl. lögboðin útgjöld, og ef horfið verður að því ráði að láta 1½ millj. til þeirra hluta, sem frv. gerir ráð fyrir, þá verður það vitanlega tekið upp í fjárl. Hitt er annað mál, hvort fjárhag ríkisins er svo háttað, að ráðlegt sé að láta þá upphæð til þess. Það er hlutur, sem þarf að athuga. Það er ósiður, sem hefur

tíðkazt undanfarin ár, að samþ. útgjöld og setja þau ekki inn í fjárl., heldur hafa það sem útgjöld samkvæmt sérstökum l. Það var komið í þetta horf fyrir nokkrum árum og hefur færzt til hins verra. Og þó að ég sé hundrað prósent með að hjálpa þessum mönnum, þá er ég ekki tilbúinn að samþ., að það eigi nú að láta hálfa aðra milljón til þeirra hluta. Það þarf enga skekkju að gera á útgjalda- og tekjuhliðinni, ef rétt er áætlað, en að halda utan við fjárl. stórum póstum er ósiður, sem á að leggja niður, þó að hann hafi verið viðhafður nokkur ár.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki pexa mikið um þetta. — Það er engin ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að óttast, að menn gleymi því, að einhver ákveðin upphæð sé ætluð til þessara hluta, því að sérhver fjmrh. getur dregið þessa upphæð frá tekjum áfengisverzlunarinnar eða sett hana upp sem gjaldapóst á móti tekjunum. Þetta vil ég láta nægja um það.

Ég vil segja það til viðbótar við það, sem liggur á bak við þá hugsun að taka þessa upphæð af ágóða áfengisverzlunarinnar, að þjóð, sem tekur svona mikið af tekjum sínum með sölu áfengis, verður að hafa ráð á því að láta nokkra fúlgu til að greiða fyrir þessu máli, hvað sem öðru líður. Það er sú hugsun, sem liggur að baki þess, að ákveðið er stílað á þessa lund, og það ætla ég að láta verða mitt síðasta orð við þessa umr. Hitt má íhuga, hvort þessi upphæð, sem hér er nefnd, sé fullhá. Það kann að vera, að hún hafi verið sett fullhá til þess, eins og það er orðað á sjómannamáli, að gera fyrir afdriftinni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hefði gjarna viljað taka það fram áður, en mun ekki hafa gert það, þó að ég vilji ekki gera ágreining við hæstv. menntmrh. um það, í hvaða n. málið skuli fara. Það var í heilbr.- og félmn. í Nd. Málið er þó þannig vaxið, að ég tel nauðsynlegt, að það komi undir álit fjvn., því að hvaða leið sem farið er til að taka þetta fé, hvort sem það er tekið úr tekjum áfengisverzlunarinnar, eins og lagt er til í frv., eða beinlínis lagt fram af ríkistekjum, þá er niðurstaðan sú sama, tekjumissir eða útgjöld fyrir ríkissjóð. Mér finnst því, að eigi að hafa fjvn. með í ráðum um afgreiðslu þess. *(PZ:* Hún er í Sþ.) Ég veit það, en hún er samt ekki svo langt undan, að sú n., sem fjallar um málið, getur vel haft samband við hana, og mér finnst það nauðsynlegt, þar sem um er að ræða að ráðstafa þannig beint eða óbeint stórfé út úr þjóðarbúinu. Mér finnst því ekki viðeigandi að n. afgr. málið án þess að ráðgast um það við fjvn.

Það er rétt hjá hæstv. menntmrh., að við verðum að hafa ráð á því að gera eitthvað fyrir þá menn, sem svona er ástatt fyrir, en það má gera jafnmyndarlega við þá eftir þeirri beinu leið, sem venjulega er farin, að veita fé í fjárl., eins og með þeirri aðferð, sem lagt er til í frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að kannske væri hér fulldjúpt tekið í árinni, og eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, þá verður líka að taka tillit til þess, hvað hægt er að gera vegna fjárhags ríkisins í þessu efni. En um leið og ég viðurkenni það, vil ég undirstrika, að mér finnst, að ríkinu beri skylda til að taka upp í fjárl. sómasamlega upphæð í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 23, n. 632 og 658, 629).

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál var lagt fyrir þingið rétt fyrir þingbyrjun og hefur verið í meðferð þingsins síðan. Heilbr.- og félmn. Nd. lagði einróma til, að frv. yrði samþ. óbreytt, og þannig kom það hingað. Hæstv. heilbrmrh. lagði frv. fyrir, en það er samið af landlækni og dr. Helga Tómassyni. Á fyrsta fundi, sem heilbr.- og félmn. Ed. tók þetta mál fyrir, voru höfundar frv. mættir og ræddu málið við nm. Þá þótti sýnt, að nm. væru ekki að öllu leyti sammála um frv., eins og betur kom í ljós síðar. Eins og fram kemur í nál. hefur þetta mál verið rætt á flestum fundum n. síðan og tilraunir gerðar til að jafna þann ágreining, sem var milli nm. En allar voru árangurslausar og enduðu með því, að n. klofnaði um málið. Í meiri hl. voru hv. 1. þm. N-M., hv. 4. landsk., hv. þm. Seyðf. og ég. En einn þessara nm., hv. 4. landsk., tekur fram, að hann áskilji sér rétt til að fylgja öðrum brtt. en þeim, sem koma frá meiri hl. n., þ. á m. brtt. frá hv. minni hl. n., hv. þm. Barð. Meiri hl. n. var samþykkur frv. með þeim breyt., sem um getur á þskj. 629, en hv. minni hl. aðeins með því móti, að því verði gerbreytt, og hefur borið fram 10—12 brtt. á þskj. 658, sem gerbreyta frv.

Aðalefni frv. er það, að þeir menn, sem handteknir eru fyrir ölvun og ekki er hægt að sleppa strax, skuli fluttir á þar til gert sjúkrahús til að vera undir læknishendi. Þessir menn skulu vera undir læknishendi, unz runnið er af þeim, og má halda þeim þar allt að 2 sólarhringum, meðan rannsókn fer fram, en ekki lengur. Í 3. gr. er tekið fram, að læknir, sem stundar sjúklingana samkv. ákvæðum í 1. og 2. gr., skuli kynna sér ásigkomulag og ástæður þessara manna, og verði niðurstaðan sú, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, skal læknirinn ráðfæra sig við sjúklinginn eða aðstandendur hans um, hvað gera skuli. Í 4. gr. eru ákvæði um það, að sveitarfélög, er koma upp sjúkrahúsum eða sjúkradeildum til að fullnægja 1., 2. og 3. gr., skuli styrkt úr

ríkissjóði að ½ kostnaði. Ég sé ekki ástæðu til að hafa nein orð til að skýra 5.—7. gr., en kem þá að meginefni frv., sem segir, hvað hið opinbera skuli gera til að framkvæma þessa meðferð á drykkjusjúkum mönnum. Í 8. gr. er svo kveðið á, að geðveikrahælið á Kleppi skuli hafa yfirumsjón með drykkjusjúkum mönnum og annast um lækningu á þeim. Ætlazt er til, að ríkið reisi og reki gæzluvistarhæli handa mönnum þeim, sem læknar telja unnt að lækna, og skuli það vera í nágrenni við Klepp eða Reykjavík. Í annan stað skuli sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka hæli fyrir þá menn, sem ekki er hægt að lækna, þ. e. áfengisöryrkja. Þriðja meginatriðið er að drykkjusjúkum mönnum, sem ekki eru á lækningahæli eða visthæli fyrir áfengisöryrkja, sé komið fyrir á vönduðum einkaheimilum og sé þar tekið fullt tillit til heilsu þeirra. Til að hafa slíka gæzlu með höndum, skulu valdir menn eða konur af heilbrigðisstjórninni. Öll yfirstjórn þessara mála skal vera hjá yfirlæknum á Kleppi. 9. gr. kveður á um, hverjir skuli vera í gæzluvist á hælum:

1. Þeir, sem eru dæmdir til þess.
2. Þeir, sem sækja um það sjálfir eða lögráðamenn fyrir þeirra hönd.
3. Þeir, sem dómsmrh. ráðstafar þangað eftir ákvæðum um lögræði.

Hver sem dæmdur hefur verið á hæli eða hefur sótt um það, skal hlíta gæzlu og virða reglur, sem þar eru settar. Í 10. gr. er ákveðið, að allir skuli hlíta gæzlu svo lengi sem læknirinn á Kleppi ákveður, en þó ekki lengur en þeir hafa sótt um dvöl á hælinu, nema þeir hafi þá endurnýjað umsóknina. Samkv. 11. gr. er því slegið föstu, að gæzluvist fylgi vinnuskylda gæzluvistarmanns. Í 12. gr. eru ákveðin viðurlög við því að aðstoða vistþega í útvegun áfengis, en sekt ekki ákveðin. Kostnaður af þessu greiðist yfirleitt samkv. 1. um sjúkrahús, en það er ⅔ úr ríkissjóði, en þó ⅔ á fjórðungssjúkrahúsum. Ætlazt er til, að ráðh. geti sett reglugerð um drykkjusjúklinga eftir þessum l., hvort sem um hæli eða einkaheimili er að ræða. Þá er ákvæði um það, að verja skuli 1½ millj. af gróða áfengisverzlunar ríkisins í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Í lokakaflanum er svo tekið fram, að l. þessi öðlist þegar gildi og eftir því sem ástæður leyfa. Þetta er innihald frv. eins og það var lagt fyrir þingið af heilbrmrh. Það kom hingað óbreytt, og það mun hafa verið 11. febr., sem ég og hv. þm. Barð. lögðum fram hvor í sínu lagi viðtækar brtt. við frv. Meginbreyt. í till. okkar beggja var að gera það enn skýrara en í frv., að meðferðin á drykkjusjúkum mönnum skyldi alls ekki vera á þann veg sem um sakamenn væri að ræða, heldur sjúklinga. Önnur meginbreyt. var sú, að þessi mál skyldu ekki heyra undir geðveikrahælið á Kleppi, heldur undir sérstakan sérfræðing, sem falið væri að stjórna þessu. 3. breyt. var sú, að allur kostnaður af lækningum og uppihaldi, hvort heldur væri á gæzluhælinu eða dvalarhæli fyrir áfengisöryrkja, skyldi að fullu greiddur úr ríkissjóði. Það sýndi sig, að hv. þm. Barð. lagði kapp á fleiri breyt., og fund eftir fund var reynt að bræða saman till. okkar, m. a. var einum hv. nm. sérstaklega falið að reyna að sameina till. okkar, en allar tilraunir í þá átt urðu árangurslausar. Enn fremur var ljóst, að hæstv. heilbrmrh. vildi á hvorugar till. fallast. Enn fremur voru höfundar frv. andvígir brtt. Þegar svo var komið, óskaði hæstv. heilbrmrh., að brtt. yrði ekki kastað fram, en athugaðar og allar leiðir reyndar til, að n. gæti sameinazt um till., sem hæstv. ráðh. gæti fallizt á. Þetta er því ástæðan fyrir því, að afgreiðslan dróst á langinn, en ekki eins og kemur fram í nál. hv. minni hl., sem segir, að þetta hafi stafað af áhugaleysi meiri hl., og er það áreiðanlega sagt gegn betri vitund, því að ég varð var við, að þetta mál var rætt af miklum áhuga af hv. nm. og ekki gætti þar neins áhugaleysis.

Ég skal þá fara örfáum orðum um brtt. meiri hl. Að athuguðu máli og í þeim tilgangi að valda sem minnstum ágreiningi hurfum við frá brtt. við 1., 2. og 3. gr. Við teljum það augljóst mál, að eins og þar er, þá er það ætlunin að meðhöndla áfengissjúklinga á þá lund sem um sjúklinga, en ekki afbrotamenn sé að ræða. Við gerðum því fyrst smábreyt. við 4. gr., að gr. orðist svo: „Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.“ Ég geri ráð fyrir, að þetta yrði viðast hvar svo í framkvæmd, að bæjarfélög, sem eiga sjúkrahús, mundu breyta einu eða tveim herbergjum í þessu skyni, og er því eðlilegast, að þáttur ríkisins í kostnaðinum yrði sá sami og í l. um sjúkrahús. Mín skoðun er sú, að þarna yrði ekki um stórkostlegar byggingaframkvæmdir að ræða, þó að þyrfti að halda á 1—2 herbergjum. — Næsta brtt. er við 8. gr. og fer fram á, að yfirumsjón með drykkjusjúklingum sé í höndum taugasérfræðings og í engum tengslum við Klepp. Með því er þó enginn dómur lagður á, að dr. Helgi Tómasson sé óhæfur til að gegna þessu starfi eða að þessir menn eigi enga verulega samleið með öðrum taugasjúklingum, en við teljum ekki heppilegt, að þetta sé saman, og ekki heppilegt að hafa þetta sem aukastarf læknisins á Kleppi. En að öðru leyti er sú breyting gerð, að ríkissjóður tekur reksturinn á sinn kostnað, bæði lækningahæli og dvalarheimili fyrir drykkjusjúklinga. Frv. ætlast hins vegar til, að eitt eða fleiri sveitarfélög beri kostnaðinn af þessum dvalarheimilum, en mér finnst full ástæða til þess, að ríkið beri allan kostnaðinn, þar sem það fær allan ágóðann af sölu áfengis, og í samanburði við þann ágóða er þetta harla lítið framlag, sem krafizt er. Þá staðfestum við það einnig, að drykkjusjúkum mönnum megi koma fyrir á einkaheimilum. — Aðrar breytingar, sem við höfum gert við frv., eru svo þær, að alls staðar þar, sem orðið „Kleppur“ kemur fyrir, þá falli það burt. Þá er og lagt til, að sektir fyrir að útvega þessum drykkjusjúklingum vín, verði allt að 2000 kr., og enn fremur

leggjum við til, að ákvæði 15. gr. um sjóðmyndun falli niður, þar sem ríkissjóður á að bera allan kostnaðinn, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af aðilum sjálfum. Það er hugsanlegt, að einstaka aðilar geti greitt sjálfir fyrir dvöl sína á hælinu. Efnamaður getur verið áfengissjúklingur, og þá er engin ástæða til þess, að ríkissjóður borgi fyrir hann. Af þessum till. um tekjuöflun fellur því III. kafli frv. alveg niður.

Ég veit, að minni hl. n., hv. þm. Barð., mun gera hér grein fyrir nál. sínu. Ég tel, að í aðalatriðum sé nál. hans samhljóða okkar nál., og aðalmunurinn er sá, að hann vill fara dálítið lengra. Ég tel hins vegar tilefnislaust að draga Kaldaðarnes inn í þessar umr. og óviðeigandi að vera með aðdróttanir á lögregluþjóna fyrir meðferð þeirra á drukknum mönnum, og sömuleiðis tel ég óviðeigandi að koma fram með vantraustsyfirlýsingar á dr. Helga Tómasson, þar sem lagt er til, að honum verði ekki falin yfirstjórn þessara mála. Ein ástæðan fyrir því, að meiri hl. n. vildi ekki fallast á till. minni hl., var sú, að við teljum, að ef þær till. næðu fram að ganga, þá yrði þetta frv. slíkt bákn, að það kæmist aldrei í framkvæmd. Við teljum, að málinu sé betur borgið, ef frv. verður afgr. eins og við leggjum til en ef það yrði aukið þannig og endurbætt eins og hv. þm. Barð. vill gera, en yrði þá um leið svo mikið bákn, að frv. yrði eingöngu pappírsplagg, enda þótt það yrði samþ. Hv. þm. Barð. nægir ekki minni breyt. á 1. gr. frv. en að hún orðist svo: „Menn þá, konur sem karla, sem ölvaðir eru á almannafæri, á samkomustöðum eða á heimilum og raska ró manna, gera árásir á aðra eða valda óspektum með drykkjulátum, skal flytja í sjúkrahús, sem hefur tök á að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Það er borgaraleg skylda að aðstoða við slíka flutninga.“ Það hlýtur hver maður að sjá, að eins og nú er málum háttað, þá er þetta algerlega óframkvæmanlegt, því að eins og drukkið er nú hér á landi, þyrfti geysilegan fjölda af sjúkrahúsum um allt landið til þess að þetta væri framkvæmanlegt. Vissulega er þetta óskadraumur okkar, sem höfum áhuga fyrir þessum málum, að þetta megi verða á þann veg, sem segir í brtt. minni hl., en ég fyrir mitt leyti tel betra, að samþ. verði minna, en það síðan framkvæmt, heldur en að samþ. verði róttækar ráðstafanir, sem aðeins verða svo á pappírnum.

Þá segir í 2. brtt. minni hl., að ölvuðum mönnum skuli hjúkra, unz af þeim sé runnið, og er þetta samhljóða frv., en síðan er bætt við í brtt., að það skuli varða sektum að misþyrma sjúklingunum á einn eða annan hátt. Mér virðist nú satt að segja harla undarlegt, ef þarf að taka það fram, að ekki megi misþyrma sjúklingunum, og mér finnst því, að þetta komi þarna alveg eins og skrattinn úr sauðarleggnum og sé vægast sagt alveg út í hött.

Þá er 3. brtt. minni hl. svo viðtæk, að mér finnst, að það hljóti frekar að verða reglugerðaratriði en lagafyrirmæli, hvernig læknar skuli rannsaka sjúklingana, hve lengi tilraunir skuli gerðar á þeim og í þriðja lagi, hvort senda skuli sjúklinginn á lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn eða á geðveikrahæli. Það liggur í augum uppi, að það eru sérfræðingar í þessum málum, sem verða að taka ákvörðun um þetta, og því tel ég þetta reglugerðaratriði.

Í brtt. minni hl. er lagt til, að úrskurði sjúkrahússlæknis megi áfrýja til áfengislæknis, og skal hann láta fara fram rannsókn á sjúklingnum að nýju. Ef til þess kemur, að sjúklingurinn vill ekki sætta sig við úrskurð áfengislæknisins, getur hann áfrýjað máli sínu til þriggja manna nefndar, sem er nokkurs konar hæstiréttur í málinu, og er sú nefnd skipuð einum lækni með sérþekkingu á drykkjusýki, einum sálfræðingi og einum dómara og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Mér virðist þetta vera allt of margbrotið og það hljóti að taka langan tíma að komast að fastri niðurstöðu. Hins vegar skil ég, að þetta er gert til þess, að sjúklingurinn geti leitað réttar síns, ef þörf gerist, og að þetta á að tryggja frelsi hans.

Þá er lagt til í 5. brtt., að ríkið greiði allan kostnað, en þó er á þessu sú undantekning, að þeir, sem eru látnir lausir strax að rannsókn lokinni, skuli greiða sjálfir fyrir sig. Mér finnst aftur á móti, að ef nokkrir ættu að sleppa við að greiða fyrir sig, þá séu það þeir menn, sem þannig er ástatt um.

Í 7. brtt. er talað um, að vistheimili fyrir þessa áfengisöryrkja skuli byggð á stað, þar sem hægt sé með góðu móti að reka fjölbreytta framleiðslu. Ég álít, að rétt sé að láta viðkomandi sérfræðinga velja hælinu stað, og þetta er því frekar reglugerðaratriði, sem kemur síðar til greina. Ég get þó vel fallizt á það hjá dr. Helga Tómassyni, að heppilegasti staðurinn sé nálægt Reykjavík. Það er vitað, að mestur hluti þessara ógæfusömu sjúklinga er héðan úr Reykjavík, og svo mun verða framvegis, en auk þess þykir mér trúlegt, að ekki verði unnt að fá sérlærða menn í þessum málum annars staðar en hér í Reykjavík. Ég vil þó taka það fram, að þetta er aðeins mín persónulega skoðun, og því gæti vel komið til mála að hafa dvalarheimilin einhvers staðar annars staðar, en þetta er bara ekki lagasetningaratriði.

Í 10. brtt. vill hv. minni hl. slá fastri vinnuskyldu, en bætir þó við, að ef vistmaður vinni meira en 18 klukkustundir á viku, þá skuli honum greidd full laun, miðuð við venjuleg verkamannalaun. Nú sæti það sízt á mér að vera andvígur því, að sumir fullvinnandi menn sætu ekki auðum höndum og að þeir, sem vinna meira en lágmarksvinnu, fái laun fyrir það, sem þeir vinna fram yfir, en ég tel þó vafasamt að ákveða þetta með lögum. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem við, meiri hl. n., töldum, að mundi ekki vera til þess fallið að greiða fyrir málinu, og ég er enn þeirrar skoðunar. Hins vegar veit ég, að allar þessar till. hv. þm. Barð. eru bornar fram af góðum hug til málsins, og mér er kunnugt um, að hann hefur mikinn áhuga fyrir þessu máli.

Að síðustu vil ég svo segja það, að þótt ég telji okkar brtt. til bóta, þá tel ég sjálft frv. líka til mikilla bóta, og ég mundi því greiða frv. atkvæði, jafnvel þótt brtt. okkar yrðu felldar. Ég tel það skyldu Alþingis að samþ. þetta frv., en ég óttast, að þótt brtt. hv. þm. Barð. yrðu samþ., þá yrði það aðeins á pappírnum og ríkissjóði yrði bundinn þar of þungur baggi eins og fjárhag hans er háttað.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram í framsöguræðu sinni, varð ekki samkomulag í n. um afgreiðslu þessa máls. Þeir hv. 1. þm. N-M., hv. þm. Seyðf., hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. hafa nú gefið út sérstakt nál. á þskj. 632, þar sem þeir leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Ég gat ekki fylgt þeim að málum og gaf út sérstakt nál. á þskj. 658. — Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. í nóvember s. l. og var tekið fyrir á svo að segja hverjum fundi framan af, en öll meðferð hv. form. á málinu var þannig, að líkast var, að hann vildi ekki, að það næði fram að ganga. Það kom strax í ljós á fyrsta fundi n., að meiri hl. hafði áhuga á málinu, en taldi, að ekki væri hægt að samþ. það óbreytt. Það var því lögð í það mikil vinna, bæði af mér og hv. 3. landsk., að gera þær breyt., er til bóta máttu verða. Ekki var um neinn verulegan ágreining að ræða milli aðila, en hv. form. gerði alls engar tilraunir til að jafna hann og reyndi meira að segja að leggjast á málið, er sjáanlegt var, að þrír hv. nm. mundu sameinast um eitt álit. (*BBen:* Hver var þessi skemmdarvargur?) Það var hv. form. n., þm. N-M., og gerði hann þetta meira að segja eftir skipun frá hæstv. menntmrh. Eftir töluverðan tíma afhenti hann svo hv. þm. Seyðf. málið til að reyna að ná samkomulagi. Það var svo ekki fyrr en ég hafði lagt mjög fast og eindregið að hv. form., að hann tók málið fyrir á ný, og þá einnig eftir skipun frá hæstv. ráðh. Það er því alveg augljóst, að hæstv. ráðh. ætlaðist aldrei til, að málið næði fram að ganga, enda ekki borið fram til að lækna mein þessara drykkjusjúklinga, heldur til að draga blæju yfir það hneyksli hæstv. ráðh. að leggja niður hælið í Kaldaðarnesi, sem byrjað var að starfrækja. Það dettur heldur engum í hug, að hið nýja drykkjumannahæli á Úlfarsá, sem ætlað er fyrir 9 menn, verði að nokkru verulegu gagni. Það, að ætlazt er til, að þar verði stofnsett drykkjumannahæli, er líka aðeins gert til að breiða yfir annað hneyksli, þ. e. a. s. hin heimildarlausu kaup á Úlfarsá. Þessu hefur sem sé verið komið þannig fyrir, að ein stjórnardeildin er látin kaupa þessa jörð og önnur látin stofna þar drykkjumannahæli. Mér þótti rétt að láta þetta koma hér fram í umr. til að sýna, hvernig öll meðferð hæstv. ráðh. á þessum málum hefur verið. Það segir sig sjálft, að ef hæstv. ráðh. hefði haft áhuga fyrir þessu máli og viljað fá frv. fram, þá hefði hann getað það miklu fyrr, meira að segja í nóvemberlok, þrátt fyrir það að ég væri honum ekki sammála og eitthvað stæði á mínu nál. En ég hygg og veit, að það sé einmitt ástæðan fyrir þessum drætti, að þann áhuga vantaði hjá hæstv. ráðh.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að rangt væri að blanda Kaldaðarnesmálinu inn í þessar umr. En ég sé ekki, hvernig á að ræða þetta mál öðruvísi en að gera það, um svo skyld mál er þar að ræða. Hv. frsm. veit, að búið var að stofna drykkjumannahæli í Kaldaðarnesi, mjög sæmilegt í alla staði, og þótt nú verði byggt annað mun dýrara á Úlfarsá, þá verða því aldrei sköpuð jafngóð skilyrði til starfrækslu og hinu fyrra. Það er því augljóst, að ekki er hægt að ræða þetta mál öðruvísi en að fara inn á hitt einnig, sérstaklega þegar upplýst er í nál. meiri hl. allshn. á þskj. 653, að það er fyrir beinar aðgerðir hæstv. menntmrh., að málin eru svona komin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Síðari hluta vetrar 1947 hófust samningaumleitanir við alþingismann Jörund Brynjólfsson, sem hafði lífstíðarábúð á Skálholti, um, að hann vegna þarfa hins fyrirhugaða skóla sleppti ábúðinni að öllu eða verulegu leyti. Jörundur tjáði sig fúsan að beygja sig fyrir þeim vilja, sem fram hefur komið, bæði á Alþingi og í héraði, að láta jörðina af hendi til skólans. En hann fór, eins og eðlilegt var, fram á það að fá fullar bætur fyrir eignir sínar á staðnum og ábúðarréttinn í því formi að fá annað jarðnæði í héraðinu, sem ríkið hefði yfir að ráða og hann gæti sætt sig við, svo og nokkurn stuðning vegna búferlaflutnings, auk annarra minni háttar atriða. Nú var ekki um margar jarðir að ræða austur þar, er ríkið hefur umráð yfir. Þó átti ríkið þar annað gamalt höfuðból, Kaldaðarnes í Flóa, sem hafði verið lítt setið undanfarin ár og ekki var í ábúð að öðru leyti en því, að drykkjumannahæli hafði verið léð afnot af jörðinni um fjögurra ára skeið.“ Byrjunin á málinu er þá sem sagt sú, eins og þarna segir, að hv. 1. þm. Árn. fær augastað á Kaldaðarnesi og knýr það fram með aðstoð síns flokksráðherra, að drykkjumannahælið er lagt niður, til þess að hann geti komizt á jörðina. Svo er sagt, að þetta komi málinu ekkert við. Síðan segir áfram: „Tjáði nú Jörundur Brynjólfsson atvmrn., að þar sem hann sæi sig knúðan til að flytja frá Skálholti, þá væru þær jarðir í Árnessýslu, er hann gæti sætt sig við, allar í fastri ábúð, aðrar en Kaldaðarnes.“ Hér er ljóst, að skipulagt er af hæstv. ráðh. að leggja niður hælið í Kaldaðarnesi til þess að koma flokksmanni sínum á jörðina. „Út af þessu leitaði atvmrn. til menntmrn., sem hafði umráð Kaldaðarness, um, að Jörundur Brynjólfsson fengi ábúð jarðarinnar í stað ábúðar sinnar í Skálholti.“ Það er svo sem ekki farið í grafgötur með þetta, ráðuneyti hæstv. atvmrh. fer fram á það við hæstv.

menntmrh., að hann afhendi Jörundi þetta hæli, sem bundnar voru þær vonir við, að það mundi verða til þess að lækna mein þessara aumingja, og ekki stendur á hæstv. menntmrh. Síðan segir áfram í nál.: „Rétt þykir að minnast á í þessu sambandi, hvers vegna sú ákvörðun var tekin að hætta rekstri drykkjumannahælisins í Kaldaðarnesi. Þó að húsakynni væru þar fyrir 16—17 vistmenn, höfðu þeir aldrei orðið svo margir, miðað við ársdvöl. Samkvæmt því hefur tala þeirra orðið sem hér segir: Árið 1944 um 8 ársmenn.“ En það er einmitt það ár, þegar verið er að koma hælinu á fót. Þá eru 1946 6 vistmenn og 1947 eru þeir aðeins 4. Ég verð að segja, að ef þetta á að vera mynd af því, hve mikil nauðsyn er á að byggja hæli fyrir þessa sjúklinga, þá sé ég ekki, að þörf sé á húsi upp á 9 millj. kr. En sé það hins vegar svo, að ekki hafi allir komizt á hælið, sem þurftu, þá er þar um að ræða vítavert stjórnleysi, sem þarf að rannsaka og eigi láta koma fyrir aftur.

Nú er það vitað og upplýst í þessu máli, að meginorsök vandræðanna voru afskipti Helga Tómassonar og landlæknis, auk þess sem slitið var allt samband milli sjúklinganna og þeirra aðila, sem mesta fórnfýsi og áhuga höfðu sýnt, og vandamálin afhent aðilum, sem þóttust hafa vit á þeim og vilja til að leysa þau, en allt fór í handaskolum hjá. Það þurfti ekki langan tíma til að sjá, hvernig allt ætlaði hjá þeim að fara, og átti þá auðvitað að skipta um stjórn á hælinu hið fyrsta. Nú skilst mér, að till. frá meiri hl. n. gangi í þá átt að forðast það, að þessir menn stjórni þessum málum í framtíðinni. Ég er ekkert að lá þeim það, því að ég legg á það megináherzlu, að þeir menn verði ekki látnir stjórna þessum málum, sem hafa sýnt, að þeir gereyðileggja málið til óheilla fyrir þessa vesalinga og stórkostlegs tjóns fyrir ríkissjóð. Og þarna virðist mér, að hv. meðnm. minir séu mér sammála. Þeir forðast að nefna Klepp í sambandi við þetta mál, og það hefur komið greinilega fram, bæði í framsöguræðu og í umr. í n., að það mætti ekki á einn eða annan hátt tengja þessa starfsemi við Klepp í framtíðinni vegna þess, sem skeð hafði áður. En þegar þetta er viðurkennt, þá hlýtur líka hitt að verða viðurkennt, að hér hefur verið stigið víxlspor. Það hefði átt að taka stjórn hælisins af þessum mönnum og setja starfsemina undir nýja menn og hafa hælið áfram á þeim stað, sem það var á áður, nema það hefði verið sannað, að staðurinn væri óheppilegur. En ég hef hvorki séð né heyrt, að hv. meðnm. minir hafi gert tilraun til þess að halda því fram. Að vísu gat hv. 3. landsk. þm. um það, að hann teldi, að það væri ekki óeðlilegt, að gistihælið væri nálægt Reykjavík. En þetta er aðeins bergmál af skoðun þess manns, sem þessi hv. þm. er fjötraður við í hugsun og athöfnum. Landlæknir hefur haldið því fast fram, að þetta verði að vera svona, og hann getur ekki hugsað sér þá niðurlægingu, sem hann yrði fyrir, ef hv. meiri hl. n. hefði fallizt á mína skoðun á málinu. Það merkilega er, að hv. 3. landsk. þm. skiptir um skoðun í málinu, eftir að hann er búinn að tala við landlækni á fundum hjá n., og sjálfsagt oft þar fyrir utan. Og hann fellur að mörgu leyti frá sínum till. og breytir þeim, eins og landlæknir og hæstv. ráðh. óska eftir, að þeim sé breytt. Hann er kominn á allt aðra skoðun síðustu dagana en hann hafði í upphafi, ýmist fyrir áhrif frá landlækni og kannske eftir beiðni frá ráðh., sem hefur þá bent hv. þm. á, að hér væru nú töluverðar andstæður, annars vegar framkoma hans í sambandi við þetta mál í Sþ., — þar sem hann flutti einhverja þá fáránlegustu ræðu, sem flutt hefur verið á Alþ., og leigði nokkra menn til þess að klappa fyrir sér á svölunum, — og hins vegar þær till., sem hann er að gefa út í þessu máli. Það er þess vegna engin furða, þó að hv. 3. landsk. þm. biðji um það í upphafi, að fyrir alla muni sé Kaldaðarnesmálinu ekki blandað í þetta mál. Ég ætla ekki að rifja upp sögu hv. þm. í þessu máli, en það er í fyrsta skipti, sem hann biður sér vægðar síðan hann kom á Alþ. (*HV:* Það er líka misskilningur.) Hv. þm. segir á þá leið: Fyrir alla muni takið þann bikar frá mér að ræða um Kaldaðarnesmálið í sambandi við afgreiðslu þessa frv. — Já, ég hef bent á það, að þessi skýrsla sýni, að það hefur ekki verið vöntun á hæli, sem um hefur verið að ræða, ekki á húsakynnum eða stað fyrir hæli, til þess að koma málinu í það horf, sem nú er hugsað að koma því í, heldur hefur verið vöntun á hæfni manna til þess að stjórna og vöntun á hæfni ráðh. til þess að stjórna þessum málum eins og honum bar að gera. Honum hlaut að vera ljóst, að ekki var hægt að láta málið ganga eins og hér hefur verið gert, svo að á tímabili voru vistmennirnir aðeins 1 eða 2 og jafnvel stundum enginn. Ég verð að segja það, að það þarf ákaflega mikil persónuheilindi til þess af ráðh., sem hefur látið fara þannig stjórn á hæli ríkisins, að hann hefur látið það tæmast af sjúklingum, sem síðan eru látnir liggja hér nótt og dag, ýmist í kjallaranum hjá lögreglunni, á götunni eða niður við höfn, — ekki færri en 40 menn, — þjóðinni til smánar og þeim sjálfum til armæðu, að hann skuli svo gefa þessa stofnun og leggja svo til sama árið, að byrjað verði á 9 millj. kr. byggingu, til þess svo sjálfsagt að láta fara alveg eins með þann rekstur. Ég er undrandi yfir því, að hv. 3. landsk. þm. skuli hafa látið blekkja sig í þessu máli, sem ég veit, að honum er hjartfólgið og hann vill koma á réttan rekspöl. Ég er undrandi yfir því, að hann skuli ekki nota samúð sína með þessum vesalingum til þess að knýja fram réttlátari og skynsamlegri úrbót á þessum málum en hann fer hér fram á. Hér er sagt, að kostnaður við heimilishaldið yfir þennan tíma hafi numið á 6. hundrað þús. kr. Vill nú hv. 3. landsk. þm., sem er frsm. málsins hér, og hv. meiri hl. n. sameiginlega bera ábyrgð á því, að hið nýja hæli, sem á nú að setja á stofn og kosta á allt að 9 millj. kr., verði stofnsett undir stjórn þessara sömu manna og kostnaðurinn við það komi til með að verða eins mikill og við hitt hælið? Hvaða tryggingu hafa menn

fyrir því, að hægt sé að halda sjúklingum á þessu nýja hæli, nema því aðeins að reglugerð hælisins sé allt önnur en var, þegar Kaldaðarneshælið var rekið? Og hversu miklu skynsamlegra var að breyta reglugerð Kaldaðarnesshælisins og starfsaðferðum þar og láta það hæli standa, spara með því 9 millj. kr. og lækka kostnaðinn við það hæli niður í það, sem eðlilegt var. Það er sannarlega ekkert það í till. hv. meiri hl. n., sem getur fyrirbyggt það, að svona hneyksli geti komið fyrir aftur. Að vísu reynir hv. meiri hl. að fyrirbyggja það, að Helgi Tómasson og landlæknir komi nálægt þessu starfi, en það er sannarlega ekki fyrirbyggt með till., eins og þær eru, því að þótt þær yrðu samþ., þá er það enn á valdi ráðh., að skipa þá menn til að hafa yfirstjórn yfir þessu nýja hæli, sem hugsað er að byggja. Hvernig getur nú hæstv. menntmrh., eftir að hafa fengið svona skýrslu, komið til Alþ. án þess að roðna og beðið um 9 millj. kr. til þess að byggja hæli undir slíkri stjórn og með slíkum árangri, sem þarna varð? Svo er sagt hér síðar í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar mun árangurinn af hælisvistinni fyrir sjúklingana hvað lækningu áhrærir ekki hafa orðið mikill, og læknir hælisins taldi það ekki vel í sveit sett, þar sem eftirlitslæknirinn, sem búsettur var í Reykjavík, þyrfti að hafa nákvæmt eftirlit með sjúklingunum.“ Hér er það gefið upp sem aðalástæðan fyrir því, hvernig þetta mál er komið, að lækninum á Kleppi, — en hann hafði eftirlit með hælinu, — þótti of langt að fara frá Reykjavík til Kaldaðarness til að líta eftir mönnunum. Það er sannleikurinn í málinu, og það er aðalástæðan fyrir þessum sorglega árangri, að menntmrh. setur ekki sérstakan lækni yfir þessa menn. Sá læknir hefði að vísu kostað ríkissjóð a. m. k. 30 þús. kr. í laun yfir árið og það hefði kannske orðið að byggja yfir hann í framtíðinni, en hann hefði kannske sparað ríkissjóði mikið fé á rekstri hælisins. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á þann rekstur, sem átt hefur sér stað í sambandi við Reykjalund. Þar var settur læknir með fullum launum á sínum tíma, og þótti mörgum þá það vera mikil ofrausn. Þá var talið, að héraðslæknirinn á Álafossi gæti haft umsjón með öllu á Reykjalundi. Ég vil nú spyrja: Hver hefði orðið árangurinn í dag af starfinu í Reykjalundi, ef héraðslæknirinn hefði átt að gegna því, eins og Helgi Tómasson eftirlitsstarfinu í Kaldaðarnesi? Ætli árangurinn hefði ekki orðið eitthvað svipaður? En einmitt fyrir það, að þessi læknir er skipaður að Reykjalundi, hefur orðið sá prýðilegi árangur af því starfi, og vegna þess, að sá læknir hefur gert það að lífsstarfi sínu að bjarga því, sem bjargað verður. Og þetta hefði læknirinn þurft að gera, sem tók að sér sjúklingana í Kaldaðarnesi. Hv. n. mun komast að raun um það, að verði þeim málum ekki skipað þannig í framtíðinni, að sá læknir, sem á að hafa yfirumsjón og eftirlit með hæli fyrir drykkjusjúka menn, vilji gera það að lífsstarfi sínu, þá næst enginn árangur af þessu verki. Ef sú leið hefði verið farin í upphafi, þá var enginn staður heppilegri en Kaldaðarnes, enda var það viðurkennt af Alfred Gíslasyni lækni, stórtemplar og þáverandi heilbr.- og félmrh., Finni Jónssyni. Hann lýsti því yfir, eftir að leitað hafði verið að stað fyrir hælið um Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsnes og austur um sýslur, að enginn staður væri til að áliti þessara manna, sem gæti komið eins vel til greina og Kaldaðarnes. Það hefur aðeins einn maður reynt að hrekja þetta, dr. Helgi Tómasson, og það var eingöngu byggt á þeim rökum, að hann hefði ekki haft tíma til þess að stunda mennina frá sínu starfi á Kleppi, og enn fremur, að hann teldi, að vistheimilið ætti að vera nálægt Reykjavík eða á þeim stað, þar sem hann gæti haft daglegt eftirlit með sjúklingunum. Ég skal á engan hátt mótmæla því, enda byggi ég mínar till. á þeim grundvelli, að það sé alveg nauðsynlegt að skipta þessu hæli í tvær deildir, vistheimili og heimili til langdvalar, lækningahæli, en ég mótmæli því algerlega, að það sé ekki bæði rétt og sjálfsagt að hafa þessar stofnanir sameiginlegar, og það var nægilegt landrými í Kaldaðarnesi til þess að hafa báðar þessar stofnanir þar, og svo mátti hafa einn lækni yfir báðum þessum stofnunum. Það er alveg áreiðanlegt, að ég er ekki einn um þá skoðun, að eina vonin til þess, að þessi tilraun geti tekizt, að lækna þessa menn á þann hátt, sem hér er ætlazt til, er sú, að þeir finni það sjálfir, að þeir séu þátttakendur í einhverri uppbyggingu, og það gátu þeir miklu betur fundið í sambandi við þá starfrækslu, sem hægt var að hafa í Kaldaðarnesi, heldur en þó að þeir væru einangraðir hér einhvers staðar nálægt Reykjavík. Það var ekkert því til fyrirstöðu, að þessir menn hefðu getað skapað sér og sínum fjölskyldum góð lífsskilyrði í sambandi við Kaldaðarneshælið, eins og sjúklingarnir í Reykjalundi hafa skapað sér og sínum fjölskyldum sæmilega afkomu. Og sú litla reynsla, sem fékkst af Kaldaðarnesinu, áður en starfrækslan kom í hendur menntmrh., sem lét þetta, líklega af ásettu ráði, fara í hundana, benti til þess, að mjög miklar vonir væru bundnar við hælið þar, m. a. í sambandi við iðnað, sem þar væri hægt að reka. Svo segir hér í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem ástæður allar voru eins og hér er lýst, taldi heilbrmrn. réttara að flytja starfrækslu þessa burt af jörðinni, áður en í hana væri sökkt meiri fjármunum en orðið var, en bjarga þeim verðmætum úr henni, sem kostur væri á, til þess að koma sams konar starfsemi upp á öðrum stað, sem hentugri þætti að dómi sérfróðra manna.“ Nú var búinn að ganga dómur sérfróðra manna um, að annar staður væri ekki hentugri til. Þetta er alveg röng lýsing. Hér er ekki að tala um, að menntmrn. þætti heppilegt að flytja þessa starfsemi burt, hún hefur verið lögð niður og ekki tekin upp aftur. Eða vill hv. 3. landsk. þm. halda því fram, að þessi starfræksla hafi verið flutt? Vill hann benda á, hvar hún fari fram? Og vill hann benda á, hvernig þessum verðmætum hefur verið bjargað? Nei, verðmætin voru orðin að

engu, starfrækslan lögð niður og sjúklingarnir reknir út á götuna og í kjallarann á hverju kvöldi. Svo segir hv. 3. landsk. þm., að þetta komi málinu ekkert við. Það er einkennilegur hugsanagangur. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hafa sérfróðir menn ákveðið stað, annan en Úlfarsá, og er Úlfarsá betri en Kaldaðarnes? Eða er þetta mál enn þá óathugað? Það er sannleikurinn í málinu. Það eru pólitískir loddarar, sem hafa ákveðið þetta svona, en ekki sérfræðingar í taugasjúkdómum eða ofdrykkjusýki. Ég skal ekki segja um það, hvort hægt er að hafa áhrif á það, að sá staður verði ekki valinn, en það er ekki þeim mönnum að þakka, sem hér eru að verki. Nú væri ákaflega fróðlegt að fá að heyra það frá hv. 3. landsk. þm., sem sjálfsagt hefur rætt þetta mjög við landlækni og alla aðila sem frsm. meiri hl., hvaða ráðstafanir eru hugsaðar um það, hvar hælið eigi að vera, hvernig þetta er allt hugsað og hvaða menn eiga að ráða yfir þessum hælum, hvaða sérfræðingar hafa gert till. um þessi efni og hverjar þær eru. Þetta kemur kannske málinu ekkert við, þó að eigi að samþ. hér 9 millj. kr. hæli. Enn segir í nál.: „Menntmrn. samþ. því þessa ráðstöfun með bréfi, dags. 28. ágúst 1947, og segir þar m. a.: Eftir viðtöku bréfs landbrn., dags. 18. apríl þ. á., þar sem spurzt er fyrir um, hvort þetta ráðun. sjái sér ekki fært að flytja drykkjumannahælið burt frá Kaldaðarnesi, þar sem landbrn. hefur augastað á þeirri jörð til annarra nota.“ Þarna getið þið séð. Það er landbrn., sem spyrst fyrir um það, hvort ekki sé fært að flytja í burtu sjúklingana og hælið frá Kaldaðarnesi. Það er sannarlega ekki menntmrn., sem hefur átt upptökin í því að finna annan heppilegri stað. Það er landbrn., sem spyrst fyrir um það, og til hvers? Til þess að geta ráðstafað eigninni, eins og ég hef þegar lýst. Landbrn. hafði augastað á þessari jörð til annarra nota. Til hvaða nota? Hv. 3. landsk. þm. er kunnugt um það. Og svo heldur hann því fram, að þetta komi ekki málinu við. Svo les ég áfram: „— tekur ráðuneytið fram, að það hafi ekki tök á því að flytja drykkjumannahælið frá Kaldaðarnesi eins og sakir standa, en hins vegar hefur þetta ráðun. ekkert á móti því, að landbrn. ráðstafi jörðinni ásamt því, sem henni fylgir, til búskapar, enda fái drykkjumannahælið að vera áfram fyrst um sinn, unz aðrar ráðstafanir verði gerðar.“ Þarna hafið þið alla söguna. Sagan er þá þessi: Það er tekin upp barátta fyrir einn hv. þm. Framsfl. til þess að láta hann eignast jörðina, sem ríkið hefur lagt 2 millj. kr. í fyrir aumustu vesalingana í landinu til að reyna að bjarga þeim. Og það tekst að leggja hælið niður, láta ríkið verða fyrir milljónatjóni, koma vesalingunum út á gaddinn aftur og jörðinni í eigu þingmannsins. Þetta er það, sem hefur skeð. Og allt er þetta skipulagt fyrir fram, en ekki af menntmrh., heldur er honum fyrirskipað af landbrn. að hlíta þessu. Það er dagskipun, kannske frá Framsfl., og hæstv. menntmrh. beygir sig undir hana viljugur eða nauðugur. Svona hefur verið farið með þetta mál, og svo segir hv. 3. landsk. þm., að það sé hreinasta hneyksli að draga Kaldaðarnesmálið inn í þessar umr. Svo kemur hér, með leyfi hæstv. forseta: „Að fengnu þessu samþykki menntmrn. var Jörundi Brynjólfssyni byggt Kaldaðarnes,“ o. s. frv. Þá getur maður séð, hvort menntmrh. hefði ekki getað fyrirbyggt þetta hneyksli, ef hann hefði metið meira hag og líðan vesalinganna en þm. Ég skal nú ekki fara frekar út í þetta atriði, vegna þess að allar upplýsingar í þessu merkilega áliti staðfesta að fullu og öllu allt, sem ég hef sagt fyrr og síðar um þetta mál. Jafnvel hver króna og hver eyrir staðfestir það, sem ég hef sagt, en þennan þátt var sjálfsagt að rekja hér í sambandi við frv., eins og það liggur fyrir.

Eitt af því, sem er merkilegt í meðferð þessa máls, eftir að það kemur í heilbr.- og félmn. undir stjórn hv. 1. þm. N-M., sem hefur dansað eftir pípu hæstv. ráðh. í þessu máli, — er það, að aðeins á einn fund eru til kallaðir tveir menn til viðræðna um málið, dr. Helgi Tómasson og landlæknir, sem báðir voru skemmdarvargarnir í þessu máli. Og engir menn aðrir hafa verið kvaddir til viðtals né leitað álits annarra manna. Það var ekki verið að leita álits þeirra manna, sem hafa fórnað bæði tíma og fé til þess að bjarga þessum vesalingum, og ekki þeirra, sem höfðu byggt upp þessa stofnun og komið henni í það horf, sem hún var í, áður en þessi ráðh. tók við til þess að leggja hana niður. Þessir menn létu sér ekki detta í hug menn úr stórstúku Íslands eða þá menn, sem höfðu með þessi mál að gera undanfarin ár. Þeir máttu heldur ekki koma nærri málinu. Dr. Helgi Tómasson og landlæknir voru kallaðir til þess að segja sitt álit um þessi mál, og ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. hafi átt miklar viðræður við þá menn utan funda. Hv. 3. landsk. þm. hefur látið einhvern hafa áhrif á sig í þá átt að gerbreyta sínum till. Þrátt fyrir öll þau mistök, sem hafa orðið í þessu máli í sambandi við hælið í Kaldaðarnesi, er ég sammála hv. frsm. um það, ef hann hefur átt við það í sinni ræðu, að það beri að vinna að því að endurbæta málið fyrir framtíðina. Þá er líka fyrst og fremst að varast voðann, sem varð þessu máli að fjörtjóni, og það er það, sem ég vil gera. En þetta vill hv. meiri hl. ekki gera. Hann vill ekki læra af reynslunni og varast þann voða, sem enn er á leið þessa máls, og þar greinir okkur á. Þess vegna gat ég ekki á neinn hátt fylgt meiri hl. n. og skal nú skýra það, hvað ég tel meginatriði í þessu efni. Og í 2. og 3. gr. er það meginhugsunin, að það skuli farið með þessa menn á fyrsta stigi eins og lögbrjóta og glæpamenn, og því er ég mótfallinn. Ég tel það mikinn kjarna þessa máls, að það sé meginskilyrðið fyrir því, að það sé hægt að bæta úr þessum vandræðum, sem að steðja í þessum efnum, að það sé horfið frá þessari reglu og frá meðferð mannanna á þennan veg, að hér sé farið með þessa menn sem slíka. Mér var alveg ljóst, að hv. 3. landsk. var mér sam-

mála um þetta atriði í n. Og mér er líka ljóst, að hv. 4. landsk. var mér líka sammála um þetta atriði. Hins vegar lýsti hann því yfir síðar, að jafnvel þótt þessu fengist ekki breytt í frv. nú, vildi hann heldur vera með frv. með þeim breyt., sem þó væri hægt að gera á því með till. meiri hl. n., heldur en að málið gengi ekki fram, því að hann taldi víst, að mínar till. mundu mæta svo mikilli andúð, að frv. næði ekki fram að ganga með þeim samþ. við það. Og þær mættu andúð hæstv. menntmrh., sem lýsti yfir, að hann vildi ekki taka við frv., ef þær brtt. yrðu samþ. Og þá getur maður séð, hve mikil er alvara hans í málinu. Hann vill þá alls ekki láta byrja á því, eftir því sem hv. form. n. tjáði, að skoða þessa menn á fyrsta stigi sem sjúklinga, en ekki sem glæpamenn. Það á fyrst af öllu að brennimerkja þá menn sem glæpamenn, í stað þess að fara með þá sem sjúklinga, veikja viðnámsþrótt þessara manna. — Ég hef nokkuð kynnzt þessum málum. Og ég get ekki annað en sagt hér frá tveimur atvikum í sambandi við starf lögreglunnar hér í Reykjavík gagnvart þessum mönnum á fyrsta stigi. Það voru þrjár stúlkur, sem voru í samleið úr boði kl. 3 að nóttu, sem stöðvuðu bíl sinn við Austurvöll fyrir framan Morgunblaðið til þess að fá sér blað, áður en þær færu heim, er að þeim kemur lögregluþjónn og 16 ára drukkinn piltur á fyrsta stigi, vel búinn frá ágætu heimili. Lögregluþjónninn þrífur upp hurðina á bílnum hjá stúlkunum og krefst þess að fá að taka bílinn til þess að flytja þennan drukkna mann — þennan glæpamann, sem sumir virðast vilja kalla — í kjallarann. Þær svöruðu hógværar, að þetta væri þeirra eigin bíll. Lögregluþjónninn sýndi sitt vald og sagði: Ég hef vald til þess að taka hvert ökutæki, sem er, til þess að flytja slíka afbrotamenn í kjallarann. Og hann tók bílinn, til þess að flytja þennan unga mann beina leið inn í kjallarann, sem grátbað um það í áheyrn þessara kvenna, að hann yrði fluttur heim til sín. Vill nú hæstv. ráðh. telja, að þessi meðferð sé rétt? Manninum var sparkað inn í kjallarann. Rifin var af honum svo að segja hver spjör og svo sparkað inn og honum haldið þar alla nóttina. Telja þessir menn, að þetta sé leiðin til þess, að sá árangur náist, sem hér á að ná með því að kasta um það bil 9 millj. kr. í þetta hæli, sem hér er talað um? Ég segi: Þessa meðferð á fyrst að laga. Ef mínar till. hefðu verið samþ. og komizt í lög, þá hefði verið farið fyrst með þennan ungling, sem ég gat um, ekki í kjallarann og ekki undir þessari meðferð, heldur beint á sjúkrahús. *(HV:* Hver hefði átt að annast þann flutning?) En það stendur í minni till., að bannað sé að misþyrma slíkum mönnum. Og ég sé ekki, hvaða rétt nokkur lögregluþjónn hefur til þess að misþyrma slíkum sjúkling frekar en ef hann væri t. d. flogaveikur eða veikur á annan hátt. En það skeður hér daglega, því miður, að lögregluþjónarnir fara þannig með þessa menn, og það á að staðfesta með þessum lögum. Þeir eiga að fá að halda áfram að fara svona með þá. Því er ég á móti. — Ég vil nefna hitt dæmið. Tveir átján ára piltar sátu hér á kaffihúsi kl. 11 að kvöldi og höfðu aldrei smakkað vín á ævi sinni. Þar sat einnig drukkinn maður. Hringt var eftir lögreglunni til að taka drukknu manninn. Hún kom, en lét sér ekki nægja það, heldur var að því komin að taka hina piltana líka, sem aldrei höfðu vín smakkað. Og það var af heppni fyrir þessa ódrukknu tvo pilta, að annar betri lögregluþjónn kom þar, svo að þeir fengu ekki sams konar meðferð og sá maður, sem ég var að lýsa hér áðan. Það er þetta, sem ég vil láta fyrirbyggja, að geti komið fyrir. Ég tel það grundvallaratriði, að á fyrsta stigi sé farið með þessa menn sem sjúklinga, þeim sé sýnd öll meðlíðun, en ekki sé byrjað á því að stimpla þá sem glæpamenn. Þessir menn hafa ekki fengið neinn dóm, og ég skil ekki, hvernig það er þolað í þessari höfuðborg, hvernig farið er með þessa menn, eins og farið er með þá nótt eftir nótt. Það er smán á höfuðborginni, að haldið er við annarri eins svínastíu eins og þessum kjallara. Hitt er kannske ekki minni smán, hvernig meðferðin er á þessum mönnum, sem þar eru látnir inn. Og sú meðferð var þar á einum manni, að hann kaus heldur að koma ekki út lifandi en að láta þá meðferð endurtaka sig. — Ég legg því til, vegna þess ágreinings, sem er á milli mín og annarra hv. nm. um meðferð þessara manna á fyrsta stigi, að 1. gr. sé orðuð þannig:

„Menn þá, konur sem karla, sem ölvaðir eru á almannafæri, á samkomustöðum eða á heimilum og raska ró manna, gera árásir á aðra eða valda óspektum með drykkjulátum, skal flytja í sjúkrahús, sem hefur tök á að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Það er borgaraleg skylda að aðstoða við slíka flutninga."

Nú hefur hv. frsm. haldið fram, að þessi fyrirmæli séu svo viðtæk, að það væri ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að uppfylla þetta ákvæði, það mundi til þess þurfa að byggja fjölda sjúkrahúsa. Svo gæti til borið, að heilar skipshafnir gætu verið fullar og þurft að taka úr umferð. En ég er til viðtals við hv. meiri hl. n., hvar eigi að takmarka þetta, hvort það eigi að orða þetta þannig „og raska ró manna og gera tjón" í staðinn fyrir, að í brtt. er aðeins „og raska ró manna". En ég vil ekki breyta því, að þessir menn séu skoðaðir sem sjúklingar, en ekki farið með þá sem glæpamenn.

2. brtt. mín er við 2. gr., um, að greinin orðist svo: „Ölvuðum mönnum, sem sæta meðferð samkv. 1. gr., skal hjúkra eins og hverjum öðrum sjúklingum, þar til af þeim er runnið. Varðar það sektum, nema þyngri refsing liggi við, að misþyrma þeim á einn eða annan hátt." — Nú vildi hv. frsm. mjög misskilja þá gr. og spurði, hvers vegna ætti að setja slíkt í lög, að það ætti ekki að misþyrma þessum mönnum, og hvort sjúklingum væri nokkurn tíma misþyrmt. Veit ekki hv. þm. það, að það er meiningin með þessu, að þeim mönnum, sem hér er um að ræða, á ekki að misþyrma á þann hátt sem þeim er misþyrmt daglega?

Og það ætti að varða fangelsi, að þeir menn, sem taka að sér að verða lögregluþjónar, taki og að sér dómarastarf og böðulsstarf, því að það er ekki nóg með það, að þessir menn í lögregluþjónsstarfi taki að sér að dæma þessa ógæfusömu menn, þeir taka líka að sér að hegna þeim.

Í minni 3. brtt. legg ég til, að 3. gr. orðist þannig: „Læknir sá, sem hefur yfirumsjón með áfengissjúklingum samkv. 8. gr., skal svo fljótt sem verða má rannsaka heilsufar manna, sem sæta meðferð samkv. 1. gr. Strax að lokinni rannsókn skal hann úrskurða: a. Hvort sjúklingi skuli leyfð brottför úr sjúkrahúsinu þegar í stað.“ — Maðurinn hefur verið tekinn sem sjúklingur í sjúkrahúsið til þess að vera settur undir rannsókn, og það er eðlilegt, að það skuli verða að úrskurða, hvort það, sem að honum gengur, er króniskur sjúkdómur, eða hann hefur orðið ölóður, án þess honum geri það frekar til. — „b. Hvort sjúklingi skuli haldið í sjúkrahúsinu og framkvæmdar á honum tilraunir, er verki gegn áfengislöngun, og hve lengi sú tilraun skuli gerð.“ — Ég veit ekki, hvað hv. 3. landsk. þm. sér á móti þessu. — Já, hæstv. ráðh. getur hlegið að þessu. Hans þáttur gagnvart þeim mönnum, sem þessi lög eiga að vera fyrir, er hinn svívirðilegasti sorgarleikur, sem leikinn hefur verið á Íslandi. *(Menntmrh.:* Ég var nú að hlæja að öðru. Er hv. þm. orðinn svona viðkvæmur?) Hann ætti frekar að roðna undir þessum umr. *(Menntmrh.:* Það ætti að framkvæma lækningartilraunir á hv. þm.) Velkomið. Því að sá hæstv. ráðh., sem leikið hefur þennan svívirðilega sorgarleik gegn þessum mönnum, er sannarlega eitthvað sjúkur á sálinni, að hann skuli geta hlegið að þessu. — Þriðji stafl., c-liður 3. brtt., er svo: „Hvort sjúklingur skuli fluttur á lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, á vistarheimili drykkjusjúkra manna eða á geðveikrahæli.“ — Þetta á að rannsaka strax á fyrsta stigi. Það mundi verða farið þannig með manninn, ef þetta væri sjúklingur. Ef maðurinn lægi t. d. á götunni, vegna þess að hann hefði fengið krampa, og gæti ekki verið sjálfbjarga, mundi hann vera fluttur á sjúkrahús til þess að rannsaka, hvað að honum gengi og hvort ætti að setja hann sérstaklega á sjúkrahús. En það er ekki nokkur leið að fá þessa skýrgreiningu viðurkennda af hv. 3. landsk. þm. Og þar í liggur meinið. Þrátt fyrir það að hann hafði djúpa samúð með þessum mönnum, vill hann ekki falla frá því, að farið sé með þessa menn á fyrsta stigi eins og þá menn, sem bornir eru sökum, og brennimerkja þá sem slíka. Og þar skilur ákaflega mikið á milli okkar. — Síðan segir í 3. brtt. minni: „Verði því eigi við komið, að áfengislæknir rannsaki sjúklinginn og úrskurði ástand hans, skal þetta gert af yfirlækni þess sjúkrahúss, sem sjúklingurinn var fluttur á.“ — Það gæti vel komið til mála, að þetta kæmi fyrir þar, sem enginn áfengislæknir væri fyrir hendi, og þá ætti ekki að vera vandi fyrir hvaða lækni sem er að úrskurða slíkt. — „Þeim úrskurði má þó áfrýja til áfengislæknis, sem þá framkvæmir á ný rannsókn og fellir úrskurð um sjúklinginn að henni lokinni samkv. ákvæðum þessarar greinar.“ — Þetta var eitt af því, sem hv. frsm. meiri hl. n. taldi svo þunglamalegt og eiginlega alveg óframkvæmanlegt. En finnst þá hv. frsm. meiri hl. n., að rétta meðferðin á þessum málum sé, að einhver einn læknir megi úrskurða þetta, án þess að viðkomandi aðili hafi áfrýjunarrétt? Ef um smitandi sjúkdóm væri að ræða, — og hér er um smitandi sjúkdóm að ræða, — þá veit ég ekki annað en að hægt sé að úrskurða t. d. berklasjúklinga á hæli og holdsveikissjúklinga. En ef sjúklingur gæti sannað, að slík smitandi veiki væri ekki að honum, gæti hann komizt hjá því að vera þar svo og svo langan tíma. En heldur en þetta, sem ég legg til í þessu efni, vill hæstv. menntmrh. enn láta vera á þessum drykkjusjúku mönnum og mönnum, sem ölvaðir gerast, þann stimpil, að þeir séu glæpamenn, og þeir séu brennimerktir af þjóðfélaginu, og láta fara með þá eins og viðkomandi lögregluþjónum sýnist. Og þar á ég ekki samleið með honum.

Ég legg til, að 4. gr. orðist svo: „Aðili, sem ekki vill hlíta úrskurði læknis, sem felldur er samkv. 3. gr., getur áfrýjað honum til nefndar samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Hins vegar getur aðili krafizt rannsóknar á ný, ef veruleg breyting verður á heilsufari hans.“ — Þetta eru réttindi, sem ég vil tryggja þeim manni, sem farið er með á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir, og ég tel sjálfsagt að tryggja og sjálfsagt, að maðurinn hafi fullan rétt til að notfæra sér, ef hann telur, að honum hafi verið misboðið. — „Ráðherra skipar 3 manna nefnd til þess að dæma um úrskurði, sem áfrýjað hefur verið samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Skal nefndin skipuð einum lækni með sérþekkingu á drykkjusýki, einum sálfræðingi og einum dómara, og er hann formaður nefndarinnar.“ — Á þennan hátt tel ég, að það sé fullkomlega öruggt, að slíkur sjúklingur sé ekki beittur neinu ranglæti. — „Nefndin getur, ef nauðsynlegt er, leitað álits fleiri lækna, áður en hún fellir endanlegan úrskurð. Aðila skal heimilt að koma við vörn, áður en slíkur úrskurður er endanlega felldur. Eigi má draga lengur en 14 daga að fella úrskurð, sem skotið hefur verið þannig til nefndarinnar.“ — Það er m. a. ekki lítið atriði, hvort dæma má hér, eins og hugsað er eftir þessu frv. að gera, mann á geðveikrahæli. 4. gr. frv. er nú þannig, að það er ætlazt til þess, að sveitarfélög komi upp sjúkrahúsum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. greinar. Og enda þótt til þess sé ætlaður ríkisstyrkur, þá á eftir frv. að fara um framkvæmd í sambandi við þau sjúkrahús samkv. ákvæðum laga um sjúkrahús frá 1933 og breyt. á þeim lögum. Ég gat heldur ekki fallizt á þetta ákvæði. Og það einkennilega í málinu er það, að hv. frsm. gat heldur ekki fallizt á þetta ákvæði í byrjun umræðnanna á fundinum í n. Hann áleit það þá vera fjarstæðu, að sveitarfélög ættu að bera nokkurn

kostnað af þessu. Hann áleit þá rétt, að ríkið eitt ætti að sjá um þetta, sem hefur gróðann af áfengissölunni í landinu, nema hér í Reykjavík. En nú vill hann allt í einu fallast á, að sveitarfélögin, sem enga sök eiga á þessu ástandi, sem er í áfengismálunum, taki að sér að byggja helminginn af þessum sjúkrahúsum. *(HV:* Móttökustöðvarnar.) En hvers vegna eiga þau að bera kostnað við móttökustöðvarnar? Ég veit ekki betur en þessi hv. þm. síðast í nótt héldi langan fyrirlestur um það, hve þung byrði hvíldi á bæjunum þarna, ef þeir yrðu látnir bera kostnað af þessu. Vill hann nú láta leggja þessa byrði á viðkomandi sveitarfélag til þess að koma upp sérstökum sjúkrastöðvum í sambandi við þessa menn, sem hann telur, að hafi verið eyðilagðir af áfengisnautn, sem ríkið hefur tekjur af með sölu áfengisins? Hvers vegna lét hann hæstv. ráðh. kúga sig til þess að ganga inn á þetta? *(HV:* Hæstv. ráðh. hefur ekkert kúgað mig í þessu efni.) Einhver hefur orðið til þess. En hv. 3. landsk. á ekki létt með að láta sannfærast. Ef hann á að breyta um skoðun, þá þarf að kúga hann. Hann hefur aldrei breytt um skoðun í þingmáli nema með kúgun. *(HV:* Er það svo auðvelt?) Það hlýtur að hafa verið ákaflega sterkt afl, sem til þess hefur þurft að kúga þennan hv. þm. einmitt af þessari braut, sem ég gat um.

Ég legg til, að 5. gr., sem í frv. er, standi óbreytt, á meðan þeim lögum er ekki breytt. Ákvæði 1.—3. gr. raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum. Og það er eðlilegt, að ég legg þetta til, þegar ég legg til breyt. á hinum þremur fyrstu greinum frv. Og þegar 4. gr. orðast á þann hátt, sem ég hef lýst í minni till., þá fellur þessi 4. gr. niður, sem er í frv., ef mínar brtt. eru samþykktar. Þess vegna geri ég till. um, að 6. gr. orðist um og að þar séu tekin upp meginatriði 4. gr., og 6. gr. orðist þannig: „Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkv. ákvæðum 1.—3. gr. skal greiða úr ríkissjóði.“ Ég tel þetta sjálfsagt ákvæði. Og ég skil ekki, hvernig nokkrum manni dettur annað í hug. Það er vitað, að allar tekjurnar af áfengissölunni hefur ríkissjóður, en öll óþægindin hafa sveitarfélögin haft. Og það er sannarlega nægilega þungur skattur lagður á sveitarfélögin í þessu efni, að með áfengissölu sé verið að eyðileggja svo og svo mörg mannslíf og svo og svo mikið vinnuafl frá þeim, þó að þeim sé ekki gert að skyldu að setja upp móttökustöðvar eða sjúkrahús vegna þessara manna, eftir að búið er að eyðileggja þá á því að greiða þennan þokkalega skatt á þennan hátt í ríkissjóðinn. — „Þó skulu þeir, sem sleppt er úr sjúkrahúsi þegar að lokinni rannsókn, sbr. 1. tölulið 3. gr., greiða að fullu allan kostnað við flutning, sjúkravist og rannsókn.“ — Þetta þótti hv. frsm. meiri hl. n. hreinasta hneyksli, að ef það kæmi í ljós, að maður, sem tekinn er drukkinn á götunni eða hefur haft óspektir vegna ölvunar í frammi eða á annan hátt gerzt sekur um að valda truflunum vegna drykkjuskapar, svo að með hann hafi fyrir það verið farið á sjúkrahús, að hann skuli þá eiga að greiða kostnaðinn af þessu, sem hér um ræðir. *(HV:* Ef hann er tekinn að ófyrirsynju.) Nei. Hann er tekinn af því, að hann hefur í frammi eitthvað, sem menn eru teknir fyrir alveg eins ódrukknir. En ef úrskurðað er af lækni, að ekkert sé að þessum manni, nema hann hafi drukkið áfengi, engin drykkjusýki og engin tilhneiging til drykkjusýki, hver ætti þá að borga þennan kostnað annar en viðkomandi maður sjálfur? Mér þykir landlæknirinn hafa ruglað heila hv. frsm. einkennilega, ef hv. frsm. getur ekki skilið þetta atriði, svo ljóst sem það þó er. Ákvæði 6. gr., er varða kostnaðinn í þessum efnum, eru tekin upp í minni brtt., og þarf því sú gr. ekki að standa þeirra vegna. — Í brtt. hv. meiri hl. n. er gert ráð fyrir nokkrum breyt. á 4. gr. frv., sem sé að hún verði þannig: „Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.“ — Þetta er ekki mikil breyt. Í frv. er ákveðið, að ríkissjóður greiði helminginn, samkv. því, sem áður var, ⅝ í sveitum, en helming í bæjum, svo að ég sé ekki, að þessi breyt. sé svo mikil, að það skipti nokkru máli, hvort hún er samþ. svona.

Síðan er aðalágreiningurinn, fyrst og fremst milli mín og meiri hl. n. og svo milli hv. n. og hæstv. ráðh., um 8. gr. Þar leggur hv. meiri hl. n. til, að yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkv. ákvæðum þessara laga hafi sérfræðingur í taugasjúkdómum, er heilbrmrh. skipar, og skuli hann taka laun samkv. V. launaflokki launalaga. — „Sérfræðingur þessi er hér eftir í lögum þessum nefndur yfirlæknir,“ segir í brtt. n. Og svo áfram: „Svo fljótt sem verða má, skal ríkið reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.“ — Nú verð ég að spyrja: Er það nú svo augljóst, að á fyrsta stigi sé hægt að ákveða um það, hverjir slíkir sjúklingar eigi sér sæmilegar batahorfur, þannig að augljóst sé, á hvort hælið þeir eigi að fara? En ég tel eðlilegt, að þessar tvær greinar séu undir sömu stjórn, þannig að auðvelt sé á hverjum tíma að færa sjúklingana á milli þessara deilda eftir því, hvernig heilsa þeirra er á hverjum tíma. Síðan stendur í brtt. n.: „Á sama hátt skal ríkið reisa og reka dvalarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma. Eftir athugun yfirlæknis skal áfengissjúklingum, að svo miklu leyti sem við verður komið, ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman.“ — Finnst ekki hv. frsm. meiri hl. n., að þó að þetta væri samþ., eins og hann leggur til, að það væri miklu

eðlilegra í framkvæmd og ódýrara að hafa þessi hæli svo nátengd hvort öðru, að hægt væri auðveldlega að færa sjúklinga á milli þeirra? *(HV:* Hafa hve langt á milli?) T. d. að hafa það allt í Kaldaðarnesi. Kaldaðarnesjörðin öll er það stór, að þar væri hægt að hafa þetta allt, án þess að þar væri hvert hælið niðri í öðru. Hv. þm. vill kannske reikna, hve mörg gæzluvistarhæli eigi eða þurfi að byggja, ef ekki á að hafa fleiri en svo sem átta sjúklinga í hverju þeirra, eins og mér skilst, að sé meiningin, og taka ekki neinn inn í hælið í viðbót fyrr en sá síðasti af þessum átta er fulllæknaður og útskrifaður af hælinu. Mér skilst, að það þyrfti þá að reisa fimm slík hæli, ef þau vísindi dr. Helga Tómassonar eru rétt, að ekki megi undir neinum kringumstæðum taka inn mann á hælið eða fækka þeim þar, nema láta þá fara alla út í einu. Þetta er einkennileg „teória". Það má ekki taka fleiri en átta menn og þá á að taka inn samtímis, og enginn fær að fara fyrr en öllum er batnað. Meginskilyrðið er að taka átta menn, og þeir fá ekki að fara fyrr en hann er búinn að gera vísindalegar rannsóknir á þeim. Ef ekki er búið að lækna þá eftir 5—8 mánuði, hvað þá? Og á meðan bíða allir hinir í Hafnarstræti. Það getur hver láð mér sem vill, þó að ég gengi ekki inn á slíka „teóríu". — „Á sama hátt ráðstafar yfirlæknir slíkum sjúklingum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því sem á hverjum tíma telst henta". Þetta er einhver fáránlegasta till. Að hugsa sér að ætla að ráðstafa þessum mönnum til vistar, taka af þeim allt vald eins og skepnum eða börnum, því að það er ekki farið með þá eins og sjúklinga, og síðan á að ráða ármenn eða árkonur eftir þörfum til þess að gæta þeirra. Og hvað ætli kostnaðurinn verði? Fyrst þarf að sjá fyrir nægilega mörgum átta manna heimilum, síðan á að dreifa sjúklingunum á einkaheimili og setja kannske ármann með hverjum. Ég held, að þeir, sem leggja slíkar till. fram, hljóti að sjá eitthvað „kalkað". Ég skil ekki, hvernig þeir hafa hugsað sér, að takmarkinu verði náð á þennan hátt. — „Yfirlæknir, eða aðrir læknar í umboði hans, skulu hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkv. ákvæðum þessarar greinar". Segjum, að einum hafi verið ráðstafað í Grímsey. Það verður ekki lítill kostnaður, þegar læknir frá Akureyri eða Húsavík þarf að fara til að líta eftir honum. Eða segjum, að einum verði ráðstafað í Grunnavíkurhreppi, í kjördæmi hv. 3. landsk. Þar hefur ekki fengizt læknir í tvö héruð í þó nokkur undanfarin ár. Ef þangað yrði sendur sjúklingur og ármaður, þyrfti því sennilega að senda lækni frá Ísafirði til eftirlitsins. En það á kannske að ráðstafa sjúklingunum á einkaheimili í margbýlinu? Það verður ekkert smáræði, sem þetta kerfi kemur til að kosta, það er óhætt að fullyrða það. — „Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður yfirlæknir til þess ármenn eða árkonur eftir þörfum". Hvað skyldi þurfa að greiða slíkum ármanni í laun? Ætli það verði ekki um 20 þús. kr.? Hann kannske fengist til að gera eitthvað annað líka, en hann fæst ekki fyrir ekki neitt. Það eru ekki margir, sem leggja vilja á sig erfiði endurgjaldslaust. Það sá maður bezt í sambandi við endurbætur á póstferðunum, er menn vildu ekki sækja póstinn til næsta bæjar.

Í 8. gr., eins og hún er nú, stendur: „Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara". Nú vil ég spyrja hv. frsm. og hv. form. n.: Hvar er það fyrirbyggt í till. n., að menntmrh. skipi ekki yfirlækni geðveikrahælisins á Kleppi til þess að veita þessum málum forstöðu? Ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru, sé ég ekki betur en hægt sé að skipa hann. Og það er væntanlega ekki ætlunin, að yfirlæknir verði við hvert átta manna heimili. Í framkvæmd verður þetta þannig, að menntmrh. biður Helga Tómasson að vera yfirlæknir. Brtt. er bara til þess að gera málið aðgengilegra fyrir þá, sem ekki vilja að Helgi Tómasson komi hér nærri. — Svo stendur í 8. gr., eins og hún er nú: „Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur". Ég sé ekki, að mikill munur sé á þessu og till. n. Mér finnst eins hægt að samþ. 8. gr. eins og hún er hér. Að vísu er þar sagt: „Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma . . ." Þetta vill n. ekki hafa í l., og ég er því samþykkur, að sveitarsjóðir eiga ekki að bera neitt af þessum kostnaði. Hv. frsm. hefur fengið hæstv. ráðh. til að fallast á þetta. *(HV:* Nei.) Nú, mér skildist — *(HV:* Öðru nær. Bæði ráðh. og landlæknir eru á móti þessu.) Já, þeir hafa náttúrlega viljað hafa þetta enn vitlausara, ég get vel skilið það. En það má geta nærri, ef brtt. verður samþ. og ráðh. er henni andvígur, hvort hann ekki gjörbrýtur það að setja sérstakan lækni. Framsfl. og ráðh. hans hafa haft tök á því að leggja sinn sérstaka skilning í l., þar sem um meira frávik var að ræða en hér. Ef ráðh. er þessu ekki samþykkur, fer hann með það eins og honum sýnist, og hver er þá árangurinn af starfi meiri hl. n.? — Í 8. gr. stendur líka: „Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, —" fyrst á að stimpla þá sem glæpamenn, síðan á að stimpla þá sem vitlausa, þar til búið er að koma sér saman um, hvað eigi að gera við þá. Þetta er áframhald af skemmdarstarfsemi ráðh. í þessu máli og tvímenninganna með honum — „skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru,

og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum til viðréttingar í gæzluvist —" — þetta er eins og í brtt., bara annað orðalag —" á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar". Svo eru tekin upp ákvæði um sérstakt eftirlit með þessum mönnum, og er sú grein óbreytt.

Ég mundi vilja fá það upplýst, ef byggja á gæzluvistarhælið hæfilega nálægt Kleppi, hvort sem 8. gr. verður samþ. óbreytt eða eins og meiri hl. vill, að hún verði, hvað er þá á móti því, að langdvalarheimilinu verði valinn staður í Kaldaðarnesi? Það er sagt, að ekki sé hægt að hafa þar gæzluvistarhæli, því að læknir sé ekki nógu nálægt og nauðsynlegt sé, að það sé nálægt Kleppi, og þess vegna hefur verið talað um Úlfarsá. En af hverju er ekki hægt að hafa langdvalarheimilið í Kaldaðarnesi? Hefur n. hugsað sér, að þessi yfirlæknir sé einnig yfirlæknir á langdvalarheimilinu? — Vill ekki hæstv. forseti biðja þessa hv. þm. að halda fund annars staðar. Vonandi er varaforseti Nd. (SB) kunnugur þingsiðum. — Ég vildi spyrja hv. 3. landsk., ef hann hefur hugsað sér, að sami yfirlæknir verði fyrir bæði hælin, hvort hann telji ekki þörf á því, að þau séu nærri hvort öðru. Ef svo er, fer þetta að nálgast það, sem ég vil, að bæði hælin verði í Kaldaðarnesi. Hv. 3. landsk. taldi, að dvalarhælið ætti að vera á „fögrum stað". En hvernig er hægt að samrýma gæzluvistarhæli á Úlfarsá og fagran stað til langdvalar? Nú skildist mér, að það væri talið ómögulegt að hafa langdvalarhælið nálægt Reykjavík. Ég hef engan hitt, sem ekki telur útilokað að hafa það í þjóðbraut. Ég skora á hv. 3. landsk. að fá yfirlýsingu um það frá þeim, er völdu gæzluvistarhælinu stað, hvort langdvalarhælið megi vera í þjóðbraut. Jafnvel landlæknir og Helgi Tómasson hafa ætlað gæzluvistarhælinu stað á Úlfarsá, en ekki í margbýlinu. Útkoman verður því sú, hvort sem brtt. við 8. gr. verður samþ. eða gr. verður eins og hún er, að setja þarf sérstakan lækni yfir gæzluvistarhælið, þó að þar verði bara átta sjúklingar, og sérstakan yfir langdvalarhælið. Það er ekki að furða eftir reynsluna í Kaldaðarnesi.

Mín till. í málinu er þannig: „Ráðherra skipar sérstakan lækni, sem hefur yfirumsjón með öllum áfengissjúklingum og úrskurðar ástand þeirra, sbr. I. kafla þessara laga. Hann skal einnig hafa yfirumsjón með lækningahælum og vistheimilum drykkjusjúkra manna. Skal læknir sá, sem skipaður er, hafa sérþekkingu á drykkjusýki og þeim lækningaaðferðum, sem vitað er, að notaðar eru með góðum árangri við slíka sjúklinga". — Það er vitað, að Helgi Tómasson fordæmir þessar nýju aðferðir, ef marka á það, sem hann sagði í n., og að þeir, sem reynt hafa að koma upp slíkum tilraunum, hafa mætt andstöðu frá honum. — „Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og taka laun samkvæmt V. flokki launalaganna". — Með þessu er það tryggt, að hvorki Helgi Tómasson né landlæknir komi hér nærri, nema þá að þeir segi lausum þeim störfum, sem þeir gegna nú. Hins vegar er það ekki tryggt með till. á þskj. 629, að annar hvor þeirra eða báðir verði ekki valdir, enda þótt það sé viðurkennt af hv. 3. landsk., að það mundi verða til tjóns. — „Ráðherra skipar einnig, að fengnum tillögum áfengislæknis, lækna, hjúkrunarlið, forstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á á hverjum tíma við þau lækningahæli og vistheimili, er ríkissjóður kann að reisa og reka, sbr. 9. gr. þessara laga". Þetta hneykslaði hv. 3. landsk., en vill hann ekki athuga, hvernig löggjöfin er í dag. Þetta er næstum tekið orðrétt upp úr henni.

Síðan vil ég, að komi ný gr.: „Á kostnað ríkisins skal reisa og reka vistheimili fyrir drykkjusjúka menn. Skal staðurinn valinn sérstaklega með tilliti til þess, að unnt sé að reka þar fjölbreytta framleiðslu, svo að hverjum vistmanni gefist kostur á að starfa eftir því, sem heilsa hans og hæfileikar leyfa." Ég þori vel að leggja það undir dóm d., hvort ekki eru meiri líkur til þess að ná góðum árangri með þessum hætti en þeim, sem nú er gert ráð fyrir í 8. gr. Þessir menn eru ekki fullkomnir sjúklingar og því síður glæpamenn. „Í sambandi við vistheimilið eða sérstaklega, ef það þykir betur henta að dómi áfengislæknis, skal reisa og reka lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, sem vænta má, að bata geti fengið með sérlæknishjúkrun, og ekki talið, að megi dvelja á vistheimilum." Þetta er mín till., og hún er margrædd við meiri mannúðarlækni en Helga Tómasson og landlækni. Eftir reynslu tveggja síðustu ára í sambandi við drykkjusjúklinga hefur hann líka meira vit á þessum málum en hinir tveir báðir til samans.

Hv. meiri hl. telur, að það þurfi ekki að breyta 9. gr., en hún mælir svo fyrir, að taka skuli í gæzlu samkvæmt 8. gr. þá, er dæmdir eru til hælisvistar samkvæmt úrskurði undirréttar og hæstaréttar, og svo þá, „sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmrn. samkvæmt ákvæðum 7. gr., 6. b., í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði." Ég vil orða þetta þannig: „Á vistheimili samkv. 1. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölul. 3. gr. þessara laga." — Meiri hl. vill taka þangað alla, er dæmdir eru til hælisvistar. — „Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga." — Þar er sjúklingnum tryggður réttur til að áfrýja úrskurði læknis til sérstakrar nefndar. — „Á lækningahæli samkv. 2. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölul. 3. gr. þessara laga. Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur

nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga.“ Í þessu felst meginmismunurinn.

Í 10. gr. vill meiri hl. láta orðin „geðveikrahælis á Kleppi“ í annarri mgr. falla niður. Hann viðurkennir, að rangt sé að binda þetta saman, án þess þó að byggja fyrir það að fullu, að svo verði gert. Ég vil fella 10. gr. algerlega niður, en hún hljóðar svo: „Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölul. 9. gr., skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940. Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölul. 9. gr., skal hlíta gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákveður,“ — þó að honum dytti í hug að úrskurða hann til æviloka — „þó aldrei lengur en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.“ — Varðandi þá, er af sjálfsdáðum fara í gæzlu, er þessi mgr. óþörf, ef 8. brtt. mín verður samþ. — „Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. mgr. þessarar gr.“ Hér er ekki um frjálsa menn að ræða, heldur eru sjúklingarnir meðhöndlaðir sem fangar frá fyrsta til síðasta stigs.

Þá kemur meiri hl. einnig með þá brtt. við 11. gr., að orðin„geðveikrahælisins á Kleppi“ falli niður, en þar segir: „Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.“ Ég vil orða þetta þannig: „Áfengislæknir ákveður vinnuskyldu vistmanna og sjúklinga eftir því, sem hann telur heppilegast fyrir heilsu þeirra og líðan.“ — Um þetta er ekkert í 11. gr., eins og hún er nú, heldur eru sjúklingarnir skyldaðir til að vinna eftir geðþótta læknisins, þegar hann er búinn að ákveða, að þeir séu ekki vitlausir. — „Vinni vistmaður eða sjúklingur meira en 18 st. að meðaltali á viku, skulu honum greidd full laun, miðað við venjuleg verkamannalaun, fyrir hverja fulla vinnustund, sem fram yfir er.“ Þannig er þetta í Reykjalundi. Ef sjúklingarnir vinna fram yfir 18 st., fá þeir greidd laun fyrir það, sem umfram er. Ég efa ekki, að þegar hv. 3. landsk. athugar þetta, þá muni hann viðurkenna, að þessar till. eru heppilegri en þær, sem fluttar eru af hæstv. ráðh.

Við 12. gr. leggur meiri hl. til, að bætt verði „allt að tvö þúsund krónum“, en sú gr. er um sektarákvæði í sambandi við útvegun áfengis. Ég hef borið fram aðra brtt. við þessa gr., að í stað orðanna „í gæzlu“ í meginmgr. komi: á vistheimili eða á lækningahæli.

Við 13. gr. gerir meiri hl. n. engar brtt., en hún er um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna skv. ákvæðum 8.—11. gr., að um hana fari á sama hátt og um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins. Mér skilst, að þá sé hér um a. m. k. ⅛ hluta að ræða, sem á að greiðast af öðrum aðila en ríkinu. Og þá er ætlazt til skv. þessu ákvæði, að bæjar- og sveitarfélög greiði kostnaðinn. Mér skilst, að þetta verði útkoman. Ég hef viljað hafa ákvæðið á þá leið, að kostnaður af meðferð vistmanna og sjúklinga skv. 8.—11. gr. greiðist úr ríkissjóði. Mér er eigi ljóst, hvort hv. flm. hafi haldið, að það tryggði þetta, að kostnaðurinn ætti að greiðast af öðrum aðila. Ég hef skilið þetta svo, að sveitarsjóðir ættu að bera þann kostnað. En nú sé ég, að hv. flm. ætlast til, að sveitarsjóðir eða aðilarnir sjálfir greiði fimmta hluta kostnaðarins. Og get ég með engu móti fallizt á það.

Þá er það 14. gr., en við hana gerir meiri hl. n. heldur eigi neina brtt. En ég hef borið fram þá brtt., að ráðh. setji „nánari reglur um rekstur vistheimila og lækningahæla samkv. lögum þessum og annað, er snertir framkvæmd þeirra,“ m. ö. o. reglugerðarákvæði, og er það eðlilegt og í samræmi við aðrar breyt. á l. — Síðan legg ég til, að 15. gr. hljóði svo, en kaflaskipti og fyrirsögn falli niður, um sjóðstofnun: „Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 30. des. 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði þessara laga.“ Meiri hl. n. leggur einnig til, að þessi kafli sé felldur niður, þ. e. að af ágóða áfengisverzlunarinnar á árunum 1949—55 skuli verja 1½ millj. kr. „á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.“ Mér þykir rétt, að gr. falli niður. Það er alveg sama, þótt áfengisverzluninni sé sleppt, því að hún er ekki nema ein skúffan í ríkissjóðnum, sem rétt er, að beri þennan kostnað uppi, eins og háttar til um önnur sjúkrahús. Og mér er eigi kunnugt um, að nokkru sinni hafi verið neitað um fé til rekstrar sjúkrahúsa. Má segja, að neitað hafi verið um tillag til að reisa hús, en það hefur aldrei verið neitað um fé til rekstrar þeirra, og er því ekki ástæða til að hafa þetta í frv., enda þótt ætlazt sé til þess af meiri hl., sem segir svo: „Kostnaður við stofnun og rekstur hæla þeirra, sem um getur í 8. gr., skal greiddur af ágóða áfengisverzlunar ríkisins, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af aðilum sjálfum, sbr. 13. gr.“ Ég skil ekki þessa hugsun, hvers vegna þarf að taka það fram í frv., að kostnaðinn skuli greiða af ágóða áfengisverzlunarinnar, þar sem hann fer þó allur í ríkissjóðinn. Það liggur þó snefill af hugsun hjá hæstv. ráðh., að tryggja skuli 1½ millj. kr. til að leggja í sjóð. En það er hér engin hugsun að baki í brtt. meiri hl. n., bókstaflega engin.

Þetta eru þá þær brtt., sem ég legg til, að gerðar verði á frv. — Ég gat þess í byrjun, að hæstv. ráðh. hafi ekki ætlazt til að fá frv.

samþ. á þessu þ. Skýrasta sönnun þess, að ég fari með rétt mál, er, að mér er ekki kunnugt um sem form. fjvn., að hann hafi óskað eftir, að neitt yrði tekið upp á fjárlög þessa árs í þessu skyni, eða bætt yrði við 1½ millj. kr. á útgjaldalið áfengisverzlunarinnar í fjárl. En þá yrði óhjákvæmilegt að taka frá 1½ millj. kr. eða telja hana til gjalda og þar með minnka tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. En þá verður hæstv. ráðh. að athuga að ætla tekjur á móti eða draga úr kostnaði, nema hæstv. ríkisstj. ætlist til, að ekki eigi að afgreiða fjárl. greiðsluhallalaus. Nú er búið að ræða og skila öllum brtt. við fjárl. og 3. umr. er lokið, og ekki bólar á einni till. frá hæstv. ráðh. vegna þessa máls, og hann hefur ekki minnzt á það. Ég held, að ég hafi vakað yfir hverju orði, sem sagt hefur verið í Sþ., og ég minnist þess ekki, að hæstv. ráðh. hafi gert tilraun til að fá eina kr. til að láta þetta ná fram að ganga, hefur ekki hugsað til þess. Það sýnir langbezt, að hæstv. ráðh. ætlar ekki að láta frv. ná fram að ganga á þessu þ., og það, sem meira er, að hann hugsar ekki fyrir því að gera neitt fyrir þessa vesalinga á öllu árinu 1949, hugsar ekki fyrir einni kr. til að lækna þá. Það er endirinn á þeim sorgarþætti, sem hæstv. ráðh. hefur leikið í þessu máli, allt frá árinu 1947.

Ég hef lokið máli mínu að þessu sinni, en vænti þess, að hv. d. samþykki till. mínar, þegar til atkvgr. kemur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa orðið á milli manna.

Frv. þetta er borið fram og undirbúið af hæstv. menntmrh. sem heilbrmrh. Hann hafði samráð við mig, og ég játa, að ég taldi mér ekki fært að beita mér á móti nýjum tilraunum í þá átt að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessum málum, þó að ég sé um sumt vantrúaður á þær aðgerðir, sem í frv. eru ráðgerðar. Ég mundi e. t. v. hafa kosið ákvæðin sum á annan veg, ef ég hefði meiri ráð, en mér þykir eðlilegt, að aðrir ráði hér meiru, til þess að eigi verði með réttu sagt, að óviðkomandi menn hafi spillt málinu og vegna þess hafi allt farið út um þúfur. — Annars kvaddi ég mér hljóðs vegna ómaklegra ummæla hv. þm. Barð. um dr. Helga Tómasson yfirlækni. Ég þekki það af langri kynningu við hann, bæði sem mann og vegna náins samstarfs við hann sem embættismann, þegar ég var borgarstjóri hér í bæ og nú ráðh., að þau eru tilefnislaus og með öllu ómakleg. Er merkilegt að vita, hvers vegna hv. þm. hefur látið sér þetta koma til hugar. Menn getur greint á, en engin réttlæting þykir í því að veitast á bak að ágætismanni, sem getur því eigi borið hönd fyrir höfuð sér, á þann veg, sem hér hefur fram farið, og bregða honum um allar vammir og skammir, illvilja í garð vesalinga þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og kaldlyndi til þeirra. Ekkert af þessu fær staðizt. Ég hef eigi þá þekkingu, að ég geti skorið úr um, hvort skoðanir dr. Helga séu réttari en annarra lækna. En ég efast um, að hv. þm. Barð. sé svo dómbær á þessa hluti, að hinn harði dómur hans geti verið reistur á föstum grundvelli. Varðandi það, að ráðstöfun Kaldaðarness sé dr. Helga að kenna, þá hygg ég, að hinir hörðu dómar hafi fyrst heyrzt frá hv. þm. Barð. eftir umr. í vetur, er ég benti á, að hælið hafi verið flutt eftir till. hinna fróðustu manna — og þ. á m. dr. Helga. Og vegna þess að mat dr. Helga hefur blandazt inn í þetta Kaldaðarnesmál, sem hv. þm. Barð. telur vítavert, þá leggur hann stund á að setjast að manninum. En þótt það sé rétt, er ég sagði, að dr. Helgi Tómasson hafi eigi talið hæli þessu vel fyrir komið, þá felst eigi í því, að hann hafi ráðið hinni síðari ráðstöfun á Kaldaðarnesi, enda er persónuleg skoðun dr. Helga sú, að ráðstöfun stj. á Kaldaðarnesi hafi verið ill framkvæmd, en það haggar eigi því, að þessi maður, sem er færastur allra lækna í landinu, þeirra er fengizt hafa við þessi mál, og bæði góðviljaður og ósérhlífinn, taldi rangt að halda áfram rekstri Kaldaðarneshælis, eins og komið var. Hv. þm. Barð. talaði nú áðan eins og drykkjumannahælið hafi verið fullkomin stofnun, áður en dr. Helgi Tómasson og landlæknir eyðilögðu hana. Af hverju heldur hann, að hælið hafi verið flutt frá Kumbaravogi? Ég átti þátt í því, að hælið var sett þar upp, og ég játa, að sumir menn, er komu við rekstur hælisins, þ. á m. maður, sem ég er ekki hrifinn af sem stjórnmálamanni, hv. 6. þm. Reykv., lögðu ákaflega mikið og óeigingjarnt starf í að halda rekstri hælisins í góðu horfi. En ekkert af þessu haggar því, að Kumbaravogshælið náði eigi tilgangi sínum. Ýmsir struku þaðan, og ýmsir eða jafnvel allir lögðust í drykkjuskap, þegar þeir komu út af hælinu aftur. Enn er kunnugt um, að vistmenn gerðu verkfall, vegna þess að þeir sættu sig ekki við kjör þau, er þeir áttu við að búa, þrátt fyrir það að góðir menn legðu fram vinnu og eigi væri horft í fé. En þó að dr. Helgi kæmi hvergi nærri, þá var hælið flutt frá Kumbaravogi, af því að rekstur þess fór út um þúfur. Mér er eigi kunnugt um, hvers vegna dr. Helgi tók við hælinu. En ég býst við, að það hafi verið vegna viðurkenningar á því, að fyrri tilraun hafi farið út um þúfur, og þurfti þá að leita til fróðari manna, en dr. Helgi sagði, að þessi tilraun færi eins og hún fór. En ég taldi rétt, að áhugasamir menn, sem láta sig þessi mál miklu skipta, fengju að gera sínar tilraunir, svo að eigi væri spillt fyrir, þótt ýmsir drægju þær í efa. Ég vil taka það fram, að eigi má skilja orð mín um Kumbaravog bókstaflega. Sem meginregla var það rétt, að sú tilraun hefði misheppnazt, um leið og mennirnir komu út af hælinu.

Ég vildi láta þetta koma fram, ekki vegna þess, að ég telji þetta skipta miklu máli, heldur vegna þess, að ég vildi eigi sitja undir því, að svo ómaklega væri veitzt að slíkum ágætismanni sem ég veit, að dr. Helgi er, og hann nafngreindur hvað eftir annað og talað um hann sem meinvætt í þessu máli. En ég segi ekki, að kenningar dr. Helga séu réttari en

annarra. Menn geta vel haft aðrar skoðanir um slíkt. Ég tel þó sjálfur, að till. hv. þm. Barð. séu allar fjarlægar hinu rétta og megi því ekki samþykkja þær. Hins vegar segi ég ekki, að þær séu fluttar af illvilja eða kaldranahætti. Ég veit ekki, hvor hefur réttari skoðun, og það er sök sér, þó að við köstumst á stóryrðum innan þessara veggja. En það á eigi að draga inn í nöfn þeirra manna, er ekki eru viðstaddir.

Ég hjó í það, að hv. þm. Barð. sagði, að eftir þessu frv. ætti að fara með þessa vesalinga eins og glæpamenn. En það verður eins eftir brtt. hans. Þannig er það, að ég sé aðeins eitt ákvæði í frv., sem gæti bent til þess, að með menn þessa ætti að fara sem afbrotamenn. Það er í 5. gr. stjfrv., svo hljóðandi: „Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.“ Þetta ákvæði ætlast hv. þm. til, að verði óbreytt. Ég veit ekki til, að hann leggi til, að gr. verði lögð niður, en sé eitthvað í frv. þess efnis, er ég gat, þá er það þessi gr. Meðan hún helzt óbreytt, eftir fram komnum brtt., þá eru afskipti löggæzlumanna óhjákvæmileg, og eiga þeir eftir sem áður að halda uppi refsingum fyrir ölvunarbrot. Það er nokkur tvískinnungur í frv., eins og það er, en er eigi síður í brtt. hv. þm. Barð. Ég tel, — hvað sem talinu um sjúkleika líður, — að þá sé sjálfsagt að halda því ákvæði, að sekta eigi þessa menn, af því að þessi bráðabirgðageðveiki sé þeim oftast sjálfráð og því eðlilegt, að þeir sæti refsingu. Og þrátt fyrir ásakanir hv. þm. Barð. í garð löggæzlumanna og þótt 5. gr. yrði felld niður, þá verður ekki umflúið, eftir 1. brtt. hans, að „menn þá, konur sem karla, sem ölvaðir eru á almannafæri, á samkomustöðum eða á heimilum og raska ró manna, gera árásir á aðra eða valda óspektum með drykkjulátum,“ skuli „flytja í sjúkrahús, sem hefur tök á að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Það er borgaraleg skylda að aðstoða við slíka flutninga.“ Ja, hver á að flytja þessa menn á sjúkrahús? Borgaraleg skylda! En þó að ég áliti hv. þm. ákaflega borgaralega sinnaðan mann, t. d. við sín þingstörf, þá á ég eftir að sjá hann hlaupa til, ef einhver er fullur heima hjá sér að valda óróa, með drykkjulæti niðri á Hótel Borg eða að slást niður við höfn, að tosa honum heim til sín eða flytja hann í sínum einkabíl, t. d. austur að Kaldaðarnesi. Ég held, að niðurstaðan verði sú, að löggæzlumennirnir verði að taka þessa menn. Starf lögreglumannanna við að umgangast menn er vissulega svo erfitt og vandasamt, að þeir eiga frekar skilið hvatningu og vinsamlegar bendingar um meðferð síns vandasama starfs en að hér sé ráðizt á þá sem stétt eða hóp manna og þeir sakaðir á svo freklegan hátt eins og hv. þm. Barð. gerði hér. (*GJ:* Vill ekki hæstv. ráðh. láta rannsaka það?) Ja, ég vildi gjarna láta rannsaka það, en þá verður líka að nafngreina menn og segja, hvenær þetta var, sem hv. þm. talaði um, og hvar. Og þegar það hefur verið gert, þá skal ekki standa á mér að láta rannsaka það. En það þýðir ekki að koma með svona sögur, ótilgreindar og óstaðfestar. Jafnvel þó að ekki fengist önnur staðfesting en umsögn hv. þm. Barð. um þetta, þá mundi ég láta rannsaka það, þegar hann tilgreinir þetta, sem ég hef fram tekið. Og ég skora á hv. þm. Barð. að tilgreina þessa aðila, helzt hér í hv. d., til þess að ekkert fari á milli mála, eða þá að tilkynna mér sem dómsmrh. eða þá hæstaréttardómurum hér, hverjir þessir brotlegu menn eru og með hverjum hætti þetta hefur skeð, til þess að þetta verði rannsakað. Auðvitað kemur mér ekki til hugar að vefengja, að einstakir lögreglumenn hafi stundum gengið töluvert lengra eða feti framar en þeim bar að gera. Sumir lögreglumenn hafa á undanförnum árum fengið refsingu fyrir slík brot. Það hafa hins vegar í blöðunum í vetur komið fram mjög ýktar ásakanir á lögreglumenn í ákveðnu tilfelli fyrir misþyrmingu á drukknum manni. Ég fyrirskipaði þegar í stað rannsókn út af því, enda var þess óskað engu síður af lögreglunni. En ég hefði fyrirskipað þessa rannsókn, hvað sem þeirra óskum leið. Ég hef sjálfur lesið yfir alla þá rannsókn. Sumt af henni er kannske þannig, að um það má deila, en ég held, að niðurstaðan hljóti að verða sú, að í heild hafi lögreglumennirnir ekki í því tilfelli unnið til þeirra ásakana, sem á þá voru bornar, heldur þvert á móti, að þeir hafi orðið fyrir ásökunum ranglega, enda er ekki að furða, þó að eitthvað skolist í frásögn dauðadrukkinna manna, og valt að treysta því, sem þeir segja um það, hvað fyrir þá hafi borið í því ástandi. En þarna voru fleiri vitni við. Og eftir því, sem fyrir liggur í því tilfelli, hefur ekki verið talin ástæða til frekari aðgerða af hálfu þess opinbera, og hef ég þó sjálfur reynt að kynna mér til hlítar, hvort nokkuð hafi verið látið undan falla í þeim efnum. En jafnvel þó að slík tilfelli geti komið fyrir, að lögreglumenn séu misjafnir, og hljóti að koma fyrir samkvæmt mannlegu eðli og lögmáli um breytni manna, og að þeir séu sumir ekki að öllu leyti starfi sínu vaxnir, þá réttlætir það þó engan veginn slíkan óhróður og almennan dóm um þessa menn sem hv. þm. Barð. bar hér fram í hv. þd. Og það að segja, að lögreglumenn — þó að þeir loki þessa menn inni, sem þeir verða að taka — taki sér yfir þeim bæði dómsvald og vald til að framkvæma dóminn, það er fjarri öllum sanni. Ef t. d. kona hringir til lögreglunnar og kvartar undan dauðadrukknum manni, eiginmanni eða syni, sem gerir lífið óbærilegt á heimilinu með ölæði sínu, hvað á þá að gera við þann drukkna mann? Verður ekki að fara með hann í fangelsi og geyma hann þar? Það er líka mikið talað um það hér og er oft talað um það í blöðum, að kjallarinn svo kallaði sé ósæmilegur sem fangageymsla, og hv. þm. Barð. hafði um það stór orð. Ég hef komið í mörg fangelsi víðs vegar, og ég hef ekki séð til jafnaðar öllu veglegri staði fyrir dauðadrukkna menn en þarna er í þessum

kjallara. Sannleikurinn er sá, að það eru oft sérstakir geymslustaðir, sem ætla verður slíkum mönnum. Það er vitað mál, að þeir tryllast og brjóta og skemma, þar sem þeir eru, og ekki sízt, þegar þeir eru settir inn. Og það er þá ekki hægt að setja þá inn í fínustu lúxusstofur, með öllum tilheyrandi vísindalegum læknistækjum við hendina. Ég held, að rekstrarkostnaður af því, ef svo væri til hagað, yrði nokkuð mikill. Nú er ég ekki með þessu að segja, að kjallarinn sé til frambúðar eða til fyrirmyndar. En það er heldur ekki of mikið gerandi úr því, í hverju ástandi kjallarinn er, — þó að ég sé ekki ánægður með það ástand, sem í þessum málum er, — og að segja, að hann sé uppeldisstofnun fyrir drykkjufýsn, er auðvitað fullkominn misskilningur. Og því miður á ég eftir að sjá, hvort verður meir fráfælandi, að menn séu settir á sjúkrahús og teknir undir læknishönd, eða hins vegar, að þeir séu settir í kjallarann. Hitt er rétt, að drykkjufýsnin er auðvitað sjúklegt fyrirbrigði. Og það er sú meginhugsun, sem réttlætir það frv., sem hér liggur fyrir. Og ofurölvun er líka sjúklegt fyrirbrigði, og þess vegna er eðlilegt, að læknir sé þarna kallaður til. En það verða engar flottar eða fram úr skarandi stofur eða geymsluklefar, sem þessir menn verða settir í fyrst til að byrja með, — og jafnvel þó að byggt væri yfir þá í Kaldaðarnesi, sem hv. þm. Barð. ætlast til, að gert sé, — meðan þeir eru viti sínu fjær fyrir sitt ofdrykkjuástand.

Ég tel sem sagt, að því fari fjarri, að frv. eins og það er sé óaðfinnanlegt. Og að sumu leyti geri ég nú kannske ráð fyrir því, að frv. hefði haft gott af því að fara í gegnum betri lögfræðilega skoðun hjá fleirum, t. d. að bæði lagadeildin og hæstiréttur hefðu skoðað það og haft nokkurn tíma til þess að velta vöngum yfir því. Ég hef ekki lagt áherzlu á það. Það hefði víst ekki orðið úr því í vetur, þó að ég hefði lagt áherzlu á það, því þó hér sé að nokkru um læknisfræðileg efni að ræða, varðar frv. mjög lögfræði og refsiframkvæmdir ekki síður. En vegna þess, hversu hörmulegt ástandið er í þessum málum, sem er ýmsum að kenna, ekki lögreglumönnum og læknum, sem eru að reyna að ráða við þetta, heldur má segja, að það sé af þjóðfélagsháttum eða aldaranda og sumpart of miklu peningaflóði hjá mönnum, sem ekki hafa þroska eða menningu til þess að verja fénu á skynsamlegri hátt, o. m. fl., sem þar kemur til greina, — en úr því að ástandið er eins og það er, hefur mér sýnzt rétt og óhjákvæmilegt að gera tilraun með svipuðum hætti og hæstv. menntmrh. leggur til og láta þá reynsluna heldur skera úr um það, hverjum breyt. þyrfti að koma að síðar. En jafnvel þó að menn sæju eitthvað, sem betur mætti fara, í upphafi, þegar setja á löggjöf um þessi mál, þá finnst mér hægt að leggja það til án svigurmæla og ádeilna á menn, sem ekki hafa aðstöðu til að geta varið sig, og allra sízt hæfir slíkt gangvart mönnum, sem lagt hafa gott til þessara mála og annarra, eins og dr. Helgi Tómasson.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst segja það viðkomandi brtt. heilbr.- og félmn., að ég vil eindregið ráða hv. þd. frá því að samþ. þær till. Þær skiptást í tvær höfuðtill., sem hvorar tveggja koma við 8. gr. frv. Annað atriðið er að leggja yfirumsjón þessara mála undir sérstakan yfirlækni, en hafa þetta ekki á vegum geðveikralæknisins á Kleppi. Þetta tel ég ekki rétt, og ég vil ráða hv. d. frá að samþ. þetta. Ég hef sannfærzt um það af rökum þeirra manna, sem ég hef rætt þetta mál við oft, að heppilegra sé, að geðveikralæknir hafi yfirumsjón þessara mála, og mun það vera svo í þeim löndum, þar sem þessum málum er sæmilega fyrir komið, að þessar stofnanir eru reknar í mjög nánu sambandi við geðveikrahæli, vegna þess að það eru sérfræðingar í geð- og taugasjúkdómum, sem fyrst og fremst þurfa að stunda þessa ógæfusömu menn, sem þurfa að leita sér lækningar við drykkjusýki. Ég vil líka benda á, að verði þessi háttur upp tekinn, sem í brtt. er gert ráð fyrir, má gera ráð fyrir, að þarna komi upp ný stofnun, sem er þetta yfirlæknisembætti og það, sem hleðst í kringum það, og yrði það tvímælalaust miklum mun útgjaldafrekara en ef þessi stofnun er í sambandi við geðveikrahælið á Kleppi. Það yrði líka miklum erfiðleikum bundið að draga markalínu milli þeirra viðfangsefna, sem þessi læknir ætti að hafa með höndum, sem væri yfirlæknir í þessari stofnun, og hins, sem félli undir verksvið læknisins á Kleppi, sem gæti valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ég mæli því á móti því, að þessi háttur verði á þessu hafður, sem í brtt. er lagt til. — Hitt atriðið í brtt. n. er, að bæjar- og sveitarfélög taki ekki þátt í kostnaði við þessi mál. Ég tel slíkt misráðið. Ég hygg, að talsvert erfitt verði að rísa undir þeim kostnaði, og alveg eðlilegt, að honum verði nokkuð skipt. Mér er líka kunnugt um það, að t. d. yfirvöld Reykjavíkurbæjar hafa áhuga fyrir þessum málum og eru reiðubúin til þess að leggja fram fé t. d. til þess að eiga þátt í stofnun gæzluvistarheimilis. Og ég álít, að það sé alveg rangt að setja lagaákvæði, sem nánast yrði til þess að koma í veg fyrir, að frumkvæði Reykjavíkurbæjar fái í þessu efni notið sín, lagaákvæði, sem gæti orðið til þess, að framkvæmdir yrðu ekki eins örar í þessum málum eins og ef Reykjavíkurbær gæti tekið þátt í þeim eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil því mjög ákveðið mæla á móti þessari brtt. n.

Um hv. þm. Barð., sem hefur sérstöðu í þessu máli, vil ég aðeins segja það, að ég ætla ekki að skattyrðast við hann, en ég vorkenni honum. Ég álít hann blátt áfram brjóstumkennanlegan mann. Einn velviljaður maður honum hefur sagt opinberlega um hann það, sem ég hygg, að sé rétt, að hann sé þannig, að hann verði sér til skammar opinberlega nær því á hverjum degi. Og hann hefur orðið það hér í dag rækilega með ræðu sinni um þetta mál og þeim fúkyrðum og sleggjudómum, sem hann þeytti í allar áttir. Við þann mann er ekki mælandi. Þó ætla ég að fara nokkrum

orðum um brtt. hans. Hann leggur til, að gerbreytt verði I. kafla frv. Hann sagði, að þar væri ákveðið að fara með ölvaða menn eins og lögbrjóta og glæpamenn. En sú meðferð, sem þar er ákveðin, er, að allir þessir menn, sem ekki er unnt að sleppa heim þegar í stað, þegar þeir hafa lent í höndum lögreglunnar, séu fluttir á sjúkrahús og þeim sé látin þar í té viðeigandi aðhlynning. Þetta segir hv. þm. Barð., að sé að lögfesta það, að með þessa menn sé farið sem glæpamenn. Og svo hafði hann mörg orð um þvingun, sem eftir frv. ætti að beita þessa menn. Allt er þetta mælt út í hött og ófugmæli. Og þessi hv. þm. veit ekki, hvenær hann segir satt og hvenær ósatt, og það vita allir, og það er mjög leiðinlegur kvilli. Hans brtt. um I. kafla frv. eru þær, að leggja miklu meiri þvinganir á sjúklinga í þessum efnum en gert er ráð fyrir í frv. Hann gerir ráð fyrir því t. d., að ölvaðir menn séu teknir — og þá verður það að vera gert af lögreglunni — jafnvel á heimilum þeirra, og fluttir á þessar sjúkdómsdeildir. Og hann gerir ráð fyrir meiru í sínum till., að það sé hægt að gera á þessum mönnum lækningatilraunir, ýmiss konar tilraunir, án þeirra samþykkis, þannig að hægt sé að úrskurða þá til þess. Og hann gerir einnig ráð fyrir, að það sé hægt að úrskurða þá til þess að vera á sjúkrahúsum, þó að þeir eða aðstandendur þeirra samþ. það ekki. Hann leggur til, að beitt sé miklu meiri þvingun en í frv. er gert ráð fyrir og meiri en nokkrum öðrum sjúklingum er boðið upp á. Ég vil bara vekja athygli á þessu, því að það er gefið mál, að þessar brtt. verða ekki samþ. af hv. þd. Að vísu segir hv. þm., að það sé hægt að áfrýja til nefndar þessum þvingunarákvörðunum, sem læknir vildi beita. En ef nefndinni þóknast að vera lækninum sammála, þá má halda þessum manni nauðugum og gera á honum þessar tilraunir nauðugum, og þó að aðstandendur hans vilji það ekki heldur. Og n. má vera fjórtán daga að fella úrskurðinn, ef um áfrýjun er að ræða, og svo auðvitað læknirinn marga daga, þannig að jafnvel þó að niðurstaðan yrði sú, að maðurinn yrði ekki þvingaður til að vera þarna eftir áfrýjun, þá væri hægt að halda honum vikum saman án úrskurðar í þessari stofnun.

Þá leggur hv. þm. Barð. einnig til nokkuð svipað og hv. meiri hl. n. um það, að sveitarfélög og bæir taki ekki þátt í kostnaði við þessi mál og að það skuli setja sérstakan yfirlækni yfir þessa stofnun, en geðveikralæknirinn á Kleppi hafi ekki þessi mál með höndum. Og loks klykkir svo þessi hv. þm. út með því — þessi þm., sem þykist hafa svo gífurlegan áhuga fyrir þessum málum, sem hann er þó annað veifið að reyna að koma fyrir kattarnef — með till. um, að nema úr frv., að áfengisverzlunin standi undir þessum kostnaði, en leggur þar með til, að hann skuli greiðast úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Þetta veit hann, að þýðir það, að ekkert verður lagt fram til þessara mála á næstu árum. Hann veit, hvernig það er að sækja það, að þessi mál séu tekin inn á fjárl., og veit, að til þess, að nokkuð verulegt verði gert í þessum málum, verður að taka til þess fé af óskiptum tekjum áfengisverzlunarinnar. Og samt sem áður þykist hann hafa áhuga fyrir málinu. En við vitum, að hann er að reyna að eyðileggja þetta mál. Og nú, af því að hann veit, að það er orðið nokkuð áliðið þingtímans, er hann enn fremur að bera fram brtt. við málið til þess að reyna að eyðileggja málið með því að tefja það. — Þá sagði hann, að alvara mín í þessu máli væri ekki meiri en svo, að ég hefði ekki tekið þetta inn í fjárlagafrv. Það er ekki venja að taka inn í fjárlagafrv. útgjöld eða tekjur vegna frv., sem ekki eru orðin að lögum. Þetta er því sagt út í hött. En hvað má segja um frv. um aflatryggingasjóðinn, sem allir vita, að verður að l., sem bakar ríkissjóði töluverð útgjöld? (*GJ:* Hefur hann ekki verið tekinn inn í fjárlagafrv.? Hann hefur verið tekinn þar inn. Þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem þessi hæstv. ráðh. veit ekki, hvað hann er að segja.) Það hefur ráðh. þá gert án þess að ráðgast um það við ríkisstj. í heild. En engin till. hefur mér vitanlega komið um það. Og hv. þm. Barð. veit, að það er ekki venja að setja inn í fjárlagafrv. gjöld vegna annarra laga en þeirra, sem búið er að samþ. Og það veit hv. þm. vel, að ef Alþ. samþ. þessi lög, skiptir ekki máli, hvað stendur í fjárl., — þá fá þessi lög, sem hér liggur fyrir frv. um, sína peninga frá áfengisverzluninni. Hitt veit hv. þm. Barð. jafnvel, að ef hans brtt. verður samþ. um þetta efni, þá fást engir peningar í þetta árið 1949. Og það er þess vegna, sem hann flytur þessa þokkalegu till., og bætir svo gráu ofan á svart með því að tala um það hér í hv. þd., hvað hann hafi mikinn áhuga fyrir þessu máli.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þetta. Ég hef tekið fram aðalatriðin í ástæðunum til þess, að ég legg á móti því, að brtt. meiri hl. hv. n. verði samþ. En ég mæli með því, að frv. væri samþ., þó að þær næðu fram að ganga, og legg áherzlu á að krefjast þess, að þetta mál nái afgreiðslu á þessu þingi. Og ég vonast til þess, að hæstv. forseti þessarar d. sjái til þess, að svo verði, því að þetta mál á miklu styttra í land en mörg önnur mál, sem liggja fyrir þessu þingi. Það liggja fyrir þinginu einhver mál, sem eiga eftir fjórar til fimm umr., og nokkur slík mál eiga eftir þrjár umr. En þetta mál á ekki eftir nema eina umr. Og ég mun ekki tefja málið með ræðuhöldum.

Umr. frestað.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög mikið, en frásögn hv. þm. Barð. af nefndarfundum um þetta mál var þess eðlis, að ég sem form. n. get ekki látið því ómótmælt. Það er að vísu rétt hjá honum, að málið var óskaplega lengi í n., og stafar það fyrst og fremst af því, að það var

verið að reyna að ná samkomulagi um málið, og satt að segja virtist manni lengi vel, að ekki bæri svo mikið á milli, að samkomulag ætti að nást, en það endaði með því, að samkomulag náðist ekki. Önnur svigurmæli frá hans hendi um það, að ég og hæstv. menntmrh. hefðum aldrei hugsað okkur, að málið næði fram að ganga, og hagað okkar vinnubrögðum með það fyrir augum, eru algerlega út í loftið. Ég held, að við, sem stöndum að meiri hl., viljum þessu máli vel, þó að við höfum aðra skoðun á fyrirkomulaginu. Ég skal ekki fara í einstök atriði, en tel málið svo mikilsvert, að full ástæða sé til að ætla það sérstökum manni, en ekki að láta það vera aukastarf önnum kafins manns. Ég held einnig, að þar sem ríkið hefur einkasölu á áfengi, með allri þeirri bölvun, sem því fylgir, þá beri ríkinu að standa undir kostnaði af þessu með gróða af áfengisverzluninni, en ekki bæjarfélögunum, þó að ég viðurkenni, að ef Reykjavíkurbær vill standa undir kostnaðinum að sínu leyti, þá sé rétt að þiggja það, þar sem fjárhagurinn er ekki of góður. En ég held, að það heppilegasta sé, að ríkið standi undir þessu, það hefur hvort sem er valdið bölvuninni. Um brtt. tala ég ekki frekar, þær liggja ljósar fyrir, og mér dettur ekki í hug að fara að lesa þær allar eins og hv. þm. Barð. gerði. Menn hafa þær prentaðar, og þær túlka sig sjálfar.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hygg, að þetta mál græði ekki á löngum umr., því að eins og hv. form. heilbr.- og félmn. sagði, þá liggja till. ljósar fyrir og þurfa ekki skýringar við, en sem frsm. tel ég, að ásakanir hv. þm. Barð. á form. n., að hann hafi ekki ætlazt til, að málið væri afgreitt, hafi ekki við hin minnstu rök að styðjast. Hið sama gildir um hæstv. ráðh., að aldrei hefur verið ástæða til annars en ætla, að hann legði fullt kapp á að afgreiða málið á þessu þingi, en hann hefur líka lagt kapp á, að það yrði afgreitt óbreytt. Ég held því, að allar ásakanir hv. þm. Barð. séu rangar. Ég held einnig, að gífuryrðin í garð landlæknis og dr. Helga Tómassonar hafi ekki við rök að styðjast og hafi aðeins vakað fyrir þeim að fá lausn á þessum málum, sem þeir telja til góðs, a. m. k. varð ég ekki var við annað, er þeir ræddu við n., en þeir vildu fá þá lausn, sem þeir töldu vænlegasta til árangurs. Og þó að meiri hl. n. vilji gera þessa breyt., þá er það ekki á þeim forsendum, að við viljum ekki fara að ráðum þeirra, heldur vegna þess, að við teljum stjórn slíkrar stofnunar svo vandasama, að ekki sé hægt að ætla hvorki dr. Helga né öðrum að annast hana sem aukastarf. Dr. Helgi stjórnar nú stórri stofnun og hefur gert það af prýði og skörungsskap. Við töldum því, að þetta starf krefðist alls tíma þess manns, sem það annaðist, og sá maður þarf að hafa sálfræðileg kynni af sjúklingunum, og krefst starfið því mikils tíma. Það var því af þeim ástæðum, sem við vildum skilja þessa stofnun frá Kleppi. — Hv. frsm. minni hl., þm. Barð., ræddi um staðsetningu þessara hæla. Það hafa verið leidd rök að því, að lækningahælið þurfi að vera hér í nágrenni Reykjavíkur, svo að auðvelt sé að ná í sérfræðinga að hælinu, enda flestir sjúklingarnir héðan, og væri því aðeins til að torvelda starfið að hafa það langt frá bænum. En menn eru á því máli að hafa hælið fyrir áfengisöryrkjana á einhverjum afskekktum stað, eins og t. d. á einhverri eyjunni í Breiðafirði, en aðrir vilja einnig hafa það hér í nágrenninu. En ég vil segja hv. þm. Barð., að þegar ég fjalla um svona mál sem nm., þá tel ég það hlutverk mitt að vinna að því, að það verði byggt upp af skynsamlegu viti. Ég vil ekkert skipta mér af því, hver stjórni þessari stofnun, því að það hefur veitingarvaldið á sinni ábyrgð. Og þegar hv. þm. Barð. ræðir um, að það geti ekki orðið dr. Helgi Tómasson, þá fer hann út fyrir verksvið sitt sem nm. og inn á svið veitingarvaldsins, og þegar hv. þm. orðar till. sína svo, að þurfi sérstakan lækni, þá fyrirbyggir hann ekki, að dr. Helgi geti komið til greina, því að hann er sérstakur læknir og getur því fallið undir þetta, þó að hv. þm. reyndi að útiloka hann. Þá var hann að ræða um, að það þyrfti að fá sérfræðing í drykkjusýki, en ég veit ekki, hvort nokkur skóli útskrifar slíka sérfræðinga, en þetta er aukaatriði. Það, sem skiptir meginmáli, er það, að í frv. er gert ráð fyrir tvenns konar hælum, lækningahælum, sem kostuð eru af ríkinu, og dvalarhælum, sem sveitarfélögin kosta. En við í meiri hl. leggjum til, að hvort tveggja verði kostað af ríkinu, því að það er það, sem ber ábyrgðina á, hvernig er komið hér í þessum málum, með því að selja áfengið. En það eru fleiri rök, sem mæla með því, að ríkið standi þar einnig undir kostnaðinum, og það er, að á öryrkjahælin koma einn og tveir menn frá bæjar- og sveitarfélögum úti á landi, og ekkert sveitarfélag hefur svo stóran hóp slíkra manna, að það þurfi sérstakt hæli fyrir þá. Við viljum því, að ríkið og Reykjavíkurbær reisi í sameiningu slíkt hæli, sem bæjar- og sveitarfélög úti á landi gætu svo komið sínum mönnum á, en ef það væri lögbundið, að bæjarfélögin skyldu koma þessu upp sjálf, þá yrði útkoman sú, að engu slíku hæli yrði komið upp, nema þá ef til vill í Reykjavík, og væri þetta því engin lausn á vandamálinu, því að slíkir sjúklingar eru til um allt land. — Þetta eru meginbreyt. á frv. eftir till. meiri hl. n., og sé ég ekki ástæðu til að ræða þær frekar.

Hv. þm. Barð. hélt því fram, að reginmunur væri á anda frv. og till. hans. Hann sagði, að við vildum láta líta á menn þessa sem glæpamenn, en hann sem sjúklinga. Hæstv. menntmrh. mótmælti þessu, og það vil ég einnig gera. Meginmarkmið frv. er, að þeir séu meðhöndlaðir sem sjúklingar, en ekki sem óbótamenn. Í 1. gr. er sagt, að þeir skuli fluttir á sjúkrahús, í 2. gr. er sagt, að þeir skuli vera til læknisrannsóknar, þar til runnið sé af þeim, og í 3. gr. er sagt, að læknir eigi að kynna sér ástand þeirra og ef í ljós komi, að þeir þjáist af drykkjusýki, skuli hann ráðfæra sig við þá

eða aðstandendur þeirra, hvað gera skuli. Þetta er andi frv., sem hv. þm. talar lengi um, að sé eins og meðferð á glæpamönnum. Þetta er röng túlkun og augsýnilega gegn betri vitund, hafi 1.—3. gr. verið lesin.

Ég gat þess í framsöguræðu minni, að ástæðulaust væri að blanda Kaldaðarnesi eða Kumbaravogi í þetta mál. Það er fortíðin, og gerðist áður en ég kom á þing, en við erum að ræða nútímann. Það er því ekki verkefni mitt eða annarra nm. að ræða það mál, en við getum dregið okkar lærdóm af því. Mér virðist þetta frv. vera nokkurn veginn óskylt því máli, en ég veit, að þeir, sem sömdu þetta frv., hafa þekkt það mál vel og dregið lærdóm af þeirri reynslu, sem þar fékkst. — Hvað viðvíkur þeirri ásökun frá hv. þm. Barð., að landlækni og dr. Helga Tómassyni hafi verið boðið á nefndarfund, en ekki fulltrúa frá stórstúkunni, þá skal ég geta þess, að það var ekki gert af andúð til stúkunnar, því að það hafði verið gert áður og vitað var, að þeir voru þessu samþykkir í megindráttum. — Þá taldi hv. þm. tilefni til að vera með gífuryrta árás á lögregluna. Ég tel það ekki í verkahring mínum, enda tók hæstv. dómsmrh. þetta til meðferðar og lýsti því yfir, að hann mundi láta rannsaka, hvort þetta hafi við rök að styðjast, og ég held, að slíkt hafi ekkert að gera inn í þingið. Hvað því viðvíkur, sem hann sagði, að lögreglan misþyrmdi þessum mönnum og að nauðsynlegt væri að koma því inn í frv., að ekki mætti misþyrma mönnum á þessum hælum, þá held ég, að slíkt varði við landslög, svo að óþarfi sé að setja það inn í frv., sem er heilbrigðisfrv. — Hv. þm. Barð. spurði um ýmislegt, þ. á m. hve mörg hælin ættu að vera. Það er ekkert um slíkt í frv., og er það algert framkvæmdaatriði. Dr. Helgi Tómasson taldi heppilegast, að hælin væru lítil og helzt ekki fleiri en 8 í hverju, en það er framkvæmdavaldsins á hverjum tíma að ákveða slíkt í samráði við lækninn. Slíkt er ekki verkefni n. og ekki hægt að ákveða það í frv. Ef til vill verður því komið fyrir í litlum húsum, svipað og í Reykjalundi, en reynslan verður að skera úr því, hve þörfin er mikil og hvaða form er heppilegast, og hið sama er að segja um dvalarheimili fyrir áfengisöryrkja, en vonandi nægir ein stofnun fyrir þá, sem svo illa eru komnir. En það dettur engum í hug að setja lög um það, hve mörg þau verða. Það fer eftir þörfum og hvar þau eru og hve stór. En ég held, að augljóst sé, að eigi að fylgja till. hv. þm. Barð., að flytja alla menn, sem teknir eru fyrir ölvun af lögreglunni, hvar sem vera skal og fara með þá á sjúkrahús, þá muni skorta sjúkrahús. Ég sætti mig því betur við frv., sem stefnir í rétta átt, heldur en slíkt, sem aldrei yrðu annað en handaskol. Ég vona svo, að till. meiri hl. verði samþ., en verði þær felldar, þá vona ég, að frv. verði samþ. óbreytt heldur en að engin löggjöf verði sett um þetta.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Efnislega þarf ég ekki að ræða málið frekar, þar sem ég gerði það í fyrri ræðu minni, en ég vildi svara þeim, sem rætt hafa málið, m. a. hæstv. dómsmrh. og hæstv. menntmrh., áður en umr. lýkur. — Hæstv. dómsmrh. sagðist vera mjög undrandi yfir ummælum mínum um dr. Helga Tómasson og sagði, að ég hefði borið honum á brýn vammir og skammir, en ég veit ekki, hvaðan hæstv. ráðh. hefur það, en ég vil benda á það, að ég hef ekki sagt annað um hann en ég sagði við hann á fundum nefndarinnar. Ég hef aðeins fordæmt þann þátt, sem hann átti í að leggja niður hælið í Kaldaðarnesi. Ég hef ekki borið á hann, að hann hafi gefið hælið, en hann á drjúgan þátt í því að hælið var lagt niður, og fyrir það ásaka ég hann. Mér er vel ljóst, að þetta styggir hæstv. dómsmrh., því að hann er svo gerður, ef honum er vel við einhvern, þá má hann ekki heyra sannleikann um hann, en ef honum er illa við einhvern, þá viðurkennir hann ekkert gott hjá honum, og hvers vegna reif hann sig ekki upp til að verja landlækni. Ég held, að ummæli hæstv. ráðh. markist af því, að hann hafi ekki tekið eftir, hvað ég sagði, og þoli ekki að heyra sannleikann um þá menn, sem honum er vel við. Ég þekki ekki afskipti dr. Helga af öðrum málum önnur en góð og veit, að hann rækir starf sitt á Kleppi vel. Ég hef því aðeins gagnrýnt hann í þessu máli og það með fullum rétti, en ekki afskipti hans af Kleppi. Ég hef ekki farið dult með það, hvaða þátt ég telji hann hafa átt í þessum málum og að ég trúi honum ekki fyrir að byggja málið upp að nýju. Það er því ástæðulaust fyrir hæstv. dómsmrh. að hreyta í mig ónotum út af þessu, en ég get vel verið honum samþykkur í því, að dr. Helgi sé færasti maður í sinni grein hér á landi. Þessar lækningar eru ekki sérgrein Helga Tómassonar. Hann hefur haft þá skoðun, að drykkjusjúklingar væru geðveikir, og því meðhöndlað þá svo. En honum hefur ekki tekizt að lækna drykkjusjúklinga, svo að ég viti. Kann að vera, að hann geti læknað þá frekar í þessari stofnun, en ólíklegt má það teljast.

Þá er sú spurning, hvers vegna hælið hafi verið flutt frá Kumbaravogi. Það var af því, að ekki var horfið að því meginatriði frá upphafi, — og hið sama á því við um flutning hælisins frá Kaldaðarnesi, — að læknir væri á hælinu, sem gætti sjúklinganna daglega, og hælið þannig byggt upp eins og hælið í Reykjalundi. Og ég sé ekki neinar vonir til, að hælið yrði ekki eins flutt frá Úlfarsá, ef lögin ná fram að ganga, úr því að það á ekki að byggjast upp eins og þeir menn, sem mest hafa kynnt sér málið, telja, að heppilegast sé. Ég skal láta afskiptalaust að ræða um drykkjuskap og strok sjúklinganna. Meginatriðið er það, að ekki var farið að á þann hátt, sem þurfti til að halda sjúklingunum í hælinu. — Skoðanir mínar og hæstv. ráðh. í meðferð sjúklinganna eru eins fjarlægar og suðrið er frá norðrinu. Hann vill enn skoða sjúklingana sem afbrotamenn og fara með þá í samræmi við það. Það kom skýrt fram í hans ræðu. Hann taldi kjallara lögregluunnar alls ekki óboðlega vistarveru fyrir 16

ára unglinga og taldi það enga goðgá að geyma þá þar. En ég get ekki skilið, hvernig hæstv. dómsmrh. fer að verja það, að 15—16 ára unglingar, sem e. t. v. hafa orðið ölvaðir í fyrsta sinn á ævi sinni, skuli vera fluttir í aðra eins svínastíu. Ég hygg, að hæstv. dómsmrh., með öllu sínu valdi, geti ekki borið ábyrgð á öðru eins og því. Það er hræðileg staðreynd, að unglingar frá beztu heimilum hafa kannske verið þar gestir að staðaldri í allt að tveggja ára tíma, án þess að heimilin vissu um það. Ummæli hæstv. ráðh. um það, að ég mundi ekki vera viljugur að hlaupa til með minn einkabíl í hvert sinn, sem á þyrfti að halda, sýna ekki aðeins andúð hans, heldur fjandskap við till. Hæstv. ráðh. vildi láta í það skína, að mínar till. væru þannig, að í raun og veru væri það enn meira mannúðarleysi að fara með sjúklingana eins og ég legði til. Hann talaði um 5. gr. í því sambandi. Náttúrlega má fella 5. gr. niður, ef á því strandar. Meginatriðið fyrir mér er það, að ekki verði farið með þessa menn eins og afbrotamenn, og mestu varðar, að gerðar verði breytingar til batnaðar á meðferð drykkjumanna hér í þessum bæ. Það er e. t. v. meira virði en að byrja á að byggja hæli, því að það er fyrst og fremst þessi meðferð, sem fyllir hælin. E. t. v. er hæstv. dómsmrh. hér undir meiri áhrifum frá sinni lögspeki en almennri mannúð. En ég er viss um það, að hann kemst að þeirri niðurstöðu, ef hann kynnir sér málið, að það væri stórkostleg breyting í rétta átt, ef bætt væri meðferð drykkjumannanna í Rvík. Það er ákaflega illa farið, að unglingar skuli vera beittir þessari meðferð, þó að það saki minna um suma hina eldri; og ég er ekki einn um þá skoðun. Hæstv. dómsmrh. spurði: „Hvað á að gera við þessa menn, ef ekki að fara með þá í fangelsi?“ — Á meðan þessi hugsunarháttur ríkir, er ekki von, að vel fari. Það er einmitt allt annað, sem á að gera. Og ég hygg, að hv. 3. landsk. sé mér sammála um þetta atriði. Vill hann nú fá yfirlýsingu um það frá dómsmrh. og menntmrh., að ef frv. verði samþ., þá skuli verða farið öðruvísi með þessa menn en gert er í dag? Þarf að samþ. frv. til þess að koma fram slíkum breytingum?

Hæstv. dómsmrh. skoraði á mig að tilgreina þá menn, sem hefðu flutt mér slíkar sögur sem ég sagði áðan. Telur þá hæstv. ráðh. það beztu lausnina til að bæta úr þessu, að þeir menn verði persónulega dregnir inn í þessar umræður? Hæstv. ráðh. hlýtur að vera þessu kunnugri en hann lætur í veðri vaka, og e. t. v. gæti t. d. hv. þm. Seyðf., sem komst í kast við þessa menn og stóð í málaferlum út af því, upplýst hann eitthvað. Og hvað mundi svo hafast upp úr því, ef ég gæfi upplýsingar hér um þessa menn og sannanir fengjust um, að þeir hefðu framið misgerðir? Mundu ekki halda áfram sömu misgerðirnar? — Ég skal einhverntíma benda hæstv. ráðh. á ýmis mistök í þessum efnum og t. d. á vissa erfiðleika, sem hann varð að glíma við persónulega og beita til þess öllum sínum hyggindum og lagni að kippa þar í lag. En jafnvel þótt hæstv. ráðh. reki sig á, þá endurtekur sig sama sagan dag eftir dag. Og sama stefnan hlýtur að halda áfram, á meðan hæstv. dómsmrh. hefur slíkan hugsunarhátt. Hann mundi að vísu verða að viðurkenna, að mistök ættu sér stað, ef rannsókn færi fram, en það mundi bara engu breyta. Svo sagði hæstv. dómsmrh. það, sem mig undraði mest: „Ég á eftir að sjá, hvort muni verða meira fráhrindandi, sjúkrahúsið eða kjallarinn. Ég er nú alveg undrandi að heyra annað eins og þetta frá hæstv. dómsmrh. Ég er ákaflega hræddur um, að ef hann kæmist í þá aðstöðu að vita sína nánustu, t. d. börn sín 15—16 ára, á fyrsta stigi drykkjusýkinnar, að hann kæmist þá að þeirri niðurstöðu, að sjúkrahúsið væri þeim hollari vistarvera en kjallari lögreglunnar.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða þetta frekar við hæstv. dómsmrh. Hann hefur lýst því yfir, að honum sé sama, þótt frv. nái fram að ganga, þótt hann hins vegar hafi enga trú á, að það geri það gagn, sem til er ætlazt, — og verð ég að segja, að hann er ekki mikið að hugsa um ríkissjóðinn, ef honum er sama, þótt 9 millj. kr. sé fleygt í tilraun, sem hann hefur enga trú á. En hann um það.

Í sambandi við það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að hann vildi ekki, að stofnunin yrði slitin úr tengslum við geðveikrahæli, vil ég segja nokkur orð. Hann vill m. ö. o., að tekin sé upp þessi stefna, að byggð verði 8 manna hæli, þar sem gerðar yrðu þær tilraunir með sjúklingana, sem dr. Helga Tómassyni þykja nauðsynlegar — og hælið yrði í grennd við Rvík, t. d. á Úlfarsá — og allir aðrir væru svo látnir bíða á meðan. Ætli þetta sé nú ekki nóg til að sýna hug hans til þessa máls? Hann hefur aldrei neitt viljað fyrir mál þetta gera. Þá taldi hann það misráðið að láta ríkissjóð bera allan kostnaðinn og rökstuddi það með því, að Rvíkurbær væri t. d. reiðubúinn til að leggja fram sinn hluta. Það getur nú vel verið, en engar samþykktir veit ég til, að liggi fyrir um það. Og ég verð að segja, að mér finnst það í litlu samræmi við annað, sem hæstv. menntmrh. hefur áður sagt og gert, ef hann vill nú fara að velta þarna þungri byrði yfir á sveitarfélögin. Eitthvað af þessum kostnaði kynni þá t. d. að falla á S-Múlasýslu, rétt eins og Rvík. Ég álít það fullkomið hneyksli að gera gildringar til að láta nokkur af þessum kostnaði falla á sveitarsjóðina, ekki sízt vegna þess, að áfengissalan, sem ríkissjóði hefur reynzt drýgst til tekna, á höfuðsökina á því hvernig komið er fyrir þessum mönnum.

Það, sem hæstv. menntmrh. hafði að segja annað, var lítið nema það, að ég yrði mér til skammar á degi hverjum og vissi aldrei, hvort ég segði satt eða ósatt. Lengra náðu sem sagt ekki röksemdir hæstv. ráðh., sem hann tefldi fram gegn rökum mínum. Ég held, að segja megi, að hann hafi aldrei komizt lengra hér á Alþ. í rökþrotum sínum og vesaldómi. Hæstv. menntmrh. sagði, að samkvæmt mínum till. væri hægt að halda sjúklingum fleiri vikur nauðugum á hæli. Ætli væri hægt að halda

þeim lengur en t. d. þeim, sem hafa taugaveiki eða berkla? Ég hef heyrt, að tveimur heimilum hafi þannig verið haldið í sóttkví í 8—10 ár, og hefur það sjálfsagt þótt afsakanlegt af landlækni. Annað mál er, að Alþ. viðurkenndi, að rétt væri að veita einum þessara manna bætur, enda þótt réttmætt þætti að einangra heimilið. En ef það er viðurkennt, að rétt sé að einangra sjúklinga, sem tjón er fyrir þjóðfélagið að láta ganga lausa, getur það þá ekki eins átt við um áfengissjúklinga? Ég hef svo í mínum till. gert ráð fyrir því, að þeir ættu þess kost að rétta hlut sinn, ef hann væri borinn fyrir borð.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það eyðilegði málið að taka kostnaðinn beint úr ríkissjóði, en ekki af áfengisgróðanum. Hver er nú munurinn? Ég veit ekki til, að nokkur fjmrh. né Alþ. hafi neitað um nauðsynlegt fé til rekstrar sjúkrahúsa á Íslandi nokkurn tíma, og það stendur þá til að taka upp nýja háttu í því efni, því að annars þyrfti ekki að setja þetta ákvæði. Nú er það vitað, að jafnvel meiri hl. Alþ. vill vinna að því, að áfengisverzluninni verði lokað. Væri það þá fjandskapur við ríkið að vilja loka áfengisverzluninni? — Þetta eru rök hæstv. ráðh. og þannig leyfir hann sér að tala, eftir að hann hefur vísvitandi haldið málinu hér í n. síðan 30. nóv. og beðið form. n. að láta það ekki koma fram fyrr en á síðustu stundu. Hæstv. ráðh. hefur alltaf komið þannig fram sem ábyrgðarlaus unglingur, og er ekki við að búast, að sú afstaða hans til málefna verði pilluð úr honum á einum eftirmiðdagsfundi.

Hv. 1. þm. N-M. get ég minnt á það, að ég margspurði hann í n., hvernig á því stæði, að þeir fengjust ekki til að gefa út nál. Það má segja, að ég hefði getað gefið út minnihlutanál. En ég vildi bíða þess, að hitt nál. kæmi, því að ef vitað hefði verið, að meiri hl. hefði viljað samþ. frv. óbreytt, hefði verið hægara fyrir mig að gefa út mitt nál. Það var látið í veðri vaka af form., að lítið bæri á milli. En menntmrh. vildi draga málið á langinn og bað um að láta það ekki koma fram fyrr en á síðustu stundu. Það er og einkennilegt, að hann skuli ekki hafa gert ráðstafanir til þess að taka þetta inn á fjárlögin núna, þegar þau hafa verið til umr. Hann sagði, að ekki hefði verið tekin heimild í 22. gr. fyrir hlutatryggingasjóðinn. Veit hæstv. ráðh. ekkert, hvað hefur verið að gerast í þinginu hér að undanförnu? Ég veit að minnsta kosti ekki betur en að það hafi verið gert. En hann veit ef til vill ekki um svona lítinn póst. Í sambandi við þetta mál hefur mér hins vegar verið sagt, að það hafi verið sett í frv., að það tæki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1950, af því að búið væri að ráðstafa öllum ágóða áfengisverzlunar ríkisins fyrir árið 1949. Ef það er rétt, að búið sé að ráðstafa öllum ágóða áfengisverzlunarinnar, sem hæstv. ráðh. hefur nú ekki þorað að viðurkenna opinberlega, þá er nauðsynlegt að fella þetta ákvæði í burtu og setja nýtt í staðinn, því að það getur ekki staðizt eins og það er. Það er ekki hægt að nota áfengiságóðann bæði til brúargerða og í annað. Þetta álít ég, að sé rétt að athuga nokkru nánar, áður en nokkuð er ákveðið. — Hv. form. n. álítur og heldur því fram, að stofnunin ætti að vera undir stjórn eins manns, og er það reyndar óskipt skoðun allrar n. Spurningin er því, hvort þetta á að vera aðalstarf eða aukastarf. Nú hefur hæstv. ráðh. ákveðið, að þetta skuli vera aukastarf, og sýnir það bara, að hæstv. ráðh. hefur ekki hugsað sér sama árangur og n., enda er ekki hægt að ná sama árangri með því, að einn maður hafi stjórnina sem aukavinnu. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta atriði.

Þá ætla ég aðeins að minnast á rök hv. 3. landsk. Hann tók undir orð hæstv. dómsmrh. um það, að mín orð um læknana hefðu ekki við nein rök að styðjast. Ég ætla ekki að fara að gera það að neinu umtalsefni hér, ég get látið nægja að vísa til nefndarfundar um það atriði. Hv. þm. er vel kunnugt um, hvað fram fór á þeim fundi, og ég hef sömu sérstöðu í málinu nú og ég hafði þá, því að ég tel, að reynsla sú, sem fengizt hefur á þessum málum, gefi mér fullt tilefni til þess að vilja ekki, að málið sé lagt í hendur þessara manna, ef einhver árangur á að nást. Hv. frsm. er hræddur um, að engin hæli verði byggð, ef sveitarsjóðirnir eiga að bera kostnað af stofnun og rekstri. En ég vil þá leyfa mér að spyrja hann: Vill hann þá styðja frv. óbreytt? Ég á eftir að sjá, hvort hann greiðir atkv. með því, að frv. nái fram að ganga, og þá ætti líka að koma í ljós, hvort það er raunverulegur vilji fyrir hendi hjá ráðherra til þess að koma hælinu upp. Þá segir hann einnig, að það sé ranglega túlkað af mér að segja, að farið sé með þessa menn eins og afbrotamenn. Ég ætla aðeins að láta nægja að vísa í orð hæstv. dómsmrh., sem hann viðhafði hér áðan. Þá sagði hann, að það væri aðeins framkvæmdaatriði, hve mörg hæli yrðu reist og hvar þau væru. Hvers vegna er það þá ekki einnig um skóla, berklahæli o. s. frv.? Hvers vegna þarf að ákveða það, hve margir skólar skuli vera og hve mörg heilsuhæli? Nei, ég held, að það sé alveg nauðsynlegt að gera sér það ljóst, hvenær og hvar á að byggja þetta upp. Það verður að gera þetta fyrir fram, eins og gert var þegar Reykjalundur var byggður. Þar byrjuðu þeir á smáum húsum og héldu síðan áfram, því að þeir vissu það þá fyrir fram, hve mörg hús þeir ætluðu að byggja þarna. Það var allt gert samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun, og þær áætlanir liggja fyrir á þingskjölum, svo að þm. geta séð þær sjálfir. Ég held því, að það sé miklu hyggilegra að gera sér það strax ljóst, hver kostnaðurinn muni verða, og gera um það áætlanir, heldur en að ráfa í myrkri og skilningsleysi um þetta, þegar framkvæmdir ættu að fara að hefjast. Og það er alveg augljóst, að það er ekki hægt að samræma það að hafa aðeins einn lækni yfir þessu og láta hann hafa það sem aukastarf. En það er auðséð, að hann ætlar sér, að þetta verði auka-

starf fyrir einn ákveðinn lækni hér í Reykjavík, Helga Tómasson, en ekki haft sem aðalstarf. Hann sagði meira að segja, að hann gæti betur fellt sig við frv. sjálft heldur en till. minni hl. Ég verð að segja, að ég skil ekki fyllilega, hvað hv. þm. á við með því, nema þetta hafi verið einhver útúrsnúningur. Annars vil ég taka það fram, að ég er fullkomlega tilbúinn til þess að ræða breyt. á þessari gr. um, að settar verði meiri takmarkanir en þar eru. Hins vegar finnst mér það mjög einkennilegt af hv. þm., þegar hann lýsir því nú yfir, að hann vilji heldur fá frv. óbreytt, og er þó nýbúinn að lýsa því yfir, að frv. komi ekki að neinu gagni, nema því sé breytt til muna, því að þá verði ekkert úr þessu nema dauður bókstafur. Hann er þá kominn yfir á skoðun hæstv. ráðh., að þetta sé ekki gert nema til málamynda, þetta sé aðeins auglýsingastarf. — Ég get svo lokið máli mínu að þessu sinni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. tekur það talsvert að ófyrirsynju, að ég skyldi hafa staðið hér upp og varið dr. Helga Tómasson fyrir ásökunum hans og illmælgi. Hv. þm. verður að skilja það, að á því er reginmunur og þó að köpuryrði fari á milli deildarmanna, jafnvel þó að við tökum oft sterkar til orða og segjum um hvern annan meira en ætlunin er og látum teygja okkur til þess að kveða sterkar að orði og lengja orðræður frekar en hugur stendur til. Með þessu er ég síður en svo að taka mig undan þessu, því að ég játa, að ég hef svarað fullum hálsi og reynt að láta ekki mitt eftir liggja, þegar því hefur verið að skipta. En þetta horfir dálítið öðruvísi við, þegar um utanþingsmenn er að ræða, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, en fá þetta aðeins flutt í þingtíðindum og fréttum, en eru annars ókunnir andanum hér eða orðblæ hv. þm. Þess vegna verða þingmenn að gæta betur tungu sinnar gagnvart þeim mönnum en þeim, sem eiga þess kost að svara hér aftur í sömu mynt. Ég þori því að fullyrða, að hv. þm. Barð. hefur hér notað sterkari orð heldur en hann í raun og veru ætlaði sér eða meinti, enda hefur nú játning á þessu komið fram, þegar hann sagði, að þetta hefði ekki verið sagt, eða ef ég hafi skilið það svo, þá hafi það verið ranglega heyrt. Ég verð því að segja, að það er með allundarlegum hætti, sem hljóðið berst hérna á milli okkar, ekki lengri leið en það er nú, því að ég hygg nú, að hv. þm. hafi sagt þetta, þó að hann kannist nú ekki við það, alveg eins og ég kannast ekki við það, sem hv. þm. heldur fram, að ég hafi sagt. Hljóðið hlýtur því að hafa breytzt hérna á leiðinni yfir salinn, því að hv. þm. hefur heyrt önnur orð en meiningin var.

Hv. þm. spyr, hvers vegna ég hafi ekki varið landlækni á sama hátt og ég varði dr. Helga? Bæði er þar nú nokkur manna munur, og í öðru lagi er ég honum það kunnugur, að ég hefði talið mig vera stórum ámælisverðan, ef ég hefði ekki gert það, en því er ekki þannig varið með hinn. Þeir, sem þekkja hann, geta tekið það að sér að mæla honum bót, ég tel ekki, að mér beri að gera það. Þar að auki er það líka mjög einkennilegt, að hv. þm., sem vill svipta dr. Helga Tómasson áhrifum á þessi mál og flytur um það till., skuli ekki einnig flytja till. um að svipta landlækni þeim. Mér finnst, að nákvæmlega eins eftir sem áður verði landlæknir aðalráðamaður um þessi mál, ekki síður eftir till. þm. Barð. en till. meiri hl. n., svo að með þessari till. sinni hefur hann dregið nokkuð úr því, sem hann hefur sagt. Hvaða ástæða var þá fyrir mann eins og mig, sem ekki hef meiri trú á honum en ég hef, að fara að standa upp og verja hann, þegar hv. þm. hefur sjálfur afturkallað það, sem hann hefur sagt.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að það væri ekki nema rétt að setja þessa menn í kjallarann og væri ekki nema eðlilegt, að lögreglan færi harkalega með þá. Ekkert af þessu sagði ég. Ég tók það skýlaust fram, að núverandi ástand væri slæmt og þyrfti raunhæfra umbóta við, og þó að umbæturnar væru ekki til stórra bóta, þá vildi ég samt styðja þær, af því að núverandi ástand væri óviðunandi. Þetta er það, sem ég sagði. Og ég get ekki skilið, hvernig hægt er að sýna meiri óánægju með núverandi ástand — og kjallarann líka — en að fallast á þær till., sem maður er ekki alveg öruggur um, að muni leysa úr þessu vandamáli. Hitt er annað mál, að kjallarinn sem vistarvera er ekki ósvipaður öðrum fangelsum eða vistarverum fyrir óða menn. Og ég á nú eftir að sjá, að þær vistarverur, sem settar kunna að verða upp á spítölum fyrir þessa menn, verði alltaf vistlegar, því að það er ekki hægt að búast við því, að sá staður verði vistlegur, sem þeir eru settir inn í á meðan þeir eru algerlega ósjálfbjarga, svo að það vellur úr þeim að ofan og neðan, og brjóta svo allt og bramla, sem þeir koma nærri. Það má ekki búast við því, að það verði fagurt um að litast. Hv. þm. býsnast yfir því, að ég skuli hafa sagt, að ég ætti eftir að sjá, hvort þessar vistarverur spítalanna verði minna fráhrindandi en kjallarinn. Ég verð nú að segja eins og er, ef heilbrigður unglingur með mannlega hugsun á hlut að máli, þá hefur hann ekki síður ama af því að vera settur í stofnun sem kjallarann heldur en að vera settur inn á spítala. Ég játa, að sem ungur maður hefði ég talið það allömurlegra og meiri vanvirðu að lenda í þessum kjallara, sem kallaður er, heldur en að vera meðhöndlaður sem sjúkur maður á spítala. Þó að það sé tæknilega rétt að telja þann mann sjúkan, sem er ölvaður, þá er hann þó ekki sjúklingur í venjulegri merkingu þess orðs. Og maður, sem drekkur frá sér vitið um stund, hann þarf ekki endilega að vera sjúklingur, og þess vegna er ekki ástæða til þess að líta hann frá því sjónarmiði, því að það er ekki sjúkleiki nema hjá fáum. Engu að síður finnst mér það rétt að gera þessa tilraun, til þess að hægt sé að sjá, hvort þessi breyting mundi verða til bóta, því að ástandið er svo slæmt, að taka verður hverju tækifæri til þess að gera tilraun til að bæta úr því. Þetta er mín afstaða til málsins.

Hv. þm. segir, að það sé til þess ætlazt af öllum nema sér, að lögreglan ætti að hafa afskipti af þessum mönnum, hann ætlast til, að lögreglan hætti afskiptum sínum af þeim. Þetta ætlaðist hann til, þar til ég benti honum á, að í frv. sé það tekið fram, að hér sé um refsivert athæfi að ræða, og þar með, að hann ætlast til, að refsivert athæfi sæti ekki afskiptum lögreglunnar. Ef hv. þm. væri nú samkvæmur sjálfum sér, þá ætti hann að flytja till. um það, að ölvunarbrot sé ekki refsivert og falli úr refsilöggjöfinni. Ef hann nú meinar þetta, þá er engin afsökun að bera það þá ekki fram í þessu frv. Ég teldi það rangt að breyta þessu, en fyrir þann, sem hefur eins eindregna skoðun í gagnstæða átt og hv. þm. Barð., er ekki nema eðlilegt að flytja till. til breyt. Það verður hvort sem er farið með þessa menn eins og brotamenn, bæði eftir till. hv. þm Barð. og annarra, og jafnvel þó að þetta ákvæði verði fellt niður, því að það er óumflýjanlegt, að það lendi á lögreglunni að taka við þessum mönnum. Þetta hefur hv. þm. viljað telja til mannvonzku hjá mér. En hverjir haldið þið, að muni fást til þess að taka þetta að sér nema lögreglan? Ég hefði gaman að sjá, hvort hann mundi vilja taka þessa menn að sér og aka þeim í bifreið sinni á sjúkrahúsið. Hv. þm. svarar með gífuryrðum, en það staðfestir bara hugboð mitt um, að hann vildi ekki gera það. Nei, lögreglan mundi gera þetta eftir sem áður, en það mundi aðeins verða sú breyting á, að farið yrði með mennina í sjúkrahús í stað kjallarans. Það er hægara að tala um þetta en að koma í framkvæmd. Það þarf ekki að vera að frýja mér hugar með því, að afstaða mín byggist á því, að þetta komi ekki til um mín börn. Það er rétt, að það kemur ekki til með mín börn, þó að ekki væri nema fyrir það eitt, að þau hafa ekki aldur til þess. En ég hef samúð með þessum mönnum og unglingum, sem og foreldrum þeirra og aðstandendum, og þurfum við því ekki að tala um manngæzku. En hér er um að ræða þjóðfélagslegt böl, sem bæta þarf, og það verður ekki bætt með gífuryrðum. En það yrði enginn fegnari en ég, ef þessi tilraun heppnaðist. En ég sé ekkert ljótt við það, þó að ég segi eins og er, að ég hafi ekki eins mikla trú á, að tilraunin geri svo mikið gagn, og hinir bjartsýnustu menn vona. En ég tel rétt að gera þessa tilraun og sé ekkert eftir því fjármagni, sem hún kemur til með að kosta. — Að öðru leyti borgar sig ekki að lengja umr. frekar en orðið er. Ef það væri til einhver allsherjarlækning til þess að lækna drykkjusjúklinga, þá væri löngu búið að finna hana upp. Það er alveg rétt, að trúin á lækningu geti að vissu marki verið til góðs. Í þessu máli verðum við annars að þreifa okkur áfram í von um betri niðurstöðu en hingað til hefur verið, og þess vegna er rétt að gera þessa tilraun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Ed., 14. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 658,1 felld með 9:1 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 658,2 felld með 9:4 atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 658,3 felld með 10:1 atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 658,4 tekin aftur.

Brtt. 629,1 (ný 4. gr.) samþ. með 9:7 atkv.

5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 658,5 felld með 10:1 atkv.

6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 658,6 felld með 10:1 atkv.

Brtt. 629,2 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BrB, GJ.

nei: HermJ, JJós, SÁÓ, BBen, BK, GÍG, ÞÞ.

BÓ, EE greiddu ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 629,3—4 teknar aftur.

8. gr. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, BBen, BK, ÞÞ.

nei: GJ, ÁS, BrB.

StgrA, BÓ greiddu ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Hannibal Valdimarsson: Ég hef tekið það fram í umr. um málið, að þó að brtt. meiri hl. n. væru felldar, þætti mér veigur í frv. og mundi heldur fylgja því, og segi ég því já.

Lárus Jóhannesson: Þótt ég hafi orðið fyrir vonbrigðum þeim, að d. álítur málið ekki merkara en hún gerir, vil ég eigi annað en vera með og segi já, því að ég álít frv. vera til bóta, eins og hv. 3. landsk. tók fram.

Brtt. 658,7—9 og 11 teknar aftur.

9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 658,10 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BrB, GJ, HV, LJóh, PZ, StgrA.

nei: BBen, BK, BÓ, EE, GÍG, HermJ, JJós, SÁÓ, ÞÞ.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 629,5 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BrB.

nei: GÍG, HermJ, JJós, SÁÓ, BBen, BK, ÞÞ.

GJ, EE greiddu ekki atkv.

2 þm. (BÓ, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Allar brtt., sem miða að því að gera meðferðina á þessum vesalingum betri, hafa verið felldar. Þetta atriði, um sektirnar,

hvort hærri séu eða lægri, skiptir engu fyrir málið, og greiði ég því ekki atkv.

12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 658,12 felld með 8:5 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 658,13 tekin aftur.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 658,14—15 teknar aftur.
Brtt. 629,6 felld með 8:7 atkv.
Brtt. 629,7 tekin aftur.
15.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 764, 752).

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ásamt tveimur hv. þm., þeim hv. 1. og 7. landsk., leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. Því miður hef ég ekki þskj. hér hjá mér, og hefur það einhvern veginn orðið eftir, þegar þskj. var útbýtt. En efnislega er brtt. eingöngu í því fólgin, að lagt er til, að hið árlega framlag, sem gert er ráð fyrir í 15. gr., sé lækkað, þannig að í stað orðanna „á árunum 1949—1955 verja hálfri annarri milljón á hverju ári" komi: á árunum 1950—1956 750 þús. kr. á hverju ári. — Er því einnig lagt til, að þetta framlag frá áfengisverzluninni komi ekki til framkvæmda fyrr en 1950, en ekki 1949, eins og er í frv. — Ég hygg, að um þessa breyt. hafi orðið samkomulag innan ríkisstj., og er þetta eingöngu borið fram til þess að gera það aðgengilegra fyrir þm. að greiða frv. atkvæði, en ekki vegna þess, að ekki sé talin fullkomin þörf fyrir þetta framlag eins og það er nú í greininni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. Ég veit, að þm. átta sig alveg á því, hvað hún hefur inni að halda, og verða þeir að gera sér grein fyrir því, hvort þeir vilja gera þetta til samkomulags, til þess að frv. nái fremur samþykki. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Lárus Jóhannesson: Þegar þjóðfélagið gerir upp við sig, hvort á að leyfa einhver ákveðin fyrirtæki, verður að reikna einnig með því, hvaða skaða þau gera. Og ef skaðinn, sem þau gera, er hlutfallslega meiri en það, sem þau gefa í aðra hönd, eru það ekki þjóðþrifafyrirtæki. Ég ætla nú ekki að tala um þann almenna skaða, sem drykkjuskapurinn hér á landi veldur. En ríkið hefur tekið sér einkasölu á áfengi og notað það sem einn af höfuðtekjustofnum sínum, og má því með fullum rétti líta svo á, sem það sé skyldugt að sjá fyrir þeim hluta viðskiptamanna sinna, sem verða drykkjusjúkir. Það er til hreinustu skammar, hvernig þessum áfengismálum hefur verið fyrir komið hér á landi í þessari grein, þ. e. meðferðinni á þeim mönnum, sem eru sjúkir. Í öðrum löndum er reiknað með, að tala þeirra nemi um 25% af þeim, sem víns neyta. En við höfum miklu meiri skyldur gagnvart okkar mönnum, sem þannig eru, en þeir í útlöndum gagnvart sínum, því að við gerum okkur þetta að féþúfu. Ég vil því mótmæla þeirri till., sem skýtur þessu máli á nokkurn frest. Þessi mál hafa verið þeim mönnum, sem hafa haft meðferð þeirra með höndum, til vanvirðu, og er kominn tími til, að eitthvað sé gert ákveðið í þessum málum. Það skal játað, að frv. hefur verið gert stórum verra frá því, sem það var, með því að fella brtt. n. Það er síður en svo, að ég hafi á móti þeim forstöðumanni, sem þetta er lagt undir, ef hann gæti lagt sitt verk í það. En ég held, að ekki væri vanþörf á, að þarna kæmi til maður, sem hefði starfið að aðalstarfi. Vil ég því skora á d. að fella allar till., sem ganga í þá átt að skjóta þessu á frest með minnkuðu framlagi ríkissjóðs.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi till., sem fram er komin á þskj. 752 og leggur til, að framlagið verði lækkað um helming og komi í árin seinna til framkvæmda en gert er ráð fyrir í frv., er gerð í samráði við ríkisstj. og þannig til komin, að þeim, sem hafa fjármálin með höndum, finnst ekki fært að mæla með því að samþ. að svo stöddu svo háa fjárveitingu til þessa máls eins og frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur hefur verið bent á það, að ef framlagið eigi að gilda fyrir 1949, komi það þvert ofan í það, sem búið er að gera í afgreiðslu fjárl. Ég hef þess vegna, til þess að auka líkurnar fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga, fallizt á að mæla með þessari brtt. Ég get vel skilið það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. þm. Seyðf., sem finnst rangt að draga úr því framlagi, sem frv. gerir ráð fyrir. En ég vil samt fara fram á það við þá, sem vilja málinu vel, að þessi brtt. verði samþ., því að eftir því sem ég hef athugað um framgang málsins, sýnist mér samþykkt hennar nauðsynleg til þess, að málið nái fram að ganga. En ég vil benda á, að ef frv. nær núna fram að ganga með þessari fjárveitingu, sem er stórt spor í áttina, er hægara að taka upp baráttu fyrir viðbótarframlagi en ef svo færi, að málið næði ekki fram að ganga. Vil ég þess vegna skora á velunnara málsins að leggja ekki stein í götu þessa frv. með því að fella þessa brtt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki halda uppi neinum umr. um þetta mál, þar sem ég hef skýrt það rækilega frá minni hlið. Ég vil aðeins taka fram hér, að allar þær till., sem ég flutti til bóta á frv. og til þess að meiri mannúð mætti ríkja í þessum málum, hafa verið felldar. Enn fremur hafa svo að segja allar till. frá n. verið felldar, sem margar hverjar hefðu þó stórlega orðið til bóta á frv. Það er þetta sjónarmið, að ríkisstj. hefur lagt kapp á að fá málið fram án nokkurra endurbóta. Ég mun þó ekki hafa nein afskipti af atkvgr., hvorki með né móti, með tilliti til þeirrar grg., sem ég þegar hef gefið.

ATKVGR.
Brtt. 752 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, GÍG, BSt.
nei: LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BÓ, BrB, EE.
GJ, HV, HermJ greiddu ekki atkv.
Frv. samþ. með 12:2 atkv. og endursent Nd.

Á 110. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 764, 772).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu brtt. 772. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið langt síðan þetta frv. fór til Ed., og þar fékk málið þá meðferð, að breyting var gerð á 4. gr. frv. Áður voru ákvæðin þannig, að þau sveitarfélög, sem vilja koma sér upp slíku sjúkrahæli, ættu að fá framlag úr ríkissjóði eins og veitt er til fangahúsbygginga, en Ed. breytti þessu þannig, að nú verður framlagið jafnhátt og veitt er til sjúkrahúsbygginga. Nú er það svo, að brýn nauðsyn er á, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi, svo að hægt sé að hefja einhverjar framkvæmdir bráðlega, og vil ég því skora á hv. þd. að samþ. þetta frv., en þó vil ég bera hér fram eina brtt. á þskj. 772. Þeim, sem fara með fjármálin fyrir ríkissjóð, finnst, að hann hafi nóg á sinni könnu, þótt ekki sé bætt á hann allt til síðustu stundar þingsins, en þó hefur hæstv. fjmrh. lofað að styðja þetta mál, ef framlögin verði lækkuð og komi ekki á fjárlög þessa árs. En ég vil benda á það, að þegar löggjöfin hefur á annað borð verið sett, þá er alltaf opin leið til að hefjast handa um fjáröflun, og þá fyrst kemur í ljós, hversu mikil fjárþörfin er. Ég mælist því til, að hv. þd. samþykki brtt. og síðan frv.

Pétur Ottesen: Það var, eins og vænta mátti, viðurkennt, er frv. lá hér fyrir deildinni til umr., að brýn þörf væri á aðgerðum í þessu máli, og var talið, að ekki væri fært að ráða viðunandi bætur á þessum málum fyrir minni fjárupphæð en heimilað var í frv. Þegar frv. var borið fram, var litið svo á, að fjárhagur ríkissjóðs mundi leyfa þetta fjárframlag, þar sem um svo mikið nauðsynjamál væri að ræða. Nú hefur viðhorf ríkisstj. breytzt þannig, að hún telur, að ríkissjóður geti ekki lagt fram nema helming þessa fjár. Ég hygg, að það muni vera rétt hjá hæstv. ríkisstj., að fjárhagur ríkissjóðs leyfi ekki meiri framlög, og verð ég því að beygja mig fyrir því. Ég mun því greiða brtt. hæstv. menntmrh. atkv., enda þótt svo fari, að nauðsyn þessa máls verði því móti gerð minni skil en ella.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. í nóv. s. l., gerði ég grein fyrir afstöðu minni, og taldi ég mér ekki fært að fylgja frv. Meðal annars nefndi ég þá ástæðu fyrir afstöðu minni, hvernig ríkisstj. fór með Kaldaðarnes, sem þá hafði verið varið til 900 þús. kr.

Þegar málið var svo til 2. og 3. umr., var ég ekki staddur í bænum. Nú eru liðnir nokkrir mánuðir síðan, og frv. hefur legið í Ed. Ég álít satt að segja, að það kæmi ekki aftur fram hér, og það því fremur sem búið er að afgr. fjárl. og ekki eru nema 4 mánuðir til næsta Alþingis. Í frv. er farið fram á, að ríkissjóður leggi fram 1½ millj. kr. á ári, og virðist það vera allmikið framlag eftir það, sem á undan er gengið í þessum málum.

Ég skal svo ekki vekja upp það, sem deilt hefur verið um Kaldaðarnes. Ég býst ekki við, að það mál verði afgr. nú, þar sem það er enn í nefnd og ágreiningur um það í nefndinni. En ég skil ekki, hvernig Alþingi ætlar sér núna í lok þingsins og eftir að fjárl. hafa verið afgr. að samþykkja þá ný framlög. Ég vil því bera fram rökstudda dagskrártill. og æski þess, að hún komi til atkv. að þessari umr. lokinni. Hún er svo hljóðandi:

„Þar sem í gildi eru lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, nr. 108 30. des. 1943; þar sem greitt var úr ríkissjóði kr. 867442.85 á árunum 1945—46 til byggingar drykkjumannahælis í Kaldaðarnesi samkv. nefndum lögum; þar sem ríkisstj. hefur án samþykktar Alþingis afsalað þessu hæli til einstaklings fyrir lítið verð, og þar sem nú er búið að ákveða afgreiðslu fjárlaga fyrir 1949, þá getur þd. eigi samþykkt margra milljóna króna framlög úr ríkissjóði til stofnunar annarra drykkjumannahæla og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess áðan, að leiðrétta þarf 8. gr. frv. Ber ég því fram skrifl. brtt. þess efnis, að í stað orðanna „sbr. lög nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum" í 3. málsgr. 8. gr. komi: og síðari breytingum á þeim lögum.

Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, vil ég taka það fram, að ég mun ekki ræða Kaldaðarnesmálið í þessu sambandi, en ef þarf að ræða það, þá er bezt að gera það óháð þessu máli.

Þá vil ég einnig taka það fram, að ef mín brtt. verður samþykkt, þá hefur það engin áhrif á fjárl. 1949. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir um það, hve miklu fé eigi að verja í þetta, en ég hygg þó, að þeir, sem á annað borð vilja stuðla að því, að þetta mál nái fram að ganga, telji, að hér sé eins lítils krafizt og hægt er.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 787) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég rökstuddi áðan í mínum fáu orðum afstöðu mína til þessa máls. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, þar sem með

þessu er verið að draga úr þeim mikla háska og vandræðum, sem að þjóðinni steðja á þessu sviði. Árið 1948 var selt áfengi fyrir 63 millj. kr., og nemur það sem næst 500 kr. á hvert mannsbarn á landinu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík, en hún á nú í miklum erfiðleikum í sambandi við þetta mál, þá hefur ástandið verið þannig undanfarið, að árlega hafa verið um 100 manns, sem hafa svo algerlega verið ofurseldir áfengisnautninni, að þeir hafa ekki hreyft hönd né fót til þarflegra starfa. Öll þeirra orka og vinna hefur farið í það að útvega sér áfengi. Af þessum 100 manneskjum mun vera um 10—15 konur, en hér með eru ekki taldir allir þeir unglingar, sem eru í þann veginn að sogast niður í foræðið, en eru ekki alveg eins djúpt sokknir og hinir, en það er raunar mesta áhyggjuefnið, hversu margir unglingar virðast vera á þessari leið.

Ég hef hér upplýsingar um, hversu margir menn hafa gist kjallarann, sem svo er nefndur, yfir 8 ára tímabil, og ætla ég að lofa hv. þdm. að heyra smáglefsur úr þeim skýrslum. Árin 1945—48 gistu í kjallaranum 22087 manns, og er það nokkuð mismunandi eftir árum, og eins skiptist það ójafnt niður á hvert ár um sig. Ég vil benda á það, að í júnímánuði 1948 komst talan upp í 437. Þegar þess er gætt, að júnímánuður er aðalannatími okkar Íslendinga og hversu mikils virði það er fyrir okkur, að starfskraftar allra nýtist sem bezt, þá hljóta allir að sjá, hversu ægilegt ástandið er. Árið 1948 gistu kjallarann alls 3867 manns og voru þó nokkru fleiri árið þar á undan. Þetta virðist mér vera svo alvarlegt ástand, að ríkisstjórn, sem selur árlega áfengi fyrir 63 millj. kr. með þessum afleiðingum, og er þó ekki allt talið hér, geti ekki látið hjá líða að gera róttækar ráðstafanir til að firra þjóðina þeim vandræðum, sem hér blasa við, og mér er það ekki sársaukalaust, að nú skuli vera þannig ástatt, að draga verður úr aðgerðunum gegn þessum voða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér þetta vandamál. Það er sjálfsagt ágreiningur um, hvernig helzt sé hægt að bæta úr þessum vandræðum, en viðvíkjandi tölum um það, hversu margir hafi gist kjallarann, þá hygg ég, að þær gefi mjög villandi upplýsingar, þar sem oftast er um sömu mennina að ræða, sem settir eru inn dag eftir dag og jafnvel oft á dag.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 786 felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, JPálm, ÓTh.

nei: SG, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, AG, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, BG.

11 þm. (SB, SEH, StSt, ÁkJ, HelgJ, HermG, IngJ, JJ, KTh, LJós, SigfS) fjarstaddir.

Brtt. 787 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 772 samþ. með 23:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og endursent Ed.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 788).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BK, EE, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, BSt.

BÓ, BrB, GJ, StgrA greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁS, BBen) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Björn Ólafsson: Ég er í aðalatriðum samþykkur frv., en er hins vegar á móti þeirri breyt., sem gerð var í Nd. um fjárframlagið, og greiði ég því ekki atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég tel, að það sé búið að spilla frv. svo mikið, að ég sé mér ekki fært að greiða því atkvæði, og sit því hjá við atkvgr.

Eiríkur Einarsson: Mér finnst, að frv. hafi spillzt svo mikið í meðferð þeirri, sem það hefur fengið í Nd., að það sé um mikil frávik að ræða frá því, sem það var, en þrátt fyrir það mun ég þó taka þann kostinn að veita því liðsinni og segi því já.

Gísli Jónsson: Það er nú sjáanlegt, að það er búið að fara þannig með þetta frv., að það kemst ekki til framkvæmda fyrr en í árslok 1950, og staðfestir það aðeins það, sem ég hef áður sagt, að þetta hefur verið einn loddaraleikur frá hendi menntmrh. Sit ég því hjá við atkvgr.

Hannibal Valdimarsson: Þegar þetta frv. var fyrst borið fram, þá var til þess ætlazt, að til framkvæmda þessa máls færu á árunum 1949—55 1½ milljón króna. Nú hefur hv. Nd. lækkað þetta um helming, og sýnir það hug þeirrar hv. deildar til málsins. En þó að frv. sé nú ekki orðið nema svipur hjá sjón á móts við það, sem það var, — því að þetta er hrein misþyrming á málinu, og læt ég í ljós furðu mína á því háttalagi, — þá vil ég heldur hafa það með einhverju lífsmarki og segi því já.

Lárus Jóhannesson: Ég álít, að þetta mál sé nú stórspillt, eins og það er á sig komið, og er það til að sýna vilja yfirstjórnar heilbrigðismálanna til þess. En í þeirri von, að á næsta ári verði hægt að bæta um þetta mál og einnig heilbrigðisstjórnina, þá segi ég já.

Bernharð Stefánsson: Mér þykja ádeilur þær, sem hæstv. menntmrh. hefur orðið fyrir, í

fyllsta máta ósanngjarnar og koma úr hörðustu átt. Mönnum er fullkunnugt um, að hæstv. menntmrh. varð að ganga að þessum breyt. til þess að geta komið málinu fram. Segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 804).

33. Fiskiðjuver í Reykjavík.

Á 62. fundi í Sþ., 4. apríl, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík* [180. mál] (stjfrv., A. 519).

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég tel ekki nauðsynlegt að hafa langan formála fyrir frv. þessu. Aths. við það skýra, að stj. telur nauðsynlegt, að l. séu sett um fiskiðjuverið, um stj. þess og afstöðu til ríkissjóðs. Fiskiðjuverið hefur nú staðið um skeið, án þess að það sé fullbúið. Hingað til hafa 7 millj. kr. verið lagðar í fyrirtækið, og er gerð grein fyrir þeim peningum í fylgiskjali. Þeim hefur verið varið til byggingar, en enn er talið nauðsynlegt að auka vélakost fyrirtækisins. Ég hef látið grg. stjórnar fiskimálasjóðs um hag þess og framtíðarhorfur fylgja frv. orðrétta, eins og frá henni hefur verið gengið af hendi stjórnar sjóðsins, en henni fól ég að hafa stjórn fiskiðjuversins á hendi. Lagt er til í frv., að þannig sé framvegis, og frv. er að öðru leyti miðað við að lögfesta það ástand, er fyrir er, c: fiskiðjuverið sé eign ríkisins, en ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum þess nema heimild sé veitt til þess af Alþ. Frvgr. skýra sig sjálfar, og skal ég ekki fara út í það. Sjálfsagt er að vísa frv. til hv. sjútvn.

Þó að ég gæti margt um málið sagt, sé ég ekki, að nauðsynlegt sé að orðlengja um það. Fyrirtækið er ekki stofnað af núverandi ríkisstj., heldur verður hún að skipta sér af því vegna þess, að því var komið af stað áður en hún kom til skjalanna. Hins vegar er enginn lagastafur til um byggingu þess og rekstur. En nú virðist verða að setja l. um stöðu fiskiðjuversins í ríkinu. Ég skal líka láta liggja á milli hluta, ef eigi gefst til þess sérstakt tilefni, að ræða um, hverjar skoðanir mínar eru í sjálfu sér á þessu máli, — hvort ríkið eigi að standa fyrir svona iðjuveri. En í 10. gr. frv. er heimild fyrir stj. „að selja félagi útvegsmanna .. fiskiðjuver ríkisins, enda sé þátttaka almenn í félagi þessu." Þessi heimild þykir mér þannig vaxin, að rétt sé að hafa hana í frv., því að alltaf getur að því borið, að heppilegra sé talið, að félagsskapur útgerðarmanna hafi rekstur fyrirtækisins með höndum, en eigi ríkissjóður. Í því skyni að halda opinni þeirri leið þá er þessi heimildargr. sett í frv.

Ég mun svo ekki fjölyrða um málið að nauðsynjalausu. Ég tel ekki að tilefnislausu ástæðu til að fara frekar í það. Ég óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 519, n. 717).

Frsm. (Pétur Ottesen): Eins og grg. ber með sér, réðst fiskimálanefnd í það 1945 að reisa fiskvinnslustöð hér í Rvík, sem hlotið hefur nafnið Fiskiðjuver ríkisins. Kostnaðurinn við að reisa þetta er orðinn nálega 7 millj. kr. eða 6 millj. 850 þús., og á þessu fyrirtæki hvíla stofnlán, sem nema ofurlítið hærri upphæð, eða 7153 þús. króna, og er þó ekki búið að ganga frá þessu fyrirtæki eins og fyrirhugað er, og er í þessu frv. veitt heimild til þess að taka lán með ábyrgð ríkisstj., allt að 1200000 kr., til þess að fullgera fiskiðjuverið og auk þess að ábyrgjast sem rekstrarlán allt að ½ milljón króna.

Þetta fyrirtæki var fyrst rekið á vegum fiskimálanefndar í 2 ár, og liggja fyrir hér í grg. niðurstöðutölur um rekstur þess fyrir árið 1947 svo og 1948, og hefur halli orðið á rekstrinum bæði árin: 1947 var hann 289 þús., en árið 1948 var hann nokkru minni, eða 106 þús. kr., og er gerð grein fyrir þessu í grg. frv. Það er að því vikið, að þetta eigi rót sína að rekja til þess fyrst, að fyrirtækið hafi ekki verið fullbúið og ein eða fleiri starfsgreinar því orðið að liggja niðri. En eins og yfirlitið ber með sér, hefur útkoman orðið allóhagstæð. Þegar fiskimálanefnd réðst í þessar framkvæmdir, var það ekki gert með samþykki Alþ., heldur var það gert með almennri heimild í lögum, og hefur þáv. ráðh., sem fór með þessi mál 1945, gefið samþykki sitt til þess. Ég skal ekki fara að deila um það hér, hvort sú heimild hefur verið hyggileg, enda er það þýðingarlaust úr því sem komið er. En aðalviðfangsefnið var ekki að stofna þetta fyrirtæki, heldur var það að veita stuðning þessum málum. Það var aðaltilgangur löggjafarinnar. En þar sem ekki hafa verið sett nein lög um þetta fyrirtæki, heldur má segja, að rekstur þess hafi verið utan við lög og rétt, þá þykir sjútvn. nauðsynlegt, að slík lög séu settt, auk þess sem þar er tekin upp heimild til þess að selja þetta fyrirtæki, ef það þykir hagkvæmara fyrir ríkið.

Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar þriggja nm., hv. 2. þm. N-M. (HÁ) og hv. 5. þm. Reykv. (SK), að við fyrir okkar leyti erum því samþykkir, að þetta fyrirtæki verði selt, og leggjum áherzlu á þetta ákvæði frv. En okkur finnst

vera skorinn of þröngur stakkur í 10. gr. og þar vera of einskorðað, hverjum fyrirtækið sé selt, og þess vegna viljum við rýmka þessa heimild og flytjum um það brtt. á þskj. 717.

Ég vil taka það fram, að þó að hv. þm. Ísaf. (FJ) og hv. þm. Siglf. hafi skrifað undir þetta með fyrirvara, þá er ekki ágreiningur um þessa brtt. út af fyrir sig, ef ákvæðið verður látið standa.

Mér þykir ekki ástæða til þess að fara um þetta fleiri orðum. Það er eðlilegt, að sett verði lög um þetta, en ég vil aðeins endurtaka það um afstöðu okkar þriggja nm., að við erum því samþykkir að fyrirtækið sé selt og ríkisstj. noti sér heimild til þess, ef viðunandi verð fæst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að 10. gr. þessa frv. sé mjög varhugaverð, einnig þó að brtt. sú, er sjútvn. leggur til, verði samþ. Það er dálitið varhugaverð aðferð að heimila ríkisstj. að selja eignir sínar án þess að það sé nokkuð nánar til tekið, hverjum sé selt og fyrir hvaða verð. Og það eru ekki miklar takmarkanir á því, hverjum selja megi, því að það þarf ekki nema 3—4 fyrirtæki, og þá er komin heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja fyrirtækið til þessa hrings, sem getur komið til með að hafa mikið vald yfir smábátaútvegsmönnum hér um slóðir. Mér finnst, að fiskiðjuverið eigi að komast í þá aðstöðu, eins og t. d. síldarverksmiðjurnar, að gengið sé út frá því, að það sé ekki selt. Það er álit margra, að ef síldarverksmiðjur ríkisins væru ekki, þá mundu smábátaútvegsmenn ekki gera út, vegna þess að þá væru þeir svo háðir eigendum síldarverksmiðjanna. Þess vegna er það mjög varhugavert að setja þessa heimild í l. Við erum hér alltaf að semja l. um sölu þjóðjarða, sölu landspildna, og það þarf þá alltaf að fara í gegnum 6 umr. áður en það er gert, svo að þm. geta þar haft hönd í bagga með sölunni, en þá finnst mér ekki síður ástæða til þess að gera slíkt hið sama hér, þar sem hér er um að ræða stórfyrirtæki, sem hefur mikið vald í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég álít því, að ef hæstv. ríkisstj. kærir sig um, að það sé lagt fyrir Alþ., hverjum eigi að selja, þá muni það ná fram að ganga, þegar þar að kemur. Ég legg því til, að 10. gr. sé felld burt, og mun bera fram till. um það. — Nei, það er reyndar ekki nauðsynlegt, þar sem 10. gr. verður borin sérstaklega undir atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. sjútvn. þessarar hv. d. fyrir afgreiðslu þessa frv., sem ég taldi mér skylt að flytja, en ég játa það þó, að ég hefði verið öllu ánægðari, ef það hefði fengið fljótari afgreiðslu hjá n. en raun ber vitni.

Ég sé, að hv. n. hefur flutt brtt. við heimildina í 10. gr. og hef ekkert á móti því, að sú brtt. sé samþ., því að samtök útvegsmanna og samvinnufélög geta verið hliðstæð til gagns fyrir þann atvinnuveg, sem hér er um að ræða. Nú hefur hv. 2. þm. Reykv. (EOl) andæft þessari heimild á þeim forsendum, að fiskiðjuverið komi þá til með að hafa svo mikið vald yfir smábátaútvegsmönnum. Það mætti til sanns vegar færa að segja svo, ef stofnað hefði verið til af meira viti og fyrirtækið hefði verið staðsett á öðrum stað en raun er á. En nú er annað uppi, því að bátaútvegurinn hér um slóðir hefur farið minnkandi síðan stofnunin tók til starfa, svo að það eru miklu fremur bátaútvegsmennirnir, sem hafa vald yfir stofnuninni. Þetta á rætur sínar að rekja til þess í fyrsta lagi, að fiskiðjuverið sem hraðfrystistöð var alveg óþarft, því að hér voru mörg hraðfrystihús fyrir, sem gátu fullnægt allri móttöku fisks. Í öðru lagi er öll framleiðsla á niðursuðuvörum í molum, ekki vegna þess, eins og stendur í grg. með frv., að fyrirtækið sé ekki fullgert og það skorti fé til að fullgera það. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur, því að það er nægilegt svigrúm til þess að reyna framleiðslu á ýmsum sviðum, svo að þótt það væri fullbúið, gæfi það svipaða raun, því að það er annað, sem vantar. Okkur vantar markað fyrir þessar vörur. Eins og nú stendur, þá er það með þessar niðursuðuvörur eins og aðrar héðan, að við erum ekki samkeppnisfærir við aðrar þjóðir vegna gífurlegs framleiðslukostnaðar. Um gæðin skal ég ekki dæma. En fyrir nokkrum dögum barst mér sú fregn, að það hefði verið sent til Ameríku allmikið af þessum vörum. Það kom bréf um þetta upp í ráðuneyti. Sá, sem keypt hafði, hafði greitt þetta fyrirfram, og hann lýsti því nú yfir, að varan væri óseljanleg, og heimtaði sá hinn sami dollara sína greidda til baka. — Þrátt fyrir þennan mikla áróður, sem hefur verið hafinn um Fiskiðjuver ríkisins, að það gæti lagt undir sig hálfan heiminn, bara ef bankinn lánaði fé og ríkisstj. væri ekki illviljuð, þá er ástandið nú samt svona.

Hv. frsm. sagði með réttu, að það mundi vera meira en vafasamt, hvort út í þessa framkvæmd hefði verið farið á löglegan hátt. Það er óhætt að fullyrða, að þetta var fyrir ráðríki eins einstaks ráðh. í tíð fyrrv. stj., atvmrh., sem dreif upp þetta fyrirtæki í þunnri heimild frá fiskimálanefnd, því að það er áreiðanlegt, að þegar Alþingi samþ. l. um fiskimálanefnd og um fiskimálasjóð, var ekki ætlazt til þess, að þær tilraunir, sem þar er talað um að gera, væru það, að lagt væri í margra milljóna króna fyrirtæki. En svo mikið er tekið upp í sig, að mér er sagt, að það hafi verið stofnað sérstakt byggingarfélag á þeim tíma um það aðalverkefni að byggja þetta bákn, sem heitir Fiskiðjuver ríkisins.

Eins og greinir í grg. stjórnar fiskimálasjóðs, sem fylgir þessu frv., eru stofnlán fyrirtækisins yfir 7 millj. kr. Ég get bætt því við, að í marga mánuði hefur Landsbankinn verið að herja á sjútvmrn. og spyrja, hvort þeir ættu að auglýsa fiskiðjuverið, vegna þess að afborganir af stofnlánum væru í óreiðu, um hálf milljón. Svona er ástandið í þessu stóra iðjuveri, sem hv. 2. þm. Reykv. talar um, að hafi svo mikið vald yfir bátaútveginum.

Ég tel 10. gr. frv., söluheimildina, vera nauðsynlega, því að eins og horfur eru í þessum málum, ef ekki skipast betur en nú er um afsetningu á framleiðslu fiskiðjuversins, þá er það sennilega bezta úrræðið fyrir ríkið að selja þetta fyrirtæki innlendum mönnum, og þarf það ekkert að skaða þann upprunalega tilgang, sem var með byggingu þess, hefði hann miðazt við hagsmuni bátaútvegsins eða framleiðenda, sem full ástæða er til að efast um, eftir því sem staðið var að þessu máli.

Það hefur verið gerð mikil háreysti út af því, að selt hefur verið Kaldaðarnes og keypt Silfurtún, en það eru smávægilegir hlutir í samanburði við þá framkvæmd, sem þarna hefur skeð, án þess að nokkur löggjöf hefði verið um það sett. Sjútvmrn. hefur síðan orðið að sitja uppi með þetta og hafa umsjá með því. Það hefur orðið að taka við öllum skömmunum hjá gleiðgosum, sem hafa skrifað í blöðin um þetta merkilega fyrirtæki og þá óskaplegu markaðsmöguleika, sem fyrir hendi væru, en það hefur ekki haft nokkurt fé milli handa til að ráða bót á því ástandi, sem er, hvað smíði snertir á fiskiðjuverinu, og enga löggjöf til að fara eftir.

Fyrir þær mörgu milljónir króna, sem þetta fiskiðjuver hefur kríað út, hefði hæglega mátt leysa vandræði mikils hluta þeirra hraðfrystistöðva, sem byggðar hafa verið víða um land í trausti þess, að þær fengju stofnlán á sínum tíma. Einstök héruð og félög og hópar manna og einstaklingar hafa lagt á sig mikið til þess að geta haft möguleika til þess að taka á móti fiski hjá bátum í hinum ýmsu verstöðvum, og svo stendur þetta kólosseum hérna á hafnarbakkanum og hefur venjulega ekkert verkefni fyrir hendi, m. a. af því, að sá fiskur, sem berst á land hér, er ekki til margskiptanna, eins og hag útgerðarinnar er komið. Og það, sem kemur til með að vera þessu iðjuveri þetta ár þungt í skauti, er bílaverkfallið, sem skall á seint á vertíðinni, og þá voru þessu iðjuveri allar bjargir bannaðar til þess að halda áfram viðskiptum við þá báta, sem það hafði haft viðskipti við. Þeir gerðu heiðarlega tilraun, sem stjórnuðu fiskiðjuverinu, að reyna að sjá til, að fiskiðjuverið fengi fisk, en samúð þeirra, sem stjórnuðu verkfallinu, var ekki meiri en svo með þessu fyrirtæki, að þeir vildu ekki líða því að fá þetta hráefni.

Ég ímynda mér, að svona stórt fiskiðjuver hefði verið miklu betur sett einhvers staðar annars staðar við Faxaflóa, í Keflavík eða á Akranesi, heldur en hér í Rvík, og það verður aldrei, nema einhverjar stórbreytingar gerist annaðhvort í markaðsmálum eða atvinnumálum, annað en byrði fyrir ríkið, ef það hefur þennan rekstur með höndum. Þetta er ekkert sambærilegt við rekstur síldarverksmiðja ríkisins, hér er um allt annað að ræða.

Ég vildi út af þessum andmælum frá hv. 2. þm. Reykv. og vegna þeirrar villu, sem hann er hér að halda fram, að þetta fiskiðjuver hafi eitthvert sérstakt vald yfir róðrarmönnum hér í Rvík eða við Faxaflóa, benda á þessar einföldu staðreyndir, sem því miður eru fyrir hendi. En hvað sem því líður, hvort sem þessi stofnun yrði seld eða ekki, þá er ekki hægt að hafa þetta svona hangandi í lausu lofti, eins og á því var byrjað af þeim ráðh., sem var fyrirrennari minn í sjútvmrn.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann, sérstaklega vegna þess, að ég taldi, að ég mundi fá tækifæri til að tala um þetta fyrirtæki í öðru máli, þar sem ég hef flutt með öðrum hv. þm. till. um, að fyrirtækið væri selt. Ég skal því ekki bæta miklu við þær umr., sem orðnar eru og einnig vegna þess, að hv. frsm. og hæstv. fjmrh. hafa rætt ýtarlega um fyrirtækið, fjárhagsástæður þess og rekstur. Ég legg svo mikla áherzlu á, að reynt verði að selja þetta fyrirtæki, að ég hefði hiklaust verið með því að heimila, að 10. gr. hefði verið gerð miklu rýmri. Ég gerði samt engan ágreining, eins og hv. frsm. tók fram, en ef n. hefði orðið sammála um að rýmka þessa söluheimild nokkuð, þá hefði ég orðið meðflm. að þeirri till. Ég vildi láta það koma fram hér, að ég hefði kosið, að heimildin hefði verið svo rúm, að það hefði verið heimilt að selja þetta fyrirtæki hverjum sem var.

Einar Olgeirsson: Ég ætla ekki að fara að deila hér í löngu máli við hæstv. fjmrh. um undirbúning og tilkomu Fiskiðjuvers ríkisins. Ég vil hins vegar lýsa yfir skoðun minni, að ég álít, að það, sem hefur gert þessu fyrirtæki erfiðast fyrir, sé það, að þegar búið var að setja fé í þetta fyrirtæki, svo að það vantaði aðeins herzlumuninn að geta klárað fyrirtækið, þannig að það gæti komið að fullum notum, og nokkurt rekstrarfé því til handa til að það gæti tekið til fullra starfa, þá er allt látið stranda á fjárskorti. Það er þetta, sem fyrst og fremst hefur gert það, að þetta fyrirtæki hefur verið rekið með tapi síðan reynt var að láta það taka til starfa.

Ég verð að segja, að ég held, að það hefði mátt sækja fastar hér á, þó að við vitum, að það sé oft við ramman reip að draga, þar sem þeir lánveitendur eru, sem ríkið fyrst og fremst á við. Og engum efa er það undirorpið, að svo framarlega sem þetta fyrirtæki hefði fengið að taka lán erlendis og fengið að nota afurðir sínar til að borga lánið með, þá hefði það bjargað sér, þannig að það er annars vegar bankavaldið innan lands og hins vegar tregða hjá innflutningsyfirvöldunum viðvíkjandi innflutningi á umbúðum og slíku fyrst og fremst að kenna, að fiskiðjuverið hefur ekki getað starfað til fulls. Hvað snertir þá mótbáru, að jafnvel í Rvík sé ekki svo mikill fiskur, að þetta fiskiðjuver eigi framtíð fyrir höndum þess vegna, þá verð ég að segja, að ég er bjartsýnni en hæstv. fjmrh. Ég held, að við eigum ekki að reikna framtíðarmöguleika einstakra fyrirtækja út frá því augnabliksástandi, sem er hjá sjávarútveginum. Ég efast ekki um, að ef vel er á spilunum haldið, þá komi bátaútvegurinn í Rvík til með að aukast, auk þess sem

ég skal ekki fortaka, nema möguleikar gætu skapazt fyrir því í framtíðinni, að togarar legðu inn fisk í svona fiskiðjuver, þegar útbúnaður allur væri þar orðinn nægilega góður. Það verður vafalaust ekki framtíðarskipulagið að veiða í ísfisk og nota togarana sem fluttningaskip og flytja fiskinn til Englands. Það er síður en svo heppilegasta aðferðin til að nýta fiskinn sem bezt. Þess vegna er það, að þótt margt sé rétt í því, sem hæstv. fjmrh. sagði um augnabliksástandið fyrir þessu fiskiðjuveri, þá er ekki víst, að það eigi að valda því, að taka eigi nú ákvörðun um að selja þetta fyrirtæki einmitt á þeim tíma, þegar byrjunarörðugleikarnir eru sem mestir og öll aðstaða fyrir sjávarútveginn dekkst. Þess vegna vil ég aðeins ítreka það, að ég álít heppilegt, að ríkið eigi þetta fyrirtæki.

Hvað snertir það vald, sem svona fyrirtæki hefur, þá er það rétt, að svo framarlega sem bátaflotinn og sjávarútvegurinn er í hnignun, þá er þetta fyrirtæki ekki vald, heldur barlest. En ef sjávarútvegurinn er í uppgangi, bátaflotinn að vaxa og þannig búið að sjávarútveginum, að þær vörur, sem hann framleiðir, tryggi afkomu hans, þá er enginn vafi, að fyrirtæki, sem getur tekið á móti svona miklum afla, er vald í blómlegu atvinnulífi, og út frá slíku verður maður að reikna, þegar maður talar um, hvaða gildi eitt fyrirtæki hafi. Það mætti segja, þegar síldarverstið hefur brugðizt 2—3 ár, að síldarverksmiðjurnar séu ægileg barlest á ríkinu, en fæstum mundi þó detta í hug að selja þær, þó að einhver vildi kaupa.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það hefði komið illa við fiskiðjuver ríkisins, að það hefði verið verkfall hjá vörubílstjórum og sagði, að samúð þeirra, sem verkfallinu stjórnuðu, hefði ekki verið mikil með þessu fyrirtæki. Ég get trúað því, að þetta sé rétt. Það var Sjálfstfl., sem hafði forustu í félagi vörubílstjóra. Ég man ekki betur en hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar hafi verið hróðug yfir stjórninni í félagi vörubílstjóra, svo að það getur verið rétt, að fiskiðjuverið hafi ekki átt mikilli samúð að fagna í Sjálfstfl., svo að þegar sá flokkur gat stjórnað verkalýðsmálum, hefur það bitnað á slíku fyrirtæki. En ég er hissa, að hæstv. ráðh. skuli þá ekki hafa reynt að hafa meiri áhrif á flokksbræður sína í stjórn slíks fyrirtækis. Þetta vil ég segja út frá orðum hæstv. ráðh. Ég veit, að hann hefur látið þau falla af því, að hann hefur ætlað að beina örvum sínum til Sósfl., af því að hann gengur út frá, að aldrei sé háð neitt verkfall nema undir hans stjórn, en svona var það nú.

Ég held sem sé, að þessi 10. gr. ætti ekki að vera í l. Að öðru leyti er ég sammála þessu frv. Ég álít, að það, sem hæstv. stj. vildi gera í þeim málum viðvíkjandi ráðstöfun á fiskiðjuverinu, væri eins hægt að gera eftir sérstakri heimild, sem hún fengi hjá þinginu, ef hún óskaði eftir henni, þegar séð væri, hvort hún gæti selt þessa eign og þá hverjum og fyrir hvaða verð. Ég verð að segja, að ég uni að vissu leyti betur við gr. eins og hún er orðuð í frv. fjmrh. Þar er tekið fram, að þátttaka verði að vera almenn í því félagi, sem þetta fyrirtæki yrði selt. Ég álít, að það sé höfuðatriði, ef sú ráðstöfun er gerð að selja svona fyrirtæki, að þátttaka sé almenn í því félagi, sem kaupir. Þetta lítur öðruvísi út samkv. brtt. n. Þar er tekið fram, að selja megi þetta fyrirtæki einnig samtökum samvinnufélaga. Þetta er ef til vill frá framsóknarmönnum, en ég er hræddur um, að brtt. geti ekki komið í staðinn fyrir orðalag gr. eins og hún er í frv. fjmrh., en það mætti athuga fyrir 3. umr., þó að 10. gr. verði samþ.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég skal ekki lengja umr. mikið um þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) þarf ekki að óttast, að fiskiðjuverið yrði ekki rekið áfram sem hraðfrystihús, hver sem eignast það, því að allar vélar þar eru á þann veg, að rekstur þess hlýtur að verða bundinn við slíka starfsemi. Um niðursuðuna skal ég ekki eins fullyrða, af því að hún hefur gengið svo bönglulega og markaðsmöguleikarnir eru svo hæpnir. Meining mín er, að félagsskapur fiskimanna og útgerðarmanna, eins og stendur í frv., og þá menn, sem áhuga hefðu fyrir sjávarútvegi, eignuðust þetta fyrirtæki, og væri það í slíkra manna höndum, tel ég það betur komið en sem ríkisfyrirtæki.

Nú hefur komið fram brtt. við 10. gr., og ég hef tekið því eins og ég sagði áðan og þarf ekki að endurtaka það. En hv. 2. þm. Reykv. flutti fram þá kenningu, að þótt til þess kæmi, að einhver vildi kaupa Fiskiðjuver ríkisins o. s. frv., og þótt til þess kæmi að nota þessa heimild, þá ætti að bíða eftir samþykki Alþingis. Þetta gæti vel komið í veg fyrir, að hægt væri að ganga frá slíkum kaupum, því að það er ekki víst, að væntanlegur kaupandi vildi bíða eftir því, að þing kæmi saman. Þingið situr ekki alltaf. Kenning hans virðist vera sú, að það megi byggja fyrir margar milljónir óarðbært bákn á kostnað ríkisins án allrar lagaheimildar og skuldbinda ríkið til að reka það án löggjafar og án íhlutunar þingsins, eins og hefur verið gert fram að þessu með þetta fiskiðjuver, en það megi ekki losa ríkið við slíkan bagga nema sækja sérstaklega um það til þingsins. Mér finnst, að ekki eigi að gera svona örðugt að losa ríkið við óarðbært fyrirtæki og óarðbæran rekstur og það sé nægilegt að bera það undir þingið á þann hátt, sem nú liggur fyrir. Ef Alþingi vill, að ríkið eigi þetta áfram, er ekki annað en að fella söluheimildina. Hitt er ekki hægt, eftir að heimildin væri gefin, að segja við þá, sem kannske vildu ljá máls á að kaupa þetta fyrirtæki, að ekki sé hægt að ganga frá kaupunum, því að það þurfi að fá samþykki Alþingis eftir á. Ég ímynda mér, að það gæti staðið fyrir, að slík kaup tækjust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 717 (ný 10. gr.) samþ. með 17:1 atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vildi biðja hæstv. forseta um að bera nú 10. gr. sérstaklega undir atkv. Ég vil benda á, að það er svo ástatt fyrir mér og fleiri hv. þm., að ef 10. gr. á að standa í frv., þá kýs ég heldur það orðalag, sem er í brtt. á þskj. 717, en vildi þó helzt, að gr. væri ekki í frv. Þess vegna vil ég geta greitt atkv. með brtt., en gegn 10. gr. svo breyttri.

Forseti (BG): Hér er um óvenjulegt atriði að ræða, sem forseti getur ekki tekið fyrir til afgreiðslu nema eftir nána athugun, því að hér hefur verið samþ. hrein umorðun á gr.

Skúli Guðmundsson: Mér finnst þetta rétt hjá hæstv. forseta, að það er ekki venja, þegar búið er að samþ. að orða gr. um, að bera hana upp frekar. Ég vil benda þeim hv. þm. á, sem eins og hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) vilja fremur það orðalag, sem er á þskj. 717, en vilja þó helzt fella gr. burt, að ráð er við því hjá þeim, því að þeir geta borið fram brtt. við 3. umr. um að fella 10. gr. niður. Getur þá málið komið til atkv. á þann hátt, sem hann óskar eftir.

Einar Olgeirsson: Í ræðu, sem ég hélt áðan um málið, minntist ég á, að ég mundi vilja flytja brtt. um að fella 10. gr. niður. Þá var því skotið fram, — að ég held af hv. frsm. sjútvn., — að það væri óþarfi, því að gr. mundi fást borin upp út af fyrir sig, og ég féllst á það með því móti, að gr. fengist borin upp sérstaklega. Ég býst við, að hæstv. forseti hafi heyrt þessi orðaskipti okkar og hafi ekkert haft við það að athuga, svo í góðri trú flutti ég ekki brtt., af því að þessi aths. kom fram frá hv. frsm. n. og hæstv. forseti virtist ekkert hafa við það að athuga.

Forseti (BG): Hér er um 2. umr. málsins að ræða, svo að það er auðvelt fyrir hv. þm. að koma með brtt. við 3. umr. um að fella 10. gr. niður. Ég tel ástæðulaust, að hér eftir fari fram atkvgr. um 10. gr. Ég minnist ekki slíkrar málsmeðferðar síðan ég kom á þing.

11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 779).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að ræða málið frekar en ég gerði við 2. umr. í dag. Ég vil leyfa mér að leggja fram till. um, að 10 gr. falli burt. Ég rökstuddi þá till. í dag og þarf ekki að endurtaka það. Til vara flyt ég þá till., að svo framarlega sem þessi till. verði felld, þá bætist aftan við 10 gr.: enda sé almenn þátttaka í félagi þessu. — Ég sakna í till. sjútvn. að þetta hefur fallið burt frá því, sem var í stjórnarfrv. — Ég vil nú leyfa mér að biðja forseta að leita afbrigða fyrir þessar till.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. Reykv. hefur lýst hér skrifl. brtt. og þarf tvöföld afbrigði, þar sem till. eru of seint fram komnar og skriflegar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 783 og 784) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 783 felld með 18:2 atkv.
Brtt. 784 felld með 17:1 atkv.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt af sjútvn. og upphaflega samið af stjórn fiskimálasjóðs, utan 10. gr. þess, sem rn. setti inn í frv., sem er um heimild fyrir ríkisstj. til að selja félagi útvegsmanna og útgerðarfyrirtækja fiskiðjuver ríkisins, en þessari gr. mun hafa verið breytt í hv. Nd. þannig, að þætt hefur verið í hana „eða samvinnufélagi". Það er næsta nauðsynlegt, að það sé einhver löggjöf til um fiskiðjuver ríkisins. Það er ákaflega óþægilegt, úr því að það er til og í eigu ríkisins, að hafa enga löggjöf og hefur það gert talsverðan baga, að hún hefur ekki verið til.

Ég vildi mjög mælast til þess við hv. d., að hún afgr. þetta mál áður en þingi er slitið. Ég vildi biðja um, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Hv. sjútvn. Nd. hafði málið til meðferðar. Eru það tilmæli mín til hv. n., að hún vildi svo vel gera að taka málið til meðferðar helzt í kvöld, svo að hægt verði að halda áfram með það á næsta fundi þessarar hv. d.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég skýra frá því, að ég sé mér ekki fært að ljúka afgreiðslu málsins á kvöldfundi. Þetta er afar mikið deilumál og hefur ekki komið hér fyrr en á síðustu stundu. Ef til vill vill hæstv. fjmrh. láta leita atkv. um það, hvort hægt sé að láta málið fara til 2. umr. án þess að það fari í n. Ég sé mér engan veginn fært að afgreiða svona mál, sem er milljónamál, á svo skömmum tíma og hér er um að ræða.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er satt, að málið kemur seint hingað í þessa hv. d., en það er ekki sök sjútvmrh. eða sjútvmrn. Málið hefur tafizt ótilhlýðilega á hv. sjútvn. Nd., og var það ekki vegna þess, að n. sem slík skildi ekki, að það þurfti að setja löggjöf um málið. Brtt. hennar benda ekki til þess, að hún hafi haft mikið við það að athuga, eins og það kom frá stj. Það er satt, að þetta er milljónamál, en mest af því eru millj., sem þegar er búið að eyða. Fiskiðjuverið hefur kostað yfir 7 millj. kr., eins og getið er um í grg. Ég skal ekki halda því fast fram, að málið fari til n. og bið þá um það, að það megi ganga til 2. umr. án n., ef það er vilji hv. form. sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil bara taka það fram, að málið er mjög umdeilt, ekki um það fé, sem búið er að eyða, heldur hvort heimild hafi verið til að eyða því. Það hefur hvað eftir annað verið bent á, að þeir aðilar, sem á sínum tíma tóku milljónir úr sjóðnum til þess að byggja fiskiðjuverið fyrir, hafi ekki haft heimild til þess. Mér er þess vegna ekki fært að afgreiða málið og vildi þá helzt óska eftir því, að till. um að vísa því til n. yrði tekin aftur, svo að hv. d. geti sagt til um það, hvernig hún vill afgreiða málið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að þetta mál sé það stórt, að það sé alveg ótilhlýðilegt að vísa því til 2. umr. án þess að það fari fyrst í n. Ég skil ekki í því, að hv. form. sjútvn. þurfi að fara að rannsaka það nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv., hvort fiskiðjuverið hefur verið stofnað löglega eða ekki. Það er allt búið að vera. Hann getur vitt það í þáltill. í Sþ., en það er þessu frv. alveg óviðkomandi. En ég get ekki samþ. það að láta svona fjárhagslega stórt frv. fara í gegnum þingið án n. og legg því til, að því verði vísað til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til sjútvn. felld með 9:4 atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 9:1 atkv.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og ég gat um í gær, gat ég ekki lofað afgreiðslu á þessu máli í sjútvn. Málið hefur fengið sáralitla afgreiðslu á þingi og skiptir þó mörgum millj. Ég mun því ekki sjá mér fært að fylgja málinu út úr d. Ég tel, að þeir, sem byggðu þetta fyrirtæki án heimildar, ættu eins að geta selt það án lagaheimildar. Ég mun því ekki verða með frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í Nd., að þetta fyrirtæki væri ekki stofnað af núv. ríkisstj. Samt sem áður er það óneitanlega eign ríkisins og ríkið búið að gera ráðstafanir, sem tengir það við hag ríkisins eða ríkissjóð. Þeir, sem í heimildarleysi fóru út í þetta á sínum tíma, verða ekki saksóttir á þessum vettvangi, en ekki er hægt að komast hjá að setja lög um rekstur fyrirtækisins eða heimild fyrir ríkisstj. til að selja það, ef svo ber undir. Ég sé ekki, að ríkisstjórnin hafi heimild til að selja það án lagaheimildar frá Alþingi. Nú veit ég ekki, hvort þess er kostur, en það verður a. m. k. að vita, hvort heimild er til að gera það. Það er satt, að í þetta fyrirtæki hefur farið óhóflega mikið fé og lánsfé, sem annars hefði mátt dreifa til staða, sem stórlega skortir lánsfé, en það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut. Og þó að ég flytji frv. eftir beiðni stjórnar fiskimálasjóðs, sem ég kvaddi til að stjórna fyrirtækinu, því að einhver verður að hafa stjórn þess með höndum, þá þýðir það ekki, að við leggjum blessun okkar á ráðabreytni hæstv. fyrrv. sjútvmrh. Ég tel mér hins vegar skylt að flytja frv. um reglur um meðferð fiskiðjuversins, og það er það, sem liggur hér fyrir, og vil ég fara fram á, að Alþ. samþ. það. Nd. hefur þegar samþ. frv., og þykir mér slæmt, ef það verður stöðvað hér.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þetta frv. fór framhjá mér við 1. umr., en því hefur ekki verið vísað til n., og veit ég ekki, hvaða ástæða liggur til þess, (*PZ:* Það var fellt í gær.) en ég gæti fallizt á að selja fyrirtækið, en ekki áframhaldandi rekstur, sem mundi hafa í för með sér, að halda mundi áfram að halla undan fæti eins og gert hefur. Ég hef enga trú á, að stjórn fiskimálasjóðs geti stjórnað þessu, og álít ekki verjandi að fela stjórn svo stórs fyrirtækis stjórn, sem mundi hafa það í hjáverkum. Þessi aðferð, að fá stjórn þessa fyrirtækis í hendur stjórnar, sem hefur öðrum störfum að gegna, hlýtur m. a. að valda því, hve illa stjórnin gengur. Ég mun því ekki fylgja frv., ef það á að halda áfram án þess að vera athugað betur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru engin undur, þótt hv. form. sjútvn. bæðist undan að taka þetta mál þangað á síðustu stundu, því að ef það hefði farið til n., hefði það þurft mikillar athugunar við, en n. hafði ekki tóm til þess, þar sem slíta á þingi á morgun. Hins vegar er það enn augljósara, að d. getur enn síður afgr. málið athugunarlaust, og er furðulegt, að málið skyldi ekki koma fyrr frá hæstv. ríkisstj., þar sem hæstv. fjmrh. hefur verið það ljóst fyrir löngu, að ekki væri forsvaranlegt að reka fyrirtækið án lagaheimildar. En vegna þess að d. hefur enga möguleika til að afgr. frv. á viðunandi hátt, þá vildi ég vísa því frá með rökst. dagskrá. En þar sem hægt hefur verið að reka fyrirtækið svo lengi án lagaheimildar, ætti það eins að vera hægt til næsta þings, en það er

þungt á metunum, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ekki sé viðkunnanlegt að stjórna milljónafyrirtæki á þann hátt, og þar sem ég tel bót að þessu frv., mun ég ekki bera fram rökst. dagskrá til að vísa því frá. En ég felli mig ekki við, að í lögum um rekstur fyrirtækisins skuli vera heimilað að selja það. Það hefði verið viðkunnanlegra, að einstakir þm. hefðu komið fram síðan með till. um slíka heimild, en hún ekki verið sett í sjálft frv. Ég vil því leggja fram till. um, að 10. gr. falli niður, og er ég þar alveg öndverður við hv. 1. þm. Reykv., sem vildi fella frv., en láta 10. gr. standa. Ég vil því, að 10. gr. falli niður, því að ég hef þá trú, að fyrirtækið geti borið sig, ef því verður fullokið og gefnir möguleikar til að starfa með því að láta það hafa nægilegt hráefni og efni í niðursuðudósir, en skortur á þessu hefur hamlað starfseminni. Það má vera, að staðsetning þess hér sé ekki góð og betra hefði verið að hafa það þar, sem nóg hráefni er, en því verður ekki þokað héðan af, hvort sem ríkið eða einstaklingar eiga það. Hér er það, og hér verður það að vera. En þetta fyrirtæki hefur verið reist, og ríkið á það og verður að búa svo að því, að það geti starfað.

Ég vil svo leyfa mér að leggja fram brtt., sem ég boðaði.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. við 10. gr. frá 3. landsk.: „Greinin falli niður". Till. er of seint fram komin og skrifleg og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 806) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hafði skrifað hér brtt., sem er nákvæmlega samhljóða brtt. hv. 3. landsk. (HV), svo að ég get sparað mér að leggja hana fram. En þar sem ég hafði kvatt mér hljóðs, vildi ég segja nokkur orð um málið.

Mér virðist, að það hafi komið fram hjá flestum, sem hafa tekið til máls hér í d. fyrir utan hv. 3. landsk., að fiskiðjuverið sé vandræðafyrirtæki, sem hljóti að verða svo mikill baggi á ríkissjóði, að nú verði að hlaupa til og gera allt, sem hægt er til þess að losa hann við þetta. Það kemur glögglega fram hjá þessum mönnum, að þótt frv. feli í sér, að ætlazt er til, að ríkissjóður reki fyrirtækið, þá felst á bak við sá tilgangur þeirra að fá því framgengt, að fyrirtækið verði selt. Þetta kom mjög greinilega fram í ræðum hv. sjútvmrh., hv. þm. Barð. (GJ) og hv. 1. þm. Reykv. (BÓ). Ég er á annarri skoðun. Ég álít, að leggja beri áherzlu á að reka þetta fyrirtæki og koma upp fleiri slíkum fyrirtækjum á þeim stöðum, þar sem góð aðstaða er til slíks rekstrar. Okkur vantar einmitt aðstöðu til þess að skapa okkur aukin útflutningsverðmæti sjávarafurða, og það gerum við helzt með því að nýta aflann sem bezt. Það ætti því að leggja alúð við þetta fyrirtæki frá ríkisins hálfu, þannig að það geti orðið til fyrirmyndar, og þá fullyrði ég, að það mun skila góðum arði. Það er hægt að minna á það, að starfsemi þessa fyrirtækis hefur verið torvelduð af ýmsum aðilum, t. d. af peningastofnununum, og ríkissjóður hefur ekki hirt um að láta það fá nægilegt stofnfé né rekstrarfé. Það hefur þó sýnt sig, að af þeirri starfsemi þess, sem starfrækt var, varð hagnaður, en það er ósköp eðlilegt, að sú starfsemi, sem ekki var hægt að reka sökum skorts á efni til framleiðslunnar, skilaði ekki hagnaði. En ef sómasamlega væri búið að fyrirtækinu, þá fullyrði ég, að það mundi skila hagnaði, og því er ég mótfallinn 10. gr. frv., þar sem heimilað er, að fyrirtækið verði selt.

Þá vil ég vekja athygli á því, að það er undarlegt, að einmitt þessir menn, sem eru að tala um, hversu fyrirtækið sé óarðvænlegt og óheppilegt, vilja koma söluheimildinni inn í frv. Hverjum á að selja? Það skyldi þó aldrei vera, að þeir ætluðu að selja þetta fyrirtæki einhverjum mönnum, sem hafa mikla peninga og telja fyrirtækið ekki svo mjög óarðvænlegt? Það skyldi þó ekki vera, að þeir viti um einhverja menn, sem gætu haft hagnað af svona fyrirtæki? Mér dettur í hug, að þetta sé tilgangurinn, enda er ég líka þeirrar skoðunar, að fyrirtækið sé arðvænlegt, og þess vegna vil ég ekki, að það verði selt, heldur vil ég láta ríkissjóð reka það eins og á að reka það, þannig, að það skili bæði arði og verði sú lyftistöng fyrir útveginn, sem til var ætlazt í upphafi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af orðum hæstv. ráðh., er hann sagði, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um þetta, vil ég segja nokkur orð. Ég hygg, að hæstv. ráðh. viti, að þetta fyrirtæki er stofnað samkv. vissum l., nefnilega samkv. l. frá 1934 um fiskimálanefnd. Þar eru ákvæði um það, að fiskimálanefnd skuli styðja einstaklinga og bæjarfélög til þess að reisa fiskiðjuver og kaupa togara, og ef þessir aðilar geri ekki nógu mikið að þessu, þá er fiskimálanefnd heimilt að verja fé úr fiskimálasjóði til þessara framkvæmda. Það var vefengt árið 1945, að heimild væri fyrir því að verja fé fiskimálasjóðs þannig, en bæði þáv. sjútvmrh. og sjálf fiskimálanefnd töldu, að þessi heimild væri fyrir hendi. Ef svo er, þarf hér engin lög, heldur reglugerð, og þá hlýtur sá aðili, sem stofnaði fyrirtækið, einnig að mega selja það. Nú er það svo, að fiskimálanefnd hefur verið lögð niður, en í stað hennar er kominn fiskimálasjóður, sem tók við öllum eignum, skuldum, skuldbindingum og sem sagt öllum kvöðum fiskimálan. Þar hefur aðeins verið breytt um nafn, og meira að segja er starfsfólkið flest það sama.

En hverjir ákváðu þá þetta? Það voru fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkunum. Frá Sjálfstfl. var Þorleifur Jónsson, ágætur maður, frá Framsfl. Pálmi Loftsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, maður, sem hefur verið trúað fyrir fleiri millj. kr. mjög eftirlitslítið og hlýtur því að njóta mjög mikils trausts og á

það sjálfsagt fyllilega skilið. Frá Alþfl. var Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri bæjarútgerðar Reykjavíkur, maður, sem hefur verið trúað fyrir geysistóru fyrirtæki, og að síðustu frá Sósfl. Lúðvík Jósefsson, alþm. og framkvæmdastjóri bæjarútgerðar Neskaupstaðar. Þetta eru allt hinir ágætustu menn og engin flón, og það er víst, að ef nefndin hefði mótmælt þessum aðgerðum, þá hefði ráðh. ekki getað varið fénu á þennan hátt. Ég vil taka það fram, að ég er ekki að ásaka þessa menn. Þeir hafa haft trú á þessu máli og kannske verið of bjartsýnir og ekki búizt við, að stofnkostnaður yrði svo mikill sem raun ber vitni um. En ég tel eigi nauðsynlegt, að ríkissjóður taki á sig ábyrgðina af þeim aðilum, sem hana eiga að bera. Ef þessi lög verða samþ., þá er ríkið búið að taka að sér fyrirtækið ásamt öllum þeim skuldbindingum, sem því tilheyra. Í 1. gr. frv. er sagt, að ríkið reki fiskvinnslustöð í Rvík, en í 5. gr. frv. er sagt, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum fyrirtækisins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. Þessar greinar stangast því allillilega á, og vitanlega er það alveg ótækt, að í hvert sinn, sem þarf að taka lán, þurfi að sækja um ábyrgð til Alþingis.

Þá vil ég benda á, að í 3. gr. er gert ráð fyrir, að ríkið ábyrgist 1,2 millj. kr. til þess að fullgera fiskiðjuverið, og svo er síðar í sömu gr. gert ráð fyrir 500 þús. kr. ábyrgð, en mér hefur heyrzt á hæstv. ráðh., að nú væri búið að knýja allar dyr, þar sem von væri á, að lán væru fáanleg.

Ég get því ekki fallizt á þessi lög og tel alveg óverjandi að setja slík lög án þess að vísa málinu til n., en það tel ég, að ekki hafi verið unnt, þar sem þingfundir voru næstum allan daginn í gær og n. fékk engan tíma til að athuga málið. Ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ef hann hefði látið útbýta þessu 4. apríl í Ed., eins og í Nd., þá skyldi nál. vera komið fyrir löngu. En Nd. hefur haldið málinu hjá sér allan þennan tíma, og það bendir til þess, að ekki hafi verið samkomulag um málið, enda þótt nál. væri svo gefið út. Ég tel alveg óverjandi að samþ. þessi lög og binda ríkissjóði þessa bagga og leysa þannig þá menn, sem hlut eiga að máli, undan réttmætri ábyrgð.

Ég er ekki heldur fylgjandi þeirri till. að fella niður 10. gr. frv., en ég teldi eðlilegast að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég var einn af þeim, sem við 1. umr. málsins var mótfallinn því, að málið færi til n. þar sem hún gæti ekki skilað nál., en vitað var, að n. mundi klofna um málið og því þurfa að koma fram 2 nál., en um það sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum, þar sem stefnan, sem fram kemur í frv., er mjög ljós. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt sé að setja um þetta lög eða reglugerð. Annars er í frv. engin breyting á núverandi ástandi, nema hvað ríkissjóður með 1. tekur á sig ábyrgð á lánum fyrir fyrirtækið. Þetta hygg ég, að sé nauðsynlegt, því að það er langt frá því, að búið sé að ganga frá fyrirtækinu eins og því var upphaflega ætlað að vera, enda sýnir þessi ábyrgðarheimild það. Ég lít hins vegar svo á, að heimildin til þess að reisa fiskiðjuverið hafi verið mjög veik eða engin. Mér er einnig ljóst, að mörg mistök hafa átt sér stað í byggingu þessa fyrirtækis, eins og svo víða annars staðar átti sér stað í stjórnartíð þess ráðh. En það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut.

Eins og sjá má á 2. gr., er þessu fiskiðjuveri ætlað meira hlutverk en venjuleg framleiðslustarfsemi. Það á einnig að fást við ýmsar tilraunir á vegum atvinnudeildar háskólans og fiskimálastjóra. Ég tel það mjög eðlilegt, að ríkið hafi forgöngu á þessu sviði, þar sem vitað er, að einstaklingar eru tregir til þess að leggja í slíkar vafasamar tilraunir. Það hefur verið talað um það hér, að verið væri að leggja nýjar byrðar á ríkissjóð, en ég sé það ekki, þar sem fiskimálasjóður er ein af stofnunum ríkisins og það kemur því niður á ríkissjóði, ef hann getur ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Ég hef ekkert við byggingu frv. að athuga, en ég tel ótilhlýðilegt, að í sama frv. skuli vera heimild til þess að selja þetta fyrirtæki og því fráleitara, þegar tekið er tillit til þess, að það á að hafa forgöngu með allar nýjungar og hafa með höndum tilraunastarfsemi.

Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort hann viti um einhvern, sem óski eftir að fá þetta fyrirtæki og þá fyrir hvaða verð. *(BÓ:* Það vill enginn kaupa það. — *HV:* Ætli það séu ekki frekar fleiri en einn, sem hafa augastað á því?) Ég tek undir það, að það muni vera margir, sem renna vonaraugum til þessa fyrirtækis, enda tel ég það eðlilegt, því að þarna er um mörg ný tæki og vélar að ræða.

Ég skal svo ekki fara um þetta mörgum orðum. Ég mun greiða atkv. með frv., nema 10. gr., sem ég tel, að ekki eigi hér heima. Ég tel alls ekki sannað, að fyrirtækið geti ekki borið sig, þar sem það er ekki fullgert, og tel ég því, að beri að fullgera það hið bráðasta, og þá fyrst má sjá, hvort það getur ekki borið sig. — Ég fjölyrði þetta svo ekki meir, en tel rétt, að fyrirtækið sé í l., og ef ég man rétt, þá minnir mig, að hv. þm. Barð. væri fylgjandi því í fjvn., að lagaheimild væri nauðsynleg, enda hygg ég, að það, hversu erfiðlega gengur með fjárveitingu til fyrirtækisins, sé mikið af því, að þar er um engan ábyrgan aðila að ræða.

Björn Ólafsson. Herra forseti. Ég ætla ekki að svara fyrirspurn þeirri, er hv. 1. landsk. beindi til hæstv. fjmrh. Það gerir hæstv. ráðh. vafalaust sjálfur. Mér þykir ekki líklegt, að nokkur bjóði í þetta fyrirtæki. *(HV:* Ef það fæst fyrir nógu lágt verð.) Það getur verið, en þó geta fyrirtæki verið þannig, að ekki borgi sig að eiga þau, jafnvel þótt þau fáist gefin, nefnilega ef rekstur þeirra ber sig ekki.

Hv. 6. landsk. (StgrA) vil ég segja það við-

víkjandi því, sem hann var að tala um, að einhver ætlaði sér að kræka í fyrirtækið, að ég álít, að eina ráðið til þess að reka þetta fyrirtæki sé að fá það í hendur einhverjum duglegum einstaklingi, sem hefur áhuga fyrir þessum atvinnurekstri. Að mínu áliti getur ríkissjóður aldrei rekið fyrirtækið með hagnaði, og ef hægt er að losna við það fyrir sæmilegt verð, þá tel ég langréttast að selja það, því að vissulega er mögulegt, að duglegur einstaklingur geti rekið það þannig, að bæði hann og þjóðin hafi hagnað af því. Það hefur sýnt sig, að sú aðferð er betri fyrir ríkið að taka þetta á þann hátt af einstaklingunum en að vinna sér það sjálft inn með atvinnurekstrinum.

Ég vil aðeins minnast á 5. gr., þar sem segir, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþ. Þetta er svipað og hjá síldarverksmiðjunum, en ég verð að segja það, að ef ríkið á og rekur fyrirtæki, þá er það hreinasta siðleysi að setja slíkt og þetta í lög. Hvað væri sagt um mig, ef ég stofnaði fyrirtæki, en tæki það fram, að ég borgaði ekki neinar skuldir, nema samið hafi verið um það fyrir fram? Ætli það yrði ekki talið siðleysi? Hér stendur, að fyrirtækið sé sjálfseignarfyrirtæki, eða vakir fyrir ríkissjóði, að hann sé lánardrottinn og fyrirtækið eigi ekki eyri nema það, sem ríkið lánar? En það stendur ekkert, að ríkissjóður ætli að gefa þetta fé. En ef nú þetta er raunin, þá er það aldeilis hróplegt siðleysi að hafa 5. gr. þannig. *(GJ:* Það gæti líka verið tilfellið, að fiskimálasjóður standi í ábyrgð og væri að reyna að koma henni af sér.) Það er svo sem vel líklegt, en hinu verður samt ekki neitað, að fiskimálasjóður er ekki nema ein deild úr ríkissjóði, og því verður hann að taka af honum skellinn. Ég er alveg sammála hv. þm. Barð. um það, að úr því að sjóðurinn er látinn reisa þetta fyrirtæki, þá skuli hann einnig halda áfram rekstri þess eða þá gefast upp að öðrum kosti og geri þá jafnframt till. til ríkisstj. um ráðstafanir í sambandi við það. En ég skil ekki, að það sé neitt auðveldara að skaffa fé núna en áður, þó að þessi lög verði samþ., því að mér hefur skilizt, að ríkið líti á þetta fyrirtæki sem sitt eigið, en ég get ekki skilið, að fiskimálasjóður geti rekið það neitt betur eftir en áður.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera hér ofur litla grein fyrir atkvæði mínu, en ég geri ráð fyrir, að ég greiði atkv. með því að fella 10. gr.

Það hefur komið í ljós, að fiskimálan. hefur ráðið því, að þetta hús var byggt. Það er þó í rauninni ekki svo, heldur var það ákveðið af ríkisstj., sem þá sat við völd. Um það atriði hef ég átt tal við einn mann, sem þá sat í fiskimálanefnd fyrir Framsfl., enda gat n. ekki tekið þá ákvörðun, og var líka sú ákvörðun brátt tekin að láta sérstaka n. sjá um byggingu hússins. Ég segi ekkert um það, að öll ríkisstj. hafi tekið þessa ákvörðun, en einhvers staðar er sagt, að „enga mikilsverða ráðstöfun megi gera, nema ráðherrafundur geri ráð fyrir því.“ En ég skal ekki ræða um það, hvort það hefur verið gert í þetta skipti, af því að ég er ekki svo kunnugur vinnubrögðum fyrrv. ríkisstj., en mér finnst það að minnsta kosti líklegt, að ekki hafi verið gengið fram hjá því ákvæði, þar sem um jafnmikilsverða ráðstöfun er að ræða. Skal ég svo ekki ræða meira um þetta, enda yrði það of langt mál, ef fara ætti að rekja vinnubrögð fyrrv. ríkisstj. hér í sambandi við þetta. En eitt er undarlegt. Eftir að fyrrv. ríkisstj. er búin að taka ákvörðun um að byggja frystihús eða fiskiðjuver, eins og það heitir víst, að hún skuli þá ekki geta annast rekstur þess. Ég tel það alveg augljóst mál, að eftir að ríkið er búið að leggja í þann kostnað að koma þessu fyrirtæki upp, þá geti Alþ. varla hringlað svo með þetta mál, að fyrir tveimur árum sé kastað út 8 millj. kr. og núna ákveðið að selja það, ef einhver kaupandi fæst. Þetta eru nú vinnubrögð, að kasta út 7—8 millj. kr. og ætla að fara að selja fyrirtækið áður en það er fullgert og áður en nokkur reynsla er fengin fyrir því. Ég skal ekkert um það segja, hvernig afstaða mín verður síðar, en mér finnst, að ríkið eigi að byggja upp þær deildir, sem arðvænlegastar eru. Það verður að minnsta kosti að pússa húsið svolítið að utan, áður en farið er að bjóða í það, því að það stendur þarna eins og illa gerður hlutur, þegar farið er að hugsa um að selja. En hvað sem einstaklingsrekstri eða ríkisrekstri líður, þá finnst mér, að ríkið eigi að ljúka við það sem fyrst að fullgera fyrirtækið. Og það er alveg rétt, að ef einhverjum er heimilt að byggja fyrirtæki, þá er þeim hinum sama auðvitað líka heimilt að reka það. Það var tekin um það ákvörðun, þegar ákveðið var að byggja, og það er ekki verið að taka neina aðalákvörðun um það nú. Ég vil hins vegar ekki draga nýja ákvörðun af því, sem hv. þm. sagði, að úr því að ríkið telji sig hafa heimild til þess að byggja, hafi það einnig heimild til þess að selja, því að ég álít, að jafnvel þó að það hafi heimild til þess að byggja, hafi það enga heimild til að selja, heldur beri því að reka fyrirtækið, og þess vegna er ekki heimildarinnar þörf á þessu stigi málsins, þó að það sé hins vegar rétt hjá hv. fjmrh., að það sé ekki gott að reka fyrirtækið án þess að hafa l. um það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér virðast allmótstríðandi skoðanir um þetta mál, og vildi ég sérstaklega gera aths. við það, sem hv. 3. landsk. (HV) sagði, er hann vildi því um kenna, að frv. væri svo seint fram komið, að ekki hefði gefizt neinn tími til athugunar. Ég vil taka það fram, að frv. var útbýtt hinn 4. dag aprílmánaðar, og það er ekki mér að kenna, þó að sjútvn. Nd. hafi haldið því svo lengi sem raun ber vitni um. Ég flutti þetta mál eftir beiðni fiskimálasjóðs, en skrifstofustjóri rn. fór í gegnum það, og ég geri ráð fyrir, að það sé svipað löggjöf af svipaðri tegund, t. d. um síldarverksmiðjurnar.

Ég get fullvissað hv. 6. landsk. um það, að

fiskur liggur ekki undir steini, þar sem 10. gr. er, hann þarf ekkert að óttast það. Það bága er til að byrja með, að það liggur ekki fiskur undir steini og hefur ekki legið fyrir þetta fyrirtæki, sem flokksbróðir hans hefur hrúgað upp. Það vantar sem sé hráefni fyrir það fyrsta. Í öðru lagi eru markaðir ekki fyrir hendi. Markaðirnir hafa brugðizt. Ég skýrði frá því í Nd., að frá Ameríku væri komin fram krafa um endurgreiðslu fyrir vörur, sem keyptar hefðu verið af fyrirtækinu. Varan seldist ekki, þegar hún var komin vestur, en firmað heimtar dollara sína til baka. Það eru sem sagt hvorki fiskur eða peningar, sem liggja undir steini. En hitt skal ég játa, að ef framleiðslukostnaðurinn yrði ódýrari en hann er nú, þá gæti þetta breytzt, því að það er ekki kunnáttu þeirra manna, sem þarna stjórna og vinna, sem um er að kenna, heldur eru framleiðslustörfin svo dýr, en ég veit ekki um ástæðuna fyrir því.

Hv. þm. Str. er að tala um, að ríkisstj. eigi að fullgera eða að minnsta kosti að pússa húsið, áður en hún sé farin að hugsa um að selja það. En ríkisstj. hefur ekki nein úrræði, hvorki fé né lán, til þess að fullgera það né heldur heimild til þess. En hér er um að ræða heimild, sem mögulegt er að nota.

Varðandi 10. gr. vil ég með ánægju verða við þeim tilmælum um að svara fyrirspurn um það, hvort nokkuð kauptilboð hefði borizt í fyrirtækið. Ég skal svara því til, að atvmrn. hefur fengið eina einustu fyrirspurn um það, hvort það væri hugsanlegt, að hægt væri að kaupa þetta fyrirtæki, án þess þó að um nokkurt ákveðið tilboð hafi verið að ræða. Þessi fyrirspurn var frá samtökum samvinnufélaganna, en í gr. er nú gert ráð fyrir því, að heimildin gildi einnig varðandi þau. Ég sé annars ekki, að það sé neinn skaði skeður, þó að fyrirtækið væri selt einstaklingum eða fyrirtækjum, ef það stæði við hentari stað, en það er bara að bera í bakkafullan lækinn að staðsetja það hér á þessum stað, þetta hraðfrystihús, þar sem nóg eru fyrir, og láta það svo eiga í harðri baráttu við fyrirtæki, sem þó hafa ekki skattfrelsi eins og þetta.

Ég vil svo endurtaka, sem ég hef áður sagt, að ég er ekki að leggja neitt kapp á það, að Alþ. geri þessar ráðstafanir og veiti þessa heimild. Þetta fyrirtæki er ekki byggt í minni stjórnartíð. En ég hef þó gert heiðarlega tilraun til þess að tryggja betur reksturinn í framtíðinni á þessu fyrirtæki, en þegar því er svo þannig tekið, að sjútvn. neitar að afgr. málið, verð ég að biðja hæstv. forseta um að fresta málinu um stund, svo að ég geti fengið að vita hjá hv. þdm., hvern hug þeir bera til málsins eða hvort meiningin sé að stöðva það. Það er stjórn fiskimálasjóðs, sem hefur borið fram ósk um þetta mál, og fyrir því er það borið hér fram. En eins og hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) sagði réttilega, þá er ekki síður hagur að því fyrir ríkið, að fyrirtækið sé rekið undir stjórn og á ábyrgð dugandi einstaklinga eða félagssamtaka en þó að það reki það sjálft.

En sem sagt, ég ætla að biðja hæstv. forseta að fresta umr. um málið nú um stund.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk hæstv. fjmrh. verður umr. um þetta mál frestað um stund.

Umr. var fram haldið síðar á fundinum.

Gísli Jónsson: Það er aðeins út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég vil benda á, að ef þetta frv. verður ekki samþ., hefur hann möguleika til að láta fiskimálasjóð nota allt það fé, sem hann fær árlega inn frá ríkissjóði, til þess að standa undir þessari starfrækslu og setja til hliðar aðra starfrækslu, sem stjórn sjóðsins hefði talið, að væri ekki eins aðkallandi og að byggja og starfrækja þetta fyrirtæki. Þar mun hann hafa um 2 millj. og þarf ekki að íþyngja ríkissjóði um ný framlög. En ef þetta er samþ., þá er hann búinn að taka það beint frá stjórn sjóðsins, sem þá getur notað það fé til annarrar starfrækslu eða til að byggja annað fiskiðjuver. Þess vegna sýnist mér eðlilegra að fella frv. en að samþ. það. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að sé þetta frv. samþ., þá er tekin af fiskimálasjóði sú kvöð, sem hvílir á honum, að standa undir og reka þessa stofnun, sem hann hefur heimild í l. til að taka að sér og getur ætlað nokkrar tekjur í fiskimálasjóð til. Ég veit ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. vill taka af honum þessa kvöð, þegar ríkissjóður er ekki fær um að standa undir því. Vilji hæstv. ráðh. styrkja fiskimálasjóð frekar en með l., þá er það annað atriði, en þá átti það að vera í fjárl.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Síðan ég kom í ráðun., hefur fiskimálasjóður iðulega skrifað ráðun. um ákvarðanir sínar, sem flestallar ganga út á það að veita lán til smáhraðfrystihúsa víðsvegar um landið, og ég hef í öllum tilfellum fallizt á till. stjórnar fiskimálasjóðs í þessum efnum. Ef ég ætti að gera það viðbragð að segja við stjórn fiskimálasjóðs: Þið verðið fyrst og fremst að standa undir fiskiðjuverinu, — þá mundi fiskimálasjóður ekki vera þess megnugur að geta léð hjálparhönd á þann hátt, sem hann hefur gert, og með mínu samþykki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 806 felld með 9:6 atkv.
10. gr. samþ. með 9:5 atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Út af því, sem hæstv. ráðh. upplýsti áðan, að sjóðurinn mundi ekki geta staðið undir þeim verkefnum að lána til frystihúsa, ef þetta frv. væri fellt, þá vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að sjóðstjórnin sjálf, sem hefur valið þessa leið, tekur stórkostlegt fé frá þessari starfrækslu til þess að binda í svona fyrirtæki. Skil ég ekki þá stefnu, sem hér er verið að marka, að taka fyrst stórkostlegar fjárfúlgur til þess að ráðast í svona fyrirtæki og svo, þegar allt er komið í hundana, þá skuli hæstv. fjmrh. hlaupa til þess að taka alla ábyrgð frá þessum mönnum. Mér er ómögulegt að skilja svona ráðstafanir, og þetta er sá sami hæstv. ráðh. sem hefur hvað eftir annað lýst yfir, að ríkissjóður gæti ekki sinnt ýmsum öðrum verkefnum, sem eru meira aðkallandi en þetta. Það hefur verið neitað framlögum til sjúkrahúsa og skorið niður til fávitahæla o. fl., sem nauðsynlegt er, meðan settar eru milljónir í fyrirtæki, sem undir öllum kringumstæðum eru byggð og geta gengið með sérstökum tekjustofnum samkv. öðrum l. Ég hefði getað tafið málið í sjútvn., en taldi það ekki rétt, en mig undrar, að hæstv. fjmrh. skuli setja l. um milljóna útgjöld í gegnum þingið, og ég vil lýsa vantrausti á slíkri meðferð mála.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 711).

34. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (stjfrv.).

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [203. mál] (stjfrv., A. 612).

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar nýju ákvæðin voru sett í l. um nýja skiptingu á skemmtanaskattinum, var ráðgert, að árið 1947 yrði búið að safna nógu í þjóðleikhúsbygginguna, en komið hefur í ljós, að talsvert vantar á, að svo sé. Hins vegar á þjóðleikhúsbyggingin fyrsta rétt í skattinum, og við það að athuga allar ástæður hefur rn. komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til við hæstv. Alþ., að til bráðabirgða verði gerð breyt. á þeirri skiptingu, sem ákveðin var með nýju löggjöfinni um skiptingu þessa skatts, og teljum við, að með þessari skiptingu, sem hér er gert ráð fyrir til bráðabirgða, mundi verða hægt að koma þessari húsbyggingu í höfn. En þegar það væri búið, gengju í gildi af sjálfu sér þau ákvæði, sem sett voru í nýju löggjöfinni um skiptingu skemmtanaskattsins.

Ég vil óska þess, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég býst við, að fleirum hv. þdm. en mér muni hafa hnykkt allmikið við þær upplýsingar, sem í þessu frv. felast, nefnilega þær, að því fari allfjarri, að það fé, sem í árslok 1947 var áætlað, að mundi nægja til þess að fullgera þjóðleikhúsið, skuli nú engan veginn hrökkva til þess. Það liggja að vísu ekki fyrir upplýsingar um það í grg. frv., hversu mikið þar vanti á. En ég vænti, að það muni verða upplýst í þeirri n., sem fær þetta mál til afgreiðslu. Ég get, vegna þess að ég á sæti í þeirri n., stytt mál mitt á þessu stigi umr., en vil þó segja það, að ég er að sjálfsögðu sammála hæstv. ráðh. um það, að nauðsyn beri til þess að afla fjár til þess að ljúka þjóðleikhúsinu og til þess að standast þau óvæntu útgjöld, sem þarf að inna af hendi til fullbyggingar þess. En ég verð að segja, að mér finnst þetta, sem þetta frv. leggur til, nokkuð harkalegt. Samkv. þeim l., sem sett voru um skiptingu skemmtanaskattsins árið 1947, rennur 40% af skemmtanaskattinum í rekstrarsjóð þjóðleikhússins frá áramótum 1947 og 1948, 50% í hinn nýstofnaða félagsheimilasjóð og 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar lagt til, að 65% skattsins renni um ótakmarkað tímabil til þjóðleikhússjóðs, þar af 30% til rekstrarsjóðs þjóðleikhússins og 35% í þjóðleikhússjóð til þess að ljúka byggingu þess, en 25% skattsins renni í félagsheimilasjóð og svo sömu 10% og áður til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. — Eins og ég sagði, þá er ég sammála hæstv. menntmrh. um það, að nauðsyn beri til þess að ljúka þjóðleikhúsinu og afla fjár til þess. En mér þykir þetta nokkuð harkalega að hinum nýstofnaða félagsheimilasjóði farið og sérstaklega þegar á það er litið, að heildartekjur af skemmtanaskattinum hafa hækkað verulega við ráðstafanir, sem hér hafa nýlega verið gerðar á Alþ. samkv. l. um dýrtíðarráðstafanir. — Ég skal ekki fara ýtarlega út í að ræða afstöðu mína til þessa máls. En ég tel óhjákvæmilegt og vil láta það koma fram strax á þessu stigi málsins, að þeim hlutföllum verði breytt, sem þetta frv. leggur til um skiptingu skemmtanaskattsins. Ég tel í þessu frv. gengið of langt í því að skerða tekjur félagsheimilasjóðs, og ég þarf ekki að rekja þau rök nú, sem til þess hníga, að nauðsyn beri til þess að skerða ekki um of starfsmöguleika þess sjóðs. Ég hef og ýmsir aðrir hv. þm. flutt þau rök fram hér áður, og þarf ekki að þreyta hv. þm. með þeim nú. En ég hefði talið æskilegt, að þegar hæstv. ríkisstj. sá framan í þann aukna kostnað við byggingu þjóðleikhússins, þá hefði hún að minnsta kosti gert sér það ómak að athuga í leiðinni, áður en hún lagði þetta til, möguleika til þess að auka tekjur af skemmtanaskattinum, ekki sízt þeg-

ar fyrir þessu sama þingi, sem þetta frv. er lagt fram á, einnig liggur fyrir frv. um að afla aukinna tekna fyrir bæði þjóðleikhússjóð og félagsheimilasjóð. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað ómaka sig til að gera, heldur lagt þetta frv. þráðbeint hér fram. Það er kannske vegna þess, að ég er nokkuð nátengdur þessu frv. um að auka tekjur þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum, sem mér finnst þetta, þar sem ég er 1. flm. þess og ber það fram vegna tekna félagsheimilasjóðs. En mér finnst, að hæstv. ríkisstj. hefði borið að taka þetta atriði til athugunar í leiðinni og leggja ekki það eitt til að taka helminginn af þeim tekjum, sem hæstv. Alþ. hefur nýlega ákveðið, að félagsheimilasjóður ætti að hljóta, því að það er það, sem gert er með þessu frv. Það er tekinn helmingurinn af tekjum félagsheimilasjóðs og hann fenginn þjóðleikhúsinu, án þess að gerð sé tilraun til þess að fara aðrar leiðir til þess að afla fjár til að ljúka byggingu þjóðleikhússins. Ég tel þetta miður farið, en ég treysti nú hæstv. menntmrh., sem eðlilega hefur forgöngu um þetta mál f. h. ríkisstj., til þess að taka nú þetta atriði, sem ég nefndi, með í reikninginn einnig. Og ég er fús til þess að vinna með honum að því að tryggja leikhúsinu nauðsynlegt fé, til þess að hægt sé að ljúka því. En ég tel ekki, að að nauðsynjalausu eigi að ganga svo langt í því að skerða tekjur hins nýstofnaða og lítils megnuga félagsheimilasjóðs, með þeim geysiviðtæku verkefnum, sem fram undan eru hjá honum.

Annað atriði en sjálfa skiptingu teknanna snertir vil ég minnast á, en þ. e., að þetta ákvæði á að gilda ótímabundið. Þessi lög skulu gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur. Ég hefði talið æskilegt, að eitthvað ákvæðnara hefði verið til tekið um gildistíma l. en þetta, þannig að það væri ekki alveg ótímabundið, hve lengi 65% skemmtanaskattsins rynnu í þjóðleikhússjóðinn. Og ég hefði talið æskilegt, að n. sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, athugaði þetta atriði.

Að öðru leyti skal ég ekki gera þetta mál að umtalsefni nú. Ég vænti, að hv. n., sem athugar málið, fái allar upplýsingar um fjárþörf þjóðleikhússins, hversu mikið kostnaðurinn við að fullgera það muni fara fram úr áætlun og yfirleitt um framkvæmd þessara mála.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál á þessu stigi, því að þetta frv. fær væntanlega athugun í n. En tvö atriði vildi ég minnast á, út af því, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) sagði. Ég hef jafnmikinn áhuga og hann fyrir því, að sem minnst skuli skerða tekjur félagsheimilasjóðs til bráðabirgða. En ég hygg, að niðurstaðan muni verða sú, þegar hv. n. athugar þetta mál og að fengnum upplýsingum, sem henni munu verða gefnar, að það, sem á vantar væntanlegar tekjur þjóðleikhússins og lánsmöguleika, sem fyrir hendi kynnu að vera, til þess að hægt væri að halda byggingu þjóðleikhússins viðstöðulaust áfram, þar til henni er lokið, sé ekki minna en gert er ráð fyrir í frv. að auka tekjur þjóðleikhússjóðsins, enda mundi þá minnkun þess hluta, sem hér er ætlaður til þjóðleikhússjóðs eftir þessu frv., fram yfir það sem áður eru l. um, verða til þess, að þessi bráðabirgðalög þyrftu að vera mun lengur í gildi, og sennilega mundi vera ómögulegt að fá bráðabirgðalán til þessa. Þetta allt er sjálfsagt, að hv. n., sem athugar málið, íhugi. — Ég vil líka geta þess, að hér er ekki um eins mikla skerðingu til bráðabirgða að ræða á tekjum félagsheimilasjóðs og í fljótu bragði mætti álíta, því að skemmtanaskatturinn í heild hefur verið hækkaður til muna, frá því að lögggjöf um hann var sett í fyrra. Það gerir skatturinn, sem settur var á kvikmyndaleyfin, og hækkunin á biómiðunum, sem drýgt hefur tekjurnar af skemmtanaskattinum.

Hv. þm. N-Ísf. sagðist vilja, að ríkisstj. beitti sér fyrir hækkun skemmtanaskattsins í sambandi við þetta mál. En því er þar til að svara, að það er talsvert ágreiningsmál, hvort og þá hvernig breyta skuli skemmtanaskattinum. En þetta mál er hins vegar þannig vaxið, að það má til að fá einhverja afgreiðslu á þessu þingi, sem nú stendur yfir, til þess að þjóðleikhúsbyggingin stöðvist ekki, og þess vegna hefur ekki þótt rétt að setja lúkningu byggingar þessarar í samband við hugsanlegar breyt. á skemmtanaskattinum. Þarf þess vegna þetta að athugast, hvað út af fyrir sig. — Þetta verður svo sjálfsagt rætt nánar við 2. umr., eftir athugun málsins í nefnd.

Pétur Ottesen: Ég hafði nú ekki búizt við því, satt að segja, að lagt yrði til nú á þessu þingi að breyta l. frá 1927 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, eins og samkv. þessu frv. er ætlazt til, að gert verði. Þangað til þau lög voru sett, hafði öllum skemmtanaskattinum verið varið til byggingar þjóðleikhússins, þannig að það fyrirtæki sat eitt að þeim tekjum, sem skemmtanaskatturinn gaf. Með breyt., sem gerð var 1947 á þessum l., þá var svo ákveðið, að 40% af þessum skatti skyldi renna til þjóðleikhússins, en hinum hlutanum ráðstafað þannig, að 50% rynni til félagsheimilasjóðs og 10% til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum o. s. frv. Nú er hins vegar farið hér með flutningi þessa frv. fram á það, að þjóðleikhúsið fái 65% af þessum skatti, en að sá hluti af skattinum, sem renni til félagsheimilasjóðs, sé 25%, en að 10 prósentin verði notuð áfram eins og gert er ráð fyrir í þeim l., sem sett voru um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Mér virðist, að með þessum hætti sé óeðlilega mikið fé bundið við þetta eina fyrirtæki í landinu, þjóðleikhúsið, og það því fremur þegar þess er gætt, að það hafði um áraraðir setið eitt að öllum þessum skatti, en aðrir, sem að svipaðri starfsemi vinna úti á landinu, að halda uppi þar ýmiss konar skemmtanalífi, iðkuðu leiklist og annað, sem lyftir nú anda mannsins á hærra stig, nutu einskis af þessum skemmtanaskatti, en urðu að inna

skattinn af hendi samt sem áður. Samkv. l. frá 1947 átti að greiða götu félags- og skemmtanalífs viðs vegar á landinu, bæði í kaupstöðum og kauptúnum og úti á landsbyggðinni, með því að 50% af þessum skatti rynni til þeirrar starfsemi, en það er vitað, að það er undirstaða félagslegrar starfsemi, að það sé húsakostur, þar sem hægt sé að koma þessari starfsemi við. Þess vegna var þarna lagður mjög mikilsverður grundvöllur að slíkri starfsemi úti á landinu. Og þó að það verði sjálfsagt að viðurkenna, að leikstarfsemi sú, sem farið hefur fram og fer fram hér í Rvík í þjóðleikhúsinu og væntanlega fer þar fram eftirleiðis, þegar það er orðið til tækt til slíkra hluta, hafi að ýmsu leyti aðstöðu til þess að móta skemmtanalíf úti á landsbyggðinni, þá verður þó að stilla hér nokkuð í hóf og gera ekki svo greypilega upp á milli um fjárstuðning til skemmtanalífs eins og ætlazt er til samkv. þessu frv. Það er náttúrlega rétt, að það er út af fyrir sig mjög æskilegt, að hægt verði að ljúka byggingu þjóðleikhússins. En Alþingi má ekki sjást yfir um það, að það eru fleiri fyrirtæki í þessu landi, sem mjög mikið veltur á um, að hægt sé að koma áleiðis, frá því sem nú er. Það er ekki eins og þetta sé það eina, sem leggja þarf áherzlu á. Það er margt hliðstætt þessu og margt, sem er að ýmsu leyti miklu meiri nauðsyn á, að hrundið sé í framkvæmd en þessu fyrirtæki, þó að gott sé á sínu sviði. Við þekkjum það hér, sem erum að berjast fyrir því á Alþ. að geta komið fram ýmsum framkvæmdum, sem mjög veltur á fyrir atvinnulíf landsmanna, sem er undirstaðan undir allri okkar afkomu, — við þekkjum það mjög vel, hve erfitt er að afla fjár og annars stuðnings til þess að koma slíkum framkvæmdum áfram, þannig að þetta er engan veginn það eina nauðsynlega, svo að þess vegna megi setja það fram fyrir allt eða flest annað. Ég vildi þess vegna mjög vona, að ekki þyrfti til þess ráðs að grípa að breyta þessari löggjöf frá 1927, heldur mætti við svo búið sitja og það þótt það yrði afleiðing af því, að lengur drægist en ella að koma þjóðleikhúsinu í starfhæft ástand. Ég er ekki viss um, að það borgi sig fyrir þjóðfélagið að beina svo mjög kröftunum að þjóðleikhúsbyggingunni, að fyrir það verði að slá slöku við að koma til aðstoðar sams konar fyrirtækjum, sem vinna að hliðstæðum markmiðum úti um landsbyggðina. Þessu verður Alþ. að gera sér ljósa grein fyrir við afgreiðslu málsins.

Ég vildi aðeins láta þessu frv. fylgja þessar skoðanir mínar, um leið og það fer til n., eins og sjálfsagt er.

Áki Jakobsson: Ég vildi fá að vita um það frá hæstv. menntmrh., hve mikið vantar til þess að ljúka við byggingu þjóðleikhússins. Í frv. er gert ráð fyrir, að 35% af skemmtanaskattinum renni til byggingar þjóðleikhússins og því ekki nema 25% til félagsheimilasjóðs, sem gert er ráð fyrir í l. frá 1947, að fái 50%. Er gert ráð fyrir, að þetta haldist svo, þar til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur. Gert er ráð fyrir, að 30% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins. Nú getur verið töluvert mikið álitamál, hvað á að teljast byggingarkostnaður og hvað rekstrarkostnaður, og getur þar vafalaust skeikað hundruðum þúsunda og milljónum. Slíkt verður ætíð að verulegu leyti smekksatriði. Þess vegna væri fróðlegt að fá um það skýrslu, hvað vantar til þess að ljúka þessari byggingu og hvenær gert er ráð fyrir, að hún geti orðið fullgerð, ef ekki er gert ráð fyrir, að standi á peningunum, þ. e. tæknilega séð. Um þetta hefði verið mjög æskilegt að fá upplýsingar, þegar málið er lagt fyrir. Ég vil því leggja þessar spurningar fyrir menntmrh., og gæti hann gefið upplýsingar um þetta, þegar hann hefur tök á því.

Þá er það annað, sem ég vildi minnast á við þessa umr., og það er sjálf tekjuöflunin til þjóðleikhússins. Það er mjög óeðlilegt, að lagður sé með þessu móti þungur skattur á skemmtanastarfsemi og þar með félagslíf allra landsmanna. Ef maður athugar skemmtanalíf og félagslíf í bæjum utan Rvíkur og þorpum, að maður tali ekki um í sveitum, og ber það saman við aðstöðuna til skemmtanalífs og félagslífs í Rvík, býst ég við, að það væri ósanngjarn maður, sem viðurkenndi ekki strax, að möguleikar til þess að halda uppi fjörugu skemmtanalífi væru þúsundfalt meiri í Rvík en í sveitunum. Þessi staðreynd gerir það óeðlilegt frá fyrstu byrjun að leggja sérstakan skatt á félags- og skemmtanalíf utan Rvíkur og nota hann til þess að byggja glæsilegt þjóðleikhús í Rvík. Ég er sérstaklega kunnugur í einum kaupstað, Siglufirði, og veit, að þessi skattur er það þungur þar, að hann bókstaflega háir þar félagsskap. Og ef gengið væri ríkt eftir, að félögin borguðu þennan skatt, þannig að útilokað væri að koma neinu undan, væri í flestum tilfellum ógerlegt að halda þar skemmtanir. Þetta hljóta allir, sem vilja vera sanngjarnir, að viðurkenna, að getur ekki gengið. Ég álít, að þeir aðilar, sem enn þá hafa ekki gefizt upp úti á landsbyggðinni og flúið til Rvíkur, eigi annað skilið en að á þá sé lagður þessi skattur eingöngu vegna húsbyggingar í Rvík. Ég álít nauðsynlegt að afla þessara peninga, sem þarf til þess að ljúka húsinu, með öðrum hætti en að níðast á félagsheimilasjóði og mundi telja nauðsynlegt að lækka eða jafnvel afnema félagsskemmtanaskattinn hjá ýmsum félögum úti á landsbyggðinni, til þess að þau geti haldið áfram starfsemi sinni og þeim verði ekki gert svo erfitt fyrir, að fólkið þar neyðist til að hrökklast til Rvíkur. Nú er svo komið, að dreifbýlinu helzt naumast á neinum skemmtikröftum, t. d. spilurum. Allir, sem eitthvað gildi hafa til skemmtunar fyrir almenning, fara hingað til Rvíkur. Og þessar fábreyttu skemmtanir, sem fólkið í þessum fámennu bæjum getur stofnað til, eru skattlagðar hér í Rvík. Það er þegar búið að leggja stóran skatt á þetta fólk úti á landsbyggðinni, og það er þegar búið að leggja fram það, sem hægt er að krefjast af því, sérstaklega þegar það er athugað, að þróun málanna hefur verið

þannig undanfarin ár, að peningamagnið hefur farið hingað til Rvíkur og hér er hægt að bjóða upp á ýmis þægindi, sem ekki er hægt að bjóða upp á utan Rvíkur, vegna þess að fjármagnið hefur verið dregið til Rvíkur fyrir opinberar aðgerðir. Þegar ofan á þetta á svo að fara enn á ný að taka þetta fé, sem með l. frá 1947 var lagt til félagsheimilasjóðs, taka það aftur að mestu leyti í byggingarkostnað þjóðleikhússins, finnst mér mjög þröngt fyrir dyrum. Ég tel mjög nauðsynlegt að fella niður skemmtanaskatt á öllu heilbrigðu skemmtanalífi utan Rvíkur. Og vel athugandi fyndist mér, ef talið er nauðsynlegt að afla fjár til þess að ljúka þessu verki með því að taka meira af þessum skatti, að binda það þá meir við skemmtanaskatt héðan úr Rvík, því að það verða fyrst og fremst Reykvíkingar, sem njóta þessa. Þegar tekið er tillit til þess, að lengi er búið að skattleggja landsbúa almennt í þennan sjóð, virðist ekki ástæða til að níðast svona á félagsheimilasjóði. Það er þegar búið að eyða miklu fé í þetta hús, og mér finnst ekki ósennilegt, að ekki þurfi stóra upphæð til þess að ljúka húsinu. Fyndist mér vel geta komið til mála að fá lán í þessu skyni og deila því niður á nokkur ár, þannig að ekki þurfi að höggva í þennan félagsheimilasjóð. Ég verð að segja, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, að hæstv. menntmrh., formaður þess flokks, sem gætir hagsmuna dreifbýlisins, skuli veljast til þess að taka upp till. um að höggva verulega í þennan sjóð. Ég neita því á engan hátt, að það er þörf á að ljúka við þessa byggingu sem allra fyrst, og hefði verið æskilegast að gera það áður en allt var orðið svo dýrt sem nú er orðið. En mér finnst það vera ósanngjarnt, með tilliti til þeirra stórfelldu örðugleika, sem fólkið úti á landsbyggðinni á við að stríða, að ætla að höggva í þennan sjóð, sem stofnaður var með l. frá 1947. Væri hollt fyrir ýmsa þm., sem ekki eru kunnugir úti á landi, að kynna sér af eigin raun þann aðbúnað til skemmtanalífs, sem unga fólkið úti á landsbyggðinni hefur við að búa. Og á því er enginn vafi, að einmitt þessir örðugleikar á því að koma upp skemmtanalífi úti í hinum ýmsu þorpum og kaupstöðum eru einn verulegasti þátturinn í því, að unga fólkið flykkist hingað til Rvíkur og veldur hér stóru vandamáli, sem við eigum vafalaust eftir að glíma við. En með l. frá 1947 er að því stefnt að bæta úr þessu og því mjög illa farið, að nú skuli vera aftur dregið úr þessu, eftir svo skammán tíma, og finnst það líka koma úr hörðustu átt, þegar menntmrh. flytur þessa till. Ég álít, að fjármál þjóðleikhússins þurfi að leysa með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Siglf. (ÁkJ) vil ég taka fram, að eftir þeim upplýsingum, sem mér hafa borizt alveg nýlega, þá mun það vera meira en 3 millj., sem vantar, til þess að hægt sé að ljúka við bygginguna. Og ef peningarnir fást, þá á, eftir því sem byggingarnefndin gefur upp, að vera hægt að koma húsinu alveg upp í lok þessa árs.

Út af því, sem hv. þm. Siglf. sagði um félagsheimilin, vil ég taka fram, að engum okkar hefði dottið í hug að taka skemmtanaskattinn frá byggingarsjóði þjóðleikhússins, ef við hefðum ekki staðið í þeirri meiningu, að það, sem kæmi inn í sjóðinn 1947, mundi hrökkva fyrir byggingarkostnaðinum. Á því var málið byggt, og því er ekki um annað að ræða en ljúka húsinu með tilstyrk skemmtanaskattsins. En til þess að taka það ekki af óskiptu og til þess að stöðva ekki starfsemi félagsheimilasjóðs er þessi millileið farin. Það er fjarri því, að starfsemi sjóðsins þurfi að stöðvast. Hann mun fá 1 millj. kr. til ráðstöfunar fyrir 1948, sem er mjög veruleg fúlga, og áætlað er, að meðan verið er að ljúka byggingunni, yrði það a. m. k. ½ millj. kr., sem kæmi árlega í sjóðinn.

Áki Jakobsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég skaut því fram í ræðu minni, hvort athugaðir hefðu verið möguleikar á því að fá það fé, sem á vantaði, með öðrum hætti. Mér fyndist ekki tiltökumál, þó að fá þyrfti lán í svona mikið fyrirtæki, og ég mundi telja það miklu heppilegra en hafa þennan hátt á. Ráðh. lagði hins vegar áherzlu á það, að þrátt fyrir þessi l. fengi félagsheimilasjóður það mikið fé, þó að frv. yrði samþ., að ekki væri ástæða til að fárast yfir því, þó að þetta yrði af honum tekið. Hann hefði fengið eina milljón 1948 og mundi síðan fá hálfa milljón eftir að þessi lög væru komin í gildi. En þótt ráðh. telji, að 1 millj. í félagsheimilasjóði sé mikið fé, get ég fullyrt, að þetta er örlítið fé, eins og byggingarkostnaður er orðinn núna. Og ástandið hvað snertir byggingar til hvers konar félagsstarfsemi og skemmtanalífs utan Rvíkur er óskaplegt. Mörg af þeim húsum, sem eru notuð, eru gersamlega ónothæf til allra hluta, ónýt hús, og verður að byggja alveg ný, þannig að ég er undrandi yfir því, að ráðh. skuli telja það mikið fé og rök fyrir því, að skerða megi framlag til félagsheimila, þó að þau hafi fengið 1 millj. s. l. ár. Mér finnst þetta mjög lítið fé, eins og ástandið er orðið. Það eru undantekningar, ef í kaupstöðum utan Rvíkur eru til sæmileg eða góð samkomuhús. Það eru aðeins undantekningar. Algengast er, að samkomuhús í kaupstöðum og þorpum séu í mjög slæmu ástandi, og í sveitunum er það miklu verra, þannig að ég vil enn undirstrika það, að ég átti von á öðru frá hendi hæstv. ráðh. en hann yrði til þess að leggja til að skerða svona verulega framlag til félagsheimilasjóðs og vil enn ítreka það, hvort ekki hafi verið reynt að afla þess fjár, sem þarf til þess að ljúka þessari byggingu, með öðrum hætti en þeim að taka fé, sem átti að verða fé félagsheimilasjóðs, og vil ég benda á það, hvort ekki væru tök á því að fá lán til þess að ljúka þessu verki. Mér finnst aumlegt til þess að vita, að þessi ráðh. skuli hafa orðið til þess að vega að þessum samtökum, sem hafa byggt framtíðar-

drauma sína á því, að þarna væri nokkurt fé af að taka til þess að leggja í þessi félagsheimili, sem þeir hafa mikinn áhuga fyrir að koma upp. Ég vil þess vegna sérstaklega inna ráðh. eftir því, hvað gert hafi verið til þess að ljúka byggingu þjóðleikhússins án þess að skerða þetta framlag til félagsheimilasjóðs og enn fremur, hvort athugað hefur verið, hvort ekki væri mögulegt að fá lán, sem borgað væri að einhverju leyti með hluta af framlagi til rekstrarsjóðs þjóðleikhússins. Í frv. hæstv. menntmrh. er gert ráð fyrir, að framlag til rekstrarsjóðs lækki úr 40% niður í 30%. Það lítur því út fyrir, að ráðh. geri ráð fyrir, að 30% nægi til þess að borga þann halla, sem kynni að verða á rekstrinum, og væru þá eftir 10% til þess að borga með vexti og afborganir af láni, sem tekið væri í því skyni að fullgera bygginguna. Ég vil sérstaklega inna ráðh. eftir því, hvort hann hafi ekki látið fara fram athugun á því, hvort mögulegt væri að koma þessu húsi upp án þess að fara þessa afleitu leið, sem hann hefur valið, að ráðast á félagsheimilasjóð, þannig að hann geti ekki gert sér vonir um framlag til húsbygginga úr þessum sjóði.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar sú breyt. var gerð á þeim lögum, sem hér um ræðir, — á næstsíðasta þingi, að ég ætla, — að taka nokkuð af skemmtanaskattinum til félagsheimila í landinu og auka tekjur lestrarfélaga o. s. frv., þá þótti mér mikils til of skammt gengið í því að taka þetta fé til þeirra hluta, því að frá því að skemmtanaskatturinn var fyrst á settur, hefur hann verið látinn renna til þess að byggja þetta þjóðleikhús hér í Rvík, sem illu heilli hefur verið á byrjað á þann hátt, að það veldur svo miklum örðugleikum að klára það sem raun hefur á orðið. Ég sagði illu heilli, því að það hefði mátt komast af með minni byggingu og meir við hæfi en þarna er um að ræða. En úr því atriði verður nú ekki bætt, og sjálfsagt er það æskilegast með þetta mál, eins og fjöldamörg önnur í okkar landi, að húsið sé klárað, svo að það geti orðið til nota og þess gagns, sem til hefur verið stofnað. En ég hygg, að það sé mjög örðug leið, sem hér hefur verið farin til þess að koma þessu í framkvæmd, með því að kippa aftur til baka þeim réttindum, sem fólkinu úti á landsbyggðinni höfðu verið veitt til nokkurs hluta af því fé, sem innheimt er á þennan hátt. Ég held, að það verði ekki hjá því komizt, þegar vinna á að því að klára þetta hús, að það verði að gerast með lánsfé. Og ef það lánsfé fæst ekki nógu fljótt, verða það sjálfsagt örlög þess, eins og margra annarra fyrirtækja hér, sem byrjað hefur verið á, en ekki hefur verið hægt að ljúka, að það verði að bíða, hvenær sem lánsfé til þess fæst. En ég get með engu móti fallizt á, að rýrt verði það fé, sem með breyt. á l. frá 1947 var ákveðið til félagsheimila úti á landi. Með þessu stefnir löggjafarvaldið í þá mjög öfugu átt að beinlínis draga með sköttum fé af dreifbýlinu til framkvæmda í höfuðstaðnum, þar sem bezt er aðstaða með skemmtanalíf og fjármagn og þangað sem fólkið hefur verið dregið á undanförnum árum með margvíslegum ráðum. Ég held því, að þetta sé öfug leið, eins og á hefur verið bent af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað gegn þessu frv. Og mér finnst þetta vera svo mikil fjarstæða, að mér þætti eðlilegast, að þetta frv. væri ekki látið ganga lengra, heldur væru höfð samtök um að fella það hér strax við 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki lengja umr. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ekki hefði komið til mála að taka skemmtanaskattinn frá byggingarsjóði þjóðleikhússins, ef ekki hefði verið talið öruggt, að það, sem kæmi inn í sjóðinn 1947, mundi hrökkva fyrir byggingarkostnaðinum. Og þegar það kemur á daginn, að útreikningar byggingarnefndarinnar hafa verið rangir, finnst mér, að þm. hljóti að vera sammála um, að ekki sé hægt að láta þetta fyrirtæki gjalda þess, en vegna þess að búið er að setja löggjöfina, sé rétt að fara bil beggja og reyna að halda jafnhliða gangandi, meðan unnt er, þeirri starfsemi, sem sjóðnum er ætlað að standa undir.

Það hefði sjálfsagt getað komið til mála að haga þessu dálítið öðruvísi. Hefði verið hægt að fá hagkvæmt lán, sem hægt hefði verið að dreifa á lengri tíma, hefði verið hægt að láta sér nægja minni hluta af skattinum til þess að klára þetta. En það mál hefur nú verið athugað mjög gaumgæfilega og niðurstaðan orðið sú, að ómögulegt er að fá slíkt lán. Ég veit, að þarfir félagsheimilasjóðs eru mjög miklar, og það er síður en svo, að mér sé ljúft að skerða framlög til hans, en hér eru góð ráð dýr. Þjóðleikhúsið á fyrsta rétt til þessa fjár, við verðum að horfast í augu við það. Og ég geri ekki ráð fyrir, að þm., þegar þeir hafa áttað sig á þessu, þyki hlýða að láta húsið standa ófullgert enn um langa hríð og ónotað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til menntmn. með 16:2 atkv.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 106. fundi í Nd., 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 612, n. 679, 680, 693).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Tekjur af skemmtanaskattinum hafa um langt skeið runnið í þjóðleikhússjóð til þess að standa straum af byggingu þjóðleikhússins. Árið 1947 var talið, samkv. þeirri áætlun, sem þá lá fyrir um byggingarkostnað þjóðleikhússins, að nægilegt fé hefði þegar safnazt í sjóðinn til þess að kosta byggingu hússins að fullu. Á þeim grundvelli, sem þá lá fyrir, setti Alþ. lög um nýja ráðstöfun á skemmtanaskattinum, þar sem honum

var skipt þannig, að 50% af honum skyldu renna til félagsheimilasjóðs, 40% í rekstrarsjóð þjóðleikhússins og 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. En nú hefur komið í ljós, eins og frá hefur verið skýrt við 1. umr. þessa máls í d., að þær áætlanir, sem fyrir lágu 1947, þegar lögin um skemmtanaskatt voru sett, fá ekki staðizt, svo að það vantar allmikið fé til þess, að auðið sé að ljúka við byggingu þjóðleikhússins. Áætlun liggur nú fyrir um það, að alls muni vanta fullar 4 millj. kr. til þess að ganga frá þjóðleikhúsinu svo sem þörf er á og fyrirhugað hefur verið. En þegar tillit er tekið til þess annars vegar, sem eftir er fyrirliggjandi í þjóðleikhússjóði, og hins vegar, að framlagið, sem átti að renna í rekstrarsjóð þjóðleikhússins 1948, er tekið til þess að standa straum af byggingarkostnaðinum, er gert ráð fyrir, að á skorti um það bil 3 millj. kr., til þess að unnt sé að ljúka smíði hússins.

Menntmn. hefur fengið til athugunar frv., sem ríkisstj. hefur flutt um bráðabirgðabreyt. á l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Vegna þeirra ástæðna, sem ég hef greint frá, eru nm. allir á einu máli um það, að ljúka verði byggingu þjóðleikhússins og gera það sómasamlega úr garði, eins og fyrirhugað hefur verið. N. vill og fallast á það, að breyt. verði gerð á l. frá 1947 í þá átt, sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, þannig að þjóðleikhússjóður fái til ráðstöfunar að nýju nokkurn hluta af skemmtanaskattinum. N. vill þó, að það sé tryggt, að framlagið, sem renna átti í rekstrarsjóð þjóðleikhússins fyrir 1948, gangi fyrst og fremst til þess að standa straum af byggingarkostnaði hússins við þær aðstæður, sem nú liggja fyrir. — Í annan stað vill n. leggja til, að lánsheimild verði gefin til handa byggingarnefndinni, með samþykki ráðh., til þess að ljúka byggingu hússins og það lán síðar endurgreitt af þeim tekjum, sem renna munu í þjóðleikhússjóð, verði þetta frv. samþ. En nm. eru ekki allir ásáttir um, hvernig skipta skuli skemmtanaskattinum. Þó að hún flytji brtt. á þskj. 680 óklofin, hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að bera fram frekari brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og gildir það fyrst og fremst þá skiptingu á skattinum, sem ákveðin er í 1. lið brtt.

Það hefur komið í ljós af viðræðum á fundum n., að þeir, sem standa að byggingu þjóðleikhússins, bæði byggingarnefnd og hæstv. ráðh., sem málið heyrir undir, telja, að erfitt muni verða að sjá fjárreiðum þjóðleikhússins borgið nema 30% skattsins renni í rekstrarsjóð hússins, eins og ráð er fyrir gert í a-lið 1. gr. frv., og raunar erfiðleikar á að fá nægilegt fé til þess að ljúka verkinu, þó að tekið sé tillit til þeirra lánsmöguleika, sem fyrir hendi eru. Menntmn. hefur þó lagt til í brtt. sínum, sérstaklega með tilliti til þess, hve þörfin fyrir byggingu félagsheimila úti um landið er brýn og hve mikið sótzt er eftir að fá þann fjárstuðning, sem l. um félagsheimili gera ráð fyrir, að félagsheimilin haldi þrátt fyrir samþykkt þessa frv. 40% af tekjum skemmtanaskattsins. Enn fremur leggur n. til, að í stað þeirra 35%, sem frv. gerir ráð fyrir, að renni í þjóðleikhússjóð, renni þangað aðeins 25%. Og loks felst í a-lið brtt. n., að í staðinn fyrir 30% komi 25%. Allt miðar þetta, eins og hv. þm. sjá, í þá átt að draga sem minnst úr tekjum félagsheimilasjóðs, ganga eins skammt í því efni og auðið er, eins og málum er nú komið.

Ég sé, að hæstv. menntmrh. hefur flutt brtt. við brtt. n., og er hún alveg í samræmi við það, sem fram hefur komið af hans hálfu á fundi n. Fer hún í þá átt að halda framlagi til rekstrarsjóðs þjóðleikhússins alveg óbreyttu frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er í raun og veru um það að ræða, hvort taka á hærra framlag til þjóðleikhússins árlega og það gildi þá um þeim mun styttri tíma eða, hvort hafa á framlagið til þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum lægra árlega, en gera ráð fyrir, að þessi brbl. gildi um lengri tíma, sem því svarar.

Um leið og ég hef gert grein fyrir brtt. n., vil ég taka fram, að samkvæmt því, sem segir í nál. um rétt nm. til þess að fylgja brtt., sem fram kunni að koma, mun ég fyrir mitt leyti greiða brtt. hæstv. menntmrh. atkvæði.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það var árið 1947, að þessi hv. d. fjallaði um frv. til l. um þjóðleikhús, félagsheimili og skemmtanaskatt. Þá voru hér margar ræður haldnar um málið og á fund menntmn., sem hafði málið til meðferðar, voru kallaðir þeir menn, sem höfðu forustuna um byggingu þjóðleikhússins. Gáfu þeir n. glöggar upplýsingar, og sannfærðust nm. allir um það, að áætlun þeirra væri á rökum reist, og sama máli mun hafa verið að gegna með þm. yfirleitt. Þeir gáfu okkur þær upplýsingar, að byggingu þjóðleikhússins yrði lokið snemma á árinu 1948 og að til þess að ljúka því verki þyrfti ekki meira fé en svo, að nægja mundi að fá skemmtanaskattinn 1947. Svo líður tíminn fram yfir áramót 1948 og þjóðleikhúsið er ekki fullgert og er meira að segja ekki fullgert enn, en okkur er sagt, að einhverjar vonir standi til þess, að það verði fullgert um komandi áramót. Ekki veit ég, á hve traustum rökum þær vonir eru reistar, en víst er um það, að búið er að ráða í þessu skyni nokkurt starfslið og meðal annars þjóðleikhússtjóra. Og þegar hann fer að gera sér grein fyrir fjárreiðum fyrirtækisins, kemur það upp úr kafinu, að æði mikið vantar til þess, að skemmtanaskatturinn 1947 hrökkvi til þess að greiða kostnaðinn, þ. e. þessar 4200000 kr., sem á vantar. Og það kemur í raun og veru meira upp úr kafinu, sem sé það, að þeir menn, sem sérstaklega hefur verið falin forstaða þessa verks, nefnilega þjóðleikhúsnefnd, hefur í þessum efnum ekki vitað sitt rjúkandi ráð, vissi ekki, hvað hefur gerzt eða var að gerast. Og það er fyrst eftir ýtarlega endurskoðun þjóðleikhússtjórnarinnar, að komið er upp úr kafinu, að það allra minnsta, sem þarf til þess að ljúka við bygginguna, eru 4200000 kr. Mér finnst ekki hlýða, að þetta mál fari svo fram hjá d., að henni sé ekki gerð full grein fyrir því, hve herfilega rangar upplýsingar henni

voru gefnar fyrir tveimur árum. Mér liggur við að segja, að hér sé flestum metum hrundið. Sem sé, byggingin átti að vera tilbúin 1948, eftir að hafa verið í smíðum um mjög langan tíma, en nú átti að leggja síðustu hönd á verkið. Þetta varð ekki, eins og við vitum allir, og 17. apríl stendur hæstv. ríkisstj. frammi fyrir þeirri staðreynd, að til byggingarinnar vantar rúmlega 4,2 millj. Henni varð svo fyrst á að taka ca. 800 þús. kr., sem ganga áttu til rekstrarsjóðs 1948, og síðan um 400 þús., sem eftir voru í byggingarsjóði. En nú standa sakir þannig, að það vantar um 3 millj. til þess að hægt sé að fullgera bygginguna. Og hvar á nú að taka þetta fé? Ég verð nú að minna á, að Alþingi tók sér fyrir hendur að ráðstafa skemmtanaskattinum 1947 þannig: 40% til að standa straum af rekstri þjóðleikhússins, 10% til kaupa á kennslukvikmyndum og bókasafna og 50% til félagsheimilanna. Það er alveg víst, að sú ákvörðun Alþingis um svo ríflegan hlut til félagsheimilanna mæltist mjög vel fyrir og jók áhugann á að koma þeim upp, jafnframt sem hún mætti mikilli þörf. Það er því alveg víst, að Alþingi gerði rétt í að verja svo miklum hluta til félagsheimilanna, og ég vil ekki leyna því, að ef Alþ. sér sig knúið til þess að skerða þennan hlut, þá er það raunar brigðmæli, því að Alþ. gaf 1947 loforð um, að þessi upphæð skyldi ganga til félagsheimilanna. Út frá þessu er ég á þeirri skoðun, að mjög hæpið sé að mæta þessari þörf þjóðleikhússins, sem fram er komin vegna rangra upplýsinga, með því að skerða félagsheimilasjóðinn. Mér hefði þótt miklum mun eðlilegra, að hæstv. ríkisstj. fengi heimild til lántöku, svo að hægt væri að fullgera húsið, t. d. 15—20 ára lán og hefði það verið greitt niður með rekstri hússins. Nú hefur hæstv. ráðh. tekið alveg af um það, að hæstv. stj. geti tekið slíkt lán, en mér finnst sú saga ekki sennileg, því að hús, sem kostar um 13 millj., ætti ekki að vera sérlega illa statt, þótt það skuldaði 3 millj. Undir rekstri þess standa þeir, sem húsið sækja, svo að ég hygg, að honum sé ekki stofnað í neinn voða, þótt tekið sé fasteignaveðslán. En eins og ég hef áður sagt, hefur hæstv. ráðh. tekið alveg af um þetta og fullyrt, að ekki væri hægt að fá lán, nema hægt væri að benda á alveg öruggan tekjustofn. Hann hefur og talið enga leið færa til þess að ljúka smíði hússins aðra en þá að skerða hlut félagsheimilasjóðsins af skemmtanaskattinum. Mér fyndist nú eðlilegast, að tekið væri 10 ára lán, svo að ekki þyrfti að skerða hlut félagsheimilasjóðsins nema um 15% af skemmtanaskattinum, þannig að tillagið til félagsheimilasjóðs verði 35%, rekstrarsjóðs þjóðleikhússins 30% og til að ljúka byggingu þjóðleikhússins 25%. Þessu mundi ég fylgja, ef fram kæmi um það brtt. En hitt er rétt, að til samkomulags féllst ég á að skrifa undir nál. með þeim fyrirvara, er þar greinir.

Þá er það varðandi þskj. 612, sem ég vildi fara um nokkrum orðum. Í upphaflega frv. á þskj. 612 er gert ráð fyrir, að 25% af skemmtanaskattinum renni til félagsheimilanna. Þetta hefur n. lagað þannig, að hún gerir ráð fyrir, að þangað renni 40%, og hugsar sér, að það gerist með því, að tekið sé 5—6 ára lán til byggingarsjóðsins og einnig með því, að gengið verði eitthvað á rekstrarsjóð þjóðleikhússins, sem ég tel þó hæpið, en hef gengizt inn á til samkomulags. Afstaða mín er því sú að fylgja brtt., sem fer í þá átt, að tekið verði lán til að fullgera húsið og minna skarð verði höggvið í félagsheimilasjóð. Ég vil undirstrika, að Alþ. hefur verið blekkt með því, að sagt var hér á þingi 1947, að húsið yrði fullgert 1948, og ef það fengi að halda öllum skattinum, mundi það nægja fyrir öllum kostnaði. Og ég vil ítreka, að það er hið mesta alvörumál, að þær skýrslur eða áætlanir, sem Alþingi fær frá opinberum starfsmönnum, eru gersamlega rangar. Þetta er þó ekki sök hæstv. ríkisstj., heldur trúnaðarmanna hennar, og bera þeir þunga sök, sem ekki er rétt að þegja yfir.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af till. hv. menntmn. vildi ég segja nokkur orð. Ég ætla þá fyrst að minnast örlítið á það, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Það má koma hér skýrt fram, að það kom eins og reiðarslag yfir okkur í menntmrn., þegar við fengum að vita, hve mikið fé vantaði til að fullgera húsið. Við höfum haldið uppi um það þrálátum fyrirspurnum og höfðum enga ástæðu til að óttast, að okkur hefði ekki verið allt rétt sagt. Það var svo ekki fyrr en skipaður hafði verið þjóðleikhússtjóri, að hið sanna kom í ljós. Mér þótti þá rétt, að varið skyldi til byggingarinnar rekstrarsjóðnum 1948 og þeirri litlu upphæð, sem eftir var í byggingarsjóði, en þá vantaði samt um 3 millj. kr. Þá var það, sem ég gerði þá till., er í frv. greinir, að þjóðleikhúsið fengi 35% af skemmtanaskattinum, með það fyrir augum, að það yrði fullgert í lok þessa árs, ef ekki stæði á efni til framkvæmda. Ég hef rætt um það við n., að hún ætlaði byggingunni eins mikið af skattinum og frekast væri unnt, en hef nú orðið fyrir miklum vonbrigðum, því að ég hélt, að hv. n. mundi taka meira til greina þá kreppu, sem byggingarmálin almennt eru í, og bjóst við, að n. mundi ætla byggingunni að minnsta kosti 30% af skattinum, en ekki aðeins 25%, eins og nú hefur komið í ljós. Ég verð að segja, að allt er í óvissu um, hvort hægt verður að ljúka byggingunni í ár, ef till. n. verður samþ., því að lánsmöguleikar eru mjög litlir, nema þá helzt bráðabirgðalán til afar stutts tíma. Mér finnst það mjög miður farið, að byggingarsjóður fái ekki nema 25%, því að ég álít, að þjóðleikhúsið eigi fyrsta réttinn á skemmtanaskattinum. Fyrir utan þetta leggur n. til, að félagsheimilasjóðurinn sé aðeins skertur í 40% og rekstrarsjóður þjóðleikhússins fái 25%. Ég vil nú ekki bera ábyrgð á svo mikilli skerðingu á rekstrarsjóðnum og hef því lagt fram brtt. á þskj. 693 um, að hann skuli fá 30%, en félagsheimilasjóður 35%. Ég vildi helzt ekki skerða félagsheimilasjóð nema sem allra minnst, en finnst þó, að þjóðleikhúsið eigi að ganga fyrir. Eftir

minni till. fær félagsheimilasjóður 35% af skattinum, og er það eitthvað yfir 800 þús. á ári, en til samanburðar má geta þess, að í fyrra fékk hann eitthvað um eina millj. kr. Það er og ekki líklegt, að hægt verði að fara öllu hraðar í byggingu félagsheimila en þessar 800 þús. segja til um, enda hefur stjórn sjóðsins lýst sig samþykka frv. eins og það liggur fyrir, og vafalaust mundi hún ekki síður hafa á móti því, að framlagið verði hækkað upp í 35%, eins og gert er í minni till.

Ég vil svo alvarlega skora á hv. þm. að samþ. miðlunartill. mína og vil benda á, að það getur haft alvarlegan drátt á byggingu þjóðleikhússins í för með sér, ef till. n. verður samþ. óbreytt. Mér finnst það nú raunar vera að bæta gráu ofan á svart að skerða rekstrarsjóðinn líka, eins og hv. n. leggur til, en skal ekki hafa um það fleiri orð. Að síðustu vil ég svo ítreka áskorun mína til hv. þm., um leið og ég bendi þeim á, hve alvarlegar afleiðingar það getur haft að skerða framlagið til þjóðleikhússins jafnmikið og hv. n. hefur lagt til.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á, að farið væri allharkalega að félagsheimilasjóði, sem stofnaður var fyrir rétt tveimur árum síðan, í þessu í frv. Ég taldi, að frv. gengi óþarflega langt í því að rýra tekjur sjóðsins og tekjumöguleika hans. Hins vegar hefur verið lýst yfir þeirri nauðsyn að tryggja aukið fjármagn til þess að koma í veg fyrir, að bygging þjóðleikhússins tefðist meira fyrir sakir fjárskorts. Þó að menntmn. hafi ekki að öllu leyti orðið við óskum mínum til breyt. á frv., þá hygg ég, að hún hafi þó lagfært það svo mjög, að ég geti talið mér fært að verða við samþykkt þess. Höfuðtilgangur menntmn. með þessum till. sínum er að leitast við að tryggja þetta tvennt: Annars vegar að tryggja það, að unnt reynist að ljúka nú byggingu þjóðleikhússins og hins vegar að tryggja, að tekjur félagsheimilasjóðs séu ekki rýrðar um of. Það hefur orðið að samkomulagi innan n. að leggja til, að önnur hlutföll yrðu nú tekin upp um skiptingu skattsins en nú er, þannig, að til þjóðleikhússins renni 50% af honum, 25% til byggingarsjóðsins og 25% til rekstrarsjóðsins, en áður var það þannig, að hlutur þjóðleikhússins var 40% samtals, en þá var ekki gert ráð fyrir, að neitt af því færi í byggingarsjóðinn, af því að 1947 var álitið, að byggingarsjóðurinn hefði nægilegt fjármagn til þess að hægt væri að fullgera byggingu hússins. Ég hefði hins vegar álitið það réttara að láta byggingarsjóðinn hafa 30% af skattinum, en rekstrarsjóðinn 20%, af því að ekki er neitt um það vitað enn, hvernig rekstrinum verður hagað né heldur hvenær hann hefst, en það mun alltaf vera einhver tími þangað til rekstur hússins getur hafizt. Þess vegna álít ég það ekki vera svo hættulegt að leggja til, að rekstrarsjóðnum verði ætluð 20% af skattinum, en byggingarsjóðurinn í þess stað látinn fá því meira, eða 30%.

Hæstv. menntmrh. hefur flutt brtt., þar sem hann leggur til, að 35% renni í rekstrarsjóðinn í staðinn fyrir 25%. Ég ætla ekki að fara að rökræða þessa till. hæstv. ráðh., enda er hann hér ekki til staðar. En mín rök eru þau, að það liggur ekki neitt fyrir um rekstur þjóðleikhússins, og þess vegna er reksturinn ekkert aðalatriði enn sem komið er, heldur er aðalatriðið hitt, að tryggja það, að byggingu hússins verði lokið sem allra fyrst.

Samkv. till. n. er ætlazt til, að félagsheimilasjóður fái nú 40% af skemmtanaskattinum, en það þýðir með öðrum orðum, að hlutfall hans sé lækkað um 10% frá því, sem nú er. Ég tel því, að þetta sé hrein neyðarráðstöfun, en vil samt ekki loka augunum fyrir þeirri brýnu þörf, að byggingu þjóðleikhússins, sem á sér nú um 20 ára byggingarsögu að baki, sé nú hraðað og lokið sem fyrst. Þess vegna vil ég ekki leggja stein í götu þess að tryggja tekjustofn, til þess að hægt sé að ljúka verkinu sem fyrst. Hæstv. ráðh. telur, að hér sé um of lágt hlutfall að ræða til þess að skapa nokkrar líkur fyrir því, að hægt sé að ljúka byggingunni fyrir. En ég verð nú að segja það, að þó að lánamarkaðurinn sé að ýmsu leyti þröngur núna, þá trúi ég því þó varla, að þegar þessa stofnun vantar 3 millj. kr. til þess að ljúka við bygginguna, þá sé ríkisstj. í vandræðum með að fá fé að láni til þeirrar lúkningar, þegar það lán er eins vel tryggt og hér er. Samkvæmt till. n. eru byggingarsjóði þjóðleikhússins tryggðar 600 þús. kr. tekjur á ári, það er að segja, það er hægt að greiða þetta lán, sem nauðsynlegt er, á 5 árum. Það virðist því ekki vera nein frágangssök fyrir lánastofnanir að lána þetta fé, jafngóða tryggingu og þær hafa. Ég hygg því, að með þessum till. sínum hafi menntmn. sýnt virðingarverðan skilning á nauðsyn þess að afla tekna handa byggingarsjóði þjóðleikhússins án þess að tekjur félagsheimilasjóðs væru um leið rýrðar um of. — Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar um félagsheimilasjóð að þessu sinni, en vil aðeins taka það fram út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði um afstöðu stjórnar sjóðsins til þessa frv., — hæstv. ráðh. sagði, að stjórn félagsheimilasjóðs hefði frekar mælt með þessu frv., — að mér er ekki kunnugt um þessa afstöðu stjórnarinnar. Ég hef talað við suma af þessum mönnum, og þeir hafa tjáð mér, að þeir séu tregir til þessara breytinga. Hins vegar er það þannig, að bréf frá stjórn félagsheimilasjóðs til menntmrn. er vægast sagt mjög auðmjúkt, því að þar liggur við, að það sé fúslega játað af hennar hálfu að skipta sjóðnum bara upp. Hins vegar er þar á greinargóðan hátt rætt um þörfina á því að efla sem mest félagsheimilin úti á landi. Það er sagt, að 94 umsóknir liggi nú fyrir um styrk úr sjóðnum, og einnig er þar skýrt frá því, að 39 félagsheimili séu nú í byggingu víðs vegar á landinu.

En aðalatriðið er það, að n. hefur afgr. þetta mál þannig, að nokkrum hluta tilgangsins er náð, sem sé að tryggja leið til þess að hægt sé að ljúka byggingu þjóðleikhússins sem fyrst, án þess þó að ganga um of á rétt fólksins úti

á landsbyggðinni, og þó að mér sé mjög annt um félagsheimilin, vil ég þar fyrir ekki kasta steini í götu stuðnings við þjóðleikhúsbygginguna. Mér eru það mikil vonbrigði, hversu mjög byggingarkostnaðurinn hefur farið fram úr áætlun og hvernig sú áætlun hefur verið gerð, og því miður óttast ég það einnig, að sú áætlun, sem nú hefur verið lögð fram, sé óábyggileg, og þess vegna taldi ég varhugavert að breyta hlutfallinu við skiptingu skattsins og láta félagsheimilasjóð sitja við skertan hlut. Samt vil ég vænta þess, að þetta fari betur en á horfist og að byggingu verði að fullu lokið fyrir þetta fé og einnig, að unnt verði að láta það fé, sem nú er ætlað til rekstrarsjóðs, hrökkva fyrir rekstrinum, en það er annars mikið á huldu, hvernig þeim rekstri verður hagað, enda höfum við litla reynslu í þeim efnum. En þess er að vænta, að þessi tekjustofn, 600 þús. kr., nægi.

Að endingu vil ég svo vænta þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Og þó að margir hv. þm. séu ekki ánægðir með, að hér skuli vera höggið skarð í sjóð félagsheimila úti á landi, þá höfum við þó ekki átt gott með að komast hjá því, nema að tefja þá fyrir lúkningu byggingar þjóðleikhússins.

Pétur Ottesen: Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að mig undraði það stórlega, að nú skuli vera fitjað upp á breyt. við l. um skemmtanaskatt frá því, sem breytt var fyrir ekki lengri tíma en tveimur árum síðan, eða á þinginu 1947, og því meira undrar mig það ístöðuleysi, sem fram hefur komið hjá n. þeirri, sem málið hafði til meðferðar. Í stað þess, sem ég taldi sjálfsagt, að n. mundi gera, að standa á móti þessum breyt., þá hefur hún gengið inn á allmiklar breyt., þó að hún gangi ekki eins langt og felst í frv. sjálfu, sem flutt var af ríkisstj. og menntmrh. hefur hér aðallega haft orð fyrir. Það er ekki einasta, að n. hafi gert þetta, heldur hefur einn nm., frsm. n., lýst því yfir, að hann vilji ganga enn lengra, þar sem hann hefur lýst fylgi sínu við till. menntmrh., sem gengur lengra en till. n. fela í sér.

Því hefur verið haldið fram af menntmrh. og 6. þm. Reykv. (SigfS), að orsökin fyrir því, að þetta frv. er hér fram komið, sé sú, að byggingarkostnaður við þjóðleikhúsið hafi sýnt sig að vera miklu hærri en ráð var fyrir gert 1947, þegar l. var breytt. Það má vel vera, að þessar upplýsingar séu réttar, en það verður að athuga það, að það var álitið, að þjóðleikhúsið mætti sjá af þessu fé, og ég ætla, að það hafi verið sú ástæða, sem þá réð, að réttara væri að láta menn úti um hinar dreifðu byggðir landsins njóta þess til þess að geta skapað sér skilyrði til að koma upp félagsheimilum og skemmtanalífi, sem þeir áttu erfitt með, meðan allur skatturinn rann til Rvíkur. Þetta var grundvöllurinn að þeim breyt., sem gerðar voru á l. 1947. Þess vegna er ekki hægt að fóðra þetta frv. með því, að byggingarkostnaðurinn hafi breytzt svo mikið frá því 1947. Hér var aðeins um réttlátt og sanngjarnt mál að ræða, sem engin breyt. hefur orðið á síðan 1947. Réttur félagsheimilasjóðs eða þeirra, sem halda uppi skemmtanalífinu úti um landið, er alveg jafnríkur og hann var fyrir tveimur árum. Þess vegna er hér um undanlátssemi að ræða, sem ekki er byggð á réttlæti, heldur frávik frá réttu og sanngjörnu máli. Út frá þessu sjónarmiði ber að marka afstöðuna til þessa frv., og hef ég þegar gert það fyrir mitt leyti, þar sem ég hef lýst mig því andvígan. Það eru hvorki meira né minna en 97 umsóknir, sem liggja fyrir nú um fé til að koma upp félagsheimilum úti um byggðir landsins, og 39 slíkar byggingar eru nú í smíðum. Hvaða sanngirni er í því, þegar þetta mál stendur þannig, að fara nú að skerða hlut þeirra manna, sem eru að berjast fyrir þessu við lítil efni og erfiðar kringumstæður, með því að taka af þeim þetta fé, sem þeim hefur verið veitt til stuðnings, og leggja það í þjóðleikhús hér í Rvík? Hvernig er þessum félagsheimilum yfirleitt komið upp úti um landið? Þeim er að mjög miklu leyti komið upp með þegnskaparvinnu. Heilar sveitir og héruð bindast samtökum og leggja fram svo og svo mikla vinnu til þess að koma þeim upp, og þessi vinna er í mörgum tilfellum verulegur hluti af kostnaði við byggingunа. Þarna er mikill áhugi, ekki einasta í orði, heldur sem fram kemur á borði. Ég ætla, að það sé liðið á annan tug ára síðan hafin var bygging þjóðleikhússins, sem á vitanlega að verða til þess að leysa þörf skemmtanalífsins hér í Rvík, eins og félagsheimilin úti um landið eiga að leysa skemmtanalífsþörfina þar. Ef þetta mál hefði nú verið tekið slíkum tökum hér í Rvík og gert hefur verið í sambandi við félagsheimilin úti um landið, þá væri fyrir löngu síðan búið að ljúka þessari byggingu, því að sannleikurinn er sá, að þeir, sem eiga að nota þjóðleikhúsið, hafa hvorki hreyft hönd né fót til að koma því áfram, en bara heimtað fé af öðrum. Ég furða mig á því, að þeir menn, sem eru í n., menn, sem ættu að hafa vit á, hver þörf er fyrir þetta fé úti um landið og þekkja þá erfiðleika, sem þar eru fyrir hendi á að hrinda slíkum verkum í framkvæmd, skuli taka þá afstöðu til þessa máls, sem raun ber vitni um samkv. nál. og till. menntmn. í málinu. Það leiðir af sjálfu sér, að þetta skemmir að verulegu leyti, hvað sem verður ofan á, aðstöðu manna úti um landið til þess að halda áfram miklum hluta þeirra bygginga, sem byrjað er á, og líka aðstöðuna til að leggja í nýjar framkvæmdir, alveg eins og þetta fé, sem taka á frá félagsheimilasjóði, vitanlega stuðlar að því, að hægt verði að beita meiri orku við að koma upp þjóðleikhúsinu hér. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þeir almennu erfiðleikar, sem nú eru með slíkar byggingar, séu ekki til þess að setja þá fyrir sig, hvað það snertir að ljúka þjóðleikhúsinu, frekar en þá erfiðleika, sem verða þess valdandi, að ekki er hægt að ljúka sams konar byggingum með jafnmiklum hraða úti um landið og standa í vegi fyrir því, að hægt sé að byrja á nýjum byggingum þar. Ég fyrir mitt leyti mun því greiða atkv. á móti

þessu frv. og tel stefnt í alveg öfuga átt með því, auk þess, sem það verður að telja það hrein brigðmæli, sem ekki er að mínum dómi nokkur grundvöllur fyrir að svipta þessa aðila þeim stuðningi, sem þeim er ákveðinn í l. frá 1947, sem gert er í verulegum mæli, hvað sem ofan á verður, þó að í mismunandi stórum stíl sé.

Það var minnzt á það hér af hæstv. félmrh. og hv. þm. V-Ísf. (SB), að stjórn félagsheimilasjóðs hefði mælt með því, að réttur umbjóðenda þeirra yrði svo sterkur sem í frv. felst. Ég ætla, að þau ummæli hafi verið miðuð við frv., en ekki brtt. n. Ég vil nú spyrja um það: Í hvaða umboði gefur stj. þessa yfirlýsingu? Hefur hún, áður en hún gaf yfirlýsinguna, leitað umsagnar viðkomandi aðila úti á landsbyggðinni? Hafa þeir leyft þeim að gefa slíka yfirlýsingu? Ég er sannfærður um, að svo er ekki. Ég hygg, að þeir hafi gefið hana út á eigin hönd og í ákveðinni andstöðu við það, sem er vilji og krafa fólksins úti á landinu, að þess réttur sé í engu skertur. Þegar þetta mál var til umræðu hér á Alþ. á árinu 1947, kom fram till., sem ég m. a. stóð að, um að réttur dreifbýlisins til fjárstyrks, til félagsheimilanna, yrði nokkru ríflegri en í l. felst. Þó að sú till. næði ekki fram að ganga, hafði hún allmikið fylgi hér, og það sýnir bezt, hvernig litið var á þetta mál þá og hve fjarri það var þeim mönnum, sem þá áttu sæti á þingi, sem voru þeir sömu menn og nú sitja á þingi, að gefa nokkra tilslökun frá því, sem ofan á varð í l. Í þessari félagsheimilastjórn eiga sæti 5 menn, 4 þeirra munu búsettir hér í Rvík og 1 í Hafnarfirði. Í stjórn félagsheimilasjóðs er enginn fulltrúi, sem á heima utan þessara samvöxnu kaupstaða, enda hefði það sýnt sig greinilega, að ef einhver í stjórn þessa félags hefði átt heima utan þessa svæðis, þá hefði ekki komið sams konar yfirlýsing þeirri, sem talið er, að felist í bréfi þessarar stjórnar. Ég vil þess vegna vona, að þrátt fyrir þessa afstöðu n. verði það ekki ofan á, að gengið verði svo geipilega á rétt þeirra, sem eru að berjast við að halda uppi skemmtanalífinu utan Rvíkur, eins og lagt er til í þessu frv., heldur megi þeir halda þeim hluta, sem þeim er ætlaður og ákveðinn í gildandi l. um þetta efni. Ég fyrir mitt leyti get ekki álitið, að það sé neitt skaðlegra fyrir þjóðlíf Íslendinga og háttu manna hér, þó að einhver bið kunni að verða á því, að lokið sé við þjóðleikhúsið í Rvík, heldur en dráttur, sem leiðir af erfiðum kringumstæðum á því að koma upp félagsheimilum úti á landi. Ég held, að straumurinn til Rvíkur sé alveg nógu ör og hraður, þó að ekki sé verið að gera ráðstafanir á Alþ. til þess að bæta þar á, en það er verið að gera ráðstafanir í þá átt, ef á að klekkja á félagsheimilastarfseminni eða draga verulega úr henni úti um landið til þess að geta flýtt fyrir því, að hér sé lokið við þjóðleikhúsið í Rvík. Þar er verulega stefnt í öfuga átt, ekki einasta fyrir heill og velferð dreifbýlisins eða landsmanna utan Rvíkur, heldur er það engan veginn hollt eða affarasælt fyrir Rvík, að ýtt sé undir þann straum, því að vel getur svo farið, þó að missir þessa fólks sé tilfinnanlegastur fyrir þá, sem eftir eru í sveitunum, að slíkur straumur geti líka orðið þungbær fyrir þá menn, sem hér búa, og hann er engan veginn farsæll fyrir landið í heild eða íslenzku þjóðina.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð um þetta mál, sem hefur verið mikið rætt.

1947, þegar l. um skemmtanaskatt voru sett, var farið að skipta upp skemmtanaskattinum áður en vitað var, hvort hægt yrði að byggja upp það, sem hann fyrst var ætlaður til. Skemmtanaskatturinn var upphaflega lagður á til þess að byggja þjóðleikhús, og var, eins og alltaf þegar um slíkt er að ræða, mikið af honum greitt af borgurum hér í Rvík. Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að ef Reykvíkingar hefðu lagt eins mikið á sig til að koma upp þjóðleikhúsinu og fólkið úti um landið gerði við félagsheimilin, væri betur farið. Ég er ekki viss um, að sveitamennirnir hafi gert meira í þessum efnum. Og það, sem kom í ljós, einmitt þegar frv. um þetta efni kom fram hér á Alþ., var það, að menn töldu, að þjóðleikhúsið mundi komast upp á tilætluðum tíma, en að sjálfsagt væri að ráðstafa skattinum eftir að því væri lokið. Það var meginefnið í öllum ræðum, sem þá voru fluttar um þetta mál. Fyrir mitt leyti — en ég er Reykvíkingur og í verkalýðsfélagi hér — fannst mér síður en svo, að viðsýni væri sýnd, þegar málið var rætt, af þeim, sem áttu að taka við þessu. Þá kom fram till. um það, að ef verkalýðsfélög í kaupstöðum gætu átt samleið með félagsheimilunum, þá fengju þau hærri styrki, þar sem skatturinn kemur eingöngu niður á félögum í kaupstöðum. Það var útilokað. Ég er algerlega á móti því, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, að taka eigi félagsheimilin fram yfir það að ljúka byggingu þjóðleikhússins, og mun fylgja till. hæstv. menntmrh. Þjóðleikhúsið er búið að vera í smíðum frá 1927, en frá 1932 til 1941 fór ekkert af skattinum í þjóðleikhúsið, og þá datt engum manni félagsheimilin í hug. Einu tekjulindirnar, sem félagsskapur hér í Rvík, t. d. verkalýðsfélögin og góðtemplararreglan, höfðu hér, var skemmtanaskatturinn, og allar skemmtanir, sem voru haldnar í hinum almennu samkomuhúsum, voru þá á vegum þessa félagsskapar. Þegar skemmtanaskatturinn er settur á, breytist þetta. Þá hætta félögin að halda þessar skemmtanir og gróðinn fer til þjóðleikhússins. Skemmtanaskatturinn hefur frá fyrstu tíð gert það að verkum, að flestöll félög hér hafa ekki komið upp yfir sig húsi.

Svo er önnur hlið á þessu máli. Leiklistin hefur verið óskabarn þessa bæjar, og þegar að því kemur að byggja yfir þetta óskabarn Rvíkur og landsins, kemur í ljós, að búið er að ráðstafa því fé til annarra hluta, sem átti að byggja fyrir, áður en húsið er komið upp. Í öðru lagi eru starfsmöguleikar leikaranna, sem eru búnir að þjálfa sig og mennta árum sam-

an við erfiðan kost, stórkostlega rýrðir. Margir leikarar hafa lagt á sig langt nám og eru með tímanum orðnir úrvalslistamenn, en ef bygging þjóðleikhússins dregst, kemur þetta fólk sumt e. t. v. aldrei til að leika í því. Í öðrum greinum búa menn sig undir próf og hljóta stöður, en hér verður um margra ára úrval að ræða.

Viðvíkjandi þeim skilningi, sem leikhús og leikhúsmál hafa átt að mæta hér á Alþ., má benda á, að Leikfélag Reykjavíkur hefur haft 30 þús. kr. styrk frá ríkinu í 4 til 5 ár og auk þess 30 þús. kr. styrk frá Reykjavíkurbæ. En hvað skeður svo? Síðastliðið ár borgaði Leikfélag Reykjavíkur 54 þús. kr. í skemmtanaskatt. M. ö. o., það, sem Reykjavíkurbær lagði Leikfélaginu til, tók ríkið líka. Svo er verið að tala um það hér, hvað Alþ. búi vel að þessu óskabarni. Ég get ekki verið hrifinn af því, hvernig er að þessum málum búið. Mér finnst það vera það minnsta, sem þeir geta gert, sem fluttu frv. um félagsheimilasjóð, — en ég tel hann ekki eftir, þó að verkalýðsfélögin fengju ekki að vera með, — að þeir gangi inn á, að þjóðleikhúsið verði fullgert eftir allt. — Ég mun greiða atkv. með till. hæstv. menntmrh.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er stór bót að þeim brtt., sem komu frá n. og liggja hér fyrir á þskj. 680. Ég vil þakka hv. n. fyrir það að koma með þessar brtt., að leggja til að félagsheimilasjóður fái 40% af skemmtanaskattinum, en ég er ekki fyllilega ánægður með það. Ég tel, að ekki megi skerða félagsheimilasjóð svona mikið, og þess vegna hef ég hugsað mér að flytja brtt. við frv., sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. tölulið. a. Í stað „40%“ í b-lið komi: 45%. b. Í stað „25%“ í c-lið komi: 20%.“

Ég tel, að það hafi verið óforsvaranlegt að skerða félagsheimilasjóð. Mér finnst mjög hryggilegt, að það skuli hafa verið lagt til hér, eftir að sú félagsstarfsemi er komin í gang og hefur byggt vonir sínar á honum. Og þó að ég vilji á engan hátt draga úr þýðingu þess að koma þjóðleikhúsinu upp til þess að forðast skemmdir á því, sem þar er hálfgert, þá er engin leið með þeim rökum einum að mæla á móti þeirri mjög merku félagsstarfsemi, sem á sér stað úti um landið og byggir að verulegu leyti á þeim styrkvonum og lánsmöguleikum, sem félagsheimilasjóður veitir. Því er ekki að neita, að það hefur verið haldið skrýtilega á þessu máli. 1947, þegar ákveðið er að stofna félagsheimilasjóð, er upplýst, að ef þjóðleikhúsið fái skemmtanaskattinn 1947, muni verða hægt að ljúka við bygginguna. Og ekki nóg með það. Þá átti líka að vera hægt að ljúka við lóðina í kringum húsið, en til þess hlýtur allmikil fjárhæð að fara. Svo líður og bíður, og nú í vor, þegar verið er að athuga þetta, kemur í ljós, að það vantar 4,2 millj. kr. til þess að fullgera þetta verk. Af því eru 300 þús. í byggingarsjóði hjá þjóðleikhúsinu, og rekstrarframlagið 1948 er 800 þús., sem nú er leitað heimildar til að nota í byggingarkostnað, en átti að fara í rekstrarsjóð. Til viðbótar eru svo þær 3 millj. kr., sem talið er að þurfi enn þá til að fullgera verkið. Nú veit ég ekki, hversu glögg áætlun þetta er, sem þarna er um að ræða. En fyrst hæstv. ráðh. gat látið frá sér fara svona tölur 1947, sem hafa reynzt svona rangar, hvaða sönnun höfum við fyrir því nú, að þetta séu réttar tölur? Ég hef tekið fram hér áður, að þegar ég greiddi atkv. 1947 með því, að félagsheimilasjóður fengi 50%, þá gerði ég það ekki vegna þess, að ég teldi, að þjóðleikhúsinu væri lokið. Ég hef alltaf talið eðlilegt, að hluti af þessum skatti færi til félagsheimilasjóðs, og ég tel það alveg eins óeðlilegt og ranglátt að taka þetta nú aftur frá félagsheimilasjóði og setja það í þjóðleikhúsið. Eins og nú er komið, þá hefur ríkisstj. margfalt meiri möguleika til að afla láns til að ljúka við leikhúsið en þau mjög svo fátæku samtök hingað og þangað um land, sem hafa ráðizt í að byggja sér félagsheimili í trausti þess, að þau ættu kost á að fá lán úr þessum sjóði. Og þeir, sem leggja mikla áherzlu á, að mikil verðmæti glatist, ef ekki er lokið við þjóðleikhúsið, ættu að hafa það hugfast, að það eru líka mikil verðmæti, sem glatast, ef taka á þetta fé úr félagsheimilasjóði, vegna þess að þeir aðilar hafa enga möguleika til að fá fé, en stj. getur fengið lán til að greiða þennan kostnað til að ljúka húsinu, þegar hún hefur eins öruggan tekjustofn til að standa undir því láni og hún hefur, einkum ef þetta frv. verður að l. í einhverri mynd.

Ég vil þess vegna leggja fram þessa till. til að tryggja það enn betur, að félagsheimilasjóður fái tryggingu fyrir því, að hann geti að mestu leyti haldið áfram óskertri starfsemi sinni.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til fyrir mig að gera miklar aths. út af ræðum þeirra hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) og hv. þm. N-Ísf. (SB). Við höfum rætzt við um þetta mál í menntmn., og þótt n. standi saman í meginatriðum málsins, þá hefur að sjálfsögðu borið á góma ýmsar leiðir og sjónarmið, og er ekki nema eðlilegt, að þeir geri grein fyrir skoðunum sínum í d. um þetta mál.

Ég vil aðeins til skýringar út af því, sem kom fram hjá hv. þm. N-Ísf., að ekkert lægi fyrir um, hversu rekstur þjóðleikhússins yrði kostnaðarsamur og að enn væri langur tími til stefnu, taka fram, að samkv. brtt., sem menntmrh. flutti, er gert ráð fyrir því, að verði afgangur af rekstri þjóðleikhússins, renni hann í byggingarsjóð, unz byggingarkostnaður er að fullu greiddur. Er sá varnagli sleginn, til þess að ekki safnist upp innstæða hjá rekstrarsjóði, sem viðhaldið sé kannske ár frá ári, en á sama tíma sé tekið af framlagi félagsheimilasjóðs vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins. — Ég vil enn fremur benda á til skýringar, að það kom fram hjá n. af hálfu þjóðleikhússtjóra, að til þess að þjóðleikhúsið gæti orðið tilbúið til að hefja starfsemi, þyrfti að

kaupa margháttaða muni, húsgögn o. fl., en þeir væru ekki taldir með í stofnkostnaði hússins, og yrði því kaupverð þeirra að færast sem rekstrarkostnaður, sem kæmi fram sem kostnaður á fyrsta ári og raunar ári fyrr en rekstur hússins hefðst.

Ég er að ýmsu leyti sammála hv. þm. Borgf. Ég get alveg tekið undir það, sem hann sagði, að það er í sjálfu sér hörmulegt, hvað illa hefur til tekizt að stjórna byggingu þjóðleikhússins og forræði þjóðleikhússjóðs. Ég harma það vissulega, að nú á þessu þingi þurfi að koma fram frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, og ég hygg, að um þetta sé ekki ágreiningur milli hv. þdm. En þrátt fyrir þetta þýðir ekki að ætla sér að neita staðreyndum. Við höfum fengið það glöggglega skýrt, að staðreyndirnar eru þær, að það þarf enn a. m. k. 3 millj. kr. til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, svo að það komist í það horf, sem fyrirhugað er og nauðsyn ber til. Og þá stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu: Hvað á að gera? Hvaða leiðir eru fyrir hendi til þess að ná því marki, sem nú er stefnt að og þarf að ná um byggingu þjóðleikhússins? Það má segja, að það væri eðlilegast og hendi næst að hætta við að fullgera þjóðleikhúsið. Ég hygg, að það mundi þó öllum þykja neyðarúrræði. Hér er um stofnun að ræða, sem gert er ráð fyrir, að kosti 13 millj. kr. Þar af hefur þegar verið dregið saman fé í bygginguna, sem nemur 10 millj. kr., og langmestur hluti þess er nú fastur í byggingunni. Ég held, að það sé því fullkomið neyðarúrræði, eins og nú er komið málum, að hverfa frá að fullgera húsið. Enn fremur hefur n. verið skýrt frá því, að efni sé nú pantað og að miklu leyti fengið til landsins í það, sem á vantar til að ljúka húsinu, en um það, sem á vantar, er búið að gera eða verið að gera samninga við erlend ríki, samninga, sem yrði þá að rifta, ef ekki væri séð fyrir tekjum til þess að ljúka við byggingu hússins. Ég hygg, þegar þetta er athugað hleypidómalaust, að öllum muni þykja það fullkomið neyðarúrræði að ætla sér að hverfa frá að fullgera þjóðleikhúsið.

Þá má segja, að það væri ekki óeðlileg leið, úr því sem komið er, þegar búið er að setja l. um skiptingu skemmtanaskattsins, að leggja fram fé í fjárl. beinlínis, sem þessari fjárhæð nemur, og greiða það, sem vantar til byggingar hússins á þann hátt. Sú leið gæti vissulega komið til álita. En það er svo, eins og hv. þm. vita, að nú þegar er meira en nóg hlaðið á fjárl., og mun því ekki þykja aðgengilegt að bæta þeirri fúlgu þar við, eins og málum horfir nú.

Þá er í þriðja lagi sú leið, sem komið gæti til álita, að taka lán, sem þessu nemur, til þess að fullgera húsið og breyta í engu til um þau l., sem nú eru í gildi um skiptingu skemmtanaskattsins. Lánsmöguleikar munu því miður vera mjög takmarkaðir, sérstaklega til langs tíma. En þó að lán fengist, sem þessari fjárhæð nemur, verður að sjálfsögðu að sjá fyrir að endurgreiða það á einhvern hátt. Nú er það alls kostar ótryggt, eins og málum er nú háttað, hvort rekstur þjóðleikhússins, þegar til kemur, skilar þeim arði, að hann gæti staðið undir afborgunum af slíku láni.

Þegar þetta er allt athugað, er ekki óeðlilegt, að það verði ofarlega í hugum manna, eins og till. liggur fyrir um hér, að hverfa að því ráði, þó að neyðarúrræði sé að vissu leyti, að taka nokkurn hluta af skemmtanaskattinum enn á ný til þess að fullgera þjóðleikhúsið. Og á þeirri hugsun er þetta mál byggt, sem við erum nú að ræða og hér liggur fyrir.

Ég viðurkenni fyllilega og tek undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., að það hafi verið réttlætismál, sem um var að ræða, þegar l. 1947 voru sett um skiptingu skemmtanaskattsins og stofnun félagsheimila. Hv. þm. Siglf. (ÁkJ) drap á það, að slíka skiptingu hefði í raun og veru átt að gera miklu fyrr. Þetta má vel til sanns vegar færa. En samt vil ég minna á það, að ég held, að það hafi ekki komið fram fyrr en 1946 frv. hér á þingi um að taka skemmtanaskattinn af þjóðleikhússjóði og gera skiptingu, sambærilega skiptingu eða sömu skiptingu og gerð var hér á þingi árið 1947. Höfðum við þó báðir, ég og hv. þm. Siglf., setið á þingi frá 1942 án þess að láta okkur hugkvæmast þetta. Sýnir það nokkuð hug þm. um það, að eðlilegast væri, að þjóðleikhúsbyggingin gengi fyrir um þær tekjur, sem dregnar voru saman með skemmtanaskattinum. Og ég hygg nú, að ef ekki hefðu legið fyrir þær áætlanir og upplýsingar frá byggingarnefnd, sem fyrir lágu 1947 og því miður hafa nú ekki staðizt, heldur reynzt falskar, — ef þær hefðu ekki legið fyrir, heldur verið búizt við, að það vantaði enn nokkra fjárhæð til þess að fá nægilegt fé í þjóðleikhússjóð, þá hygg ég satt að segja, að Alþingi hefði frestað þeirri löggjöf, sem sett var 1947, um eitt ár eða þangað til séð væri fyrir því, að þjóðleikhúsið gæti komizt upp. Ég hygg enn fremur, að sú álitsgerð og ummæli, sem stjórn félagsheimilasjóðs hefur látið falla í bréfi, sem n. var sent, séu einmitt byggð á þessu viðhorfi stjórnar félagsheimilasjóðs. Nú er því ekki að neita, að með þeim till., sem hér liggja fyrir, er skert allmikið framlagið til félagsheimilasjóðs. En þó að þær till. yrðu samþ., mun félagsheimilasjóður samt fá 700—900 þús. kr. árlega, ef skattstofninn rýrnar ekki frá því, sem verið hefur á árinu 1948. Og þó að þetta sé að sjálfsögðu of lítið fé til að inna af hendi þetta nauðsynlega verkefni, sem sjóðurinn á að gera og mjög er aðkallandi, verðum við samt að gera okkur von um, að með þessu sé hægt að komast það langt áleiðis, að ekki þurfi til mjög mikils baga að verða fyrir byggingu félagsheimilanna, og enn er í því sambandi á það að líta jafnframt öðru, að fjárfestingarleyfi takmarka nokkuð, hvað hægt er að ráðast í margar og stórar byggingar af því tagi, eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins um þessar mundir.

Þegar málefni standa svo, eins og greinilega hefur verið skýrt af mér og öðrum, sem talað

hafa í þessu máli, þá held ég, að ekki sé rétt af hv. þm. Borgf. eða öðrum að tala um ístöðuleysi menntmn., þó að hún brygðist svo við þessu máli sem hún hefur gert með því að flytja þær miðlunartill., sem fram hafa komið frá hálfu n., því að eins og málið stendur, var ekki góðra kosta völ.

Að lokum vil ég á það benda, að hér er stefnt að því marki að draga saman 3 millj. kr., sem renni til þjóðleikhússins, og þá er það vissulega álitamál, hvort hagkvæmara er fyrir félagsheimilasjóð og þá starfsemi, sem hann stendur undir, að taka mikinn hluta af skemmtanaskattinum í stuttan tíma eða minni hluta í lengri tíma. Ég segi, að þetta er nokkurt álitamál, sem hv. þm. verða að vega og meta hver fyrir sig, en niðurstaða n. varð sú að öllu athuguðu að fara þessa leið til að draga saman þær 3 millj., sem talið er, að vanti til að fullgera þjóðleikhúsið. Auðvitað er það svo, eins og fram hefur komið af hálfu annarra, að jafnvel þessi áætlun getur brugðizt, við getum ekki tekið ábyrgð á, að hún standist, en þetta er það gleggsta, sem við höfum nú til að byggja á, eins og málið liggur fyrir í dag.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en mun láta máli mínu lokið og ekki ræða þetta mál frekar, nema sérstakt tilefni gefist til.

Forseti (BG): Borizt hefur skrifleg brtt. frá hv. þm. Siglf. (ÁkJ), sem hann lýsti áðan í ræðu sinni. Þarf hér afbrigði, þar sem till. er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 713) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 693 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JörB, ÓTh, PÞ, SG, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ.

nei: JóhH, JPálm, JS, KTh, LJós, PO, SigfS, SB, SEH, SK, StSt, StgrSt, ÁkJ, EOl, GTh, AG, HermG, IngJ.

BG greiddi ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 713 felld með 22:6 atkv.

— 680,1 samþ. með 21:9 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, AG, HelgJ, HermG, JóhH, JG, JörB, ÓTh, PÞ, SigfS, SB, BG.

nei: IngJ, JPálm, KTh, PO.

ÁkJ, JS, LJós greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 680,2 (2 nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 722).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 105. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 722, n. 768).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. N. ræddi þetta mál á fundi sínum á laugardagsmorgun og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en þó áskilja nm. sér rétt til að bera fram brtt. og fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma.

Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi kynnt sér þetta frv. og athugað það, að með því er mikið lækkað það tillag, sem samkv. l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1947 átti að renna í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, ef að l. verður. Þetta var gert til þess að fá fé til að ljúka við að koma upp þjóðleikhúsinu, og við vitum allir, hvernig það hefur gengið. Það er eitthvað yfir 20 ár síðan þau l. voru sett, og enn í dag er þjóðleikhúsið ekki tekið til starfa. Ég ætla ekki að rekja ástæðurnar fyrir því, hvernig þetta hefur gengið, en þær framkvæmdir, sem gera þurfti eftir stríðið, voru miklar og fjárfrekar, svoleiðis að ég hygg, að eins og nú horfir, þá muni vera útlit fyrir, að húsið muni kosta með þeirri viðbót, sem eftir er að leggja í það, um 13 millj. kr. Það mun hafa verið fyrir jól, sem fyrirspurn kom fram á Alþ. um það, hvað liði þjóðleikhúsinu og hvað mikið mundu kosta umbætur, sem verið væri að gera og eftir væri að gera. Og eftir upplýsingum hæstv. menntmrh. og eftir skýrslu frá þjóðleikhúsnefnd, virtist ekki vera svo mikið eftir að kosta til við húsið umfram það, sem allir vissu. En nú hefur farið fram ný athugun á þessu máli, og hefur reynzt miklu meira eftir af kostnaði en þá var vitað um. Ég held, að sam-

kvæmt nýjustu áætlun muni vera talið, að um 3 millj. kr. vanti til þess að fullgera húsið og kaupa allan útbúnað, sem þarf, þó að frá sé dregið það fé, sem ekki kom inn í þjóðleikhússjóðinn, sem sé skemmtanaskatturinn á árinu 1948 og einhverjar eftirstöðvar, um 400 þús. kr., sem n. hefur til umráða. Þegar þetta er athugað, kemur í ljós, að það er ekki vel ástatt með fjárhag leikhússins og það mundi þurfa að bæta miklu við það fé, sem enn er fyrir hendi. Til þess að bæta úr þessu, hefur verið ákveðið með flutningi þessa frv., að 25% skemmtanaskattsins skuli renna í þjóðleikhússjóð. Ég veit ekki, hvað miklar tekjuvonir muni verða við þetta fyrir sjóðinn, en vitað er, að það muni þurfa nokkur ár til þess að borga byggingarkostnaðinn með þessu framlagi, þó að það komi. Hins vegar hefur verið dregið frá tekjum, sem áttu að renna í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og í rauninni er það sama að segja um það, að útlit mun vera fyrir, að þær tekjur, sem þeim sjóði eru ætlaðar með þessu frv., muni verða allt of litlar. Málið stendur þá þannig, að það lítur út fyrir, að það muni þurfa um 5 ára tillag í byggingarsjóðinn, sem gert var ráð fyrir, að ekki þyrfti áður, og jafnframt, að líkur eru til, að rekstrarsjóðurinn hrökkvi hvergi nærri til þess að standa undir þeim kostnaði, sem hlýtur að verða við rekstur þjóðleikhússins. Til þess að ekki þyrfti að taka eins mikið af því fé, sem á að renna í rekstrarsjóðinn, var lækkað lítils háttar það tillag, sem á að renna í félagsheimilasjóð frá því, sem stóð í l. Mig minnir, að það væri 45%, og er þá dregið af því 5%, og sannast að segja veitti ekki af því, að sá sjóður hefði haldið tekjum sínum. En hins vegar hefði ég, þó að ég hafi áhuga á þeim sjóði, fyrir mitt leyti getað fallizt á, að dregið yrði t. d. 5% af þeim sjóði frá því, sem nú er í frv. En um þetta mun ekki vera samkomulag, og þeir, sem mestan áhuga hafa fyrir að fá sem mest í félagsheimilasjóð, munu ekki geta sætt sig við, að framlagið verði minna, og leggur n. þess vegna til, að þetta verði samþ. eins og nú er í frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. frsm. n. tók fram, er gengið þannig frá þessu í frv., að það er ákaflega hæpið, að það valdi ekki einhverjum töfum á byggingu þjóðleikhússins. Það er sem sé þannig, að það mun vanta, þótt teknar séu rekstrartekjur 1948 og látnar renna í bygginguna, 3 millj. til að fullgera leikhúsið. Ef gert er ráð fyrir, að 25% af skattinum renni til að ljúka við bygginguna, eða 600 þús. kr. á ári, mundi þurfa 5 ár til þess að fá þessa upphæð, og ekki er víst, að hægt væri að fá lán, þó að það væri reynt. Ég lagði til og ríkisstj., að byggingarsjóðurinn fengi 35%, en Nd. færði það niður í 25%. Enn fremur var það svo í upphaflega frv., að rekstrarsjóðurinn slakaði til um 10% frá því, sem áður var, úr 40% í 30%. Nd. setti þetta svo í 25%, og er hæpið, að hægt sé að standa undir rekstrarkostnaðinum með ¼ af 600 þús. kr. Fyrir þessu voru færðar fram þær ástæður í Nd., að d. vildi ekki taka til greina að lækka félagsheimilasjóð og færa það niður fyrir 40%. Vil ég ekki leggja til, að þessari upphæð verði breytt, af því að ég veit, hvernig ástatt er í Nd. og óttast, að það mundi ekki bera árangur, þó að þessi hv. d. mundi gera það. Mér er ljóst, að þetta getur orðið erfitt fyrir þjóðleikhúsmálið, en mér skilst að málið sé mjög fast fyrir, og þess vegna vil ég ekki leggja það til. Aftur á móti vil ég leggja til, að önnur breyt. verði gerð, sem ég hef von um, að ekki þurfi að valda miklum uppsteit. Mér finnst eðlilegt að fella niður 3. gr., en þar segir:

„Tekjur rekstrarsjóðs þjóðleikhússins árið 1948 skulu renna í þjóðleikhússjóð. Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann renna í þjóðleikhússjóð, unz byggingarkostnaður hússins er að fullu greiddur."

Þegar þetta var hugsað, þá var það hugsað út frá því, að rekstrarupphæðin væri a. m. k. 30% og mætti því gera ráð fyrir, að reksturinn gæti misst þetta inn í bygginguna. En þegar búið er að þjarma að rekstrinum eins og með 1. gr., er óvarlegt að slá þessu föstu, að rekstrarsjóðstekjurnar 1948 skuli renna í byggingarsjóðinn og aldrei koma til baka. Því mælist ég til þess, að hv. d. felli þetta niður, þ. e. 3. gr. Þá mundi framkvæmdin verða sú, að ef illa gengi með lánsfjárútvegun, mundu rekstrartekjurnar verða látnar renna inn í bygginguna til bráðabirgða, með það fyrir augum, að það yrði endurgreitt síðar, þegar byggingarsjóðurinn ætti þess kost. Ég leyfi mér því að leggja fram skriflega brtt. um, að 3. gr. frv. falli niður.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hæstv. menntmrh., svo hljóðandi: „Við 3. gr. Greinin falli niður." Afbrigða þarf að leita um brtt., þar sem hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 780) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér þykir þetta mál allkyndugt og langar í því sambandi að vita, hvað ríkisstj. gerir, þegar svona mál koma fram. Í byggingarnefnd þjóðleikhússins eru 3 menn: Jónas Jónsson alþm., Hörður Bjarnason og Ingimar Jónsson. Þessir menn eiga að sjá um byggingu þjóðleikhússins, og svo hefur húsameistari ríkisins yfirumsjón með byggingu og teikningum. Þegar það liggur fyrir á þinginu 1947 að fara að taka nokkurn hluta skemmtanaskattsins til að láta hann renna til félagsheimila að nokkru leyti, þá upplýsir þessi 3 manna byggingarn. að vel athuguðu máli, að það sé óhætt að taka þjóðleikhússjóðinn, því að leikhúsið sé komið svo áleiðis. Nú er langt síðan og mikið verið unnið síðan. En rétt fyrir jól upplýsist, eftir fyrirspurn í Sþ., að nóg fé sé til til að klára þjóðleikhúsið, en svo þegar farið er að rannsaka málið, eftir að Guðlaugur Rósinkranz kemur að því

eftir áramót, þá upplýsist, að það vantar tæpar 4 millj. kr. til þess að hægt sé að klára leikhúsið. Hvað gerir ríkisstj. við svona n.? Lætur hún hana halda áfram? Hví rekur hún hana ekki frá sínu starfi? Hvers konar stjórn er þetta hjá húsameistara ríkisins, að gefa þessar upplýsingar? Á hverju byggjast þessar upplýsingar? Hefur ríkisstj. rannsakað, hvað þessi þjóðleikhúsn. gerir? Þetta eru vinnubrögð, sem eru langt fyrir neðan allar hellur hjá opinberum starfsmönnum og ekki er hægt að þola.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið. Það er meira en nauðsynlegt að finna sjóðnum tekjur. Mér hefur verið sagt, að það hafi verið unnið að því síðustu árin að brjóta niður annað árið það, sem byggt er upp hitt árið. Ég veit ekki, hvort það er satt, en að gefa svo rangar skýrslur eins og gert var fyrir áramót, það finnst mér vera svo fráleitt af einni ríkisstj. að þola af opinberum starfsmönnum, að ég vil láta tafarlaust reka þá og láta þá ekki koma nærri slíkum störfum eftirleiðis.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar skemmtanaskattinum var skipt 1947, lágu fyrir nokkrar áætlanir frá þjóðleikhúsnefnd um ráðgerðar tekjur til áramóta 1947. Þá var gerð ný áætlun og gert ráð fyrir 4600000 kr., og var reiknað með að taka nokkuð af rekstrartillaginu 1948 inn í byggingarkostnaðinn. Fyrir jól í vetur hafði ég samband við form. þjóðleikhúsn. um það, hvernig háttað væri um kostnaðinn og peningamálin, og gaf hann upp 22. des., að það mundi vera svo, að peningar væru til rúmlega til að ljúka húsinu, en reikningum skilaði hann ekki og sagði, að húsameistari ætti að sjá um reikningshald. Svo þegar þjóðleikhússtjóri tók við starfi sínu, óskaði ég eftir, að hann rannsakaði, hvað eftir væri og hvað gengið hefði alls í þetta, og hann gerði það. Kom þá í ljós, að það vantaði 3 millj. kr., til þess að hægt væri að ljúka þessu eins og n. hafði gert ráðstafanir um, þó að teknar væru inn í þetta 800 þús.kr.rekstrartekjur fyrir 1948. Hefur komið löng grg. um það, hvernig standi á þessum gífurlega mismun. Form. ber fyrir sig húsameistaraskrifstofuna og teiknistofu þá, sem hafi gert undirbúningsáætlanirnar o. s. frv. Sumt af þessum ástæðum eru frambærilegar, eins og það, að kaupgjald og tollar hafi hækkað, en stórfelldasti munurinn þar fram yfir eru sennilega illa samdar áætlanir. Óvæntur kostnaður hefur líka komið inn í þetta. T. d. kom það í ljós, þegar átti að fara að ganga frá raflögnum, að ekki var hægt að nota ljósaleiðslur, sem settar höfðu verið í húsið fyrir 10—20 árum. Síðan hefur komið nýtt prinsip í að lýsa svona byggingar, og verður því að gera þetta öðruvísi, og það þýðir, að það þarf að höggva fyrir nýjum ljósaleiðslum. Þetta er t. d. talsvert atriði, og ýmislegt kom annað til. En það kemur í ljós, að byggingarn. hefur ekki fylgzt með málinu eins og skyldi, um það þarf ekki að deila. Ég hef nú gert nokkrar ráðstafanir til að koma betra lagi á þetta. Í fyrsta lagi fól ég þjóðleikhússtjóra að fara enn yfir allt hjá form. byggingarn. og rannsaka, hvort nokkuð hafi fallið niður. Það hefur verið farið yfir allar áætlanir um húsið til að bera það saman. Í öðru lagi hafa verið gerðar ráðstafanir til, að húsameistari léti hafa betra eftirlit með vinnu við húsið og til þess ráðinn sérstakur maður að hafa þar alla stjórn á hendi. Í þriðja lagi hefur verið gengið frá því, að engar meiri háttar ákvarðanir séu teknar úr þessu af byggingarn. öðruvísi en í samráði við þjóðleikhússtjóra, og mun hann fylgjast með um þetta mál það sem eftir er. Hins vegar er n. ekki sett frá enn þá, og það er nokkur vafi, hvort það er til bóta að gera það, eins og þetta mál horfir við.

Páll Zóphóníasson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, en finnst hann hafa sýnt mikla linkind og er í vafa, hvort það er rétt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 780 (3. gr. falli niður) samþ. með 11:1 atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 781).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 113. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Af því að ég hef verið svo lítið hér í d. í dag, óska ég eftir að fá að heyra, hverjum breyt. málið hefur tekið í Ed.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Sú breyt. hefur verið gerð, að 3. gr. frv. hefur verið felld niður. Ýmsir í Ed. vildu gera hluta rekstrarsjóðs meiri en gert er í frv., en hættu við það, þar sem þeir vissu, hvaða skoðun Nd. hafði á því, og þess vegna var aðeins 3. gr. felld niður, en þessi breyt. þýðir það, að von er til, að þessir peningar komi í rekstrarsjóð síðar meir.

Ég vil svo mælast til, að frv. verði afgr. óbreytt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að hér er alls ekki um neina veigalitla breyt. að ræða, og er því hér um annað mál að ræða en þegar frv. var rætt hér síðast. Nú var þannig frá þessu gengið, að byggingarsjóður þjóðleikhússins fengi tekjur þær, sem rekstrarsjóður átti að fá árið 1948, eða 800 þús. kr. Eðlilega er það fé tiltækilegt, þar sem enginn rekstur hefur farið fram á því ári. Þá var og gengið út frá, að ef einhver rekstrarafgangur yrði árið 1949, þá rynni hann í byggingarsjóð og yrði svo næstu ár.

Ég skil hins vegar hæstv. menntmrh. svo, að nú eigi að nota peningana til þess að fullgera húsið, en halda því opnu, að rekstrarsjóður eigi kröfurétt á byggingarsjóð og geti þannig endurheimt fé með vöxtum. Þetta þýðir það, að þessi lög, sem hér á að samþ., verða lengur í gildi og skerðing félagsheimilasjóðs því meiri, þar sem hún nær til lengri tíma en ætlað hafði verið. Ég vil, að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu, og það mun vera óhætt að áætla, að vegna þessa ákvæðis fái félagsheimilasjóður sín 50% skemmtanaskattsins 1—2 árum síðar en annars hefði orðið.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil benda á það, að mitt sjónarmið í þessu máli var það, að rekstrarsjóður þyrfti ekki á þessum peningum að halda nú, heldur síðar, og þess vegna var ég þessu samþykkur í Ed., og ég treysti því, að hv. þm. uni þessari miðlunartill. Ég vil enn fremur benda á það, að síðan skemmtanaskatturinn var hækkaður, nema 40% nú næstum því sömu upphæð og 50% námu fyrir hækkunina.

Að síðustu vil ég svo mælast til þess, að hv. þdm. þrengi ekki meira að þjóðleikhússtofnuninni en þegar hefur verið gert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 813).

35. Fjárlög 1949.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 [42. mál] (stjfrv., A. 54).

Á 14. fundi í Sþ., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Áður en vikið verður að fjárlagafrv. því fyrir árið 1949, sem lagt hefur verið fyrir hv. Alþ., mun ég, eins og venja er til, gefa skýrslu um fjárhagsafkomu ríkissjóðs árið 1947, en ríkisreikningurinn fyrir það ár er nú fullgerður og í prentun:

Heildartekjur ársins 1947 urðu kr. 242.826.742.21
en voru áætlaðar á fjárlögum — 202.239.697.00
og hafa því farið ..... kr. 40.587.063.21
fram úr áætlun.

Heildarútgjöldin urðu hins vegar ..... kr. 255.245.746.20
en voru áætluð á fjárlögum .. — 196.526.346.00

Mismunur kr. 58.719.400.20
Frá dregst áætlaður rekstrarhagnaður á fjárl. ..... kr. 5.713.333.00

53.006.067.20
sem að frádr. umframtekjum, sem fyrr greinir, ... kr. 40.587.063.21

sýnir rekstrarhalla ..... kr. 12.419.003.99

Skal nú skýrt frá einstökum liðum reikningsins samkvæmt rekstraryfirlitinu fyrir það ár. (Sjá fylgiskjal I.).

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa niðurstöðutölur ríkisreikninganna farið ört hækkandi frá ári til árs frá því í stríðsbyrjun. Liggja til þess tvær meginástæður: Síaukin verðbólga innanlands og stöðugt aukin lögboðin útgjöld ríkisins, einkum þó hin síðari ár. Sú hefur þó verið bót í máli, að tekjurnar hafa að jafnaði farið meira fram úr áætlun en útgjöldin, þannig að alldrjúgur rekstrarafgangur hefur orðið árlega. Nú kveður nokkuð við annan tón, því að þrátt fyrir, eins og greint hefur verið, að tekjurnar fóru rúmar 40 millj. kr. fram úr áætlun, hækkuðu útgjöldin enn meir, svo að tekjuhallinn varð 12,4 millj. Mun ég nú skýra fyrir hv. alþm., hvað þessari breytingu veldur.

Skattar og tollar voru á fjárl. 1947 áætlaðir 148,2 millj. kr., en urðu 165,4 millj. kr. eða 17,2 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir. Aðalhækkunin stafar af tekju- og eignarskatti, sem fór 11,1 millj. kr. fram úr áætlun, og vörumagnstolli, sem fór 5,1 millj. kr. fram úr áætlun. Aðrir liðir fóru ýmist lítið fram úr áætlun, mest stimpilgjald um 1,4 millj. kr., og fáeinir liðir náðu ekki áætlun, helzt benzíntollur, sem reyndist of hátt áætlaður um 2,5 millj. kr., og sé ég ekki ástæðu til að gera þá að umræðuefni.

En um tekjuskattinn og vörumagnstollinn vil ég fara nokkrum orðum. Að réttu lagi ætti tekju- og eignarskattur að vera mælikvarði á afkomu atvinnuveganna og landsmanna í heild, og að óbreyttri skattalöggjöf ætti hækkandi skattur frá ári til árs að benda til stöðugt vaxandi velmegunar landsfólksins.

Tekju- og eignarskattur hefur á undanförnum fjórum árum orðið sem hér segir:

1944	24,2 milljónir króna
1945	33,6 milljónir króna
1946	35,9 milljónir króna
1947	46,0 milljónir króna

Yfirlit þetta sýnir, að þessi tekjustofn hefur nærri því tvöfaldazt á tímabilinu, þ. e. a. s. á 4 árum.

Það má telja vafalaust, að aukin framleiðsla

á þessu tímabili og vaxandi velmegun hafi átt sinn stóra þátt í auknum tekjum ríkissjóðs af þessum tekjustofni, en hinu má heldur ekki gleyma, að verðlag í landinu hefur stórhækkað á sama tíma. — Kaupgjaldsvísitalan hækkaði úr 268 stigum 1944 í 315 stig 1947, eða um 18%, sem hefur haft tilsvarandi hækkun á brúttótekjum manna í för með sér, þannig að verðþenslan verður að teljast hafa haft að verulegu leyti áhrif til hækkunar þessum tekjulið. — Sá hluti hækkunarinnar á þessum tekjustofni, sem stafar af vaxandi verðbólgu, byggist því ekki á sannri velmegun og er ótraustur grundvöllur undir tekjuöflun ríkissjóðs, þegar til lengdar lætur.

Hin mikla hækkun á vörumagnstolli stafar af tveimur ástæðum: hækkun á tollinum, sem Alþ. samþykkti í fyrra og kom til framkvæmda 14. apríl 1947, en auk þess varð innflutningur á erlendum varningi óvenjulega mikill það ár. Nam verðmæti innflutts varnings 1947 519 millj. kr., en var árið áður 443. Þessi mikli innflutningur hafði það í för með sér, að verðtollurinn, sem á fjárl. var áætlaður 72,5 millj. kr., stóðst áætlun svo að segja alveg. Aðalinnflutningsgjöldin fara að sjálfsögðu alveg eftir innflutningnum. Hefur það komið berlega í ljós á þessu ári, þar sem á daginn er komið, að hinar ströngu aðflutningshömlur hafa dregið svo úr tolltekjum ríkisins, að um stórkostlegan halla verður að ræða frá áætlun fjárlaga, og verður nánar vikið að því síðar.

Tekjur af ríkisstofnunum urðu 72,4 millj. kr., en voru á fjárlögum áætlaðar 53,3 millj. kr. og fóru því 19,1 millj. kr. fram úr áætlun. Tekjur landssímans urðu 1,5 millj. kr., en aftur á móti varð halli á rekstri póstsj., sem nam 695 þús. kr. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg gaf af sér 406 þús. kr., ríkisútvarpið og viðtækjaverzlun 2,8 millj. kr., áburðarsala ríkisins 171 þús. kr., grænmetisverzlunin 273 þús. kr. Tap varð aftur á móti á landssmiðjunni 402 þús. kr. og skipasmíðastöð landssmiðjunnar 2 millj. kr., sem féll að vísu á árinu á undan, en kemur á reikning ársins 1947, trésmiðju ríkisins 63 þús. kr. Hagnaður varð á búrekstri ríkisins ca. 40 þús. kr., þó að tap yrði á 2 búum. En það, sem mestu máli skiptir, er hagnaður sá, sem varð á einkasölum ríkisins á áfengi og tóbaki. Nam sá hagnaður 47,7 millj. kr. á áfengisverzluninni og 22,6 millj. á tóbakseinkasölunni, en það er 18,1 millj. kr. samanlagt fram yfir áætlun fjárlaga á þessum liðum. Þessi mikla tekjuaukning stafar af hækkuðu útsöluverði á áfengi og tóbaki, sem fram fór á árinu, sem jafnvel var álitið, að draga mundi svo úr sölunni, að heildartekjur lækkuðu. — En þetta fór á annan veg, því að salan virðist fremur hafa aukizt en minnkað og ber þess glöggt vitni, hve geypimikið af lausu fé er í landinu.

Vaxtatekjur hafa orðið 1,4 millj. kr. og hafa farið um 0,9 millj. kr. fram úr áætlun. — Óvissar tekjur urðu 3,4 millj. kr. Aðalupphæðirnar eru: Hagnaður af sölu danskra ríkisskuldabréfa 714 þús. kr. Hagnaður af sölu á keyptum setuliðseignum 1,5 millj. kr. og hagnaður af skiptimynt 305 þús. kr.

Af því, sem að framan getur, eru leidd rök að því, að hin mikla tekjuaukning á árinu stafar af

1. hækkun á tollum og útsöluverði einkasölu-

Fylgiskjal I.

Tekjur ríkissjóðs 1947.
2. gr. — Skattar og tollar.

	Fjárlög	Reikningur	Tekjur umfram fjárl.	Tekjur undir fjárl.
1. Tekju- og eignarsk., tekjusk.auki	35.000.000.00	46.113.403.66	11.113.403.66	
2. Stríðsgróðask., ríkissjóðshluti ...	3.000.000.00	3.661.644.80	661.644.80	
3. Vörumagnstollur	17.400.000.00	23.495.234.50	6.095.234.50	
4. Verðtollur	72.500.000.00	72.478.755.89		21.244.11
5. Innflutningsgjald af benzíni	5.800.000.00	3.254.524.83		2.545.475.17
6. Gjald af innlendum tollvörum ..	3.000.000.00	3.957.429.36	957.429.36	
7. Fasteignaskattur	600.000.00	651.857.00	51.857.00	
8. Lestagjald af skipum	100.000.00	173.020.50	73.020.50	
9. Bifreiðaskattur	3.300.000.00	3.033.387.28		266.612.72
10. Aukatekjur	1.600.000.00	1.954.430.88	354.430.88	
11. Stimpilgjald	4.000.000.00	5.428.093.35	1.428.093.35	
12. Vitagjald	600.000.00	859.292.80	259.292.80	
13. Leyfisbréfagjald	100.000.00	125.729.46	25.729.46	
14. Erfðafjárskattur	200.000.00	294.659.87	94.659.87	
15. Veitingaskattur	1.000.000.00	2.133.619.89	1.133.619.89	
	148.200.000.00	167.615.084.07	22.248.416.07	2.833.332.00
Frá dregst:				
Endurgreiddar tekjur	477.071.62			
Innheimtulaun	101.658.72			
Fellt úr eftirstöðvum	813.556.21			
Hækkun eftirstöðva	799.378.83	2.191.655.38		
		165.423.418.69		

3. gr. A. — Tekjur af rekstri ríkisstofnana 1947.

	Fjárlög Tekjur	Fjárlög Gjöld	Reikningur Tekjur	Reikningur Gjöld	Rekstrarhagn. umf. fjárl.áætl.	Undir fjárlögum
1. Pósturinn ..	6.400.000.00	6.400.000.00	6.141.360.30	6.836.594.48		695.234.18
2. Síminn	17.200.000.00	17.200.000.00	21.311.136.13	19.831.235.70	1.479.900.43	
3. Áfengisverzl.	38.915.000.00	2.915.000.00	52.598.833.60	4.844.450.70	11.754.382.90	
4. Tóbakseink.	16.940.000.00	1.440.000.00	24.624.991.57	1.938.252.44	7.186.739.13	
5. Ríkisútvarp .	3.872.694.00	2.331.622.00	5.975.916.55	3.119.732.44	1.305.112.11	
6. Ríkisprents.	1.900.000.00	1.613.000.00	2.477.813.41	2.070.937.30	119.875.61	
7. Áburðarsala	200.000.00	200.000.00	315.088.88	179.483.74	171.605.14	
8. Grænm.verzl.	220.000.00	220.000.00	651.763.17	378.968.20	272.794.97	
9. Landssm. ..	1.010.000.00	1.010.000.00	751.527.93	1.154.267.92		406.239.99
10. Skipasmíðastöð landssmiðjunnar			48.493.32	2.102.707.89		2.054.214.57
11. Trésmiðja ríkisins			269.905.20	332.792.71		62.887.51
12. Vífilsstaðabúið			309.211.91	277.685.96	31.525.95	
13. Kleppsbúið			226.766.39	215.166.68	11.599.71	
14. Bessastaðabúið			80.321.59	107.736.38		27.414.79
15. Skólabúið á Reykjum			302.027.28	266.726.40	35.300.88	
16. Skólabúið á Hólum			223.270.77	212.415.26	10.855.51	
17. Skólabúið á Hvanneyri			431.029.07	450.137.34		19.108.27
					22.379.692.34	3.265.099.31
					+3.265.099.31	
					19.114.593.03	
3. gr. B. Tekjur af fasteignum ríkissj.		10.000.00			28.951.62	
					Kr. 19.143.544.65	

Útgjöldin sundurliðast þannig:

	áætlað	varð		
Vextir af skuldum ríkissj. ..	1.1 millj.	2.5 millj.	umframgreiðsla	1.4 millj.
Kostn. við æðstu stj. landsins	0.3 —	0.3 —		
Alþingiskostnaður	1.5 —	2.4 —	———	0.9 —
Kostn. við stjórnarráðið	2.5 —	3.4 —	———	0.9 —
Hagstofan	0.3 —	0.3 —		
Utanríkismál	1.5 —	2.5 —	———	1.0 —
Dómgæzla og lögreglustjórn	8.7 —	11.5 —	———	2.8 —
Opinbert eftirlit	0.8 —	1.2 —	———	0.4 —
Kostn. við innh. tolla og sk.	3.9 —	5.0 —	———	1.1 —
Sameiginl. embættiskostn. ..	0.8 —	1.3 —	———	0.5 —
Heilbrigðismál	11.6 —	12.9 —	———	1.3 —
Vegamál	21.8 —	27.9 —	———	6.1 —
Samgöngur á sjó	3.4 —	3.1 —	minna gr. en áætl.	0.3 —
Vitamál og hafnargerðir....	10.1 —	10.2 —	umframgreiðsla	0.1 —
Flugmál	4.3 —	4.2 —	minna gr. en áætl.	0.1 —
Kirkjumál	3.2 —	3.5 —	umframgreiðsla	0.3 —
Kennslumál	29.0 —	34.0 —	———	5.0 —
Söfn, bókaútgáfa og listir ..	2.5 —	2.7 —	———	0.2 —
Rannsóknir í opinbera þágu	3.3 —	3.0 —	minna gr. en áætl.	0.3 —
Landbúnaðarmál	16.0 —	17.7 —	umframgreiðsla	1.7 —
Sjávarútvegsmál	1.0 —	1.0 —		
Raforkumál	4.2 —	2.7 —	minna gr. en áætl.	1.5 —
Félagsmál	23.6 —	26.5 —	umframgreiðsla	2.9 —
Eftirl. og tillag til lífeyrissj.	4.5 —	5.9 —	———	1.4 —
Dýrtíðarráðstafanir	35.0 —	60.1 —	———	25.1 —
Óviss útgjöld	0.5 —	3.2 —	———	2.7 —
Heimildarlög		0.7 —		
Sérstök lög		2.4 —		
Væntanleg fjáraukalög		1.6 —		
Þingsályktanir		0.4 —		

vara, sem gaf meiri hagnað en ráð var fyrir gert,
2. óvenjulegum innflutningi ársins og
3. vaxandi verðþenslu, sem náði hámarki á árinu með því, að vísitalan komst í 315 stig.

Eins og áður er getið, urðu útgjöldin á árinu kr. 255.245.746.20 og fóru rúmlega 58 millj.

kr. fram úr áætlun. Fáeinir liðir stóðust áætlun og vel það, og á allmörgum liðum varð umframgreiðslan svo lítil, að eðlilegt má teljast miðað við verðlagshækkunina á árinu, en eins og kunnugt er var reiknað með 290 stiga vísitölu, er fjárlögin voru samin, en meðalvísitala ársins varð 315 stig. En þessi vísitöluhækkun hefur áhrif til hækkunar á svo að segja alla útgjaldaliði. Ég mun samt aðeins gera að umræðuefni þá útgjaldaliði, sem hafa farið óeðlilega langt fram úr áætlun og sérstakar ástæður liggja til.

Vextir af skuldum ríkisins fóru 1.4 millj. kr. fram úr áætlun, sem stafar af því, að lausar skuldir ríkisins jukust mjög á árinu, svo að vextir af þeim urðu rúmlega 1 millj. kr., en höfðu verið áætlaðir 50.000 kr. Einnig höfðu vextir af öðrum ríkisskuldum verið áætlaðir of lágt.

Kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn fór 2.8 millj. fram úr áætlun, þar af 775 þús. vegna landhelgisgæzlu. Lögreglukostnaður hækkar um 1 millj. vegna allt of lágrar áætlunar á fjárlögum. Kostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta um 350 þús., sömuleiðis vegna of lágrar fjárlagaáætlunar. Að öðru leyti hefur hækkun vísitölunnar haft sín áhrif á þennan útgjaldalið sem aðra.

Vegamálin kostuðu 6.1 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir, og eru helztu hækkanir þessar: Til lagningar nýrra akvega 460 þús. kr. og til viðhalds nærfellt 5 millj. kr. Hafði verið áætlað til viðhalds 9 millj. kr., en notað var 13.940 þús. kr. Kostnaður við brúargerðir fór rúmar 400 þús. kr. fram úr áætlun. Það er sérstaklega athyglisvert, hvað viðhaldið hefur kostað gífurlega mikið fé. Í fyrra var talið, að bílfærir vegir væru 6200 km., og hefur því viðhaldið kostað að meðaltali yfir 2000 kr. á hvern km., þrátt fyrir að varið hefur verið stórfé undanfarið til kaupa á vinnuvélum. Eru þetta furðulegar tölur, og sýnist ekki verða hjá því komizt að reisa í framtíðinni skorður við því, að stjórn vegamálanna sé einráð um, hve miklu fé hún ver í þessu skyni árlega, og verður að þessu vikið nánar síðar.

Kennslumál hafa farið 5 millj. kr. fram úr áætlun. Munar þar mest um verðlagsuppbót á laun barnakennara, sem í fjárlögum hefur verið áætluð of lágt um 2 millj. kr. Vísitöluhækkunin kemur hér mjög til greina, en auk þess er fræðslulöggjöfin þannig vaxin, að kostnaður við þessi mál hlýtur að fara ört vaxandi með hverju ári sem líður.

Landbúnaðarmál hafa farið 1.7 millj. kr. fram úr áætlun, þar af jarðarbótastyrkir 800 þús., fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts 700 þús. kr. Nokkrir liðir hafa ekki náð áætlun, þannig að heildarhækkanir landbúnaðarmálanna eru 1.7 millj. kr.

Kostnaður við félagsmál reyndist 2.9 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert. Kemur öll sú hækkun fram á framlagi til almannatrygginganna, sem reyndist of lágt ákveðið í fjárlögum.

Ég kem þá að þeim lið reikningsins, sem mestu hefur valdið um hina slæmu fjárhagsafkomu ársins 1947, en það er kostnaður við dýrtíðarráðstafanir samkvæmt 19. gr. a. Gert var ráð fyrir, að komast mætti af með 35 millj. kr. til þessara útgjalda, en kostnaðurinn varð rúmar 60 millj. kr. og sundurliðast þannig:

Endurgreitt vegna kjötneyzlu frá f. ári	320.039.91
Kjötuppbætur fyrir tímabilið 20/9 '46—20/9 '47	20.329.315.02
Til verðlækkunar á kjöti	5.622.682.84
— — - mjólk	3.599.453.32
— — - smjöri	1.801.690.70
— — - kartöflum	1.752.080.70
— — - saltfiski	188.355.90
— — - smjörlíki	2.210.325.60
— — - sykri	107.423.18
Verðuppbætur á ull seldri innanlands	18.798.59
Útflutningsuppbætur á ull (framleiðsla 1943—45), þ. e. a. s. sá hluti, sem er færður til útgjalda 1947	3.144.482.53
Greiðslur vegna fiskábyrgða	21.042.291.24
Samtals kr.	60.135.939.53

Með lögum nr. 97 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., var ríkisstj. falið að ábyrgjast fyrir bátaútveginn á árinu 1947 tiltekið lágmarksverð á útfluttum fiski. Til að standast þessi útgjöld skyldi leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem umfram væri hrásíldarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. laganna og vinnslukostnaði. Eins og kunnugt er brást sumarsíldin 1947 alveg og enginn eyrir rann í *þennan fyrirhugaða tryggingarsjóð. Afleiðingin* var sú, að öll ábyrgðin féll á ríkissjóð, og þar sem fyrirsjáanlegt var, að þetta fé væri ríkissjóði með öllu tapað, varð að færa það með rekstrarútgjöldum ársins. Í fjárl. var ekki gert ráð fyrir neinum slíkum útgjöldum, þannig að þegar athuguð er afkoma ársins 1947, verður að hafa í huga, að hefðu lögin um ríkisábyrgð vegna bátaútvegs orðið framkvæmanleg eins og til var ætlazt, hefði orðið 8.6 millj. kr. rekstrarafgangur á ríkisreikningnum í stað 12.4 millj. kr. halla. Ekki verður um það deilt, að nauðsyn hafi borið til að rétta bátaútveginum hjálparhönd um þessar mundir, hitt orkar meir tvímælis, hvort nægileg fyrirhyggja hafi verið sýnd við útvegun tryggingarfjárins. Hefur nú verið tekið 3 ára lán hjá bönkum til greiðslu þessa kostnaðar, sem auka mun útgjaldabyrði ríkissjóðs næstu árin, svo að verulega munar um. Eftir atvikum varð ekki önnur lausn þessa máls fundin, til þess að staðið yrði við þær skuldbindingar, sem Alþ. hafði tekizt á hendur með ábyrgð þeirri á fiskverðinu, er tekin var með greindum lögum.

Eins og að líkindum ræður, hefur greiðslujöfnuður orðið mjög óhagstæður árið 1947. — Fjárlögin gerðu ráð fyrir kr. 7.890.795.00

greiðsluhalla, og var þá áætlað með 5.7 millj. kr. rekstrarafgangi.

Fer hér á eftir yfirlit yfir eignahreyfingar á árinu 1947. (Sjá fskj. II.)

Eignaaukning ríkisstofnana sundurliðast þannig: (Sjá fskj. III).

Veitt lán úr ríkissjóði sundurliðast þannig: (Sjá fskj. IV.)

Greiðsluhalli ríkissjóðs sundurliðast svo sem hér segir: (Sjá fskj. V.)

Skuldir ríkissjóðs í árslok 1947 sundurliðast eins og hér segir: (Sjá fskj. VI.)

Eins og af þessum yfirlitum sést varðandi greiðsluhallann 1947, er hér ekki um tapað fé að ræða, að undanskildum rekstrarhallanum 1947 12,4 millj. kr., því að á móti þessum útgjöldum og tilsvarandi skuldaaukningu ríkissjóðs hefur myndazt tilsvarandi eign, svo að hagur ríkissjóðs hefur ekki hallazt á tímabilinu nema sem svarar fyrrgreindum rekstrarhalla.

Þótt skuldir ríkisins hafi vaxið allverulega á því ári, er hér um ræðir, er þó bót í máli, að lánin voru öll tekin innanlands og eru því í raun og veru fengin með spöruðu fé landsmanna sjálfra, sem bendir á aukinn þjóðarauð.

Þessu næst mun ég víkja að rekstrarafkomu

Fylgiskjal II.

Eignahreyfingar skv. 20. grein 1947.

		Inn:	*Fjárlög:*	*Reikningur:*
20. gr.	I.	Fyrningar	1.493.500.00	2.151.575.43
	II.	Útdregin bankav.bréf og dönsk ríkissk.bréf.	2.343.000.00	3.877.735.00
	III.	Endurgr. fyrirframgreiðslur	10.000.00	
	IV.	Endurgr. lán og andvirði seldra eigna	50.000.00	5.040.852.51
		Innb. ýmsar innstæður		279.809.71
		Tekin lán		2.033.761.23
		Auknar lausaskuldir		68.945.098.18
		Innborgað fé til geymslu		2.382.876.75
			Kr. 3.896.500.00	84.711.708.81
		Út:		
	I.	Afborganir lána ríkissjóðs	3.045.728.00	4.002.127.63
		Afborganir lána ríkisstofnana	689.100.00	430.270.26
	II.	Eignaaukning ríkisstofnana	3.077.000.00	19.876.139.40
	III.	Til bygginga á jörðum ríkissj. og jarðakaupa	297.500.00	1.181.467.75
	IV.	Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna	1.700.000.00	1.870.509.55
	V.	Til vitamála, eignaaukning	1.547.000.00	1.984.118.01
	VI.	Til flugvallargerða og lendingarbóta	595.000.00	939.587.55
	VII.	Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík	425.000.00	
	VIII.	Til bygg. heimavistarh. við menntask. á Ak.	552.500.00	552.500.00
	IX.	Til byggingar sjómannask.	850.000.00	900.000.00
	X.	Til byggingar íþróttakennarask.	216.800.00	255.000.00
	XI.	Til byggingar þjóðminjasafns	425.000.00	1.425.000.00
	XII.	Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum	85.000.00	85.000.00
	XIII.	Til byggingar kennarabúst. á Hvanneyri	42.500.00	42.500.00
	XIV.	Til byggingar bændaskóla í Skálholti	425.000.00	115.000.00
	XV.	Til byggingar varðskipa	850.000.00	
	XVI.	Til byggingar á prestssetrum	850.000.00	1.351.892.05
	XVII.	Til byggingar stuttbylgjustöðvar í Gufunesi	425.000.00	460.961.41
	XVIII.	Til byggingar dýpkunarskips	1.402.500.00	1.218.469.52
		Til byggingar Arnarhvols		1.200.000.00
		Til byggingar við listasafn Einars Jónssonar		78.000.00
		Til byggingar embættismannabústaða		392.000.00
		Til byggingar strandferðaskipa		3.427.930.75
		Til byggingar landshafna		3.840.298.58
		Keyptur sendiherrabústaður í Paris		371.413.00
		Keypt verðbréf		1.027.500.00
		Framlag til alþjóðab. og alþjóðagjaldeyrissj.		7.141.150.00
		Veitt lán		10.987.826.39
		Auknar innstæður hjá sendiráðunum o. fl.		1.687.779.29
		Greitt af lausaskuldum		2.920.896.01
		Greitt af geymdu fé		2.013.729.45
		Fyrir fram greitt v/fjárl. 1948		730.000.00
			Kr. 17.500.628.00	72.509.066.60

ríkissjóðs á þessu ári. Að sjálfsögðu er ekki á þessu stigi málsins hægt að gefa nákvæma skýrslu um afkomuna, þar sem ýmislegt er enn í óvissu, bæði að því er tekjum og gjöldum viðkemur, en þó má með allsterkum líkum benda á, hver útkoman verði.

Í þessa árs fjárlögum er gert ráð fyrir tekjum alls 221.4 millj. og rekstrarhagnaði 327 þús. kr., en greiðsluhalla er nemi 24,6 millj. kr., og hafa svo tekjuhá fjárlög ekki verið sett áður, enda var gert ráð fyrir nýjum tekjustofni á árinu, söluskattinum.

Fylgiskjal III.
Eignaaukning ríkisstofnana 1947 skv. 20. gr. Út, II. lið.

Póstur og sími	4.614.583.05
Ríkisútvarpið	2.156.733.00
Vitamál	1.700.823.59
Flugmál	3.275.242.33
Landssmiðjan	410.857.19
Trésmiðjan	487.112.49
Raforkumálin	2.054.320.97
Grænmetis- og áburðarsalan	452.889.44
Áfengisverzlun	1.046.718.06
Tóbakseinkasalan	621.232.60
Viðtækjaverzlun	757.337.60
Atvinnudeild háskólans	371.316.76
Rannsóknarstöð á Keldum	484.750.00
Ríkisbúin	1.036.439.69
Aðrar stofnanir	405.782.63
Samtals kr.	19.876.139.40

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu í septemberlok 157 millj. kr., en voru á sama tíma í fyrra 147.3 millj. kr. Útgjöldin voru aftur á móti 138.6 millj. gegn 127.3 millj. á sama tíma í fyrra. Um einstaka tekjuliði skal þetta tekið fram.

Álagður tekju- og eignarskattur er samkvæmt skýrslum skattayfirvalda, þegar frá er dregin áætluð lækkun yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, ca. 59 millj. kr., en var áætlað 43 millj. kr., og má þá ganga út frá allt að 16 millj. kr. umframtekjum á pappírnum. Þessi mikla hækkun stafar að allverulegu leyti af áhrifum frá lögum um eignakönnun, því að samkvæmt skýrslum skattanefnda ber mjög mikið á því, að fram hafi verið talið með tekjum og eignum s. l. árs tekjur og eignir frá eldri tíð, sem ekki hafði verið gefið upp áður. Hins vegar er margt, sem bendir til, að innheimta skattanna muni ganga mun verr en áður, þannig var innheimt í septemberlok aðeins rúmlega 1/3 hluti skattanna, og ýmsir innheimtumenn, þar á meðal tollstjórinn í Reykjavík, telja meiri tregðu á greiðslum en verið hefur á undanförnum árum.

Verðtollurinn var áætlaður 60 millj. kr., en í septemberlok var aðeins innheimt 35.5 millj. kr., sem bendir til, ef innflutningur verður líkur það, sem eftir er ársins, eins og verið hefur, að upp á þennan tekjustofn komi til að vanta 13—14 millj. kr. Það er augljóst, hvernig á þessu stendur. Eru það hinar ströngu innflutningshömlur, sem hér eru að verki, sem

Fylgiskjal IV.
Lán veitt úr ríkissjóði og ýmsar fyrirframgreiðslur sbr. 20. gr. Út.

Til Ferðaskrifstofu ríkisins		135.000.00
Vegna sölu jarðeigna		140.600.00
— bátasmíði innanlands		869.965.56
— Svíþjóðarbáta		953.783.34
— síldarniðursuðuverksmiðju		150.000.00
— lýsisherzluverksmiðju		309.228.41
— togarabygginga í Englandi		174.374.07
— tunnuverksmiðju		502.453.13
— síldarútvegsnefndar		178.123.76
— hafnargerðar í Ólafsfirði		500.000.00
— Höfðakaupstaðar		600.000.00
Útlagt vegna kaupa á dósamjólk		246.414.14
— — kaupa á úrgangsull		1.500.000.00
— — viðgerðar á Þór		216.789.14
— — benzínkaupa fyrir Keflavíkurflugvöll		185.000.00
Til ýmissa		183.562.13
		6.845.293.68

Greitt vegna ábyrgða:		
Vegna hafnarsjóðs Skagastrandar	136.252.14	
— rafveitu Siglufjarðar	728.493.12	
— hafnarsjóðs Húsavíkur	12.036.39	
— byggingarsamvinnufélags Ólafsvíkur	17.991.06	
— síldarverksmiðja ríkisins	3.247.760.00	4.142.532.71
Samtals kr.		10.987.826.39

Fylgiskjal V.

Yfirlit um greiðsluhalla ríkissjóðs 1947.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð rekstrarhalli			12.419.003.99
Greiðslur úr ríkissjóði á 20. gr. námu:			
Skv. fjáralagaliðum		36.690.543.13	
Utan fjárlaga		35.818.523.47	
		72.509.066.60	
+Innborgað í ríkissjóð á 20. gr.:			
Skv. fjárlagaliðum	11.070.162.94		
Innborgaðar ýmsar innstæður	279.809.71		
Innborgað fé til geymslu	2.382.876.75	13.732.849.40	58.776.217.20
			Kr. 71.195.221.19

Þessum greiðsluhalla hefur ríkissjóður mætt þannig:

1.	Tekin föst lán		2.033.761.23
2.	Með lausaskuldum:		
	Hjá Tryggingastofnun ríkisins	2.898.676.90	
	Víxill í Landsbankanum (v/ullaruppbótar)	4.650.000.00	
	Aukinn yfirdráttur á hlr. í Landsbankanum v/ alþjóðabankans og alþjóðagjaldeyrissjóðsins	7.141.150.00	
	Skuld við fiskframleiðendur v/fiskábyrgðar	21.099.429.23	
	Aukinn yfirdráttur á hlr. 1727 í Landsbankanum	26.053.263.12	
	Ógreiddar upphæðir, sem færðar hafa verið til gjalda 1947*	7.102.578.93	68.945.098.18
3.	Með sjóði frá árinu 1946		216.361.78
			Kr. 71.195.221.19

*Upphæð þessi er raunverulega fé, sem var yfirdregið á hlr. 1727 árið 1948 og kemur fram sem aukinn yfirdráttur það ár, en útgjöld þau, sem greidd voru með þessum peningum, voru færð á árið 1947.

einkanlega kemur niður á tollháum vörum. Er það með öllu óviðunandi, að Alþ. byggi fjárhagsafkomu ríkissjóðs á jafnþýðingarmiklum tekjustofni og verðtollurinn er, en að þær sérstöku ráðstafanir, sem ríkisvaldið annars vegar hefur með höndum til að skipuleggja innflutninginn, rýri þennan þýðingarmikla tekjustofn um of, svo sem átt hefur sér stað á þessu ári. Ég hef þráfaldlega á þetta bent innan ríkisstj. og eins þegar umræður hafa farið fram við fjárhagsráð um innflutningsmál, að hag ríkissjóðs væri stefnt í óefni með of miklum niðurskurði á hinum helztu verðtollsvörum. Á þessu verður að verða breyting, og mun ég víkja að því síðar, er ég ræði um fjárlagafrv. fyrir 1949.

Söluskatturinn var áætlaður 19 millj. kr., en aðeins innheimt 7.4 millj. kr. í septemberlok. Er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikill hann muni verða, en áætlun, sem gerð var, eftir að skatturinn hafði verið lagður á, fyrir hálft árið, benti til, að hann gæti orðið 16—17 millj. kr. Raunar var þetta frekast ágizkun ein, vegna þess að fjöldi gjaldenda taldi ekki fram og varð því að áætla þeim skatt. Tvennt er það, sem hefur áhrif í þessu efni, lítill innflutningur á árinu og minni verzlun en verið hefur. — Aðrir skattar og tollar virðast muni standast áætlun, en ekki fyrirsjáanlegt, að þeir fari fram úr áætlun, svo að nokkru nemi.

Tekjur af ríkisstofnunum voru áætlaðar 61.5 millj. kr., en voru í septemberlok orðnar 56.8 millj. kr. Er fyrirsjáanlegt, að þessar tekjur muni fara allverulega fram úr áætlun. Eru það aðallega einkasölurnar, sem hér skipta máli. Hagnaður af áfengissölu er á fjárl. áætlaður 42 millj. kr., en var í septemberlok orðinn 37.4 millj. kr. Með líkri sölu og verið hefur má búast við 50 millj. kr. hagnaði á árinu. Tóbakseinkasalan var talin mundu geta 17.5 millj. kr. í hagnað, en í októberbyrjun var hagnaðurinn orðinn 18.3 millj. kr. Ætti því að mega reikna með 24 millj. kr. hagnaði allt árið, ef gengið er út frá sömu sölu það, sem eftir er ársins, og verið hefur.

Af þessu yfirliti má sjá, að þrátt fyrir fyrirsjáanlegan halla á verðtolli og sennilega einnig söluskatti má ganga út frá, að heildartekjur ársins fari eitthvað verulega fram úr áætlun. Hins vegar má búast við samkvæmt reynslu undanfarinna ára, að flestir útgjaldaliðir fari fram úr áætlun, en þó hlýtur festing kaupgjaldsvísitölunnar í 300 stig allt árið að hafa áhrif til lækkunar umframgreiðslnanna. Vitað er þó nú þegar um nokkra liði, sem umframgreiðsla verður á, t. d. viðhald þjóðvega, sem vegamálastjóri telur, að fari 3 millj. kr. fram úr áætlun. Sama er að segja um kennslumálin, sem urðu 34 millj. kr. 1947, en ekki áætlað nema 27 millj. kr. til á þessu ári, en fyrirsjáanlegt, að sú upphæð hrekkur ekki nándar

Fylgiskjal VI.

Skuldir ríkissjóðs í árslok 1947.

I.	Innlend lán		22.793.784.20
II.	Dönsk lán		4.793.799.18
III.	Erlend lán v/síldarverksmiðjanna		742.337.00
IV.	Lausaskuldir (sundurliðun):		
1.	Skuld er mæti innl. á skiptimynt	1.920.000.00	
2.	Erlendar skuldir v/raftækjaeinkasölu	346.320.74	
3.	Óuppgerð viðskipti frá styrjaldarárunum vegna danskra lána	141.464.53	
4.	Biðreikningar v/Statsanstalten	116.84	
5.	Handelsbanken	166.964.75	
6.	Innstæður ýmissa stofnana hjá sendiráðum	14.787.08	
7.	Tryggingastofnun ríkisins	3.733.459.35	
8.	Landsb. víxillán v/ullaruppbóta	4.650.000.00	
9.	Landsb. hlr. 3501 v/alþjóðabankans	1.299.414.25	
10.	— — 5825	6.492.237.00	
11.	— — 5892	4.675.393.76	
12.	— — 1727	33.953.263.12	
13.	Skuld við fiskframleiðendur v/fiskábyrgðar	16.424.035.47	
14.	Ógreiddar upphæðir, sem færðar hafa verið til gjalda 1947	7.102.578.93	80.960.035.82
V.	Geymt fé		20.784.230.20
			Samtals kr. 130.074.186.40

● nærri, og verður umframgreiðslan vart minni en í fyrra, eða 5 millj. kr., og loks dýrtíðarráðstafanir, en til þeirra er áætlað 55 millj. kr. Samkvæmt skýrslu ríkisbókhaldsins hefur verið greitt upp í þennan kostnað 28.9 millj. kr., og er þess að geta, að mikið er ógreitt enn af því, sem þegar er áfallið.

Samkvæmt athugun, sem hefur verið gerð í ráðuneytinu á því, hve mikið sé enn ógreitt, hefur komið í ljós, að greiða þarf í viðbót:

	millj. kr.
Upp í kjötuppbætur	9
— í niðurgr. á mjólk	3
— í niðurgr. á smjöri	2
— í niðurgr. á saltfiski	0.2
— í niðurgr. á smjörlíki	1.4
— í niðurgr. á kartöflum	1
Verðlagsuppbót á útfl. fiski '47	1.7
— á sama 1948	10.5
— á útfl. kjöti	4.6
	35.4
Þá liggur fyrir krafa um verðuppbót á gærum frá f. ári	0.5
og frá síldarverksm. ríkisins vegna taps á lýsi, sem notað var til verðuppbótar fisks	1.2
Samtals	37.1

sem að viðbættum ofangreindum 28,9 millj. verða 66 millj. kr., en það svarar til, að útgjöld til dýrtíðarráðstafana fari rúmar 11 millj. kr. fram úr áætlun.

Sökum aflabrests á síldarvertíðinni í sumar gerðu síldarverksmiðjur ríkisins þá kröfu, sem ég gat um, og mér og þeim kunnugu mönnum, sem hafa athugað það, virðist, að erfitt sé að standa á móti, upp á rúml. eina millj. kr., sem mundi verða að teljast til fiskábyrgðarinnar.

Þegar gengið var frá fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, var gert ráð fyrir, að fiskábyrgðin mundi nema rúmlega 20 millj. kr., og allt fram í síðasta mánuð var ekki annað fyrirsjáanlegt en að sú upphæð mundi ekki hrökkva og fiskábyrgðin gæti farið allt upp í 25 millj. kr. En þá tókst að ná hagkvæmum samningum við Bandaríkin um að selja það, sem eftir var óselt af hraðfrystum fiski, fyrir ábyrgðarverð með þeim afleiðingum, að ekki þarf að gera ráð fyrir nema 14,5 millj. kr. útgjöldum á þessu ári vegna fiskábyrgðarinnar. Sýnir þetta meðal annars, hve fádæma erfitt það er að áætla með nokkru öryggi hæfilegar fjárhæðir til dýrtíðarráðstafana í því ástandi, sem hér hefur skapazt, þegar sýnt er, að kostnaðurinn við þær mun fara rúmar 11 millj. kr. fram úr áætlun á árinu þrátt fyrir margra milljóna sparnað á einum lið þeirra, fiskábyrgðinni. Gefur þetta nokkra hugmynd um, hversu létt verk það muni vera að framfylgja fjárhagsáætlun Alþ. á þessum tímum eins og allt er í pottinn búið.

Eins og útlitið var um rekstrarafkomu ríkisins fyrri hluta ársins, þótti ríkisstj. nauðsyn bera til að nota heimild fjárlaganna um 35% lækkun á framlögum til verklegra framkvæmda að undanskildri fjárveitingu til nýbyggingar þjóðvega. Er gizkað á, að við þessa ráðstöfun muni sparast 5 til 6 millj. kr.

Ég hef nú bent á, að tekjuskatturinn, þar með talinn stríðsgróðaskatturinn, muni fara um 16 millj. kr. fram úr áætlun og jafna þar með væntanlegan halla á verðtolli og söluskatti, að

einkasölurnar muni koma með 14 millj. kr. tekjur umfram áætlun, auk þess sem aðrir tekjuliðir muni standast áætlun og sumir gefa aukinn hagnað. Mætti því reikna með, að tekjurnar færu allt að 20 millj. kr. fram úr áætlun. Ég hef einnig bent á, að sparnaður við lækkun framlaga til verklegra framkvæmda muni nema um 5—6 millj. kr., en ég tel mjög vafasamt, að sú útgjaldalækkun vegi upp á móti venjulegri umframgreiðslu á flestum liðum fjárl. Hins vegar má telja víst, að vegamál fari 3 millj. kr. fram úr áætlun, kennslumál um 5 millj. kr. og dýrtíðarmál um 11 millj. kr., eða samtals 19 millj. kr., sem samsvarar nokkurn veginn því, sem gert er ráð fyrir, að tekjurnar fari fram úr áætlun.

Ef þessi áætlun stenzt, þarf ekki að búast við verulegum tekjuhalla á þessu ári, en heldur ekki tekjuafgangi, sem skiptir nokkru máli, en það þýðir, að lítið eða ekkert verður til upp í 24 millj. kr. greiðsluhalla fjárlaga þessa árs.

Ég sný mér þá að frv. því til fjárlaga fyrir 1949, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. Eins og ég hef getið hér að framan, varð rekstrarhalli á árinu 1947 um 12.4 millj. kr. Greiðsluhallinn það ár *nemur rúmlega 71 millj. kr.* Þó að ekki sé útlit fyrir, að rekstrarhalli verði á þessu ári, má búast við allverulegum greiðsluhalla og samsvarandi aukningu skulda ríkissjóðs. Mér virðist, að það ætti nú að vera öllum ljóst, að á þessari braut er ekki hægt að halda áfram lengur. Eins og ég gat um í skýrslum mínum til Alþ. í fyrra, hefur þetta ástand skapazt að allverulegu leyti af löggjöf, sem sett hefur verið um margvíslegar framkvæmdir í landinu, án þess að séð væri fyrir nokkru fé til framkvæmdanna, en allt skyldi gert fyrir lánsfé. Hefur verið óhjákvæmilegt að framkvæma mikið af þessu, mest fyrir bráðabirgðalán, sem þegar saman kemur hefur aukið skuldir ríkissjóðs mjög. Þar til koma svo aukin lögboðin framlög ríkisins til kennslumála, landbúnaðarmála, raforkumála, félagsmála o. fl. og loks allir þeir milljónatugir, sem fara í dýrtíðarráðstafanir árlega.

Ég hef einnig bent á, að aukning ríkistekna af ýmsum tekjuliðum fjárlaganna, svo sem tekju- og eignarskatti, verðtolli og hagnaði af einkasölum byggist að verulegu leyti á verðbólgunni í landinu og að þessir tekjuliðir hljóta að dragast saman um leið og jafnvægi kemst á í landinu á milli vöruframboðs og kaupgetu almennings.

Hér verður því að nema staðar, því að annars rekur að því fyrr en varir, að útgjöld ríkisins í vexti og afborganir, sem á fjárlagafrv. nema samtals 23.1 millj. kr., sliga ríkissjóðinn, þannig að lítið eða ekkert verður eftir til óhjákvæmilegra framkvæmda frá ári til árs. Við þetta bætist svo, að sumir tekjustofnar ríkisins, svo sem verðtollurinn, brugðust á þessu ári. Það hefur því verið allt annað en létt verk að koma saman fjárlagafrv., sem gerði ráð fyrir hallalausum búskap jafnframt því sem haldið væri í horfinu um nauðsynlegar framkvæmdir til almenningsheilla. Hefur frv. orðið síðbúið af þessum ástæðum, og má hver lá mér það, sem vill.

Í frv. er gert ráð fyrir, að tekjur ríkisins verði næsta ár 241.2 millj. kr. eða nærfellt 20 millj. kr. hærri en á fjárl. þ. á.; útgjöldin 213.8 millj. kr. og því rekstrarhagnaður, er nemi um 27.4 millj. kr. og 396 þús. kr. greiðsluhalla, samkvæmt sjóðsyfirliti. Er þessari niðurstöðu náð með tvennu móti, lækkun útgjalda á ýmsum liðum fjárlaga og þó einkum á 19. gr.1, dýrtíðarráðstafanir, sem gert er ráð fyrir, að lækki um 16 millj. kr., og mun ég skýra það nánar síðar, en um tekjuliðina vil ég segja þetta: Ekki er gert í frv. ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum, en hins vegar hækkun á söluskatti úr 19 millj. kr. í 34 millj. kr. og verðtollurinn látinn haldast óbreyttur frá síðustu fjárlögum þrátt fyrir mikla tekjurýrnum í ár á þeim lið. Hagnaður af ríkisstofnunum er áætlaður hinn sami og á þessa árs fjárlögum þrátt fyrir fyrirsjáanlegan hagnað í ár, og er það byggt á því, á hve valtan er að róa með þessar tekjur, hvenær sem að kreppir. Tekju- og eignarskattur er áætlaður með sömu fjárhæð og í fjárlögum þ. á., þrátt fyrir það að hann fer mjög fram úr áætlun í ár, en til þess lágu sérstakar ástæður, eins og ég hef áður skýrt. Nú er það vitað, að tvær atvinnugreinar, sjávarútvegur og verzlun, hafa átt erfitt uppdráttar í ár vegna aflabrests á síldveiðum, að því er sjávarútveginn snertir, og innflutningshamla, hvað viðkemur verzlun, svo að alveg er víst, að þeir, sem þessa atvinnu stunda, standa mun verr að vígi að greiða skatta næsta ár en í ár. Sama má að nokkru leyti segja um iðnaðinn, sem hefur orðið fyrir þungum búsifjum fyrir skort á erlendum hráefnum. Vel má vera, að þessi liður sé of hátt áætlaður, og vil ég alvarlega vara hv. þm. alþm. og fjvn. við að gera tillögur til hækkunar á honum.

Þá er gert ráð fyrir, að söluskatturinn hækki í 34 millj. kr. úr 19 millj. kr. á þ. á. fjárlögum. Er þetta sú leið, sem ég hef fundið tiltækilegasta að svo komnu til nauðsynlegrar hækkunar á tekjum ríkisins. Er þetta hugsað þannig, að söluskatturinn verði hækkaður um 100% frá því, sem hann nú er, og þá miðað við, að hann gefi ekki af sér í ár nema 17 millj. kr., eins og áður er skýrt. Þessi tekjuöflunarleið hefur verið reynd um nokkurt skeið í ýmsum löndum og virðist hafa gefið góða raun. Sem dæmi má nefna, að í Bandaríkjunum nemur þessi tekjustofn 30% af heildartekjum af tollum og sköttum, en samkvæmt áætlun fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir, að söluskatturinn sé nema 19% af sömu tekjum.

Eins og söluskatturinn er nú, má segja, að hann skipti litlu máli um hækkun verðlags á nauðsynjum, en við hina fyrirhuguðu hækkun mun þessa að sjálfsögðu verða meira vart, en það verður ekki á allt kosið, þegar til þess kemur að afla nýrra tekna. Enginn getur leyst þá þraut án þess að það komi við við allan almenning í landinu og því áhöld um, hver leiðin sé bezt valin, en ég er auðvitað reiðubúinn að

ræða hverja skynsamlega tillögu, sem fram kann að koma frá hv. alþm. og hnígur í sama farveg.

Um verðtollinn er það að segja, að til þess að áætlun standist, þarf að koma til meiri innflutningur á ýmsum tollháum vörum en var í ár, svo sem vefnaðarvörum, búsáhöldum, rafmagnstækjum og efni, og tel ég nauðsynlegt, að ríkisstj. beiti sér fyrir þeim ráðstöfunum, er til þarf, því að fáist það ekki tryggt í tæka tíð, að nægilega mikið af verðtollsvörum fáist innflutt, svo að réttlætanlegt sé að áætla verðtollinn eins og gert er í frv., er þýðingarlaust að láta þá upphæð standa þar svo háa.

Aðrir tekjuliðir eru svo lítið breyttir, að ekki er ástæða til að ræða þær breytingar, sem gerðar hafa verið, sem eru byggðar á reynslu undanfarinna ára.

Um gjaldahlið fjárlagafrv. er þetta að segja:

Rekstrarútgjöldin eru áætluð 2.7 millj. kr. lægri en í fjárlagafrv. fyrir árið 1948 og 7.2 millj. lægri en sjálf fjárlögin.

Greiðslur samkvæmt 20. gr. áætlast 3.2 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs og útgjöldin því samtals um 4 millj. kr. lægri en í ár. Skal nú vikið að helztu gjaldaliðum frumvarpsins.

Vextir eru áætlaðir um 2 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárl., og munar þar mestu um vexti af lánunum, sem tekin voru hjá bönkunum hér til greiðslu fiskábyrgðanna 1947, og af dollaraláninu, sem tekið var í sumar. En vextir dollaralánsins verða að endurgreiðast af þeim, sem notið hafa lánsins, og koma fram sem tekjur á ríkisreikning síðar. Eru þessir vextir samtals um hálf önnur milljón, en það, sem eftir er af hækkuninni, kemur allt á föst innlend lán.

Vextir af lausaskuldum eru áætlaðir mjög svipaðir sem í ár. Nú hefur alveg nýlega verið tekið 15 millj. kr. lán með nýju formi, þannig að vextirnir eru greiddir eftir happdrættisvinningum. Vaxtafóturinn er 5%. Lánsform þetta virðist vera vinsælt, og seldust öll þau skuldabréf upp, sem boðin voru út. Er nú í athugun, hvort bjóða skuli út meira af slíkum lánum. Fé það, sem inn kemur fyrir happdrættisskuldabréfin, er ætlað til lækkunar lausaskuldum ríkissjóðs, sem segja má, að séu ekki aðrar en yfirdráttarlán í Landsbankanum. Það var með vilja gert að gera ekki ráð fyrir happdrættisláninu í frv., enda sást ekki fyrr en um miðjan október, hve hátt það mundi verða. Þetta skiptir ekki miklu máli, því að lausaskuldirnar hefðu verið áætlaðar því lægri sem happdrættisláninu nam.

Vextirnir af yfirdráttarláninu í Landsbankanum eru 6%. Ég hef þegar gert tilraun til þess að komast að samningum við bankastjórnina um að fá vaxtafót þenna lækkaðan og vil gjarna láta það hér í ljós, að ég tel hann allt of háan, og mun reyna það, sem ég get, til að fá hann lækkaðan.

Um 10. og 11. gr. frv., sem hækka á flestum liðum frá þessa árs fjárl. og samtals um rúmar 3 millj., er það að segja, að mestur hluti hækkunarinnar stafar af því, að liðirnir voru of lágt áætlaðir í fyrra. Reikningar ársins 1947 og reynsla þess, sem af er þessa árs, sýna, að kostnaður við framkvæmdirnar á þessum fjárlagagreinum er allmiklu meiri en gert var ráð fyrir við samning fjárlagafrv. fyrir 1948.

Heilbrigðismálin eru áætluð rúmum 3 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Mikill hluti þessarar hækkunar stafar af því, að tekjur ríkisspítalanna voru of hátt áætlaðar í núgildandi fjárl., en einnig af því að bætzt hafa við fæðingardeild Landsspítalans og viðbót við Kleppsspítalann. Þá mun styrkur til berklasjúklinga og annarra sjúklinga hafa verið of lágt áætlaður í fyrra.

Til vegamála er nú áætluð um 4 millj. kr. lægri fjárhæð en í núgildandi fjárlögum. Ég hef ekki treyst mér til að leggja til, að meira verði veitt til nýrra akvega en 3 millj. kr., en í ár eru veittar rúmar 6.7 millj. Til viðhalds eru í frv. teknar 9 millj., jafnhá fjárhæð sem í ár, en ég vil taka fram, að þrátt fyrir aðvörun fjmrn. í vor hefur verið unnið að viðhaldi og endurbótum á þessu ári fyrir nokkru hærri fjárhæð en áætluð er, og telur vegamálastjóri í tillögum sínum til fjárlagaáætlunarinnar, að ekki verði komizt af með minna en 12.5 millj. kr. til vegaviðhaldsins í ár. Nú verður þetta að vera öðruvísi á næsta ári. Annaðhvort er að veita ákveðna fjárhæð til viðhaldsins, sem ekki verði áætlunarfjárhæð, og sé þá það viðhald látið sitja á hakanum, sem ekki næst með fé því, sem veitt verður, eða áætla viðhaldið eins og ætla má, að það verði, og draga enn úr nýbyggingum á vegum. Að sjálfsögðu er miklu meiri hagsýni í því að skipta ekki í allt of marga staði fjárveitingu hvers árs til nýrra akvega, enda gleypir flutningur á verkafólki og vinnutækjum landshorna á milli óhemju fé og dýrmætan tíma.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta eru í frv. ætlaðar kr. 4.500.000.00, ósundurliðað, og tillag til hafnarbótasjóðs kr. 300.000.00 samkvæmt 2. gr. laga nr. 93 1943. Samkvæmt sömu lögum hvílir á ríkissjóði sú skylda að endurgreiða hafnarbótasjóði á þremur árum það fé, sem úr honum er veitt til viðbótar fjárlagaframlaginu til hafnargerða. Með lagasetningu þessari er í rauninni verið að sniðganga fjárl. og látið á þann veg í vald annars aðila en fjárveitingavaldsins, hve mikið fé er notað til þeirra mannvirkja, er hér um ræðir. Vil ég benda hv. fjvn. á, hvort hún sjái ekki ástæðu til að fá þessari löggjöf breytt.

Kostnaður við kennslumálin er í frv. áætlaður um 28.5 millj. kr. og er það hækkun frá núgildandi fjárl. um tæpar 1.2 millj. Samt sem áður er nú veitt 2.5 millj. kr. lægri fjárhæð til byggingarstyrkja heldur en er í fjárl. þessa árs. Mismunurinn liggur að mestu leyti í því, að kostnaðurinn var of lágt áætlaður í núgildandi fjárl., og má sjá í aths. við frv., hvernig á því stendur.

Til landbúnaðarmála er nú lagt til, að veittar verði 20.5 millj. króna á móti 16.8 millj. í fjárl. þessa árs. Er hér um að ræða hækkun

um 3.7 millj. kr. Það er nú svo með útgjöld þessi til landbúnaðarmálanna að þau eru öll svo rígbundin með lögum, að fjmrh. er minna svigrúm veitt til þess að draga úr þeim en mörgum öðrum jafnnauðsynlegum gjaldaliðum, ef fjárhagsafkoma ríkissjóðs kynni að krefjast þess. Hækkunin stafar bæði af of lágri áætlun á fjárl. þessa árs og því, að samkvæmt lögum frá síðasta Alþ. hafa ríkissjóði verið lagðar allmiklar greiðsluskyldur á herðar til viðbótar því, sem áður var. Þá var með lögum frestað að greiða í ár 1 milljón af framlagi til bygginga- og landnámssjóðs, sem eðlilega er tekið upp í þetta frv. sem lög standa til.

Kostnaðurinn við raforkumál lækkar um 800.000 kr. frá fjárl. þessa árs. Við þetta er það að athuga, að í fjárl. fyrir 1948 var gert ráð fyrir miklu meiri framkvæmdum og kostnaði en raun varð á. Það er rétt að geta þess hér, að framkvæmdirnar í raforkumálunum hljóta að verða að hægja á sér, meðan ekki fást innflutt nægileg tæki til þess að hagnýta raforku þá, sem þegar er fyrir hendi. Svo sem sjá má í aths. við frv. verður ríkissjóður nú að hlaupa undir bagga með raforkufyrirtækjum, sem ætla má, að gætu borið sig, ef hægt væri að hagnýta orkuna til fulls.

Framlagið til alþýðutryggínganna er í frv. áætlað mjög svipað sem í ár, og er þá enn gert ráð fyrir því, að frestað verði kafla almannatryggingalaganna um heilsugæzlu.

Til dýrtíðarráðstafana eru í frv. áætlaðar 33 millj. kr. — Þegar athugað er, að á árinu 1947 fóru yfir 60 millj. kr. til þessara útgjalda og að á yfirstandandi ári má búast við, að um 66 millj. þurfi í sama skyni, má réttilega segja, að þessi upphæð sé allt of lágt áætluð, ef gert sé ráð fyrir sams konar niðurgreiðslum og uppbótum áframhaldandi. Mér virðist orðið óhjákvæmilegt að draga úr greiðslum ríkissjóðs vegna dýrtíðarráðstafana, í fyrsta lagi vegna þess, að það er sýnilega ekki hægt að halda áfram sívaxandi greiðslum á þessu sviði. Fjárhagsafkoma ríkissjóðs á árinu 1947 er þess ljós vottur, að þessar greiðslur meðal annarra vaxa gjaldgetu ríkissjóðs yfir höfuð. Í öðru lagi eru sumar þeirra, t. d. neytendaniðurgreiðslur á kjöti, sem kosta orðið 20 millj. kr. árlega, mjög vafasöm ráðstöfun, og má geta þess hér, að í fjmrn. liggja fyrir upplýsingar um framkvæmdina sums staðar á landinu á þessum lið dýrtíðarráðstafanna, er sýna, að full þörf er endurskoðunar á þessum sérstöku aðferðum í sambandi við dýrtíðarmálin.

Í sambandi við þá grein fjárlagafrv., sem hér ræðir um, þ. e. 19. gr., vil ég enn fremur minnast á fundarályktun aðalfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem haldinn var síðari hluta október þ. á., þar sem meðal annars voru gerðar kröfur um stórum hærri ábyrgðargreiðslur á bátafiskinn en nú á sér stað, svo háar, að ekki verður séð, að neitt vit væri í því að leggja svo miklar skuldbindingar á ríkissjóð, nema þá að aðrar og afdrifaríkari ráðstafanir væru gerðar á öðrum sviðum, annaðhvort varðandi tekjuöflun eða lækkun annarra útgjalda ríkissjóðs og á fleiri sviðum en átt hefur sér stað fram að þessu.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á þá leið, sem þessi aðalfundur L. Í. Ú. fór fram á, að farin yrði til að uppfylla þær kröfur um hærra verð á fiski, er uppi voru á fundinum og náðu samþykki hans. Þar var sem sé bent á, að útflytjendum yrði gert kleift að greiða þetta verð með því að leggja mismuninn á viðurkenndu framleiðsluverði og söluverði afurðanna á þær vörur eða hluta af þeim, sem keyptar yrðu fyrir andvirði ákveðinna útflutningsafurða.

Aðrir hafa orðað þá hugsun, er hér virðist liggja að baki, á þann hátt, sem getur borið að sama brunni, sem sé að ákveðinn hluti af andvirði íslenzkra afurða seldra erlendis, sem notaður væri til innkaupa á öðrum vörum en matvörum eða öðrum brýnum lífsnauðsynjum, væri seldur við hærra verði en er samkv. núgildandi gengisskráningu, en þá um leið leyft að flytja inn fyrir þann gjaldeyri, er þannig væri til kominn, ýmsar þær vörur, sem eru mjög eftirsóttar af almenningi og ekki tilheyra þeim vöruflokkum, sem lagðir eru til grundvallar við útreikning vísitölu á hverjum tíma. Auðvitað yrði allur slíkur innflutningur að heyra undir afskipti innflutningsyfirvaldanna, meðan innflutningshöft eru í gildi.

Þessi leið, og ef til vill aðrar leiðir, sem á er bent til þess að finna starfsgrundvöll fyrir bátaútveginn á annan veg en þann að greiða útflutningsuppbætur úr ríkissjóði, kann að þykja varhugaverð að einhverju leyti. Ég efast engan veginn um, að eitthvað megi að henni finna, en þegar svo er ástatt sem raun ber vitni, bæði hvað getu ríkissjóðs snertir til að standa undir áframhaldandi uppbótargreiðslum á útflutningsafurðirnar og þegar þar við bætist, að talað er um stórfellda hækkun á fiskábyrgðarverðinu, tel ég rétt og enda skylt fyrir hið háa Alþ. að taka til athugunar, hvort þennan vanda framleiðendanna megi ekki leysa að minnsta kosti að einhverju leyti eftir öðrum leiðum en þeim, er farnar hafa verið til þessa.

Frá sjónarmiði ríkissjóðs væri tvennt unnið við það að hækka útflutningsverð afurðanna þann veg, er hér hefur verið bent á. Í fyrsta lagi losnaði ríkissjóður framvegis við þau útgjöld, er leiðir af greiðslu útflutningsuppbótanna á fiskafurðir og kjöt og í öðru lagi fengi ríkissjóður auknar tekjur af þeim aukna vöruinnflutningi, er af slíkum ráðstöfunum mundi leiða. Ég mun gera að tillögu minni, að niðurgreiðslurnar á innlendum afurðum verði færðar í það horf, er viðráðanlegra sé fyrir ríkissjóð en nú er, og að rannsakað verði til hlítar, hvort ekki megi fá sæmilegan starfsgrundvöll fyrir bátaútveginn eftir þeim leiðum, sem hér hefur verið á drepið, og þá án stórfelldra fjárútláta beint úr ríkissjóði. Mætti það verða til þess, að sú upphæð, sem sett hefur verið í frv., fengi staðizt.

Undir sömu grein, 19. gr., er í þetta skipti tekin ný útgjaldaupphæð inn í frv., sem er 6 millj. kr. upphæð til stuðnings bátaútveginum

vegna veiðibrests á þessu ári, og er þá einkum átt við hina misheppnuðu síldarvertíð á s. l. sumri. Mér þótti skylt þegar í haust, er séð varð, hversu fara mundi hjá bátaútvegsmönnum, er stunduðu síldveiðarnar, að skipa þar til hæfa menn, er fyrst og fremst höfðu það verkefni að safna upplýsingum um afkomu þeirra báta, er höfðu stórtapað á sumrinu við síldveiðarnar. Jafnframt sneri ríkisstj. sér bæði til Landsbankans og útvegsbankans og fór mjög eindregið fram á það, að hvor bankinn fyrir sig gerði sitt ýtrasta til að létta undir með sínum viðskiptamönnum til að leysa sjóveðs- og aðrar lögveðskröfur á venjulegum viðskiptagrundvelli, án þess að ábyrgð ríkissjóðs kæmi til. Var þá haft fyrir augum að freista þess að aðstoða þá, er út undan kynnu að verða, á þann hátt, ef nokkur tök væru á. Ráðuneytinu barst hinn 20. okt. skýrsla frá þeirri nefnd manna, er fyrir ríkisstj. hönd hafði áðurgreinda athugun á afkomu bátaútvegsins með höndum. Var þar skýrt frá því, að reikningar hefðu borizt frá eigendum 134 báta, er síldveiðar stunduðu, og að samkv. þessum skýrslum eða reikningum hefðu rekstrartöp báta þessara numið samtals rúml. 12 millj. kr., en þar af væru lögveðs- og sjóveðskröfur 8.6 millj. kr. Bankarnir höfðu þegar veitt 32 bátum nauðsynleg lán og leyst sjóveðs- og lögveðskröfur af þessum bátum, er næmu um 1.4 millj. kr. Loks taldi n., að veita þyrfti aðstoð eða hjálp til að létta af bátaflotanum sjóveðs- og lögveðskröfum að fjárhæð ca. 6 millj. kr. Hér er vissulega um sannkallað vandræðaástand að ræða, því að allir þeir sjómenn, sem hér um ræðir, hljóta að hafa stóran baga af því að fá ekki kaup sitt greitt, og er það því allstór hópur manna, sem í viðbót við útgerðarmennina sjálfa býður eftir einhverri lausn á þessum málum. Við þetta bætist svo það, að þær áhyggjur og vandræði, sem útvegsmenn og sjómenn hafa af töpunum frá í sumar, eru þeim vitanlega fjötur um fót, að því er snertir undirbúning undir nýja vertíð, hvort heldur er til síldveiða eða annarra veiða.

Eins og kunnugt er hefur ríkissjóður tvisvar áður orðið að rétta síldveiðiflotanum hjálparhönd undir svipuðum kringumstæðum, þ. e. a. s. árið 1945 og svo s. l. ár. Voru teknar 5 millj. kr. að láni hvort árið fyrir sig í þessu skyni. Þar að auki undirgekkst ríkisstj. í sumar gagnvart bönkunum að standa undir nokkrum ábyrgðum af rekstrarlánum til bátanna, er viðbúið var, að ýmsir hlytu að gefast upp sökum fjárskorts, áður en eðlileg vertíðarlok væru komin. Að þessu sinni má segja, að ástandið hafi verið öllu alvarlegra en nokkru sinni fyrr, og vitaskuld mest af því, að erfiðara er um vik í þessum málum, þegar miklir skuldabaggar hvíla á ríkissjóði vegna kreppulána fyrri ára.

Í fjárlagafrv. því, er hér liggur fyrir, hefur að sjálfsögðu orðið að taka til greina vexti og afborganir af þeim lánum, er áður hafa verið tekin í þessu skyni, og taldi ég því réttara að taka hreinlega inn á rekstrarreikning frv. þá upphæð, er að dómi n., sem áður getur, var talin nauðsynleg til að leysa sjóveðs- og lögveðskröfur af bátunum í þetta sinn, heldur en að vega í hinn sama knérunn og áður og binda ríkissjóði nýja skuldabagga af þessum ástæðum. Það leiðir af sjálfu sér, að aðstoð, er hér um ræðir, í hvaða formi sem hún verður veitt útvegsmönnum þeim, er í hlut eiga, verður að vera afturkræf, svo framarlega sem þeim, er hennar njóta, vex svo fiskur um hrygg, að þeir séu þess megnugir að endurgreiða hana.

Þeir, sem kynnu að líta svo á, að ég hafi hér gert annað eða meira en skyldan býður með því að taka þá fjárhæð, er hér um ræðir inn á rekstrarreikning frv., þurfa að athuga það, að hér er yfirvofandi stöðvun fjölda báta af fyrrgreindum ástæðum og að hundruð sjómanna eiga sumarkaup sitt að minnsta kosti að einhverju verulegu leyti ófengið og að ekki er verjandi að láta slíkt afskiptalaust. Í þessu sambandi vil ég enn fremur geta þess, að fari svo sem til er ætlazt samkv. frv. og ríkisvaldið veiti þann atbeina, er hér um ræðir vegna sjóveðs og lögveðsskulda, er á þessum hluta bátanna hvílir, tel ég þá skyldu hvíla á bönkum landsins, þeim er útvegsmenn skipta við, að sjá þeim farborða með rekstrarlán fyrir næstu vertíð, hvort heldur sem um síldarvertíð eða þorskvertíð er að ræða, og að ríkisvaldið geti með enn þyngri rökum krafizt þess af bönkunum, þegar það sjálft hefur virkar aðgerðir með höndum til að létta þá kreppu, sem bátaútvegurinn er í. Þótt þessi upphæð sé nú tekin inn í fjárlagafrv. stj., verður naumast hjá því komizt að fá lán til bráðabirgða til hjálpar bátunum. Veltur því nú þegar mjög á því, hverjar viðtökur þessi till. fær hjá hv. þm. og fjvn.

Afborganir af lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana eru nú áætlaðar 16,6 millj. kr., rúmum 5 millj. kr. hærri en í fyrra. Í fjárhæð þessari er innifalin afborgun af fiskábyrgðarlánum, 7.6 millj. kr., en hins vegar er engin afborgun áætluð af lausaskuldum. Ef þeim verður breytt í föst lán, svo sem þegar hefur verið gert að nokkru leyti með happdrættisláninu, verður að áætla enn meira fé til afborgana, því þó að t. d. happdrættislánið eigi fyrst að greiðast upp að 15 árum liðnum, verður að leggja til hliðar á hverju ári til afborgana af því.

Þá er að geta útgjaldaliðs í fjárlagafrv., sem nýlunda er að sjá þar. Á undanförnum árum hefur verið hlaðið á ríkissjóð svo miklu af ábyrgðum, að óhugnanlegt er, og nú eru afleiðingarnar farnar að koma í ljós. Í ár verður ríkissjóður að greiða svo milljónum skiptir vexti og afborganir af lánum, sem hann hefur ábyrgzt og lántakendur hafa engin tök á að greiða. Er áætlað, að ríkissjóður muni þurfa að greiða um 4 millj. kr. á næsta ári vegna ábyrgða, og líkurnar fyrir því, að ríkissjóður fái þetta fé endurgreitt, eru ekki miklar.

Úr fjárveitingum til byggingarframkvæmda ríkissjóðs sjálfs og ríkisstofnana hefur orðið að draga mikið og meira en æskilegt hefði verið. Er í athugasemdunum gerð grein fyrir

því, sem út undan hefur orðið af tillögunum til byggingarframkvæmdanna.

Rekstrarútgjöldin samkv. frv. eru meiri en tíu sinnum hærri en rekstrarútgjöldin samkv. ríkisreikningi 1939 og 90 millj. kr. hærri en rekstrarútgjöldin samkv. ríkisreikningi 1944, svo að tekið sé til dæmis það ár. Með samanburði ríkisreikningsins 1944 við frv. sést, að hækkunin hefur orðið langmest á kennslumálum og félagsmálum, og er þetta að því leyti til iskyggilegt frá fjárhagslegu sjónarmiði, að útgjöld þessi, sem nú nema samtals meira en fjórðungi heildarútgjaldanna, eru bundin við kerfi, sem lögfest er með ýtarlegri löggjöf, og er erfitt að draga úr þeim, þótt illa árí.

Árið 1939 námu þessi útgjöld samtals um 15% af heildarútgjöldunum og árið 1944 um 20%, en nú sem sagt yfir 25%.

Ég hef nú með því, sem hér hefur verið sagt, gert hv. alþm. grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1947 eftir þeim gögnum, er fyrir liggja í reikningum þess árs. Enn fremur hef ég lýst rekstrarafkomu yfirstandandi árs eins og vænta má, að hún verði. Að vísu hefur orðið að áætla nokkuð útkomu síðara ársfjórðungsins, og rétt er að hafa það hugfast, að ekkert verður fullyrt í þessu fyrr en endanlegar niðurstöður liggja fyrir. Varðandi þær niðurstöðutölur, sem afkoma þessara ára sýnir og kann enn að sýna, er rétt að taka það fram, að bæði fyrirrennari minn í þessu embætti og ég höfum við meðferð fjárlagafrumvarpanna varað við þeirri hættu, er hlyti að leiða af þeim síhækkandi útgjöldum, sem hlaðið hefur verið á ríkissjóð með margvíslegum lagasetningum og ábyrgðum. Alþ. hefur hingað til ekki tekið slíkar aðvaranir fjmrh. mjög hátíðlega. Þarfirnar hafa verið margar, og allir flokkar þingsins hafa viljað eigna sér sem mest af þeim umbótum og framförum, sem talið hefur verið, að fengjust með lagasetningunum á ýmsu sviði undanfarin ár, en hins hefur minna verið gætt, að þeir baggar, sem bundnir hafa verið ríkissjóði, kynnu að verða of þungir, ef nokkuð bæri út af. Nú er það komið í ljós, svo að ekki verður á móti mælt, að Alþ. hefur reist ríkissjóði hurðarás um öxl með löggjöf síðari ára.

Loks hef ég rökstutt þær tillögur um tekjur og gjöld, er felast í frv. því til fjárl. fyrir 1949, sem hér er nú til umræðu, og leitazt við að vekja athygli hv. alþm. á hag og horfum í fjármálum ríkisins. Hef ég sérstaklega bent á nauðsyn þess, að aftur verði reynt að ná hallalausri afkomu. Í þessu sambandi hef ég lagt áherzlu m. a. á hina ríku þörf, sem orðin er á breytingu á fyrirkomulagi á niðurgreiðslum innanlands vegna dýrtíðarinnar og á því að minnka beinar greiðslur úr ríkissjóði til þess að mæta hallarekstri bátaútvegsins. — Auðvitað á aflabrestur og vaxandi verðbólga sinn stóra þátt í erfiðleikum ríkissjóðs.

Hvað sem líður orsökum og afleiðingum þeirra fjárhagsörðugleika, sem nú blasa við, vil ég enn leggja höfuðáherzlu á það, að gengið verði frá greiðsluhallalausum fjárl. fyrir næsta ár, svo að komizt verði hjá frekari skuldasöfnun.

Ég vil svo mælast til þess við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Forseti (JPálm): Nú hefur hæstv. fjmrh. lokið máli sínu, og tekur nú til máls fulltrúi Framsfl., hv. 1. þm. Rang., og talar í 15 mín.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Alþingi er nú búið að hafa setu í tæpan mánuð og nú fyrst fer 1. umr. fjárl. fram. Einhvern tíma hefði það þótt óeðlilega langur dráttur á því, að fjárlagafrv. kæmi fyrir augu hv. þm., en um það skal ekki sakazt, ég býst við að hv. ráðh. hafi sínar afsakanir í því efni. Ég þykist vita, að það hafi ekki verið létt verk að undirbúa frv., svo að vel færi, ástandið í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar er þannig, enda ber frv. það með sér á ýmsan hátt.

Enn þá hækka fjárl. allverulega frá því í ár. Í frv. er gert ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs, og ef að venju lætur, munu þau ekki lækka í meðförum Alþingis. Enn þá er þjóðinni íþyngt með nýjum sköttum. Í frv. er áætluð 15 millj. kr. hækkun á söluskatti. Til þess verður að fá eina lagaheimild enn þá. Auk þess er gert ráð fyrir auknum tollum í trausti þess, að meira verði flutt inn á næsta ári af tollavörum, eins og vefnaðarvöru, en verður á þessu ári.

Það má með sönnu segja, að þetta komi engum á óvart, sem fylgzt hefur með og gert sér grein fyrir, hvert stefndi í fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar undanfarin ár. Það var vitað mál, að afleiðing af þeirri stefnu hlaut að verða síhækkandi fjárlög, hraðvaxandi hækkun á rekstrarútgjöldum ríkisins ásamt vaxandi álögum á þegna þjóðfélagsins, samfara minnkandi getu ríkisins til nauðsynlegra verklegra umbóta og aðstoðar í þágu atvinnuveganna. Allt þetta kemur berlega í ljós við athugun á fjárlagafrv., sem hér er til umræðu. Fjárl. hækka, eins og ég hef áður sagt, um 20 millj. kr., og rekstrarútgjöld ríkisins hækka um margar milljónir. Nýir skattar eru áætlaðir 15 millj. kr., og framlög til verklegra framkvæmda og önnur aðstoð við atvinnuvegina áætluð mörgum millj., jafnvel milljóna tugum lægri en í yfirstandandi fjárlögum. Við vitum þó, að atvinnuvegirnir standa að ýmsu leyti höllum fæti, að minnsta kosti mikill hluti bátaútvegsins á í miklum þrengingum og hefur farið fram á stóraukna aðstoð ríkisins, ef ekki á allt að stöðvast á komandi vertíð.

Ég áfellist ekki hæstv. ráðh., þó að svona hafi farið með undirbúning fjárlagafrv. Ég veit, að hann hefur gert það eins vel úr garði og honum var unnt, enda þótt ég sé honum mjög ósammála um ýmis ákvæði frv., og mun ég víkja að því síðar. Nei, sökin liggur í stjórnarstefnu undanfarinna ára og hvernig Alþ. og ríkisstj. hefur haldið á þessum málum hin síðari ár, og þar á náttúrlega hæstv. ráðh. sinn þátt í, ásamt mörgum öðrum.

Við fyrstu sýn lítur fjárlagafrv. sæmilega út, þar er gert ráð fyrir 27 millj. kr. rekstrarafgangi og greiðsluhalli á sjóðsyfirliti mjög óverulegur, en við nánari athugun kemur brátt í ljós, að þar virðist vanta stóra útgjaldaliði, sem eins og sakir standa virðist óhjákvæmilegt að taka tillit til og að öllu óbreyttu inna af hendi háar fjárhæðir á næsta fjárlagaári. Í þessa árs fjárl. er 55 millj. kr. varið í þessu skyni til dýrtíðarráðstafana, til niðurgreiðslu á vörum innanlands og í útflutningsbætur á bátafiski. Í frv. er í þessu skyni gert ráð fyrir 33 millj. kr. til niðurgreiðslu á vörum innanlands og 6 millj. kr. til styrktar bátaútveginum frá síðustu síldarvertíð. Ekkert bendir til þess, að unnt verði að hafa þessa upphæð lægri en á yfirstandandi ári. Það er vitað, að bátaútvegurinn telur sig þurfa að fá mun hærra ábyrgðarverð en áður og auk þess þarf hann, eins og áður segir, á allverulegri hjálp að halda, ef útgerðin á ekki að stöðvast. Það er því sýnt, að þessi áætlaða upphæð er allt of lág, nema ríkisstj. og Alþ. ætli annaðhvort að draga úr niðurgreiðslum að miklum mun og hætta að ábyrgjast bátafiskinn — það er vissulega leið fyrir sig, en allmikilli röskun mundi hún valda að minnsta kosti fyrst um sinn í atvinnulífi þjóðarinnar — eða að öðrum kosti niðurfærslu dýrtíðarinnar, um aðrar leiðir virðist ekki vera að ræða.

Ég mun nú lítillega minnast á hinar einstöku greinar frv. Um tekjuáætlunina er það að segja frá mínum bæjardyrum séð, að hún mun vera áætluð til hins ýtrasta og ekki má mikið út af bregða til þess, að þær tekjur, sem þar er gert ráð fyrir, komi til skila á næsta ári, enda þótt Alþ. samþykki hækkun söluskattsins. Það er því sýnt, að Alþ. geti ekki nú, eins og svo oft áður, gripið til þess úrræðis, þegar í harðbakkann slær, að hækka tekjuáætlunina. Nú virðist þoginn vera spenntur svo hátt, að ekki er með neinu móti hægt að gera sér vonir um meira fé, nema nýir tekjustofnar komi til, og má búast við, að þeir verði vandfundnir.

Við athugun á gjaldabálki frv. kemur í ljós, eins og ég gat um áður, stórkostleg hækkun á rekstrarútgjöldum ríkisins. Nægir í því sambandi að nefna framlög til stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar. Til þessara aðila er gert ráð fyrir tæpri millj. kr. hækkun á næsta ári.

Til dómgæzlu og lögreglustjórnar nemur hækkunin rúmri milljón, og til innheimtu skatta og tekna er gert ráð fyrir tæpri millj. kr. hækkun frá því, sem er á þessa árs fjárl. Svona mætti lengi telja, en ekki er tími til að tína meira fram að þessu sinni.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir rúmar 7 millj. kr., og er það rúmlega 2 millj. kr. hækkun frá því, sem nú er. Auk þess eru áætlaðar 4 millj. kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, en eru nú í vanskilum. Þessar tölur þurfa engra skýringa við, þær tala sínu máli.

Á s. l. vetri skipaði ríkisstj. svokallaða sparnaðarnefnd. Í henni eiga sæti nokkrir skrifstofustjórar í stjórnarráðinu og ríkisbókari. Auk þeirra tóku á s. l. vori tveir alþm. sæti í n. þeim til aðstoðar. N. þessi á að athuga allan rekstur ríkisins og stofnana þess og gera rökstuddar tillögur til ríkisstj. um sparnað í ríkisrekstrinum eins og nafnið bendir til. Það skal fúslega játað, að þetta er erfitt verk, seinunnið og vandasamt, enda hefur verið furðu hljótt um n. þessa, og víst er um það, að ekki ber fjárlagafrv. það með sér, að n. þessari hafi orðið mikið ágengt í starfi sínu fram að þessu. N. sú mun starfa enn þá, og vonandi getur hún, þegar farið verður að vinna að afgreiðslu fjárl., gefið fjvn. ýmsar upplýsingar og bent á úrræði til sparnaðar á rekstri þjóðarbúsins, og er þess að vænta, að góð samvinna takist með n. og hv. fjvn.

Það er kunnugt, eins og ríkisbáknið er orðið umfangsmikið og útþenslan gífurleg á öllum sviðum, að það er ókleift fyrir fjvn. og Alþ. að fylgjast með þeirri þróun og dæma um, hvort í þessari eða hinni starfsgreininni er um óeðlilega útþenslu að ræða. 1938 var sá háttur upp tekinn af þáv. fjmrh. að láta prenta með fjárlagafrv. skrá yfir alla starfsmenn hinna einstöku stjórnardeilda og ríkisstofnana, þar sem tilgreint var starf og launaupphæð hvers starfsmanns fyrir sig. Þetta var ágæt og nauðsynleg regla, sem hjálpaði til að skapa visst aðhald um fjölgun starfsmanna, þá gat fjvn. og Alþ. fylgzt með þróun þessara mála og borið saman starfsmannaskrá frá ári til árs. En þetta fyrirkomulag var aðeins viðhaft í 3 ár og fellt niður, er Eysteinn Jónsson lét af störfum fjmrh. Síðan hefur reynzt mjög erfitt og oftast ókleift að fá fullt yfirlit yfir starfsmannahald ríkisins og launakjör þess, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fjvn. Ég get ekki skilið þá þrákelkni og andstöðu fjmrn. að verða við þessari sjálfsögðu kröfu Alþ., og ég sé ekki annað ráð, ef ekki fæst úr þessu bætt, en að fjvn. beinlínis neiti að vinna að afgreiðslu fjárl. fyrr en fyrir liggur nákvæm starfsmannaskrá fyrir síðustu 2—3 ár, þar sem fram er tekið laun, auka- og eftirvinna hvers einasta starfsmanns ríkisins og stofnana þess, svo að fjvn. og Alþ. fái fullt yfirlit yfir þessi mál og geti fylgzt með því, hvort fylgt sé ákvæðum launalaga. Með þessu frv. fylgir skrá yfir alla þá, sem eftirlaun taka samkv. 18. gr. fjárl., glögg og greinargóð, en það er ekki nóg, að það verði. Það þarf að koma skrá yfir alla hina, sem taka laun samkv. öðrum greinum frv.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir stórfelldri lækkun til verklegra framkvæmda. Til nýrra akvega nemur lækkunin tæpum 4 millj. kr., í frv. er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í þessu skyni. Til notendasíma í sveitum nemur lækkunin ½ millj., til brúargerða er gert ráð fyrir 750 þús. kr. lækkun og til bygginga skólahúsa nemur lækkunin í frv. 2½ millj., og til raforkuframkvæmda er gert ráð fyrir 1 millj. kr. lækkun, úr 2 millj. í 1 millj. Þetta er samtals tæpar 9 millj. kr., sem í þessum liðum er gert ráð fyrir, að sparað verði á næsta ári miðað við fjárveitingar yfirstandandi árs. Auk þess er um allverulegar lækkanir að ræða á öðrum liðum, sem hér verður ekki talið upp.

Ég get vel fallizt á það með hæstv. ráðh., að nauðsynlegt sé fyrir okkur að horfast í augu við þá staðreynd, að lækka verði eitthvað framlög til verklegra framkvæmda sökum fjárhagsörðugleika ríkissjóðsins, en ég er þess fullviss, að við megum ekki, ef við ættum að komast aftur úr kútnum, grafa undan atvinnuvegum vorum, hvorki til lands né sjávar. Það er lífsnauðsyn okkar nú að hlynna að þeim eftir föngum, allt annað verður að þoka til hliðar. Allt er undir því komið, að atvinnuvegirnir eflist frá því, sem nú er. Það verður því að spara á öðrum sviðum. Ég veit það, að nú verðum við mjög að draga úr byggingaframkvæmdum þess opinbera, þótt bráðnauðsynlegar séu.

Vegirnir eru sannarlega lífæðar framleiðslunnar í sveitum landsins, og bættar samgöngur eru frumskilyrði þess, að hægt sé að reka landbúnað, eins og nú er komið framleiðsluháttum. Vegirnir eru jafnnauðsynlegir fyrir bóndann og hafnargerðir og lendingarbætur fyrir útvegsmanninn. — Nú á seinni árum eru hafin feikna átök í ræktun í sveitum landsins, virkar vélar vinna dag og nótt að þurrkun og ræktun landsins, og vonir standa til, að þessar umbætur geti haldið áfram og aukizt stórlega með auknum vélakosti. Allar þessar miklu framkvæmdir byggjast á því, að unnið verði af ríkisins hálfu kappsamlega að bættum samgöngum og aukinni vegagerð í sveitum landsins. Mig setti hljóðan, er ég sá í fjárlagafrv., að hæstv. ráðh. leggur til, að framlög til nýrra þjóðvega verði lækkuð um meira en helming frá því, sem veitt var á þessu ári í því skyni, og í aths. hæstv. ráðh. við þessa fjárveitingu segir, að þær 3 millj. kr., sem áætlað er að verja til nýrra vega, skuli eingöngu nota til aðalvega á langleiðum, en ekkert af því skuli renna til nýrra vega í dreifbýlinu. Hæstv. ráðh. telur það hið mesta óráð að verja nokkru fé til smávegagerða víðsvegar um landið eins og hann orðaði það í aths. Er það virkilega meining hæstv. ráðh., að hætt skuli við að leggja og endurbæta vegi um dreifbýlið? Hæstv. ráðh. segir, að með því sparist mikið fé. Það er nú svo. Er það sennilegt, að þessi litla þjóð með fjárlög að upphæð 241 millj. kr., sem telur sig geta veitt sér þann munað að verja til rekstrar ríkisbáknsins yfir 100 millj. kr., sem telur sig hafa efni á því að hafa sendiherra og rándýr sendiráð í svo að segja öðru hverju landi álfunnar, veitir sér þann luxus að senda stórhópa af fólki til alls konar íþrótta- og söngmóta og alls konar funda og ráðstefna víðs vegar um heim, sumpart fyrir ríkisfé eða styrk af ríkinu, — er það sennilegt, að hjá henni sé aðalúrræðið, sem bent er á, að skera sundur lífæð elzta, virðulegasta og öruggasta atvinnuvegar landsins. Ef landbúnaðinum blæðir út, þá er ég hræddur um, að fleira fari á eftir í þessu þjóðfélagi. Hér er ekki unnt að slaka á klónni, við verðum að herða sóknina til styrktar atvinnuvegunum með því eins og að undanförnu að veita fé til vegagerða, brúarsmíða, hafnarbóta, rafmagns o. fl.

Ég er sammála hæstv. ráðh. í því, að nauðsynlegt og skylt er af Alþ. að afgreiða fjárl. rekstrarhallalaus. En það er auðsætt, að á frv. verður að gera mikla breytingu og tilfærslur frá því, sem nú er, og vonandi tekst Alþ. það, svo að viðunandi megi teljast.

Forseti (JPálm): Þá hefur fyrri fulltrúi Framsfl., Helgi Jónasson, lokið máli sínu. Næstur tekur til máls síðari fulltrúi Framsfl., Halldór Ásgrímsson, og hefur 12 mínútur til umráða.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það má öllum vera ljóst, að myndun núverandi ríkisstj. var á sínum tíma svo aðeins möguleg, að þeim mönnum fór óðum fjölgandi, þótt of seint væri, sem sáu, að aðvaranir þeirra voru réttar, sem látlaust höfðu bent á, að skefjalaus verðbólga, skipulagslitil og meira og minna vanhugsuð fjárfesting, ásamt hóflausri fjármunaeyðslu, skapaði slíkt ástand, sem hlaut að verða flestu því heilbrigðasta hjá þjóðinni fjötur um fót og ógnaði fjárhagslegu öryggi hennar. — Að í þessum efnum hafði svo að segja á elleftu stundu verið reynt að spyrna við fótum, sést bezt, ef athugað er, hvernig hag ríkissjóðs og sjávarútvegsins var raunverulega komið í árslok 1946, og hvers konar rekstrarskilyrði blöstu þá yfirleitt við atvinnuvegum landsmanna. — Bátaútvegurinn var þá þegar svo illa kominn fjárhagslega, að ekki var um annað að ræða en að ríkissjóður kæmi honum til hjálpar með því að ábyrgjast lágmarksverð aflans. Og eftir því sem verðbólgan hefur lengur haldizt, samfara aflabresti á síldveiðum, eftir því hefur ríkissjóður þurft að taka á sig meiri og meiri fjárhagslegar byrðar í þessu efni. Og nú er svo komið, að sýnt er, að sú hjálp hefur ekki dugað, þar sem í fjárlagafrv. því, sem nú hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir 6 millj. kr. styrk til bátaútvegsins til þess að létta af sjóveðum og öðrum brýnustu kröfum, sem á hvíla.

Ég tel, að útgerðarmenn verði ekki sakaðir um, hvernig komið er í þessu efni. Þeir bera ekki ábyrgð á því fjármálaöngþveiti, sem hér fékk óhindrað að þróast þar til viðnám var hafið gegn því af núverandi ríkisstj. — Það er því ekki óeðlilegt, að útgerðarmenn geri kröfu til þess opinbera um hjálp í þeim fjárhagserfiðleikum, sem að þeim hafa steðjað. — Óttast má, að yfir stórútgerðinni vofi svipaðir erfiðleikar og nú hafa dunið yfir bátaútveginn. Af smærri og eldri togurunum er það að segja, að yfirleitt hafa ekki verið talin viðunandi skilyrði til að reka þá og fleiri og fleiri því verið seldir til annarra landa, þar sem þeir virðast gerðir út með góðum árangri og afli þeirra svo seldur á sömu mörkuðum og við þurftum að hafa fyrir togarafisk okkar. — Útgerð nýju togaranna flýtur aðkalla, meðan allt er á toppi með aflabrögð og sölur, en ef út af ber í því efni, þá er ekki ljóst, hvernig undir verður risið að öðrum aðstæðum óbreyttum. — Það er því staðreynd, að verðbólgan hefur algerlega kippt fótum undan þessum þýðingarmikla atvinnuvegi okkar, sjávarútveginum.

Ríkissjóði er augljóslega algerlega um megn að greiða til lengdar milljónatugi með útflutningsvörum okkar og þurfa jafnhliða að taka á sínar herðar stórar fjárhæðir vegna rekstrarhalla útgerðarinnar. Þá er þetta engu síður alvarlegt sökum þess, að slíkur atvinnurekstur hefur alla ókosti ríkis- og einstaklingsrekstrar, án þess að trygging sé fyrir, að kostirnir fái að njóta sín.

Þetta ástand er ávöxtur fyrrverandi stjórnarstefnu og sá starfsgrundvöllur, sem þá var meðal annars búinn hinni svokölluðu nýsköpun í sjávarútveginum. — Framsfl. varaði þá við því ástandi, sem hlyti að skapast, ef svo væri fram haldið sem stefnt var. Jafnhliða undirstrikaði hann, að auðvelt væri að stöðva verðbólguna, ef í tíma væri að unnið, en erfitt að stíga til baka, eftir að allar framkvæmdir og viðskipti hefðu árum saman fallið um farvegi mikillar verðþenslu og dýrtíðar. Framsfl. vildi engu síður skjóta og mikla uppbyggingu sjávarútvegsins en annarra þýðingarmikilla atvinnuvega, en hann vildi, að þar sem annars staðar réði framsýni og fyrirhyggja, svo að atvinnuvegirnir gætu á eftir veitt þeim, sem við þá vinna, örugg og góð lífskjör, jafnframt því, að þeir gætu þar með verið þeir hyrningarsteinar í fjárhagslegum efnum, sem þjóðfélaginu ríður svo mikið á. Fyrir þetta viðhorf voru framsóknarmenn kallaðir fjandmenn allrar nýsköpunar og framfara. Reynslan er sögð ólygnust, og hún hefur þegar dæmt í þessu máli. — Ef nokkrir hafa sýnt fjandskap þeirri atvinnuuppbyggingu, sem þjóðin óskaði og henni var lofað í krafti þeirra óhemju verðmæta, sem henni áskotnuðust á stríðsárunum, þá eru það þeir menn, sem með sjónhverfingum gæsalappanýsköpunar tókst að leiða hana á villigötur atvinnuerfiðleika og fjárhagsvandræða.

Hvort núverandi ríkisstj. tekst nægilega örugglega að þoka þessum málum til betri vegar, skal ósagt látið, en á móti því verður ekki mælt, að ef þeirrar stjórnarstefnu, sem nú ríkir, hefði ekki notið við, þá er ekki annað sjáanlegt en að komið væri nú í algert strand á mörgum sviðum atvinnulífsins. — Segja má, að eftir myndun núverandi ríkisstj. hafi engin teljandi vísitöluhækkun átt sér stað nema sú, sem átti rót sína að rekja til vaxandi verðbólgu áður en hún tók við völdum.

Setning dýrtíðarlaganna 1947 var þýðingarmikið spor gegn verðbólgunni, og á þeirri löggjöf má segja, að allur atvinnurekstur hafi hvílt síðan. En ef þessi löggjöf á að verða til varanlegra bóta, þá verða fleiri ráðstafanir nú þegar að fylgja. Æskilegt hefði verið, að með dýrtíðarlögunum hefði strax verið stigið stærra spor í verðhjöðnunaráttina og að meiri festa hefði fengizt í þær aðgerðir. Framsfl. kom fram með tillögur í því efni, sem hinir stjórnarflokkarnir vildu ekki í það sinn fallast á. Hverjar undirtektir verða nú, skal engu um spáð. Með l. um fjárhagsráð hafa verið, ef vel er á haldið, skapaðir möguleikar fyrir meiri festu og heilbrigðara viðhorf í öllum fjárfestingamálum okkar. Þjóðin hafði orðið fyrir vonbrigðum í þessum efnum í tíð fyrrv. stjórnar, þegar á furðu stuttum tíma tókst að gera ótrúlega lítið úr miklum möguleikum. — Nú reynir hins vegar á fjárhagsráð að gera sem mest úr litlu.

Með tilliti til fjárhagsgetunnar, fólksfæðarinnar við aðalatvinnuvegina, verðbólgunnar o. fl. þá er það engum vafa bundið, að fjárfesting undanfarinna ára hefur verið of mikil, bæði hjá því opinbera og öðrum. — Á því á fjárhagsráð ekki eitt sök, heldur einnig Alþ. og svo þær aðstæður, sem ríkjandi voru, þegar ráðið tók til starfa. Nú verður hins vegar að taka á þessum málum af meiri festu en verið hefur. — Það nær heldur ekki nokkurri átt, að t. d. séu leyfðar á hverjum tíma fleiri byggingar en svo, að jafnhliða megi hver leyfishafi treysta því, að hann geti vegna efnisskorts lokið byggingunni á eins skömmum tíma og aðrar aðstæður leyfa. Það ástand, sem ríkt hefur í þessu efni, er svo óviðunandi, að við svo búið má ekki standa. Nauðsynlegar atvinnurekstrarbyggingar í þágu landbúnaðar og sjávarútvegs verða að sitja í fyrirrúmi og þar á eftir aðrar byggingaframkvæmdir, eftir því sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

Eitt af því marga, sem þarf að gera og virðist enga frekari bið þola, er að örva sparnaðarhneigð þjóðarinnar. Þetta er ekki eingöngu æskilegur þáttur í baráttunni gegn dýrtíðinni, heldur engu síður þjóðhagsleg og mannbætandi nauðsyn. Eins og komið er þessum málum, virðist ekki um annað að gera en að setja löggjöf, sem ýtir undir, að fólkið leggi til hliðar sem mest af því fé, sem það aflar og þarf ekki að nota til að fullnægja eðlilegum þörfum, í stað þess að nú er of miklu af því fé kastað út fyrir fányta hluti eða annað verra. — Til þess að ná í þessu efni nægilega skjótum árangri má vel vera, að slík löggjöf þurfi í bili að einhverju leyti að knýja menn til að taka þátt í þessum aukna sparnaði. — Það þarf ekki að lýsa því, hvað aukin sparifjársöfnun getur t. d. haft mikla þýðingu fyrir ýmsa lánasjóði í þágu atvinnuveganna, sem nú eru óstarfhæfir vegna féleysis, eins og stofnlánadeildin, eða hafa allt of lítið fé, eins og ræktunarsjóðurinn o. fl.

Eins og komið var gjaldeyrismálum okkar í árslok 1946, þá var ekki annað fært en að setja strangar innflutningshömlur jafnhliða fremur knappri skömmtun á flestum nauðsynjum nema innlendum matvælum. Það verður að segjast, að vörudreifingin og skömmtunin hafa í framkvæmd í veigamiklum atriðum farið út um þúfur. Þjóðin getur og verður nú um stund að sætta sig við ýmsar takmarkanir á innflutningi á nauðsynjavörum, hvað þá á þeim vörum, sem án má vera eða verða að teljast óþarfar. En hún á hvorki né má þola annað en allir sitji við sama borð og hlýtur einnig að krefjast þess, að innflutningur á öllu því nauðsynlegasta til fæðis og klæðis sitji undantekningarlaust í fyrirrúmi fyrir öðru óþarfara. Sama á við um dreifingu varanna. Það er ekki hægt að þola það, að einn eða annar sitji þar yfir hlut fjöldans. — Krafan verður að vera: Hver maður sinn skammt og að neytandinn eigi frjálst val um að

kaupa vörurnar þar, sem hann telur sér það hagstæðast og hentugast. Á þeim réttlætisgrundvelli er það frv. byggt, sem Framsfl. hefur nú lagt fram í þessu máli.

Tímans vegna get ég ekki farið frekar út í þetta mál eða önnur, sem æskilegt væri að minnast á, en ég get þó ekki stillt mig um að víkja örfáum orðum að einu því máli, sem vegna framtíðarhags þjóðarinnar varðar miklu, að vel sé á haldið. Það er að tryggja sem bezt, að það fé, sem vonir standa til, að við getum fengið að tilhlutan svokallaðrar Marshall-hjálpar, verði eingöngu notað til þeirra stórframkvæmda, sem fyrst og fremst hafa mesta þýðingu fyrir atvinnuvegina og eru þannig, að við getum ekki í náinni framtíð vænzt þess að geta hrint þeim í framkvæmd með eigin fjármagni einu saman. — Bezta tryggingin fyrir því, að hin svokallaða Marshall-hjálp verði okkur að þeim notum, sem til verður að ætlast, er, að við kappkostum að vinna sem mestan hug á verðbólgunni og með því og ýmsu öðru koma atvinnuvegum okkar á sem öruggastan grundvöll.

Ég skal nú að lokum draga saman það, sem ég tel, að gera þurfi í þeim málum, sem ég hef drepið á.

Samfara þeirri stefnu, sem hæstv. fjmrh. vill fylgja og hv. 1. þm. Rang. hefur undirstrikað, að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, tel ég, að Alþ. og ríkisstj. þurfi að vinna að:

1) að gerðar séu ráðstafanir, sem að gagni mega koma, til meiri verðhjöðnunar.
2) framhald á aðstoð til bátaútvegsins, svo að hægt sé að gera flotann út á næstu vertíð;
3) að draga verulega úr fjárfestingu þess opinbera og annarra og að henni sé fyrst og fremst beint að verkefnum í þágu aðalatvinnuveganna;
4) að örva sparifjársöfnun landsmanna og beina því fjármagni til brýnustu nauðsynja atvinnuveganna;
5) að tryggja réttláta skömmtun og leiðrétta ríkjandi ranglæti í verzlunarmálunum.

Við skulum vona, að Alþ. og hæstv. ríkisstj. takist að leysa þessi mál á viðunandi hátt, ásamt mörgum öðrum nauðsynlegum verkefnum. Heilbrigðara atvinnulíf, vaxandi þegnskapur og meiri skilningur á eðli þeirra vandamála, sem við er að stríða, er skilyrði fyrir því, að fram úr rakni. Og ef það fæst, þarf engu að kvíða um úrslit þeirrar viðreisnarbaráttu, sem nú stendur yfir.

Forseti (FJ): Þá hefur hv. 2. þm. N-M. lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 8. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, og talar fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins og hefur hálftíma til umráða.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í febrúar 1947 var mynduð ný ríkisstjórn á Íslandi. Í málefnasamningi, sem þjóðinni var birtur, lýsti hún þeim verkefnum, er hún ætlaði að framkvæma, og voru helztu atriðin þessi:

1. Stöðva hækkun dýrtíðar og framleiðslukostnaðar og lækka dýrtíðina.
2. Byggja verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar.
3. Tryggja öllum réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en koma í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
4. Koma fastri skipun á fjárfestinguna og draga þannig úr verðbólgu.
5. Breyta innflutningsverzluninni í það horf, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur.
6. Setja á stofn sérstaka innkaupastofnun ríkisins er annist innkaup til ríkisstofnana (vita, hafna, vega- og brúargerða, verksmiðja, opinberra bygginga, sjúkrahúsa, skóla o. fl.).
7. Útrýma húsnæðisleysi og heilsuspillandi íbúðum hvar sem er á landinu.

Þannig voru nú þau loforð. Og það var fleira, sem átti að gera. Nú var setztur að völdum sá flokkurinn, sem mest hafði deilt á fyrrverandi stjórn fyrir óhófseyðslu og skipulagsleysi.

Sýknt og heilagt hefur Tíminn stagazt á 1300 millj., sem fyrrverandi stjórn hefði eytt. Í leiðara blaðsins 13. okt. s. l. stendur m. a.:

„Eins og fyrr segir, hafði fyrrverandi stjórn 1300 millj. kr. til ráðstöfunar. Af því fór aðeins ¼ til framfara og nýsköpunar, hitt allt í eyðslu og óhóf".

Hér er sannarlega ekki verið að skera utan af meiningunni. Hér er sagt fullum stöfum, að allt, sem þjóðin notaði í tvö ár til að kaupa fyrir matvörur, kaffi, sykur, fatnað, skótau, búsáhöld o. m. fl., í stuttu máli allt, sem hún þurfti til að lifa á þennan tíma, hafi verið eyðsla og óhóf. Nú skyldi tekið fyrir eyðsluna og óhófið bæði hjá þjóðinni og í rekstri hins opinbera. Nú skyldi komið lagi á fjármálastjórn ríkisins og atvinnuvegunum tryggðir afkomumöguleikar í samræmi við það.

Út úr fjárlagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, má mjög lesa efndir þessara loforða. Og þá eru það aðallega þrír þættir, sem þar koma til greina. Í fyrsta lagi; á hvern hátt tekur ríkið þær skattatekjur, sem það þarf á að halda og þegnarnir verða að greiða. Í öðru lagi; hve mikið af þessum tekjum fer í beinan embættiskostnað ríkiskerfisins og hvernig er það hlutfall samanborið við fyrri tíma. Í þriðja lagi; hvernig er séð fyrir aðstoð hins opinbera við atvinnuvegi þjóðarinnar, til verklegra framkvæmda og menningarmála. Skal nú hverju þessara atriða gerð nokkur skil.

Þess ber þá að minnast, að fyrsta ráðstöfun núverandi ríkisstj. í baráttunni við dýrtíðina var að hækka vöruverð í landinu um allt að 50 millj. með nýjum tollum. Allir muna bægslaganginn í Framsókn út af veltuskattinum 1945, sem lagður var á verzlunarfyrirtækin, og var honum sérstaklega fundið það til foráttu, að hann væri lagður á kaupfélögin. En á s. l. ári tók hæstv. ríkisstj. þessa tekjuöflunarleið upp aftur, og nú var ekki látið sitja við 12 millj. eins og 1945. Hann var hækkaður upp í 17 millj. og nú lagður beint á vöruna, beint á fólkið. Auðvitað var reynt að klína yfir þetta með því að

breyta um nafn. Nú heitir hann söluskattur. Og í þessu frv. er hann ekki áætlaður 17 millj. Nei, hann er hækkaður um helming og á nú að nema 34 millj. M. ö. o., hann er nærri þrefaldaður frá 1945. Og hann er lagður á kaupfélagsmennina, en ekki kaupfélögin sjálf. En góðir Framsóknarkjósendur eiga að vera ánægðir í þeirri góðu trú, að það sé þó ólíkt betra fyrir einstaklinginn að greiða sjálfur 340 kr. í söluskatt en að láta kaupfélagið sitt borga 120 kr. í veltuskatt. Hér er því gengið lengra en fyrr í því að leggja byrðarnar á allan almenning með því að hækka vöruverðið með tollum, en slíkt veldur ekki lækkun á dýrtíðinni, heldur hækkun, hvernig sem reynt er að fela hana með falsaðri vísitölu.

Þá er vert að athuga, hvernig staðið er við loforðin um sparnað í rekstri ríkisins. 10. gr. fjárlagafrv., sem hefur inni að halda greiðslur allar til ríkisstj., þ. e. ráðuneytin og utanríkisþjónustan, var 3 millj. og 699 þús. árið 1946, en er nú áætlað 5 millj. 449 þús. Þ. e., þessi kostnaður hefur hækkað um þriðjung í tíð núv. ríkisstjórnar.

A-liður 11. gr., þ. e. dómgæzla og lögreglustjórn var 7 millj. 800 þús. 1946, en er áætlað 1949 að verða 11 millj. 559 þús., hefur sömuleiðis hækkað um þriðjung. Öll sú grein, sem hefur inni að halda þessa fjóra flokka: Dómgæzlu og lögreglustjórn, opinbert eftirlit, kostnað við innheimtu tolla og skatta og sameiginlegan kostnað við embættisrekstur, var á fjárlögum 1946 12 millj. 616 þús., en er nú áætluð 1949 ekki minna en 19 millj. og 300 þús. Það skyldi þó aldrei hafa gleymzt að spara 600 þús. krónurnar, sem talað var um í fyrra, að nú ætti að fara að spara með því að leggja niður einhverjar óþarfanefndir.

Allra gleggsta dæmið um útþenslu og þar með fjáreyðslu í embættiskerfi ríkisins er þó fjárhagsráð og undirdeildir þess, viðskiptanefnd, verðlagseftirlitið og skömmtunarskrifstofan. Samkvæmt nýjustu upplýsingum hefur kostnaðurinn við fjárhagsráð og þessar deildir þess orðið 1 millj. 619 þús. kr. á fyrra helmingi þessa árs, sem þýðir á fjórðu milljón allt árið. Með þessum stofnunum mun eiga að vinna tvennt: koma skipulagi á fjárfestinguna og draga úr verðbólgu, eins og lofað var í stjórnarsamningnum. Þetta hefur tekizt að því leyti, að flestar framkvæmdir standa meira og minna fastar, en verðbólgan vex. Enn fremur munu þessar stofnanir eiga að koma í veg fyrir þá eyðslu og óhóf, sem um var rætt í áðurnefndum leiðara Tímans, þar sem talið er, að allt, sem þjóðin eyddi utan þess, sem fór í nýbyggingu, hafi verið óþarfi. Ekki verður annað sagt en að þessi tilgangur hafi náðst að verulegu leyti. Honum er náð með því í fyrsta lagi að hafa skömmtun á ýmsum vörum, svo sem kaffi og sykri, svo litla, að alls ekki nægi fyrir venjulegum þörfum, og í öðru lagi er honum náð með því að hafa alls ekki á boðstólum margar helztu nauðsynjavörur, eins og t. d. nauðsynlegustu vefnaðarvörur, sokka, vinnuföt og margt fleira mætti telja. En það þarf engan að undra, þótt umfangsmiklar og dýrar stofnanir þurfi til þess að skipuleggja málefni þjóðarinnar á þennan hátt.

Nú veit ég, að mörgum verður á að spyrja, hvort hvergi sé þá um sparnað að ræða í þessu frv. Jú, víst er það. Framlög til verklegra framkvæmda eru lækkuð að stórum mun. Til nýrra akvega eru aðeins ætlaðar 3 millj. kr. í staðinn fyrir 6 millj. 700 þús. á síðustu fjárlögum. Til nýrra brúa 2 millj. í stað 2 millj. og 700 þús. áður. Til bygginga barnaskóla er skorið niður um 1½ millj., úr 3,5 niður í 2. Framlag til bygginga gagnfræða- og héraðsskóla er lækkað úr 2 millj. niður í 1 millj. og 400 þús. og til nýrra húsmæðraskóla lækkað um helming. Er þó alveg vitað, að til framkvæmda á hinni nýju skólalöggjöf þarf mun hærri framlög en þetta, meðan verið er að byggja hin nauðsynlegustu skólahús. Þetta nægir til að sýna fram á, að í frv. er ríkjandi sú stefna, að vöxturinn í embættiskerfi ríkisins er örari en nokkru sinni fyrr, á sama tíma sem dregið er úr framlögum til verklegra framkvæmda og menningarmála. Þessi stefna, ef fylgt verður, hlýtur að hefna sín síðar meir.

Gjaldeyrisskortur er sífellt viðkvæðið, þegar um er rætt eitthvað, sem aflaga fer í verzlunar- og viðskiptamálum, og það er þægilegt að hafa slíkt tjald að skjótast bak við, þegar verja þarf það ástand, sem í þeim ríkir. Það er þægilegt að temja sér aðeins eitt svar við öllu. Af því að fyrrv. stjórn var búin að eyða öllum gjaldeyrinum, verður nú að vanta jafnvel sængurföt og vinnuföt, nota bene þó nema það, sem fæst á svörtum markaði og þá náttúrlega á margföldu verði.

En það er fróðlegt að fletta upp bæði í skýrslu Landsbankans og hagtíðindum til frekari glöggvunar á þessum málum. Skýrsla Landsbankans upplýsir það, að þegar andvirði innfluttra skipa er dregið frá heildarinnflutningi áranna 1946 og 1947, þá verður vöruinnflutningurinn 1947 430 millj. og aðeins 412 millj. 1946, eða 18 millj. hærri síðara árið. Og síðustu hagtíðindi upplýsa það, að gjaldeyristekjur á 8 fyrstu mánuðum þessa árs eru 260 millj. kr. Til samanburðar skal þess getið, að á sömu mánuðum í fyrra námu þær aðeins 160 millj. Sé þetta nú borið saman við árið 1946, sem var toppár í innflutningi og alltaf hefur verið vitnað í sem óhófs- og eyðsluár af þeim, sem talið hafa sér skylt að níða á allan hátt þá, sem þá fóru með völd, þá sést það, að á árinu 1947, sem er fyrra valdaár núverandi ríkisstj., er um 18 millj. kr. meiri gjaldeyriseyðslu að ræða, þótt frá sé dreginn skipainnflutningur bæði árin. Enn fremur sést, að á ⅘ hlutum yfirstandandi árs er búið að flytja inn vörur fyrir nærri 230 millj. kr. að frádregnum skipum. Þannig hlýtur mörgum að verða á að spyrja, að fengnum þessum upplýsingum, hvernig á því standi, að hér þrátt fyrir allan þennan vöruinnflutning auk framleiðsluteknanna, 430 millj. kr. á síðasta ári og 230 millj. til ágústloka yfirstandandi árs, þá skuli tímum saman vanta hreinlætisvörur, vefnaðarvörureitir, sem búið er að útfylla, skuli felldir úr gildi áður en nokkuð fæst út á þá, og því í raun og veru ekki reyn-

ast neitt annað en falskar ávísanir. Nauðsynlegustu búsáhöld og vinnufatnaður ófáanlegt tímum saman.

Það litla sem almenningur fær af vefnaðarvöru, ef hún fæst með höppum og glöppum, er hann neyddur til að kaupa tilbúið, sem þýðir margfalda álagningu og þar með aukna dýrtíð.

Það er ekkert, sem getur hindrað það, að viðskiptin innanlands gangi fyrir sér á þann hátt, að heildverzlunin selji smásala vefnaðarvörustranga með 5% álagningu, smásalinn selji saumastofu strangann með 25% álagningu, saumastofan selji fatnaðinn til heildsala og heildsalinn aftur til smásala. Meðan þetta gerist, getur húsmóðir engan metra fengið til að sauma föt úr sjálf, hversu gjarna sem hún vill spara sér bæði vinnulaun og verzlunarálagningu. En í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. stendur fallegt ákvæði, það, að vinna að því, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur.

Þá er það vitað, að einmitt í skjóli þessa ástands þrífst svartur markaður og hvers konar ólöglegt brask í algleymingi. Framsfl. er víst með þessu að lagfæra ófremdarástandið, sem hann taldi vera á þessum málum á tíma fyrrv. stjórnar, og leggur þó ljós fyrir sú staðreynd, að aldrei hefur verið kreppt að kaupfélögunum hvað innflutningsleyfi snertir eins og nú.

Það var líka ákveðið í stjórnarsamningnum, að þau fyrirtæki skyldu sitja fyrir innflutningi, sem sönnuðu það, að þau gætu selt vörur sínar ódýrast. Engum manni dettur í hug að halda því fram, að reynt hafi verið að fylgja þessu ákvæði. Að innflutningnum sitja nokkrir af vildarvinum hæstv. innflutningsyfirvalda, með algerða einokunaraðstöðu. Svo heldur Sjálfstfl. út mörgum blöðum, þar sem frjálsri verzlun og framtaki einstaklingsins er sungið lof og dýrð, en er að drepa hvort tveggja niður að hætti ameríska auðhringa, þar sem hinir fésterkustu fá einokunarvöld í skjóli fjármagnsins og hlutdrægra gjaldeyrisyfirvalda og allur fjöldinn verður þeim háður.

Gjaldeyrisskortur er svarið við öllum umkvörtunum, þrátt fyrir 430 millj. kr. vöruinnflutning í fyrra og 230 til ágústloka í ár. Innflutningsyfirvöldin þverneita, að nokkrum gjaldeyri sé eytt fyrir bifreiðar. Slíkar syndir finnast aðeins á syndaregistri fyrrv. stjórnarvalda. Á sama tíma birtir einn af þingmönnum stjórnarfl. í þingskjali þær upplýsingar hagstofunnar, að á þrem fyrstu ársfjórðungum yfirstandandi árs hafi verið fluttar inn 190 fólksbifreiðar fyrir 2 millj. 395 þús. kr. og 79 vörubifreiðar fyrir 1 millj. 550 þús. kr. Samtals hátt á fjórðu millj. kr. En innkaupaheimild almenns borgara fyrir nauðsynlegum vefnaðarvörum er úr gildi felld, áður en hann fær nokkuð út á hana. Hann verður að láta sér nægja snuðtúttuna.

Byggja verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, stendur í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. Hvernig hefur svo þetta verið framkvæmt? Þegar stjórnin tók við, var, að tilhlutun fyrrv. atvmrh., langt komið byggingu stærðar fiskiðjuvers hér í Reykjavík, fullkomnustu verksmiðju af slíkri gerð hér á landi. Hér er um að ræða fyrirtæki, sem skapað gæti mjög mikinn gjaldeyri, ef það fengi að starfa með fullum krafti, en byggingu þess hefur ekki verið lokið og ekki heldur notuð sú afkastageta, sem þegar er fyrir hendi, því að það hefur ekki einu sinni verið veittur gjaldeyrir til kaupa á efni í niðursuðudósir nema að mjög óverulegu leyti, þótt vitað sé, að sá gjaldeyrir kæmi margfaldur aftur, þar sem varan er auðseljanleg við ágætu verði. Það er ekki þörf að fara um þetta mörgum orðum, því að jafnvel sjálf stjórnarblöðin hafa neyðzt til að birta upplýsingar frá forstjóra stofnunarinnar um þetta mál. En hér er enn eitt dæmi um það, hve vel er reynt að sjá fyrir gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Annað dæmi má nefna. Þegar fyrrv. stjórn fór frá völdum, var að tilhlutan þáverandi atvmrh. búið að undirbúa byggingu lýsisherzluverksmiðju, m. a. með því að kaupa inn allar aðalvélar, þær sem langan afgreiðslufrest þurftu. Þetta fyrirtæki hefði mátt vera búið að byggja, ef viljann hefði ekki vantað. Nú er þessi verksmiðja komin á óskalista ríkisstj., þann er sendur var til Parísar, og kvað eiga að byggjast síðar meir fyrir Marshallgjafafé, ef Bandaríkjastjórn vill þóknast að gefa okkur peningana.

Það sama má segja um þær ákvarðanir sem búið var að gera um byggingu síldarniðursuðuverksmiðju og tunnuverksmiðja.

Þá er ekki síður vert að minna á það ákvæði stjórnarsamningsins að setja á stofn innkaupastofnun ríkisins til þess að kaupa inn vörur fyrir ríkisstofnanir, til vita-, hafna-, vega- og brúargerða, verksmiðja, opinberra bygginga, sjúkrahúsa, skóla o. fl. Ekki vantaði það, að lög voru sett um þetta strax á fyrra helmingi ársins 1947. En hvað hefur svo gerzt síðan? Viðskmrh. Alþfl. framkvæmir lögin ekki, vegna þess að heildsalarnir í Sjálfstfl. berjast á móti því. Líklega hefði Sjálfstfl. ekki haldizt uppi slík ráðsmennska, vegna hinna augljósu hagsmuna heildsalanna er stangast við anda og framkvæmd laganna. Þá hefði almenningur séð í gegnum hlutina betur. Það er þægilegt fyrir klíkurnar í Sjálfstfl., sem mest græða á núverandi ástandi í verzlunarmálunum, að láta Alþfl. hafa framkvæmdina á hlutum, sem þeir mundu tæplega þora að gera sjálfir. Dæmið um innkaupastofnun ríkisins ber vitni um það. En Framsókn horfir á hlutina og telur víst, að verið sé að breyta innflutningsverzluninni í það horf, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur.

Það liggur nú orðið ljóst fyrir, að nálega öll hin fögru loforð í stjórnarsamvinnunni hafa verið vanefnd, og það verkefni, sem stjórnin taldi sitt aðalmál, þ. e. að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, hefur svo gersamlega farið í handaskolum, að slíks munu fá dæmi. Að vísu voru samþ. á síðasta þingi lög um dýrtíðarráðstafanir, þar sem aðalákvæðið er að binda kauplagsvísitöluna í 300 stigum. Þannig á að fljóta á þeirri blekkingu, að vísvitandi fölsuð vísitala sé hinn rétti mælikvarði á dýrtíðina í landinu. Þetta

kalla stjórnarblöðin stöðvun verðbólgunnar. Að vísu hefur tónninn í þeim tekið nokkrum breytingum upp á síðkastið, og virðist sem þau séu farin að efast um, að enn þá þýði að bera þessa fræðslu á borð fyrir almenning. Skal vikið að því síðar. Fjöldi fólks treysti því, þegar áðurnefndar ráðstafanir voru gerðar, að í kjölfarið mundu fylgja einhverjar raunhæfar ráðstafanir til lækkunar á vöruverði.

Launþegasamtökin hafa engar ráðstafanir gert til að svara þeim launalækkunum, sem þarna voru framkvæmdar. En hvað hefur svo almenningur fengið í staðinn? Meiri dýrtíð, hækkað verðlag, vöruþurrð og svartamarkaðsokur. Þetta eru afrekin í dýrtíðarmálunum, sem ríkisstjórnin taldi sitt aðalverkefni að leysa. Það getur því ekki talizt undarlegt, þótt flokkar og blöð hæstv. ríkisstj. séu farin að efast um trú almennings á því, að verið sé að leysa úr þessum málum.

Fram að þessu munu flestir hafa búizt við því, að nú yrði komið með nýjar till. í dýrtíðarmálunum, og ekki að ófyrirsynju. Þær framkvæmdir, sem enn þá hafa verið gerðar í þeim, hafa verið einhliða árásir á kjör og afkomu almennings í landinu, en öll loforðin um aðgerðir, sem gætu borið raunverulegan árangur, hafa verið svikin. Og ástæðan er sú, að slíkar ráðstafanir mundu koma við pyngju peningamannanna, sem fyrst og fremst kepptu að því að klambra núverandi ríkisstj. saman til þess að vernda sína hagsmuni. Þess vegna spyr hver maður, hvað muni nú koma næst, bæði til að lækka dýrtíðina og tryggja framleiðsluna og þar með framhaldandi gjaldeyrisöflun. Og í 19. gr. fjárlagafrv. eru tvær áætlaðar upphæðir vegna þessara hluta, þ. e. í fyrsta lagi til dýrtíðarráðstafana 33 millj. og til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á árinu 1948 6 millj. kr. Er vert að athuga þessi atriði nánar.

Hvað bátaútveginn snertir, þá er alkunnugt, hvernig hag hans er komið eftir þrjár lélegar síldarvertíðir, og þó sérstaklega hina síðustu. Liggur í augum uppi, að bráðan bug verður að vinda að þessari aðstoð, ef þjóðin á ekki að bíða stórtjón af. Nú er einmitt vonazt eftir, að síldin komi í Hvalfjörð hvern daginn sem líður, og allmikið verið í það lagt að taka á móti henni. Hins vegar er það vitað, að mikill hluti bátaflotans getur ekki farið á veiðar að nýju, nema greitt sé úr erfiðustu fjárhagsörðugleikum á einhvern hátt, enda mun það vera tilgangurinn með þessu 6 millj. kr. framlagi, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að raunhæfar aðgerðir í þessu máli má ekki draga þangað til fjárlög eru samþykkt. Ef dæma skal eftir venju síðustu ára, má búast við, að samþykkt fjárlaga dragist nokkuð fram á næsta ár, e. t. v. fram í febrúarlok. Dragist að leysa vandkvæði bátaflotans þangað til, verður vetrarsíldveiðin lítil sem engin, þótt síldin komi upp í landsteina eins og verið hefur 2 síðastl. ár. Tap þjóðarinnar í minni framleiðslu mundi þá nema tugum eða hundruðum millj. króna í erlendum gjaldeyri og verða óbætanlegt. Nú má það vel vera, að hæstv. ríkisstj. telji sig ekki hafa heimild til að leggja fram þetta fé án samþykkis Alþingis. Skal það út af fyrir sig ekki vefengt. En þeirrar heimildar verður að afla svo fljótt sem unnt er og hefði auk þess mátt vera búið. Nokkrum sinnum hefur það komið fyrir, þegar miklu máli hefur þótt skipta, að lög hafa verið afgreidd á einum sólarhring. Þetta er hægt enn þá. Ef ríkisstj. ekki sér aðra leið færa en að afla sér heimildar þ., þá ber henni skylda til að leggja frv. þess efnis fyrir þingið þegar í stað, og þinginu ber skylda til að afgreiða málið fljótt. Þannig mætti hafa málið leyst að örfáum dögum liðnum, ef vilji er fyrir hendi og nægileg samvinna milli þings og stjórnar. Verði þetta ekki gert, getur það bakað þjóðinni óbætanlegt tjón. Sú fjárupphæð, sem til þessa yrði heimiluð, yrði síðan eðlilega samþykkt á fjárlögum á sínum tíma, þegar þau verða afgreidd. Að vísu skal það tekið fram, að mér skildist á hæstv. ráðh., að hann mundi einmitt hugsa sér svipaða leið og þessa. Það tel ég út af fyrir sig ágætt, en vil hins vegar benda á, að ef hún var fyrirhuguð, þegar séð var, hvernig afkoma bátaflotans mundi verða, þá hefði verið ástæða til að leggja slíka tillögu fyrir í byrjun þings. Mér er satt að segja ekki skiljanlegt, hvers vegna er beðið svona lengi, úr því að tilgangurinn virðist vera að fara þessa leið.

Þá vil ég koma að hinum aðalliðnum á 19. gr., sem er 33 millj. til dýrtíðarráðstafana. Er það 22 millj. lægra en á fjárl. þessa árs, þar sem upphæðin var 55 millj. kr. Var þar um að ræða hvort tveggja, niðurgreiðslur og uppbætur samkvæmt fiskábyrgðarlögunum. Er tekið fram í athugasemdum við frv., að hin áætlaða upphæð muni ekki hrökkva til þessa hvors tveggja, ef því skuli halda í sama horfi og áður. Er hér ótvírætt gefið í skyn, að fyrirhugaðar séu ráðstafanir til breytinga, þótt ekki sé sagt, hverjar þær verði. Hins vegar er það vitað mál, að innan vébanda, þar sem um þessi mál er fjallað, hefur í fullri alvöru verið rædd sú leið, að hætta að taka fé til verðuppbóta á bátafiskinn með framlagi úr ríkissjóði, en taka í þess stað upp þá aðferð að nota þann gjaldeyri, sem fæst fyrir bátafiskinn, til þess að kaupa fyrir sérstakar vörutegundir, er síðar verði seldar dýrara en vera þyrfti, og nota það fé, sem með þeirri verðhækkun fæst, til uppbóta á fiskverðið. Verði þetta ofan á, verður skapað hér raunverulega tvöfalt gengi í innanlandsviðskiptum. Auðvitað mundi þess gætt að láta þessar vörur ekki ganga inn í vísitöluna. Þetta þýðir, ef framkvæmt verður, nýja og aukna fölsun á vísitölunni, hækkandi verð á þeim vörum, er hér um ræðir, þar sem verðhækkunin mundi verka eins og tollur, nýjar árásir á launa- og lífskjör almennings, raunverulega hækkun á dýrtíðinni. Því verður ekki neitað, að áætlunartalan á frv. — til dýrtíðarráðstafana — bendir mjög í þá átt, að þessa leið eigi að fara. Sú upphæð samsvarar nokkuð því, sem áður hefur farið til beinna niðurgreiðslna, og vantar þá einmitt þá upphæð, sem

rætt hefur verið um að afla á fyrrgreindan hátt.

Þær árásir, sem þetta frv. boðar á kjör almennings, eru þá þessar:

Verðhækkun á þeim vörum, sem keyptar eru fyrir andvirði bátafisksins, ekki minna en 22 millj. kr. Hækkun söluskattsins 17 millj. Samtals allt að 40 millj. Þetta á að koma í viðbót við það, sem áður hefur verið gert, með tollunum og stýfingu vísitölunnar.

Þessar nýju álögur, sem frv. boðar, nema þá að meðaltali 1500—1600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Auðvitað eru þetta dýrtíðarráðstafanir, þ. e. ráðstafanir til að hækka dýrtíðina.

Þannig horfir nú með málefni þjóðarinnar í höndum þeirra flokka, sem tóku höndum saman til að leysa þessi mál.

En eins og ég sagði áðan, þá er nú farið að bera á þeim tón í blöðum þeirra, að svo virðist sem þeir séu farnir að efast um traust almennings á sér og sínum aðgerðum. Þannig eru Morgunbl. og Tíminn nú farin að deila hástöfum út af því, að hvor kennir öðrum um, að ekkert hafi verið gert í dýrtíðarmálunum. Þannig segir Morgunblaðið í leiðara núna nýlega:

„Framsóknarmenn deildu mjög á stjórn Ólafs Thors fyrir vanmátt hennar í viðnámi gegn verðbólgunni. Það er þess vegna fróðlegt að athuga, hvort ekki liggi fyrir tillögur frá þeim nú, er þeir eru komnir í ríkisstj., um lausn þessa vandamáls. En kirkja fyrirfinnst engin. Það eru engar tillögur komnar frá framsóknarmönnum um það, hvernig eigi að sigrast á verðbólgunni."

Og Tíminn svarar með nýjum leiðara með fyrirsögninni „Brotin á stjórnarsáttmálanum", þar sem hann viðurkennir svikin, en kennir auðvitað samstarfsflokkunum um allt saman.

Er hægt að hugsa sér öllu meiri viðurkenningu á því, að stjórnin og flokkar hennar hafa gersamlega gefizt upp við að vinna það, sem þeir þóttust ætla að vinna og lofuðu þjóðinni. Það, sem þess vegna einkennir framkomu þeirra nú, er hræðsla, hræðsla við dóm þjóðarinnar og hræðsla hvers við annan. Þeir vita það, að skv. stjórnarskránni ber að hafa kosningar 4. hvert ár, og nú er ekki nema tæpl. hálft annað ár, þangað til þær eiga að fara fram að eðlilegum hætti. Þess vegna eru þeir farnir að hugsa um að hlaupast undan ábyrgðinni. Þrátt fyrir öll fögru loforðin og samþykktirnar hafa þeir aldrei komið auga á eða ætlað sér að fara aðrar leiðir en beinar árásir á almenning í landinu. Þeir eru að ræða eina enn þá, hræddir við að leggja í hana og vega það og meta, hvort þeir eigi að leggja í hana eða gefast upp og hlaupast frá öllum vandanum. Þeim þykir sem kosningarnar séu helzt til nærri til þess að gera það, sem þá langar til, og búa sig því jafnframt undir brotthlaup. Þess vegna er ekki ráð, nema í tíma sé tekið, að reyna að velta sökum hver á annan. Þess vegna er það, að nú eru blöðin látin hnakkrífast dag eftir dag eins og um fullan fjandskap væri að ræða. En vitanlega er slíkt þýðingarlaust. Almenningur skilur fullvel, að sökin er hér ekki eins, heldur allra. Og hvor leiðin sem tekin verður, þá geta þeir aldrei hlaupið frá þeim verkum, sem þegar hafa verið unnin, aldrei klórað yfir þær staðreyndir, sem þjóðin þreifar á daglega.

Forseti (JPálm): Hv. 8. landsk. hefur nú lokið máli sínu. Næst tekur til máls hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, og talar fyrir hönd Alþýðuflokksins og hefur hálftíma til umráða.

Finnur Jónsson: Framsóknarflokksmenn eiga erfitt með að gleyma því, að þeir urðu utan gátta í stjórnarsamvinnunni 1944—46, og eru þess vegna með sífelldar ásakanir í garð þeirrar stjórnar, er þeir saka um, að hún hafi staðið fyrir allri verðbólgu og dýrtíð í landinu. Í þessu sambandi verður ekki komizt hjá að minna þessa ágætu menn á, að þeir sjálfir vöktu upp dýrtíðardrauginn, þegar þeir beittu sér fyrir, að verðlag landbúnaðarvara var fellt burt úr dýrtíðarlögunum, og losuðu þannig fyrstir allra um skrúfugang dýrtíðarinnar.

Hv. 8. landsk., sem talaði hér fyrir kommúnista, sem nú eru að missa allt fylgi í landinu, mætti minna á það í sambandi við áhuga hans á auknum innflutningi til kaupfélaganna almennt, að aldrei minntust ráðherrar Sósfl. á slíkt þau tvö ár, er þeir sátu í ríkisstjórn. Hins vegar voru þeir til með að selja heildsölum sjálfdæmi um allan innflutning, ef þeir fengju sérréttindi fyrir KRON. Önnur kaupfélög voru þeim alls óviðkomandi.

Út af árásum 8. landsk. á hæstv. viðskmrh. varðandi innkaupastofnun ríkisins vil ég taka fram, að eigi fékkst samkomulag í ríkisstj. um, að sú stofnun skyldi heyra undir viðskmrh. fyrr en alveg nýverið; og var það þá þegar ákveðið, að innkaupastofnunin skyldi taka til starfa um næstu áramót.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst í höfuðdráttum frv. því til fjárlaga, sem hér er til umræðu. Skal ég því ekki fjölyrða um einstaka liði þess, en vil þó taka fram, fyrir hönd Alþfl., að um hina nýju stóru tekjuöflun, tvöföldun söluskattsins, sem gert er ráð fyrir í frv., hefur eigi orðið samkomulag milli stjórnarflokkanna.

Undanfarin þing hafa bundið í lögum miklar fjárhæðir, og ber frv. þess ótvíræð merki. Virðast þingmenn hafa verið mjög misduglegir í þeim efnum, svo sem sjá má af 15. gr. frv. Þar eru landbúnaðinum ætlaðar 20.5 millj. kr., en sjávarútveginum aðeins 1 millj.

Þá eru í 19. gr. einungis ætlaðar til dýrtíðarráðstafana 33 millj., en var á fjárl. þessa árs 55 millj. Mun það hrökkva skammt, ef eitthvað á að hygla hinum aðþrengda vélbátaútvegi, svo sem mjög brýn nauðsyn ber til að gera og það tafarlaust. Svo mikil lækkun sem hér er ráðgerð hlýtur að hafa í för með sér gagngerða breytingu á dýrtíðarráðstöfunum og getur því aðeins staðizt, að þær ráðstafanir verði gerðar. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir, að í 19. gr. hefur verið tekinn upp nýr liður til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á árinu 1948, 6 millj. En ef einhverjum skyldi miklast

í augum þessar 6 millj., sem ætlaðar eru vélbátaflotanum til stuðnings, má benda á, að það er aðeins 200 þús. kr. hærri upphæð en áætluð er til mæðiveikinnar á þessu fjárlitrv., og eiga þó vissulega fleiri menn líf sitt og afkomu undir vélbátaflotanum en sauðfjárrækt, þótt nauðsynleg sé. Ég vil taka fram, að ég tel þessa upphæð of lága, til þess að hún bæti vandræði vélbátaflotans, nema ýmsar aðrar aðgerðir fylgi, og mun hæstv. fjmrh. vera þetta allra manna ljósast, og vænti ég því, að hann fylgi fast fram, að slíkar ráðstafanir verði gerðar.

Fjögur sumur samfleytt hefur síldarvertíðin brugðizt. Hlutir skipverja hafa orðið mjög rýrir, og útgerðin hefur stórtapað. Skipverjar hafa fengið minni tekjur en þeir landsmenn, er aðra atvinnu hafa stundað, og síldveiðin hefur fært útvegsmönnum tap, þegar aðrir atvinnuvegir landsmanna græddu.

Útvegsmenn hafa tvisvar fengið kreppuhjálp hjá ríkinu, og á miðri síldarvertíð í sumar leit út fyrir, að allt mundi stöðvast. Þá hljóp ríkið undir bagga. Það hrökk þó skammt. Mörg skipin komu heim í haust svo illa stödd, að þau hafa ekki enn þá getað greitt skipverjum hinn rýra hlut þeirra. Þetta eru hin mestu vandræði og er hvorki sök skipverja né útvegsmanna. Svo stöðugan aflabrest sem hér hefur orðið getur enginn staðizt, en almennt gera menn sér þó ekki ljósa grein fyrir því, um hve mikið tap er að ræða. Þetta hefur nýlega verið athugað af nefnd, er hæstv. sjútvmrh. hefur skipað til að rannsaka tapið og gera tillögur til úrbóta. Auglýst var eftir reikningum frá síldarskipum. Alls hafa 134 skip sent reikninga. Úr þeim hefur verið unnið á reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Sýna reikningarnir, að tekjur þessara 134 skipa hafa orðið á síldarvertíðinni kr. 9498315, en gjöld kr. 21671718. Tap hefur því orðið alls rúmar tólf millj. kr., hér í faldar afskriftir um 1.8 millj. Ógreidd kauptrygging þessara skipa var kr. 5808944 og vátrygging kr. 2840980, eða alls lögveðs- og sjóveðskröfur kr. 8649924. Gefa tölur þessar nokkra hugmynd um hið ömurlega ástand vélbátaútvegsins, en mikið vantar þó á, að heildaryfirlit sé fengið með þeim. Ýmis þeirra skipa, er enga reikninga hafa sent, standa á gömlum merg, en önnur eru svo illa stæð, að eigendur þeirra hafa talið vonlaust verk að senda reikninga til nefndarinnar, og enn eru kauptryggingarkröfur á skip þessi ógreiddar. Reikningar hafa borizt heldur seint, og torveldar það nokkuð starf nefndarinnar. Hins vegar ákvað hún á einum af fyrstu fundum sínum að óska þess við ríkisstj., að hún hlutaðist til við bankana, að sjóveðskröfur skipverja fyrir kaupi þeirra yrðu greiddar þegar í stað vegna þess, hve hér var um lágar tekjur að ræða hjá skipverjum og ekki líklegt, að þeir gætu beðið eftir þessu. Nokkur skip voru þá leyst, en allur fjöldinn bíður enn frekari ráðstafana, þar eð bankarnir munu eindregið hafa óskað eftir, að reikningar lægju fyrir. Nú eru þeir komnir frá þessum 134 skipum, svo að væntanlega dregst ekki lengi hér eftir, að úr þessum aðkallandi vanda verði bætt. Þegar því er lokið, er enn eftir að koma einhverju lagi á greiðslu eða samninga um greiðslu til þess að aflétta hinum þunga skuldabagga, svo og gera ráðstafanir til þess, að rekstur vélbátaflotans verði ekki áfram í fullu vonleysi. Er óhætt að fullyrða, að margir útgerðarmenn munu alveg gefast upp bráðlega, ef ekki verður úr þessu bætt. Er hér mjög úr vöndu að ráða.

Sjávarútvegurinn er grundvallaratvinnuvegur fyrir alla aðra atvinnu og afkomu landsmanna. Á undanförnum árum eða síðan nýsköpunin hófst hefur margt verið gert til þess að efla útveginn. Nýir vélbátar hafa verið keyptir, togaraflotinn hefur verið endurnýjaður, síldarverksmiðjur hafa verið stórum auknar, og sú reynsla er fengizt hafði af hraðfrystingu fyrir forgöngu fiskimálanefndar, eftir tillögum Alþfl., hefur verið hagnýtt, þannig að afköst hraðfrystihúsanna hafa verið margfölduð. En þrátt fyrir hinar miklu framfarir í sjávarútveginum er hann í heild illa á vegi staddur í samanburði við aðra atvinnuvegi. Fjármagnið, sem í hann hefur verið lagt, er að langmestu leyti lánsfé og útvegað fyrir beina eða óbeina milligöngu hins opinbera. Þjóðarauðurinn hefur á þessum árum vaxið stórkostlega. Mikið fé er árlega fest í húsabyggingum, landbúnaði og verzlun, en flestir forðast að leggja eigið fé í sjávarútveg. Það þykir ekki eins ábatavænlegt og margt annað og er auk þess miklu áhættumeira. Hinar miklu vaxtagreiðslur af skuldaböggum sjávarútvegsins eru eins og dráps klyfjar og torvelda allan rekstur. Auk þess er nú svo komið, að fiskiskipin eða að minnsta kosti vélbátaflotinn er ekki lengur samkeppnisfær við aðra atvinnuvegi um kjör og kaupgreiðslur háseta. Vélbátaútvegurinn er rekinn með tapi ár eftir ár. Hinir gömlu togarar eru einnig reknir með tapi, og um hina glæsilegu nýsköpunartogara er sagt, að ⅓ þeirra græði, ⅓ sleppi skaðlaus og ⅓ sé rekinn með tapi, og þetta gerist á þeim tíma, þegar bæði fer saman mikill afli og metsala. Ef eitthvað ber út af með annað hvort, afla eða sölu, er talið fyrirsjáanlegt tap, jafnvel á hinum glæsilegu nýsköpunartogurum. Svona getur þetta ekki haldið áfram til lengdar. Ýmiss konar afskipti og afskiptaleysi hins opinbera af atvinnuvegunum ásamt þeim þjóðflutningum, sem nú eiga sér stað í landinu, tryggja aðra atvinnuvegi og framkvæmdir landsmanna og leyfa þeim óhóflegan hagnað, þannig að til þeirra leitar bæði vinnuafl og fjármagn á sama tíma og undirstöðuatvinnuveginn, sjávarútveginn, skortir fjármagn, öryggi og vinnuafl. Þessu verður að gerbreyta. Hin mikla yfirbygging, sem sett hefur verið ofan á sjávarútveginn á undanförnum árum, hvort heldur verzlun, iðnaður, landbúnaður, rekstur ríkisins eða annað, fellur saman eins og spilaborg, ef rekstri sjávarútvegsins verður ekki komið á heilbrigðan grundvöll. Þar hafa allir landsmenn sameiginlegra hagsmuna að gæta, þótt vera kunni, að ýmsir telji sig góða, meðan þeir sjálfir fljóta, hvað

svo sem verði um aðra. En þeir hinir sömu fljóta ekki lengi, ef sjávarútvegurinn sekkur. Það væri þjóðarslys, sem enginn slyppi óskaddaður frá. Þess vegna bíða Alþ. stórkostlegri og erfiðari verkefni en nokkru sinni fyrr.

Fyrst þarf að gera bráðar ráðstafanir til þess að leysa vandræði vélbátaflotans vegna hinna misheppnuðu síldarvertíða, og síðan verður að leita allra ráða til þess að beina fjármagni landsmanna og vinnuafli að sjávarútveginum og koma framtíðarrekstri hans á heilbrigðan grundvöll.

Við 1. umr. fjárlaga fyrir þetta ár vakti ég athygli hv. Alþ. á því, að brýna nauðsyn bæri til, að framkvæmdum hins opinbera væri hagað þannig, að vinnuafl væri ekki dregið frá sjávarútveginum. Á þetta verður enn að leggja áherzlu. Útflutningsframleiðslan þarf að sitja í fyrirrúmi fyrir öðru. Verður það því að teljast rétt stefna í fjárlfrv. að draga úr framkvæmdum hins opinbera í því skyni, að atvinnuvegirnir fái vinnuafl og fjármagn. Áherzlu þarf að leggja á að hefja sem minnst af nýjum óarðbærum framkvæmdum, heldur ljúka þeim, sem þegar er byrjað á. Einnig væri æskilegt, að ríkið stæði við þær skuldbindingar, sem því ber lögum samkvæmt, áður en það tekur á sig svo margar nýjar kvaðir, að ekki verði unnt að standa við neitt. Hið opinbera þarf að haga framkvæmdum sínum þannig að minnka þær, þegar nóg er um aðra atvinnu, en auka þær, ef atvinnuleysi kemur. Að þessu sinni þarf sérstaklega að gæta þess að haga hinum óarðbæru framkvæmdum ríkisins með tilliti til atvinnuveganna og væntanlegra Marshallframkvæmda, sem hæstv. ríkisstj. hefur skýrt frá, að nú séu á döfinni.

Í lögunum um fjárhagsráð er stefnan mörkuð með fyrirmælum um, að ráðinu beri skylda til að samhæfa framkvæmdir einstaklinga og hins opinbera. Slík samhæfing er þjóðarnauðsyn til þess að tryggja áfram heilbrigða aukningu atvinnuveganna. Þetta framhald nýsköpunarinnar er kommúnistum hér á Alþ. þyrnir í augum, og gera þeir allt, er í þeirra valdi stendur, til þess að hindra það, að þetta megi takast. Má því til sönnunar benda á árás hv. 8. landsk. á fjárhagsráð og þau gífuryrði, er hann lét sér um munn fara.

Hrunsöngur og hrunspár kommúnista í sambandi við störf fjárhagsráðs hafa staðið í 16 mánuði samfleytt, en reynslan hefur sýnt, að þær eru á engum rökum reistar. Þegar fjárhagsráð tók til starfa, var þegar búið að ráðast í mikinn fjölda bygginga og stöðugt bættust við nýjar og nýjar. Engin leið hefði verið að ljúka þessum byggingum vegna skorts á vinnuafli, fjármagni og gjaldeyri nema vegna starfa fjárhagsráðs. Sumum þessum byggingum hefur þó enn eigi tekizt að ljúka. Fjárhagsráð hefur eftir mætti reynt að beina byggingarstarfseminni og fjárfestingunni í fyrirtæki, er vinna að framleiðslustarfsemi til útflutnings. Má í því efni nefna hina stórkostlegu aukningu síldarverksmiðjanna við Faxaflóa, sem nú er að verða fullgerð, svo og fyrirgreiðslu fjárhagsráðs fyrir aukningu hraðfrystihúsa og annarra atvinnufyrirtækja. Þá hefur fjárhagsráð greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa af hæfilegri stærð, en ekki leyft stóríbúðir né heldur verzlunar- og skrifstofubyggingar. Allt kemur þetta greinilega fram í skýrslu um fjárfestingarstarfsemina, sem hefur verið fjölrituð og þannig birt almenningi. Starf fjárhagsráðs hefur þegar á stuttum tíma borið stórkostlegan þjóðhagslegan árangur, og sú ríkisstj., er að því hefur staðið, getur vikið frá sér ásökum út af því með fullum rökum.

Kommúnistar bera ráðinu sífelldlega á brýn, að það vilji stöðva framkvæmdir af tómri svartsýni og löngun til þess að koma á atvinnuleysi. Þetta er hin mesta firra; hins vegar fer því mjög fjarri, að ráðið sé óskeikult, og munu mörg mistök hafa átt sér stað hjá því, en höfuðskyssa ráðsins mun hafa verið bjartsýni þess og of mikil leyfaveiting, en ekki of lítil, eins og kommúnistar halda fram. Fjárhagsráð vildi fá úr þessu skorið af kunnáttumönnum og sneri sér því til fjögurra hagfræðinga úr öllum stjórnmálaflokkum og bað þá um álit þeirra. Hagfræðingar þessir eru Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Haralz, Klemenz Tryggvason og Ólafur Björnsson. Hafa þeir samið „Álitsgerð um fjárveitingarmál", sem hefur verið fjölrituð og send alþm. Álitsgerð þessi er 47 vélritaðar blaðsíður og allýtarleg. Segja hagfræðingarnir hispurslaust skoðun sína og benda á ýmislegt, sem þeir telja, að betur mætti fara. Margt af því, er þeir segja, var fjárhagsráði áður ljóst, og um ýmislegt má deila, en heildarniðurstaða þeirra af fjárfestingarleyfisveitingum fjárhagsráðs á þessu ári er sú, sem fjárhagsráð raunar vissi áður, að leyfisveitingarnar hefðu verið of háar, en ekki of lágar eins og kommúnistar halda fram. Því miður er hér ekki tími til að rekja þessa álitsgerð í heild, en hagfræðingarnir benda mjög á þá nauðsyn, sem hafi verið á því að samræma áætlanir um fjárfestingu og sparnað, og segja m. a.: „Þannig hefur ríkið síður en svo dregið úr sínum eigin fjárfestingarfyrirætlunum, en það ætti því þó vissulega að vera innan handar." Beri menn nú þetta álit hagfræðinganna, þ. á m. J. H., saman við bægslagang kommúnista á Alþ. út af fjárl.frv. því, sem hér liggur fyrir, sem einmitt fer í þá átt, sem hagfræðingarnir leggja til.

Um fjárfestingaráætlun fjárhagsráðs 1948 segja hagfræðingarnir á bls. 22: „Þessi áætlun verður að teljast mjög há miðað við sams konar áætlanir nágrannaþjóðanna," og enn fremur: „Það er einnig ljóst, að þessi áætlun felur ekki í sér mikla minnkun framkvæmda frá því, sem verið hefur á undanförnum árum." Þá benda hagfræðingarnir á að nauðsyn beri til, að fjárfestingarfyrirætlanir séu í samræmi við áætlun um sparnað og innflutningsáætlun, og segja: „Það má fullyrða, að þær fjárfestingarfyrirætlanir, sem felast í fjárfestingaráætluninni 1948, séu langt umfram árlegar sparnaðarfyrirætlanir."

Af öðrum niðurstöðum hagfræðinganna fjög-

urra má nefna, að þeir telja, að byggingarstarfsemin hefði farið á ringulreið, ef eigi hefði notið við starfa fjárhagsráðs, og að aukning raunverulegrar fjárfestingar sé ekki nauðsynleg til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, þar eð enn séu miklir atvinnumöguleikar fyrir hendi í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, geti þessar atvinnugreinar af öðrum ástæðum starfað að fullu.

Hagfræðingarnir segja á bls. 43: „Þær niðurstöður, sem komizt hefur verið að hér að framan, benda eindregið í þá átt, að fjárfestingaráætlun ársins 1949 verði að byggjast á allmikilli takmörkun leyfisveitinga fyrir nýjum framkvæmdum, miðað við það, sem var 1948.“ En þetta verði stundarfyrirbrigði meðan verið sé að ljúka hinum miklu framkvæmdum, sem nú séu á döfinni.

En vilja nú ekki hlustendur bera saman það, sem ég nú hef skýrt frá úr hagfræðingaumsögninni, við hrunsögn hv. 8. landsk., talsmanns kommúnista hér á Alþ., áðan og við þær ómaklegu árásir, sem Þjóðviljinn stöðugt heldur uppi á hæstv. ríkisstj. út af störfum fjárhagsráðs. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa til samanburðar nokkrar setningar úr Þjóðviljanum. Þar segir 2. nóv. 1947. Hlustendur bið ég afsökunar á því að bera slíkt í eyru þeirra:

„Að setningu þess (fjárhagsráðs) stóðu þau öfl í þjóðfélaginu, sem frá upphafi voru á móti nýsköpun atvinnulífsins og ætíð hafa viljað hana feiga, enda fengu þeir fjárhagsráði fyrst og fremst stöðvunarvald; því var ætlað að stöðva þróunina, kæfa bjartsýni og stórhug fólksins, veikja sóknarvilja fólksins til betri kjara. Verk þess hefur verið í samræmi við þetta ætlunarverk, hönd þess hefur verið hin dauða hönd stöðvunarinnar.“

Margoft síðan hefur blaðið talað um „skipulagða stöðvun í byggingarframkvæmdum.“ Blað eftir blað í 16 mánuði er málgagn kommúnista hér á landi að telja lesendum sínum trú um þessa vitleysu. Á sama tíma vinnur hagfræðingur flokksins og þingframbjóðandi merkilegt starf hjá fjárhagsráði og gefur út með þremur öðrum hagfræðingum álitsgerð, sem berlega brýtur í bága við hinn rauða þráð í baráttu kommúnista gegn ríkisstjórn og fjárhagsráði. Ég hlýt að spyrja: Hvað veldur þessari blindu og heimskulegu baráttu kommúnistafl. gegn öllum staðreyndum og þjóðarhag? Hvers vegna leita þeir ekki upplýsinga? Við þessu er aðeins eitt svar: Þeir vilja ekki vita hið rétta; þeir vilja heldur ljúga en leita sannleikans hjá sínum eigin flokksmanni.

Ef vikið er að framkomu kommúnista í gjaldeyrismálunum og skömmtunarmálunum, tekur ekki betra við. Hinum vísa orðabókarhöfundi, sem ritar sunnudagshugleiðingar Þjóðviljans, dauðleiðist allt tal um gjaldeyri. Allt slíkt er fyrir ofan hans skilning og virðingu. 2. nóv. 1947 kemst hann svo að orði: „Skelfingar ósköp er maður orðinn leiður á þessu þvaðri um hinn horfna gjaldeyri.“ Áður, eða 24. okt. 1947, sagði sami spekingur: „Það er því í alla staði fráleitt, sem fjárhagsráð heldur fram, að hinar horfnu gjaldeyriseignir hljóti að verða til þess að lífskjör almennings rýrni.“

Skelfingar ósköp hefði orðabókarhöfundurinn gott af að ganga nokkra daga í hagfræðitíma hjá Jónasi Haralz hagfræðingi. Í álitsgerð þeirri, er ég áður nefndi, gera hagfræðingarnir fjórir verðbólguna að umtalsefni og telja, að hún sé á háu stigi og á mörkum þess að geta snúizt upp í kreppuþróun. Í þessu sambandi komast þeir þannig að orði:

„Það má hiklaust telja, að sú hlið þessarar þróunar, sem alvarlegust er fyrir atvinnulíf landsins, sé þrot hinna erlendu innstæðna og þrot vörubirgða innanlands. Til þess að atvinnulífið geti gengið jafnt og greitt, þurfa ávallt að vera til vörubirgðir og gjaldeyrisforði og nokkur vissa um framtíðarhorfur, svo að hægt sé að taka ákvarðanir í samræmi við þær horfur. Séu þessar aðstæður ekki fyrir hendi, leiðir það til geysilegrar afkastarýrnunar í atvinnulífinu og jafnvel til hálfgerðrar eða fullkominnar stöðvunar einstakra fyrirtækja eða heilla atvinnugreina um lengri eða skemmri tíma.“

Síðan lýsa höfundar þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem fer til spillis við ýmiss konar skömmtun og leyfisumsóknir, og komast að þeirri niðurstöðu, að hin mikla afkastarýrnun, sem orðið hafi vegna þrots gjaldeyriseignarinnar og vörubirgða, dragi mjög úr áhrifum tækniþróunar síðustu ára, sem inneignum þá var varið til að efla. Um þetta segja þeir m. a.: „Óhætt er að fullyrða, að engar tækniframfarir, sem hægt væri að koma á nú, séu eins þýðingarmiklar og lagfæring þessa ástands.“ Það er ekki að furða, þó að þeim Þjóðviljamönnum dauðleiðist slíkt umtal. Þeir hafa öðru að sinna en að leiða hugann að því, sem Jónas Haralz og þrír aðrir hagfræðingar telja alvarlegt, sem sé þrot gjaldeyriseignarinnar og vörubirgðanna.

Fjárhagsráð hefur hins vegar álitið þetta örðugasta og alvarlegasta verkefni sitt og þess vegna verið að glíma við að kippa þessu í lag. Fyrir þetta þjóðnýta starf hefur fjárhagsráð orðið fyrir stöðugum árásum af hálfu kommúnista, er rita Þjóðviljann, en hins vegar ekki fengið þann stuðning, er vænta mátti og vera bar hjá flokksblöðunum. Ég vil í þessu sambandi rifja upp ástandið eins og það var fyrir ári, eða 31. okt. 1947. Þá vantaði bankana 8 millj. kr. til þess að eiga fyrir ábyrgðum sínum við erlenda banka. Auk þess lágu þá í bönkunum erlendar kröfur, yfirfærslubeiðnir og ábyrgðarbeiðnir um gjaldeyri fyrir um 40—45 millj. kr. með fullkomlega löglegum leyfum, sem lítið var hægt að hreyfa sökum gjaldeyrisskorts vikum og mánuðum saman. Sumar þessar kröfur urðu jafnvel allt að tveggja ára gamlar. Þetta ástand var algerlega óþolandi fyrir öll viðskipti. Hætta á algerri stöðvun vofði yfir atvinnulífi landsmanna vegna gjaldeyrisskorts. Sumarsíldin 1947 hafði brugðizt. Þá kom Hvalfjarðarsíldin ásamt hinum stórum auknu tekjum af sölum nýsköpunartogaranna og stórkostlegum niðurskurði á innflutningi til landsins.

Í sumar brást síldin aftur fyrir Norðurlandi, enn verr en sumarið 1947. Féll þar niður tekjustofn, sem nam 70—80 millj. kr. frá því, er áætlað hafði verið. En þrátt fyrir það hefur gjaldeyrisástandið batnað mjög mikið frá því um sama leyti í fyrra. Nú um s. l. mánaðamót áttu bankarnir 28 millj. kr. í erlendum gjaldeyri umfram ábyrgðir, en skulduðu á sama tíma í fyrra 8 milljónum meira en ábyrgðirnar. Auk þess eru hin miklu vanskil frá fyrra ári, er námu eins og áður sagði 40—45 millj. króna, að fullu greidd. Hefur hagurinn út á við því batnað stórlega, jafnhliða og tekizt hefur að koma á jafnvægi milli leyfisveitinga og greiðslumöguleika bankanna. Traust það, sem við Íslendingar vorum að missa erlendis, hefur unnizt á ný. Allar yfirfærslur í sterlingspundum fara nú fram jafnóðum og beiðnir berast. Dollarainnstæður eru að vísu engar, en engar óskilakröfur eru lengur í bönkunum vegna skorts á gjaldeyri eins og í fyrra. Úr dollaraskortinum hefur bætzt í bili með Marshallaðstoðinni og með því, hve mikið hefur verið fært af viðskiptum frá Bandaríkjunum yfir á önnur lönd.

Hið mikla átak, sem gert hefur verið til þess að lagfæra gjaldeyrisástandið, hefur þannig borið verulegan árangur. Þetta átak var því aðeins hægt að gera af því, að nýsköpunin, sem Framsókn beitti sér gegn, var á undan gengin. Á árinu hefur öll áherzla verið lögð á að flytja inn nauðsynjavörur vegna rekstrar atvinnuveganna, einkum til framleiðslu útflutningsvara. Þá hefur og verið mjög mikið flutt inn af kapítalvörum til bygginga o. þ. h. Þetta hefur mjög dregið úr því, að mögulegt hafi verið að flytja inn neyzluvörur handa almenningi og hefur það vakið talsverða óánægju, enda ekki til sparað af stjórnarandstöðunni og öðrum, sem vilja núverandi ríkisstj. feiga, að kynda þar undir. Þessar óánægjuraddir hafa haft frjálsan aðgang að öllum blöðum landsins, svo sem vera ber í lýðfrjálsu landi. Þó er vitað, að ekki var vandalaust að takmarka innflutning í fyrsta sinn hér á landi eftir allsnægtirnar í stríðslokin, í peningaflóðinu, sem þá streymdi yfir landið. Því, sem miður fór, hafa blöðin mjög haldið á lofti, en hins vegar ekki brýnt nógsamlega fyrir almenningi, að fyrir rúmu ári síðan áttu landsmenn um það að velja að halda áfram óhindruðum innflutningi, þangað til allt var sokkið í vanskil og skuldir og atvinnuvegirnir stöðvaðir, eða að skera niður innflutninginn, svo sem gert hefur verið með þeim árangri, sem ég hef lýst, og halda jafnframt öllu, sem unnt var, til atvinnuveganna, svo að fólkið ekki missti atvinnuna.

Á þessu ári hefur mikið áunnizt í þá átt að laga gjaldeyrisástandið, sem kommúnistum leiðist svo mikið að heyra talað um, en hagfræðingarnir telja nauðsynlegt. Þó er fjarri því, að úr því sé bætt að fullu. Vörubirgðir eru mjög litlar í landinu, og þrátt fyrir takmarkaðan innflutning er gjaldeyrisþörfin gífurleg.

Það, sem af er árinu, hafa bankarnir keypt gjaldeyri fyrir 365 millj. kr., þar af 343 millj. fyrir útflutningsverðmæti. Á sama tíma hafa þeir selt gjaldeyri fyrir kr. 313 millj. eða rúmlega 1.1 milljón króna á dag. Það er þess vegna ekki enn þá til eins mánaðar gjaldeyrisforði í bönkunum, en birgðir af útflutningsvöru, sem líklegt er að seljist og greiðist til áramóta, nemur rúmlega 60 millj. kr.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að handbær gjaldeyrisforði einn sýnir ekki hina réttu mynd af ástandinu, heldur þarf einnig að taka tillit til birgða af seljanlegum útflutningsafurðum og birgða af innfluttum vörum í landinu. Hinar síðarnefndu eru nú litlar, en um útflutninginn er það að segja, að afgreidd og útflutt og væntanlega öfluð útflutningsvara nemur um 100 milljónum króna til áramóta.

Hvort ástandið batnar eða versnar á næstu mánuðum, fer eftir því, hvort Hvalfjarðarsíldin kemur og hvernig fer um vertíðina í vetur. Komi Hvalfjarðarsíldin, á að vera óhætt að rýmka nokkuð um innflutning almennra neyzluvara, en komi hún ekki, verður varla til gjaldeyrir fyrir öðru en því, sem ekki verður hjá komizt að flytja inn. Færi svo, að síldin bregðist, er óvarlegt að gera ráð fyrir auknum innflutningi á tollvörum, svo sem gert er í fjárlagafrv. þessu, nema landsmenn kjósi heldur að draga úr fjárfestingu, svo sem til húsabygginga og annarra framkvæmda, minnka innflutning til framleiðslunnar og hafa minna að gera, en fá í staðinn fyrir atvinnu aukinn innflutning á neyzluvöru. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst.

Ef vel væri, tel ég, að gjaldeyrisforði bankanna þyrfti að nema að jafnaði sem næst 100 millj. króna, svo að hægt væri að mæta nokkrum vanhöldum og veiðibresti. Til þess að ná þessu marki þarf annaðhvort ágæta vertíð eða mikið átak eða hvort tveggja. Stöðugur gjaldeyrisskortur truflar mjög öll viðskipti og framkvæmdir, svo sem almenningur hefur fengið að kenna á á árinu, sem er að líða. Ég hef talið rétt að benda á við þessa umræðu fjárl., að til þess að bæta úr gjaldeyrisskortinum verður að koma sjávarútveginum á heilbrigðan grundvöll, svo að hann geti starfað af fullum krafti. Það þarf að samhæfa framkvæmdir hins opinbera og einstaklinga, svo sem ætlazt er til með l. um fjárhagsráð. Enn fremur þarf að haga innflutningi eftir greiðslugetu hverju sinni. Þetta er lögmál þeirrar nýsköpunar, sem þjóðin getur byggt á vonir sínar um bjarta framtíð.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Ísaf. lokið máli sínu. Næst tekur hæstv. fjmrh. til máls og hefur 15 mínútur til umráða.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég var nú að vísu búinn að þreyta hv. þm. á svo löngum lestri, að ég býst við, að flestir hafi verið búnir að fá nóg af því, enda hef ég nú stuttan tíma til að gera athugasemdir við það, sem fram hefur komið hér í umræðunum, og er því þakklátur fyrir, að þeir þm., sem mark er á takandi, hafa ekki gefið mér tilefni til langs máls.

Ég vil taka undir með hv. þm. Ísaf. hvað snertir fjárfestinguna. Mér betri hagfræðingar hafa staðfest, að það er síður en svo hægt að segja með sanni, að fjárhagsráð hafi verið allt of tregt til fjárfestingar. Athugun á verzlunarskýrslum undanfarinna ára sýnir það glöggt, hve mikið hefur einmitt verið flutt inn á þessu ári af kapítalvörum svokölluðum eða nýsköpunarvörum, hversu mikið rúm þær eru farnar að taka í innflutningnum, en hversu innflutningur allrar neyzluvöru til daglegra þarfa hefur aftur á móti minnkað mikið. Á árunum 1942—46 var meðaltalsinnflutningur af þessum vörum 34½% af innflutningnum, en á þessu ári er hundraðshluti nauðsynjavara kominn niður í 22.3%, og það er það langlægsta, sem verið hefur um langt árabil. Aftur á móti er innflutningur á byggingarvörum, vélum og tækjum kominn upp í 43% á þessu ári, og þá á ég við í þessu tvennu þá áætlun, sem hv. fjárhagsráð hefur gert um innflutning ársins 1948, og í öðru lagi opinberar skýrslur. Þegar innflutningur á kapítalvörum, byggingarvörum o. fl. er orðinn 40—50%, en nauðsynjavörurnar komnar niður í 22.3%, þá er komið að minni hyggju allt of langt í því að flytja inn hinar svokölluðu kapítalvörur og nauðsynlegt að snúa blaðinu nokkuð við og örva innflutninginn á nauðsynjavörunum og því, sem þar undir er talið heyra. Og meðal annars átti ég við það í ræðu minni, að þessi innflutningur yrði aukinn og þar með ýtt undir tekjuöflun ríkissjóðs og almenningi í landinu gerð stór þægindi.

Ég skal svo ekki ræða meira um þetta, en vert er að athuga, þegar minnzt er á kapítalvörur, þá á ég við óarðbærar vörur og arðbærar undir einum hatti, og þegar ég vil láta draga úr innflutningi á kapítalvörum, þá á ég við þann hluta þeirra, sem talinn er óarðbær og festur verður í t. d. ýmiss konar byggingum. En vörur, sem fluttar eru inn vegna sjávarútvegsins, t. d. skip, eða vegna landbúnaðar til framleiðslu í landinu, ber að skoða að mínum dómi í öðru ljósi.

Hv. þm. Ísaf. beindi með mikilli röggsemi frá sér þeim fáránlegu ásökunum, sem hv. 8. landsk. var með, eins og andinn hafði honum inn gefið. Hv. 8. landsk. talaði eins og aðrir, sem kommúnistar senda út af örkinni, þeir eiga að tala svona, það er fyrir þá lagt. Hv. 8. landsk. er að vísu ekki barn, en hann er hins vegar barnakennari, en þar með er ekki sagt, að hann þurfi að tala við hv. þm. og sízt af öllu við alla þjóðina eins og allir væru börn.

Ég hef ekki tíma til þess að fara langt út í það að ræða fullyrðingar hans, en ég vil þó benda á einstök atriði í þeim, t. d. það, að það, sem ég minntist á þá skoðun mína, að það beri að athuga til hlítar, hvort ekki sé hægt að fara aðrar leiðir til þess að bæta úr fyrir bátaútveginum hvað framleiðslumöguleika snertir í framtíðinni heldur en þær að borga beint úr ríkissjóði, sé árás á verkalýðinn í landinu. Ef þetta er árás á verkalýðinn, þá er ég ekki þar einn í sök, því að fjölmennur fundur útvegsmanna samþ. það sama í fyrra og nú fyrir nokkrum dögum síðan. Ef það er árás á verkalýðinn að athuga ráð til þess, að atvinnuvegirnir geti gengið, þá er það orð nýstárlegt, og það getur verið, að slíkt sé tekið sem góð og gild vara hjá kommúnistum og kannske sérstaklega austur í Hornafirði, en ég held, að í eyrum allra skynbærra manna hljómi það hálffáránlega.

Þá ræddi hv. 8. landsk. um fiskiðjuver ríkisins og taldi, að það væri alveg dæmalaust, að því væri ekki veitt innflutningsleyfi fyrir dósum, og hann sagði, að það stæði ekki á neinu öðru til að tryggja arðberandi rekstur, því að hér væri að ræða um mjög auðseljanlega vöru við ágætu verði. En því miður er sannleikurinn sá um það bákn, sem hæstv. fyrrv. atvmrh. lét byggja hér við höfnina, að það lítur út fyrir, að framleiðsla þess sé byggð á þeim grundvelli, að vörurnar seljist ekki erlendis. Hv. 8. landsk. vísaði til þess, að forstjóri þessarar verksmiðju hefði nýlega átt tal við blað, sem nákomið væri Sjálfstfl., og samkvæmt því væri reksturinn á góðum grundvelli og nægir markaðir erlendis fyrir vöruna. Þetta viðtal mun hafa verið í Vísi, þar sem forstjóri fyrirtækisins, hr. Jakob Sigurðsson, lýsti möguleikunum fyrir því að selja þessa vöru. Og það viðtal var tilefni til þess, að ráðuneytið spurði hann um möguleika á því að selja þær vörur erlendis, sem hann léti framleiða í þessari verksmiðju. Svarið liggur í stjórnarráðinu, og Jakob Sigurðsson vísar því frá sér sem röngu sem í blaðinu stendur, og segir, að það sé skakkt eftir sér haft. Og því miður lýsir hann fyrir ráðuneytinu ástandinu í þessum sölumálum, þegar hann er krafinn sagna og stendur ábyrgur, öðruvísi en þegar hann talar við blaðið. Það er ekki ánægjulegt að þurfa að segja það, að stórfé sé lagt í fyrirtæki, sem á svona erfitt uppdráttar að selja sínar vörur á erlendum markaði, en það þýðir ekki annað en að horfast í augu við staðreyndirnar í þessu efni. Íslenzka niðursuðan mun vera seld töluvert á innlendum markaði, en það gengur raunalega illa að ná fótfestu á erlendum markaði enn þá, og þar er kannske fyrst og fremst til trafala, að þessi vara er svo dýr, að hún þykir ekki samkeppnisfær. Það er þetta ástand, sem hv. 8. landsk. kallar, að varan sé auðseljanleg við ágætu verði. Það væri óskandi, að þetta væri satt, sem hv. þm. heldur fram, en því miður er það ekki nema eins og hvert annað fleipur.

Þá átaldi hv. 8. landsk. ríkisstj. fyrir það að hafa ekki látið byggja lýsisherzluverksmiðju og síldarniðursuðuverksmiðju eins og fyrrv. atvmrh. hefði viljað gera og verið byrjaður að undirbúa. Það er satt, að hæstv. fyrrv. atvmrh. var búinn að ausa hundruðum þús. kr. í þann undirbúning. En það var allt á sandi byggt, því að enginn eiginlegur grundvöllur var fundinn undir byggingu þessa fyrirtækis, þegar ég kom í ráðuneytið. En horfurnar eru yfirleitt þannig vegna bygginga verksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði og þá einnig með tilliti til þeirra byrða, sem á ríkissjóð og þjóðina hafa

verið lagðar, og með því ráðslagi öllu saman, samfara aflabrestinum, sem allir þekkja, að ég held það megi þakka það, að ekki er lagt út í margra millj. kr. kostnað með lántöku til þess að koma upp þessari lýsisherzluverksmiðju enn sem komið er.

En það er hins vegar fyrirhugað á næstu árum með hinni svokölluðu Marshallaðstoð að koma lýsisherzluverksmiðju upp á vegum hins opinbera, ef einstakir framleiðendur hér á landi verða ekki áður búnir að byggja verksmiðju til þeirra hluta, sem heyrzt hefur, að sé í undirbúningi. En verði það svo, er sannarlega óþarfi fyrir ríkissjóð að binda sér slíkan bagga, hann hefur nóg af þeim.

Athugasemdir hv. 8. landsk. um hinn gífurlega vaxandi ríkiskostnað og embættismannakostnað eru alveg út í bláinn. Hann byggir annars vegar á áætlunartölum fyrir árið 1946 og hins vegar á reikningsútkomu ársins 1947, en þar skakkar mikið á milli. Hitt er vitaskuld eðlilegt, að ýmislegt hefur vaxið á þessu sviði, eins og t. d. landhelgisgæzlan, sem mun kosta um mörg hundruð þús. kr. fram yfir það, sem áður hefur verið, til 1946 annars vegar og 1947 hins vegar. Þá hefur orðið að fjölga lögregluþjónum og tollþjónum, slíkt var óhjákvæmilegt. Hinu horfir þessi hv. þm. og fleiri hv. þm. fram hjá, hvaða liðir það eru, sem mestum útgjöldum valda. Ég get ekki stillt mig um að nefna 5 greinar þessara fjárl., sem gleypa um ⅔ hluta af öllum tekjum ríkissjóðs og eru þá um leið um ⅔ af öllum útgjöldum ríkissjóðs. Og ef maður tekur ársreikninginn fyrir árið 1947, liggur ljóst fyrir, hvaða liðir það eru. Það eru t. d. dýrtíðarráðstafanir, sem fara með rúmar 60 millj. kr., kennslumálin, sem fara með 34 millj. kr., vegamálin, sem fara með um 29 millj. kr., landbúnaðarmálin, sem fara með um 18 millj. kr., og loks félagsmálin eða tryggingamálin öðru nafni, sem kosta 26.5 millj. kr. Hinar greinarnar allar 17, svo sem alþingiskostnaður, stjórnarráðskostnaður, utanríkismálin öll, dómgæzla og lögreglustjórn, heilbrigðismálin, vitamálin, hafnargerðir, sjávarútvegsmálin, flugmálin, iðnaðarmálin, ræktunarmálin o. fl., sem ég hef ekki tíma til að telja upp, verða að láta sér nægja ⅓ hluta af útgjöldum ríkissjóðs. Það væri óskandi, að hv. þm., eins og t. d. 8. landsk., vildi gera sér ljóst, hvaða tölur ætti að taka, þegar gera skal samanburð á útgjöldum, en væru ekki að fjasa svona út í loftið með því að benda annars vegar á áætlun, en hins vegar á reikning fyrir árið, og sýna svo stóra hækkun á útgjöldum samkv. þeim. Hitt er satt, að það er allt of mikil þensla á útgjöldum í starfskerfi ríkisins. En hverjir hafa boðið þessari þenslu heim? Eru það ekki löggjafarnir? Og ef út í það er farið, þá vil ég spyrja: Við hvaða tækifæri hefur Sósfl. barizt á móti því, að þenslan héldi áfram? Ég fullyrði: aldrei. Þessi flokkur hefur þvert á móti alltaf greitt atkv. með öllu því hæsta, sem aðrir hafa verið með, og venjulega yfirboðið að auki. — Tími minn er kannske farinn að styttast.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það væri ekki fyrr en nú, að fjárlfrv. væri lagt fram. En það er ekki alveg rétt sagt. Fjárlfrv. var lagt fram 1. nóv., og er það rétt 20 dögum eftir, að þingið kom saman, og þegar þess er gætt, að ég var veikur 12 fyrstu daga þingsins, þá er það eðlilegt, og þá einnig, að mjög erfitt er að koma málinu saman, enda sagðist hv. 1. þm. Rang. taka mínar afsakanir gildar. Hv. þm. talaði um, að fjárl. hækkuðu o. s. frv. En hann og hans ágæti flokksbróðir, hv. 2. þm. N-M., áttu ákaflega skammt að því búri, þar sem þeir geyma ýmsa óþrifalega hluti, þegar leita þarf að orsökum að öllum vandræðum, sem rekja megi til fyrrverandi stjórnar, sem sé ásökunum á fyrrv. stjórn. En þetta er orðin svo þvæld tugga, að ég nenni ekki að eltast við slíkt. En fyrir það framtak, sem átti sér stað í tíð fyrrv. ríkisstj. í atvinnumálum, þá erum við nú að því leyti ofan á, sem raun ber vitni. Hefðu t. d. nýsköpunartogararnir ekki verið komnir inn í landið til þess að moka inn gjaldeyri, þá værum við nú mjög illa komnir. Og það verður aldrei hægt að neita því, að þeir voru keyptir í tíð fyrrv. ríkisstj. En þessi sárindi fyrrverandi andstæðinga stj. eru ekki ný. Það er ekki hægt að taka það alvarlega, en heldur ekki að láta því ómótmælt, sem sagt er bara af þykkju út í það, sem þá var gert.

Hv. 2. þm. N-M. og hv. 1. þm. Rang., sem hér hafa talað, hafa sagt, að þær 30 millj. kr., sem áætlaðar eru til dýrtíðarráðstafana, væru of lágt áætlaðar. Það er alveg eftir því, hvernig á það er litið, það er að segja, hvort farnar verða alveg sömu leiðir, hvort á að halda áfram að fleygja kjötuppbót í þá, sem ekkert uppbótaskylt kjöt nota t. d., og hvort á að halda áfram að gefa ábyrgð á fiski, svo að hægt sé að selja vörurnar með lægra verði, eða hvort á að reyna að fara einhverjar aðrar leiðir. Ég mun gera það að minni till., að það verði litið nær sér í þessum efnum, því að það liggur vissulega í götunni steinn, sem hætt er við að þjóðin hnjóti um, verði hlaðið á hana of þungum byrðum í þessum efnum, og kannske verður henni um megn að standa undir útgjöldum í þessu skyni. — Hæstv. forseti hefur nú tekið hamarinn í hönd, og má ég verða við öllu búinn.

Ég vil svo leyfa mér að þakka góðar ábendingar þeirra hv. þm., sem talað hafa skynsamlega um málið. Ég vil undirstrika það, að þótt ég hafi talið skyldu mína að benda á ákveðna tekjuöflun, sem ég hef gert, að tvöfalda söluskattinn, þá er ég sem sagt reiðubúinn til þess að tala um aðra lausn á því máli, ef bent verður á aðrar betri leiðir. Ef þær geta talizt skynsamlegri, þá tel ég víst, að bæði ég og aðrir taki þá stefnu, sem Ari fróði gerði að sinni lífsreglu, að vilja heldur gera það, sem sannara reynist. Með þetta í huga lýk ég svo þessum umr. Ég veit, að þetta mál fer nú til hv. fjvn., og ég vona, að hinu háa Alþ. og n. fari afgreiðsla á þessu frv. eins vel úr hendi og ég kann bezt að óska og betur en ég hef getað undirbúið það, þó að ég um leið verði að taka

það fram, að ég og starfsmenn mínir í ráðuneytinu hafa ekkert til sparað til þess að vanda sem bezt frágang á frv.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh. lokið máli sínu, og er þar með þessum hluta umr. lokið. Umr. verður að öðru leyti frestað og fer nú fram atkvgr.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd fjvn. að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. til fjárl. fyrir árið 1949 ásamt fram komnum nál. og brtt. vísað til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er skv. venju þingsins og þingsköpum, að hinar svokölluðu eldhúsumræður fari fram við frh. 1. umr. fjárlaganna. Nú hefur stundum undanfarið orðið um það samkomulag milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj. að fresta eldhúsumræðunum til 3. umr. Hæstv. forseti minntist á það við mig, hvort við sósialistar vildum fallast á þennan frest, en að athuguðu máli gátum við, með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, ekki fallizt á að veita frestinn og óskum eftir því, að eldhúsumræðurnar fari fram við frh. 1. umr., og þar sem stjórnarandstaðan krefst þess, að haldið verði við hinni gömlu venju skv. réttum þingsköpum, þá vil ég láta það koma í ljós, að mér finnst ótilhlýðilegt, ef stjórnarflokkarnir beita meirihlutavaldi sínu til þess að veita afbrigði frá þingsköpum í þessu tilfelli. Það er því ósk Sósfl., að eldhúsumr. fari fram við frh. 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. 2. þm. Reykv. gat um, hefur það verið venja undanfarin ár, að eldhúsumræðum væri frestað til 3. umr. fjárlaganna. Þetta hefur nú verið athugað í þingflokkunum, og hygg ég að þrír þeirra séu á einu máli um að hafa sömu aðferð og undanfarið. Hæstv. forseti mun hafa minnzt á þetta við hv. form. Sósfl., og mun hann í fyrstu ekki hafa tekið því fjarri, en síðan hefur flokkur hans komizt að þeirri niðurstöðu að leggja gegn þessu. Með því hefur fastlega verið reiknað, að sama aðferð verði viðhöfð og undanfarin ár, og tel ég rétt, að svo verði enn, en sjálfsagt er, að hv. þingmenn skeri hér sjálfir úr, hvort þeir nú vilja að þessu leyti víkja frá þingsköpum, og mælist ég til þess við hæstv. forseta, að hann beri það undir hv. þm., hvort þeir vilja þessi afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um að fresta útvarpsumr. til 3. umr. leyfð og samþ. með 27:5 atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 461, 470 og 472, 460, 468, 479, 481).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. því til fjárlaga fyrir árið 1949, sem hér liggur fyrir til umr., var útbýtt í Sþ. 1. nóv. s. l. og vísað til fjvn. þann 5. s. m. Þann 14. þ. m., eða eftir rúma fjóra mánuði, skilar meiri hl. till. og nál. á þskj. 460 og 461. Þykir mér rétt að gera hér nokkra grein fyrir þeim óvenjulega langa tíma, sem það hefur tekið að afgreiða málið frá nefnd, samfara því sem gerð verður hér grein fyrir hinum ýmsu brtt., sem fram eru bornar.

Þótt fjárlfrv. væri að mörgu leyti vel undirbúið frá hendi hæstv. fjmrh., þar sem því fylgdi m. a. óvenjulega glögg grg. og margvíslegar upplýsingar, sem annars hefði orðið að afla, þá var þó ljóst þegar í upphafi, að margar breytingar þurfti að gera á því, og m. a. þess vegna engin tök á að afgreiða frv. til 2. umr. fyrir jólaleyfi, hvað þá heldur að ljúka afgreiðslu fjárl. þann tíma.

Þegar frv. var fyrst lagt fram, var gert ráð fyrir 27 millj. 419 þús. kr. rekstrarhagnaði og tæplega 400 þús. kr. óhagstæðum greiðslujöfnuði. En þá er aðeins ætlað 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana og önnur útgjöld á 19. gr. áætluð 6.5 millj. kr. Ef þessar upphæðir báðar eru dregnar frá rekstrarútgjöldum á frv. og niðurstaðan því næst borin saman við áætluð rekstrargjöld 1948, að frádregnum framlögum til dýrtíðarráðstafana á 19. gr., alls 55.5 millj. kr., sést, að rekstrargjöldin á frv. auk dýrtíðargreiðslu eru 8 millj. kr. hærri en á fjárl., og þá höfðu framlög til verklegra framkvæmda verið skorin niður um 12 millj. kr. Af þessu er ljóst, að rekstrarútgjöld hinna ýmsu stofnana og önnur gjöld, að undanskildum verklegum framkvæmdum, eru áætluð um 20 millj. kr. hærri en á fjárl. 1948. Þessir liðir fjárl. 1948 munu hafa verið áætlaðir samkv. raunverulegum kostnaði, eins og hann varð á ríkisreikningnum 1946, og samsvarandi liðir á fjárlagafrv. hækkaðir upp í það, sem þeir reyndust á ríkisreikningnum 1947, allt eins og vísað er til í aths. við frv. Nefndin gat því ekki fallizt á, að rétt væri að samþykkja rannsóknarlaust slíka gífurlega útþenslu og hækkun á kostnaði í ríkisrekstrinum, og því varð óhjákvæmilegt að leggja í það mikla vinnu að gera samanburð á hverju atriði út af fyrir sig og ræða þau síðan ýtarlega við forstjóra hinna mörgu stofnana og leita fyrir sér um samstarf til niðurfærslu að verulegu leyti. Hlaut þetta allt að taka mjög mikinn tíma. Hitt var enn lakara, að flestar stofnanirnar töldu sig ekki geta dregið neitt úr kostnaðinum, heldur þyrftu þær þvert á móti meira fé, fleira fólk og meira húsnæði, ef störfin ættu að leysast vel af hendi. Samanburður sá, sem að framan greinir, var sendur ríkisstj. 14. des. s. l. og þess jafnframt óskað, að hún hefði fulla samvinnu við nefndina um niðurskurð á allverulegum hluta af þeim 20 millj., sem rekstrarkostnaðurinn hafði

aukizt, eins og fyrr segir. Þessu erindi n. var svarað með því að láta sparnaðarnefnd, er ríkisstj. hafði skipað, athuga samanburðinn og senda síðan tillögur sínar hér að lútandi til ríkisstj., sem síðan mundi ræða málið á ný við n. Það var þó ekki fyrr en 11. febr., að fjvn. fékk till. sparnaðarnefndar, og þá án þess að fá um það nokkra vitneskju, hvort ríkisstj. hefði fallizt á þær tillögur eða hvort hún væri þeim andstæð, annaðhvort í heild eða í einstökum atriðum. Er hér var komið málum, hafði fjvn. raunverulega ekki nema mánuð til að afgreiða frv. Í mörgum einstökum atriðum, sem til umr. voru, kom í ljós, að ríkisstj. sjálf gat ekki komið sér saman. Hæstv. fjmrh. taldi sig ekki geta fallizt á nýja útgjaldaliði, nema samsvarandi lækkun eða nýjar tekjur kæmu á móti, þar sem greiðsluhallinn mætti engan veginn hækka á frv. Önnur ráðuneyti töldu sig hins vegar ekki geta komizt af með það fé, sem þeim væri ætlað í frv. til hinna ýmsu framkvæmda. Og fram á síðustu stundu hafa n. borizt erindi frá hinum ýmsu rn. um fjárframlög til alls konar framkvæmda, sem hæstv. fjmrh. hefur ekki getað fallizt á, að tekin væru upp í frv.

Eins og að framan getur, eru aðeins áætlaðar 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana á 19. gr., í stað 55 millj. kr. á fjárl. s. l. árs. Varð ekki annað skilið af fjárlagaræðu hæstv. ráðh. við 1. umr. þessa máls en að hann hugsaði sér, að þessi liður yrði ekki hækkaður, og að til umræðu í ríkisstj. væru aðrar leiðir á lausn dýrtíðarmálanna, sem ekki ættu að kosta ríkissjóð neitt fé fram yfir þá upphæð, sem hér var tekin upp í frv. Mun hæstv. ráðh. þá hafa haft í hyggju einkum tvennt: Annað að leyfa útflytjendum að selja einhvern hluta gjaldeyrisins á hærra verði en hinu skráða gengi, líkt og enn er með gjaldeyri fyrir útflutt hrogn o. fl., en hitt að fella niður kjötstyrkinn til neytenda. En eins og kunnugt er, voru dýrtíðarmálin um síðustu áramót ekki leyst á þennan hátt, heldur á þann veg, að bæta þurfti 41 millj. 640 þús. við þær áætluðu 33 millj., sem fyrir voru til dýrtíðarráðstafana. Að vísu var samtímis gert ráð fyrir nýjum tekjum, að upphæð 18 millj. 640 þús., á móti þessum útgjöldum, en mismuninum, 23 millj. kr., er enn ómætt, og hafa engar till. komið frá hæstv. ríkisstj., hvort hugsað sé að afla nýrra tekna á móti eða á hvern hátt það verði gert.

Blað stjórnarforustunnar, Alþýðublaðið, gat þess um áramótin, að innan ríkisstj. hefði orðið um það ágreiningur, hvernig leysa skyldi að þessu sinni dýrtíðarvandann, er vitað var, að bátaútvegurinn var að stöðvast um nýár og þar með flest eða öll hraðfrystihús landsmanna. Segir blaðið frá því, að Framsfl. hafi þá viljað fara verðjöfnunarleiðina, þ. e. að lækka launin í landinu og skerða þannig kjör launastéttanna, en Sjálfstfl. hafi viljað gengisfall til þess á þann hátt að skerða kjör almennings. Stjórnarforustan, Alþýðuflokkurinn, hafi hins vegar viljað halda áfram á sömu braut og áður, þ. e. að greiða uppbætur úr ríkissjóði á framleiðslu til lands og sjávar og halda áfram niðurgreiðslum á ýmsum vörutegundum, til þess á þann hátt að tryggja almenningi eigi lakari kjör en verið hefur, og að þessi stefna hafi sigrað og orðið ríkjandi, þegar dýrtíðarlögin voru afgr. í desember s. l. Ég skal ekki fara frekar út í það, hve hörð þau átök kunna að hafa verið innan ríkisstj. um það, hvaða stefnu skyldi haldið í þessum málum. Hitt er ljóst, að sú stefna, sem hefur orðið ofan á og Alþýðublaðið tileinkar og þakkar alveg sérstaklega stjórnarforustunni og Alþfl., er fjárfrekasta stefnan fyrir ríkissjóð, eins og sjá má á því, að hækka verður áætlað framlag til dýrtíðarmálanna úr 33 millj. kr. upp í rúmlega 74 millj., eða um rúml. 41 millj. kr., og mun þó hvergi nægjanlegt til þess að fullnægja kvöðum, sem ríkissjóður batt sér með því að halda eitt árið enn þessu fyrirkomulagi. Það er líka hreinn misskilningur að halda, að með þessu séu kjör almennings í landinu óskert eða að fullu tryggð, því að það eru engir aðrir aðilar til en almenningur, sem greiða verður af þessum enn óskertu launatekjum þær rúmlega 41 millj. kr., sem ríkissjóður verður að afla sér á einn eða annan hátt, við það að fara þessa stjórnarforustuleið, fram yfir þær 33 millj., sem þurfti, ef leið sú, sem hæstv. fjmrh. benti á, hefði verið farin eða einhver önnur hliðstæð. Lakast af öllu er þó, að þessi leið, sem valin hefur verið og stjórnarforustan og Alþfl. tileinka sér alveg sérstaklega, gefur engar minnstu vonir til þess að leysa vandann, nema síður sé, heldur leiðir hún lengra og lengra út í óvissuna og skapar meiri og meiri erfiðleika til viðreisnar, sem verður að koma og þjóðin gerir kröfu til, að komi fyrst og fremst frá þingi og stjórn. Núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð til þess að ráðast gegn vaxandi dýrtíð, halda nýsköpun atvinnuveganna áfram og tryggja þau kjör, sem almenningur hafði fengið í landinu, bæði til lands og sjávar. Fyrsta raunhæfa sporið gegn dýrtíðinni var festing vísitölunnar, — ráðstöfun, sem þjóðin sagði almennt ekkert við og þoldi möglunarlítið, þar til útséð var um, að aðrar ráðstafanir, sem að gagni mættu koma, fylgdu á eftir. Sú stjórn, sem ætlaði að gera gildandi festingu vísitölunnar, mátti sízt af öllu hækka á einu ári rekstrarútgjöld ríkisins um 20 millj. kr., eða um 22%, og þenja þannig út takmarkalitið ýmsar stofnanir á kostnað þegnanna.

Afskipti ríkisvaldsins af viðskipta- og atvinnulífi þegnanna eru nú orðin slík, að vart getur nokkur maður hreyft sig til athafna eða öflunar verðmæta, nema hafa áður gengið í gegnum hinn voðalegasta hreinsunareld skriffinnsku og leyfa, sem samfara því að glata þúsundum dagsverka og enn fleiri þúsundum tækifæra kostar þegnana og ríkissjóðinn milljónir króna. Þar við bætist, að ríkissjóður vasast meira og meira í almennum verkefnum þegnanna, ekki með þeim árangri, að þetta spari þjóðinni útgjöld, sé betur af hendi leyst

eða gefi ríkissjóði arð, heldur með þeim sorglega árangri, að verkefnin eru verr af hendi leyst, kostnaðurinn meiri og tjón ríkissjóðs tilfinnanlegt á flestum sviðum. Þetta ónauðsynlega tjón verður síðan að leggja á þegnana með nýjum sköttum. Fólkið, sem möglunarlaust fórnaði hluta af launum sínum, þegar vísitalan var fest, í trausti þess að dýrtíðin og álögurnar færu minnkandi, hrópar nú á hærri laun og stillir þá kröfunum minna í hóf, er ljóst er, að hér á Alþingi ríkir ekki mikill áhugi fyrir sparnaði.

Þetta var hið raunverulega viðhorf, sem blasti við fjvn., er hún fyrir alvöru þann 11. febr. gat snúið sér að afgreiðslu fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. vildi m. a. mæta þessu viðhorfi með því að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda allt að 12 millj. kr., án þess að jafnframt yrði gerð tilraun til þess að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins eða að minnka afskipti ríkissjóðs af ýmsum verkefnum, sem áður fóru betur í höndum einstaklinga. Eru m. a. færð þau rök fyrir þessu, að á meðan þjóðin þarfnast meiri útflutnings til öflunar meiri gjaldeyris, beri ríkinu að draga saman verklegar framkvæmdir, en keppa ekki að sama skapi um vinnuaflið við þá atvinnuvegi, sem starfa að framleiðslunni. Á þetta gat meiri hl. n. ekki fallizt. Í fyrsta lagi var ekki hægt að fallast á allan þann niðurskurð til verklegra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í frv., nema að undangenginni breytingu á gildandi lögum, þar sem skylt er að inna af hendi nokkurn hluta framlagsins lögum samkvæmt. Og ætti að fara inn á þá braut að fresta framkvæmdum gildandi laga eða breyta þeim, gæti ýmislegt annað komið til greina en einmitt það, sem hér er gert ráð fyrir. Í öðru lagi eru margar af þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir, svo sem vega-, síma-, brúa- og hafnarframkvæmdir, beinn þáttur í aukinni framleiðslu til lands og sjávar, sem styður því meir að öflun gjaldeyris, sem hann er betur ræktur. Og í þriðja lagi er allur sá hópur manna, sem festur er við ýmiss konar miður nauðsynleg störf í ríkisstofnunum, engu síður tekinn frá framleiðslunni en þeir, sem starfa að verklegum framkvæmdum fyrir ríkissjóð. Meiri hl. er vel ljóst, að hér er mikill vandi að ákveða, hvar draga skuli úr og hvar ekki og hve mikið skuli skera niður á hverjum stað. En hitt er þá einnig jafnljóst, að því meiri sem vandinn er, því nauðsynlegra er það, að hæstv. ríkisstj. standi einhuga um það, sem gera verður, og helzt, að um það sé fullt samkomulag á milli hennar og þess hluta fjvn., sem styður hana. Einkum er þó nauðsynlegt, að forusta ríkisstj. beiti sér fyrir slíkri afgreiðslu fjárlaganna. En n. hefur ekki heldur átt því láni að fagna, eins og nál. meiri hl. ber með sér, því að það er einmitt fulltrúi stjórnarforustunnar í n., sem lætur bóka þann fyrirvara, að hann sé ekki sammála meiri hl. um ýmsar brtt., sem hann flytur. Ef þetta hefði átt við þær brtt., sem liggja til hækkunar, mætti segja, að það hefði verið eðlilegt. En fyrirvarinn á einmitt við meginið af þeim brtt., sem bornar eru fram til lækkunar, eins og koma mun fram við þessar umræður.

Þegar athugaðar eru hækkunartillögur meiri hl., sést, að rúmlega 42 millj. stafa frá ákvæðum dýrtíðarlaganna, um 2 millj. eru sumpart lögbundin gjöld, leiðréttingar eða liðir, sem verið hafa áður á fjárl., 8.5 millj. til verklegra framkvæmda, eða um ⅔ af þeirri upphæð, sem lækkuð var frá síðustu fjárl., og ýmsir aðrir liðir 500 þús. Þegar svo þess er minnzt, að hæstv. fjmrh. óskar jafnan eftir sérstakri heimild á 22. gr. til þess að mega draga úr framlagi til verklegra framkvæmda, ef fé er ekki fyrir hendi, og að þessari heimild var beitt allverulega á s. l. ári, verða varla færð sterk rök fyrir því, að mikið ábyrgðarleysi hafi ríkt í n. að leggja til, að framlag til verklegra framkvæmda hækki svo sem lagt er til í brtt.

Það hefur verið mjög um það rætt í seinni tíð, að fjárhag ríkissjóðs sé veruleg hætta búin af því, að fjvn. og Alþingi raski mjög útgjaldaupphæð fjárlagafrv. frá því, sem fjmrh. leggur til, og að nauðsynlegt sé að skapa meiri festu í afgreiðslu fjárlaganna, t. d. með því, að nefndinni og þinginu sé ekki heimilt að fara fram úr hinni ákveðnu útgjaldaupphæð, heldur aðeins að flytja upphæðina til á hinum ýmsu liðum og greinum frv. Má fullyrða, að slíkt fyrirkomulag skapaði meiri festu í fjármálin, ef hæstv. ríkisstj. temdi sér það jafnframt að eyða ekki öðru eða meiru en fjárlög heimila á hverjum tíma. En sá háttur hefur ekki verið hafður á. Bera aukafjárlög allra ára þess glöggt vitni, og er hætt við, að þm. uni illa, að ráðh. einir, hverjir svo sem þeir eru, fái hér um óskorað vald. Hitt væri eðlilegt og sjálfsagt, að tekin væri upp sú venja við afgreiðslu fjárlaga, að hver hæstv. ráðh. gerði það upp við sig, hvort hann vildi bera ábyrgð á sínu rn. með þeim framlögum, sem meiri hluti þingsins ákveður, og stæði síðan ábyrgur fyrir umframgreiðslum, sem kynnu að verða, heldur en að hefja allt árið þrotlausa sókn á fjmrn. um stórkostlegar greiðslur umfram ákvæði fjárlaga. Mundi slík skipan málanna skapa meiri festu í fjármálum ríkisins og vera á margan hátt til bóta.

Ég skal þá gera hér nokkra grein fyrir hinum einstöku tillögum, en get þó að mjög verulegu leyti vísað til nál. meiri hl. um þetta efni.

Við áætlun teknanna hafði n. til hliðsjónar tekjur frá fyrra ári, sem námu þá alls 259.6 millj. og sundurliðast á þann hátt, sem gert er í nál. Með lögum frá 19. des., um dýrtíðarráðstafanir, er ákveðið, að 22 millj. kr. af tolltekjum ríkisins og allur söluskattur, sem er áætlaður 36 millj., skuli renna í sérstakan dýrtíðarsjóð og auk þess sölugjald af bifreiðum, sem ganga kaupum og sölum innan lands, og nýir innflutningstollar og leyfisgjöld, sem áætlað er 15.24 millj. kr. Þá skal einnig samkv. þessum lögum 1% af vöruleyfisgjöldum, að frádregnum kostnaði við verðlagseftirlit og viðskiptamál, renna í dýrtíðarsjóð, og áætlar

nefndin þann mismun 1.4 millj. kr. Er því gert ráð fyrir, að samanlagðar tekjur til dýrtíðarsjóðs verði 74 millj. 640 þús. Raunveruleg hækkun tekna á þessari grein er því 18 millj., 400 þús. kr. Áætlaðar tekjur samkv. þessari grein, áður en breyt. eru gerðar, eru 177.8 millj., en tilsvarandi tekjur á s. l. ári reyndust 175.4 millj. Þykir því ekki gerlegt að áætla þessar tekjur hærri en þetta.

Samkvæmt upplýsingum frá póststjórninni hafa gjöld póstsjóðs orðið 6.6 millj. á ári og tekjurnar aðeins 5.8 millj. Hefur því orðið 800 þús. kr. halli á póstsjóði. Fjárlagafrv. gerir hins vegar ráð fyrir 6800000.00 útgjöldum á þessu ári, og er það 200 þús. kr. hærra en var s. l. ár, en tekjurnar eru hækkaðar um sömu upphæð, svo að þetta hefur engin áhrif á heildarniðurstöðurnar. Til þess að jafna tekjuhallann mun ekki nægja að draga úr kostnaðinum, heldur verður að grípa til þeirra ráðstafana að afla tekna. Þykir ekki ósanngjarnt að hækka burðargjald undir prentað mál um 100%, en það gæfi um 200 þús. kr. Þá gæti komið til mála að gefa út sérstök frímerki, sem notuð væru um hátíðar, en þá er mestur kostnaður við póstburð, t. d. hér í borginni. Mætti áætla, að þau gæfu um 150—200 þús. kr. (*SigfS:* Í tilefni hvaða hátíðar?) T. d. um jólin, eða ef kommúnistar skyldu vilja halda sérstaka upprisuhátíð, gætu þeir notað slík frímerki á bréf sín og tilkynningar og styrkt á þann hátt ríkissjóðinn. Í trausti þess, að gripið verði til einhverra þeirra ráðstafana, sem duga til þess að jafna tekjur og gjöld, ber n. ekki fram brtt. á þessum lið 3. gr.

Samkvæmt upplýsingum frá landssímanum eru rekstrartekjurnar á s. l. ári um 1665000 kr. Ríkisbókhaldið telur, að þær nemi rúml. 2 millj. kr., en þessi mismunur mun stafa af því, að það telur stofnframlag símanotenda til tekna.

Í frv. er gert ráð fyrir, að framlag til notendasíma í sveitum verði 300 þús. í stað 800 þús. á fjárl. Þennan niðurskurð getur n. ekki fallizt á. Hún telur, að ekki beri að draga úr þessum framkvæmdum, því að allir vita, hversu mikils virði það er fyrir þá, sem búa úti um sveitirnar, að hafa síma, og leggur hún því til, að þessi liður verði hækkaður um 500 þús. kr., eða upp í það, sem hann áður var. Aðrar breyt. leggur n. ekki til að gerðar verði á þessum tölulið greinarinnar.

Símamálastjórnin ræddi við n. um, að nauðsynlegt væri að hækka framlög til verklegra framkvæmda landssímans á 20. gr. úr 1150000 kr. í 2150000 kr., og ennfremur, að veitt yrði auk þess 1.4 millj. kr. til sjálfvirku símstöðvarinnar á Akureyri og 1.5 millj. kr. til póst- og símahúss í Hrútafirði. Benti póst- og símamálastj. á, hversu aðkallandi það væri að koma upp sem fyrst símstöðinni við Hrútafjörð, svo að hægt yrði að tryggja sem fyrst viðunandi símasamband við Norðurland og alla Vestfirði, en það samband er nú, eins og kunnugt er, illa viðunandi. Við þetta mundi fást mikið efni frá loftlínum, sem lagðar verða niður, um leið og jarðsíminn er kominn í samband, og mundi verða að þessu allmikill sparnaður.

En með því að gefin var heimild til lántöku á síðustu fjárlögum til þessara framkvæmda, en hún hefur ekki enn verið notuð, þykir ekki nauðsynlegt að taka þetta upp í frv. nú, heldur benda á, að æskilegt væri, að heimildin yrði notuð og verkið framkvæmt svo fljótt sem unnt er.

Í rekstrarútgjöldum Áfengisverzlunar ríkisins eru áætlaðar 30 þús. kr. til auglýsinga. N. sér enga ástæðu til, að þessar vörur séu auglýstar, og leggur því til, að þessi liður falli niður. Þá hefur n. fengið upplýst, að á s. l. ári hafi einn viðskiptavinur verzlunarinnar fengið afslátt á víni, sem nemur rúml. 500 þús. kr. Þykir ekki ástæða til, að slíku verði haldið áfram, og hefur þessu því nú verið breytt. Er það gert í samráði við fjmrh. N. gerir þó ekki till. um hækkun á rekstrartekjum á móti, þar sem vitað er, að þessi tekjustofn mun bregðast fljótt, ef eitthvað þrengist um fjárhag hjá þjóðinni. Hreinar tekjur stofnunarinnar á s. l. ári urðu nærri 53 millj. kr.

Heildarútgjöld tóbakseinkasölunnar leggur n. til að verði lækkuð um 47 þús. kr. frá því, sem er í frv. Þó þykir ekki rétt að hækka rekstrarágóðann að sama skapi, af sömu ástæðum sem að framan greinir um áfengisverzlunina.

Sparnaðarnefnd hefur lagt til, að þessar tvær stofnanir verði sameinaðar og settar undir eina stjórn, og er þess vænzt, að það verði tekið til athugunar af ríkisstjórninni.

Viðvíkjandi ríkisútvarpinu hefur n. gert nokkrar breyt. N. telur, að í þessari stofnun ríki töluverð ofrausn á ýmsum sviðum, og mun það aðallega vera sökum þess, hve stofnunin hefur yfir miklu fé að ráða og því aldrei þurft nauðsynlega að skera við nögl sér. Hafa áætluð rekstrarútgjöld hækkað hér um nærri 1.1 millj. kr. frá því á s. l. fjárlögum.

N. átti viðræður bæði við útvarpsstjóra og útvarpsráð og óskaði eftir samstarfi við þessa aðila um allverulegan sparnað, en mætti ekki miklum skilningi. Frá upphafi hefur útvarpið haft allar tekjur af viðtækjaverzluninni, og er sú tekjulind drjúgur styrkur. Auk þess styður ríkissjóður það óbeinlínis með hinum gífurlegu auglýsingum, sem ekki var reiknað með, þegar því var ætlaður ágóðinn af viðtækjaverzluninni, auk þess sem tekjur af öðrum auglýsingum eru allmiklar. Munu allar tekjur þess af auglýsingum 1948 hafa numið 1.446 þús. kr.

Eftir að hafa athugað þetta mjög nákvæmlega, leggur n. til, að á áætluninni verði laun lækkuð um 77760 kr., útvarpsefni um 160 þús. kr. og framlög til útvarpsstöðva um 420 þús kr., enda verði sú upphæð greidd úr framkvæmdasjóði, ef byggt verður á árinu. Í framkvæmdasjóði eru nú tæpar 5 millj. kr., eða rúmlega allur ágóði áranna 1940—47. Árið 1948 voru hreinar tekjur útvarpsins rúml. 1.2 millj. kr., þegar rúml. 100 þús. kr. hafa verið reiknaðar til fyrningar. Framlag til framkvæmdasjóðsins er 40% af iðgjöldum ársins og nemur 1 millj.

og 360 þús. Þá vantar 160 þús. kr., til þess að útvarpið standi undir öllum útgjöldum og fullri greiðslu til sjóðsins, og er óhætt að fullyrða, að með dálitið meiri hagsýni í rekstri stofnunarinnar mætti spara þetta og meira til. Ætti því engin ástæða nú að vera til þess, að tekjur af viðtækjaverzluninni renni til útvarpsins, heldur greiðast í ríkissjóð. En til þess að svo megi verða, þarf að breyta lögum, og er það til athugunar fyrir ríkisstjórnina.

Þá ræddi n. við forstjóra Grænmetisverzlunar ríkisins og Áburðarverzlunar ríkisins og gerði smávegis brtt., en þar sem ekki er ætlazt til, að ríkissjóður hafi beinar tekjur af þessum stofnunum, þótti rétt að lækka áætlaðar tekjur á móti. Þá þykir rétt að benda á, hvort eðlilegt sé, að þessar stofnanir safni frekar sjóðum af vörusöluágóða, svo lengi sem ríkissjóður greiði niður verðlag á þeim vörum, sem þær selja, og það því frekar sem vörur þessar hafa veruleg áhrif á vísitöluna í landinu. Það atriði verður ráðuneytið að meta.

Nú er það svo, að tekjuafgangur áburðarsölunnar er lagður í rekstrarsjóð, sem nemur orðið um 1100 þús. kr., og rekstrarafgangur grænmetissölunnar, sem nú nam 133 þús kr., er ýmist lagður í varasjóð, en hann er nú 300 þús. kr., eða í rekstrarsjóð, sem nú er rúmar 650 þús. kr. Ræddi n. þetta við ráðh., en með tilliti til þess, að báðar þessar stofnanir hafa allþunga vaxtabyrði, hefur fjvn. ekki viljað gera sérstaka till. um þetta atriði. N. ræddi einnig við forstjórann um geymslumöguleika á vörum verzlunarinnar í jarðhúsunum við Elliðaár, en þar sem áður hefur verið upplýst hér allt um þau viðskipti, þykir ekki ástæða til að ræða það hér frekar.

N. leitaði sér margvíslegra upplýsinga um Trésmiðju ríkisins, en það fyrirtæki er nýkeypt og hefur engum arði skilað, nema síður sé. En með því að fyrir Alþingi liggur sérstök þáltill. í sambandi við þetta fyrirtæki, þykir ekki ástæða til að ræða það frekar hér.

Mjög ófullkomnar upplýsingar lágu fyrir um Tunnuverksmiðju ríkisins. Kallaði hún því til sín form. síldarútvegsnefndar, sem nú fer með þessi mál, og fékk hjá honum nákvæmar upplýsingar um rekstur tunnuverksmiðjunnar. Gerir n. þær till., að útgjöldin verði lækkuð niður í 2 millj., 750 þús. kr. En þar sem tekjurnar eru lækkaðar á móti, hefur þetta engin áhrif á niðurstöður fjárlaganna.

Þá hefur n. einnig rætt um olíuskipið Þyril, en rekstur þess er tekinn upp sem nýr liður á 3. gr. Hefur útgerðin verið rekin með hagnaði s. l. ár, og gerir n. engar breyt. í sambandi við það, en væntir þess hins vegar, að ef þarna verði um ágóða að ræða í framtíðinni, þá verði honum varið til lækkunar á olíu til þeirra sjómanna og útgerðarmanna, sem skipið flytur olíu til. Samgmrh. vildi, að þessum ágóða yrði varið til að greiða niður halla á strandferðum, en um það náðist ekki samkomulag í n., þar sem ekki þótti eðlilegt, að útgerðarmenn einir yrðu þannig að greiða hann.

Þá leggur n. til, að landssmiðjan verði tekin undir 3. gr., eins og áður var. Það fyrirtæki skilaði 190 þús. kr. í tekjuafgangi s.l. ár, og hafði þá verið reiknað til afskrifta um 357 þús. kr. Rekstrarhagnaður þessa árs er aftur á móti áætlaður 24 þús. kr., þar sem gert er ráð fyrir, að afskrifa þurfi mikið af útistandandi skuldum, og telur n. rétt að samþykkja þessa áætlun óbreytta.

Þá leggur n. einnig til, að tekinn sé upp nýr liður, Bessastaðabú, til hækkunar á gjöldum um 21 þús. Er þetta tilfærsla frá 8. gr. og gerð samkv. beiðni forsrn.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir, leggur því n. til, að breyt. á þessari grein verði gerðar, sem hér segir:

Lækkun gjalda:		
Áfengisverzlun ríkisins		30000
Tóbakseinkasalan		47000
Ríkisútvarpið		657760
Viðtækjaverzlunin		60000
Viðtækjasmiðjan		20000
		814760
+ Hækkun tekna landssmiðjunnar		24000
		838760
+ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	500000	
Tap á Bessastaðabúi	21000	
		521000
		317760

Vaxtagreiðslur eru nú nærri 2 millj. kr. hærri en á fjárlögum s. l. árs. Stafar þetta mest af lausaskuldum ríkissjóðs, sem greiða verður af 6% vexti. Er nauðsynlegt að hafa það í huga, þegar fjárlög verða endanlega afgr., að svo bezt lækkar þessi útgjaldaliður, að ekki verði bætt við nýjum skuldum, heldur verði gert ráð fyrir því að draga úr þeim, sem fyrir eru.

Samkvæmt ósk forsrn. gerir n. till. um að lækka kostnað við æðstu stjórn landsins um 75320 kr. Er þetta fært sumpart á 3. gr. og sumt á 10. gr. og hefur engin áhrif á heildarniðurstöðurnar.

Áætlaður kostnaður við 9. gr. (Alþingi) er 800 þús. kr. hærri en á fjárlögum s. l. árs. Stafar þetta mest af hinu langa þinghaldi, sem orðið er á ári hverju. Er sjáanlegt, að á þessu ári verði hér engu um þokað. N. ræddi þó við skrifstofustjóra um möguleika á því að spara allverulega upphæð með því að nota meiri tækni við þingskriftir, og kvað hann það mál vera í athugun. Einnig var rætt um það, hvort gerlegt væri að fella að öllu niður útgáfu ræðupartsins í Alþt., og mundi við það sparast allmikið fé. Er það fyrir forseta þingsins og ríkisstj. að athuga öll þessi atriði fyrir framtíðina.

Áætlaður kostnaður við stjórnarráðið hefur hækkað um 340 þús. kr. frá fjárl. 1948. Leggur n. til, að þessi kostnaður verði lækkaður um nærri 200 þús. Ríkisbókhald og féhirzla

kostar um 400 þús. kr. Ritaði n. ríkisstj. bréf og óskaði eftir því, að það yrði athugað, hvort Landsbankinn fengist ekki til að stofna sérstaka deild í bankanum til þess að annast þessi störf fyrir mjög miklu minni upphæð, en n. hefur enn ekki borizt svar við því erindi.

N. ræddi við utanrrh. um kostnað við utanríkisþjónustuna og einkum um möguleika fyrir að draga hana saman á Norðurlöndum. En með því að nú er fram komin um þetta þáltill. á Alþingi, þykir ekki ástæða til að ræða það atriði nánar hér.

Þá er lagt til, að veitt verði 62600 kr. hækkun til sendiráðsins í París og 100 þús. kr. til aðalræðismannsskrifstofu í Þýzkalandi. Er hér um nýjan útgjaldalið að ræða. Þykir nauðsynlegt að hafa þar sendifulltrúa sökum hinna miklu viðskipta, sem nú eru hafin við Þýzkaland. Hins vegar ræddi n. möguleika á því að draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna. Einkum var rætt um framtíðarskipulag þessara mála á Norðurlöndum, með því að sterkur vilji kom fram um það í n. að fækka þar sendiherrum. Komu fram raddir um það, að nóg mundi vera að hafa einn sendiherra fyrir öll Norðurlönd í stað þriggja, en n. sá ekki ástæðu til að gera till. um breyt. á þessu stigi málsins, og ekki sízt vegna þess, að fram er komin till. til þál. í þinginu um breyt. á þessu fyrirkomulagi. Það er því ekki ástæða til að ræða þennan lið frekar að þessu sinni og eðlilegast að láta það bíða þar til þátill. verður rædd í Sþ.

Fjvn. gerir nokkrar till. til niðurfærslu á 11 gr. Áætlaður rekstrarkostnaður á þessari gr. er tæpum 4 millj. kr. hærri en á fjárl. 1948 og skiptist þannig:

A-liður. Dómgæzla og lögreglustjórn ..	1015000
B-liður. Opinbert eftirlit	1614000
C-liður. Kostn. við innheimtu tolla og skatta	768000
D-liður. Sameiginlegur kostnaður	450000
Alls kr.	3847000

Allir þessir liðir voru á fjárlögum síðastliðið ár tæpar 17 milljónir króna, svo að hækkunin nemur yfir 22%. Finnst n. að vonum, að hér sé um svo alvarlega hækkun að ræða, að nauðsyn beri til að spyrna við fótum. Hún ræddi því þessi mál við flesta þá aðila, sem mál þessi varða, og auk þess athugaði sparnaðarnefndin málið mjög ýtarlega og gerði ýmsar till. til lækkunar, er n. tók til athugunar. Orsökina til þessarar útþenslu er að sjálfsögðu að rekja til þess, að með hverju ári sem líður er ríkisvaldið látið hafa meiri og meiri afskipti af öllum málum í þjóðfélaginu. Margvíslegar reglur og lög eru gefin út um bein og óbein afskipti ríkisvaldsins af svo að segja sérhverju því sem menn taka sér fyrir hendur, en öll slík afskipti kosta bæði tíma og fé og koma fram í síauknum rekstrarkostnaði ríkisins. Auk þess er hér um mikil ný útgjöld að ræða í sambandi við sjálfstæði landsins, en þrátt fyrir þetta telur fjvn. slíka eyðslu óeðlilega. Þessi kostnaður er orðinn að hennar dómi allt of hár. Hefur því meiri hl. fjvn. orðið sammála um lækkunartill. á þessari grein.

Sparnaðarn. hefur lagt til, að fellt sé niður risna til forseta hæstaréttar, kr. 5500. Fjvn. féllst á þetta og leggur einnig til, að svo verði gert. Sú ofrausn hefur verið í þessum málum undanfarið, að fjöldi manna fær nú risnufé, m. a. allir skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. N. getur ekki fallizt á, að þetta sé nauðsynlegt eða rétt, og leggur því til, að þetta verði afnumið.

N. leggur einnig til, að á þessu ári verði ekki veitt fé til útgáfu hæstaréttardóma, ekki af því, að n. líti svo á, að hætta eigi útgáfu dómanna, heldur af hinu, að hún ætlast til, að söluverð þeirra verði hækkað frá því, sem nú er, og gerð tilraun til að láta útgáfuna bera sig fjárhagslega, en þegar reynsla er fengin af þessu, má taka aftur upp fjárveitingu til útgáfunnar, ef nauðsynlegt er. Þykir rétt að taka þetta fram varðandi hæstaréttardómana vegna þess, að ég hafði heyrt, að með þessari till. fjvn. væri verið að leggja til, að hætt yrði prentun og útgáfu hæstaréttardóma að fullu og öllu á Íslandi. — Við báða þessa liði, sem ég hef nú nefnt, sparast kr. 55.500, ef þær till. ná samþykki.

Kostnaður við borgardómaraembættið hefur hækkað um kr. 20 þús. frá fjárlögum. N. leggur til, að framlag til þessa embættis verði lækkað um kr. 18949. Hefur sparnaðarnefndin áður gert sínar till. um að lækka kostnað við bifreiðaakstur embættisins.

Áætlaður kostnaður við sakadómaraembættið hækkar um 73 þús. kr. frá fjárlögum. Meðal annars mun sú hækkun stafa af fjölgun 2 manna vegna verðlagsbrota. Þetta mun hækka launin um 49 þús. kr. N. hefur lagt til, að framlag til þessa embættis sé lækkað um kr. 24451. Sparnaðarnefndin hefur einnig gert till. um lækkun á bifreiðakostnaði embættisins. — Fjvn. gat ekki fallizt á aukna fjárveitingu til embættisins vegna verðlagsbrota, þó að ríkissjóði áskotnist nokkrar tekjur á móti þeim kostnaðarlið.

Þá hækkar áætlaður kostnaður við lögreglustjóraembættið um 110 þús. kr. frá fjárlögum. — N. leggur til, að kostnaður við aukavinnu verði lækkaður um 50 þús. kr. Fjvn. lítur svo á, að mikil ofrausn ríki hér í mannahaldi, og leggur til, að framlag til þessara embætta verði lækkað um 244399 kr. Af þessu er kr. 100 þús. lækkun á liðnum „annar kostnaður“. Áætlaður kostnaður við ríkislögreglu hefur hækkað um kr. 200 þús. frá fjárlögum. Lagt er til, að kostnaður við biðreiðar embættisins verði lækkaður um 80 þús. kr. Einnig er lagt til, að verðlagsuppbót á laun sé hækkuð um 10 þús. kr. til leiðréttingar á skökkum útreikningi í frv. Fjvn. taldi það vera nauðsynlegt að samræma löggæzlustörfin og taldi eðlilegt að færa niður kostnað, t. d. við æfingarskólann og áhaldakaup embættisins.

Áætlaður kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 250 þús. kr. N. ræddi þetta mál

mjög ýtarlega við menntmrh., sem nú fer með þessi mál, og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem báðir töldu, að hækka þyrfti framlagið enn um 1 millj. kr., ef ekki ætti að draga mjög úr landhelgisgæzlunni. Einnig var rætt um þetta við fjmrh., sem lagði fram yfirlit um áætlun og framkvæmd gæzlunnar, byggt á þeim fjárhæðum, sem teknar eru upp í frv. Að fengnum þessum upplýsingum öllum féllst n. á að gera engar breyt. á þessum lið.

Þá leggur n. til, að kostnaður við sakamál verði lækkaður um 20 þús. — Þá leggur n. einnig til, að kostnaður við setu- og varadómara verði lækkaður um 50 þús. kr. Sparnaðarnefndin telur, að mikil lækkun á þessum kostnaði muni fást með því að skipa fastan setudómara með ákveðnum árslaunum og í því sambandi að ráða fastan hæstaréttarlögmann í þjónustu ríkisins, í stað þess að greiða málafærslulaun eftir reikningi.

Áætlaður kostnaður við skipaskoðun hefur hækkað frá fjárl. um 11 þús kr., við verksmiðjueftirlitið um 108 þús. kr. Fjvn. hefur engar till. til lækkunar á kostnaði við þessar stofnanir. Hins vegar hefur hún ritað rn. bréf og farið þess á leit, að allur rekstur bifreiðaeftirlitsins yrði athugaður nú þegar og nýjar till. sendar n. fyrir 3. umr. Í þessari stofnun virðist vera svo gegndarlaus fjáreyðsla, að undrun sætir, og verður ekki unað við annað en að hér séu gerðar umbætur á tafarlaust. Samkvæmt ríkisreikningnum 1947 urðu útgjöldin hjá stofnuninni það ár 647 þús. kr. og fóru þá 253 þús. kr. fram úr áætlun. Rekstrarhalli það ár var 85 þúsund kr. Á síðastliðnu ári urðu útgjöldin 646 þúsund krónur og fara 205 þúsund krónur fram úr áætlun. Þessar tölur tala sínu máli og sýna glöggt, að hér þarf að verða gagngger breyting á stofnuninni og starfrækslu hennar. Í stofnuninni vinna 15 fastir menn og auk þess töluverð eftirvinna. Stafar það aðallega af því, að mikið af bifreiðaskoðuninni fer fram á nokkrum vikum. Væri t. d. ekki óeðlilegt að athuga þann möguleika að færa skoðun bifreiða yfir lengra tímabil eða jafnvel allt árið. — Í þessu sambandi vil ég benda á, að hæstv. samgmrh. skipaði n. til þess að athuga framtíðarfyrirkomulag á eftirliti með vélum og verksmiðjum. Starf þessarar n. kostaði um 60 þús. kr., en í áliti n. kemur ekkert fram um það að sameina bæði vélaeftirlitið, skipaeftirlitið og bifreiðaeftirlitið, en með því mætti mikið spara, ef því yrði haganlega fyrir komið. Þetta nál. mun vera dýrasta handrit, sem gefið hefur verið út á Íslandi, þótt það gefi enga ábendingu um að sameina þessar stofnanir eða að draga úr kostnaði með betra fyrirkomulagi. En þess er vænzt, að þetta verði athugað.

Áætlaður kostnaður við löggildingarstofuna hækkar um 17 þús. kr. frá fjárlögum. Er hækkunin öll á liðnum „annar kostnaður". N. leggur til, að þessi liður verði lækkaður um kr. 13680, og auk þess, að tekjur á móti gjöldum verði hækkaðar um 19 þús. kr. Eftir því sem sparnaðarnefnd upplýsir, hefur rn. gert ráðstafanir til þess, að stofnunin hækki skoðunar- og viðgerðargjöldin til samræmis við þessar breytingar.

Einnig hækkar áætlaður kostnaður við skipulag bæja um 300 þús. kr. frá fjárlögum. Fjvn. leggur til, að tekjur á móti gjöldum séu hækkaðar um 64100 kr. til jafnaðar, en bendir jafnframt á, að nauðsynlegt er að gæta meira hófs í þessari stofnun en verið hefur, og leggur áherzlu á, að svo verði gert. Hins vegar er n. það ljóst, að nauðsynlegt sé að veita sveitarfélögunum aðstoð við skipulagningu bæja og þorpa, en telur, að þetta megi verða, þótt gætt sé meira hófs í fjáreyðslu.

Áætlaður kostnaður við eftirlit með verðlagsmálum er hækkaður um kr. 1286000 frá fjárlögum s. l. árs. Hér eru eins og fyrr áætlaðar jafnmiklar tekjur á móti. Sparnaðarnefnd hefur allýtarlega athugað þessa stofnun. Leggur hún til, að viðskiptanefndin verði lögð niður og fjárhagsráði falin störf hennar. Telur hún, að með því megi spara um 200 þús. kr. í launum nefndarmanna. Þá leggur hún og til, að skömmtunarskrifstofan verði lögð niður og störfin lögð undir fjárhagsráð og jafnframt verði skömmtun á ýmsum nauðsynjavörum afnumin. Telur nefndin, að við þetta mætti spara 600—700 þús. kr. Fjvn. kallaði til sín alla þessa forstjóra fyrir stofnununum og ræddi ýtarlega við þá um málið. Var það sameiginleg skoðun þeirra, að stofnanirnar þyrftu meira fólk, meira húsnæði og enn meira fé en áætlað er í frv. Þá ræddi n. einnig við viðskmrh. um málið. Kvaðst hann ekki geta búizt við, að unnt væri að lækka þennan kostnað, nema með verulega breyttu fyrirkomulagi og minnkandi verkefnum fyrir stofnanirnar að annast. Væru í undirbúningi breyt. á þessum málum, sem þó ekki væri víst, að draga mundu neitt verulega úr kostnaði, þótt samþ. yrðu. N. er þeirrar skoðunar, að draga beri mjög verulega úr þessu bákni og þeim kostnaði, sem það hefur í för með sér, og að framkvæmd þessa máls eigi og verði að vera margfalt einfaldari og ódýrari og helzt beri að vinna að því að leggja niður sumar deildir hennar, svo sem skömmtunarskrifstofuna. Í trausti þess, að ríkisstjórnin og Alþingi skipi þessum málum á annan og ódýrari veg, leggur hún til, að framlagið til þessara mála verði lækkað um 1186500 kr. En með því að tekjur eru áætlaðar jafnháar á móti útgjöldunum, hefur lækkun sú, sem hér er gert ráð fyrir, ekki áhrif á niðurstöðutölur á þessari gr., þó samþ. verði. Þetta hefur þó áhrif á dýrtíðarsjóð, verði till. fjvn. ekki samþ., og vil ég benda hæstv. fjmrh. á, að ef svo fer, þá verður að afla dýrtíðarsjóði aukinna tekna til að standast þessi útgjöld.

Áætlaður kostnaður við húsaleigunefndir hækkar um 79 þús. kr. Vildi n. lækka þetta framlag allverulega á s. l. ári, en með samkomulagi við hæstv. forsrh. var þetta þó ekki gert, í trausti þess, að dregið yrði verulega úr kostnaði við nefndirnar, en þau loforð hafa engan árangur borið. Meiri hl. leggur því nú til, að þessi liður verði lækkaður um 129800 kr., og telur jafnframt, að þessi útgjöld eigi sem

allra fyrst að hverfa af fjárlögum. Kostnaður við húsaleigun. er nú orðinn um 230 þús. kr. Mikið af þessu fé gengur til að greiða laun til embættismanna ríkisins, sem einnig hafa full laun fyrir önnur störf. Má áreiðanlega koma þessum málum fyrir á ódýrari hátt. Nú eru t. d. húsaleigunefndir í Höfðakaupstað, Seltjarnarneshreppi og Kópavogshreppi, og má geta nærri, hvort nauðsynlegt er, að ríkissjóður beri þann kostnað. En eigi að halda þessari skipulagningu áfram, hlýtur hver hreppur á landinu að krefjast framlags úr ríkissjóði.

Áætlaður kostnaður við toll- og skattheimtu hækkar um 768 þús. kr. frá fjárl. og sameiginlegur kostnaður um 450 þús. kr. Leggur n. til, að framlag til tollstjóraembættisins í Reykjavík verði lækkað um 85996 kr., framlag til tollgæzlu í Reykjavík um 90 þús. kr. og utan Reykjavíkur um 23400 kr., framlag til skattstofunnar um 162800 kr., og utan Reykjavíkur um 155 þús. Eru þessar upphæðir minna en helmingur af þeirri hækkun, sem gerð er frá fjárlögum.

Áætlaður kostnaður við 12 gr. hækkar um 3 millj., 475 þús. frá fjárlögum. Stafar þessi hækkun mest af kostnaði við ríkisspítalana, 1 millj. og 680 þús., til berklavarna 474 þús. og sjúkrastyrkur 1.3 millj. kr.

N. ræddi mál þessi öll við landlækni, heilbrmrh. og forstjóra ríkisspítalanna. Sparnaðarnefnd hafði einnig athugað þessi mál mjög ýtarlega og gert till. til lækkunar, sem nema alls 300 þús. kr., auk þess sem hún leggur til, að daggjöld séu hækkuð allverulega, einkum á fæðingardeildinni nýju. Þá hafa og verið leidd sterk rök að því, að mat á hlunnindum, sem fært er sem tekjur, sé óhóflega lágt og að ráðstafanir beri að gera til þess, að það sé fært í sanngjarnt horf. Hefur n. ritað rn. um þetta atriði og fengið það svar, að matinu sé jafnan áfrýjað til ríkisskattanefndar, sem samkv. 1. hefur endanlegan úrskurð í málinu. Er því auðsætt, að fáist ekki ríkisskattanefnd til þess að meta hlunnindin á eðlilegu verði, verður að gera aðrar ráðstafanir til þess, að rétt mat komi hér fram. Það er upplýst, að greiddar hafa verið rúmar 80 þús. kr. í launauppbætur til lækna við Landsspítalann og að enn sé með þessu reiknað í frv. En með því að fyrir þessu er ekki heimild í lögum, leggur n. til að launaupphæðin við Landsspítalann verði lækkuð um 84 þús. kr. Þá leggur hún einnig til, að tekjurnar af daggjöldum verði hækkaðar á sama spítala um 160 þús. N. leggur einnig til, að tekjur fæðingardeildarinnar verði með hækkun daggjalda hækkaðar um 315 þús. kr. Af þeirri hækkun kemur þó aðeins ⅛ til góða fyrir ríkissjóð.

Þá leggur n. til, að kostnaður við berklavarnir verði lækkaður um 19100 kr. Er gert ráð fyrir því, að sjúkradeildin verði lögð niður og störfin falin félmrn. Þetta er gert í samráði við það rn. Þá er einnig lagt til, að styrkurinn til berklasjúklinga sé lækkaður um 300 þús. kr. Þetta er einnig gert í samráði við rn., sem telur, að sú upphæð, sem þá er eftir, verði nægileg.

N. leggur til, að teknir verði upp í frv. 3 nýir gjaldaliðir. Í fyrsta lagi 500 þús. kr. til sjúkrahúss í Reykjavík. Er það í fyrsta skipti, sem tekið er upp í fjárlög framlag til sjúkrahúsbygginga í Rvík. Fyrir fjvn. lá erindi, sem lagt hefur verið fram af borgarstjóranum í Rvík, um þetta mál, og er þar farið fram á 1300 þús. kr. framlag til þessara mála. Þessi mál hafa verið höfð út undan fram að þessu, en hins vegar er það engan veginn verjandi, að Reykjavík, jafnstór og hún er orðin, skuli ekki hafa nægilega stórt sjúkrahús til þess að taka á móti sjúklingum, ef t. d. sótt kæmi upp í bænum, en eins og kunnugt er, þá er sjúkrahúskostur bæjarins nú þannig, að til stórvandræða mundi horfa, ef slíkt kæmi fyrir í stórum stíl. N. hefur því lagt til, að 500 þús. kr. verði varið til þessara mála á fjárl. Hér er ekki um bæjarmál eingöngu að ræða, heldur mál, sem varðar alþjóð, því að sjálfsögðu mundu aðrir en bæjarmenn einir njóta þarna vistar, þar sem alltaf er mikill fjöldi ferðamanna utan af landi staddur í bænum og getur þurft á því að halda að fá vist á sjúkrahúsi, ekki síður en bæjarmenn.

Í öðru lagi eru 30 þús. kr. til læknisvitjanasjóða, sem er skv. l. nr. 59 frá 1942. Í þriðja lagi eru 15 þús. krónur til 2 ára gamals drengs, sem sendur var til lækninga í Ameríku. En foreldrum þessa drengs er með öllu ókleift að bera kostnað af þessari för hans af efnahagsástæðum. — Hér er um alveg sérstakt atvik að ræða, og er ekki hægt að greiða þessa upphæð af því fé, sem veitt er til sjúklinga venjulega sem styrkur til utanfarar. Er þess því vænzt, að till. verði samþ. N. hefur átt tal um þetta við landlækni, sem hefur óskað þess, að þetta verði tekið upp sem nýr liður á frv.

Skal þá ræða hér nokkuð um 13. gr., en það er sú greinin, sem fjvn. hefur verið mest ásökuð fyrir vegna till. til hækkunar á útgjöldunum.

Áætluð rekstrarútgjöld á þessari grein hækka um tæpar 2.4 millj. kr., frá því, sem er á fjárl. s. l. árs. Af því er 65 þús. kr. hækkun á stjórn vegamála, 1 millj., 250 þús. á sérleyfisferðum, en þar koma áætlaðar tekjur á móti, 458 þús. kr. nýr liður til ferðaskrifstofu, og þar eru einnig áætlaðar tekjur á móti, og 600 þús. kr. hækkun vegna flugmála.

N. leggur til að „annar skrifstofukostnaður" (I. 2) verði lækkaður um 26 þús. kr. og ferðakostnaður verkfræðinga (I. 3) um 50 þús. kr., og eru þá ætlaðar sömu upphæðir til þessara liða og voru á fjárl. í fyrra.

Framlag til nýrra akvega hefur verið lækkað í frv. um tæpar 4 millj. kr. frá því, sem var á fjárl. fyrir árið 1948. Getur nefndin ekki fallizt á, að þetta verði gert. Hún leggur því til, að þessi liður verði hækkaður upp í 7 millj. kr. og verði upphæðinni skipt eftir því, sem tekið er fram í till. nr. 53 á þskj. 460. Hinir breyttu atvinnuhættir í landinu orsaka það, að þörfin fyrir nýja vegi er enn meiri en nokkru sinni fyrr, enda er það beinlínis skilyrði fyrir

því, að byggð haldist í hinum ýmsu héruðum landsins og að framleiðslan dragist ekki saman, að unnt sé að þoka jafnt og þétt áfram vegalagningu um þau. — Eru kröfur um þetta langt fram úr því, sem hægt er að mæta á skömmum tíma, eins og segir í nál.

Til viðhalds akvega er áætlað í frv. 9 millj. kr., en það er sama upphæð og var á fjárl. 1948. Bæði vegamálastjóri og samgmrh. hafa lagt fast að n. að hækka þetta framlag um allt að 4 millj. kr., þannig að alls yrði þessi liður um 13 millj., og telja þeir, að það sé lágmark til þess að geta haldið vegunum sæmilega við á þessu ári. Aftur á móti hefur fjmrh. ekki viljað fallast á, að n. tæki upp þessa hækkun, nema tekjur væru tryggðar á móti. Með því að það mun hafa verið rætt í stj. að hækka tolla af benzíni til þess að mæta þessum útgjöldum, þá þótti n. rétt að gera engar till. um hækkun á þessum lið, fyrr en séð væri, hvort aflað mundi tekna á móti.

Til brúargerða er áætlað á frv. 2 millj. kr., og er það 795 þús. kr. lægra en á fjárl. 1948.

Nefndin leggur til, að framlag til brúa verði hækkað um 1883250 kr., og þessu skipt á þann hátt, sem fram kemur í till. Langsamlega mestur hlutinn af þessari upphæð er endurveiting á þeim 35%, sem skorið var niður á framlögum til brúa á s. l. ári, en auk þess er nauðsynleg viðbót, til þess að unnt sé að ljúka smíði þessara sömu brúa, eftir því sem áætlað er að þær kosti. Einnig leggur n. til, að veitt verði fé til 4 nýrra brúa, samtals 320 þús. kr. Fyrir n. lágu till. frá vegamálastjóra um framlög til 19 annarra brúa, sem mjög aðkallandi er að byggðar verði og talið er að kosta muni rúmlega 2 millj. kr. Þó að n. viðurkenni þörfina á, að þessum brúm verði komið upp, þá telur hún sér ekki fært að leggja til, að fé verði veitt til þess á þessu ári.

Í sambandi við rekstur strandferða vildi ég fara hér nokkrum orðum, þó að n. geri ekki neinar till. til breyt. hér að lútandi. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 1 millj. 676 þús. kr. útgjöldum vegna strandferðanna. „Esja" er áætluð með 508 þús. kr. rekstrartapi, „Hekla" með 438 þús., og „Skjaldbreið" og „Herðubreið" með 300 þús. kr. hvor.

Þykir rétt að benda á í þessu sambandi, að þegar það var ákveðið í milliþn. á sínum tíma að byggja strandferðaskipin „Heklu", „Skjaldbreið" og „Herðubreið", og síðar enn önnur tvö af sömu gerð, lágu fyrir áætlanir um, að „Esja" og „Hekla" gætu borið sig, og því til sönnunar var bent á „Esju", sem jafnan skilaði allverulegum rekstrarafgangi á strandferðunum, og því þá beinlínis haldið fram, að hin strandferðaskipin væru starfrækt með tapi vegna þess, hversu óhentug og gömul þau væru. Það var þá beinlínis talinn hagur að því fyrir ríkissjóð að fá þessi nýju skip til viðbótar við „Esju". Ég verð að segja það, að mér eru það mjög mikil vonbrigði, að eftir að skipin eru orðin tvö af Esju-gerð, að þá skuli vera gert ráð fyrir því, að hallinn á rekstri þeirra verði 1 millj. kr. á ári.

Að n. hefur ekki lagt til, að þessari áætlunarupphæð yrði breytt til lækkunar, stafar af því, að upplýst er, að hallinn á útgerðinni árið 1948 var ekki ein milljón og ekki heldur 2 milljónir, heldur var hallinn á 10 fyrstu mánuðum ársins, eða þangað til 31. okt. s.l., orðinn 3 millj.kr. Að vísu var þar 1 millj. kr. halli á „Súðinni". Fæ ég ekki skilið, hvers vegna er verið að halda því skipi úti með slíkum árangri eftir að búið er að afla nýrra og hentugra skipa í ferðirnar. Þau voru aldrei smíðuð til þess að flytja farþega milli landa og tapa á þeim ferðum, til tjóns bæði fyrir ríkissjóð og strandferðirnar, en „Súðin" svo látin annast strandferðirnar á meðan og tapa enn miklu meir en „Esja". Því hefur verið haldið fram við n. af hæstv. samgmrh., að þessum ferðum yrði ekki haldið áfram, nema tryggt væri, að ríkissjóður tapaði ekki á þessu, en nú sé ég, að áætlað er að halda strandferðaskipi í utanlandssiglingum í sumar, þar sem „Hekla" á að vera í siglingum milli Íslands og Bretlands. Ég vil því vænta þess, að ríkisstj. geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tryggt sé, að útgerðin verði ekki rekin með halla, hvorki þau skip, sem í millilandasiglingum eru, né heldur hin, sem strandferðirnar annast á meðan, eins og sýnt var fram á af mér, að verið hafði á s. l. ári, en þá hafði hallarekstur ýmissa báta, sem hafðir voru í strandferðum, verið 475 þús. kr.

Þetta er myndin af útgerð strandferðaskipanna eins og hún er rekin í dag, þó að n. hafi ekki séð ástæðu til að gera breytingar á þessum lið, af ástæðum, sem ég tók fram áðan. Ég vil einnig benda á í þessu sambandi, að við uppskipun og útskipun er gert ráð fyrir 140 þús. kr. halla hér í Reykjavík einni saman, og geta allir gert sér í hugarlund, hvers konar vinnubrögð þar munu vera ríkjandi. Ef slík vinnubrögð eru í hverri höfn alls staðar á landinu og með sams konar ráðstöfunum og með hlutfallslega jafnmiklum halla, þá held ég að óhætt væri að hækka þennan lið allverulega, þ. e. a. s. ef Skipaútgerðin ætti að bera hallann. Þess er því einnig vænzt, að þetta verði gaumgæfilega athugað af ráðherra og reynt að skipa þessum málum betur en gert er í dag.

Nefndin hefur ekki skipt sér neitt af framlagi til flóabáta, en samvn. samgmn. mun hafa lagt fram till., sem gera grein fyrir þessu, og mun ég því ekki ræða það hér.

Þá ætla ég að ræða hér nokkuð um áætlunarferðirnar á vegum póststjórnarinnar. Þetta er nýr liður á þessari gr. frv. í ár, en áður var þetta fært á 3. gr. Á síðustu fjárl. voru gjöldin áætluð 2,3 millj. kr. og jafnháar tekjur á móti. Á frv. eru gjöldin nú færð 3.550 þús., eða 850 þús. hærri, og jafnháar tekjur á móti. Fjvn. hefur kynnt sér þennan rekstur mjög rækilega, og verður ekki komizt hjá því að ræða hann nokkuð hér. Samkv. upplýsingum frá póststjórninni hafa gjöldin á norðurlandsleiðunum orðið 1 millj. 656 þús. kr., en tekjur á móti 1 millj. 490 þús., eða 166 þús. kr. rekstrarhalli, og er þá ekkert ætlað fyrir afskrift-

um. Ef reiknað er með 10% afskriftum á kaupverðinu, 1 millj. 220 þús. kr., bætast enn 122 þús. kr. við hallann. Nú er það hins vegar vitað, að það er alls ekki nóg að afskrifa þessar eignir um 10%, ef marka má kostnað við viðhaldið á norðurlandsbifreiðunum, sem samkv. reikningunum hefur orðið rúml. 708 þús. kr. á árinu. Er hér því um að ræða annaðhvort mjög vafasama stjórn á þessum málum og ábótavant eftirlit, eða þá að vagnarnir eru í svo slæmu ástandi, að það þarf að afskrifa þá miklu meira en 10%. Svipað er að segja um Hafnarfjarðarleiðina. Rekstrargjöld þar hafa orðið 1 millj. 615 þús. kr. án afskrifta. Sé hér einnig gert ráð fyrir 10% afskriftum af 2.6 millj. kr. kaupverði, bætist einnig við útgjöldin 260 þús. kr., og verða þau þá 1 millj. 875 þús. kr. Tekjur á móti eru 1 millj. 636 þús., svo að hér er um rekstrarhalla að ræða, sem nemur 239 þús. kr. Og þetta er á þeirri leið á landinu, sem fluttir eru um 900 þús. farþegar á ári, eftir þeim bezta vegi, sem enn hefur verið lagður hér á landi, og undir betri aðstæðum en á nokkrum öðrum stöðum á landinu. Hér við bætist, að vagnarnir eru allir nýir, en samt hefur viðhaldskostnaður orðið 472 þús. kr. Annaðhvort er, að viðhaldskostnaðurinn er óskiljanlega hár eða vagnarnir svo lélegir, að 10% afskrift er allt of lítil.

Þá þótti það einkennilegt að sjá, að vaxtakostnaður er ekki nema 82 þús. kr., þegar upplýst var, að skuldir fyrirtækisins, sem þessa vaxtabyrði átti að bera, nema 5 millj. kr. Hvar gat ríkissjóður fengið lán með svo hagkvæmum kjörum, þegar vextir eru almennt reiknaðir 6% og vaxtakostnaður þá nálægt 300 þús. kr.? Kemur síðar í ljós, að það er póstsjóður, sem lánar út þetta fé. Nú þótti óskiljanlegt, hvernig póstsjóður gæti lánað svo stórar upphæðir, þar sem álitið var, að hann hefði ekki yfir öðru fé að ráða en því, sem ætlað er til rekstrarútgjalda við þá stofnun, enda vitað, að tekjur hans hafa ekki hrokkið fyrir útgjöldum. En þá upplýsist, að hér er um að ræða fé, 2 millj. 220 þús. kr., sem póststjórnin innheimtir fyrir aðra, m. a. orlofsfé, sem innheimt hefur verið, — fé sem greiða verður fyrirvaralaust, þegar viðkomandi eigendur krefjast. Ég get sannarlega ekki skilið í því, hvernig þeir, sem þessum málum stjórna, geta talið sig hafa heimild til að fara þannig að, hvort heldur um er að ræða orlofsfé eða aðrar upphæðir, sem póstsjóði er trúað fyrir og hann er ekki eigandi að. Verður að krefjast þess, að því verði kippt í lag nú þegar.

Þá er það einnig upplýst, að skuld við sérleyfissjóð er 750 þús. kr., og virðist að hér bresti einnig heimild til að nota það fé til þess að standa undir þessum útgjöldum ríkissjóðs. Hlutverk sérleyfissjóðs er allt annað en að standa undir slíkum hallarekstri. En væntanlega verður það ekki heldur látið dragast, að þetta verði lagfært og féð þegar endurgreitt sjóðnum. Er þá fengin full skýring á því, hvers vegna vaxtakostnaður er ekki meiri en 82 þús.

Þá skal einnig upplýst, að snemma á þessu þingi fékk fjvn. erindi, þar sem ákveðnir aðilar, sem þessum málum stjórna, eru bornir sökum í sambandi við rekstur bifreiðanna, þannig að blandað hafi verið saman þeirra eigin viðskiptum og viðskiptum sérleyfisferðanna, ríkissjóði í óhag. Sendi n. þetta erindi til ráðherra, sem löngu síðar endursendi það nefndinni, með bréfi og skýrslum frá póststjórninni. Segir póststjórnin m. a. svo í bréfinu: „Telji háttvirt fjárveitinganefnd þessar upplýsingar ekki nægilegar, virðist eðlilegast, að réttarrannsókn yrði látin fara fram". Fjvn. er ekki saksóknaraðili í máli þessu og þaðan af síður dómari, og vísar því þess vegna til ríkisstj. Gögnin liggja fyrir, en það er ekki fjvn. að dæma, hvort ákæran er rétt eða ekki. En hins vegar væri ekki óeðlilegt, að ákærðir væru látnir bera ábyrgð, eftir því hvort ákæran reyndist rétt eða ekki. Þykir eðlilegt, að gerð verði gangskör að því að rannsaka, hvernig þessum rekstri öllum er háttað, og gera hann hreinlega upp sem þrotabú, ef ekki er hægt að koma honum á fjárhagslega öruggan grundvöll, því að engin ástæða er til þess að ríkissjóður reki slík fyrirtæki með stórhalla, sem einstaklingar hafa áður getað rekið með ágætum hagnaði og auk þess greitt ríkissjóði drjúga skatta af rekstrinum. Hins vegar gerir n. engar till. um þetta, en ég vil aðeins benda á þetta til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj.

Þá leggur n. til, að liðurinn IX. ásamt undirliðum verði felldur niður. Hefur þessi kafli verið tekinn sem nýr liður í frv. Þetta hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir 200 þús. kr. halla, sem taka á úr sérleyfissjóði. N. sér ekki ástæðu til þess, að ríkissjóður sé að taka á sig áhættu af þeim viðskiptum, sem hér eru rekin. Eins og ég tók fram áður, hefur þessi burtfelling engin áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Nefndin leggur til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 195 þús. og því skipt eins og fram er tekið í brtt. Hafa n. borizt fjölmargar óskir um meira en tvöfalt þetta framlag, og mér þykir rétt að upplýsa, að ríkissjóður á ógreitt framlag til ýmissa bæjar- og sveitarfélaga, sem nemur 4235000.00 kr., svo þó að allt framlagið verði samþ., mundi það ekki nægja nema rúmlega til að greiða vangreidd framlög. Nú þótti n. ekki rétt að gera till. um, að þetta fé fari allt til að greiða þessi framlög, sem ég hef lýst hér. Það mundi hafa stöðvað ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir annarra hafna. Hún fór þó nokkuð eftir því og flokkaði hafnirnar þannig, að þær fengju hærri framlög, sem ættu mest inni hjá ríkissjóði og jafnframt höfðu í hyggju mestar framkvæmdir á þessu ári. Komust þannig tvær hafnir í hæsta flokk. Önnur þeirra höfnin á Patreksfirði, sem á nær 900 þús. kr. hjá ríkissjóði og ætlar að gera framkvæmdir þar í ár fyrir 1 millj. 200 þús. kr. Hin, höfnin á Akranesi, sem á um 500 þús. kr. hjá ríkissjóði og ætlar að framkvæma þar fyrir 1.5 millj. kr. á árinu. Lagt er því til, að þessar hafnir fái hvor um sig 300 þús. kr. Hins

vegar er einnig lagt til, að 300 þús. kr. verði lagðar til landshafnarinnar í Njarðvíkum og Keflavík. Fjvn. þótti ekki viðeigandi að leggja ekki til, að tekið væri upp framlag til einu landshafnarinnar sem til er á landinu. Aðrar hafnir hafa verið áætlaðar með tilliti til þess, hve mikið þær eiga hjá ríkissjóði og hve mkið þær ætla að framkvæma á þessu ári.

Þá er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem óhjákvæmilegt er að minnast á. Margvíslegar umkvartanir hafa komið frá ýmsum sveitarfélögum um það, hvernig stjórn þessara mála hafi verið. Hefur þegar verið lýst beinum skaðabótakröfum á hendur ríkissjóði fyrir mistök í framkvæmd þessara mála, sem talið er að stafi frá undirbúningi málanna á vitamálaskrifstofunni. Fjvn. leggur að sjálfsögðu engan dóm á það, hvort þessar ásakanir eru réttar, en hitt er öllum augljóst, að hin almennu sveitarfélög hafa ekki tök á því að láta undirbúa eða stjórna þessum málum sjálf og treysta að fullu þeim aðila, sem ríkið hefur valið til að sjá um þau og sendir fyrir sína hönd til þess að gæta þess, að framlag ríkissjóðs, sem er 40—50% af verðmætunum, komi að sem beztum notum. Hafnir þær, sem sent hafa slíkar umkvartanir, eru: Bakkafjörður, Bolungavík, Hofsós, Sauðárkrókur og Ólafsfjörður. Hafa allir þessir staðir orðið fyrir það miklum áföllum, að það er vafasamt, hvort ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að þeir geti haldið áfram framkvæmdum og borgað það sem borga verður og borga þarf. Þetta er svo alvarlegt atriði fyrir þessa staði og fyrir ríkissjóð sjálfan, að á þessu máli verður að taka föstum tökum. Ég endurtek það, að hér er ekki um neinar ásakanir að ræða frá fjvn. Hún leggur engan dóm á það, hvort þetta er stofnuninni að kenna, en skýrir aðeins frá staðreyndum, sem hafa kostað viðkomandi sveitarfélög stórkostlegar fjárfúlgur. Þetta hefur verið rætt við samgmrh. og honum gert ljóst, hvaða hætta er hér á ferðum.

Þá hefur fjvn. lagt til, að teknar séu upp í fjárlagafrv. 1200 þús. kr. til hafnarbótasjóðs. Þetta er samkv. lögum. Er ekki hægt annað en að taka þetta inn á fjárl. nema lögunum verði breytt. Og þá kemur að því, eins og ég sagði í upphafi, að ræða um, hvort það eru endilega þessi lög, sem þarf að breyta, eða einhver önnur, sem meiri sparnað gæfu og frekar mætti án vera.

Eins og fyrr er getið, er áætlun til flugmála 600 þús. kr. hærri en á fjárl. Nefndin leggur til, að laun samkvæmt I. verði lækkuð um 114—300 þús. kr. og laun og annar kostnaður samkv. III. um 34 þús. kr., eða alls 392300 kr. Í þessari stofnun hefur orðið mikil útþensla, sem er kannske eðlileg, en það er þá einnig eðlilegt, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að halda þessum kostnaði niðri. Þó að þetta verði samþ., hefur eigi náðst niðurfærsla að fullu til móts við hækkun frá fyrra ári.

14. gr. — Áætlaður kostnaður til kirkju- og fræðslumála hækkar um 4 millj. kr. frá fjárl. 1948. Þetta mun stafa allmikið af því, að það hefur ekki verið reiknað að fullu með þeim launum, sem þarf að greiða eftir nýju fræðslulögunum. En þar er ætlazt til, að ríkissjóður greiði verðlagsuppbót á laun kennara við ýmsa skóla. Nefndin leggur til, að liðurinn „Ljós og hiti í biskupsbústaðnum", kr. 4500, falli niður. Meiri hl. n. leit svo á, að þegar biskup væri búinn að fá sæmileg launakjör og hefði frítt húsnæði, þá ætti hann sjálfur að kosta hita í sambandi við bústaðinn, og sá n. ekki ástæðu til að bæta við launin á þennan hátt. Þá leggur n. einnig til, að ferðakostnaður biskups lækki um 2 þús. kr. og að kostnaður við kirkjusöng lækki um 7500 kr. Það er nýr liður í sambandi við húsnæði hér í Reykjavík. Nefndin leggur til, að kostnaður við kirkjuráð, kr. 1500, falli niður. Nefndin leggur einnig til, að tekinn verði upp nýr liður til útgjalda: Viðbót á eftirlaun presta og ekkna þeirra, 31 þús. kr., sem hefur verið á fjárl. áður, en fallið niður. Ég vil, í sambandi við framlag til byggingar á skólum, benda á, að fjvn. hefur ekki gert till. um að færa niður þau útgjöld, sem tekin hafa verið upp í frv., m. a. vegna þess, að vangreidd framlög ríkissjóðs til skólabygginga eru í dag 8 millj. kr. Þó að þessi upphæð verði samþ., sem lagt er til að gert sé í frv., þá er hún engan veginn til þess að greiða áfallin framlög, og því engin ástæða til þess að setja það fé í nýjar byggingar á árinu. Það hefur mjög verið óskað eftir, að þessar skuldir yrðu greiddar. Mér skilst, að Reykjavíkurbær sé orðinn langeygður eftir framlagi frá ríkissjóði í sambandi við þessi mál. — Þá leggur n. til, að risna til háskólarektors, kr. 7500, falli niður, að framlag til verkfræðideildar og tímakennslu lækki um 20 þús. kr., að liðirnir „Námskeið í kennslufræðum", 20 þús. kr., og „Til íþróttakennslu", 13500 kr., falli niður og ýmisleg gjöld lækki um 60 þús. kr., eða lækkun alls á þessum lið 121 þús. Er þetta þó ekki að fullu sú hækkun, sem hefur orðið frá fjárl. s. l. ár. — Þá gerir fjvn. till. um, að laun við Keldur lækki um 54 þús. kr. og „annar kostnaður" um 50 þús. kr. Þegar fé til þessarar stofnunar var ákveðið á síðustu fjárl., var gert ráð fyrir því, að sú stofnun annaðist allar rannsóknir í sambandi við sauðfjársjúkdóma, og framlagið miðað við það. Nú hefur rn. upplýst, að þetta hafi ekki verið framkvæmt í stofnuninni, og þess vegna þótti rétt að leggja ekki þá upphæð til Keldna, sem þarf til þessarar starfsemi, fyrr en full trygging er fengin fyrir því, að þetta verk verði framkvæmt þar, heldur er lagt til, að þetta verði lagt við það fé, sem ætlað er til sauðfjársjúkdómavarna.

N. hefur ekki gert till. um hækkun á styrkjum til námsmanna erlendis, og tel ég rétt að segja nokkur orð um þennan lið. Það lágu fyrir erindi, bæði frá menntmrh. og menntamálaráði um að auka þessa styrki. En þegar vitað er, að menntamálaráð hefur ekki í einu tilfelli, heldur fleiri tilfellum, úthlutað þessu fé til barna hátekjumanna og stóreignamanna á Íslandi, þá sér fjvn. ekki ástæðu til að hækka þetta framlag. Þegar það sést, að menntamálaráð úthlutar

þessum styrkjum til þeirra, sem fátækastir eru og þurfa þess mest með, en ekki til þeirra, sem ríkastir eru, er hægt að tala um hækkun á þessu framlagi. — N. leggur til, að tekinn sé upp nýr liður í þessa grein, styrkur til Elíasar Eyvindssonar læknis, til að nema svæfingaaðferðir í Ameríku, 12 þús. kr. — N. leggur til, að kostnaður við skólastjórn við menntaskólana, 6 þús. kr. til hvors, falli niður. Þegar launal. voru samþ. á Alþ., var gert ráð fyrir því, að þessir liðir væru innifaldir í launum skólastjóranna, enda voru þau hækkuð með tilliti til þess. N. leggur einnig til, að „annar kostnaður" við Akureyrarskóla lækki um 20 þús. kr. Þá leggur nefndin til, að tekinn sé upp nýr liður: „Til að semja kennslubók í vélfræði, 25 þús. kr." Í rúm 30 ár, sem vélstjóraskólinn hefur starfað, hafa nemendur engan kost átt á því að nema þessa erfiðu námsgrein á sínu eigin máli. Er þess vænzt, verði till. samþ., að þá verði gerðar ráðstafanir til þess að hefja þetta verk samstundis, og er þess þá einnig vænzt, að hv. alþm. samþ. þessa till. og sjái, að hún er ekki ósanngjörn.

Lagt er til, að lækkað sé framlag til bygginga á útihúsum á Hólum um 40 þús. kr. Var þetta rætt við skólastjóra. Einnig er lagt til, að framlag til útihúsabygginga á Hvanneyri verði lækkað um 30 þús. kr., en teknir séu upp nýir liðir til viðhalds á íþróttahúsi á Hvanneyri, 25 þús., og til framhaldskennslu í búfræði, 40 þús. kr. Þykir nauðsynlegt, að deild sú, sem nú er starfrækt við skólann, haldi áfram, og leggur n. því til, að þetta verði tekið inn í frv. N. leggur til, að viðhald á skólahúsi á Reykjum lækki um 25 þús. kr. og kostnaður vegna utanfara kennara, 20 þús., falli niður. Framlag til útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskóla lækki um 15 þús. kr., framlag til lagfæringa á íþróttavöllum á Laugarvatni, 25 þús. kr., falli niður, og að styrkur til blaðamannafélagsins, 10 þús. kr., falli niður. Fer það eftir vilja hæstv. Alþ., hvort sú till. verður samþ. eða ekki, en meiri hl. fjvn. sér ekki ástæðu til að styrkja þennan félagsskap fremur en annan. Styrkur alþýðuskólans í Reykjavík, kr. 4 þús., falli niður, en styrkur til Alþýðusambandsins lækki um 2 þús. kr., og framlag til rannsókna á þroskastigi íslenzkra barna, kr. 72300, falli niður. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að þetta er ekki gert til þess að vanþakka þeim manni, sem hefur haft þetta starf með höndum og hefur rækt þarna mikið vísindastarf, en hins vegar ætti að vera hægt að koma þessu þannig fyrir, að einhverjir skólarnir, t. d. háskólinn, gætu notað hæfileika þessa manns og þá jafnframt látið hann vinna þetta starf þar. Áður hafði Sigurður heitinn Thorlacius skólastjóri Austurbæjarbarnaskóla þetta starf með höndum með sínu skólastjórastarfi. Er allt annað að vinna þetta þannig en að setja upp fyrir það nýja stofnun, eins og nú hefur verið gert.

Þá er lagt til, að tveir liðir verði teknir upp til útgjalda: Til Hallgríms Helgasonar, kr. 12-500, og til Sigursveins Kristinssonar, kr. 4000.

N. hefur ekki gert neinar till. til breytingar á framlagi til byggingar skólahúsa, né heldur um skiptingu á því fé, sem tekið er upp til þessa í frv.

15. gr. — Áætlaður rekstrarkostnaður á þessari grein hækkar um 543 þús. kr. frá fjárl. Er hækkun þessi mest við atvinnudeild háskólans, 329 þús. kr., og við veðurstofuna, 159 þús. kr.

N. gerir þá till., að lækkuð verði laun við náttúrugripasafnið um kr. 28800, þ. e. að ekki verði ráðinn maður að nýju til safnsins; að styrkur til Vísindafélags Íslendinga, 9 þús. kr., til útgáfu héraðssagnarita, 15 þús. kr., og til Norræna félagsins, 5 þús. kr., falli niður; að styrkur til skálda og listamanna lækki um 75 þús. kr. Þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þennan lið. Það er upplýst frá stjórn útvarpsins, að gerður hafi verið samningur við tónlistarmenn og rithöfunda um, að ákveðinn hluti af tekjum útvarpsins skuli ganga til þeirra, sem útvarpið flytur verk eftir, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Þetta eru 150 þús. kr. á ári. Með þessu eru skáldum og listamönnum tryggðar betri tekjur en áður hefur verið, auk þess sem vitað er, að bókaútgáfa gefur mikið fé í aðra hönd.

N. leggur til, að styrkir til fræðimanna lækki um 30 þús. kr. og tillag til Bandalags íslenzkra listamanna, kr. 14000, falli niður. — Þessi styrkur til fræðimanna er að mestu leyti til ýmissa manna, sem eru í embættum, en hafa laun af þessari upphæð fyrir aukastarf. Hins vegar fá þessir menn talsvert fyrir handritin, og sér fjvn. því ekki ástæðu til að halda þessum lið áfram. Þá leggur n. til, að upp séu teknir eftirfarandi nýir liðir: Til bókasafna 16 þús. kr., til Jóns Dúasonar 25 þús. kr. og styrkir til námsmanna 16 þús. kr.

Við B-kafla. Framlag til Atvinnudeildar háskólans lækki sem hér segir: Til iðnaðardeildar 70 þús. kr., til fiskideildar 66400 kr., til landbúnaðardeildar 107280 kr. og sameiginlegur kostnaður kr. 53425. Ég vil í sambandi við þessa stofnun leyfa mér að benda á það, að það einkennilega fyrirbrigði á sér stað í þessari stofnun, að í hverri deild hennar virðast vera menn, sem vinna ekki mikið fyrir þau laun, sem þeir taka þar. Ég átti ýtarlegar umr. um þetta við deildarstjórana. — Virðast sumir þessara manna svo önnur kafnir við önnur störf fyrir ríkið, að annaðhvort hafa þeir ekki tíma til þess að sinna störfum hjá atvinnudeildinni eða þeir hafa þar ekkert verkefni að vinna. Ég tel, að mjög nauðsynlegt sé að taka þetta mál til rækilegrar athugunar. Það á ekki að skera við neglur sér það fé, sem þessi deild þarf með, en það á ekki heldur að líða, að embættismenn sitji í slíkum stofnunum og kosti ríkissjóð hundruð þúsunda, en síðan sést enginn árangur af starfinu, og því síður að hafa þá á háum launum hjá ríkinu á sama tíma til þess að vinna þar að öðrum verkefnum. Þegar einn forstjóri þessarar deildar ræddi við mig um það, hvers vegna þetta fé væri skorið niður, benti ég honum á þessi atriði, og hann viðurkenndi, að þetta sjónarmið væri ekki óeðlilegt

og að nauðsynlegt væri að þessum málum yrði kippt í lag.

Þá leggur n. til, að tekinn sé upp nýr liður, til rannsóknar á biksteini, 15 þús. kr. Er búizt við, að hann geti orðið útflutningsvara í allverulegum mæli. N. leggur til, að framlag til veðurstofunnar verði lækkað um 110621 kr. Af þessari upphæð eru 30 þús. kr. lækkun á framlagi til kaupa á nýjum tækjum og 25 þús. kr. lækkun á stofnkostnaði fyrir verkstæði. Sá maður, sem hugsað er að stjórni þessu verkstæði, er við nám, og er ekki búizt við, að á þessu fé þurfi að halda á þessu ári. Aðrir liðir eru laun og aukavinna. Lagt er til, að kostnaður við landmælingar lækki um 25 þús. kr., „annar kostnaður" við sjómælingar um 19 þús. kr., og annar kostnaður hjá húsameistara ríkisins lækki um 10 þús. kr. Húsameistari ríkisins kvartaði undan því, að lækkað væri framlag til hans, en honum var bent á, að með því að ekki væri gert ráð fyrir, að byggt yrði eins mikið á þessu ári og undanfarin ár, væri lækkun þessi ekki óeðlileg.

16. gr. — Áætluð rekstrarútgjöld á þessari grein hækka um 604 þús. kr. frá fjárlögum. Önnur útgjöld á þessari grein eru að langmestu leyti lögbundin, svo að þeim verður ekki breytt, nema l. sé breytt eða framkvæmd þeirra frestað um stund.

N. leggur til, að framlag til Búnaðarfélagsins lækki um 100 þús. kr., en það er í frv. 115 þús. kr. hærra en á fjárl. Þetta var rætt við búnaðarmálastjóra, sem var einn af þeim forstjórum, sem féllust á, að framlagið yrði lækkað og að hægt yrði að gera það, án þess að stofnunin liði tjón við það. Fiskimálastjóri féllst einnig á lækkun. Þá leggur n. til, að eftirfarandi framlög verði lækkuð sem hér segir: Styrkur samkv. jarðræktarl. 150 þús. kr., styrkur til framræslu 100 þús. kr., til eftirlits með vélakosti 100 þús. kr., styrkur til að kaupa veggjamót 360 þús. kr. og framlag til verkfærakaupasjóðs, 80 þús. kr., falli niður. Lagt er til, að eftirfarandi liðir verði hækkaðir: búreikningaskrifstofa um 10 þús. kr., og Búnaðarfélagið taki við þeirri starfsemi, enda hafði Búnaðarfélagið þá starfsemi áður. Fyrirhleðsla á Þverá og markarfljót hækki um 100 þús. kr. Jafnframt verði teknir upp nýir liðir: Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará undir Eyjafjöllum 50 þús. Til fyrirhleðslu á Jökulsá í Lóni 127.5 þús. kr. (endurveiting) og til framræslu á löndum ríkisins á Stokkseyri 39 þús. kr.

Þá leggur n. til, að framlag til skógræktar sé lækkað um 150 þús. kr., og er það gert í samráði við skógræktarstjóra, sem þó óskar eftir að geta fengið hærri upphæð. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að hæstv. landbrh. hefur heimilað skógræktinni að kaupa Norðtunguskóg fyrir 55 þús. kr., án þess að hafa haft sérstaka heimild til þeirra kaupa. Það er að fara beint fram hjá ákvæðum um kaup fasteigna, að ætla að láta skógræktina, sem er ein stofnun ríkisins, kaupa fasteignir. Er þetta furðulegra fyrir það, að þetta mál var í fyrra borið undir fjvn., sem þá vildi ekki mæla með því, en ákvað þó að taka þetta til athugunar, ef fyrir lægi beiðni um það. Var þá talað um að greiða 45 þúsund kr. fyrir þessi lönd. Nú hefur þetta verið keypt þegjandi og hljóðalaust fyrir 10 þús. kr. hærri upphæð.

Lagt er til, að kostnaður við veiðimálastjóraembættið verði lækkaður um 6 þús. kr. og styrkur til Loðdýraræktarfélags Íslands, 10 þús. kr., verði felldur niður. Væri ekki óeðlilegt, að starfsemi loðdýraræktarinnar væri falin Búnaðarfélaginu, og er það til athugunar fyrir ríkisstj., hvort á því mætti spara einhver útgjöld.

Um framlag til sauðfjárveikivarna þykir rétt að taka eftirfarandi fram: Forstjóri þessarar stofnunar mætti hjá fjvn., til þess að ræða við hana um þetta mikla vandamál, og lét henni í té yfirlit yfir þær áætlanir, sem hugsaðar eru til ársins 1955 og sýna, að ef á að framkvæma þær, þarf að verja til þeirra úr ríkissjóði 35 millj. kr. á þessu tímabili. Nú er augljóst, að nauðsynlegt er fyrir ríkisstj. að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja það, að þetta fé sé fyrir hendi, þegar á því þarf að halda, ef tryggja á það, að þessar ráðstafanir komi að fullu gagni, eins og fyrirhugað er. Er það að sjálfsögðu verk ríkisstj. að athuga það mál. Þetta hefur verið rætt nokkuð við hæstv. landbrh. Veit ég ekki, hvað hann hugsar sér um þetta atriði, en það virðist vera alveg óhjákvæmilegt, að hugsað sé fyrir þessum áætlunum meir en frá ári til árs, ef árangur á að nást. Fjvn. hefur ekki gert till. um að lækka þetta framlag, nema lítilfjörlega í sambandi við mannahald í skrifstofu hér í Reykjavík. Hins vegar hefur fjvn. ekki fallizt á að gera brtt. til hækkunar til þess að mæta 340 þús. kr. umframgreiðslum á síðasta ári og 150 þús. kr., sem stofnunin hefur orðið að greiða vegna rannsókna, sem ætlazt var til að færu fram á Keldum, en ekkert varð úr þar, vegna þess að sú stofnun framkvæmdi ekki það verkefni, sem henni var ætlað. En rætt var um það við forstjóra sauðfjárveikivarnanna, að hann gæti hagað svo sínum rekstri á þessu ári, að þær upphæðir, sem áætlaðar eru til þessarar starfsemi í 16. gr., rúmlega 5 millj., gætu nægt einnig til þess að mæta þessum útgjöldum.

N. leggur til, að framlag til Fiskifélags Íslands lækki um 50 þús. kr. Er það gert í samráði við stjórn félagsins.

N. leggur einnig til, að styrkur til iðnskólabyggingar sé lækkaður um 50 þús. kr. Hún sá ekki ástæðu til að draga ekki einnig úr því framlagi eins og framlagi til annarra skóla. Einnig leggur n. til, að framlag til tóvinnuskólans verði fellt niður, einnig að styrkur í sambandi við yrkisskólaþinghald á Íslandi verði felldur niður. Hér er um nýjan útgjaldalið að ræða. Meiri hl. n. sér ekki ástæðu til, að ríkissjóður veiti 100 þús. kr., til að þessir menn geti komið saman á Íslandi.

N. leggur einnig til að gera nokkrar breytingar í sambandi við raforkumál. Leggur hún til, að kostnaður við stjórn þeirra lækki um

tæpar 150 þús. kr. og tekinn verði upp nýr kafli yfir rekstur á rafmagnsveitum ríkisins til að sýna, hvernig reksturinn er á hverjum tíma. Þetta var í fjárl. áður, og þótti n. rétt að þetta væri tekið upp á ný, og hefur það verið gert í samráði við raforkumálastjóra. N. leggur til, að framlag til nýrra raforkuframkvæmda verði hækkað um 1 millj. og til dieselrafstöðva um 150 þús. kr., er lánað verði með hagkvæmum kjörum til sveitarfélaganna. Rafmagnsframkvæmdir eru svo aðkallandi mál fyrir öll héruð, að meiri hl. taldi rétt, að allt væri gert, sem unnt er, til að hraða þeim málum, enda er þetta till. raforkuráðs, og stjórn þess væntir þess, að þm. og stjórn sjái sér fært að fylgja þessari till. Þá er lagt til, að kostnaður við rafmagnseftirlit ríkisins sé lækkaður um 40 þús. kr. og kostnaður við jarðboranir um 250 þús. kr.

N. leggur til, að nokkrar breyt. verði gerðar á 17. gr.

Framlag til sumardvalaheimila lækki um 100 þús. kr. Þessi kostnaður er síðan á stríðsárunum, þegar nauðsyn þótti að skapa aðstöðu til að flytja börn úr bænum, ef hér í borginni kæmi til árásar. Þessi ástæða er fallin burt. Hins vegar viðurkennir n., að það væri að sjálfsögðu gott að geta haldið þessu áfram, og þess vegna hefur meiri hl. n. lagt til, að þetta verði ekki fellt niður þótt hins vegar sé ljóst, að hér er um að ræða mál, sem Reykjavíkurbæ beri að annast á sinn kostnað.

Þá leggur n. til, að framlag til kvenréttindafélags Íslands lækki um 15 þús. kr. Var þessi upphæð veitt s. l. ár til eins árs, en ekki hugsað að taka hana upp aftur. Framlag til vinnumiðlunar lækki um 50 þús. kr. Upphæðin ætti raunverulega að hverfa úr frv. svo lengi sem ekkert atvinnuleysi er í landinu.

N. leggur til, að framlag til barnaverndarráðs lækki um 11 þús. kr. Er mikið af þessu fé veitt sem laun til embættismanna, sem eru á fullum launum fyrir, og ætti að vera unnt að koma þessu fyrir á ódýrari hátt.

Lagt er til, að niður falli framlag til upptökuheimilis, þar sem þetta mál heyrir eingöngu undir bæjarfélagið.

Þá leggur n. til, að styrkur Bálfarafélags Íslands falli niður.

N. leggur til, að kostnaður við framkvæmd orlofslaganna lækki um 360 þús. kr. Ég vil í því sambandi benda hæstv. fjmrh. á, að athugandi væri, hvort ekki væri hægt að koma þessu öðruvísi fyrir, svo að ríkissjóður þyrfti ekki að hafa stórkostleg útgjöld við þessa innheimtu. Mætti t. d. breyta fyrirkomulaginu þannig, að orlofsfé, sem ekkert er annað en 4% kauphækkun, greiddist beint til þessara manna, um leið og launin eru greidd þeim.

N. hefur ekki gert mjög miklar breyt. við 18. gr. En í sambandi við hana vil ég leyfa mér að benda á það sama og fjvn. benti á á síðasta þingi, að það er alveg óþolandi, að þessi gr. verði framvegis á þann hátt sem hún er nú. Það er engan veginn hægt að ætlast til, að þingnefnd breyti henni í það horf, sem nauðsynlegt er og samræmi greiðslur launa ýmissa aðila, og því verður að gera þá kröfu til ríkisstj., að þessi grein verði athuguð mjög gaumgæfilega fyrir næsta þing, því að ógerlegt er lengur að una við hana eins og hún er nú, þar sem ætlaðar eru t. d. 490 kr. til einnar ekkju, en upp undir 20 þús. til annarrar. Verður þetta misræmi að lagast. Það er m. a. nauðsynlegt að skapa fastar reglur um það, hvaða hámark skuli greitt sem eftirlaun til embættismanna. Eru nú t. d. allmargir menn á þessari grein með fullum launum, greiða ekki framlag í lífeyrissjóð og hafa því mun betri lífskjör en þeir höfðu meðan þeir voru á fullum launum og urðu að vinna fyrir þeim fulla vinnu og greiða af þeim launum tryggingargjöld.

Ég vil enn fremur beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vill ekki taka til baka til 3. umr. till. um framlag til Jóhanns skipherra, vegna þeirra umr., sem hafa átt sér stað um það mál, til að tryggja, að þetta verði veitt úr lífeyrissjóði, en ekki ríkissjóði.

Um 19. gr. vil ég segja það, að n. leggur til, að þar verði gerðar þær breyt., sem ég minntist á í upphafi, aðeins til að uppfylla lagafyrirmæli. — Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það hér.

Við 20. gr. leggur n. til að gerðar verði eftirfarandi breyt.: Framlag til ríkisspítalanna hækki um 440 þús. kr., til byggingar tilraunastöðva á Reykhólum og Hafursá um 100 þús. kr., til byggingar á prestssetrum 300 þús. kr. Framlag til byggingar vitavarðarbústaðar, 170 þús. kr., bygging bráðabirgðatollbúðar, 100 þús. kr., falli niður, og framlag til flugvalla lækki um 550 þús. kr.

Viðvíkjandi till. um framlag til tollbúðar vil ég taka fram, að n. leggur ekki til, að sá liður falli niður af því, að hún viðurkenni ekki, að sé þörf á byggingu tollbúðar, heldur vegna þess, að ljóst er, að þessum 100 þús. kr. er kastað á glæ, ef aðeins á að byggja bráðabirgðaskýli. N. telur réttara að gera ráðstafanir til að undirbúa framtíðarbyggingu og veita síðan fé til hennar, þegar þeim undirbúningi er lokið.

Út af 4 millj. kr. framlagi til greiðslu á skuldum, sem eru í vanskilum, telur n. óhjákvæmilegt, að hver aðili, hvort sem það er sveitarsjóður, hafnarsjóður, raforkumálasjóður eða einhver annar, sem ríkið er í ábyrgð fyrir og getur ekki staðið í skilum, sé settur undir sterkt fjárhagslegt eftirlit ríkisins. Ríkissjóður er nú í ábyrgð fyrir meira en 300 millj. kr. Ef ekki er strax haft sterkt fjárhagslegt eftirlit með þessum stofnunum, þá veit ríkissjóður ekki, hvenær hann er búinn að missa algerlega stjórn á þessum málum. Því skorar n. á ríkisstj. að athuga þetta mál nú þegar.

N. leggur til nokkrar breyt. við 22. gr., og leyfi ég mér þar að vísa til viðkomandi þskj.

Að síðustu skal ég gera yfirlit yfir þær breyt., sem verða á frv. samkvæmt till. nefndarinnar.

Hækkun tekna í 2. gr.		18640000 kr.
+ lækkun gjalda í 3. gr.		238760 —
		19478760 kr.
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda í 3. gr.		521000 kr.
Tekjuhækkun alls		18957760 kr.
Hækkun gjalda alls		52584215 kr.
+ lækkun gjalda alls		5998544 —
Gjaldahækkun		46585671 kr.

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkvæmt 20. gr. er samkvæmt till. n. 20000 kr.

Ef till. n. verða allar samþ., munu niðurstöðutölur fjárlfrv. verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur		260215127 kr.
Gjöld	260423914	
Rekstrarhalli		208787 —
	260423914	260423914 kr.

Sjóðsyfirlit:

Útborg. skv. rekstrarr.	260423914 kr.	
Aðrar greiðslur 20. gr.	30045588	290469502 kr.
Innborg. skv. rekstrarr.	260215127	
Aðrar greiðslur 20. gr.	2210000	
Greiðsluhalli	28044375	
	290469502	290469502 kr.

Mér er ljóst, að áður en frv. fer út úr þinginu, verður að ræða nánar um, á hvern hátt hægt er að mæta þeim 28 millj. kr. greiðsluhalla, sem enn er á því, og væntir n. að hafa um það samráð við hæstv. fjmrh. Mér er einnig ljóst, að ef ekki er samhugur þm. um að vilja fylkja sér um till. fjvn. til sparnaðar, þá mun sú viðleitni, sem hér er gerð, verða einskis virði, og þess vegna vænti ég þess, að hv. þm. geti almennt fallizt á till. n., sem eru þó ekki meira en 6 millj. lækkun, eða tæplega ⅓ af þeirri hækkun, sem varð á frv. frá því, sem áætlað var á fjárl. síðasta árs.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 54, n. 461, 470 og 472, 460, 468, 479, 481, 488).

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Dagskrá þessa fundar er dagsett 24. marz, og er þá verið að byrja á 2. umr. um fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Ég veit ekki betur en að ákveðið sé í stjskr., að fjárl. skuli afgr. fyrir áramót, og svo mun venjulega hafa verið á Alþingi þar til þrjú s. l. ár. Að vísu var undantekning frá þessu 1943, vegna þess að þá var raunverulega engin stjórn mynduð, og voru fjárl. ekki afgr. fyrir áramót það ár. 1944 og 1945 voru fjárl. afgr. fyrir áramót, en 1946—47 var stjórnarkreppa, og urðu fjárl. þá ekki afgr. fyrr en eftir áramót, en í tíð núv. stj. er búið að gera að fastri venju eða sama sem búið að lögfesta, að fjárl. skuli ekki afgr. fyrir þann tíma, sem á að vera, og að landinu skuli stjórnað fjárlagalaust verulegan hluta af hverju ári. Ég minnist þess, að í fyrsta skipti, sem ég leit inn hér á Alþingi, 1932, kom ég á áheyrendapalla og hlustaði á orðaskipti tveggja þm., þar sem annar sagði, að ef ekki tækist að afgr. fjárl. fyrir ákveðinn tíma, hefði stj., sem þá sat, átt að samþ. brbl. Annar þm. tók hann á þessum orðum og lét hann gera grein fyrir því, hvort hann meinti, að stj. hefði látið sér detta í hug að stjórna fjárlagalaust. Þetta leiddi til þess, að þáv. forsrh., sem studdur var af þeim þm., sem sagði, að stj. hefði borið að samþ. brbl., sá sig neyddan til þess að gefa þá yfirlýsingu, að þessi þm. talaði ekki fyrir munn stj., heldur á eigin ábyrgð. Hver maður, sem þarna hlustaði, skildi, að þessi orðaskipti sýndu, að hneykslanlegt þótti á þeim árum, að landið væri fjárlagalaust nokkurn tíma, en nú er svo komið, að þetta hefur ekki aðeins orðið að fastri reglu, heldur verið svo að segja lögfest tvö undanfarin ár með því að fresta samkomudeginum svo langt fram á haustið, að enginn vegur er að afgr. fjárl. fyrir byrjun þess árs, sem þau eiga að gilda fyrir. — Í sambandi við þetta hafa fallið ýmis orð frá stuðningsmönnum stjórnarflokkanna, t. d. form. Framsfl., sem sagði, að engu öðru landi í veröldinni mundi vera stjórnað fjárlagalaust, en allir þessir flokkar eru jafnsekir um þetta ástand. — Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þetta, þar sem allt útlit er fyrir, að liðinn verði fjórðungur, ef ekki þriðjungur af þessu ári, þegar fjárl. verða endanlega afgreidd.

Þessu frv., sem hér liggur fyrir, var útbýtt 1. nóv. s. l. og var þá 42. mál þingsins, í stað þess að það á að vera fyrsta mál þ. að réttu lagi. Þessi vinnbrögð, sem nú eru orðin að fastri venju, hafa þau áhrif á þjóðarbúskapinn, að við slíkt verður ekki unað. — En í sambandi við það vil ég líka minnast á annað atriði, annað lagabrot, sem framið er hér, og það er brot á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, frá 1947. Í þeim lögum er skýrt tekið fram, að fjárhagsráð skuli hafa samið innflutningsáætlun fyrir byrjun þess árs, sem hún á að gilda fyrir, og er tilætlunin, að sú áætlun ásamt útflutningsáætlun og fjárfestingaráætlun liggi fyrir, þegar fjárl. eru afgr., svo að taka megi tillit til þeirra við afgreiðslu fjárl. Þessi lög hafa líka verið brotin, þannig að nú fyrst fyrir fáum dögum var þessari áætlun útbýtt hér á Alþingi. Afleiðing þessa er sú, að áætlanir fjárl. stangast við þær niðurstöður, sem þessar áætlanir eiga að gefa, þegar til kemur. T. d. vita allir, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi til landsins eru mjög miklar, og þegar þær eru áætlaðar án þess, að nokkur gögn liggi fyrir um þann innflutning frá fjárhagsráði, liggur í augum uppi, að engin vissa

er fyrir því, að tekjuáætlun fjárl. standist í sambandi við þá áætlun, sem fjárhagsráð á að gera fyrir þann tíma.

Önnur slæm afleiðing fyrir þjóðarbúskapinn í sambandi við þetta er sú, að þær áætlanir, sem gerðar eru um verklegar framkvæmdir í sambandi við fjárl., eru svo seint tilbúnar, að margar stofnanir, sem eiga að undirbúa þessar áætlanir, vita ekki fyrr en komið er langt fram á árið, hve mikið fé þeim er ætlað til þessara framkvæmda, t. d. vegamála, hafnarmála, o. fl. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að undirbúa þessar framkvæmdir svo snemma sem gera þyrfti, sem aftur verður þess valdandi að þær verða síðbúnar, og getur farið svo, að beinlínis verði tjón af því. Frsm. meiri hl. gat þess réttilega í gær í framsöguræðu sinni, að legið hafa fyrir fjvn. kvartanir frá ýmsum aðilum, sem hafa fengið unnar vissar opinberar framkvæmdir af hálfu stjórnarvaldanna, og minntist á hafnargerðir í því sambandi, en í þeim efnum hafa orðið mistök í framkvæmdum, vegna þess að þær hafa ekki verið unnar á heppilegum tíma. Þetta er annað atriði, sem er mjög athyglisvert í sambandi við það, hve ill er sú venja, sem skapazt hefur, að draga afgreiðslu fjárl. langt fram á árið, eins og hér er gert.

Allir vita, að ástæðan til þessara vinnubragða er fyrst og fremst ósamkomulag innan ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni standa. Má benda á ummæli blaðanna. Þau rífast hvert ofan í annað og blað hvers flokks ber hina flokkana og ráðh. þeirra hinum herfilegustu sökum. Skal ég ekki lesa það hér, þess þarf ekki, en þetta sýnir, að það er ósamkomulagið á þessu heimili, sem er orsök þeirra vinnubragða, sem ég hef verið að lýsa og allir raunar kannast við.

Þá vil ég leyfa mér næst að minnast á nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir og lagt var fyrir ríkisstj. 1. nóv. og vísað til fjvn. 5. nóv., þegar 6 vikur voru eftir til að afgr. það samkv. reglum og lögum.

Tvo aðalþætti vil ég benda á í þessu frv. með tilliti til fjárl. s. l. ára. Annars vegar hin stórhækkuðu framlög til embættismanna- og starfsmannakerfis ríkisins og hins vegar lækkun til verklegra framkvæmda til þess að vega nokkuð á móti þeirri hækkun. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um útþensluna í embættiskerfi ríkisins, vegna þess að frsm. meiri hl. lýsti því í gær, þar sem gert er ráð fyrir, að í þessum efnum verði um að ræða um 20 millj. kr. hækkun frá fjárl. s. l. árs. Þetta er rétt. En þegar gætt er betur að og farið lengra aftur í tímann, sést, að 10. og 11. gr. frv., sem náttúrlega eru aðalliðirnir í embættiskostnaði ríkisins, hafa hækkað um fullkomlega ½ millj. frá því, sem áætlað var í fjárl. 1946. Það er þess vegna ekki svo, að maður geti ekki út af fyrir sig skilið þá tilraun, sem verið er að gera til þess að draga úr heildarhækkun frv. með því að draga úr fjárframlögum til verklegra framkvæmda, þó að fjvn. hafi ekki orðið sammála um að fara þá leið. En hvað snertir lækkun til verklegra framkvæmda, get ég bent á nokkrar tölur, þar sem um lækkun er að ræða á frv. frá fjárl. s. l. árs. Framlag til nýrra akvega er lækkað um 3 millj. 770 þús., til nýrra brúa um 795 þús., til byggingar nýrra barnaskóla um 1½ millj., til nýrra gagnfræðaskóla um 600 þús., til húsmæðraskóla um 800 þús., til sjúkrahúsbygginga sömuleiðis lækkað og til nýrra raforkuframkvæmda, auk hins lögboðna framlags til raforkusjóðs, lækkað um rúman helming. — Ég skal taka fram, að yfirleitt var ekki ágreiningur um það í n. að hækka verulega suma af þessum liðum, t. d. vega- og brúafé, en meiri hl. vildi ekki fallast á að hækka framlag til nýrra skólabygginga eins og var á fjárl. síðasta árs.

Þetta er aðalstefnan, sem finna má í þessu frv., þegar það er borið saman við fjárl. fyrri ára, og enn meir áberandi verður þessi samanburður, þegar frv. eins og það er nú, með brtt. meiri hl., er borið saman við fjárl. fyrri ára og jafnvel ríkisreikninga fyrri ára. Ég get bent á sem dæmi, að ef brtt. meiri hl. fjvn. verða allar samþ., sem sennilega má gera ráð fyrir, verða heildarrekstrargjöld ríkisins 260 millj. kr. Og hvað lítið sem samþ. yrði af öðrum hækkunartill. og frv. í meðferð þingsins hækkað frá þessum till. n., kemst þessi upphæð upp í 270 millj. kr., eða m. ö. o. 100 millj. kr. hærri en var á ríkisreikningnum 1946, en þá var ríkisreikningurinn um 170 millj. Nú vita náttúrlega allir þm., að það er rangt að gera samanburð á ríkisreikningi og fjárl., en þetta sýnir enn gleggra, hvert stefnir, og gerir enn ljósari þann samanburð, sem ég geri hér.

Úr því að ég er búinn að nefna þessar tölur, vil ég gera nokkra grein fyrir því, hvernig á þessari útgjaldahækkun stendur, og vil ég þá fyrst taka fram það, sem skylt er að taka fram í þessu sambandi, sem sé það, að nokkur hluti þessarar hækkunar stafar af þeirri framfaralöggjöf, sem sett var á árunum 1945—46. Vil ég þar til nefna tryggingalöggjöfina, lög um landnám og nýbyggðir í sveitum og nýju skólalöggjöfina að nokkru leyti. En þó að því hafi mjög verið haldið á lofti af núv. ríkisstj., að öll þessi löggjöf eigi aðalþáttinn í þessari hækkun, verður útgjaldahækkunin samkv. þessum lögum aldrei nema tæpar 30 millj. Þó að samanburðurinn sé gerður eins hagstæður og unnt er fyrir hæstv. ríkisstj., með því að bera saman fjárl. nú og ríkisreikninginn 1946, munar það alltaf um 70 millj. kr., sem rekstur ríkisins kostar meira nú en þá, þegar búið er að draga frá þau auknu útgjöld, sem stafa af þessari löggjöf. Þegar svo síðar kemur ríkisreikningurinn 1949, verður sú upphæð enn hærri.

Og hvað er það þá, sem veldur því fyrst og fremst, að hér stefnir svo mikið í þessa átt? Það er í fyrsta lagi sú aukning á embættis- og starfsmannakerfinu, sem ég benti á áðan, — að þær greinar, sem fela í sér þau útgjöld, hafa hækkað um ⅓. Í öðru lagi er hér um að ræða þann gífurlega vöxt dýrtíðarinnar, sem orðið hefur þessi tvö ár og búinn hefur verið

til beinlínis með óréttlátri löggjöf, sem stjórnarflokkarnir hafa samþ. og standa allir að. Þegar þessi ríkisstj. var mynduð, var mikill fögnuður í blöðum stjórnarflokkanna. Ekki vantaði það. Því var heitið, að nú skyldi snúið frá þeirri stefnu, sem hafði verið fylgt áður, — og hvað sögðu blöðin um stefnubreytinguna? 20. júní 1946 segir Tíminn, að Framsfl. muni beita sér fyrir uppgjöri stórgróðans, koma verzlunarmálunum í betra horf o. s. frv., o. s. frv., og segir, að Framsfl. muni aldrei taka þátt í ríkisstjórn, sem ekki lækki dýrtíðina í landinu. Og eftir að ríkisstjórnin var mynduð, sagði Dagur, blað Framsfl. á Akureyri, um dýrtíðarráðstafanir stjórnarinnar: „Byrjað að vinda ofan af dýrtíðarhjólinu" — og enn fremur sagði blaðið: „með þessum aðgerðum er alger stefnubreyting í dýrtíðarmálunum frá því, sem verið hefur. Dýrtíðin er í fyrsta sinn raunverulega lækkuð." Þessi ummæli áttu við dýrtíðarlögin, sem sett voru í árslok 1947. Hvað ætli almenningur segi um það, að með þeim hafi dýrtíðin verið raunverulega lækkuð? Og eftir áramótin segir Dagur enn: „Nú er runnið nýtt ár. Á þessum áramótum hefur ný stjórnarstefna rutt sér til rúms. Þar með hefur stefna Framsfl. fengið fulla viðurkenningu Sjálfstfl. og Alþfl." Svona er hægt að lesa hverja tilvitnunina á eftir annarri úr blöðum hæstv. ríkisstj. um ágæti aðgerðar hennar í dýrtíðarmálunum, og heimsblöðin birtu viðtöl við hæstv. forsrh., þar sem hann lýsir því yfir, að dýrtíðarvandamálið sé leyst. En hvað segja staðreyndirnar? Þær sýna, að fjárlögin eru orðin 70 milljónum króna hærri en ríkisreikningurinn 1946, og svo getum við hugsað okkur, hvernig ríkisreikningur þessara ára verður. Hæstv. ríkisstj. lofaði að leysa dýrtíðarvandann, en hverjar hafa efndirnar orðið á því? Sett voru dýrtíðarlögin 1947, og hver voru aðalákvæði þeirra? Þau meðal annars, að vörumagnstollur var innheimtur með 200% álagi frá því, sem áður var, og verðtollur hækkaður um 65%, og auk þessara tolla var settur á söluskattur, sem var áætlaður 17 millj. kr. á ári, en reyndist raunar þó ekki nema 14 milljónir. Þetta voru efndirnar á loforðum ríkisstj. um að lækka dýrtíðina, loforðunum, sem stjórnarblöðin guðuðu af, að verið væri að efna og hæstv. forsrh. talaði um í útlöndum. En hæstv. ríkisstj. gerði meira en hækka tolla og leggja á nýja skatta. Hæstv. ríkisstj. lokaði augunum fyrir afleiðingum gerða sinna, og í stað þess að athuga þær, þá ákveður hún, að vísitalan skuli vera 300 stig. Dýrtíðin skyldi ekki skráð hærri, hver svo sem hún raunverulega væri. Afleiðingin af þessu verður svo sú, að í stað þess, að niðurgreiðslurnar fari minnkandi, þá aukast þær nú svo, að nú þarf 70 millj. kr. í dýrtíðarsjóð, og gert er ráð fyrir 50 milljónum til niðurgreiðslu afurðaverðs í stað 16 milljóna árið 1946. Afleiðingin af dýrtíðarlögunum 1947 var því sú, að dýrtíðarhjólinu var enn snúið nokkra hringi til þess að reyna að fleyta þjóðarskútunni áfram. Ljóst var þó, að með þessum ráðstöfunum varð þjóðarskútunni ekki bjargað, því að í lok ársins 1948 er gripið til nýrra ráðstafana til þess að reyna að fleyta henni enn um skeið. Og hverjar voru þær ráðstafanir? Enn nýir skattar á skatta ofan. Söluskatturinn er hækkaður um 22 millj. kr. frá því, sem hann reyndist 1948 og aðrir skattar um 16 millj. kr., eða samtals um 38 milljónir í nýjum sköttum lagðar á þjóðina. Dýrtíðarhjólinu er aftur snúið nokkra hringi til þess að fleyta þjóðarskútunni þetta ár og dugir þó ekki til árið út. Það þarf enn fleiri snúninga, ef nægja á til áramóta.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um afgreiðslu fjárlagafrv. í fjvn. Eins og ég tók fram áðan, þá var ekki ágreiningur milli meiri hl. og minni hl. um allmikið af brtt. þeim, sem meiri hl. flytur. Minni hl. var t. d. sammála um, að sparað væri í rekstrarkerfi ríkisins, og taldi, að í sumum atriðum hefði mátt ganga lengra í sparnaðarátt. Þá var heldur ekki ágreiningur um að hækka framlög til verklegra framkvæmda, eins og meiri hl. leggur til, en í sumum tilfellum vildum við í minni hl. ganga allmiklu lengra, t. d. hvað snertir framlög til skólabygginga. Þá viljum við alveg sérstaklega benda á, að stefna sú, sem hér hefur verið rætt um, að hækka dýrtíðina fyrir hver áramót, getur ekki leitt til annars en vandræða. Hvað snertir úrræði okkar sósialista í dýrtíðarmálunum, þá leyfi ég mér að vísa til frv. þess, sem sósialistar fluttu um þau efni á síðasta þingi. Þar er gerð grein fyrir till. okkar í dýrtíðarmálunum, og teljum við þær enn í fullu gildi.

Skal ég nú koma að hinum einstöku brtt. okkar í minni hl. á þskj. 468. Er það þá fyrst, að við leggjum til, að framlag til talstöðva í báta og skip hækki úr 150 þús. kr. í 300 þús. kr., og enn fremur, að framlag til loftskeytastöðva í skip hækki úr 100 þús. í 200 þús. kr. Eins og hv. frsm. n. tók fram, var fast sótt af póst- og símamálastjórninni að fá þessa liði hækkaða, enda auðvelt að rökstyðja slíkar hækkunartill., þar sem öruggi báta og skipa er í veði. Þá er brtt. við 12. gr. um, að framlag til læknisbústaða og sjúkrahúsa hækki úr 500 þús. kr. upp í eina milljón. Síðastliðið ár var fjárveitingin til þessara stofnana utan Reykjavíkur 800 þús. kr., sem var tvímælalaust of lágt. Hér í Reykjavík er þörfin á nýju sjúkrahúsi ákaflega brýn, og því leggjum við til, að til bygginga þess verði veitt 1 millj. kr. sem nýr liður. Enn fremur leggjum við til, að framlag til barnaskólabygginga hækki úr 2 millj. í 3 millj. og 500 þús. kr., og mun ekki af veita, því að það sést af gögnum þeim, sem n. hefur haft undir höndum, að ríkið skuldar nú 8 millj. kr. til þessara framkvæmda. Þá leggjum við til, að framlagið til íþróttasjóðs verði sama og í fyrra, en lækki ekki um 200 þús. kr., eins og ætlazt er til í frv. Þá viljum við enn fremur leggja til þá breyt. við 15. gr., að styrkur til skálda og listamanna hækki úr 175 þús. kr. í 250 þús. kr. Meiri hl. vildi lækka þessa upphæð, en það teljum við óeðlilegt. Þá leggjum við enn til, að framlag til kaupa á skurðgröfum

hækki úr 100 þús. kr. í 500 þús. kr., en til vara í 300 þús. kr. Það er nú eitt brýnasta nauðsynjamál landbúnaðarins að fá stórvirkar vinnuvélar, en það mál hefur að nokkru verið leyst undanfarið og haft stórkostlega þýðingu, en samt er það svo, að skorturinn á stórvirkum vélum er tilfinnanlegur enn, og t. d. eru það 6—7 sýslur, sem enga skurðgröfu hafa fengið hingað til, og ef þessi upphæð verður ekki hækkuð frá því, sem nú er, þá er hætt við, að stöðvun verði á þessari mikilvægu vinnu, því að þeim skurðgröfum, sem nú eru til, verður tæplega haldið við til langframa. Ég vil benda á, að undanfarin ár hefur þessi upphæð verið miklu hærri. Teljum við það hina óheppilegustu þróun, þegar framlög til nauðsynlegra atvinnutækja eru þannig stórlækkuð um leið og kostnaðurinn við embættis- og rekstrarkerfi ríkisins hækkar að mun. Að lokum leggjum við til, að við 19. gr. komi sú breyt., að stuðningur við bátaútveginn verði hækkaður úr 6 millj. kr. upp í 10 millj. kr. Með tilliti til þess, að leysa þarf stór veð af bátunum, dugir ekki minni upphæð til að koma bátaflotanum úr verstu kröggunum, og veitir sannarlega ekki af því, að hann starfi, þegar togararnir liggja bundnir í höfn. Fleiri brtt. höfum við í minni hl. ekki gert. Ég vil taka það fram, að ef eitthvað af þessum till. okkar verður samþ., þá erum við reiðubúnir til þess að útvega ríkissjóði tekjur á móti og það með aðgerðum, sem ekki þurfa að hækka dýrtíðina í landinu. Ég gat um það, að í frv. Sósfl. væri bent á leiðir til að afla ríkissjóði tekna og lækka um leið dýrtíðina raunverulega. Þær eru enn í gildi, og Sósfl. er reiðubúinn að standa við þær og benda jafnframt á nýjar leiðir, ef von er um stefnubreytingu í þessum málum, sem ekki virðist þó líklegt eftir orðum og athöfnum hv. stjórnarflokka að dæma.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa haft sama hátt á og undanfarið um undirbúning till. um skiptingu styrksins til flóabátasamgangnanna. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Pálmi Loftsson, hefur og unnið með n. að þessum málum. Vil ég, áður en ég drep á einstaka þætti nál., fara nokkrum orðum um þennan rekstur almennt.

Í frv. hæstv. fjmrh. var gert ráð fyrir að veita 300 þús. kr. framlag til flóabátanna, en s. l. ár nam styrkurinn 912 þús. kr. rösklega. Samvn. samgm. taldi sér því skylt að athuga, hvort hægt væri að draga verulega úr útgjöldum ríkissjóðs til þessarar starfsemi, þannig að fjárveitingin til þessa hluta samgöngumálanna nálgaðist eitthvað það, sem áætlað var af hæstv. fjmrh. Þessi mál voru því töluvert rædd og einkum það, hvort hinir nýju strandferðabátar gætu að einhverju eða öllu leyti leyst flóabátana af hólmi. Vildi n. gjarna freista þess að fækka flóabátunum, ef slíkt sýndi sig. En athuganir n. leiddu í ljós, að það er a. m. k. mjög erfitt, ef ekki ómögulegt. Strandferðabátarnir fara allir héðan frá Reykjavík og flytja vörur til hinna einstöku staða úti á landi. Hins vegar eru flóabátaferðirnar miðaðar við flutningaþörf hinna einstöku héraða innbyrðis og annast flutninga milli sveita og bæja úti á landi. Það mun því reynast afar erfitt að samræma ferðir flóabátanna og strandferðabátanna, og þegar rætt er við fulltrúa hinna einstöku byggðarlaga um möguleikana á því að leggja niður flóabátana, þá mótmæla þeir því mjög ákveðið. N. hefur því sannfærzt um það, að ekki sé hægt að leggja flóabátana niður og leysa flutningaþörf héraðanna með strandferðaskipunum. Hins vegar með því að lengja akvegakerfið geta einstakir flóabátar orðið óþarfir.

Um rekstrarkostnað flóabátanna er það að segja, að hann hefur yfirleitt hækkað nokkuð, en þrátt fyrir það taldi n. sér ekki fært að leggja til, að styrkurinn yrði lækkaður almennt. Hins vegar þótti n. sem ekki yrði komizt hjá því að hækka lítillega styrki til örfárra þeirra báta, sem hvað verst hafa orðið úti á s. l. ári. — Skal ég nú snúa mér að einstökum atriðum, og ræði þá fyrst um Breiðafjarðarsamgöngur. Gert er ráð fyrir, að þær verði að mestu óbreyttar frá s. l. ári. Þó er gert ráð fyrir, að vélastyrkur til Flateyjarbátsins, sem annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, sem var á s. l. ári 30 þús. kr., falli nú niður, þar sem ný vél hefur nú verið sett í bátinn. Hins vegar er gert ráð fyrir, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátsins verði hækkaður um 3 þús. kr., og verði samtals 10 þús. kr. — Ísafjarðarsamgöngur hafa verið svipaðar og áður, en ferðum hefur þó verið fjölgað nokkuð. Rekstrarafkoma bátsins hefur verið slæm vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar, en n. taldi þó ekki fært að leggja til, að styrkur til hans yrði hækkaður. — Varðandi Norðurlandsbátana er lagt til, að sú breyt. verði gerð, að styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts, sem heldur uppi ferðum um vestanverðan Húnaflóa milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga, verði hækkaður um 3 þús. kr., og er orsökin sú, að báturinn hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna aflabrests á síldveiðum undanfarin ár. Þá leggur n. til, að styrkur til Norðurlandsbáts, sem gengur milli Akureyrar og Sauðárkróks, verði hækkaður um 10 þús. kr. Útgerðarmaður bátsins færði rök að því, að styrkurinn þyrfti að hækka um 30 þús. kr., en n. taldi sér ekki fært að leggja til meiri hækkun en 10 þús. kr. Hins vegar leggur n. til, að þá verði felldur niður styrkur til Haganesvíkurbáts, en Norðurlandsbátur taki upp viðkomu á Haganesvík. Þetta getur ef til vill orðið nokkuð erfitt, en talið var, að leysa mætti þörf Haganesvíkurbúa með þessum hætti. — Um Austfjarðarsamgöngur er það helzt að segja, að lagt er til, að styrkur til Norðfjarðarbáts verði lækkaður um 13 þús. kr. vegna þess, að ráð er gert fyrir því, að akvegasamband við Neskaupstað skapist á miðju næsta sumri. Hins vegar er lagt til að hækka styrkinn til Eskifjarðarbátsins um 2 þús. kr. Er með því reynt að greiða fyrir hentugri ferðum bátsins í sambandi við áætlunarferðir bifreiða. Þá leggur

n. til, að styrkur til Hornafjarðar-Austfjarðabáts verði lagður niður. Undanfarin ár hefur enginn sérstakur bátur annazt þessar ferðir, en Skipaútgerð ríkisins hefur ýmist með eigin skipum eða leigubátum leyst þessa flutningaþörf, og hefur styrkurinn því runnið beint til hennar. N. taldi eðlilegra, að kostnaður við þessar ferðir væri færður á reikning Skipaútgerðarinnar, en að veittur væri sérstakur styrkur til þeirra á fjárlögum. N. ætlast að sjálfsögðu til, að Skipaútgerðin sjái þessum byggðarlögum fyrir svipuðum ferðum og undanfarið. Þá leggur n. enn til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkaður um 2 þús. kr., því að hann mun ekki geta haldið uppi ferðum sínum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar með óbreyttum styrk. — Er þá komið að Faxaflóasamgöngunum. Um þær er það að segja, að ekki er gert ráð fyrir styrk úr ríkissjóði. H.f. Skallagrímur í Borgarnesi hefur ekki óskað eftir styrk, en stjórn félagsins hefur hins vegar ítrekað ósk félagsins um það, að því verði greiddur halli sá, sem varð á rekstri m.s. Víðis 1947, en hann nam 150 þús. kr. Ég gat þess í framsögu á síðasta Alþ., að n. hefði ekki treyst sér til að verða við þessari ósk, enda var þá ekki vitað um heildarafkomu útgerðarfélagsins 1947. Nú liggja reikningarnir fyrir, og samkomulag varð um það í n., að ríkisstj. yrði veitt heimild til þess á 22. gr. fjárlaga að greiða 40 þús. kr. í bætur vegna þessa halla. Á sínum tíma gaf n. vilyrði fyrir því, að halli, sem verða kynni á ferðum m.s. Víðis, yrði greiddur úr ríkissjóði. Um þetta geta hv. þm. sannfærzt með því að kynna sér nál. frá 1947. N. taldi því ekki annað fært en að heimila þessar 40 þús. kr. — Þá er þess að geta, að komið er akvegasamband við byggðina í Selvogi, og leggur n. því til, að styrkur til Selvogsferða verði felldur niður. Loks leggur n. til, að nýr liður, 30 þús. kr. vegna vöruflutninga til Öræfa, verði tekinn í heildartillögur hennar um flutninga- og flóabátastyrki. Hæstv. fjmrh. lét þess getið í athugasemdum við fjárlagafrv. þessa árs, að hann teldi eðlilegra, ef þessum lið yrði haldið, að hann yrði færður undir flóabátastyrk, og féllst n. á þetta. Á fjárlögum 1948 nam þessi fjárveiting 29800 kr. Hér er því aðeins að ræða um flutning milli liða fjárlaga, en hins vegar ekki hækkun á flutningastyrkjum. Samkvæmt till. samvinnun., sem ég hef nú rakið, áætlar n. styrk til vöruflutninga og flóabátaferða á fjárlögunum 1949 samtals 878 þús. kr., en það er 34 þús. kr. lægra en 1948 og 37500 kr. lægra en 1947. Ekki verður annað sagt en að tekizt hafi að halda þessum útgjöldum mjög niðri, þegar litið er á verðlagsþróunina s. l. þrjú ár. Það verður að teljast gott, að hægt hefur verið að halda sama styrk eða öllu heldur lægri en 1947, þrátt fyrir það að rekstrarkostnaður bátanna hefur aukizt og þeim er bannað að hækka fargjöld og farmgjöld. Hv. þm. sjá í nál., hvernig n. leggur til, að styrkurinn skiptist, og sé ég ekki ástæðu til að lesa það upp. Ég vil að lokum segja það, að samvn. hefur haft fullan vilja á því að stilla þessum útgjöldum í hóf, en n. hefur orðið að taka tillit til þess, að aðkallandi þörf er fyrir þessar samgöngur. Enn er ekki hægt að láta strandferðaskip og strandferðabáta leysa þessa þörf í stað flóabátanna, kannske verður það hægt síðar, en þó dreg ég það í efa, því að hér er um óskyldar þarfir að ræða. Ég vil svo aðeins skjóta því fram og hefði viljað, að hæstv. samgmrh. hefði heyrt það, að ég tel óhjákvæmilegt að leyfa sumum bátunum að hækka farmgjöldin, meðan svo mjög er haldið niðri þessum styrk. Ég vil skjóta þessu til stj. og tel, að athuga þurfi málið vel, áður en umleitunum í þá átt er hafnað, því að það mundi geta skapað margháttaða erfiðleika.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil, eins og sjálfsagt er, þakka hv. fjvn. fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í að afgreiða fjárlagafrv. að þessu sinni, og tel víst, að fyrir henni hafi vakað, eins og skylt er, að gera sitt til þess, að fjárlögin yrðu afgr. þannig, að viðhlítandi væri. Það hefur margt komið fram í þessum umr., sérstaklega í ræðu hv. frsm., sem er eftirtektarvert og getur gefið tilefni til margs konar athugasemda. Ef til vill verða þær þó ekki tæmandi frá minni hendi, enda ekki þörf á því að fara út í allar einstakar till. til hækkunar og lækkunar, er n. hefur gert, og á ég þá fyrst og fremst við till. hv. meiri hl. n. Hvað minni hl. snertir virðast till. hans einvörðungu í hækkunarátt, eins og von var á úr því horni, og mun ég láta ræðu hv. frsm. minni hl., sem var eins og forsmekkur af eldhúsdagsumr., að mestu leyti sem vind um eyrun þjóta. Ég vil aðeins benda á, að það samræmi, sem maður á að venjast úr þessari átt, kom fram hjá hv. 8. landsk. Annars vegar er fjargviðrazt yfir hækkuðum útgjöldum og auknum álögum, en hins vegar eru kölluð fram hækkuð útgjöld og þar með auknar álögur á almenning. Það er það, sem hv. minni hl. hefur gert við þessa umr. Meiri hl. n., eða niðurstöður hans, krefjast um eða yfir 30 millj. kr. í auknar tekjur fyrir ríkissjóð. En minni hl. er ekki ánægður með þetta, heldur bætir við 9 millj. kr. fram yfir. Verði slík útgjaldaaukning samþ., hlýtur hún óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukna skatta eða tolla. Þessi málsmeðferð dæmir sig sjálf, og þarf af minni hálfu engra frekari athugasemda við.

Meiri hl. hefur gert sér tíðrætt um 20 millj. kr. aukin útgjöld, er hann kallar þenslu á ríkisrekstrinum, samanborið við fjárlögin 1948. Hv. nm. hafa mjög einblínt á þessar 20 millj., en ég vil nú gera tilraun til þess að skýra að nokkru, hvernig þessu er varið, vegna þess að það kom ekki fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að verulegt tillit hefði verið tekið til þeirra skýringa, er liggja fyrir og sparnaðarn. vann að samkvæmt beiðni fjvn. og rn. En áður vildi ég segja, að ég saknaði algerlega, bæði í nál. meiri hl. og ræðu hv. frsm. meiri hl., eins höfuðatriðis, sem mjög var gengið eftir, þegar fjárlögin voru lögð fram, og hefur verið uppfyllt af rn., en það var að gefa fjvn. skýrslu

um starfsmannahald ríkisins. Hv. form. fjvn. kvað eitt sinn svo ríkt að orði út af vöntun þessarar skýrslu, að það væru fulltrúar í n., það munu hafa verið fulltrúar Framsfl., sem ekki mundu fást til að starfa, nema þessi skýrsla væri lögð fram. Ég minnist þess líka, að í blaði sama flokks var það talinn galli, að þessi skýrsla hefði ekki fylgt fjárlagafrv. Nú, við að heyra þessi tíðindi var lögð áherzla á það, að þessi skýrsla væri búin til, og fór í það mikil vinna. Hún var síðan send fjvn. fyrir mánuðum, eða að minnsta kosti mörgum vikum síðan. Hún var vissulega komin í hendur n. fyrir hátíðir. En ég sakna þess, að skýrslan hafi nokkuð létt undir störf n. eða að tillit hafi verið tekið til hennar. Hv. frsm. minntist ekki á hana, og ef dæma má eftir þeim till., sem hér liggja fyrir, virðist efamál, hvort skýrslan *hafi nokkuð létt störf n.* Það er ekki svo að skilja, að ég sjái eftir, að skýrslan hefur verið lögð fram. Ég tel sjálfsagt, að aðgangur sé að þessum upplýsingum. En ég hef ekki komið auga á þau straumhvörf, er við hefði mátt búast, þrátt fyrir það að skýrslan hafi legið hjá n. í margar vikur. Ég hafði ætlað, eins og ég sagði áðan, að þau plögg, er sparnaðarn. lagði fram, varðandi 20 millj. kr. útþenslu, yrðu eitthvað tekin til greina, en mér finnst ekki, að það hafi verið gert, og vil því leyfa mér að drepa lítillega á þetta til þess að sýna, hvað hér er raunverulega um að ræða. Í „Samanburði rekstrarútgjalda 1949 og 1948", en þetta er heiti á skrá, sem fjvn. samdi á sínum tíma og sendi rn. og sýnir umtalaðar 20 millj., er byrjað að telja fram aukinn kostnað frá 1948 til 1949 á 3. gr. A. 2. Undir þessa gr. heyra póstur, sími, áfengisverzlunin, tóbakseinkasalan, útvarpið, viðtækjaverzlunin, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Áburðarsala ríkisins og Grænmetisverzlun ríkisins. N. telur, að kostnaðurinn við þessar stofnanir hafi hækkað um 2452000 kr. Þá telur n., að vaxtabyrði ríkissjóðs samkvæmt 7. gr. hafi hækkað um 1.9 millj. kr., eða 1945000 kr. Þegar rekstrarútgjöldin 1948 eru borin saman við fjárlagafrv. nú, er villandi að blanda 3. gr. inn í þann samanburð. Útþensla útgjalda samkvæmt þeirri gr. og útþensla og samdráttur tekna hjá þeim stofnunum, sem taldar eru í gr., er ekki ætíð í réttu hlutfalli. Það þarf því að halda henni utan við, þegar talað er um rekstur ríkisins, því að það veldur ruglingi að taka hana með. Í ýmsum þessara stofnana getur umsetningin verið meiri en áður eða starf þeirra fært út. Þannig er það t. d. með prentsmiðjuna Gutenberg. Þar hefur verið óvenjulega mikið að gera. Það fer ekki vel á því að einblína eingöngu á það, að starfsmönnum hafi fjölgað og kostnaður aukizt, án þess að taka tillit til þess, af hverju þetta stafar. Það þarf að aðgreina stofnanir ríkisins og sjálfa „administrationina". Um vextina er það að segja, að hækkun þeirra eða lækkun getur stafað af öðru en útþenslu í rekstri. Þetta tvennt nemur hálfri fimmtu millj. kr., og það er hluti af þessum 20 millj., sem n. telur vera rekstrarútþenslu ríkisins. Þá telur n., að 8. gr. hafi hækkað um 65 þús. kr. Fyrir þeirri hækkun er gerð full grein í aths. við frv. Þá er það 9. gr. N. telur réttilega hækkun þar 800 þús. kr. Hér er náttúrlega um áætlun að ræða og ógerningur er að ákveða þetta með fullri vissu, en skynsamlegast virðist að hafa það ekki allt of lágt. Hækkunin á 10. gr., sem n. telur 398 þús. kr., var skýrð fyrir n. í bréfi, dags. 10. nóv. s. l. Af þeirri fjárhæð er einna mest, sem áætlað er, að þurfi til stjórnarráðsins, en það hefur verið of lágt áætlað, því að bætt hefur verið við starfsfólki, þar sem störf hafa aukizt, auk ýmislegs annars kostnaðar. Þá er á skrá n. talin hækkun á kostnaði við 11. gr., sem innifelur margs konar opinbert eftirlit, svo sem skipaskoðun og innheimtu tolla og skatta, og nemur hún í allt 3 millj. og 847 þús. kr. Þessi hækkun *stafar af ýmsu, svo sem meiri launagreiðslum og hækkuðu verðlagi í landinu.* Viðskipta- og verðlagseftirlitið krefst miklu meira fjár en áður hefur verið, og að því er húsaleigunefndir snertir var kostnaðurinn of lágt áætlaður árið 1948, og þegar það sannaðist, var að óbreyttri löggjöf sjálfsagt að hækka í fjárl. framlag til þeirra. Þá telur n. á 12. gr. 3 millj. og 475 þús. kr. hækkun. Stafar hún t. d. af útgjaldaaukningu við ríkisspítalana, sem sumpart kemur af hækkuðu verðlagi á nauðsynjum, en aðallega þó vegna fyrirhugaðra viðbóta við Klepp og Landsspítalann, fæðingardeildina, sem aftur hefur áhrif á sjúkrastyrkinn til hækkunar. Fyrir öllu þessu er gerð grein í aths. við frv. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þörfinni á nýjum spítölum, og er þeir taka til starfa, stækkar sá hópur sjúklinga, sem greiða þarf til. Um 13. gr. er það að segja, að þar er 2.373 millj. kr. hækkun, t. d. til vitamála, vegamála og flugmála. Inn í gr. hefur verið tekinn nýr liður — áætlunarferðir á vegum póststjórnarinnar — en hann var áður í 3. gr. Þetta vill fjvn. taka sem dæmi um nýja útþenslu í ríkisrekstrinum, en ég leyfi mér að benda á, að svo er ekki, þessi rekstur var til áður, en er nú tekinn inn á rétta grein. Og þegar þetta frv. var samið, var ekki gert annað en að leiðrétta það, sem var of lágt áætlað. En í þessu sambandi vil ég líka benda á, að aukin útgjöld á rekstrarreikningi þurfa ekki að benda til verri afkomu. Því meira sem verkfærin eru notuð, því meiri tekjuvon, og hefði n. mátt hafa þetta allt í huga, er hún gerði yfirlit sitt. — Það, sem ég hef hér sagt um áætlunarpóstferðir og fullyrðingar fjvn. um útþenslu á ríkisrekstrinum í því sambandi, ber ekki að skilja svo, að ég sé neitt að vegsama það fyrirkomulag á póstferðum, sem frsm. fjvn. gerði að umtalsefni. Þvert á móti er ég á þeirri skoðun, að betra hefði verið, að póststjórninni hefði aldrei verið falið að annast ferðirnar. En það er mál, sem þarf ekki endilega að vera til umræðu hér og framkvæmt af aðilum á sínum tíma, sem fjvn. hefur ekkert fullveldi yfir. Sama máli gegnir um fé tekið úr orlofssjóði. Allt slíkt hefur verið framkvæmt án þess að fjmrn. hafi verið að spurt. En

ég minnist á þetta hér í sambandi við tíundir hv. fjvn., sem m. a. eru rökstuddar með því, sem tekið er upp nú á 13. gr., en ég tel rangt að taka á þann veg, sem gert er. Þessi sjónarmið, að einblína á tilkostnaðinn án þess að taka tillit til afkasta, eru einhliða og röng. Og það á við fleira en vagna, t. d. flugmálin, þar sem n. hefur talið kostnaðinn of mikinn. En ég skal ekki að þessu sinni fara inn á að ræða það, hvort þar er of eða van. Á 14. gr. — en þar er færður kostnaður við kirkjumál, háskólann og skóla yfirleitt — telur n. 4 millj. kr. hækkun á útgjöldum. En stærsti liðurinn þar er vantalin uppbót á laun barnakennara, sem ekki var tekin upp í fjárlög síðasta árs af vangá fræðslumálaskrifstofunnar, svo að það er alrangt að telja þennan lið tákn um stóraukna útþenslu á ríkisrekstrinum, þar sem aðeins er um að ræða leiðréttingu á skekkju frá fyrra ári. Raunveruleg hækkun á þessari gr. er 1.157 millj. kr., að viðbættum 54 þús. til kirkjumála. Það er hin raunverulega útgjaldaaukning, en engar 4 milljónir. Á 15. gr. telur n. alls 543 þús. kr. hækkun. Um það vil ég segja þetta, að að vísu hafa þar sumir liðir hækkað, en aðrir hafa líka lækkað. A-liður 15. gr. var í fjárl. ársins 1948 2.580 millj. kr. En í fjárl. nú er hann 2.540 millj., og er lækkun þar hér um bil 40 þús. kr. B-liður hefur aftur lækkað um hér um bil 84 þús. kr., og er því lækkun alls á báðum liðum um 124 þús. kr. Á 16. gr. — en þar er t. d. Fiskifélag Íslands, rafmagnseftirlitið, búnaðarmál o. fl. — telur n. 604 þús. kr. hækkun. Þar tel ég aftur á móti, að hækkunin sé miklu meiri. A-liðurinn einn hefur hækkað um 3.8 millj., en n. kemur ekki auga á nema 604 þús. kr. hækkun á öllum liðunum. Á 17. gr. telur n. 12 þús. kr. hækkun, en hún var á fjárl. 1948 25.642 millj., en er nú 26.443 millj., en þar frá er dregið um 1½ millj. kr. framlag til alþýðutrygginga. Ég vil enn benda á, að þegar talað er um, hvað hafi hækkað og hvað lækkað, og bundið við ákveðið hugtak eins og útþenslu á ríkisrekstrinum, þá verður að taka fleira til greina en mér virðist hv. fjvn. hafa gert. Og það liggur ljóst fyrir, að það er ekki réttilega að farið, þegar því hefur verið slegið föstu af mörgum mönnum og í mörgum blöðum, að sú útþensla nemi 20 millj. kr., a. m. k. má þar draga 5 milljónir frá. Rekstrarútgjöld samkv. 8.—18. gr. mætti telja 15 millj. kr. hærri en í fyrra, en ekki meira. Og orsakirnar til þess eru yfirleitt þær, að gjöldin hafa verið ógætilega lágt áætluð 1948, enda voru ekki ríkisreikningar frá 1947 til hliðsjónar, og nokkrar upphæðir höfðu beinlínis fallið niður af vangá. Þá kemur það til í öðru lagi, að dýrtíð hefur vaxið, og kemur það fram sem hækkun á ýmiss konar greiðslum. Og enn má telja, að í fjárl. 1949 er gert ráð fyrir öllum löglegum greiðslum til landbúnaðarins, sem ekki var áður, og við það hækkar sú gr. um 4 millj. kr. Og mér er nú spurn, hvort hv. form. fjvn. vilji taka að sér að vera málflutningsmaður fyrir því, að það skuli teljast útþensla í ríkisrekstrinum að borga lögboðna styrki og lögboðin gjöld. Það er ekki rétt að brennimerkja slíkar upphæðir sem útþenslu á ríkisrekstrinum. Eins og hv. form. fjvn. viðurkenndi, hefur verið lögð sérstaklega mikil vinna í að gefa sem beztar skýringar við hverja gr. frv. Og ég held, að jafnvel það sé engu síður nauðsynlegt en hitt atriðið, sem hinir hv. nm. töldu eina sáluhjálparatriðið, að leggja fram skrá um starfsmennina, þó að hvort tveggja sé gott, ef þeir menn fjalla um málið, sem með kunna að fara. Þessar skýringar, sem lögð var vinna í að semja við hverja gr., voru ætlaðar til þess að létta starf hv. fjvn. og til þess að hv. alþm. ættu hægara með að átta sig á þeim breyt. og breytingum, sem fyrir liggja. Hv. fjvn. hefur gert áætlun um 6 millj. kr. lækkun á útgjöldunum. En hún telur þensluna nema um 20 millj. kr. Þó leggur hún ekki til nema 6 millj. kr. lækkun. Hitt er annað mál, að þessar 20 millj. eru ekki 20 millj., heldur í hæsta lagi 15 millj. kr. Þegar hv. fjvn. situr við verk sitt af dugnaði og karlmennsku, þá lækkar hún gjöldin bara um 6 millj. Viðurkennir hún með því, að hitt, það sem eftir er, vilji hún eigi gera tillögur um til lækkunar. Ég vil ekki segja það, sem einhverjum kynni að koma til hugar, að lækkunartill. n. væru út í hött. Það eru eigi mín orð. Hitt er vitað, að lækkunartill., á hvaða gr. sem er, eiga því aðeins fullan rétt á sér, að hægt sé að sýna fram á, að þær séu ekki til svo mikils baga, að störfin verði að minnka, svo að eigi sé unnt að inna af höndum lögboðin verk.

Ég hef þá leitazt við að sýna nokkuð fram á, að þessi fullyrðing hv. fjvn. — eða meiri hl. hennar — um 20 millj. er eigi svo vafalaus, að ekki beri að taka henni með varúð. Hún er undirlögð sanngjarna gagnrýni, eins og ég hef leitazt við að viðhafa hér. Mun nú koma fram í umr. um málið, bæði hversu till. n. til hækkunar og lækkunar á gjöldum, sem og einstakra hv. þm., eiga mikinn rétt á sér. Ég mundi óska þess, að hægt væri að aðhyllast lækkunartillögur n., þær er hér liggja fyrir. Aðeins vildi ég gera fyrirvara um það, ef einhver till. rekst á raunveruleikann, þannig að hún sé óframkvæmanleg. En með óframkvæmanlegri till. á ég við það, sem hindrar lögboðin störf vegna skorts á fé. Vil ég gera fyrirvara um slíkar sparnaðartillögur. En það er eigi á mínu færi að dæma um þær allar. En ég vona, að hv. fjvn. hafi fullt eins góð og öllu betri rök fyrir lækkunartill. sínum heldur en fyrir staðhæfingunni um 20 millj. kr. rekstrarútþensluna.

Hv. frsm. fjvn. sagði, að fjmrh. vildi draga úr verklegum framkvæmdum allt að 12 millj. kr., án þess að dregið yrði um leið úr öðrum tilkostnaði við rekstur ríkisins. Fjmrn. lagði til talsverðan niðurskurð. Um það má deila, hvort rétt sé að gera það. En varðandi ráðh. er það eigi rétt, að hann hafi ekki viljað draga úr öðrum kostnaði, því að við vinnuna að samningu frv. kom það aftur til hans kasta að leggja til lækkun á gjöldum og stundum hækk-

un, svo að ásökun hv. form. fjvn. er ekki réttmæt. Meiri hl. n. hefur nú gert bragarbót, séð frá bæjardyrum hv. nm., og bætt fyrir þær yfirsjónir, sem fjmrh. hefur í frammi haft. Á ég þar við till. n. til hækkunar á vegafé, hafnafé og samgöngufé. Einhver sagði um mig í blaðagrein, að ég hefði lítið vit á samgöngum í sveit. Ég játa, að mitt vit er þar ekki stórt. En ég þykist vita, að vegirnir verði að vera sem beztir og sem víðast. Hins vegar veit ég, að til þess að rísa undir hinum miklu og fjárfreku vegaframkvæmdum þarf fé. Og þegar á Alþ. kemur, þarf einnig að leita tekna á móti. Því er það, að dytti einhverjum í hug, að niðurskurðurinn í rn. væri fyrir óvit úr ráðh., þá er eigi því til að dreifa. Hefði ég lagt til, að þessi framlög væru hærri, ef ég hefði álitið, að með því móti væri kleift að ná saman báðum endum á frv. Vegaféð snertir vitanlega alla borgara landsins, en kröfurnar eru sterkastar úr sveitum og byggðum. Þeir, sem athuga fjárlagafrv. og sjá, að gert er ráð fyrir litlum framkvæmdum, ættu að íhuga, að frv. fól í sér 4 millj. kr. hækkun á gjöldum til landbúnaðarmála. Var þetta alveg óhjákvæmilegt sökum lögfestra samþykkta Alþ., sem eigi var hægt að ganga fram hjá eða dirfast að einskisvirða. Ef því í þessu frv. hefði ekki þurft að auka framlögin um þessar 4 millj. kr. á þessu sviði, þá hefði mátt bæta þeim við vegaféð og ná því á þann hátt inn, er ganga á til nýrra vega. Hv. fjvn. hefur að sjálfsögðu fundið ríka tilhneigingu hjá sér til að bæta við féð til samgöngumála. Allt þetta snertir samgöngumál: vegagerðir, brúagerðir og hafnagerðir. Skal eigi vefengt, að allt þetta fé megi nota og nota vel. En ein tegund samgangna hefur orðið dálítið út undan og það eru flugsamgöngurnar. Þar hefur nefndin minnkað gjöldin frá því, sem í frv. er, jafnvel varðandi framlög til flugvallargerða. Er komin fram till. um að skera þau niður um ½ millj. kr. En hér er um mikilvægar samgöngur að ræða. Og mér þykir það skjóta nokkuð skökku við, þegar þessi yngsta grein íslenzkra samgangna, sem allir hljóta þó að viðurkenna, að er á frumstigi sínu hjá þjóðinni, svo að vissulega þarf átaka við, er sett út í horn. Um leið og n. hækkar vega-, brúa- og hafnafé, þá er klippt ½ millj. kr. af till. ráðh. til aukins öryggis í flugmálum. Ég hef séð birtar í blöðunum tölur um tugi þús. manna, sem flugfélögin hafa flutt. Ég kann ekki tölurnar utan bókar, en hér eru áreiðanlega tugir þúsunda. Þetta sýnir, að fólkið notar flugið. Flugvellirnir eru þó ákaflega víða í bágbornu ástandi, og er það jafnvel víða svo, að óverjandi væri talið að senda flugvélar, hlaðnar farþegum, á slíka lendingarstaði. Flugmálastjórnin vinnur að þessu og á að sækja fé til þess til hins opinbera. Til er það hér á landi, að þessar stjórnir samgöngumálanna og annarra hafa talsvert „frítt spil", hvernig þær verja peningum sínum og tekjum, t. d. póst- og símamálastj., sem ver oft milljónum króna, án þess að þ. sé spurt. Hv. frsm. fjvn. hefur upplýst, að farþegaflutningastj. hefur tekið lánsfé, án þess að Alþ. hafi verið spurt eða fjmrh. Þannig mætti lengi rekja. Allt ætti þetta að ganga allt aðra leið: í gegnum fjárl. Ég hef orðið var við, að í flugmálunum örlar á þeirri ósk, að tekjur flugmálanna renni til umbóta án beinna fjárveitinga. Ég hef barizt á móti þessu, því að það er misráðið. Allt það fé, sem varið er til opinberra framkvæmda, á að vera háð fjárveitingarvaldi Alþ. En um leið og ég lýsi mig fylgjandi þessari stefnu, þá vil ég segja, að ég álít nauðsynlegt að gæta þess, þar sem nauðsynin er mest, að skera fjárlögin eigi blint við nögl sér og alls ekki þar á samgöngusviðinu, sem slysahættan er einna geigvænlegust. Það, sem ég hef sagt um þetta mál, og gagnrýni mín á aðgerðum hv. fjvn. táknar ekki það, að ég sé mótfallinn sparnaðarviðleitni n. En ég verð að láta í ljós álit mitt á tilþrifum n., og ég tek niðurskurðinn á gjöldum til flugvallargerða sem dæmi um, að n. hafi þarna gætt minna en skyldi þeirrar greinar samgangnanna, sem við ríkjandi aðstæður þarf mestra aðgerða við.

Hv. frsm. n. minntist á það, að þörf væri lagabreytinga vegna kostnaðar við framkvæmd orlofsl. Ég er samdóma honum í því og vona, að hv. fjvn. takist að fá viðkomandi ráðh. til að taka till. sínar til greina. Er ekki á valdi fjmrh. að skerast þar í leikinn. Kostnaðurinn verður að minnka að mínu áliti, og fáist það eigi öðruvísi, þá með breyttu fyrirkomulagi. Hv. þm. minntist og á Atvinnudeild háskólans og sagði, að sumir starfsmennirnir ynnu eigi fyrir mat sínum, aðrir ynnu á fullum launum einhvers staðar úti í bæ. N. verður að beina þessu til rétts aðila. Vil ég mælast til, að hæstv. landbrh. taki ástandið til athugunar.

Ég vil segja hæstv. forseta, ef ég mætti trufla hann, að ég er í rauninni alls ekki búinn. *(Forseti:* Ef hæstv. ráðh. á eitthvað eftir, þá væri bezt að fresta því, sem eftir er.) Já, ég er því samþykkur. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 25. marz, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 54, n. 461, 470 og 472, 460, 468, 479, 481, 488, 494).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 494. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson) [Frh.]: Herra forseti. Ég gat þess, út af þeim ádeilum, sem hv. form. fjvn. kom fram með viðkomandi ónauðsynlegu mannahaldi í Atvinnudeild háskólans, og út af því, að sumir, sem þar ynnu, virtust vera annars staðar á launum og jafnvel vinna fyrir fullum launum annars staðar, að ég mundi beina því til hæstv. landbrh. að svara þeim aths., því að vitaskuld á sá hæstv. ráðh. að svara fyrir sína stjórnardeild. Það er eðlilegt, að hv. fjvn. geri aths. sem slíkar. Og þessi ábending mín var sízt til þess að vera á móti þessari gagnrýni, heldur beindi ég henni til réttra aðila. Sama má segja um þá gagnrýni, sem hv. form. fjvn. kom með varðandi bílareksturinn og ferðalög póst- og símamála-

stjórnarinnar, sem og þær lántökur, sem hann minntist á, að sú stofnun hefði tekið. Ég sagði í því sambandi, að þar yrði sá ráðherra, sem hefur með samgöngumál að gera, að gefa skýringar, því að hvorki væru ákvarðanir um þessar ferðir teknar af fjmrn. né heldur hefðu neinar þær lántökur, sem átt hefðu sér stað og hv. form. fjvn. minntist þá á, farið fram á neinn hátt í samráði við fjmrn. eða fjmrh. — Það er vitanlega rétt hjá hv. form. fjvn., að það er nauðsyn á meira eftirliti og raunhæfara eftirliti frá ríkisins hálfu gagnvart ýmsum þeim rafvirkjunum, sem ríkið ber ábyrgð á, heldur en enn hefur verið kostur á að hafa með höndum. Og sérstaklega er nauðsyn á, að árangur af slíku eftirliti komi fram í því að hjálpa til eða benda á leiðir til þess, að þessar rafveitur beri sig betur en þær nú gera. Og þetta á í raun og veru ekki eingöngu við um rafveitur, heldur og ýmislegt annað, sem reist er með ríkisábyrgð, en ríkið hefur á hinn bóginn harla lítil tök á að skipta sér af. Ábyrgðir ríkissjóðs nema stórkostlegum fjárfúlgum, eins og kunnugt er. Alþ. hefur verið mjög örlátt í því að veita ábyrgðir. En hitt er líka farið að koma í ljós, að ríkið er farið að verða fyrir alvarlegum skellum af þessum ábyrgðum. Mér þykir hlýða í því sambandi að gefa þær upplýsingar, að eftir því sem ég hef fengið upplýst hjá ríkisbókhaldinu nú síðustu dagana, þá hafa greiðslur fallið á ríkið vegna ábyrgða, sem Alþ. hefur heimilað — þ. e. þær greiðslur, sem ríkissjóður hefur orðið að inna af hendi samkv. þessu, nema nú 13600000 kr. rúmlega. Og þessar greiðslur eru náttúrlega eitt af því, sem hleðst á bak ríkissjóðs sem skuld hjá Landsbankanum. Þar er náttúrlega langstærsti liðurinn Síldarverksmiðjur ríkisins. Það er kannske rétt, að ég geri grein fyrir því, hvernig þessar meira en 13 millj. kr. ábyrgðir ríkissjóðs greinast. Ríkið hefur greitt vegna ábyrgða sem hér segir:

Andakílsárvirkjun, Borgarfirði	kr.	380025.00
Barnaskólalán Neskaupstaðar	—	38000.00
Búðanes h. f., Stykkishólmi	—	251250.00
Búðahreppur, Fáskrúðsfirði	—	29000.00
Dalvíkurhr., Eyjafjarðarsýslu, hafnargerð	—	34500.25
Flateyjarhreppur, S-Þing.	—	19494.27
Húsavíkurhreppur, höfnin	—	231645.80
Hofshreppur, Skagafjarðarsýslu	—	23910.01
Ísafjarðarkaupst., hafnargerð	—	39448,40
Landshöfn í Keflavík, Njarðvík	—	92825.00
Ólafsvíkurhreppur	—	64.91
Stykkishólmur, rafv. og vatnsv.	—	98137.08
Síldarútvegslán, 1948	—	625627.75
Siglufjarðarkaupstaður, Skeiðsfossvirkjun	—	1917665.65
Siglufjarðarkaupstaður, Rauðka, verksm.	—	101340.00
Samvinnubyggingarfél. Ólafsv.	—	95909.90
Skagastrandarhöfn	—	584144.65
Sauðárkrókshreppur	—	5203.52
Stokkseyrarhreppur	—	31431.69
Síldarverksmiðjur ríkisins	—	8928965.44
Tunnuverksm. s. f., Siglufirði	—	51941.26
Vélbátatryggingarfélög	—	35000.00
Vestmannaeyjakaupstaður	—	18800.00
	Kr.	13634330.58

Þar að auki hefur ríkið orðið að greiða ýmislegt, sem líka mun hafa bætzt við yfirdráttarskuld ríkisins við Landsbankann, og skal ég, af því að það er ekki svo langur listi, upplýsa hér, hvað það er, sem er raunverulega óviðkomandi rekstri ríkisins, en hefur fallið á ríkið að greiða.

Vegna smíði innlendu bátanna	kr.	10137500
Bátakaup, Svíþjóðarbátar	—	1324000
Ferðaskrifstofa ríkisins	—	146000
Höfðakaupst., Skagaströnd	—	1825000
Lýsisherzluverksmiðja	—	589700
Landssmiðjan, víxill frá '44	—	682000
Niðursuðuverksmiðja	—	92800
Síldarútvegsnefnd	—	415300
Tunnuverksmiðjan, Siglufirði	—	1458800
Sævar ex., gamli Þór	—	440000
Þjóðhátiðarnefnd	—	134000
Hreinsun Hvalfjarðar	—	250000
Flatey, Breiðafirði, hafnargerð	—	35000
Lán til síldarútvegsmanna, 1945	—	3700000
Lán til —— 1947	—	5000000
Stofnlán v/ vanskilagr. togara og báta	—	3061000
	Kr.	29291100

Um síðasta liðinn er það að segja, að Landsbankinn hefur skuldað ríkissjóði fyrir vangreiddum stofnlánum togara og báta. En það eru náttúrlega meiri skuldir, sem eru þar í óreiðu, en vegna þeirra skuldaskilalaga, sem gerð voru hér í vetur, hefur ekki enn sem komið er verið dembt yfir ríkissjóðinn meiru af stofnlánaskuldum slíkra báta.

Í sambandi við það að öðru leyti, sem hv. form. fjvn. sagði um nauðsynina á eftirliti, sérstaklega með rafveitum, get ég upplýst, að fjmrn. er nú í samvinnu við félmrn. að hefja aðgerðir í því efni að ná fastara eftirliti af ríkisins hálfu með rafveitum, sem lenda í vanskilum. Það nær t. d. ekki nokkurri átt, að ríkið hafi enga íhlutun um söluverð á rafmagni hjá rafveitum, sem lenda í svo miklum vanskilum, að skuldagreiðslur falla á ríkissjóð þeirra vegna. En enn sem komið er sé ég ekki, að hægt sé að skipta sér af því á þann hátt, sem þarf að vera, þ. e. a. s. að ríkisvaldið eða þess fulltrúar hjá rafmagnseftirlitinu eða annars staðar geti hlutazt til um, að hæfilegt verð verði sett á rafmagnið undir slíkum kringumstæðum.

Ég minntist á það í sambandi við flugmálin og vil taka það skýrt fram, að það má ekki misskilja þá gagnrýni, sem ég hafði við hv. fjvn. út af þeim eina pósti, einnig, að ég legg ist á móti sparnaðartill. eða lækkunartill. hv. fjvn. yfirleitt. Það er sérstaklega þessi eina till., sem ég gagnrýndi. En ég minntist á það í sam-

bandi við þá till., að ég teldi það líka hættulegt að nema um of við neglur sér framlag frá Alþ. til slíkra mála vegna þeirra tilhneiginga, sem gera vart við sig hjá ýmsum opinberum stofnunum, sem hafa þannig lagaðan rekstur og einhverjar sterkar tilhneigingar til að fara með reksturinn eins og part af sínum eigin fjármálum, og ég tók það fram, að ég áliti það óheimilt. Þetta fer fram algerlega fyrir utan fjmrn., sem eftir öllum venjulegum hætti á að hafa slíkt eftirlit með höndum. Ég get t. d. nefnt það, að það mun hafa verið samþ. á þinginu 1946, að ríkinu væri heimilt að ábyrgjast fyrir Landssímann 12 millj. kr. lán, og þegar kom fram á árið 1947, var leitazt við að fá þetta lán. Það fór ekki fram fyrir milligöngu fjmrn., og mér er sagt af Landsbankanum, að það hafi verið fallizt á að lána 6 millj. kr. af þessu fé. Póst- og símamálastjórnin hefur aðra sögu af þessu að segja, en landsbankastjórnin segir annað. Ég tek þetta dæmi vegna sérstakra óþæginda, sem fjmrh. varð fyrir síðar meir út af því, hvernig með þetta mál var farið. Þrátt fyrir það að þessi lánsheimild væri ekki notuð eins og til stóð, það fékkst aðeins helmingur af fénu, þá virðist póst- og símamálastjórnin hafa framkvæmt þau verk, sem fyrir hendi lágu, eða brúkað féð, og að sjálfsögðu með samþykki síns yfirmanns. Það kom sem sagt í ljós, þegar kom fram á árið 1948, að ekki höfðu verið brúkaðar 6 millj. kr., heldur 12 millj., og mikið af því fé hafði gengið í gegnum póst- og símamálastjórnina sem innheimtir tollar. Sá háttur hefur verið á frá fornu fari, að póstinum hefur verið skylt að innheimta tolla, sem náttúrlega er talsverð upphæð. Nú var um þetta leyti ríkið sjálft komið í yfirdrátt hjá Landsbankanum, svo að raunverulega varð það svo, að þessar 6 millj. kr., sem pósturinn hafði notað fram yfir það, sem lán hafði fengizt til, hlóðust beint og óbeint á ríkissjóð, beint með því, að bankinn varð að fá fé úr ríkissjóði fyrir verk, sem búið var að vinna, og kostnað, sem hann hafði bakað sér, og óbeinlínis á þann hátt, að ríkið fékk ekki í sínar hendur tolltekjur, sem það hefði átt að fá, vegna þess að póst- og símamálastjórnin var búin að brúka þær í þessar framkvæmdir. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að framkvæmdirnar voru heimilaðar af Alþ. Við þetta óx svo yfirdráttur ríkisins hjá Landsbankanum, og ég sætti gagnrýni fyrir það, að ríkisframkvæmd hafði farið krókaleið til að ná láni úr Landsbankanum til þessara framkvæmda, sem Landsbankinn hafði verið búinn að neita um, þ. e. a. s. þessar síðari 6 millj. Allar þessar aðgerðir fóru fram án þess, að rn. sem slíkt hefði nokkuð fengið um það að vita fyrr en þetta allt var um garð gengið, þrátt fyrir að verkið var unnið, a. m. k. var peningunum eytt. Þetta sýnir það, hvað kerfið, sem unnið er eftir í þessum efnum, er farið að verða úrelt með þeim vinnubrögðum, sem við eru höfð. Vinnubrögðin kunna að vera þau sömu, sem hafa tíðkazt frá öndverðu, meðan ráðh. höfðu gleggri yfirsjón yfir þessi mál og stofnanirnar voru færri og upphæðirnar smærri og allt viðráðanlegra, — þetta kann að hafa verið þolandi þá, en óþolandi nú. Og það er ekki hvað sízt þess vegna, að ríkisstj. hefur lagt fram í Ed. frv. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana, sem þar er enn og bíður eftir þriðju afgreiðslu. Þessa eftirlits er orðin brýn þörf, ekki sízt þegar þess er gætt, hve mikið af fjármálum ríkisins fer í gegnum stofnanir, sem heyra undir hin ýmsu rn. og líta á sig sem nokkurs konar sjálfseignarstofnanir, sem geti farið sínu fram án þess að bera sig saman við a. m. k. fjmrn., þó að þær kunni að bera sig saman við þá ráðh., sem er falið að hafa umsjón með þeim.

Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm., að það hafði mjög komizt á orð, enda var það till. frá sparnaðarnefnd, að slíta úr tengslum viðtækjaverzlunina og ríkisútvarpið, þannig að tekjur viðtækjaverzlunarinnar rynnu hér eftir í ríkissjóð, en ekki til ríkisútvarpsins. Eins og allir vita, þá var það gert á sínum tíma, meðan ríkisútvarpið hafði úr litlu að spila, að láta það njóta þessa styrks frá viðtækjaverzlun ríkisins, síðan hefur margt breytzt og þar á meðal það, að tekjustofnar ríkisútvarpsins eru orðnir miklu meiri en áður var. Af auglýsingum og því um líku fær útvarpið ákaflega miklar tekjur, og sparnaðarnefnd leit þannig á, að það væri í rauninni óþarft að láta ríkisútvarpið hafa áframhaldandi tekjur af viðtækjaverzluninni, og ég er sömu skoðunar, og ég heyrði, að hv. form. fjvn. er sömu skoðunar. En hverjir eru þá það í fjvn., sem heldur kjósa að láta útvarpið halda þessum tekjustofni, sem því vissulega er óþarfur, ef rekstur þess er rekinn af nokkurri hagkvæmni, vilja heldur halda þessu fyrirkomulagi en að láta ríkissjóð fá þessar tekjur og þar með slaka eitthvað á þeim kröfum, sem annars þarf að gera til skattgreiðendanna og tollgreiðendanna í landi hér? Það væri æskilegt að heyra hér fyrir opnum tjöldum rök þeirra fjvn.-manna, sem ekki geta fallizt á þessa tilhögun, sem er hvort tveggja í senn, að hún eykur tekjur ríkissjóðs og skaðar útvarpið, ef rétt er með farið, á engan hátt.

Hv. frsm. minntist meðal annars á 18. gr. og taldi hana mjög gallaða. og ég skal alls ekki fullyrða neitt um það, að hún þurfi ekki talsverðrar lagfæringar við. Af rn. hálfu var að okkar dómi litið inn á hana tekið að þessu þessu sinni annað en það, sem sjálfsagt og skylt þótti, og hv. frsm. minntist þar á einn einasta mann, fyrrverandi skipherra á Ægi, sem fyrir tilhlutun fjmrn. var settur á 18. gr. nú, þangað til sá tími er kominn, að hann getur fengið lögboðna lífeyrissjóðsgreiðslu. Það má vel vera, að þetta hafi verið helzt til góð gerð og það hafi verið vel á valdi n. að gera þar breyt., en ég taldi mér sérstaka skyldu til að sjá til þess, að þessi maður, sem er sagður frá starfi, væri ekki skilinn eftir gersamlega án aðhlynningar þennan tíma, þangað til hann fær sína lögboðnu lífeyrissjóðsgreiðslu. Nafn þessa manns hefur verið nefnt áður af hv. frsm. fjvn., þ. e. Jóhann P. Jónsson skipstjóri, sem flestir landsmenn munu þekkja að góðu. Að

öðru leyti, varðandi þessar misfellur á 18. gr., sem hv. form. taldi yfirleitt miklar, þá hefði ég vel þegið það, að n. sé ekki að láta sitja við aðfinningar einar út í bláinn, heldur taki að sér endurskoðun á gr., eins og ég veit, að hefur stundum áður fram farið í fjvn. gagnger endurskoðun á 18. gr., og það hefði alls ekki verið sakazt um það af minni hálfu, þótt slíkt væri gert, og þó að n. hafi þessa mánuði, sem málið var hjá henni, ekki gert það, þá er enn tími til stefnu, og ég vil beina því til hv. fjvn., að hún geri till. og lagfæringar á þeim misfellum, sem lýst var af hv. form., að væru á þessari gr. Þetta er eitt af þeim störfum, sem liggur í hlutarins eðli, að er verkefni fjvn., því að allir vita, að frv., eins og það er útbúið, er rn. enginn ómissanlegur kjörgripur, sem ekki má breyta, enda sannast sagna, að menn eru fúsir til að gera breyt. við þetta frv., eins og rétt er, og á hvers þm. valdi að gera slíkar till.

Hv. 8. landsk. var að benda á einhvern geipilegan mismun á fjárl. ársins 1946 og fjárlfrv., eins og það nú liggur fyrir, og mér skildist með brtt. fjvn. Vissulega ber þarna margt á milli. En ég vil í því sambandi benda á nokkrar staðreyndir, sem hv. 8. landsk. þm. hirti ekki um að fara út í. Í fyrsta lagi er geipilegur munur á fjárl. fyrir árið 1946, eins og þingið afgreiddi þau, og útkomu ársins 1946, því að útgjöldin reyndust 43 millj. kr. meiri en áætlað var og sakaði ekki mjög þá, því að á árinu 1946 voru tekjurnar mun drýgri en búizt var við. Útgjöldin, sem höfðu verið áætluð 127 millj. kr., reyndust 170 millj. kr. Að öðru leyti vildi ég gera nokkurn samanburð, hvað hina einstöku liði snertir, til skilningsauka fyrir hv. 8. landsk. þm. Á fjárl. 1946 voru vextir áætlaðir 1,1 millj. kr., en 1949 eru vextir áætlaðir 7,3 millj. kr. Kostnaður við æðstu stjórn landsins var á fjárl. 1946 áætlaður 300 þús. kr., en í fjárlfrv. núverandi stjórnar 352 þús. kr. Alþingiskostnaður var í fjárl. 1946 áætlaður 1½ millj. kr., en í frv. því, sem hér liggur fyrir, 2.3 millj. kr., 800 þús. kr. mismunur. Stjórnarráðið í fjárl. 1946 3.6 millj. kr., en 1949 5.4 millj. kr. Dómgæzla í fjárl. 1946 12.6 millj. kr., en 1949 19.3 millj. kr. Heilbrigðismál, fjárl. 1946 10.3 millj. kr., en í fjárl. 1949 13.4 millj. kr. Samgöngumál, fjárl. 1946 31.7 millj. kr., en í fjárl. 1949 29.2 millj. kr. Kirkju- og kennslumál, fjárl. 1946 24.8 millj. kr., fjárl. 1949 31.8 millj. kr. Til bókmennta, lista og vísinda, 1946 5.1 millj. kr., fjárl. 1946 6.2 millj. kr. Atvinnumál, fjárl. 1946 12.4 millj. kr., fjárl. 1949 26.6 millj. kr. Félagsmál, fjárl. 1946 7.4 millj. kr., fjárl. 1949 26.2 millj. kr. Eftirlaun, fjárl. 1946 3.7 millj. kr., fjárl. 1949 5.8 millj. Óviss útgjöld, fjárl. 1946 12.5 millj., fjárl. 1949 39.5 millj. kr. Sé svo tekið tillit til þeirrar hækkunar, sem nú liggur fyrir samkvæmt till. n., þá vaxa útgjöldin, og þá aðallega vegna dýrtíðarráðstafana, 43 millj. kr., og samkv. till. n. vegir og brýr um 7 millj. kr. Mismunurinn er vitanlega allmikill. En stærsti liðurinn í þessum mismun er þannig til orðinn, að það er hvorki á valdi þessarar né annarrar ríkisstj. að skera þar niður af sjálfsdáðum. Stærstu liðirnir eru til orðnir samkvæmt nýjum samþykktum þingsins. T. d. eru vextirnir, sem hafa vaxið um 6.1 millj. kr., blátt áfram afleiðing af lántökum, sem þingið hefur ráðizt í, og allir vita, að ríkisstj. ein ræðst ekki í lántökur án heimildar þingsins, og efast ég ekki um, að allir hv. þm. álíti þessar lántökur nauðsynlegar, t. d. lántökur til að rétta útvegsmönnum hjálparhönd út af síldarbresti hvað eftir annað. Þær hafa vissulega átt frá sjónarmiði Alþ. rétt á sér, annars hefðu þær ekki verið samþykktar. Dómgæzla í landinu hefur vaxið um 6.6 millj. kr. á þessu tímabili, miðað við það, sem áætlað var 1946, en sá kostnaður reyndist meiri en áætlaður var, svo að sá liður hefur raunverulega ekki vaxið um 6 millj. kr. Kirkju- og kennslumál hafa vaxið á þessu tímabili, miðað við fjárlagaáætlunina, um 7 millj. kr. Þó hefur sá kostnaður vaxið miklu meira líka samkvæmt nýrri löggjöf um þetta efni, sem, eins og kunnugt er, er ákaflega kostnaðarsöm. Þá eru atvinnumálin. Hækkunin á þeim er á fleiri en einum lið, og mun það mest vera til ýmiss konar aukins styrks við landbúnaðinn, og munu a. m. k. landbúnaðarmenn hér á Alþ. tæplega telja það eftir. Félagsmálin, aukningin á þeim er einna mest, það er tryggingalöggjöfin, sem þar veldur straumhvörfum, vöxturinn er, miðað við frv. 1946 og frv. 1949, 18.7 millj. kr. Mestu skiptir þó í þessum efnum dýrtíðarútgjöldin, sem voru áætluð 1946 ekki nema 12,5 millj. kr., en við vitum, að þótt í frv. nú sé ekki gert ráð fyrir nema 33 millj. kr., þá er fjvn. á því, og ég vil ekki vefengja hennar álit, að samkvæmt þeirri löggjöf, sem nú hefur verið staðfest um fiskábyrgð o. fl., þá muni í þetta fara einar 75 millj. kr. á þessu ári. Mér þótti rétt að draga fram þessa liði, vegna þess að það er gagnrýni, sem er ekki annað en óhróður, þegar menn aðeins nefna svona tölur frá ári til árs, eins og hv. 8. landsk. gerði, án þess að taka tillit til þeirrar aðstöðu, sem hækkunin hefur valdið, en telja þetta og tíunda aðeins í því skyni að sýna fram á óreiðu hjá öðrum en þeim sjálfum. Hver skyldi efast um, að hv. 8. landsk. þm. hafi verið með í flestu því, sem hér hefur valdið mestum hækkunum, og ég vil segja hans flokkur? Ætli hann hafi verið á móti fræðslulöggjöfinni, tryggingalöggjöfinni, eða ætli hann hafi verið á móti fiskábyrgðarl. eða niðurgreiðslum til bænda o. s. frv.? Ég þarf ekki að bíða eftir svari hv. þm., ég veit, að hann hefur verið með þessum hækkunum og mörgum fleiri hækkunum, sem engum öðrum þm. hefur dottið í hug að ljá sitt lið.

Það var rétt hjá hv. frsm. fjvn., að þegar ég afhenti frv. til hæstv. Alþ. á sínum tíma, þá var ekki ætlað til dýrtíðarráðstafana nema 33 millj. kr. Og það er líka rétt, að ég benti þá á það, að það þyrfti að athuga það grandgæfilega, hvort ekki væri unnt varðandi fiskábyrgð að fara aðra leið í þeim málum en að borga beint úr ríkissjóði, og sagðist ég mundu hafa áhrif á það, að það yrði nákvæmlega tekið til at-

hugunar. Það var líka gert af ýmsum. Og eins og hv. frsm. fjvn. er kunnugt, var ekki nema að litlu leyti og reyndar að engu leyti farið inn á þetta, sem varpað var fram, sem átti upptök sín hjá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, hversu bæta skyldi fiskinn. Dýrtíðarlöggjöfin frá því um áramótin s. l. markaði ekki spor í þessu efni, sem var geðfellt af öllum og ég vil segja var geðfellt af fæstum að stiga. En ég þarf ekki að rekja þá sögu og aðdragandann að því, að útgerðarmenn stóðu hér bæði gagnvart ríkisstj. og jafnvel Alþ. með fyrirheit um það, að bátaflotinn hreyfði sig ekki, nema eitthvað væri bættur þeirra hagur og voru kröfur þeirra enda róttækari en það, sem fært var að fara inn á. Afleiðingin er svo sú, að þegar hv. fjvn. leggur sitt nál. og brtt. fyrir hæstv. Alþ., er það ljóst, að það þarf auknar tekjur, um eða yfir 30 millj. kr. — nema tilsvarandi niðurskurður á frv. eigi sér stað á öðrum liðum — til þess að báðir endar geti mætzt og fjárlagafrv. verði skilað með sama hætti af hálfu hæstv. Alþ. eins og af hálfu fjmrh. Því var skilað í hendur Alþ. á sínum tíma, sem sagt svo að segja greiðsluhallalausu. Hvaða leið sem farin kynni að verða í þessu efni, þá álít ég, að stefnunni beri að halda, það sé næsta brýn þörf fyrir hæstv. Alþ. að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus. Boginn er orðinn það hátt spenntur, tekjuvonir hjá ríkissjóði það veiktar á ýmsum sviðum af ástæðum, sem ekki þarf hér að gera að umtalsefni, að Alþ. ber nú hin ríkasta skylda til — oft hefur skyldan verið brýn fyrir Alþ. að skila af sér greiðsluhallalausum fjárlögum, en ég tel þó þessa nauðsyn enn þá brýnni nú en nokkurn tíma fyrri hefur verið, og það af ýmsum ástæðum, sumum hverjum þannig vöxnum, að þær hafa ekki legið fyrir áður við afgreiðslu fjárlaga. Það er sýnt, og er margt, sem um það ber vitni, að stríðsgróðahugarfar það eða peningaflóðshugarfar það, sem komst inn hjá þjóðinni á stríðsárunum, það hugarfar hefur ekki tekið eins æskilegum breytingum og maður hefði getað ætlað, svo langt sem liðið er síðan sú alda gekk hér yfir, og því miður langtum síðar en nauðsynlegt var, að hugarfarsástand þjóðarinnar í þessum efnum kæmist í eðlilegt og gott horf. Og ekki síður fyrir þetta er hæstv. Alþ. nauðsynlegt að halda fast þeirri stefnu, sem mörkuð var, þegar þetta frv. var lagt fram, að afgr. fjárlögin greiðsluhallalaus. Við höfum verið þess vottar á undanförnum mánuðum, hversu margt breytist og hversu margt er hvikult, sem við byggjum okkar þjóðarbúskap á og verðum að byggja hann á. Þetta frv. er samið á þeim tíma í haust, þegar margra vonir stóðu til þess, að ríkuleg Hvalfjarðarsíldveiði yrði, og þegar ekki var vitað, að óvenjuleg illviðri mundu hamla veiðum bátaflotans í miklu fleiri vikur en venja er framan af vertíðinni, og enn fremur þegar ekki var vitað, að stærstu framleiðslutæki þjóðarinnar yrðu, fyrir mistök mannanna og ég vil segja heimsku, látin hætta að starfa á bezta uppskerutíma flotans. Ég geri ráð fyrir því, að ef allt þetta hefði verið vitað á þeim tíma, þegar þetta frv. var samið, þá hefði þótt enn brýnni nauðsyn á því að höggva í ýmislegt, sem þar var fyrir hendi. En fyrir það, sem gert var í því efni að höggva niður kostnað á fjárl., hef ég að vísu litlar þakkir fengið. Og nú berst hv. fjvn. við það að rétta þá slagsíðu, sem henni þykir vera komin á frv. í þeim efnum. Gott og vel. En höfum það þá í huga, að allt, sem eytt er, verður að greiðast.

Það er ekkert glæsilegt að horfa á það t. d., að um leið og fjölgar hér nýjum og góðum strandferðaskipum, þá sé nauðsynlegt um leið að hækka þá upphæð, sem fer til að greiða öðrum skipum fyrir strandferðir viðs vegar við strendur landsins. Ég hafði gert mér í hugarlund, að hin nýju strandferðaskip mundu leysa það mál, þannig að flóabátastyrkir þyrftu ekki að vaxa. En ég sé, að það er annar háttur hér fyrir hendi þrátt fyrir þennan nýja og glæsilega skipastól. Það er heldur ekki sérlega ánægjulegt að horfa á það, að þrátt fyrir hin stórvirku tæki, sem hér eru nú til vinnslu, m. a. við vegavinnuna, þá skuli kostnaður við vegaviðhaldið hækka, ef ekki eftir því sem vélum fjölgar, þá a. m. k. þrátt fyrir það, að þessi stórvirka véltækni öll er tekin í notkun á þessu sviði. — Landbúnaðurinn hefur á undanförnum árum mjög bætt sinn vélakost og hyggur enn á umbætur í því efni, og má það eðlilegt heita. Engum bónda er láandi, þó að hann óski eftir því að létta störf sín með aukinni tækni, sem kallað er, ekki sízt þegar hagur bænda er góður og þeir hafa nægilegt fé til þess að kaupa sér slíkar vélar og tæknilega aðstöðu. En því miður bólar ekki á því, að hin aukna tækni landbúnaðarins hafi lækkandi áhrif á landbúnaðarvörurnar. Þær virðast haldast í fullu verði og jafnvel fara hækkandi, ef ekki vegna hinnar auknu tækni, þá a. m. k. þrátt fyrir hana. — Og um sjávarútveginn er það að segja, að það mikla átak, sem gert hefur verið til þess að auka veiðiskipaflotann og þá margvíslegu svo að segja vísindalegu tækni, sem hann hefur yfir að ráða og þjóðin hefur verið ötul að útvega, þá virðist samt sem áður ekki, svona yfirleitt, afkoman vera betri hjá sjávarútveginum en hún áður var, meðan þessi tækni var ekki eins fullkomin og ekki það stórfé í hann komið, sem nú hefur í hann komizt á síðustu árum. Allt þetta er venjulegum borgara þessa þjóðfélags undrunarefni, a. m. k. annað veifið. Og niðurstöðurnar af heilabrotum fólksins um þessa hluti kunna að vera margar. En það er a. m. k. eitt, sem er örugglega víst, að tæknin út af fyrir sig bætir ekki öll þjóðfélagsmeinin, ekki heldur í atvinnuháttum. Tækninni þarf að fylgja svo margt fleira, sem maður sjálfur leggur til, ef tæknin á að verða til þeirrar blessunar, sem hún getur orðið, þegar bezt lætur.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta eða hv. þm. með lengri ræðu að þessu sinni. En það alvarlega ástand, sem er í okkar þjóðfélagi hvað atvinnumálin snertir, er bæði mér sérstök hvöt og ég þykist viss um öllum hv.

þm. sérstök hvöt til þess að stuðla að því, að þessi fjárlagaafgreiðsla, sem nú nálgast sitt síðasta stig, fari sómasamlega úr hendi fyrir hinu háa Alþ.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég gat nú því miður, af óviðráðanlegum ástæðum, ekki verið viðstaddur hér, þegar hv. frsm. meiri hl. fjvn. flutti hér sína framsöguræðu fyrir fjárl., og heyrði ég þess vegna ekki hans mál. En bæði hefur mér verið tjáð og eins hef ég lesið það í blöðunum hér, að hann hafi sveigt þar mjög að stofnun, sem heyrir undir mitt ráðuneyti, og það á þann hátt, að ég vildi ekki láta hjá líða að fara um það nokkrum orðum. Ég hafði, eins og ég sagði, ekki tækifæri til þess að hlusta á hans ræðu, og vegna þess að það blað, sem birti þessa frétt, er ekki alla jafna sú ákjósanlegasta og ábyggilegasta heimild, þá fór ég nú til hv. frsm. meiri hl. fjvn. og óskaði eftir því að fá hjá honum það, sem hann hafði um þetta sagt. En hann færðist undan því og sagðist ekki hafa það við höndina, svo að ef eitthvað er öðruvísi sagt af mér samkv. þeim heimildum, sem ég hef í höndum, heldur en vera ber, er það því að kenna, að ég hef ekki getað séð eða heyrt það, sem hann sagði. Þennan fyrirvara vil ég hafa til skýringar því, að ég get ekki haft upp þau orð, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði um þetta efni. En eftir því sem þetta blað, sem fréttina birti, sagði frá, á þetta að hafa verið þann veg, að sú stofnun, sem heyrði undir mína stjórn, hafi gert það, sem í blaðinu er þannig orðað, að ríkisstj. hafi tekið í heimildarleysi á þriðju millj. kr. af orlofsfé verkamanna og hendi því sem vaxtalausu láni í sérleyfisbílarekstur. Þetta skilst mér nú, að sé aðalefnið í því, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði, hvort sem það var sagt með þessum orðum alveg eða ekki. Ég skil náttúrlega ekki til fulls samhengið í þessu hjá þessum hv. þm., hvað þetta kemur beint afgreiðslu fjárlaganna við. Og ef þetta hefur verið svona sagt, þá skil ég það svo sem hann sé að reyna að ná sér niðri á pólitískum andstæðingi, því að það er engu líkara. — En ég vil gera grein fyrir því, hvers vegna sérleyfisakstur ríkisins við fólksflutninga með bifreiðum var stofnaður, hvernig hann var rekinn og hvaðan hann hefur haft sína fjármuni frá upphafi. Þessi ríkisrekstur er ekki til kominn vegna þess, að þau stjórnarvöld, sem með völdin fóru í landinu, þegar hann var upp tekinn, hafi sérstaklega langað til þess að hefja hann, heldur gerðu þau það af illri nauðsyn, vegna þess að á þeim tíma fékkst enginn annar til þess að gera það. Þessi rekstur var ekki hafinn í tíð þeirrar ríkisstj., sem nú situr, og mér skilst, að það hafi ekki heldur verið í tíð þeirrar ríkisstj., sem var þar næst á undan, heldur í tíð þeirrar ríkisstj., sem var þar á undan, utanþingsstjórnarinnar, sem var við völd frá 1942 til 1944, enda voru um þetta leyti samþ. lög um skipulag fólksflutninga á landi, sem heimiluðu, að ríkisstj. í vissum tilfellum tæki upp þann rekstur, þegar henni fyndist tækifæri og ástæða til þess. Árið 1944 skeði það, að sérleyfishafar, sem þessi leyfi höfðu haft með höndum og ráku þessa flutninga, fengust ekki til þess að halda flutningunum áfram, og sjálfsagt vegna þess, að þeim hefur ekki fundizt það borga sig, eða af því, að þeir hafa ekki haft til þess tæki eða tækifæri, svo að á þeirri stundu, þegar sérleyfistímabilið var á enda, sem þá hafði um nokkurra ára skeið verið starfað eftir, fékkst enginn til þess að reka leyfið. Þá var póststjórninni falið að gera þetta á sinn reikning, en án þess að leggja henni nokkurt fé til rekstrarins. Og þannig hefur þetta verið síðan. Hún hefur haft rekstur þennan með höndum, án þess að henni hafi af Alþ. verið lagt til nokkurt fé sérstaklega til rekstrarins. Það liggur því í hlutarins eðli, að hún hefur orðið að taka það fé af sínum sjóði, sem hún hefur þurft til þess að kaupa fyrir nauðsynleg tæki o. þ. h. En að það fé sé orlofsfé verkamanna, er fjarri öllum sanni, því að orlofsfé verkamanna hefur verið borgað út skilvíslega öll þessi ár, sem póstsjóður hefur rekið þessar sérleyfisferðir, þó að stofnunin hafi fest í rekstrinum það fé, sem hún hefur gert. Póstsjóðurinn hefur ýmsar aðrar tekjur og hefur í sínum rekstri verulegt fjármagn, sem hann getur séð af í bili. Og þess vegna er ekki hægt að segja, að hann taki það fé frá neinu öðru, þó að hann hafi fest þarna í nokkra upphæð. Sagan endurtók sig svo tveim til þremur árum síðar, í ársbyrjun 1947, þegar enginn fékkst til þess að taka að sér helminginn af rekstri fólksflutninganna milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þá, nákvæmlega á sama hátt og fyrr hafði átt sér stað, varð ríkið að fela póststj. að hlaupa þar undir baggann, til þess að taka upp reksturinn, þegar aðrir fengust ekki til þess, ef þessi rekstur átti ekki að leggjast niður. Þó var það nokkuð á annan veg en í fyrra skiptið, vegna þess að þá var verulegur hluti þess fjár, sem þurfti til stofnkostnaðar, tekinn að láni, þó að það hafi ekki komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjvn., að þetta hafi ekki allt verið tekið úr póstsjóði. En þá var tekið lán til vagnakaupa og annarra nauðsynlegra útgjalda, um 2 millj. kr., svo að útgjöld póstsjóðs í því skyni urðu ákaflega smávægileg. — Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa áhuga fyrir því, en vegna þess að þessi sérleyfisbílarekstur hefur verið hafður á oddinum ákaflega mikið, bæði af einum og öðrum og jafnvel af þeim, sem staðið hafa fyrir því að koma honum á, svo undarlega sem það hljóðar, þá vildi ég gera nokkra grein fyrir því, hvernig þessi rekstur hefur borið sig frá upphafi og til þessa dags, vegna þess að það hefur nokkuð farið á milli mála og ekki alltaf verið notaðar þær tölur, sem réttar eru.

Á rekstri Norðurlandsferðanna var árið 1945 rekstrarafgangur 121600 kr. Árið 1946 var rekstrarafgangurinn á þeim leiðum 38967 kr. Árið 1947 var rekstrarreikningur þeirra ferða nokkurn veginn sléttur, og 1948 hefur orðið tap á þessum rekstri um 166335 kr., eða svipað eins og hagnaðurinn var samtals hin fyrri ár-

in, þegar hagur var af rekstrinum. Nú er þess að geta, að í þessum reikningi er ekki gert ráð fyrir afskriftum, og verður þess vegna að gera þær upp sérstaklega. En bein útgjöld og beinar tekjur hafa nokkurn veginn staðizt á, þegar ekki er tekið tillit til afskrifta. Hvað svo ber að reikna í hæfilegar afskriftir þessi ár, er kannske ekki víst, að mönnum komi alveg saman um. Eitt getur einum sýnzt í því efni og annað hinum. En ég hygg, að afkoman í þessu efni hafi á þessu tímabili ekki orðið miklu lakari en hjá ýmsum, sem hafa haft með þennan rekstur að gera í einkarekstri, vegna þess að samkvæmt þeim reikningum, sem þeir hafa sýnt, og skilgreiningu í sambandi við það, hefur afkoma rekstrar þeirra sumra hverra sízt gefið betri raun. En allan þennan tíma hefur verið reynt að halda niðri fargjöldunum, ekki aðeins á sérleyfisleiðum bílanna, heldur yfirleitt þar, sem ríkissjóður annast rekstur farartækja.

Á Hafnarfjarðarleiðinni var árið 1947 tap á rekstrinum 196 þús. kr., en hagnaður á árinu 1948 kr. 21849, einnig þetta án afskrifta. Ég skal geta þess út af þessu fyrra rekstrarári á Hafnarfjarðarsérleyfisferðunum, að þá varð póststjórnin fyrirvaralaust að taka að sér þennan rekstur, þ. e. a. s. það var aðeins með nokkurra daga fyrirvara, að sérleyfishafar sögðu þessu af sér. Póststjórnin varð því að kaupa gamla, óhentuga vagna til þess að byrja með. Og þeir kostuðu mikið viðhald, og varð að selja þá flesta, þó án verulegs taps. En þó varð reksturinn á fólksflutningunum þarna þetta fyrsta ár verulega óhagstæðari en ef reksturinn hefði verið undirbúinn á venjulegan hátt.

Ég tel þess vegna, eftir atvikum, að þessi rekstur allur frá upphafi sé á engan hátt þannig, að hv. fjvn. gæti fundið ástæðu til þess með sanngirni að fetta fingur út í hann, og sízt með þeim hætti, sem hv. frsm. fjvn. hefur sagt, ef rétt er haft eftir honum það, sem í blaðinu stendur. Ég tel, að þessi rekstur póststjórnarinnar á sérleyfisleiðinni milli Akraness og Akureyrar og milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sé sízt lakari hvað afkomu snertir heldur en við mætti búast, bæði eftir þeim reikningum, sem fyrir liggja um rekstur annarra á fólksflutningi með bifreiðum, og þegar hliðsjón er höfð af því, að enginn einstaklingur fékkst til þess að taka að sér reksturinn á þeim tíma, sem póststjórnin varð fyrirvaralaust að taka hann að sér, til þess að samgöngurnar féllu ekki niður. Ég skal geta þess, — án þess að ég ætli að láta neitt uppi um hug minn þar um að öðru leyti, — að það var ekki vegna þess, að það hafi verið um sérstakar þjóðnýtingartilraunir að ræða í þessu sambandi, heldur var það af illri nauðsyn, að út í þetta var farið af því opinbera.

Það er varla ástæða til að rifja upp 5 ára gamlar aðgerðir í sambandi við norðurleiðina. En af því að hitt er nýrra, væri kannske ástæða til að minnast á það, hvernig greitt hefur verið fyrir það, sem Hafnarfjarðarleiðin hefur eignazt af vögnum og áhöldum, sem allt er vitaskuld í lánum, þar sem ríkissjóður hefur ekki lagt neitt fram af mörkum sjálfur í þessu sambandi.... Af þessu hefur póstsjóður lagt fram um ⅕, en hitt hefur verið fengið að láni hjá viðskiptabönkunum. Að vísu er rétt, að hér er ógreiddur tollur til ríkisins 691 þús. af nýjum bílum, sem kemur til af því, að tollurinn er reiknaður sem af venjulegum fólksbifreiðum, en ekki eins og af sérleyfisbifreiðum, og eru nokkrar deilur um það, í hvorum flokknum þeir eigi að vera. Ef um bíla er að ræða, eru þeir settir í hærri flokk og þurfa að greiða 59%, en færast niður í 16%, ef um venjulegar sérleyfisbílagrindur er að ræða, eða úr 700 þús. kr. niður í 200 þús. Þetta er enn óuppgert og sett hér á reikninginn eins og það getur hæst orðið sem skuld við ríkið. — Ég hef nú gert grein fyrir, hvernig til þessa fyrirtækis var stofnað og hvernig það hefur aflað fjár allan tímann, sem það hefur starfað, án stuðnings úr ríkissjóði. Ég tel ekki ástæðu til að ætla að þetta hefði verið rekið betur, þó að það hefði verið falið einhverjum öðrum eða einstaklingum, því að þeir hafa rekið sambærilegar leiðir með ekki minna tapi, enda fengust engir einstaklingar til að reka þetta. Það leynir sér þó ekki, að tapið á norðurleiðinni er meira s. l. ár en ástæða væri til að ætla, og kemur það til af ýmsu og ég tel, að verði að athuga það. Í fyrsta lagi hafa flugferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar færzt í það horf, að engu líkist, sem við höfum áður þekkt, svo að brúttótekjur ferðanna hafa á einum mánuði lækkað um 120—130 þús. kr. En þeir, sem ráku ferðirnar, töldu skyldu sína að hafa jafnan nægan vagnkost, og voru vagnarnir bundnir, þegar ekki var hægt að fljúga. Það kemur því til álita, hvað gera skal. Það veldur nokkrum óþægindum, ef kaupa þarf farmiða deginum áður, en ef ekki verður hægt að lagfæra þetta öðruvísi, verður að grípa til þess. Í öðru lagi hafa vetrarferðirnar verið reknar með meiri krafti en í tíð einkarekstrarins til Húnavatnssýslu og Skagafjarðar og jafnvel alla leið til Akureyrar, og var þetta stundum mjög erfitt, og tóku sumar ferðirnar 2—3 daga, en rík áherzla var lögð á að halda þeim alltaf uppi. Og þá 10 daga, sem ekki var hægt að fara í vetur, ætlaði allt að springa yfir því, að ekki var farið. Þeir, sem að sérleyfisferðunum standa, hafa lagt allt kapp á að veita farþegum sem bezta þjónustu, nýja og góða vagna í stað hinna gömlu og úreltu, og reynt að halda uppi vetrarferðum og að greiða fyrir þeim mönnum, sem ætluðu með flugvélum, en komust ekki. Í nál. hv. meiri hl. fjvn. er að því vikið, að n. sé óskiljanlegt, hvernig þessi rekstur hefur verið rekinn. Ég verð að segja, að mér er ekki alveg ljóst, hvað í þessari yfirlýsingu felst. Reksturinn er hafinn á þann hátt, sem lýst hefur verið, og í neyðarástandi, þegar enginn annar fékkst til þess. Hann er hafinn án fjárveitingar á fjárl., og varð þá að taka úr sjóði rekanda eða fá lán, og hvort tveggja var gert, en að hér hafi verið tekið í óleyfi eða ófrjálsri hendi, eins og virtist koma fram hjá

hv. þm. Barð., kemur ekki til mála. Og ef einhvern lærdóm ætti að draga af yfirlýsingu hv. n., þá er það ekki annar en sá, að rn. fari fram á fjárveitingu til greiðslu á starfskostnaði þessum, og mun ég bera fram brtt. um það. Ég veit ekki, hvort það verður nú eða ekki fyrr en við 3. umr., en ég vona, að hv. þm. Barð. og aðrir hv. nm. veiti mér lið.

Það er annað atriði, ekki óskylt, að lesa á sama blaði, og er þar skýrt frá því af hv. form. fjvn., hv. þm. Barð., að n. hafi borizt bréf frá verkamanni, sem vinnur við að rífa bragga fyrir póststjórnina, þar sem bornar eru þungar sakir á þá, sem því verki stjórna. Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir því, að hv. þm. Barð. skuli hafa blandað þessu máli inn í umr. hér. Ég skal því reyna að upplýsa þetta. Það mun hafa verið í febrúar í fyrra, að mér barst í hendur bréf frá manni, sem hafði verið leystur frá störfum við akstur hjá póststjórninni. Í sambandi við, að hann var leystur frá störfum, skrifaði hann þetta bréf, sem var mjög líkt og það, sem hér liggur fyrir. Ég vék þessu til endurskoðenda ríkisins og lét jafnhliða athuga málið eftir öðrum leiðum og komst að því, að ekki hefði verið hér um trúnaðarbrot að ræða. Greiðsla hafði komið fyrir þetta starf í efni, sem póststjórnin þurfti að kaupa hvort sem var, og var greiðslan fullkomlega eins mikil og um peninga hefði verið að ræða. Ég skildi því, að póststjórnin hefði fengið sitt og fullkomlega það. Í desembermánuði barst svo hv. form. fjvn. sams konar bréf, sem hann sendi mér til umsagnar. Ég lét þá safna gögnum á ný um þetta, m. a. frá símanum, sem gaf samhljóða yfirlýsingu. Þetta allt sýndi ég hv. form. fjvn. og hélt, að málið væri að fullu upplýst, en gat þess, ef hv. form. teldi ekki svo vera, þá væri það eitt eftir að höfða réttarrannsókn. Nú er ekki nema um tvennt að ræða fyrir hv. form., annaðhvort að taka þetta gilt, og eru mennirnir þá sýknaðir, eða þá að taka það ekki gilt og hefja þá réttarrannsókn. En algerlega ósæmandi er að koma fram með þetta sem dylgjur á Alþ. Ég skal láta þetta nægja um þessi tvö atriði. Ég tel hvorugt sérstaklega vítavert, en skorast þó ekki undan ábyrgð. Þau snúa ekki að mér persónulega, en ég sé ekki annað en þau séu rétt, eðlileg og sanngjörn. Það má ef til vill segja, að þarna sé um formgalla að ræða að greiða ekki póststjórninni í peningum, en í efnivöru, sem hún þarf þó á að halda, en verð að segja, að grannt sé skoðað, ef ekkert verra fyndist af hv. form. n. og þeim meiri hl., sem að baki honum stendur.

Ég vil nú ræða einstök atriði í brtt. þeim, sem snúa að mér eða rn. mínu. Ég hef ekki getað athugað nál. og brtt. svo vel sem ég hefði viljað, og skal því ekki nefna nema fá atriði. Í nál. er lagt til, að til viðhalds þjóðvega verði varið 9 millj. kr. og til nýrra akvega 3 millj. kr. Ég hef margbent á, bæði í upphaflegu till. til hæstv. fjmrh. og í viðræðum við hæstv. fjmrh. og alla hv. fjvn., að þessi upphæð er ekki til annars en blekkja sjálfan sig. Viðhaldið hefur undanfarin ár kostað 11—12—13 millj. og þar yfir, og s. l. ár mun kostnaðurinn hafa numið 13350000 kr., en var á fjárl. fyrir það ár áætlaður 9 millj. kr. Eyðslan var því rúmar 13 millj., en aðeins 9 millj. áætlaðar á fjárl. Þá var veitt 1100000 kr. umfram fjárl., en hitt gekk yfir á næsta ár. Og er því búið að eyða 3 millj. af 9 millj. kr. fjárveitingu þessa árs fyrirfram, svo að aðeins eru eftir 6 millj. kr. til viðhalds á vegum þetta ár, sem er ekki helmingurinn af því, sem þarf. Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að það væri sorglegt, að vegavinnuvélar gætu ekki lækkað kostnað við vegaviðhald, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að óvinnandi vegur væri að halda við vegunum, ef vélarnar væru ekki, þegar bílafjöldinn hefur þrefaldazt, en það verður að athuga, að slit á vegum vex ekki í beinu hlutfalli við bílafjöldann, heldur mun örar á vissu stigi. Ég fullyrði því, að óvinnandi vegur hefði verið að halda vegunum í sæmilegu horfi, ef vélarnar hefðu ekki verið. Hins vegar hefur reynslan sýnt, að kostnaðurinn við vegaviðhald er nú orðinn 12—13 millj. kr. á ári, og það er að stinga hausnum í sand, ef minni upphæð er á fjárl., því að ekki verður við það unað að halda ekki við þjóðvegunum. Hv. form. fjvn. sagði, að ráðh. yrði að gera upp við sig, hvort hann vildi una við þá upphæð, sem ákveðin væri í fjárl. En ég uni ekki við 6 millj. kr. framlag. Hv. n. segist ekki vilja hækka þetta án þess að ætla fé á móti. Ég held, að væri nær að reyna að halda við þeim vegum, sem fyrir eru, en að dreifa fé því, sem varið er til nýbygginga á fjölda staða um allt land. Það er eðlilegt kjördæmissjónarmið að vilja fá nýja vegi, en ætli heyrðist ekki hljóð úr horni, ef þeim gömlu væri ekki haldið við. Það er því hreinn feluleikur að setja aðeins 9 millj. kr., og það nægir vart hálft árið, þar sem þurfti að færa 3 millj. kr. frá 1948 yfir á þetta ár. Það, sem þarf að gera, er að færa allan kostnaðinn 1948 yfir á það ár og hafa 12—13 millj. til afnota fyrir 1949, sem er það minnsta, sem hægt er að komast af með. Út af vegum að öðru leyti sé ég, að framlag til nýbygginga er hækkað úr 4 millj. í 7 millj. og fénu dreift á 144 staði, svo að ekki kemur mikið í hvern hlut, en það, sem sérstaklega er athugavert, er það, að ég tel, að um of sé dregið úr framlagi til Selvogsvegar og Öxnadalsheiðarvegar. Öxnadalsheiðin er það eina, sem skilur að gott bílvegasamband á milli Reykjavíkur og Akureyrar, þar sem Holtavörðuheiði og Vatnsskarði er lokið, og er áætlað, að um 600 þús. kr. nægðu til að ljúka við veginn yfir Öxnadalsheiði, og það mun vegamálastjóri hafa lagt til, en hv. n. þóknaðist að lækka þá upphæð niður í 400 þús. til að peðra hinum 200 þús. niður út um hvippinn og hvappinn. Svo er hitt, að Selvogsveg eru ekki ætlaðar nema 200 þús. Ég ætla mér ekki að fara að tala um hinn fræga Krýsuvíkurveg. Það hefur svo oft verið gert, en það hefur komið á daginn í vetur, að vegurinn var fær í 50 daga til mjólkurflutninga, þegar allar aðrar leiðir til bæjarins tepptust, og var þó ekki fullgerður. Ég veit ekki, hvort

á að knýja fram, að framlag til þessa vegar verði það lægsta, sem verið hefur, þegar hann er búinn að sýna, hvað hann getur. Það er lífsnauðsyn, bæði fyrir Reykjavík og Suðurlandsundirlendið, að þessum vegi verði lokið. Hann hefur sýnt það í vetur, jafnvel ófullgerður, hvers af honum megi vænta. Það er því ófært, að ekki sé veitt meira til þessa vegar en til minni háttar vega, sem ekki liggur eins á. Það má um það deila, hvaða vegir eru nauðsynlegastir, og hv. þm. Barð. hefur komið því til leiðar, að einn vegur í hans kjördæmi fær eins mikið og þessi höfuðvegur.

Þá vil ég minnast á eitt atriði. Ég sé í brtt., að n. hefur sett nokkurn hluta af fé til Þjórsárbrúar á 22. gr., en þetta er blekking, því að þetta á að vera á rekstrarútgjöldum fjárl. Hér eru aftur á móti færðar 900 þús. kr., sem vitanlega á að vera á 13. gr. Þjórsárbrúin er pöntuð fyrir löngu og um það bil að koma til landsins. Undirbúningi brúargerðarinnar lauk í fyrra, og í sumar verður lokið við að setja upp brúna. Því þarf allt fé til hennar að vera á rekstrinum, því að annars gefur þetta ranga mynd. Ég vil, að þetta verði veitt óskilorðsbundið af þinginu, því að það er ekki hægt að hætta við þetta verk í miðjum klíðum.

Það eru ýmsir aðrir liðir, sem væri e. t. v. ástæða til að fara út í, en ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins nema að litlu leyti. Ég hef ekki séð í brtt. fjvn., að nein upphæð væri ætluð til Miðnesvegar. Fjvn. sá þó ástæðu til að heimila fjárveitingu til hans í fyrra, þó að hann væri ekki kominn í þjóðvegatölu, og skal ég þó viðurkenna, að eðlilegra hefði verið, að hann væri kominn inn á vegalög áður. Í fyrra var heimilað að verja allt að 200 þús. kr. til þessa vegar, en þegar hætt var að vinna í honum í nóvembermánuði, hafði af ýmsum ástæðum ekki verið unnið fyrir meira en 40—50 þús. kr. Það minnsta, sem nú hefði verið hægt að hugsa sér, er það, að endurveitt hefði verið sú upphæð til vegarins, sem óunnið var fyrir í fyrra. Þessi vegur hefur reynzt mjög vel — eins og Krýsuvíkurvegurinn, því að byrjað er að nota hann nú þegar, og hægt væri að fullgera hann fyrir tiltölulega lítið fé, því að aðstaðan er góð að ýmsu leyti. Vona ég, að fjvn. og aðrir hv. þm. sjái sér fært að stuðla að fjárveitingu til þessa vegar.

Ég skal nú ekki sérstaklega fara út í þá hlið, sem fjvn. hefur snúið að mínu kjördæmi. Það er nú ekki svo mikið, sem Hafnarfjörður hefur farið fram á, en það litla, sem er, hefur n. tekizt að skera mjög við nögl, svo að ég hef enga ástæðu til að þakka henni sérstaklega fyrir það.

Þá hefur n. fellt niður framlag til iðnskólaþings, og sýnir það mjög vel hug hennar til þess máls. Þessi norrænu iðnskólaþing hafa verið haldin 5. hvert ár síðan 1929, nema á stríðsárunum. Íslendingar hafa tekið þátt í öllum þessum þingum og notið þar bæði gestrisni nágrannaþjóðanna og lærdóms á þessu sviði. Fullyrði ég, að iðnskólar okkar væru ekki eins vel á vegi staddir, ef ekki hefði komið til ýmiss konar fróðleikur og fræðsla á þessum þingum, sem Íslendingar hafa notið. Og nú er röðin komin að okkur í fyrsta sinn að halda hér norrænt iðnskólaþing í sumar. Það hefur verið farið fram á fjárframlag frá ríkinu til stuðnings þessu máli, og hæstv. fjmrh. tók fjárframlag til þess inn á fjárlagafrv. sitt. Það er ekki hægt fyrir íslenzku ríkisstj. að skorast undan þessu, þar sem Íslendingar hafa tekið þátt í öllum þessum þingum í öðrum löndum og notið þar fyrirgreiðslu og fyllstu gestrisni á margan hátt. En meiri hl. fjvn. hefur lagt til, að þetta framlag verði skorið niður, og er það alveg út í hött. Og það er e. t. v. margt fleira í till. n., sem sama mætti segja um. En um þetta atriði get ég fullkomlega dæmt, og mér var sérstaklega umhugað um það.

Ég geri ráð fyrir, að ég flytji hér brtt., ef ekki fæst veruleg leiðrétting á þeim liðum, sem ég hef talað hér um og ég læt mig sérstaklega varða. En ég býst ekki við, að það geti orðið við þessa umræðu, m. a. af því, að ég hef ekki haft nógu mikinn tíma til að athuga brtt. n. eins vel og ég hefði óskað, og læt ég þetta því nægja að sinni.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé það er skammt til fundarhlés og stytti því mál mitt.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hef ég skrifað undir álit fjvn. með fyrirvara. Ég skal að sönnu taka það strax fram, að ég sá þó ekki ástæðu til að gefa út sérstakt álit, af því að nm. unnu saman að flestu, sem gert var, og langmest var samþ. með litlum eða engum ágreiningi. Þar undir falla einnig þeir nm., sem skilað hafa séráliti. Ég gerði ágreining um ýmis atriði, en eins og form. hefur skýrt frá, stóð n. saman um öll mál, sem ekki voru sérlega stórvægileg. Yfirleitt höfum við látið meirihlutavaldið ráða í nefndinni.

Ég skal þá víkja nánar að fyrirvara mínum. Álit mitt var, að heildargreiðslur á fjárlögunum væru of háar, og byggði ég það álit á því, að á undanförnum árum hefur verið gengið svo nærri almenningi í landinu með því að finna út nýja tekjustofna fyrir fjárlögin, að óhugsandi er að bæta við þá tekjustofna. Meira að segja eru sumir þessir tekjustofnar eða álögur þegar farnar að svíkja, þær álögur, sem búið er að samþykkja á þessa veslings þjóð. Því var og er að mínum dómi ekkert vit í að samþykkja útgjöld, sem leiddu af sér nýjar álögur. Ég lagði til, að útgjöldin færu ekki fram úr 200 milljónum, en þau voru 240 milljónir á frv. stj. Alþingi hefur tekið þessum till. á þann hátt að samþykkja dýrtíðarlögin í vetur og hækka þar með greiðslur fjárlaganna stórkostlega. Eftir að þau lög voru samþ., var alveg fallin niður sú till. mín, að ekki yrðu samþ. hærri greiðslur á sjóðsreikningi en 200 millj. kr., því að ég ætlaðist til, að felldar yrðu niður 33 milljónir í uppbótargreiðslur á 19. gr. En þessa fjárhæð varð að hækka upp í 74.6 milljónir samkvæmt dýrtíðarlögunum.

Það fór svo í hv. fjvn., að þær tillögur, sem ég hef gert til lækkunar, voru felldar yfirleitt. En n. kom sér saman um það að meiri hl. að hækka útgjöldin um allt að 10 millj. kr. Heildarlækkun á útgjaldaliðum samkv. till. n. nemur aftur ekki nema 6 milljónum, og eru sumar þeirra lækkunartillagna aðeins viljayfirlýsingar, sem sennilega koma ekki til framkvæmda. Og eins og stendur í nál., endaði fjvn. á því að leggja til, að frv. verði afgr. við þessa umr. með 28 millj. kr. greiðsluhalla. Ég álít þó, að sá halli sé raunverulega talsvert meiri, bæði af því, að sumar lækkunartillögur n. komi ekki til framkvæmda, og einnig vegna þess, að dýrtíðarsjóður muni hvergi nærri hrökkva fyrir útgjöldum þeim, sem búið er að lögfesta með dýrtíðarlögunum, og tel ég því gætilegra að áætla greiðsluhallann nær 40 milljónum. Þessi till. n., að frv. verði við þessa umr. samþ. með þessum halla, varð þess valdandi, að ég gerði minn fyrirvara, því að ég er þessu gersamlega ósamþykkur.

Ég hef lagt fram á sérstöku þskj. lækkunartill., sem samtals mundu lækka greiðslur fjárlaganna um eða nálægt 9 millj. kr., ef samþ. væru. Auk þess hlýt ég að lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. á móti flestum hækkunartill. n., sem nema töluverðum fjárhæðum. Það er dálitið sérkennilegt, eða ég þykist vita, að þannig sé litið á það, að þingmaður skuli flytja 20 brtt. eins og ég geri á þskj. 481, sem allar miða til lækkunar. Þess munu fá dæmi, að þm. flytji þá ekki heldur hækkunartill. við afgreiðslu fjárl., eða þannig er það orðið, óstöðvandi buna af hækkunartill. Flestar till. mínar á þskj. 481 hef ég áður borið fram í fjvn. og þær verið felldar þar, og er þetta því að mestu endurtekning þeirra. Ég skal strax taka það fram, að tvær af þessum tillögum eru sjálffallnar, það eru 1. og 2. till. undir XX. lið á þingskjalinu, þar sem n. hefur tekið þær upp. 16 till. minna eru sama eðlis, eða um að fella niður fyrirhugaðar byggingar, og þarf ég því ekki að tala um hverja þeirra fyrir sig. Það er nú svo, að þegar ég fór að hugsa um niðurskurð til að ná saman endunum, þá sýndist mér helzt að fella niður ýmiss konar byggingar, svo sem margháttaðar skólabyggingar, skólastjóra- og kennaraíbúðir, viðhald bæjarhúsa, en þó eru byggingar sjúkrahúsa að mestu eða öllu undanskildar í till. mínum. Nú geng ég þess ekki dulinn, að því verði beint að mér, að ég vilji stöðva þarflegar og jafnvel nauðsynlegar framkvæmdir. En því er til að svara, að það er Alþ. og fjvn., sem bera ábyrgðina á afgreiðslu fjárlaganna, og verður að taka hér ákvarðanir í samræmi við þá ábyrgð, og verður hvort eð er aldrei komizt hjá aðkasti með öllu. Ég hlýt því að leggja til, að því sé helzt frestað, sem helzt má án vera. Enginn má draga þá ályktun af þessum till. mínum, að ég sé á móti skólum og opinberum byggingum. Það er aðeins þetta, að ríkið hefur ekki fé til alls, sem má kallast þarflegt og nauðsynlegt, og þá sé ég ekki betur en heldur sé hægt að vera án þessara hluta en þeirra, sem veita klæði eða saðningu. Ég hef orðið dálitið var við, að menn hneykslast á því, að ég, sem lengi hef verið kennari, skuli vera að ráðast á skólabyggingar. En í gamla daga urðum við oft að sætta okkur við að fresta baðstofubyggingu, þótt við vildum gjarna byggja og þyrftum þess raunverulega. Menn ættu stundum að leiða hugann að því, að þessi þjóð hefur beinlínis lifað af iðjusemi og sparsemi og hefur orðið að neita sér um æskilega hluti og jafnvel þarflega til þess að geta lifað. Nú virðist hagsýnin hins vegar ekki orðin meiri en svo, að menn kunni fótum sínum ekki forráð. Þessi þjóð, sem hefur lifað við og lifað af skortinn í marga mannsaldra og lært að mæta skortinum, hún hefur nú lifað litla stund við fjárhagslegt meðlæti, og það hefur sýnt sig, að hún kann ekki að mæta meðlætinu, af því að hana skortir reynslu á því sviði. Hún hafði öðlazt reynslu í því að mæta skortinum og unnið afrek á sviði sparseminnar og þrautseigjunnar, en það er eins og meðlætið hafi blindað hana, og er nú sannarlega kominn tími til að átta sig aftur.

Ég sagði, að 16 af brtt. mínum á þskj. 481 fjölluðu um að fella niður framlög til bygginga, en 4 till. mínar fjalla um annað. — Það er fyrst 1. till. undir XV. lið, um að lækka kostnað við sauðfjársjúkdómavarnir niður í 4.5 millj. kr. Þessi fjárhæð fer síhækkandi frá ári til árs. Á frv. eru 5.8 milljónir, en sú upphæð, sem ég geri ráð fyrir, er þó mun hærri en varið var til þessara hluta s. l. ár. Ég held, að ekki sé hægt að halda því fram með nokkurri sanngirni, að bændur séu ekki styrktir verulega í baráttunni við sauðfjársjúkdómana, þótt ekki sé lagt fram meira en 4.5 milljónir á þessu ári, einkum þegar tekið er tillit til fjárhags ríkisins. — Undir sama lið á þskj. er till. frá mér um að fella niður framlag til nýrra raforkuframkvæmda og önnur till. um að fella niður framlag til bindindisstarfsemi. Um fyrri tillöguna er það að segja, að hún yrði til þess, að raforkuframkvæmdum seinkaði, og er því frestun á þarflegum og æskilegum hlut, en um framlag til bindindisstarfsemi er vitað, að það er beita til góðtemplara. Ég hef aldrei verið með á þeirri vertíð, og það er vitað, að sá félagsskapur þarf einskis fjár með. Þá er ein brtt. mín við 13. gr., samgöngur á landi, sem hæstv. samgmrh. var að tala um áðan. Vegamálastjóri hafði tilkynnt, að 9 milljónir þyrfti til viðhalds vega, en hann telur nú, að 2—4 milljónir þurfi til viðbótar, og hefur hæstv. ráðh. staðfest það. Ég vil taka fram, að ætlað er ríflegt framlag til vegamála, og er því ósanngjarnt að hafa um þetta eins hörð orð og hæstv. samgmrh. gerði, því að til samgangna á landi eru ætlaðar næstum 17.5 millj. kr. En á stjfrv., og eins hjá fjvn., er þetta sundurliðað til nýrra vega og og vegaviðhalds, og n. hefur sundurliðað, hvað skuli fara til hvers vegar. Ég hef hins vegar alltaf viljað, að fjárveitingin væri ósundurliðuð. Nú tel ég aftur á móti ekki fært að veita meira en 11 milljónir í allt til vega. Ég vil því ekki láta skipta þessu milli nýbygginga og viðhalds, því að það sjá allir, að vitanlega er þarf-

ara að halda við þeim vegum, sem þegar hafa verið byggðir, heldur en að fara að leggja í nýbyggingar. Ég legg til, að 11 millj. kr. verði varið til veganna og vegamálastjóri ráði svo, hvernig hann ver því fé, hvort hann ver því til nýbygginga eða viðhalds eða hvors tveggja. Ég skal svo ekki lengja mál mitt um vegina. Mér heyrðist á samgmrh., að honum fyndist n. hafa farizt illa við vegamálin, en þar er ég á öðru máli. Um samanburð á vegum, sem ráðh. nefndi áðan, kemur ekki til minna kasta að svara, enda geri ég ráð fyrir, að form. n. muni gera það. *(GJ:* Já, áreiðanlega.) En ég vil mótmæla þeirri staðhæfingu ráðh., að nú hafi sannazt, hversu heppilegt það hafi verið að leggja Krýsuvíkurveginn. Þvert á móti álít ég, að það hafi aldrei sannazt eins og einmitt í vetur, hvílíkt glapræði það var að leggja hann. *(HelgJ:* Ósannindi.) Ég vil nú biðja þennan hv. þm. að þegja. Hann hefur nóg hneyksli í samgöngumálum á samvizkunni, þótt hann fari ekki að grípa fram í fyrir mér. Hæstv. forseti, því miður get ég ekki lokið máli mínu nú, en þar sem ég er hér kominn að alvarlegu efni, þá mun ég ekki ræða þetta frekar að svo stöddu. [Frh.].

Forseti (JPálm): Úr því að hv. þm. á dálitið eftir af ræðu sinni og er fús á að fresta henni, þá verð ég að fresta umræðum.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 54, n. 461, 470 og 472, 460, 468, 479, 481, 488, 494, 497).

Sigurður Kristjánsson [Frh.]: Herra forseti. Ég hafði ekki lokið ræðu minni, þegar ég talaði síðast, en áður en ég lauk máli mínu þá, færði nokkra golu af suðaustri. Þá lagði storm af Krýsuvík. Það var nokkuð vikið að mér í sambandi við þær yfirlýsingar, sem ég gaf um skoðun mína á þessari svo nefndu Krýsuvíkurleið. Vil ég nú leitast við að sanna það, sem ég þá hélt fram.

Ummæli þau, sem ég hafði í frammi og hæstv. samgmrh. tók svo mjög nærri sér, voru þau, að Krýsuvíkurleiðin væri síður en svo snjólausa leiðin, en það hefði verið því að þakka, að jarðýtur héldu leiðinni opinni, að hún varð ekki ófær. Nú byggi ég upplýsingar mínar á þeim forsendun, sem skýrslur vegamálastjórnarinnar segja til um. Í sjálfu sér er ekkert við því að segja, að skoðanir geti verið allskiptar um það, hver leiðin sé heppilegust, en það er ekki hægt að sniðganga staðreyndirnar. Vegurinn austur um Krýsuvík var tengdur saman 20. des. s. l., en daginn eftir var hann orðinn ófær bifreiðum, og hefur síðan verið unnið að því að moka af honum snjó af og til. Hins vegar var leiðin um Mosfellsheiði farin daglega til 19. jan. Ég hef því ekkert ofmælt af því, sem ég áður sagði. Frá þeim tíma hefur lítil tálmun verið að fara austur um Mosfellsheiði, að undanskildum smákafla í Almannagjá, og hefur vegurinn niður gjána teppzt tvisvar. Börn á skólaskyldualdri sækja skóla sinn úr Þingvallasveit niður að Ljósafossi, og hefur það aðeins einu sinni komið fyrir, að skólabillinn, sem flutti börnin til og frá, hafi teppzt í gjánni og hefur þó meiri snjór verið en vant er. Í dag er nú loks byrjað að vinna að því að ryðja þessum hindrunum úr vegi og opna leiðina. Bóndi nokkur í Þingvallasveit hafði tal af einum vegavinnumanninum, og hafði hann fullyrt, að snjórinn væri ekki meiri en það, að lokið yrði við að ryðja leiðina opna fyrir kvöldið. Leiðin austan vatnsins hefur alltaf verið fær bílum. Að vísu fer þetta nokkuð eftir því, hvernig snjór fellur, en þetta verður ekki vefengt. Hvað snertir Krýsuvíkurleiðina, þá er hún nú mjög umdeild, og hún mun alltaf verða það. Reynslan í vetur sýnir, að hún er snjóþung, þó að ekki þurfi svo alltaf að vera. Ástæðunni fyrir því, að henni hefur verið haldið opinni, eru margir kunnugir, en hún er sú, að þegar snjó byrjaði að leggja á veginn, þá atvikaðist það þannig, að verið hafði notuð jarðýta við vegalagninguna, og var hún því fyrir hendi til að fjarlægja snjóinn af veginum jafnóðum og hann tepptist. Var því eðlilegt, að hagnýttir yrðu þeir menn og tæki, sem þarna voru fyrir hendi til að opna leið austur. Varla hafa nú þeir menn, sem talið hafa þetta vera snjólausa leið, lokað augum sínum fyrir því, hve geysileg fyrirhöfn það hefur verið að halda leiðinni opinni. Það væri mikið í lagt að halda þessari leið opinni, þótt ekki væri nema fyrir þær sakir, hve hún er löng. Frá Reykjavík að Selfossi um Krýsuvík eru 102 km. Það er mér upp gefið af vegamálaskrifstofunni, og verður það ekki vefengt. Um Mosfellsheiði og austur með Þingvallavatni um Ljósafoss að Selfossi eru 93 km., en yfir Hellisheiði að Selfossi eru 64 km. Það er á allan hátt hagstæðara að hafa leiðina sem stytzta. Flutningsgjald fyrir akstur er miðað við hvern ekinn km. Fargjöld með áætlunarbifreiðum eru reiknuð 24.4 aurar á hvern km. Vörubifreiðar taka fyrir hvert tonn af flutningi 64 aura á hvern km. Hverjir 10 km. kosta því kr. 2.44 fyrir fólk og 6.40 fyrir hverja smálest af flutningi. Þessu verður ekki á móti mælt, að lengri leiðin verður dýrari, þótt ekki verði í það horft, ef aðrar leiðir teppast. Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur í vetur, er ég sannfærður um það, að styttri leiðirnar eru bæði öruggari og betri. Ég er sannfærður um það, að Krýsuvíkurleiðin er ekki framtíðarleiðin né öruggasta leiðin. Framtíðarleiðin mun verða um hin svonefndu Þrengsli, og var það einnig rannsakað af n. þeirri, sem gerði till. um, hvar hinn væntanlegi steinsteypti vegur ætti að liggja yfir heiðina, þegar lagður yrði. Kom enginn skoðanamunur fram um það, að Þrengslaleiðin væri sú rétta. Ég er viss um, að Krýsuvíkurleiðin verður ekki farin, þegar leiðin um Þrengslin verður opnuð og vegurinn um Mosfellsheiði verður til vara. Hér hefur því nokkuð miklu verið til kostað. Ég ámæli mönnum ekki fyrir það að hafa áhuga fyrir kjördæmum sínum í sambandi við vegalagningar, og ekki held-

ur hæstv. samgmrh., en ég er undrandi yfir því, að jafnpraktiskur maður og hv. 1. þm. Rang. skuli hanga við Krýsuvíkurleiðina. Með því vinnur hann gegn hagsmunum kjördæmis síns. Þessi vegur er þegar búinn að kosta ríkissjóð 600—700 þús. kr. aðeins vegna breytinga á honum, frá því hann var fyrst lagður, en sjálfur hefur hann kostað um 4.650 millj. kr., og er hann þá með breytingakostnaði kominn yfir 5 millj. kr. samtals. Þetta mikla fé hefur verið dregið frá vegarlagningum á öðrum stöðum á landinu. Er því ekki að furða, þótt gagnrýni komi fram varðandi þennan veg. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta nú.

Ég vík nú að, þar sem síðast var frá horfið, að brtt. minum á þskj. 481. Þær eru nú allnýstárlegar. Þær fela allar í sér lækkun á fjárlagafrv. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt um þessar brtt. til lækkunar, að þær fela í sér lækkun á þeim hlutum, sem ég hefði verið meðmæltur að hækka framlag til frekar en lækka, ef nóg fé væri til. En ég hef flutt þessar brtt. af því, að hér er verið með fjárlagafrv., sem er ofvaxið gjaldgetu ríkissjóðs. Undanfarin tvö ár hef ég mótmælt fjárlagafrv. af sömu ástæðu. Með hverju árinu sem líður aukast útgjöld ríkisins, og skuldasöfnun er að færast í aukana. Fyrst er upp urinn afgangur fyrri ára, en síðan verður skuldasöfnun innanlands. En með hvaða fé á að borga þær skuldir, ef svona verður haldið áfram sem undanfarin 3 ár. Ef greiðsluhalli á fjárlögum heldur áfram, hefst skuldasöfnunin erlendis. Þá erum við komin í sama fenið aftur, sem tókst að rífa okkur upp úr á árunum 1942—46. Þá færast hörmungarnar aftur yfir atvinnu- og framkvæmdalíf okkar. En þjóðin vill vera laus við slíkt. Hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu sinni, að ríkissjóður ætti mikið fé vangoldið til sveitarfélaga, eða um 29 millj. samkv. skýrslu fjmrh. Meiri hlutinn af þessum greiðslum er kominn inn á greiðsluhalla tveggja næstsíðast liðinna ára, en sumt er ekki komið inn á reikninginn enn, og nokkuð á við um yfirstandandi ár. En það hörmulegasta við þessar greiðslur er það, að það er mjög lítil von til þess, að þær verði greiddar nema þá að litlu leyti. Þau sveitarfélög, sem hér er um að ræða, hafa þanizt út og farið út í meiri framkvæmdir en þau geta staðið undir. Þetta hafa þau gert af of mikilli bjartsýni og með ábyrgð ríkisins að baki sér. Nú er svo komið, að ríkið þarf að greiða þarna 29 millj. kr. vegna þessa. En það er ekki það versta, heldur er það sá hugsunarháttur, sem við þetta skapast hjá sveitarfélögunum, sem sé sá að þenjast út á öllum sviðum, allt á ábyrgð ríkisins. Menn mega ekki láta eins og þeir viti ekki, hvað þetta er háskalegt. Ég held þess vegna, að ríkið eigi ekki aðeins að draga úr útgjöldunum, sem ekki verður alveg sársaukalaust, heldur eigi einnig að varast það að vera að ganga í ábyrgð fyrir sveitarfélög og fyrirtæki, að ég nú tali ekki um einstaklinga, því þó að allt gangi vel, meðan vel árar, þá verður þetta til þess að eitra hugsunarhátt manna, fyrir utan bein útgjöld ríkisins, ef það hallar eitthvað undan fæti. Það er ekki hægt að neita því, að hv. þm. hafa samdóma stefnt í mikinn háska fjármálum ríkisins, með útþenslupólitík í fjármálunum, og daglega heyrum við talað um þessa hluti, og blöðin eru full af áróðri um þetta, þar sem hver maðurinn kennir öðrum um, en sannleikurinn er sá, að við erum allir samsekir í útþenslunni. Og ef nú hv. þm. eru allir sammála um það, að við höfum færzt of mikið í fang, þá er ekki um annað að gera en að snúa aftur. Við verðum að rifa seglin. Við verðum að hætta að samþykkja og gera löggjafir, sem skapa aukin útgjöld, og við verðum að færa fjárlögin saman.

Ég hef verið að athuga það að gamni mínu, hvernig þessu er nú háttað á þessu þingi, hvort menn muni nú vera komnir að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að hætta þessari stefnu og snúa við. Í þessu sambandi tók ég saman til fróðleiks þau frv., sem borin hafa verið fram á þessu þingi og fela í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þessi fjárhæð nemur 263 millj. kr., en ég vil reyndar taka það fram, að að sönnu er þar dýrtíðarsjóður með 74 millj. kr., sem áður var á fjárl., en á fjárl. eru komnar að minnsta kosti 50 milljónir af þessum 74. En samt er þessi hugsunarháttur, sem á bak við þetta liggur, ægilegur, og það er óhugsandi annað en að hann leiði til slysa fyrir ríkið og leiði af sér skuldir og áþján fyrir þjóðina út á við, ef þm. athuga ekki sinn gang í tíma og snúa við, áður en lengra er komið.

Ég veit, að það er freistandi fyrir þm. að fylgja því, sem kallað er framfarir, og það er gott til þess að afla sér fylgis kjósenda. En eftir syndina kemur dómurinn, og þá er ekki uppreisnar von. Það er því athugandi, hvort ekki er réttara að snúa við í tíma. Flest þessi frv., sem ég gat um, eru yfirleitt mjög æskileg mál og álitleg, en sum lítið rannsökuð, og of lítil trygging fyrir því, að uppfylltar yrðu þær vonir, sem við þau eru tengdar.

Ég er ekki að lýsa þessu í ámælisskyni við hv. þm., síður en svo. Ég finn, að það er mannlegt að vera djarfur, og það er mannlegt að hlynna að þeim greinum, sem maður hefur áhuga á, en því verður að fylgja forsjá. Og ef við athugum það, að hér höfum við í þessu landi barizt fyrir því að þurfa ekki að líða sult og nekt og þess vegna ekki getað leyft okkur ýmsar framkvæmdir á öðrum sviðum, þá er það ofur eðlilegt, að hér vanti ýmislegt, sem við gerum okkur vonir um að bæta, ýmislegt, sem forsómað hefur verið undanfarnar aldir, þá getur engum dottið í hug, að þetta sé hægt að gera í einum spretti. Við vitum, að hér hefur vantað hafnir, við vitum, að hér vantar vita, við vitum, að mikið vantar á, að vegakerfi landsins sé fullkomið. Við vitum, að mikið vantar á skólabyggingar, o. s. frv. En við vitum líka, að fólk getur ekki látið sér detta í hug, að 100 þúsund manna þjóð geti gert þetta allt á örstuttum tíma, þó að hún leggi fram alla sína hæfileika og alla starfskrafta, og fólk hlýtur að sjá það og skilja, að það er bæði skynsamlegra og hæfilegra að bíða

eftir framkvæmdum, sem eru öruggar, heldur en að hlaupa út í allar framkvæmdir í einu og bíða við það skipbrot að lokum.

Ég sagði hérna í fyrri hluta ræðu minnar, að íslenzka þjóðin hefði lifað af mikilli sparsemi og sjálfsafneitun — með því að neita sér um ýmsa hluti, sem aðrar þjóðir, sem betur væru staðar, hefðu getað veitt sér, og að það bæri ekki vott um menningu þjóðarinnar og þroska, ef Íslendingar geta ekki skilið, að iðjusemi og hófsemi er undirstaðan að þeim gæðum, sem við sækjumst eftir. Það er ekkert óeðlilegt við það, að þjóð, sem hefur haft mótlæti í uppeldinu og orðið að neita sér um ýmsa hluti, sem aðrar þjóðir hafa getað veitt sér, það er þá ekkert undarlegt við það, að ef hún fær allt í einu snöggt meðlæti, að henni fipist um stund og við misstígum okkur — það er ofur eðlilegt. Þó að ég segi þetta, þá er ég ekki að ámæla, hvorki Alþingi, sveitarfélögum né einstaklingum. En ég segi það, að þó að þetta sé eðlilegt, þá er það mjög óheppilegt. Ef það er rétt, að fólk sé of kröfuhart og hafi ekki framsýni, hver á þá að byrja á því að draga úr kröfunum og sýna framsýni, ef það er ekki Alþingi? Ef Alþingi sendir frá sér fjárl. með greiðsluhalla ár eftir ár, hvernig er þá hægt að ætlast til þess, að fólkið breyti um hugsunarhátt?

Ég vil alvarlega brýna það fyrir hv. þm., að þegar ég legg hér fram þessar brtt., þá tel ég það ekki ámælislaust, að þeir þm., sem mest ámæla sveitarfélögunum fyrir að sýna ekki hyggindi, séu þeim andvígir. Ég er ekki að segja, að þetta sé nein ógnun við þm. En það sér hver maður, að ef þingið leiðir þjóðina út í fen erlendrar skuldaáþjánar, þá er þingið ámælisvert.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram örfáar brtt., sem ekki miða til neinnar verulegrar hækkunar á útgjöldum ríkisins, svo að ég vona, að þær fái áfram nokkra náð fyrir augum hv. 5. þm. Reykv.

Fyrsta till. er á þskj. 481, sem er brtt. við 20. gr. til bygginga á jörðum ríkisins. Þar er farið fram á, að af þeirri upphæð fari 25 þús. kr. til byggingar útihúsa á Staðarfelli. Eins og vitað er, þá er þarna starfandi húsmæðraskóli. Á síðasta þingi veitti hv. fjvn. 25 þús. kr. af þessum lið á fjárlögum 1948 til þessara hluta, þ. e. a. s. til útihúsbygginga á Staðarfelli. Var þá gert ráð fyrir, að á næsta og næstnæsta fjárhagsári yrði einnig varið 25 þús. í hvort skipti til þessara bygginga. Ég taldi því sjálfsagt, að fjvn. yrði við þessu, enda er það sjálfsagt í rauninni, því að þetta er jörð, sem ríkissjóður á, og ekki síður þar sem þarna er starfandi skóli og mjólkursala. En þetta fór á annan veg en óskað var. Fjvn. felldi till., en leggur til á sama tíma, að 70 þús. kr. verði veittar til fjósbygginga á Hvanneyri og Hólum, hvors um sig. Hélt ég þó, að ærinn skildingur hefði farið til fjósbygginga á Hvanneyri áður, og væri þangað nóg komið.

Það getur verið, að sama sé, hvort þessi till. verður felld eða ekki felld, þar sem greiðsla fer fram eftir sem áður, þar sem stjórnin er bundin við það, sem atvmrh. hefur lofað. En hitt er formlegra að hafa þetta á fjárl. Þess vegna vænti ég, þar sem þetta er ekki sérstök greiðsla, heldur hluti af megingreiðslu, og vona, að þm. sjái sanngirni í því að greiða henni atkv. Ég vil taka það fram, að í trausti þess ádráttar, sem bóndinn fékk, þá er hann búinn að byggja og verður sjálfur að sjá um þessa skuld, ef þetta fé bregzt.

Þá ætla ég að minnast hér ögn á aðra brtt. Hún er um 3 þús. kr. framlag til bændanna á Brunná í Saurbæ til framræslu og fyrirhleðslu í Brunná. Þannig er málum háttað, að í fyrra ruddist þessi á fram, sem liggur þarna um skriður, hún komst undir jarðveginn, inn í skriðurnar, en kemur nú upp í gegnum tún og jafnvel á bæjarhúsunum sjálfum. Hefur hún valdið miklum usla þarna, þar á meðal á þjóðveginum. Ég legg nú til og vil óska þess, að samtök vegamálastjóra og bænda með aðstoð ríkisins geti komið í veg fyrir þetta, því að ekki eru bændurnir í Saurbænum eins sælir og bændurnir fyrir austan, í Rangárvallasýslu, sem með atfylgi tveggja hv. fjvn.-manna þaðan fá á sjötta hundrað þús. kr. til fyrirhleðslu. Og þó að það hafi ekki fengið náð fyrir augum fjvn., þá vona ég samt, að þeir sjái sig um hönd og verði með þessari till., þegar þar að kemur, og unni Dalasýslu, sem svarar ½% af upphæð, er Rangárvallasýsla fær í þeirri grein.

Ég býst við því, að ef margir eiga eftir að tala hér fyrir till. sínum, þá verði það samtals langt mál, og þess vegna kannske ekki vert að lengja það, en ég ætla þó að minnast hér á nokkur atriði í sambandi við 15. gr., en sú grein bendir ekki á gífurlegt bókmenntavit. Virðist fjvn. hafa lítinn bókmenntasmekk, og mun bókmenntagróður hennar vera nokkurs konar Ódáðahraun og rit Jóns Dúasonar vera þeirra andlegu Hvannalindir. Kannske er þar þó hið kunna rit, Frekjan, eins og gresjutoppur innan um. Með afnámi veitingar til útgáfu hæstaréttardóma er stigið stórt spor aftur á bak. Það er ekki hægt að hækka verð þessara dóma svo mikið, að það geti staðið undir kostnaðinum af útgáfunni. Hæstaréttardómarnir verða, eins og stjórnartíðindin, að fá að fara út meðal almennings, eins og þeir hafa gert, því að í þeim getur almenningur séð réttarpraxísinn. Þá er hér á landi eitt félag, sem heitir Vísindafélagið, en það nafn hefur sennilega ekki látið vel í eyrum fjvn., enda kippir n. nú burt 3 þús. kr. styrk til þess félags. Þetta félag hefur nú verið starfandi um langt skeið, og eru helztu vísindamenn okkar í því félagi. Það hefur verið stutt af þeim og hefur mjög beitt sér fyrir útgáfu ýmissa bókmenntalegra og vísindalegra rita á útlend mál. Nú er það t. d. með 3 bækur í prentun. Það er síðasti hlutinn af fuglalýsingu Timmermans, þá er það eyktamarkasöfnun, og auk þess er verið að prenta vísindarit um síðasta Heklugos, og er

það eftir hina beztu jarðfræðinga og náttúrufræðinga okkar. Það verður gefið út á ensku og mundi því verða til þess að draga erlendan gjaldeyri inn í landið, þar sem það yrði selt út um allan hinn menntaða heim, en hvort fjvn. hefur hrosið hugur við gjaldeyrisöfluninni, það veit ég ekki. En fjvn. ætlar 15 þús. kr. til annars félags, en það félag vinnur langmest erlendis að sínum málum, og það hefur marga sjóði og digra á bak við sig úti í Danmörku. Þetta félag fékk styrk á þeim forsendum, að það væri að gefa út jarðabækur Árna Magnússonar, en nú er því verki bara lokið, svo að mér sýnist því, að það ætti að draga úr styrk til þess félags og láta heldur Vísindafélagið hérna njóta góðs af því. Auk þess mundi þarna sparast gjaldeyrir, því að félagið í Kaupmannahöfn fékk og fær þennan styrk í erlendum gjaldeyri. Þetta er ekki af því, að ég sé á móti því félagi og vilji því ekki vel, heldur er þetta af því, að rétt er að láta það félagið, sem heima situr, njóta styrksins og sitja fyrir honum. Þetta hef ég bent n. á, en hún hefur ekki viljað sinna því.

Ég vil nú aðeins minnast á styrki til skálda og listamanna. Úr því að það á að halda áfram að veita þessum mönnum styrk, þá er ekki hægt að skera þennan styrk niður, eða það er að minnsta kosti mjög erfitt að gera það. En nú á að skera þennan styrk niður um 25 þús. kr., og hefur hv. þm. S-Þ. lagt tvær greftrunarhellur, nei, ekki tvær, heldur þrjár greftrunarhellur á þennan sjóð. En ég sé ekki annað ráð en það, að ef það á að skera þennan styrk niður, þá verði að taka einn flokk alveg úr, t. d. leikarana, og skera þann styrk alveg niður, ef það á að lækka styrkinn frá því, sem hann var á síðasta ári.

Þá kem ég snöggvast að 18. gr. Um þá gr. er eiginlega svo mikið að segja, að ég verð að fara þar mjög fljótt yfir sögu. Þetta hefur verið þannig undanfarið, að fyrir kemur, að þeir, sem hættir eru störfum, fá raunverulega hærri laun en þeir höfðu meðan þeir inntu störfin af höndum. Þetta viðurkenndi hv. form. fjvn. í ræðu sinni og sagði, að hann vildi, að bót yrði á þessu ráðin. Get ég verið honum þakklátur fyrir það. Það er hans von og vísa að vilja bæta um það, sem aflaga fer. En mér virðist sannast að segja, þegar svo koma brtt. frá hv. fjvn., þá sé ekki bætt gráu ofan á svart, heldur svörtu ofan á grátt, þar sem þeir ganga heldur lengra í sínum till. en aðrir þm. og hæstv. stjórn. Ég ætla ekki að gera þetta að umræðuefni. Það er vandræðaverk og óviðkunnanlegt að ræða hér um einstaklinga. Ég tek undir það með formanni fjvn., að þetta ólag megi ekki haldast lengur en í þetta eina skipti, ef ekki er hægt að ráða bót á því nú. Þó að hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða, þá gerir margt, þótt lítið sé, eitt stórt, ef svona er haldið áfram.

Ég á eina brtt. við 18. gr., sem ég sló fram, frekar af því, að um réttlætismál er að ræða, heldur en þetta muni ríkissjóð svo miklu. Ljósmæður hafa stundum orðið að fá styrk úr ríkissjóði, áður en þær hafa komizt á ellilaun ljósmæðra, en það hefur alltaf verið venja, að ljósmæður hafa færzt af 18. gr. um leið og þær hafa komizt á ellilaun hjá Tryggingastofnun ríkisins. Nú geri ég brtt., sem snertir eina ljósmóður. Í sambandi við þessa till. mína kom hv. 2. þm. N-M. til mín með dálitlum hissugheitum og kvaðst ætla, að mér skildist, að reka þetta ranglæti ofan í mig aftur. Ég vil þá segja það, að sé eitthvað sérstakt að þessari ljósmóður, ef hún er t. d. fötluð, en ekki orðin svo gömul, að hún fái styrk þess vegna, þá á hún að geta fengið örorkustyrk. Þannig getur hún fengið bætur, ef hún þarf meira en aðrar ljósmæður.

Ég held, að hæstv. forseti sé að verða óþolinmóður við mig, og skal ég stytta mál mitt. Ég verð þó aðeins að koma að því, sem sumir kalla „afrek samábyrgðarinnar", sem eru útgjöld, sem fara til alls konar mannvirkja á landinu. Víst er um það, að þessir menn í fjvn. eru reyndir menn flestir og á heimsins sævi vel syndir allir. Svo að ég nefni dæmi, þá er foringi þessarar samkundu gamall og slyngur vélamaður og kaupsýslumaður, og tveir eða fleiri kaupfélagsstjórar eru þar, og einn er þar enn, sem hefur lengi fengizt við hrossakaup, bæði fyrir sig og aðra, að því er hin ágæta bók, Hver er maðurinn?, segir. Ég skal nú aðeins stikla á stóru, til þess að sýna, hvernig þeim hefur farizt, háttvirtum, við okkur hina dátana hér inni. Það var ákveðið af þeim háu herrum að mæla með því, að byggðar yrðu 5 nýjar brýr á landinu, og af þeim lenda 4 í kjördæmum hv. fjvnm., en líklega af einhverjum óhöppum slampast sú 5. norður í Ólafsfjörð og á að staðsetjast þar. Ég var búinn að minnast á það áður, hvernig þetta væri með fyrirhleðslur fyrir vötn og þess háttar. Ég sé, að ein lítil eyja er búin að hafa það lengi styrk til ræktunar, að ég held, að hið ræktaða land, ef vel væri unnið fyrir framlagt vegafé til eyjarinnar, hljóti að vera horfið og í staðinn komnir tómir vegir. Um það, hvernig skipt er að öðru leyti, mun ég ekki tala mikið, en allir geta séð, hvernig skipt er, þegar um hafnargerðir og lendingabætur er að ræða. Sporin þekkjast. Ég hef komið fram með örlitla brtt. um umorðun á lið og litla hækkun til Vesturlandsvegar, en þeim veg er sjálfsagt að hraða eins og mögulegt er. Þykist ég vita, að Vestfirðingar allir muni kunna mér þakkir fyrir. Ég óska þess eindregið, að sú brtt. nái samþykki Alþ. Ég fer nú að stytta lesturinn, því að ég vil ekki ybbast mikið upp á hv. fjvn. og þá háu herra, sem í henni eru, því að skrifað stendur: heiðra skaltu föður þinn og móður. Sumir hafa það öðruvísi.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal. var ekki alveg eins góður við sum stórskáldin eins og ég hefði getað búizt við af þeim merka manni, og það því fremur, sem þessi hv. þm. heiðrar þá dauðu á þann hátt, sem beztur er, með sínum mikla bókakosti.

Ég hef flutt hér tvær litlar brtt. Vil ég fyrst víkja nokkrum orðum að þeirri till., sem lýtur

að því að reisa minnismerki um Jón Arason í Skálholti. Það er öllum kunnugt, að það líður nú að því mikla afmæli um dauða Jóns Arasonar. Það hefur nokkuð verið um það hugsað, að Jóni Arasyni yrði reistur minnisvarði, en þar hefur staðið á ýmsu, og er ekki alveg víst, að svo verði, m. a. sökum skorts á byggingarefni. Það getur vel farið svo, að þessi afmælishátíð verði dálitið fátæklegri en ætti að vera, til að hún yrði í samræmi við líf Jóns Arasonar. Það er öllum kunnugt, að síðan biskupsstóllinn var lagður niður í Skálholti, hefur þjóðfélagið ekkert gert fyrir Skálholt nema það, sem gert hefur verið í sambandi við von um nýjan skóla þar. 1907 réð Þórhallur biskup til þess, að góðir gestir væru ekki látnir koma að Skálholti, og 1947 réð Sigurður Nordal því, að gestir á Snorrahátíðina fóru ekki að Skálholti. Ég álít, að þessir menn hafi ráðið vel, vegna þess að það er ákaflega mikið ósamræmi í sögulegri frægð Skálholtsstaðar og vanrækslu þeirri, sem fram kemur hjá þjóðfélaginu gagnvart þessum stað fram að þessu. Þar hafa búið myndarbændur og ræktað jörðina, en það er ekki nóg. Einar Jónsson myndhöggvari hefur fyrir nokkru gert minnismerki um Jón Arason. Minnismerki þetta er altari, sverð og höggstokkur. Ég mun ekki lýsa því, enda fátæklegt að lýsa listaverkum með orðum, en það er mál manna, að ef þetta minnismerki verður reist, væri það að sínu leyti sambærilegt við t. d. kvæði Matthíasar Jochumssonar um Jón Arason. Þetta minnismerki getur aldrei notið sín nema í Skálholti, og ef það væri reist þar nú, væri það fyrsta tilraunin til þess að gera eitthvað á þessu forna biskupssetri, sem væri í samræmi við það, að ríkið hefur nú lagt mjög mikið fé fram til þess að reisa staðinn við.

Það mætti spyrja um, hvað kosta mundi að reisa minnismerkið, en um það get ég ekki sagt. Það er ekki hægt að fara fram á það við listamanninn, að hann geri áætlanir um kostnað verksins, meðan ekkert er ákveðið um framkvæmd þess. Ég vil taka það fram, að þetta minnismerki mundi verða tiltölulega kostnaðarlítið í erlendum gjaldeyri, þar sem líklega allt nema sverðið mundi verða úr höggnu grjóti, en hvaða steintegund það yrði, veit ég ekki um. Ég þóttist vita, að verkið mundi kosta meira en 15 þús. kr., en tók tölu, sem gæti verið nóg til að byrja með. Vafalaust yrði það helmingi hærri upphæð, sem þyrfti til þess að ljúka verkinu.

Ég kem þá að hinu atriðinu, sem hv. þm. Dal. vék að í spaugi, en það er að gera grafhellur á leiði þriggja stórskálda. Ég get hugsað mér, að sumum hv. þm. og öðrum, sem hér eru inni, þyki furðulegt að heyra það, að ég hef á þessu ári átt tal við tvo unga og greinda menn hér í Reykjavík, sem báðir höfðu gengið í skóla og tekið próf, en annar þessara manna, sem er frá góðu heimili í Reykjavík, hafði aldrei heyrt Hannesar Hafstein getið, hvorki sem skálds né stjórnmálamanns, og hinn ungi maðurinn hafði aldrei heyrt nefndan Bjarna frá Vogi. Ég er ekki að segja það, að nauðsynlegt sé, að allir viti einmitt um þessa tvo menn. En ég veit, að hv. þm. skilja það, að þegar það kemur þráfaldlega fyrir, að unga kynslóðin er eins og alveg slitin frá öllu fyrra lífi þjóðarinnar, þá er það ekki æskilegt. Ég held, að það sé fullkomlega ástæða til þess að tengja saman æsku landsins og liðinn tíma. Ég hygg, að ástæðan til þess, að svona er komið, sé sú, að ákaflega mikið af æsku landsins gengur skóla úr skóla og lærir margar kennslubækur, en hefur ekki tíma til þess að fylgjast með lífinu í landinu þar fyrir utan. Ég hygg, að það sé háskalegt fyrir framtíð, ef ekki er úr þessu bætt.

Það hefur nú þegar verið varið mörgum millj. kr. til þess að prýða Bessastaði og gera þá að myndarlegu heimili forsetans, en gröf Grims Thomsens hefur verið vanrækt. Það hefur ekki verið hugsað um það, að þarna hvílir eitt bezta skáld landsins, sem lifað hefur. Á gröfinni er gamall og lágur legsteinn. Það er sýnilegt, að þarna hefur verið hugsað um framtíðina, en það hefur ekki verið hugsað um það, að framtíðin heiðri þá gröf, sem þarna er einna frægust.

Þegar kemur norður í Skagafjörð, í Miklabæjarkirkjugarð, þar sem Bólu-Hjálmar er grafinn, hefur ekki tekizt betur til en svo, að gröf hans hefur eiginlega týnzt. Það var ekkert gert til þess að minna á hana, en á síðustu árum tók sig til mjög merkur fræðimaður í Skagafirði og staðsetti gröfina og setti merki á hana. Þá var veitt heimild til þess að setja minnismerki á gröfina, en sú heimild var ekki notuð. Mér datt í hug að lesa, með leyfi hæstv. forseta, vísu, sem Bólu-Hjálmar gerði um sína væntanlegu gröf. Hann byrjaði sitt kvæði svona, eins og hann hefur líklega hugsað sér, að væri grafið á legstein á gröf hans, ef hann yrði nokkur:

„Hér er grafið hjábarn veraldar
eitt, sem þunginn ævidaga þjáði,
augnablikið taldi hvert á láði
heim að ná til hvílu þessarar.
Það er Hjálmar heitinn arfi Jóns,
sem hér eirir andláts bundinn fjötrum".

— Og svo fer tónninn að verða nokkuð beiskari. Það er auðséð, að Bólu-Hjálmar hefur litið á gröfina sem takmarkið, og hann virðist hafa talið hvert augnablik, þar til hann kæmist þangað. Það er ekki til mikils mælzt, þó að farið sé fram á það, að gengið verði þannig frá gröf þessa skálds, sem þjóðin hafði ekki ástæður til þess að hugsa um, meðan það lifði, að hún týnist ekki aftur. Skáldið virðist einnig sjálft hafa lagt mikið upp úr því, að hinn endanlegi verustaður hans týndist ekki.

Um Bjarna Thorarensen, fyrsta merka skáldið í nýjum sið á Íslandi, hefur einnig verið mjög hljótt að þessu leyti. Það er meira að segja ekki alveg vissa fyrir því, að sú gröf í Möðruvallakirkjugarði, sem álitin er vera hans legstaður, sé sú rétta. Það er álitið, að grafa þurfi niður að kistunni til þess að leita að

silfurskildi, sem á að vera á henni, til þess að fá vitneskju um þetta. Þessi till. mín stefnir í þá átt, þó að lítil sé, að vita, hvort hæstv. Alþ. sé sammála þeim aldaranda, sem nú er að slíta nokkurn veginn bandið við fortíðina. Þetta gera menn ekki að öðru leyti. Ég hef séð það, að bókaútgáfufyrirtæki hér hefur gefið út ljóðmæli Jónasar Hallgrímssonar fjórum sinnum. Það lítur út fyrir, að þjóðin kaupi þessar bækur. Þess vegna held ég, að menn þurfi ekki eingöngu að líta á hina stóru bókaskápa, eins og t. d. hjá hv. þm. Dal., heldur er það svo, að þjóðin heldur upp á skáldin og þeirra bækur og hefur áhuga fyrir þeirra ævisögum, þ. e. a. s. þeir menn, sem nokkuð fylgjast með. Nú er það svo, að sá liður á fjárl., sem ætlaður er til skálda og listamanna, er að tiltölu hærri á okkar fjárl. en hjá öðrum þjóðum, og ég vil fullyrða það, að þau skáld, sem koma til greina við úthlutun þess fjár, eru ekki skáld, sem á nokkurn hátt eru sambærileg við nokkurn af þessum þremur mönnum, sem um getur í till. minni. Það er mála sannast, að þau skáldalaun, sem nú eru veitt, eru tilheyrandi fornum tíma. Þau voru virðingarverð tilraun til að styrkja skáldin, þegar erfitt var að hafa peninga upp úr skáldskap. Nú fá sumir rithöfundar okkar um 50—60 þús. kr. fyrir eina bók frá bókaútgefendum. Það er ágætt, að þeir fá fé fyrir sína vinnu. En ég verð að segja það, að það eru mikil missmíði á því, ef ekki er hægt að skilja á prýðilegan hátt við helztu stórskáldin okkar, vegna þess að endilega þurfi að veita svo miklu meira fé til okkar skálda, sem nú lifa og sum eru þýðingarmikil, en þó mikill meiri hluti þýðingarlaus. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, vegna þess að þessar till. eru fram komnar til þess að fá úr því skorið, hvort það er bara yngri kynslóðin, sem ekki kann faðirvorið eða þekkir nöfnin á helztu mönnum sögunnar.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 481, sem ég stend einn að. Ég skal játa það, að þessi brtt. er til hækkunar á fjárl., ef samþ. verður, en ég þóttist ekki geta komizt hjá því að flytja hana, sérstaklega með tilliti til þess, ef svo ólíklega skyldi fara, að till. á sama þskj. frá hv. 5. þm. Reykv. yrðu samþ. Ef till. þessa hv. þm. verða samþ., verður höggvið stórt skarð í hluta míns kjördæmis, þar sem lagt er til í þeim að fella niður styrk til bæði sjúkrahúss og heimavistarskóla á Akureyri. En hér er um nýja brtt. að ræða, sem er um það, að við 13. gr. A. III komi nýr liður: Glerá við Akureyri, gegn ⅓ framlags frá Akureyrarkaupstað 210 þús. kr. Þetta mál liggur öðruvísi út en venja er til, þannig að héraðið leggur fram fé á móti ríkissjóði. Akureyrarkaupstaður leggur fram 100 þús. kr. á fjárhagsáætlun sinni fyrir árið 1949 til þess að byggja nýja brú yfir þessa á, sem kemur til með að tengja Glerárþorp við Akureyri á hagkvæmari hátt en áður, en Glerárþorp mænir nú vonaraugum eftir því að geta samtengzt Akureyri. Akureyrarbær hefur sýnt, að hann leggur áherzlu á að fá þessa brú og um leið breytingu á vegakerfinu frá því, sem nú er. Nú vita allir það, sem til þekkja, að brú er á Glerá, en hún er upp undir Gljúfrum á mjög óheppilegum stað, því að í fyrstu snjóum kyngir þar niður mikilli fönn, svo að þar stöðvast flutningar alltaf fyrst. Auk þess fara menn heldur göngubrúna niður á eyrunum, því að það er óþægilega langur gangur að fara þessa gömlu brú. Það er sótt mjög fast að fá þessa nýju brú, og hugsað er að breyta þjóðveginum og fá hann í beinni línu gegnum Glerárþorp og um þessa nýju brú inn í Akureyrarkaupstað. Ég hef farið fram á það við vegamálaskrifstofuna, að geta fengið kostnaðaráætlun um hvort tveggja brúna og veginn. Nú kemur mér þessi vegur ekki beint við, þar sem hann tilheyrir ekki mínu kjördæmi, en kostnaður við þennan vegarkafla er áætlaður 250 þús. kr. Kostnaður við að byggja þessa brú er áætlaður 320 þús. kr. Ég hef þess vegna leyft mér að fara fram á það, að ríkissjóður leggi fram 210 þús. kr. á móti ⅓ hluta frá Akureyrarkaupstað til þessarar brúar yfir Glerá. Ég hef svo í raun og veru ekki meira um þessa till. að segja.

Ég á hér aðra till., á þskj. 494, ásamt hv. þm. Str., hv. þm. Ísaf. og hv. 6. þm. Reykv. Sú till. fer fram á greiðslu til Tónlistarfélagskórsins upp í ferðakostnað til Danmerkur á s. l. sumri, 25 þús. kr. Hv. fjvnm. er kunnugt um þetta mál og tildrögin til styrkbeiðninnar, því að fyrir henni lá beiðni um þennan styrk, en var fellt í n. Tónlistarfélagskórinn leggur nokkuð mikið upp úr því að geta fengið leiðréttingu á sínu máli, þar sem kórinn var fenginn að tilstuðlan þess opinbera til þess að fara á söngmót til Danmerkur. Kórinn fékk bæði fararog gjaldeyrisleyfi fyrir tilmæli ríkisstj., og auk þess var honum veittur 20 þús. kr. styrkur strax, til þess að förin ekki heftist. Enn fremur hafði borgarstjórinn hér gefið vilyrði fyrir einhverju upp í greiðsluna. Kórinn stendur fast á því, að hann hafi farið þessa ferð í því trausti, að hann mundi fá beinan ferðakostnað greiddan og að kórfélagar þyrftu ekki að greiða annað en það, sem svaraði til eyðslueyris utanlands, en ferðin tók lengri tíma en fyrirhugað var, af óviðráðanlegum orsökum. Við, þessir 4 þm., höfum því leyft okkur að leggja fram brtt. um, að þetta verði leiðrétt, og óskum við eftir því, að hæstv. Alþ. sjái sóma á þeim, sem hér eiga hlut að máli, og greiði þessar 25 þús. kr.

Ég þarf svo ekki að orðlengja meir. Ég fer ekki í neina lúsaleit um fjárlfrv. yfirleitt, ekki heldur um till., sem fram hafa komið. Það má ýmislegt að því finna, en ég hygg, að þar sé þó fleira vel gert frá n. hálfu, því að við marga og mikla örðugleika mun vera að stríða, þar sem ekki var hægt að koma frv. saman með minna en 28 millj. kr. greiðsluhalla. Hins vegar er fyrir mér eins og öðrum, að við treystum okkur ekki til að koma með neinar sparnaðartill., heldur komum með till. lítið eitt í hækk-

unaráttina, og verð ég að biðja afsökunar á því.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að tala um fjárlfrv. í heild, heldur til að mæla fyrir örfáum brtt., sem ég hef flutt.

Í fyrsta lagi er IV. brtt. á þskj. 481 við brtt. meiri hl. fjvn., að framlag til Hafnarfjarðarhafnar hækki úr 150 þús. í 300 þús. Ástæðan fyrir þessari till. er sú, að þessi framkvæmd í Hafnarfirði, hafnargerðin, er mjög þýðingarmikil fyrir það byggðarlag, þar sem það á alla sína framtíð undir, hvernig tekst með þá framkvæmd. Fjvn. hefur látið meira til annarra byggðarlaga, sem hafa þó mun minni mannfjölda, en mér virðist sjálfsagt, að Hafnarfjörður fái þann styrk, sem látinn er hæstur til hafnargerðar, 300 þús., eins og látið er til Akraness.

Þá á ég brtt. um það, að veittar verði 5 þús. kr. til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði. Ástæðan er sú, að í Hafnarfirði starfar fulltrúaráð verkalýðsfélaganna eins og víða annars staðar. Þetta fulltrúaráð hefur lesstofu, sem það starfrækir eins og önnur fulltrúaráð. Hins vegar hefur fjvn. ekki fundið ástæðu hjá sér til að styrkja þessa starfsemi, eins og hún gerir víða annars staðar, eins og í Reykjavík. Þess vegna er sanngjarnt, að til þessarar starfsemi verði látin renna ákveðin upphæð. Hér eru til teknar 5 þús. kr.

Þá á ég loks brtt. um það, að styrkur til Leikfélags Hafnarfjarðar verði hækkaður úr 3 þús. kr. í 6 þús. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, að Alþingi og fjvn. skuli hafa með till. sínum lagt til, að veittar verði 3 þús. kr. til þessarar starfsemi, en það er að sjálfsögðu ekki stór skildingur nú. Starfsemi þessa félags er mjög þýðingarmikil fyrir þetta byggðarlag eins og annarra leikfélaga. Meiri hl. fjvn. leggur til, að Leikfélag Akureyrar fái 6 þús. kr. Leikfélag Hafnarfjarðar vinnur eins mikið menningarstarf, og ég tel því sanngjarnt, að það fái sama styrk.

Ég er meðflm. ásamt tveimur öðrum hv. þm. að annarri till. Hún verður skýrð af öðrum, svo að ég get látið það nægja, sem ég hef sagt.

Eiríkur Einarsson: Nafn mitt stendur við þrjár brtt., sem hér liggja fyrir. Er ég þar meðflm. hv. 1. þm. Árn. Það er svo, að við höfum hugsað okkur að láta þessar till. ekki koma til atkv. við 2. umr., heldur við 3. umr. Fyrsta till. er um framlag til sjóvarnargarðs á Stokkseyri, önnur er um styrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, sú þriðja er um að gera alfaraveg um Selfosskauptún. Þetta eru till. Þær eru teknar aftur til 3. umr. En með því að þeim er ekki ætlað að koma undir atkv. nú, heldur að taka þær aftur til 3. umr., þá vil ég af minni hálfu láta svo vera og gera grein fyrir þeim við þá umr. og falla því frekar frá orðinu nú.

Svo geta aðrir talað.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér aðeins eina brtt., sem ég er 1. flm. að, á þskj. 488, og langar mig til að ræða um hana með nokkrum orðum og gera grein fyrir henni. Hún er þess efnis að hækka fjárveitingu til Skagfirðingabrautar úr 85 þús. kr. í 120 þús., en til vara 100 þús. kr. Ástæðan til þess, að þessi hækkunartill. er fram borin, verður tæplega skýrð án þess að gera stuttlega grein fyrir þeirri vegagerð, sem þarna hefur farið fram. Þessum vegi er ætlað það hlutverk, að vera aðalleið úr öllum framhluta Skagafjarðar vestan Héraðsvatna. Fyrir fáum árum náði þessi vegur aðeins fram að Mælifelli, þ. e. a. s. sá hluti hans, sem hægt var að telja vagnfæran. Þar tóku við víðáttumiklar hallandi mýrar á margra km svæði, sem jafnframt voru þannig, að mikil þörf var að ræsa þær fram til ræktunar. Af forustumönnum héraðsins var því unnið að því að sameina framræslu og vegagerð, að þetta gæti farið fram hvort tveggja í einu til að greiða fyrir þessu máli. Þetta tókst. Vegarstæðið var ákveðið með hliðsjón af hvoru tveggja, framræslu og þörf heimilanna fyrir vegi. Ég tel, að allir séu á einu máli um, að það hafi verið mikill ávinningur fyrir vegagerðina og framræsluna og þá búendur, sem þarna eiga hlut að máli. Svo var fengin skurðgrafa til að vinna aðalverkið. Skurðurinn var grafinn svo djúpur, að gröfturinn nægði alveg til að fá hæfilega undirbyggingu í veginn. Þar næst var jarðýta sett á ruðninginn til að jafna hann og undirbúa undir malarburð. Hygg ég, að þetta sé fyrsti vegurinn, sem lagður er hér á landi með slíku samstarfi milli skurðgröfu og jarðýtu. Þetta hefur heppnazt ágætlega; vegurinn er prýðilegur, það, sem búið er af honum. Kostnaðinum við skurðgröftinn og vegagerðina var jafnað þannig, að vegagerðin og landeigendur hafa komið sér saman um menn til að meta kostnaðinn, og ég held, að óhætt sé að segja, að báðir hafi verið vel ánægðir með þá útkomu, samanborið við það, ef hvor hefði átt að bera kostnaðinn einn. Þetta er aðalaðdragandinn. En það varð að halda verkinu áfram, þó að fjárveitingin hrykki ekki fyrir greftinum. Það var ekki hægt að flytja gröfuna burt, því að það mátti búast við, að þeir, sem fengju hana, yrðu ekki reiðubúnir til að sleppa henni aftur, þegar hentaði að fá hana aftur til vegagerðarinnar. Þess vegna var það fyrir milligöngu okkar þm. Skagf., að upp úr áramótunum 1947 fékkst samþykki ríkisstj. til þess, að hreppurinn mætti leggja fram fé sem vaxtalaust lán til að þoka veginum áfram. Þetta hefur verið gert. Unnið hefur verið samfellt að greftinum, en að jöfnun á ruðningnum var unnið eftir því, sem fé var fyrir hendi. Nú er búið að grafa það, sem grafa þarf. Aðeins er eftir að ganga frá síðasta kaflanum, þ. e. a. s. það er búið að ganga frá honum að öðru leyti en að malbera hann. Vegamálastjóri áætlaði kostnaðinn 75—85 þús. kr. að fullgera þennan vegarkafla, svo að vegurinn komi að fullum notum, en það er sama upphæð og fjvn. leggur til í till. sínum.

Þá er þess að geta, að af því að unnið var svona stöðugt, er svo komið nú, að vegagerð ríkisins skuldar Lýtingsstaðahreppi 136 þús. kr., sem þeir hafa lagt fram og er vaxtalaust lán. Með þeirri fjárveitingu, sem fjvn. leggur hér til, er því um annað tveggja að ræða, að ekkert verður unnið að veginum á þessu ári, en fjárveitingin verður að ganga upp í þá skuld, sem myndazt hefur, eða þá, sem ég tel vegna allra aðstæðna enn meira aðkallandi, að þessi partur, sem eftir er, verði malborinn, lokið við hann, svo að hann verði fær og vegurinn komi að fullum notum og að jafnframt verði lagt fram nokkuð ríflega fé til þessa vegar, til þess að þeir, sem hafa lagt þarna fram fé, fái nokkra endurgreiðslu upp í sitt framlag. Mér virðist það eðlilegt, og okkur þm. hefur þess vegna komið saman um að bera fram till. um nokkra hækkun til þessa vegar, því að við treystum því, að bæði hv. fjvn. og aðrir viðurkenni dugnað, áhuga og fórnfýsi þessara manna, sem þarna hafa unnið að, með því að hækka þessa fjárveitingu. Vegamálastjóra bárust ekki öll gögn í hendur í þessu máli snertandi þennan veg fyrr en nú fyrir skömmu, og mun hann þá hafa verið búinn að senda fjvn. till. sínar. Mér er þess vegna nær að halda, að það hefði getað farið svo, ef þessi gögn hefðu verið komin, að till. hans hefðu orðið á annan veg, ef hann hefði haft fullt yfirlit yfir, hvernig sakir stóðu. Loks vil ég minna á, að þeir bændur, sem þarna eiga hlut að máli, eru sauðlausir nú sem stendur, og þeirra einu afurðir eru mjólk, sem þeir verða að sjálfsögðu að koma daglega á sölustað. Til þess að þetta gæti orðið, hafa þeir orðið að fara umræddan vegarkafla í vetur, eftir að fraus, þó að hann sé ekki malborinn, til þess að geta komið mjólkinni á markað, en það er þeim lífsnauðsyn. Í vetur var þannig tíðarfar, að þetta var hægt, það var lítið um blota eða skarpar hlákur. Vegurinn var því frosinn. Mér er sagt, að þetta hafi bjargazt mjög vel hingað til, en það hlýtur að verða mjög erfitt eða ógerlegt, þegar verulegar þíður koma, og verður það til mikils tjóns fyrir þá, sem hlut eiga að máli. Loks má benda á eitt, sem liggur í hlutarins eðli. Það fer enginn að leggja fram vaxtalaust lán á annað hundrað þúsund krónur í mörg ár, nema þeir telji, að sé mikils virði fyrir sig fjárhagslega. Þetta, sem ég hef greint frá, tel ég vera fyllilega rök fyrir þeirri hækkunartill., sem við þm. Skagf. höfum borið fram í sameiningu, og ég teldi sannarlega vel farið, ef hægt væri að færa jafngóð rök fyrir öllum þeim fjárveitingum, sem þingið verður að fjalla um, sem vissulega eru margar og miklar.

Ég á hér líka ásamt hv. samþm. mínum sem síðari flm. nokkrar fleiri brtt. Ég ætla ekki að ræða um þær. Hann mun mæla fyrir þeim, og ég þarf ekki neinu þar við að bæta þau rök, sem hann hefur fram að flytja fyrir þeim till.

Um aðrar till., sem fyrir liggja, eða frv. í heild sé ég ekki ástæðu til að ræða að þessu sinni. Það er tilgangslítið. Ég mun þess vegna láta nægja þá grg., sem kemur fram í atkv. mínu, þegar þar að kemur.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram ásamt hv. samþm. mínum brtt. á þskj. 488. Er þar fyrst að veita í þessa árs fjárl. 100 þús. kr. til vegar gegnum Selfosskauptún. Eins og hv. þm. vita, þá má þetta teljast alfaraleið. Um þann veg er ákaflega mikil umferð, sérstaklega að sumarlagi. Flestir, sem ferðast um Suðurland, leggja leið sína um þennan veg, og auk þess er þetta aðalsamgönguleið fyrir Rangárþing og Skaftafellssýslu vestri og að nokkru leyti Austur-Skaftafellssýslu. Slit á þessari leið er þess vegna ákaflega mikið, og vegurinn hefur undanfarin ár oft og einatt verið lítt fær sökum þess, hvað hann er ótraustlega gerður. Nú mun í ráði að endurbyggja þennan veg, en vegamálastjóri telur sér það ekki fært, því að það mun vera um það mikla endurbót að ræða, að það verður að fá sérstaka fjárveitingu til þess, því að það getur ekki talizt eingöngu vegaviðhald, sem þarf að gera veginum, heldur megi það teljast endurbygging. Aðalfarartálminn hefur oft verið á leiðinni frá kauptúninu og upp undir Ingólfsfjall, því að vegurinn er þar svo siginn, að hann er lægri en landið beggja vegna. Þess vegna safnast mikill snjór á veginn, og í vetur hefur það oft komið fyrir, að þótt vegurinn væri allvel fær um Ölfusið, þá hafa bílar strandað á þessum parti, frá Ingólfsfjalli og niður í Selfosskauptún. Auk þess þyrfti að endurbyggja veginn gegnum kauptúnið sjálft. Ég vil því mega vænta þess, þar sem svo brýn þörf er á þessari vegarbót, þá verði reynt að mæta þessari ósk, því að nauðsyn þessarar endurbyggingar er mikil.

Þá er önnur till., sem við þm. Árn. flytjum, fjárveiting til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði. Þessi kona er búin að koma skóla upp, en á ákaflega erfitt með að rísa undir þeim kostnaði, sem byggingin hefur í för með sér. Þessi skóli er fjölsóttur, hefur langoftast orðið að synja stúlkum um vist í skólanum sökum þess, hvað aðsóknin er mikil. Skólinn hefur einróma vitnisburð, að hinar ungu stúlkur hafi haft mjög gott af dvöl sinni þar. Þó segja megi, að hvert hár geri skugga viðvíkjandi fjárhagslegri afkomu ríkissjóðs, þá vil ég samt vona, að mönnum vaxi ekki svo í augum hver smáupphæð, þar sem þörfin er mikil fyrir þær og þær koma að verulega miklu haldi og mikils árangurs má vænta af þeim fjármunum, og það þori ég að fullyrða, að mundi verða um þá fjárveitingu, sem gengi til þessa skóla.

Þá flytjum við till. um endurbót á sjóvarnargarði á Stokkseyri, 12 þús. kr. Þetta verk er hafið og komið nokkuð áleiðis, en sjávarflóð fyrir nokkrum árum skemmdi garðinn, og góð nytjalönd liggja undir skemmdum, ef garðinum er ekki komið upp aftur. Ríkið á hér mikilla hagsmuna að gæta, það eru lendur ríkisins, sem þarna eru í hættu, og ég hygg, að þau verðmæti fari illa, ef ekki er reynt að sjá um

að koma upp garðinum það bráðasta, því að hann hefur varið þessar lendur mikið til fyrir skemmdum af sjávarflóðum. En fyrir nokkru kom svo mikið flóð, að það eyðilagði þennan garð á alllöngum kafla, og endurbyggingu hans er ekki nærri því lokið enn. Ég býst við, að þessi upphæð muni alls ekki nægja til að ljúka verkinu, en nokkuð mundi það þó þokast áleiðis, ef þetta fé fengist.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þessar till. Hv. samþm. minn mun hafa látið þau orð falla, að hann tæki allar þessar till. aftur til 3. umr., og hefur hann tjáð mér það. Það get ég fyrir mitt leyti fallizt á. Ég vænti þess, að hv. fjvn. athugi þær vel og leggi gott orð til, að þær nái samþykki Alþingis.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 497, og vil ég segja nokkur orð um hana. Hún er um að veita 150 þús. kr. til sandgræðslu í Öxarfirði. Þeir, sem hafa farið um Norður-Þingeyjarsýslu framan við Ásbyrgi á leið til Austurlands, minnast þess, að landið austan við Jökulsá og suður með henni er eitt fegursta gróðurland, sem er til á þessu landi. Þar er mikill skógur og sauðfjárland hið bezta, sem nokkurs staðar er hægt að finna á þessu landi. Nú hagar svo til, að þegar lengra kemur til suðurs, til Hólsfjalla, þá er þar gríðarstórt öræfasvæði, sem er að mestu, annars staðar en norðan til, upp blásið, og sést þar varla stingandi strá. En nyrzt á sandinum, sem kallaður er Hólssandur, er nokkurt svæði, þar sem enn er mikið sandfok og geysimiklar sandbirgðir til þess að fjúka yfir þetta góða land. Það munu vera nokkuð mörg ár síðan sandfok byrjaði þarna á þessum slóðum, en langörust hefur eyðileggingin verið nokkur síðustu ár. Þeir, sem kunnugir eru og hafa farið þarna um með stuttu millibili, sjá harla mikinn mun á því, hvað sandurinn færist lengra og lengra í áttina til bæjanna. Munu það vera eitthvað 8 bæir, sem eru í hættu vegna þessa uppblásturs, sem er ekki nema örfáa kílómetra frá einum eða tveimur þessara bæja. Hinir eru lítið eitt lengra í burtu. Á öllum þessum bæjum hefur verið ræktað og framkvæmd mikil nýrækt sums staðar, og á þeim öllum hafa verið byggð steinhús til íbúðar og á mörgum útihús líka. Væri þess vegna mjög ömurlegt, ef sandfokið væri látið halda áfram óheft á þessu svæði, sem á varla sinn líka á þessu landi. Á hverju ári er varið stórfé til þess að rækta nýja skóga, og væri ömurlegt til þess að vita, ef það land, sem þegar er gróið, þyrfti á sama tíma að verða fyrir eyðingu sandsins.

Ég náði ekki í sandgræðslustjóra fyrr en í morgun, og sendi hann mér nokkrar línur, þar sem hann mælir mjög með þessu og staðfestir margt af því, sem ég hef sagt. Hef ég afhent hv. form. fjvn. afrit af þessu bréfi. — Ég veit, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, og veit, hvað fjárhagur hans er illa kominn, svo að ég skil vel, í hve miklum vandræðum fjvn. er að reyna að finna leiðir til sparnaðar. Ég skil vel þessa afstöðu og finnst ég verða að biðja afsökunar á því að flytja þessa till., þegar ástandið er eins og það er, en get þó ekki látið hjá líða að gera það, enda er það gert eftir eindregnum óskum þeirra manna, sem þarna búa. Að sjálfsögðu yrði þetta mjög kostnaðarsamt. Sandgræðslustjóri hefur áætlað kostnaðinn 200 þús. kr., sem að vísu er ekki nákvæm áætlun, enda ekki hægt að vita um suma kostnaðarliði, t. d. flutning og slíkt. En ég fer ekki fram á meira en 150 þús. kr., því að fengist sú upphæð, yrði reynt að fá innanhéraðslán til þess að borga þetta, í þeirri von, að Alþ. kynni síðar að veita styrk til þessarar sandgirðingar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að þetta fái góðar undirtektir hjá hv. þm.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér hafa sýnzt svo þungar klyfjar á henni Skjónu og hef því ekki verið með því að flytja brtt. Hins vegar eru tvö atriði í nál. minni hl., sem gera það að verkum, að ég bið um orðið. — Fyrra atriðið er í sambandi við það, sem n. gat ekkert vitað um, þar sem hún ræðir um viðtækjaverzlunina og útvarpið og hefur eftir sparnaðarnefnd, að hún hafi lagt til að skilja þetta að. Meiri hl. var með þessu, en minni hl. á móti, og eru það fleiri atriði, sem frá sparnaðarnefnd komu, sem þannig er ástatt um. En síðasti fundurinn, sem átti að halda, þegar gera átti þetta upp, hefur ekki verið haldinn, þannig að það litur svo út sem nefndin hafi verið þarna samstæð, en 2 af 6 nm. voru þarna á móti. Þetta vildi ég láta koma fram, til þess að við, sem vorum í minni hl., við Magnús Björnsson, værum ekki taldir þar með meiri hl.

Hitt atriðið er í sambandi við ummæli meiri hl. fjvn. á bls. 10—11 í nál., þar sem talað er um mat á húsaleigu opinberra embættismanna og farið allhörðum orðum um ríkisskattanefnd fyrir það, að hún hafi ekki metið þetta nægilega hátt. Nú má að sjálfsögðu alltaf deila um það, hvað sé nægilega hátt mat á húsaleigu, sem t. d. ríki og bæir leggja til embættismönnum. Ég skal ekkert um það segja, hvort okkur hefur tekizt að meta þetta rétt. En hitt vil ég fullyrða, að við höfum sett í það geysimikið samræmi, sem metið hefur verið af yfirskattanefnd, en það hefur komið svo misjafnt í okkar hendur, að sama húsnæði hefur verið metið allt að tólf sinnum hærra á einum stað en öðrum, og okkar starfssvið hefur verið að samræma þetta. Sums staðar hefur munurinn verið svo mikill, að t. d. ágæt íbúð, sem kennari hafði, var metin mun minna kennaranum til tekna yfir árið en íbúð, sem símstöð hafði, er hafði eina litla kompu, sem menn töluðu í. Í svona tilfellum höfum við reynt að koma á samræmi, og víðast hvar hefur matið verið hærra, þegar það fór frá okkur en það var, þegar það kom til okkar. Það eru aðeins undantekningar, þar sem það hefur lækkað. Ég er þess vegna ekki viss um, að eins mikið ósamræmi sé í þessu og fjvn. vill láta líta út á bls. 10—11 í nál. sínu.

Það var þetta, sem gaf mér tilefni til að standa upp, og einungis þetta.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 31. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 1. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 54, n. 461, 470 og 472, 460, 468, 479, 481, 488, 494, 497, 517).

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það hefur ekki verið mín venja á tveimur undanförnum þingum að taka mikið til máls hér við umr. fjárl. En að þessu sinni tel ég rétt að segja hér nokkur orð, m. a. að gefnu tilefni. Það komu fram í framsöguræðu hv. form. fjvn. orð, sem ég tel rétt að svara. Ég vil byrja á því að geta þess, að ég gat því miður, af eðlilegum ástæðum, ekki fylgzt með allri hans framsöguræðu. En ég fylgdist með upphafi ræðunnar, og sá hluti ræðunnar gefur mér tilefni til þess að segja nokkur orð. Hv. frsm. byrjaði með nokkrum setningum, sem hann vildi túlka sem skoðun fjvn. um það, á hverju hún byggði sínar till. í höfuðatriðum, og fór þar út í pólitískar fullyrðingar um stefnu þessa eða hins flokksins, sem ég tel, að ekki hafi átt við undir þessum kringumstæðum, þar sem hann í fyrsta lagi var málsvari 7 manna í nefnd sem meiri hluta nefndar, og það, sem hann sagði í þessu sambandi, sem ég gat um, kom þess vegna ekki því við, sem honum var falið að flytja sem frsm. meiri hl. n. Ég ætla ekki að fara að rökræða við þennan hv. þm. um þær pólitísku deilur, sem flokkarnir kunna að hafa í þeim vandamálum, sem nú liggja fyrir og eru vandamál þjóðarinnar. En ég vil fyrir mína hönd og míns flokks mótmæla hans skoðunum, sem fram komu í þessu efni, sem algerlega óviðeigandi og sumpart villandi og sumpart röngum. Honum þótti það við eiga að kasta til mín nokkrum hnútum fyrir það, sem hann talaði um, að einn fulltrúi stjórnarflokkanna léti bóka. En eins og sjá má af nál. meiri hl. n., þá lét ég bóka á þá leið, að „Sigurjón Ólafsson óskar tekið fram, að hann sé ekki samþykkur meiri hl. n. um ýmsar brtt., sem hann flytur." Og þetta er það vægasta, sem ég gat látið bóka í þessu efni. En mér fannst ekki ástæða til þess fyrir hv. frsm. fjvn. að stimpla mig sem einhvern andstöðumann einhverrar stefnu innan n., en þetta kom óbeint fram í hans ræðu, að ég væri á móti öllu því, sem lyti að sparnaðarviðleitni innan fjvn. Þessu vil ég mótmæla. Ég hef bókað við hverja einustu atkvgr. mína afstöðu til hinna ýmsu till., sem fram komu í n. En ég tel ekki rétt að þreyta hv. þm. með því að taka fram, hverjum einstökum till. ég var með eða móti og við hvaða atkvgr. um till. ég sat hjá. En eftir að till. sparnaðarnefndar voru lagðar fram í n., reyndi ég í flestum ef ekki öllum tilfellum að fylgja fram hennar till. um sparnaðarviðleitni. Ég undirstrika þetta. En þar, sem lengra var gengið en n. sú lagði til, því var ég á móti. Og ég byggði mína afstöðu og skoðun í því efni á því, að sparnaðarnefnd var þannig skipuð mönnum, að form. n. var skrifstofustjóri í fjmrn., tveir aðrir nm. skrifstofustjórar í félmrn. og atvmrn. og svo aðalbókari og yfirskoðandi reikninga ríkisins, Björn Árnason. Þessir fimm menn tel ég að ættu að hafa þá þekkingu til að bera, að það mætti nokkuð leggja upp úr þeirra sparnaðartill. Og ég taldi mér ekki annað fært en að vera með þeim till., sem þessir menn lögðu til. En þegar fjvn. sá ástæðu til að fara lengra í sparnaðartill. en sparnaðarnefndin gerði, vildi ég ekki lengur vera með. Og það er það líklega, sem hv. form. og frsm. fjvn. á við, þegar hann segir, að ég hafi verið á móti öllum sparnaðartill. nefndarinnar.

Ég vil geta þess, að nokkur hluti fjvn. ákvað að tilkynna ríkisstj., að sá hluti n. mundi leggja til hækkun á framlagi til verklegra framkvæmda, sem næmi 10 millj. kr. Þetta út af fyrir sig skal ég ekki gera hér að umræðuefni, þó að ég verði að játa, að það kenni nokkurrar bjartsýni hjá þeim hluta n., sem að þessu stóð, um fjáröflun hjá ríkissjóði til þess að standa undir þeim kostnaði, sem sú hækkun fjárlaganna hefði í för með sér. En eftir að þetta er gert, þá skilst mér, að ætlunin sé sú að skera niður á ýmsum liðum fjárlaganna, fyrir utan verklegar framkvæmdir, sem e. t. v. mætti láta líta svo út á pappírnum, að mætt gæti þeim till., sem n. hugsaði sér að gera til hækkunar á gjöldum fjárl. Og ég taldi, að fjvn. gengi svo freklega til verks í þessu efni, að þetta yrði ekki annað en blekking ein. Þegar gert er ráð fyrir að skera niður útgjöld í sambandi við skrifstofuhald, þá munu þeir álíta, sem kunnugir eru þessum málum, að engin leið sé að ætlast til þess, að skrifstofur geti framkvæmt þennan sparnað, hvort sem um er að ræða skrifstofur ráðuneytanna eða aðrar opinberar skrifstofur. Þetta var nánast viljayfirlýsing hjá þessum mönnum, sem þarna kom fram, en ekki till., sem byggjast á raunhæfum staðreyndum. Og ég margsagði í fjvn., að ég teldi, að n. væri að blekkja sig með því að koma með sparnaðartill. á pappírnum, sem ekki gætu staðizt í framkvæmd, heldur kæmi það, sem þar væri sagt, að ætti að spara, bara fram sem útgjöld á aukafjárlögum, sem síðar yrðu að samþykkjast af Alþ. Þar greindi mig á við meiri hl. n., og einstakir hv. nm. hafa e. t. v. séð, að þetta var rétt, að hér ætti að gera lækkunartill., sem meir mundu vera till. á pappírnum en till. um raunverulegan sparnað.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram af hæstv. fjmrh., þá var því, eins og kunnugt er, skilað með rúml. 396 þús. kr. greiðslujöfnuði og með rekstrarafgangi upp á rúml. 27 millj. kr. Í meðferð n., eins og kunnugt er, er niðurstaðan allt önnur, þó að rekstrarhallinn sé að vísu ekki nema 222 þús. En greiðsluhallinn er upp á 28 millj. kr. M. ö. o. að í meðferð n. hefur fjárlagafrv. tekið þessum stórkostlegu breyt., sem þessu nemur. Nú skal ég játa, að sumar till., sem gera þennan mismun, eru ekki óeðlilegar. En það má deila um sumar aðrar. Við-

víkjandi hækkunartill. um verklegar framkvæmdir, þá skil ég vel þann vilja hjá hv. nm. og e. t. v. mörgum öðrum hv. þm., að æskilegt sé að geta haldið uppi verklegum framkvæmdum í sama horfi eins og til var ætlazt í síðustu fjárl. Hins vegar verður maður að taka fullt tillit til fjárhagsgetu ríkissjóðs. Og nú er, eins og allir vita, þetta þannig, að þessi greiðsluhalli liggur fyrir, ef allar brtt. fjvn. verða samþ. En það liggur enn ekki fyrir stafkrókur um það, hvernig á að mæta þessum greiðsluhalla. Og ég held, að ég og fleiri innan fjvn. hafi orðið þess varir hjá hæstv. fjmrh. og fleiri hæstv. ráðh., að tekjulindir væru svo uppausnar, að erfitt væri að mæta þessum mismun, sem hér er um að ræða. Ég ætla ekki að deila á mína samþm. í sambandi við þetta, nema ég tel, að hér hafi verið mjög ógætilega farið að í hækkunum og sumar lækkunartill. séu mjög óvarlegar. — Ég vildi að gefnu tilefni láta þessa mína skoðun koma fram. Hins vegar verður það á valdi hæstv. Alþ., hvernig það tekur undir þær brtt., sem fjvn. flytur. Ég lýsti yfir í n., að ég mundi greiða atkv. á móti þeim brtt. fjvn., sem ég hefði verið andvígur í n., og virtist mér, að ekkert væri haft við það að athuga. Hins vegar er það alveg óþarfi að brýna Alþfl. með því, að hann sýni hér eitthvert andvaraleysi og þrjózku gagnvart sparnaði. Það tel ég í raun og veru sagt alveg út í loftið. Ég býst við, að innan Alþfl. sé fullkominn vilji fyrir því, að þar, sem með rökum er hægt að benda á, að hægt sé að spara, þá muni hann fyllilega taka undir það að spara eins og hver annar flokkur hér á Alþ. Hins vegar hef ég mína skoðun um það, hvar sé hægt að spara og hvar ekki, eins og sakir standa nú. — Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að telja upp einstakar brtt. Ég mun láta það koma fram við atkvgr., hverjum þeirra ég er með og hverjum ég er móti. Og það hefur komið fram hjá öðrum hv. þm., svo sem hv. 5. þm. Reykv., að hann var heldur ekki sammála fjvn. í höfuðsjónarmiðum. Og mér var vel kunnugt um það, þó að hann hafi ekki gert þennan ágreining eins og ég, að það var svo um margar þær till., sem áttu að miða til sparnaðar, sérstaklega á skrifstofuhaldi, að hann greiddi ekki atkv. um þær. Ég var þar kannske frekari, þar sem ég greiddi sumum þeirra mótatkvæði.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessar umr. og ekki láta því ómótmælt, sem hv. frsm. fjvn. bar mér á brýn. Ég hygg, að ég hafi ekki minni ábyrgðartilfinningu fyrir hag ríkissjóðs en hv. frsm. fjvn., því að ég varð ekki annars var en a. m. k. þegar til atkvgr. í fjvn. voru mál, sem hann taldi vera hagsmunamál síns kjördæmis, að þá var ekki af hans hálfu skorið neitt niður. Og svona mætti lengi telja. — Mun ég svo ekki taka aftur til máls við þessar umr., nema sérstakt tilefni gefist til.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. kom til valda, þá gerði hún það, sem eðlilegt var, að hver stjórn geri á þeim tímamótum, að hún lýsti því yfir við þjóðina, hvers vænta mætti. Hún samþykkti allýtarlega stefnuskrá og birti hana, svo sem vera bar, öllum landslýð. Þessari stefnuskrá var m. a. birt í Alþýðublaðinu 6. febr. 1947. Að sjálfsögðu er það svo, að hver ríkisstj. hlýtur að áskilja sér nokkurn tíma til þess að framkvæma sína stefnuskrá. Og vissulega er það einmitt svo, að í hvert skipti, sem fjárlög eru samin, þá ætti í þeim að mega finna vitnisburð um þá áfanga, sem ríkisstj. ætlar að ná í það og það skiptið. Og í samræmi við þessa skoðun hlýt ég að lesa þá fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Og satt að segja virðist mér lítið bóla á því, að hæstv. ríkisstj. sé með þessu frv. að reyna að ná einhverjum áfanga, sem boðaður er í þeirri stefnuskrá, sem birt var 6. febr. 1947 í Alþýðublaðinu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég mega tilfæra hér nokkur orð úr þessari stefnuskrá. Þar segir svo: „Ríkisstj. telur, að á meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þurfi að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavalds, svo að þær verði gerðar eftir fyrir fram saminni áætlun, þar sem einkum sé lögð áherzla á", — og svo kemur áttundi liðurinn þannig: „Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa." — Það er ekki grunnt tekið í árinni, það á að útrýma húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu.

Nú væri ástæða til að ætla, að einmitt á þessu sviði stæði hæstv. ríkisstj. á næsta góðum grundvelli, því að svo vill nú til, að fyrir frumkvæði fráfarandi ríkisstj. hefur verið sett ný löggjöf um húsnæðismálin í landinu, löggjöf um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, 1. frá 7. maí 1946. Í þeim lögum var safnað saman öllum eldri ákvæðum varðandi byggingu verkamannabústaða og starfsemi byggingarsamvinnufélaga, og ákvæðin um þetta hvort tveggja voru bætt að verulegu leyti. Loks var algert nýmæli í lögunum, nýmæli, sem stefndi að því að fela sveitarfélögum, þar með kaupstöðum og kauptúnum, að útrýma heilsuspillandi húsnæði eftir fyrir fram gerðri áætlun, og var til þess ætlazt, að þetta verk yrði unnið á fjórum árum. Þetta var III. kafli hinnar mjög svo merku löggjafar. Og þar var í 31. gr. gert ráð fyrir því, að ríkið lánaði til slíkra bygginga 75% af byggingarkostnaðinum til 50 ára með 3% vöxtum. Enn fremur, að ríkið legði fram 10% af kostnaði vaxtalaust lán til 50 ára og afborgunarlaust skyldi það vera fyrstu 15 árin. Og enn fremur, að ef byggingarfélög ákvæðu að afskrifa þau 15%, sem þau áttu sjálf að leggja fram í þessu skyni, þá var ríkisstj. heimilt að fella niður þetta 10% lán, sem sé að gera það að framlagi ríkisins. — Hér var vissulega ekki smátt stigið. Raunar benti ég á það, þegar lög þessi voru sett 1946, að þar vantaði að nokkru leyti grundvöllinn. Það var sem sé hvergi í lögunum gerð æskileg grein fyrir því, hvernig skyldi afla fjár til byggingarfram-

kvæmdanna. Ég taldi þá, að það yrði að lögbinda, að fjárframlag fengist til þess að byggja, einkum verkamannabústaði, og fjárframlag fengist einnig til þess að byggja hús á grundvelli þeim, er samvinnufélögin hafa lagt. Þessu var svarað hér á Alþ. eitthvað á þá lund, að það væri fjarstæða að ætla að skylda Landsbankann eða einhverjar fjármálastofnanir til þess að greiða svo og svo mikið fé, og svo væri allt í lagi. Þetta mál er ekki svo einfalt, að með þessu sé því fullsvarað. Hitt er ekki heldur hægt, að framkvæma þjóðarbúskap eftir áætlun á einu eða öðru sviði, nema sú áætlun taki til allrar fjárhagsstarfsemi þjóðarinnar. Það er nú þegar orðið ljóst flestum, ef ekki öllum, að til þess að hægt sé að koma einhverri áætlun í framkvæmd í þjóðfélaginu, þá verður að semja heildaráætlun og leggja fyrir heildarfyrirmæli um það, hvernig erlendum gjaldeyri skuli varið, hvernig hann skuli skiptast á milli þessara og hinna innflutningsgreina. Alveg sama máli gegnir að sjálfsögðu um hið innlenda fjármagn. Það verður engin áætlun framkvæmd, hvorki um byggingar íbúðarhúsa né annað, nema löggjafinn setji um það einhverjar reglur, hvernig bankarnir skipti því fjármagni, sem þeir hafa með höndum á hverjum tíma, á milli starfsgreina í þjóðfélaginu. Sem sé, sú áætlun um byggingar eða aðrar fjárfrekar framkvæmdir, sem ekki er byggð á þessum grundvelli, er byggð á sandi.

Nú skyldi maður ætla, í fullu samræmi við það, sem ég hef lesið úr stefnuskrá hæstv. ríkisstj. núverandi, að hennar fyrsta verk hefði verið að tryggja grundvöll undir löggjöf um byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, nefnilega tryggja hann þannig að tryggja fé til framkvæmdanna. En hæstv. ríkisstj. hafði annað að hugsa. Þann 24. marz 1948 voru afgr. á Alþ. lög um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga o. fl. Þar var fyrsta ákvæðið, að framkvæmd III. kafla laganna um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum skyldi frestað. Ríkissjóðurinn var þá leystur undan þeirri skyldu að lána fé til slíkra framkvæmda og til að leggja fram fé til slíkra framkvæmda, nema sérstök heimild kæmi til í fjárlögum hverju sinni. Jafnframt voru byggingafélög leyst undan þeirri skyldu að hafa áætlun um útrýmingu heilsuspillandi húsnæði á fjórum árum. Sem sé, framkvæmd laganna var frestað. — Nú kynni einhver að ætla, að þessi frestunarframkvæmd hefði verið byggð á því, að sýnt hefði þótt, að þörfin fyrir útrýmingu heilsuspillandi íbúða væri þverrandi. En staðreyndirnar tala allt öðru máli. Ég hef nýlega fengið í hendur skýrslu um húsnæði og byggingastarfsemi í Reykjavík 1928—47, sem er samin af hagfræðingi Reykjavíkurbæjar. Þessari skýrslu var útbýtt til bæjarfulltrúanna í Reykjavík í nóvember 1948. Þar er m. a. í þessari mjög fróðlegu skýrslu frá því skýrt, að 1946 hafi verið skoðaðar allar kjallaraíbúðir í Reykjavík. — Það eru til lög í þessu landi, ég held frá 1928, sem banna kjallaraíbúðir. En þær voru nú skoðaðar, og þær reyndust vera 1884 talsins. Skoðunarmennirnir flokkuðu þessar íbúðir eftir gæðum. Flokkunin reyndist þannig, að góðar töldust 13.4%, sæmilegar 36.5%. M. ö. o. þær, sem fá einkunnina sæmilegar eða betri, eru 49.9%. Einkunnina lélegar fá 37.7% og einkunnina mjög lélegar 7.9% og óhæfar 4.5%. Eða með einkunnina lélegar og þaðan af verri eru 50.1% þessara 1884 kjallaraíbúða. En það þýðir, að lélegar, mjög lélegar eða óhæfar kjallaraíbúðir í Reykjavík voru árið 1946 944. — Ég fullyrði, að á þessu ástandi hefur ekki orðið breyt. til batnaðar. Jafnvel þótt Reykjavíkurbær hafi leitazt við að tæma eitthvað af þessum verstu íbúðum og það meira að segja með því skilyrði, að þeim yrði lokað, þá hefur þetta ekki verið haldið. Þrátt fyrir þessi skilyrði hafa þessar íbúðir verið notaðar áfram, einnig þær lökustu. Ég hygg, að það megi slá því föstu, að milli 900 og 1000 kjallaraíbúðir séu notaðar í Reykjavík, sem verði að teljast lélegar, mjög lélegar eða óhæfar, sem sé íbúðir, sem ekki er æskilegt, að fólk búi í, og auk þess eru þær flestar heilsuspillandi og lítt hæfar til þess að ala upp í þeim hina komandi kynslóð.

Þá var 1946 og 1947 látin fara fram rannsókn á herskálaíbúðum í Reykjavík. Og samkvæmt manntali 1947 bjuggu í þeim árið 1947 2114 Reykvíkingar, þar af 836 börn. Nú þarf enginn að velta því fyrir sér, að þessar íbúðir eru allar slæmar. Það er að vísu greint frá því í skýrslu hagfræðingsins, að nokkrar, örfáar herskálabyggingar megi teljast góðar. En það er jafnvíst, að herskálabyggingar, sem gátu talizt góðar 1946, þegar skoðunin á þeim fór fram, þær eru flestar ekki góðar 1949, heldur lélegar eða óhæfar, því að járnið, sem á þeim er, ryðgar eða eyðist og rýrnar þannig með hverjum deginum sem líður. Ég tel því, að árið 1947 hafi 2114 Reykvíkingar búið í óhæfu eða lítt hæfu bráðabirgðahúsnæði. Á þessu hefur engin stórbreyting orðið síðan. Ef gert er ráð fyrir, að 944 kjallaraíbúðir séu notaðar í Reykjavík, sem eru lélegar, mjög lélegar eða óhæfar, og þar séu að meðaltali 4 manna fjölskyldur, sem sjálfsagt er of lágt reiknað, því að yfirleitt er það svo, að í lélegustu íbúðunum búa stærstu fjölskyldurnar, — en ef við reiknum með 4 manna fjölskyldum í hverri þessara íbúða, þá væri þetta 3776 manns. Og að við bættum þeim, sem reikna má með, að búi í lélegum íbúðum, þar sem herskálarnir eru, eru það þá 5890 manns, sem búa í lélegum eða mjög lélegum eða óhæfum íbúðum í Reykjavík árið 1949. — Nú vil ég taka það fram, að það er langt frá því, að þessi athugun á kjallaraíbúðum og herskálaíbúðum sé tæmandi, þegar á að gefa skýrslu um það, hve margir Reykvíkingar búi við heilsuspillandi eða alls ófullnægjandi eða lélegt húsnæði. Það er sem sé alkunn staðreynd, að í bæjarlandinu og í bænum sjálfum býr mikill fjöldi manna í ákaflega lélegum skúrbyggingum. Þær hafa ekki verið rannsakaðar, og það er ekki vitað, hve margt fólk býr í slíkum íbúðum. Og það eru til ekki fáar íbúðir í

þessum bæ á hanabjálkum og háaloftum, sem vegna þrengsla og slæmra ástæðna eru tvímælalaust heilsuspillandi og sízt betri en kjallaraíbúðirnar. Þegar alls þessa er gætt, þá er ekki fast að kveðið, þótt áætlað sé, að yfir 6 þús. Reykvíkingar búi í mjög ófullnægjandi húsnæði, sem þörf væri á að útrýma og meiningin hefur verið að útrýma, þ. e. meiningin með þeirri löggjöf, sem sett var árið 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Ef við lítum að öðru leyti á það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að koma á samræmingu á milli framkvæmda einstaklinga og framkvæmda almannavaldsins hvað snertir útrýmingu hins slæma húsnæðis, þá er niðurstaðan þessi: Bæjarfélög hafa verið stöðvuð í sínum framkvæmdum, með því að fresta framkvæmd þeirra laga, sem ég hef áður getið. En það er ekki nóg með það. Það var áreiðanlega tilgangur og andi laganna frá 1946 að færa íbúðarhúsabyggingar sem mest í hendur þriggja aðila, bæjarfélaganna, byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga. Og það var rétt stefnt. En hver er reyndin? Reyndin er sú, að síðustu ár má heita, að byggingaframkvæmdir verkamannafélaganna hafi stöðvazt með öllu. Hér í Reykjavík voru veitt fjárfestingarleyfi á s. l. ári til þess að byggja 36 íbúðir á vegum Byggingafélags verkamanna. Þetta leyfi var ekki notað, ekki af því, að viljaskortur hafi valdið því hjá því félagi, sem í hlut átti, heldur af því, að fé fékkst ekki. Sem sé, bankavaldið stöðvaði þessar framkvæmdir, af því að ríkisvaldinu hafði láðst að skipuleggja þannig á fjármálasviðinu, að það væri tryggt, að það fé, sem færi til íbúðarhúsabygginga, færi í fyrsta lagi til bygginga eins og verkamannabústaða, sem eru upp byggðar, hvað löggjöf um þær og annað fyrirkomulag snertir, á mjög heilbrigðum grundvelli. Í öðru lagi þori ég að fullyrða, að af sömu ástæðum hefur mjög dregið úr framkvæmdum byggingarsamvinnufélaganna, þótt ekki hafi það verið í nærri eins stórum stíl eins og um verkamannabústaðina. Samræmingin á þessu sviði virðist mér því hafa verið slík, að einkaframtakið hafi fengið veruleg forréttindi í byggingarmálum, bæjarfélög hafi verið stöðvuð í þessum málum, verkamannabústaðir nær stöðvaðir og dregið verulega úr framkvæmdum byggingarsamvinnufélaganna. Einkaframtakið hefur hins vegar komizt bezt af í þessu efni, því að það mun sýna sig, að það hefur fjármagn til umráða til þess að nota sér flest þau leyfi, sem fjárhagsráð hefur gefið til þess að byggja íbúðarhús. — Þetta er dálítið táknræn skipulagning, þegar litið er til þess, að það er ríkisstj. Alþfl., sem að þessu stendur.

En ég dvel ekki öllu lengur við það, sem liðið er. Hitt liggur fyrir, að snúa sér að því, sem fram undan er. Það er á þessu ári hægt að bæta úr um nokkur þau glöp, sem búið er að fremja, því að l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga o. fl. frá því í marz 1948 eru þannig gerð, að III. kafla laga um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum er þar að vísu frestað, en þannig, að þessi III. kafli greindra laga getur komið og skal koma til framkvæmda jafnskjótt og fé er veitt til þeirra framkvæmda á fjárlögum hverju sinni, sem þessi kafli er um. Mér hefur því þótt full ástæða til að bera fram brtt. um þetta, og á þskj. 481, XVI berum við hv. þm. Siglf. fram brtt. um, að samþ. verði á fjárl., að til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis samkvæmt III. kafla laga nr. 44 1946 verði varið tveim millj. kr. en til vara einni millj. kr. Ég vil taka það skýrt fram, að þessi upphæð, sem þarna er lagt til að setja inn á fjárlög, er ætluð til að greiða þau 10%, sem ríkinu ber að leggja fram sem vaxtalaust lán til 50 ára og afborgunarlaust í 15 ár og ríkinu er heimilað að leggja fram sem framlag, ef bæjarfélögin afskrifa sín 15%. Þetta mundi þýða það, ef tvær millj. kr. væru lagðar þannig fram af ríkinu, að þá ætti að vera hægt að leggja fram alls 20 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, en ef lægri talan er höfð, þá 10 millj. kr. Þetta er engin ofrausn, þegar litið er á þær staðreyndir, sem ég hef getið hér um áður, því að ég ætla, að þess sé alls ekki að vænta, að hægt sé að reisa ódýrari íbúðir, svo að sæmilegar séu, en fyrir 100 þús. kr. Þetta þýðir þá í fyrra tilfellinu 200 íbúðir, en í síðara tilfellinu 100 íbúðir. Þetta er ekki nein ofrausn, sem hér er farið fram á, þegar ég hef sýnt fram á, hvernig ástandið er í þessum efnum hér í Reykjavík. Og ég hygg, að ástandið í þessum efnum í öðrum kaupstöðum og kauptúnum á landinu — þó að ég geti ekki fært um það tölur — sé ekki betra. Ég ætla, að þar sé þörfin í þessum efnum einnig mjög brýn. Enn fremur verð ég að segja, að ég ætla, að ekki sé vanþörf á því, að eitthvað sé lagt fram í fjárlögum til þess að framkvæma aðra liði stefnuskrár hæstv. ríkisstj. hvað húsnæðismálin snertir, því að stefnuskráin nær ekki aðeins til kaupstaðanna og kauptúnanna, heldur var ætlun hæstv. ríkisstj. að útrýma heilsuspillandi húsnæði hvar sem er á landinu. Og þó að ég hafi ekki lagt fram sérstaka brtt. um það, hygg ég, að þörf væri á að ætla nokkurt fé til sveitanna líka í þessu skyni, og væri þeirra hlutverk að bera fram till. um það, sem þar eru kunnugri en ég og eru fulltrúar þess fólks, sem þar býr.

Ég býst við, að ef þessi brtt. næði samþykki Alþ., þá væri rétt og sjálfsagt á síðara stigi málsins að koma fram með till. um að heimila ríkisstj. lántöku í þessu skyni, til þess að standa straum af þeim 75%, sem hún á að lána til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði til 50 ára með 3% vöxtum. Skal ég svo ekki fjölyrða meir um þessa brtt. En afdrif þessarar brtt. skera vissulega úr um það, hvort hæstv. ríkisstj. er horfin frá því stefnuskráratriði að útrýma óhollu og heilsuspillandi húsnæði, eða hvort hún vill enn halda við þetta stefnuskráratriði og gera nú átak til þess að framkvæma það.

Það er annars ákaflega margt, sem komið hefur fram í þeim umr., sem haldnar eru um

fjárl., sem eru mjög athyglisverðar. Ég hef rennt augum yfir hinar fjölmörgu brtt. hv. fjvn., sem er að finna á þskj. 450, 151 talsins. Og sagt er, að árangurinn af samþykkt þeirra allra mundi verða sá, að þær mundu lækka greiðsluhalla fjárlaganna um 6 millj. kr. Þetta mundi nú kannske einhverjum sýnast býsna álitlegt. Eigi að síður stendur sú staðreynd, sem hv. frsm. fjvn. hefur lýst, að þó að tekið sé tillit til þessara till. allra, þá virðist hallinn á sjóðsreikningi vera 25 millj. kr. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta ömurleg niðurstaða af löngu starfi hv. n., löngu starfi hæstv. ríkisstj. og einnig því, sem hv. frsm. lýsti, að fjárl. hefðu að þessu sinni verið óvenjulega vel undirbúin af hendi fjmrh. Þrátt fyrir allan þennan ágæta undirbúning og þetta langa starf hv. fjvn. og þessar 151 brtt. frá hv. fjvn., þá er nú komið inn í þingið með fjárlagafrv. til 2. umr., þar sem greiðsluhallinn nemur um það bil 28 millj. kr. Það virðist vera alveg augljóst mál, að út úr þessu eru ekki til nema þrjár leiðir. Einhverja þeirra verður að fara, einhverja eina, tvær þeirra eða þær allar. Og leiðirnar eru í fyrsta lagi lánsheimildir og jafnframt möguleikar ríkisstj. til þess að fá lán, í öðru lagi hækkun tekna ríkisins, og í þriðja lagi lækkun útgjaldanna — þetta þrennt allt í senn, eitt eða tvennt. Ég býst nú við, að hv. fjvn. hafi verið að velta þessu fyrir sér. Hún virðist þó ekki hafa komizt að niðurstöðu. Og það, sem mér finnst ömurlegast, er það, að meginþorrinn af hinum 151 brtt. hv. fjvn. er nauðalítils virði. Það er engin stefna í þessum till. Það vottar í þeim hvergi fyrir neinni allsherjarlausn á þeim vanda, sem hv. fjvn. hefur átt að leysa. Langflestar brtt. n. eru þannig til komnar, að fjvn. hefur tekið sig til og endurskoðað það, sem fjmrn. er áður búið að reikna út um það, hver yrði kostnaður við ýmsar embættisfærslur í landinu, og síðan hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að lækka mætti útgjöld ríkisins um nokkur þús. kr. hjá þessum og hinum embættismanni. Sízt er ég að lasta þetta eða að lasta það að reyna að gera þessar áætlanir sem allra réttastar og nákvæmastar. En staðreyndin er sú, að kostnaðurinn við þessi embætti verður greiddur samkvæmt reikningi. Og satt að segja efa ég ákaflega mikið, að útreikningar hv. fjvn. séu nokkuð réttari í þessum efnum en útreikningar fjmrn. Ég veit það ekki. Mér finnst einhvern veginn, að hæstv. rn. hafi enn betri aðstöðu til þess að reikna þetta rétt, hver þessi kostnaður raunverulega verður. En ég held, að allir séu sammála um, að hér sé ekkert bjargráð um að ræða. Það er gott, að hv. fjvn. sýni þann vilja, að kostnaður við þessi embætti verði sem minnstur, og að hún vilji endurreikna þetta og komast að sem réttastri niðurstöðu um þessi efni. En í framkvæmdinni kemur þetta til með að breyta ákaflega litlu. Það er víst, að fjármálaástand ríkisins er í meira öngþveiti en að bætt verði úr því með slíkri aðferð.

Ég vil minnast á einn þátt í þessum umr., sem er athyglisverður og sýnir, að gera verður gagngera breytingu á rekstri ríkisins, og sýnir stjórnleysi og eftirlitsleysi. Það hefur komið fram í ræðum þeirra hv. þm. Barð., hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., að sá háttur sé á hafður, að póstur og sími innheimti mikið fyrir ríkið, geri aðeins upp einu sinni á ári, en láti fé ganga inn í sinn rekstur. Slíkt er fyrir neðan alla skynsemi í opinberum rekstri. Það er ekki aðeins, að þessi stofnun þurfi að greiða starfsmönnum laun og taki peningana til þess, en hún hefur einnig miklar framkvæmdir, svo sem byggingar og áætlunarferðir auk póst- og símaþjónustu. Og svo er það látið viðgangast, að þetta mikla fé sé hjá þeim allt árið, og hvað snertir eftirlit með því, þá hygg ég, að það sé lítið. Hæstv. fjmrh. hefur fundið, að hann hefur ekki eftirlit með þeim stofnunum, sem honum ber, og þess vegna hefur hann komið með frv. um ráðsmannsembættið, sem á að búa til eins konar yfirfjmrh. til að hafa eftirlit með öllum þessum stofnunum, en það á hæstv. ráðh. að hafa með höndum og er þetta því uppgjafaryfirlýsing. Hæstv. fjmrh. á því að hafa þræðina í sínum höndum og sjá um, að stofnunin greiði þetta fé jafnóðum til ríkissjóðs. En það var fleira, sem kom fram í umr. um þessa stofnun. Einn er sá sjóður, sem fer með orlofsfé verkamanna, og það er upplýst af form. fjvn., að hann hafi horfið inn í hinn sama sjóð og staðið undir rekstri áætlunarbifreiða og strætisvagna. Ég hef hlustað á varnir hæstv. ráðh., en það eru engar varnir, því að slíkt er algerlega ósæmilegt atferli. Stofnun, sem innheimtir 4% af launum og á að skila því aftur til launþega til sumarleyfa, geymir ekki fé í bönkum til að vaxta það, heldur lánar sjálfri sér það vaxtalaust. Ríkið er í ábyrgð fyrir rekstrinum og á að lána til hans, en slíkt ætti að vera hægt að reka hallalaust. Og er það ekki staðreynd, sem öllum er kunn, að 8 millj. kr. vantar til skólabygginga, sem ríkið skuldar sveitarfélögunum. Og þegar bændur koma til að greiða verkfærasjóði fyrir skurðgröfur og önnur stórvirk atvinnutæki og leggja fram ávísanir á ríkissjóð, er þeim sagt, að þær verði ekki teknar, þar sem ríkið skuldi þar svo mikið. En oftast nær hefur verkfærasjóður samt tekið við ávísunum, en látið þessa athugasemd fylgja. Hvaða sönnun er fyrir því, að orlofsfé verði greitt? Það er engin trygging fyrir því. Þetta getur allt slampazt, en er óafsakanleg braut, sem farið hefur verið inn á. Svo er eitt atriði enn þá varðandi þessa stofnun, þótt smærra sé. Það hefur komið fram, að 3 starfsmenn þessarar stofnunar hafa keypt herskála á Keflavíkurflugvellinum og póstur og sími einnig og sér stofnunin einnig um flutning á eignum starfsmanna sinna, en nú er upplýst, að ekki sé greint sundur, hvað hver um sig rýfur, en sagt er, að póststjórnin sé skaðlaus af þessu. Slíkt getur verið, en það er engin sönnun fyrir því. Auk þess borga starfsmennirnir ekki fyrir flutninginn á sínum vörum nema með braggajárni. Þetta er óafsakanlegt, og engin furða,

þó að menn varpi fram þeirri spurningu, hvort aðrir geti ekki gert slíkt hið sama og greitt fyrir heimflutninginn með hluta af braggajárninu. Þetta er hneyksli. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hægt væri að láta fara fram réttarrannsókn á þessu, en slíkt er ekki fjmrn. að sjá um, heldur yfirmanns þessarar stofnunar, hæstv. viðskmrh. Það er margt fleira, sem ástæða er til að ræða í sambandi við fjárl. Heildarmynd þeirra er fullkomið stefnuleysi. Því var lýst yfir í sambandi við brtt., að ekki hefði náðst samkomulag innan n. og deilur væru á milli hv. form. n. og hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. Og allt virðist stefna til gjaldþrota, en hæstv. ríkisstj. virðist ekki fær um að móta neina stefnu í þessum málum og virðist hafa svikið stefnuskrá sína. Hæstv. ríkisstj. er því vanmegnug að stjórna landinu, enda bera umr. og fjárl. því glöggt vitni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., þeim hluta hennar, sem varðaði skurðgröfur og jarðræktarstyrk, geta þess, að hv. þm. hefði getað sparað sér þau ummæli. Ríkissjóður stendur í engri skuld út af því, og upplýsingar hv. þm. eru því rangar. Ég vil ekki halda því fram, að hann hafi vitað það, en það er engu að síður rangt, og vil ég hér með leiðrétta það. Ég skal ekki fara frekar út í ræðu hans, en mér finnst það einkennileg bjargarráðstöfun, ef til gjaldþrota stefnir, að bæta þá 20 millj. kr. útgjöldum við frv. eða a. m. k. 10 millj. kr., sem er varatill. Það er ekki ný bóla, að frá hv. þm. og hans flokki komi svona dásamlegt samræmi, að tala um gjaldþrot, en hampa um leið nýjum útgjaldatill. En slíkt er ekki annað en framhald af pólitík hans flokks.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef gamla reynslu af því, að það er vandasamt að vera í fjvn. og hún fær oft aðkast, ekki aðeins sú núverandi, heldur einnig áður, meðan ég átti þar sæti. Ég held, að þótt fjvn. vildi gera sitt bezta, tækist henni ekki fremur en guði almáttugum að gera öllum til hæfis. Það hefur margt verið borið á n. og af næstsíðasta ræðumanni var sagt, að hjá henni ríkti fullkomið stefnuleysi í fjárl. Ég hefði óskað, að fastari stefnu hefði kennt í till. n. og róttækar hefði verið tekið á málunum, en hjá henni gætir samt stefnu, en ekki stefnuleysis. Og það er vandasamt hlutverk, sem n. hefur, að reyna að halda svo á málum ríkissjóðs, að ekki verði siglt út í gjaldþrot, og sinna um leið þörfinni um fjárframlag víðsvegar um land. Þetta finnst mér stefna, en játa, að hún hefði mátt koma skýrar og greinilegar fram. Ég skal ekki segja nema takist, áður en lýkur, að láta tekjur og gjöld standast á, en að því ber að vinna. En þó að það takist ekki, ætti ekki að verða hætta á, að til gjaldþrota komi þegar á fyrsta ári. En ég vil taka undir með hæstv. fjmrh., að sizta leiðin til að verja gjaldþroti er að samþ. allar till. hv. þm. Og ég get ekki skilið, að það bjargi að hækka útgjöldin, nema það fé sé þá lagt í arðbær fyrirtæki sem gefa mikið í aðra hönd. Það hefur verið borið á hv. n., að kjósendur hv. nm. sætu við betri kjör en aðrir þegnar. Ég skal ekki leggja dóm á það, en skal taka það fram, að slíkur áburður er engin ný bóla.

Yfirleitt finnst okkur þm. Eyf., að svo sanngjarnlega væri gengið frá till. n. og svo sanngjarnlega miðlað, að við ákváðum í fyrstu að gera engar brtt. við fjárl., og vorum sammála um, að þm., sem styddu hæstv. ríkisstj., bæri að koma fram með sem minnst af slíku. En þegar samt sem áður rigndi niður till. í þinginu og það frá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., kom okkur saman um að sýna, að okkar hérað hefði líka þörf fyrir fjárframlög, en við erum reiðubúnir að taka till. aftur, ef aðrir hv. þm. taka einnig sínar till. til baka. Ég mun svo ekki hafa lengri formála, en drepa lítillega á till. Fyrsta till. í tölulið II. á þskj. 497 er um að hækka framlag til Svarfaðardalsvegar um 40 þús. kr., úr 60 þús. í 100 þús. Það stendur svo á um þennan veg, að tveir kaflar eru óbyggðir með öllu, og aðeins farið þar eftir ruddum götum. Nú var byrjað í fyrra fyrir fé, sem þá var lagt til á fjárl., að gera veg á neðri kaflanum, og býst ég við, að þær 60 þús. kr., sem nú eru ætlaðar á fjárl., muni hrökkva til að fullgera þann kafla, en innar í dalnum, á svökölluðu Urðaengi, er 5 km kafli ólagður, og hefur hann verið hinn versti þröskuldur fyrir inn-Svarfdæli, og koma þeir ekki mjólk á markaðinn í langan tíma á veturna, en mjólkurframleiðsla er höfuðatvinnuvegur Svarfdæla sem annarra Eyfirðinga. Ef veitt væri 100 þús. kr., mætti ljúka við veginn niðri í dalnum og hefja vinnu við hinn hlutann. — 2. till. undir sama lið er svipuð. Það er að hækka framlag til Hörgárdalsvegar um 10 þús. kr., úr 25 þús. í 35 þús. Það er ekki mikið hægt að gera fyrir 10 þús. kr., og hefði framlagið þurft að hækka meira, en við létum þetta nægja. Eins og stendur er Skriðuhreppur klofinn í tvennt vegna vegaleysis, og ef menn fara á fundi í þinghúsi hreppsins, þurfa þeir fyrst að fara í tvo aðra hreppa og langa vegu. Þetta skerðir mjög félagslíf og veldur ýmsum óþægindum, t. d. geta hreppsbúar ekki sameinazt um bíl til mjólkurflutninga, en verða að slá sér saman við tvo næstu hreppa, Arnarneshrepp og Öxnadalshrepp. — Þá er farið fram á hækkun til tveggja hafna, Dalvíkur og Hríseyjar. Lagt er til, að framlag til hafnarinnar á Dalvík hækki úr 50 þús. kr. í 100 þús. Ég skal geta þess, að ég get ekki beinlínis fært rök fyrir því, að framlagið eigi endilega að vera 100 þús. kr. Nú, eins er um næstu till., þar sem við förum fram á, að framlag verði hækkað úr 30 þús. í 60 þús. kr. Þar er varla byrjað á verki og verður heldur ekki sagt um, hvað það kostar. Fjvn. er kunnugt um, að það er sizt vanþörf á þessari hækkun, ef fjárhagur ríkisins leyfir, en leyfi hann það ekki, verðum við að beygja okkur fyrir því.

Þá er V. liður á sama þskj., um 47 þús. kr. hækkun til lendingarbóta í Grímsey, og er miðað við það, sem vitamálaskrifstofan gefur upp. Við leyfðum okkur að fara fram á þá upphæð hér, sem þörf er á, af því að okkur kom til hugar, að til þeirra, sem stríða við óblíð lífskjör norður í Íshafi, kynni að verða litið í meiri náð en ella mundi.

Þá er VIII. liður, það er styrkur, 10 þús. kr., til Fjórðungssambands Norðurlands, og er það nýr liður. Ég þarf varla að lýsa þessu sambandi. Það er samband sveitarfélaga á Norðurlandi, annað tilsvarandi samband er á Austurlandi, og ég hygg, að eitthvað í þá átt sé á Vesturlandi. (*HV:* Það er verið að undirbúa stofnun þess.) Þessi sambönd taka til meðferðar ýmis mál, sem fjórðungana varða, og gætu undirbúið, að fjórðungarnir fengju meira vald í sínum málum, eða ef fylkjaskipulagið væri tekið upp. Slíkur félagsskapur þarf nokkurt fé. Segja má, að sveitarfélögin ættu sjálf að kosta starfsemina, en það má þá segja um margt fleira, sem styrks nýtur á fjárlögum. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um það.

Þá er lítil brtt. frá mér, IX. liður á sama þskj., um, að eftirlaun Guðmundar Ólafssonar fyrrverandi pósts séu hækkuð upp í hæstu eftirlaun fyrrverandi pósta, og munar nú lítið um þetta. Ég veit, að eftirlaunum pósta er raðað eftir þjónustualdri og að hann hefur t. d. ekki sama þjónustualdur og Sigurjón Sumarliðason og Jón frá Galtarholti, en ég miða við það, að Guðmundur fái nú sömu eftirlaun og þeir. Þó að hann hafi ekki eins langan þjónustutíma sem póstur, þá hefur hann verið svo lengi í póstferðum, því að hann var í fylgd með Sigurjóni um fjölda ára. Í öðru lagi fer ég fram á þetta sökum þess, að Guðmundur Ólafsson lenti í alveg sérstökum hrakningum í einni póstferð og beið þar af heilsutjón, en er þó ekki öryrki, og veit ég t. d., að hæstv. forseta þingsins er um það kunnugt, og finnst mér, að taka mætti tillit til þess, er Guðmund hrakti með lestina undan ofsaveðri inn á öræfi.

Það eru þá ekki fleiri brtt., sem ég er riðinn við. En verði samþykkt eitthvað af brtt. fram yfir það, sem fjvn. leggur til, þá mæli ég með brtt. frá hv. þm. Ak., III. lið á þskj. 481, um 210 þús. kr. framlag til brúar á Glerá gegn ⅓ framlags frá Akureyrarbæ. Mér finnst tæplega, að ríkið hafi efni á því að kasta frá sér því framlagi Akureyrarbæjar, sem í boði er nú, því að samkvæmt áætlun vegamálastjóra á að gera veginn þannig, að þessarar brúar er þörf.

Þær tillögur, sem við þm. Eyf. flytjum, nema samtals 170 þús. kr. eða rúmlega það. Út af afgreiðslu fjárlaganna skal ég geta þess, að ég mun fyrir mitt leyti samþykkja lækkunartillögur, sem svarar því, að munurinn verði yfir 300 þús. kr. í lækkunarátt, það eru tillögur hv. 5. þm. Reykv. Og eins mun ég greiða atkv. með öllum till. hv. fjvn., þannig að ef ég ætti einn að afgreiða fjárlögin og tæki mínar till. með, mundi tekjuhalli ekki aukast af þeim sökum.

Finnur Jónsson: Það væri að ýmsu leyti freistandi að fara út í brtt. meiri hl. n., en þar sem búið er að ræða mikið um það mál, sé ég ekki ástæðu til þess, afstaða mín og fleiri kemur fram við atkvgr. Ég ætla því að láta nægja fá orð um þessar tvær brtt. frá mér privat, og 3. brtt. flyt ég með hv. þm. Ak. og fleirum.

Á þskj. 494 á ég tvær brtt. viðvíkjandi minu kjördæmi, og hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar eindregið skorað á mig að flytja þær. Það er í fyrra lagi 150 þús. kr. til sjúkrahússins á Ísafirði, sem var reist næst sjúkrahúsa á eftir Landsspítalanum og hefur verið fjórðungssjúkrahús í rauninni undanfarinn áratug. Talsverðar umbætur þarf því að gera á sjúkrahúsinu, og einnig þarf fé til væntanlegrar heilsuverndarstöðvar á Ísafirði. Af þessum ástæðum flyt ég þessa brtt. og vænti þess, að n. taki hana að öllu leyti eða einhverju leyti til greina. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Ísafirði, tel ég, að Ísafjarðarkaupstaður hafi ekki nægilegt fé til að framkvæma þær umbætur á sjúkrahúsinu, sem gera þarf.

2. brtt. mín er um, að fjárframlag til Ísafjarðarhafnar hækki úr 180 þús. í 300 þús. kr. Það standa nú yfir talsvert fjárfrekar hafnarbætur þar. Ætlunin er að gera uppfyllingu, er bæti mjög aðstöðu til útgerðar, og ríkið á mjög mikið vangreitt til þessara framkvæmda, og verður að telja, að Ísafjörður geti ekki risið undir hafnarframkvæmdum til margra ára án þess að fá frá ríkinu það framlag, sem það á að greiða. Nú grynnkar innsiglingin til Ísafjarðar óðfluga, svo að stærri skip tefjast þar oft af þeim sökum, og þarf að dýpka svokölluð Sund allmikið, og samkvæmt hafnarlögunum á ríkið að greiða sinn hluta af því. Ísafjörður er stærsta útgerðarhöfn á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað, og ef aðstaða til siglingar flutningaskipa þangað torveldast, hefur það mikil áhrif langt út yfir bæinn sjálfan.

Ég sé, að ýmsar hafnir hafa fengið hærri styrk en Ísafjörður á árinu samkv. till. n. En ég tel það dálítið vafasama aðferð að hvetja menn til hafnarbóta, þar sem ekki er veruleg útgerð, á sama tíma og það er ekki gert á stöðum, þar sem gjaldeyrisöflunin er mest og ríkið hefur mestar tekjur af útflutningi. Það er hæpið að láta sveitarfélög skulda stórfé vegna hafnarbóta og auka árlega við þær skuldir, með því að ríkið getur ekki innt sitt framlag af hendi, í stað þess að beina framkvæmdunum heldur á færri staði og fara þá eftir því, hvar þörfin er brýnust, og borga auk þess fyrst það, sem ríkið skuldar nú þegar vegna þess, sem framkvæmt hefur verið af hafnarbótum. Ég hefði því álitið, að nauðsynlegra hefði verið á þessu ári að greiða áfallnar skuldir sem ríkinu ber að greiða lögum samkvæmt, í stað þess að örva til nýrra framkvæmda og aukinna á hinum og þessum stöðum, vitandi það, að þar getur ríkið heldur ekki innt af hendi sitt framlag eins og stendur.

Ég vil að lokum ítreka þá ábendingu, hve innsiglingin til Ísafjarðar grynnkar óðfluga í

Sundunum og hver nauðsyn er að bæta úr því. Ísafjarðarkaupstaður getur ekki risið undir þeirri framkvæmd nema fá til þess framlag frá ríkinu og það framlag, sem ríkið skuldar bænum þegar.

Steingrímur Steinþórsson: Við þm. Skagf. eigum þrjár brtt. á þskj. 488. Hv. meðflm. minn hefur mælt fyrir II. lið á þessu þskj., það er um lítils háttar hækkað framlag til Skagafjarðarvegar um Lýtingsstaðahrepp, og mælti hann svo skörulega fyrir þeirri till., að ég hef þar engu við að bæta. En ég vænti þess, að hv. form. fjvn., sem er sennilega eini þingmaðurinn, sem heyrir allt, sem hér er sagt í deildinni, hafi sannfærzt að einhverju leyti um, að nauðsynlegt sé að bæta við þetta vegafé. Þarna hefur verið lagt geysilegt fé í vegagerð og tekið að láni til að ljúka veginum sem fyrst og koma afurðum bænda á markaðinn, en þarna eru hin beztu framleiðsluskilyrði.

Ég er 1. flm. að IX. lið á sama þskj., það er um að hækka fjárframlag til hafnargerðar á Hofsósi um 50 þús. kr., úr 100 í 150 þús. Ég vil leyfa mér að skýra þessa hækkunartillögu, og teljum við flm. hana óumflýjanlega. Fyrir 10—12 árum var byrjað á hafnargerð á Hofsósi og þótti takast vel, gerður var krókur til skjóls fyrir fiskibáta, og var búið að greiða upp kostnað við þá framkvæmd. En sumarið 1948 var ráðizt í að lengja skjólgarðinn eða hafnargarðinn allverulega, og var áætlað, að það verk mundi kosta 700—800 þús. kr., en s. l. sumar varð kostnaður við þetta 1,3 millj. kr., og þar að auki tókst svo slysalega til, að fremsti hluti garðsins eyðilagðist. Hv. form. fjvn. nefndi Hofsós í framsöguræðu sinni meðal staða, þar sem orðið hefðu slys eða stórkostlegar skemmdir á hafnarmannvirkjum í byggingu, og tek ég undir það, að hér er um hið mesta alvörumál að ræða. Þar að auki er það, að ekki skuli vera hægt að treysta kostnaðaráætlunum um slík mannvirki, þótt unnið sé undir verkstjórn vitamálaskrifstofunnar, sem jafnframt hefur gert áætlun um verkið, og eru fátæk sveitarfélög tæld út í þessar framkvæmdir, ef svo mætti segja, þar sem þær reynast kannske helmingi dýrari en áætlað er, og svo verða bæði staðirnir og ríkið févana út úr öllu saman. En nú er sem sagt svo ástatt, að ljúka þarf þessu verki í sumar, og er áætlað, að það kosti 500 þús. kr., og verði ekki lokið við verkið, hygg ég, að allt, sem gert hefur verið til þessa, sé í hættu. Það er mergurinn málsins, og er hér um geysiupphæðir að ræða. Nú hefur ríkið lagt fram 178 þús. kr., þar af er mikið bein lán úr hafnarbótasjóði, svo að beint framlag ríkisins er um 100 þús. kr. til þessarar framkvæmdar, og eru því ógreiddar 340 þús. af framlagi ríkisins til þess, sem gert var í fyrra. Nú hefur Hofsóskauptún tekið stórlán vegna þessa, eða 450 þús. kr., en alla þá upphæð þarf að greiða á næstu þremur árum. Samgmrn. hefur leyft lántökur og ábyrgð, og samkvæmt bréfi frá oddvita hreppsins hefur hæstv. samgmrh. lofað 150 þús. kr. framlagi í þrjú ár. Það er því út frá þessum forsendum, að við fórum fram á hækkunina. Ég leyfi mér að beina því til hv. form. fjvn., að hann hafi samband við hæstv. ráðh. um þetta, því að ég vona, að hæstv. ráðh. minnist þessa loforðs um a. m. k. 150 þús. kr. framlag næstu þrjú árin. Að öðrum kosti getur þetta litla sveitarfélag ekki staðið undir þessum gífurlega kostnaði, þar eð margt annað er með fé að gera eins og gefur að skilja. Þetta munu nú vera allsterk rök, og vænti ég þess, að hv. form. fjvn. lofi okkur flm. að hafa tal af sér, áður en hann tekur ákvörðun um að sinna þessari tillögu í engu.

Þá flytjum við aðra brtt. á sama þskj. Það er viðvíkjandi 400 þús. kr. upphæð, sem veitt er til byggingar húsmæðraskóla. Þessa upphæð viljum við hækka um 50 þús. kr. og að þær 50 þús. kr. verði veittar til húsmæðraskólans á Löngumýri. Skóli þessi er að vísu ekki í lögum um húsmæðraskóla og fær því ekki fé samkv. þeim, svo að ef hann á ekki að verða algerlega afskiptur, þarf sérstaka fjárupphæð handa honum. Annars skal ég skýra hér málið að öðru leyti. Fyrir frumkvæði Ingibjargar Jóhannsdóttur, sem er uppalin á Löngumýri, er skóli þessi reistur, og undrast allir dugnað hennar við að koma upp þessum skóla svo að segja hjálparlaust. Samkvæmt skýrslu frá byggingarmeistara þeim, er sá um byggingarnar, mun þegar hafa verið lagt fram á 5. hundrað þús. kr., en þar af hefur ríkið aðeins greitt einu sinni 50 þús. kr., sem þá fengust teknar á fjárlög. Allir hljóta að sjá, hve lítill hluti þetta er í hlutfalli við framlög ríkissjóðs til skóla, sem sums staðar nemur ¾ af kostnaðinum. Það orkar varla tvímælis, að einstaklingur, sem rekur slíkt fyrirtæki, á sannarlega skilið af hendi hins opinbera lítils háttar styrk eða verðlaun fyrir dugnað sinn, og aðsóknin að skólanum, sem alltaf er fullskipaður, sýnir bezt þörfina fyrir slíkan skóla. Hitt geta menn auðvitað deilt um heima í héraðinu, hvort þetta sé heppilegasti staðurinn, en það er óhætt að fullyrða það, að þetta verður eini húsmæðraskólinn í Skagafirði fyrst um sinn. Okkur finnst því réttmætt að aðstoða Ingibjörgu lítils háttar, en fram á mikla fjárupphæð förum við ekki, því að þrátt fyrir það þótt byggingin sé að mestu leyti fullgerð, er þó margt, sem vantar, og hygg ég, að flestir fjáröflunarmöguleikar heima í héraði hafi nú verið notaðir til hlítar. — Ég veitti því athygli, að þm. Árn. hafa farið fram á styrk til skóla Árnýjar Filippusdóttur og að fjvn. hafi fallizt á að taka það mál aftur til 3. umr. Við þm. Skagf. væntum þess, að við fáum ekki verri undirtektir hjá hv. fjvn., og ég vænti þess, að mér hafi tekizt að sannfæra menn um, að það er ekki að nauðsynjalausu, að við berum þetta fram.

Ég ætla mér ekki að ræða mikið brtt. fjvn. núna, yfirleitt virðist mér, að þar komi fram viðleitni til þess að skera niður ýmiss konar skrifstofukostnað, og er það vel, því að af honum er nú orðið meira en okkar litla þjóðfélag getur borið. Hins vegar hefur n. aukið

fjárframlög til ýmissa framkvæmda, svo sem vegagerðar og sveitasíma. Ég er yfirleitt þakklátur fjvn. fyrir viðleitni hennar í þessum efnum, þótt sjálfsagt þyrfti að ganga lengra. Hins vegar getur vel verið, að eitthvað af þessum till. sé til þess eins að sýnast, eins og imprað hefur nú verið á hér í umræðunum. Sums staðar hefur n. lækkað lögboðnar greiðslur, en það er auðvitað mjög varasamt og fær alls ekki staðizt.

Í 112. brtt. n. er fjárveiting til framræslu lækkuð úr 600 þús. kr. í 500 þús. kr. Þetta fé er greitt til skurðgröfuframkvæmda og er lögbundin upphæð, og nær því auðvitað engri átt að lækka það. Búnaðarfélag Íslands lagði til, að til þessa yrðu veittar 600 þús. kr., og er það að mínum dómi mjög sanngjarnt. En svo skeður það, að búið er að færa 170 þús. kr. kostnað frá fyrra ári yfir til þessa árs, og þar af leiðir, að af þessum 500 þús. kr., sem ætlaðar eru til þessa árs, hefur þegar verið eytt 170 þús. kr. Ég tel því, að þessi fjárupphæð þurfi að nema 800 þús. kr., eða a. m. k. 770 þús. kr., svo að aðeins sé tekið tillit til skulda frá fyrra ári. Þá vil ég aðeins benda á, að í e-liðnum í 112. brtt. er lagt til, að framlag til verkfærakaupasjóðs falli niður. Ég er ekki beinlínis á móti þessu. Þetta var líka gert í fyrra, þótt þetta séu lögboðin gjöld, og við í Búnaðarfélaginu sögðum fjvn., að þetta væri svo lítið, að við mundum ekki gera neitt veður út af því og reiknuðum með, að það félli niður. Hitt er það, að það er mjög óeðlilegt, að lögboðin framlög falli niður ár eftir ár, og ef einhver bóndi vildi fara í mál út af þessu, þá mundi hann sennilega vinna það, en hitt er það, að þetta er svo lítil upphæð, að það mundi ekki borga sig að fara í mál út af henni. Annars mun ég ekki gera þetta að stórmáli hér, þrátt fyrir það að bændur eigi tvímælalaust rétt til þessarar greiðslu.

Þá leggur fjvn. til, að styrkur til Loðdýraræktarfélags Íslands, 10 þús. kr., verði felldur niður. Þetta er að vísu lítil upphæð, en ég vil þó mótmæla því, að þetta verði fellt niður, og þrátt fyrir það að þessi atvinnuvegur hefur dregizt saman um skeið, þá vil ég eindregið leggja til, að félagið, sem er skipað mörgum áhugasömum dugnaðarmönnum, verði ekki svipt þessum styrk.

Jón Gíslason: Ég á nú aðeins eina brtt. af öllum þessum brtt., og er hún á þskj. 418, við 16. gr. frv. Það er nýr liður, að upphæð 150 þús. kr., til sandgræðslu í Meðallandi. Það er langt síðan sandfokið fór að herja þessa sveit, sem var mjög blómleg, og með þeim afleiðingum, að henni hefur hnignað mjög mikið. Fyrst hér á árunum höfðu menn engin ráð við sandfoki, en nú hefur verið hafin virk barátta gegn því og reynslan sýnir, að sú barátta hefur borið góðan árangur. Það mun hafa verið um 1920, er sandfokið herjaði hvað ákafast jörðina Hnausa, að girt var þar sandgræðslugirðing og sáð í landið. Árangurinn varð sá, að nú er þetta allt gróið land, og sést þar varla sandblettur, og meira að segja hefur farið fram mikill heyskapur á þessu landi núna hin síðari ár. Sandgræðslan lá svo niðri í nokkurn tíma, enda var þá ekki bráð hætta á ferðum, en rétt fyrir 1940 hófst aftur mikið sandfok og þá að norðan og eyddust þá tvær jarðir, Feðgar og Leiðvöllur. Fyrir 4 árum var svo girt þarna girðing, sem er um 45 km löng og kostaði hátt á annað hundrað þús. kr. Þarna hefur ekki verið unnið verulega að sáningu, en samt er sandfokið hætt og landið farið að gróa. Þetta sýnir, hve mikið er hægt að gera í þessum málum með ótrúlega litlu fé, ef góður vilji er fyrir hendi. Ég hef sjálfur fengizt dálítið við sandgræðslu og hef séð, að oftast mun vera nægilegt að girða landið og verja það ágangi. Þegar girðing þessi var gerð, var áætlun sandgræðslustjóra að girða úr Kúðafljóti í Eldvatn. Af þeim framkvæmdum varð ekki þá. Girðing þessi þarf að vera um 30—40 km löng, en girðingin er aðeins á eina hlið, og við það sparast nokkuð. Þetta fé, sem ég fer fram á, er ætlað til þessarar girðingar, og ef þessi girðing verður gerð, er sveitin orðin örugg. Þarna liggja nú 14 býli í hættu, og eru þau flestöll eign ríkissjóðs. Á býlum þessum er mjög mikið verðmæti, bæði í fasteignum og lausafé, og fyrir þessa sveit er búið að leggja töluvert í kostnað eins og fyrir aðrar sveitir landsins. Tvær stórar brýr liggja að sveitinni, önnur á Eldvatni og hin á Ásavatni, auk nokkurra minni brúa. En nú í vetur kom upp enn nýtt atriði, sem setti hinar svonefndu Steinsmýrarjarðir í hættu. Þannig var mál með vexti, að sett hafði verið stífla í afrennslisskurð, er rennur í Eldvatn, svo að vatnið lónaði upp og aðeins vatnaði yfir sandana og forðaði þeim frá foki. En nú í vetur bilaði þessi flóðgátt. Ég hef talað um þetta við Búnaðarfélagið, en það telur sig ekki hafa fé til þess að endurbyggja stífluna. Þessar jarðir eru tvær, og er vel byggt á báðum, og á annarri eru sérstaklega vandaðar byggingar, og væri það mikill skaði, ef þessar jarðir legðust í eyði. Ef fé, sem ég fer fram á, yrði veitt, mætti koma því svo fyrir, að einhverju af því fé mætti verja til þessara framkvæmda. Hins vegar hafa komið fram uppástungur um það, hvort það mundi ekki borga sig að taka Meðallendinga upp og flytja þá í burtu. Ef slíkt yrði framkvæmt, þyrfti að flytja fólk af 14 býlum. En í sambandi við þessa hugmynd vildi ég benda á eitt atriði. Það hefur ekki verið óalgengt hin síðari ár, að 1—3 skip hafi farið þarna upp í sandana árlega. Ef þarna væri ekki byggð, þá yrði engri björgun við komið á þessum slóðum. Er hætt við, að svo færi sem menn muna, er danski báturinn strandaði á Skeiðarársandi, en þar varð engri björgun við komið, fyrr en komið var langt fram á vor. Mér sýnist, að hyggilegast væri að taka málið þeim tökum að tryggja sandgræðsluna á þessum slóðum. Ég vil leyfa mér að minna á það, að ríkissjóður á mikið girðingarefni liggjandi og allsendis ónotað í Skaftafellssýslu. Þar sem svo hagar til, þá væri það nokkur sparnaður að hagnýta þetta efni í sandgræðslugirðingu þarna heldur en að flytja efnið norður eða

vestur á land í mæðiveikigirðingu. Ef svo væri gert, er hætta á, að nauðsynlegt efni væri tviflutt, en slíkt mundi valda óþarfa fjárútlátum.

Ég skal ekki tefja þessar umr. með því að orðlengja frekar um þetta. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. taki vel þessari brtt. minni, sem ég hef hér flutt.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég var hérna með eina smábrtt. Ég sé, að það þýðir ekki að ætla að tala hér til hv. þm. yfirleitt, en beini þá orðum mínum og tala persónulega við form. fjvn. Það er annars ágætt fyrirkomulag, því að hann stendur þarna, og það er kannske gott, að skrifararnir sitji eftir, meðan verið er að tala privatsamtal við form. fjvn.

Ég flyt hérna ásamt 2 öðrum hv. þm., þeim hv. þm. Siglf. og 11. landsk., brtt. við 22. gr. fjárl. eða heimildagreinina, eins og hún mun kölluð. Mér er minnisstætt, þegar talað er um normalástand, að þegar ég var í atvinnuleysisnefnd fyrir verkamenn hérna á árunum, þá voru allir sammála um það, að það stærsta, sem vantaði, það væri heimild til þess að láta peninga til atvinnubótavinnu. Undanbrögðin frá því að leggja fram fé til atvinnubótavinnu voru venjulega þau, að það vantaði heimild. Síðan 1940 hefur ekki verið þörf á þessari heimild, og allir eru nú sammála um það, að mesta fjársóunin sé einmitt sú sóun að láta menn ganga atvinnulausa. En við flm. erum einmitt hræddir, því miður, um, að þessir tímar muni koma aftur. Við munum ekki krefjast þessarar heimildar, nema hennar sé þörf, en við viljum aðeins slá þennan varnagla til þess að fyrirbyggja undanbrögðin hjá ráðh. og fyrirbyggja, að þeir geti borið því við, að þeir hafi ekki heimild til þess, ef þörf krefur. Ég sé svo ekki ástæðu til að vera að fjölyrða frekar um þetta, því að það þýðir ekkert að vera að skírskota til fleiri þm., en ég skírskota til hv. form. fjvn. og mun taka till. aftur til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef nú ekki lagt í að flytja hér mikið af brtt., þó ekki vegna þess, að ég telji ekki, að mikil þörf sé fyrir meiri fjárframlög til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda og framfaramála í mínu héraði heldur en lagt er til hafnabóta, vegabóta o. fl. Ég skil það vel, að ekki muni vera hægt að fullnægja öllum þeim þörfum í þessum efnum, og ég veit, að eins erfiðir tímar og núna eru í fjármálum okkar, þá hefur fjvn. sýnt mjög virðingarverða viðleitni. Þó er það svo, að mikið af framkvæmdum, sem fé hefur verið lagt til, er komið í sjálfheldu vegna aukins kostnaðar og annarra erfiðleika.

Ég hef leyft mér að flytja brtt., og er hún á þskj. 481, VI. liður 1, og er hún um framlag til bryggjunnar á Blönduósi, að það verði hækkað úr 40 þús. kr. í 80 þús. Þannig er ástatt í þessum málum, að í fyrra var farið í endurbætur á þessum mannvirkjum með því að setja steinsteypt ker fyrir framan bryggjuna, og var á s. l. sumri varið til þessara framkvæmda 280 þús. kr. En svo hörmulega vildi til, að fyrir mistök þeirra, sem stjórnuðu, ef einhverjum er um að kenna, starfsmanna vitamálastjórnarinnar, þá fór það þannig, að þegar fyrsta brimið kom, sem var nú reyndar stórbrim, þá eyðilagðist þetta mikið. Nú er það áætlað af vitamálastjórninni, að það mundi kosta 76 þús. kr. að gera við þetta, og vegna þeirrar skuldar, sem hreppurinn hefur þegar bakað sér vegna þessa, þá er Blönduóshreppi algerlega ófært að koma þessu í lag, og enda þótt þessi brtt. verði samþ., þá mun það reynast honum mjög erfitt að standa undir svona miklum kostnaði. En nú má segja það með nokkrum rétti, að það hafi ekki verið fullkomlega rétt að fara út í þessar framkvæmdir, en það væri skárra, að ekki hefði verið farið í þær í upphafi, ef ekki fæst fjárframlag nú, til þess að hægt sé að gera við, því að eins og gefur að skilja, þá er bryggjan ónothæf, ef hún verður ekki löguð. Nú hefur hreppurinn, Blönduóshreppur, farið þess á leit við mig með bréfi, sem hann hefur sent til mín, að ríkisstj. kosti að öllu leyti lagfæringu, því að bilunin sé sök starfsmanna ríkisins, og það eru fordæmi fyrir því, að slíkt hefur verið gert áður, t. d. þegar svipað kom fyrir með brimbrjótinn á Bolungavík. Nú neitar fjvn. að verða við þessum óskum, en ég vona þó, að n. geti fallizt á, að þessi upphæð verði hækkuð. Þetta er eina till., sem ég flyt varðandi mitt hérað sérstaklega.

Þá flyt ég aðra brtt., sem er á þskj. 481, VI.2., og er um það, að fé það, 235 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í till. fjvn. til ferjuhafnar í Hvalfirði, verði lagt niður, en lagt til viðhalds á Hvalfjarðarveginum. Vegamálastjóri hefur í þessu sambandi sagt, að hvorki hann né hans starfsmenn væru því meðmæltir, að haldið væri áfram með þetta fyrirtæki, enda er þetta eitt hlálegasta fyrirtæki, sem lagt hefur verið í. Mér er sagt, að fjvn. sé búin að eyða við þetta fyrirhugaða mannvirki nálega 5 millj. kr. Að vísu er þessu ekki öllu kastað á glæ, því að mikið hefur farið í vegi þarna, sem annars hefði þurft að leggja, en málið er fullkomin fjarstæða, og hvort sem haldið verður áfram eða ekki, þá verður að halda Hvalfjarðarveginum við. Þetta er mál, sem varðar allt Vestur- og Norðurland, því að hér er um að ræða samgönguleið, sem hefur mikla þýðingu, bæði fyrir flutninga á vörum og fólki, þetta varðar því einnig mitt kjördæmi. Það er nú komið svo, að mikið framlag af vörum hér í Reykjavík er flutt frá Norðurlandi með bifreiðum, og það er ekki hægt að hugsa sér, að það sé ekki haldið við og gerðir upp Hvalfjarðarvegirnir. Þetta ferjumál er einhver sú mesta fjarstæða, sem ég get hugsað mér, því að enda þótt hugsanlegt væri, að samgöngur væru þá tryggari milli Akraness og Reykjavíkur, þá væri miklu nær að halda heldur veginum við og tryggja þær á þann hátt en að kasta út milljónum til Hvalfjarðarferjunnar. Það var eðlilegt, að mönnum dytti einu sinni í hug að safna undirskriftum á Alþ. varðandi þetta mál, því að það var áður en vegurinn var lagður, og Hvalfjarðarleiðin var hálfgerð vandræðaleið, sem

alls ekki var fær nema yfir hásumarið, og síðan vegurinn var gerður upp, þá er hann jafnvel oft illa fær, af því að það vantar þarna ýmsar framkvæmdir, t. d. vantar brú við Bláskeggsá og ýmsar breyt. á veginum, sem vegamálastjóri telur þýðingarmiklar.

Hér er ekki um aukin fjárútlát að ræða, heldur aðeins tilfærslu á fé, og ég held áreiðanlega, að mikill fjöldi og mikill meiri hl. manna óski heldur eftir því, að þessu fé verði varið til þess að gera upp veginn, en að láta það fara í þessa ferjuvitleysu, þar sem meiningin er að nota skemmda báta, sem Akraneshöfn hefur notað í fleiri ár.

Ég vænti þess svo, að hv. þm., sem ekki geta að fullu tekið tillit til mín, að þeir leiti þá álits vegamálastjóra um það, hvað rétt sé að gera í þessu máli, áður en þeir greiða atkv., því að það verður að gera sér grein fyrir, þótt ekki sé nema þeirri upphæð, sem þegar hefur verið veitt til ferjuhafnarinnar, og það verður líka að gera sér grein fyrir því, að það þarf geysimikla upphæð til viðbótar, til þess að hægt sé að koma í nothæft ástand því fyrirtæki, sem þarna er fyrirhugað.

Þó að ég vilji ekki fara að ræða almennt um afgreiðslu fjárl., þá verð ég að segja það, að almennt séð verðum við að haga afstöðu okkar, eins og nú horfir í fjármálunum, þannig, að lagt sé í það eitt, sem kraftar og geta leyfir okkur. Við verðum að halda við og fullgera þau mannvirki, sem þegar er búið að leggja mikið fé í og ekki er hægt að komast af án, en ekki leggja til þess, sem við getum án verið, þó að það sé ef til vill þægilegt að hafa það, ef það er nýtt, og Hvalfjarðarferjumálið er mál, sem getur beðið, þó að það geti hugsazt að halda því máli áfram síðar, sem ég þó tel, að ekki komi til mála. Að öðru leyti vil ég ekki þreyta hv. þm. vegna afgreiðslu fjárl.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 4. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 3. landsk. nokkrar brtt. á þskj. 488 við fjárlagafrv. Fyrst eru brtt. um að veita fé til brúa og lendingarbóta í Norður-Ísafjarðarsýslu. Fjvn. hefur ekki treyst sér til þess að taka upp neina fjárveitingu til brúa í þessu héraði nema smávægilega viðbótargreiðslu til brúa, sem þegar er hafizt handa um að byggja, en hefur hins vegar ekki orðið við óskum okkar flm. þessarar till. um framlag til annarra brúa í héraðinu, ekki einu sinni til brúa, sem þegar hefur verið veitt fé til í fjárl. Við höfum því séð okkur til knúða að flytja brtt. um, að það verði teknar upp tvær brýr. Önnur þeirra er á Selá í Nauteyrarhreppi, sem er eitthvert versta vatnsfall á Vestfjörðum og þegar hefur verið veitt nokkurt fé til, og Múlaá í Ísafirði, sem ekki hefur verið veitt fé til áður. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. Það er mjög brýn nauðsyn, sem liggur til grundvallar fyrir þessari brtt., og ég tel það mjög illa farið, að fjvn. skuli ekki reyna að halda í horfinu um þær brýr, sem þegar er farið að veita fé til, því að í því felst raunverulega ákvörðun um, að fé sé veitt til brúarinnar, þar sem ekki er hægt að hefjast handa og leysa úr þeim vandræðum, sem af því leiðir, að þetta vatnsfall er óbrúað.

2. brtt. okkar hv. 3. landsk. er á þskj. 488, VIII, að í staðinn fyrir 40 þús. komi 100 þús. kr. til bryggjugerðar í Hnífsdal. Áætlun hefur verið gerð um framlengingu þessarar bryggju, og er kostnaðurinn við framlenginguna áætlaður 320 þús. kr. Á síðasta ári voru veittar 50 þús. kr., en af því voru dregin 35%, svo að greiddar voru úr ríkissjóði 32500 kr., og fyrir það fé var unnið að því að steypa ker, sem átti að framlengja bryggjuna með. Það, sem á vantar frá ríkissjóðs hálfu, til þess að hægt sé að ljúka þessu verki á næsta sumri, eins og brýna nauðsyn ber til, er 127500 kr. Við flm. biðjum hér um 100 þús. kr. Ég óttast, ef svo illa færi, að þetta framlag yrði ekki samþ., að það mundi stöðva framkvæmdir við þetta mannvirki á næsta ári, og þess vegna höfum við lagt til að hækka fjárveitinguna upp í 100 þús. kr. Ég vil geta þess, að þetta byggðarlag, Hnífsdalur, hefur sýnt sérstakan dugnað í því að koma upp þessu hafnarmannvirki, og jafnvel útgerðarmenn hafa lagt fram fé úr eigin vasa til þess að hreppnum yrði gert kleift að standa undir þeim útgjöldum, sem honum bar. Ég vil einnig geta þess, að útgerðin á þessum stað hefur vaxið. Þar eru ungir og dugmiklir sjómenn, sem mikils er um vert fyrir byggðarlagið, að geti haldizt þar við áfram. En ef svo á að vera áfram, að þetta hafnarmannvirki verði ófullgert, eru litlar líkur til, að svo geti orðið.

3, brtt., sem við hv. 3. landsk. höfum flutt á þessu sama þskj., er við 22. gr., að greiða Pétri Jónatanssyni í Engidal 12 þús. kr. skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar. Hv. þm. munu kannast við þetta mál. Á síðasta þingi var samþ. heimild til handa ríkisstj. að greiða öðrum bónda líkar bætur, en fyrir þessum manni stendur að öllu leyti eins á. Hv. þm. kann að finnast einkennilegt, að flutt skuli vera nú í annað sinn till. um sama efni, en það kemur til af því, að okkur flm. var ekki kunnugt um þetta, og okkur hafði engin ósk borizt frá þessum manni, sem við nú flytjum brtt. um, að þetta tjón verði bætt. Við sáum ekki annað fært en leggja til, að honum yrði gert jafnhátt undir höfði og hinum bóndanum, þar sem hann hefur beðið mjög tilfinnanlegt tjón, mjög svipað og sá bóndi, sem Alþingi samþ. í fyrra að greiða bætur. Við væntum því, að hv. þm. ljái þessu máli lið.

Þá leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að verja 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum. Ég þarf ekki að rekja rök þessarar till. Hv. þm. er kunnugt, að í þessum tveimur hreppum, sérstaklega öðrum, Sléttuhreppi, eru mjög sérstakar ástæður. Þar hefur orðið á skömmum tíma svo að segja hrein landauðn, og þeim, sem eftir

búa, skapast margháttaðir örðugleikar við þá breyt. Í Grunnavíkurhreppi hafa að vísu ekki gerzt svipaðir hlutir, og þar eru margir menn, sem vilja búa þar á sínum jörðum. Þar eru jafnvel ungir bændur, sem eru að hefja þar búskap. Og þegar á það er litið, að skilyrði til búskapar eru þar að mörgu leyti góð, þá höfum við flm. þessarar till. viljað reyna að stuðla að því að veita aðstoð þessu fólki, sem þarna vill búa og berjast við þá örðugleika og einangrun, sem þarna er um að ræða. Ég held, að það sé ekki skapað hættulegt fordæmi með því að samþ. brtt. eins og þessa. Á síðasta þingi fluttum við brtt. við sömu gr. um nokkurt framlag til úrbóta í þessu skyni. Hún var að vísu tekin aftur, og hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingu um það, að þegar ástæður hefðu verið rannsakaðar á þessum stað og till. gerðar um það af þar til kvöddum mönnum af sýslunefnd Ísafjarðar og ríkisstj., þá taldi hann mögulegt að leggja fram nokkurt fé í þessu skyni. Nú hefur þessi rannsókn farið fram af hálfu n., sem sýslunefndin skipaði og einn maður af hálfu fjmrn. Ég sé ekki ástæðu til að rekja álit þeirrar n. hér, en það hefur verið sent þinginu til álits, og hv. þm. eiga að því greiðan gang. Ég tel, að þessi litilfjörlega fjárhæð, sem við leggjum til, að stj. verði heimilað að greiða, geti komið að gagni og sé ekki kastað í sjóinn, þar sem vitað er, að á þessum stöðum er rekinn þróttmikill búskapur og enn fremur sóttur sjór. Þar hafa verið gerðar framkvæmdir, sem leggja grundvöll að bættum afkomuskilyrðum og hafa bætt aðstöðu fólksins í baráttu þess fyrir afkomu sinni. Þar hefur verið lagður vegarspotti kringum Grunnavík. Þar hefur verið byggð bátabryggja og sæmileg aðstaða sköpuð til útræðis á smábátum. Ég tel því eðlilegt, að þessi fjárveiting verði veitt.

Þá er c-liður þessarar brtt., að heimila ríkisstj. að verja allt að 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til samgöngubóta fyrir byggðina norðan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessi byggð norðan Skorarheiðar mun vera ein einangraðasta byggð á Íslandi. Fólkið, sem þar býr, hefur við mjög mikla örðugleika að stríða um alla flutninga að sér og frá. Það er hugmynd okkar, sem við höfum einnig rætt við menn norður þar, að nota eitthvað af því fé, sem fengist samkvæmt b-lið brtt., til að ryðja veg yfir þessa heiði, sem er mjög stutt og ekki mjög há, og síðan leysa flutningaþörfina að vetrarlagi með því að hafa snjóbíl, sem gengi úr botni Jökulfjarða, frá Hrafnsfjarðareyri og yfir í Furufjörð, en þar er meginbyggðin. Ég held, að þetta væri tilraun, sem fyllilega væri þess verð, að væri gerð. Þarna fyrir norðan heiði eru einir átta búendur, sem hafa ágæt bú. Þeir framleiða talsvert mikið af landbúnaðarafurðum og hafa eitthvert vænsta sauðfé, sem til er á Íslandi, og sérstaklega góðan fjárstofn. Þetta er þrekmikið dugnaðarfólk, sem hefur ekki bugazt af þeim örðugleikum, sem einangrun og samgönguleysi hefur búið þeim á öllum tímum. Ég held, að þetta væri merkileg tilraun til að leysa vandamál einnar afskekktustu byggðar Íslands. Ég treysti því, að hv. þm. líti á þessa nauðsyn og samþ. þessa breyt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera þessar brtt. að umtalsefni. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hef iðulega sagt við fjárlagaumr. hér á þingi í sambandi við Norður-Ísafjarðarsýslu, að þetta hérað hefur, að ég ætla, nokkra sérstöðu meðal héraða hér á landi, ef ekki algera sérstöðu. Þetta hérað er svo að segja algerlega vegalaust. Það hefur verið unnið að því nokkur undanfarin ár að skapa akvegasamband milli sjávarþorpanna við sunnanvert og utanvert Ísafjarðardjúp, og standa vonir til þess, að því verki verði komið svo langt á næsta sumri, að akvegasamband skapist frá Bolungavík um Ísafjörð og inn til Súðavíkur, en ekki er það þó með öllu víst. Þetta þýðir gífurlega breytingu til batnaðar í samgöngumálum, félagslífi og öllu starfi fólksins í þessum þorpum, sem eru allstórvirkir framleiðendur útflutningsafurða. En þetta hefur sáralitla þýðingu fyrir sveitirnar í héraðinu. Þær eru eftir sem áður svo að segja vegalausar. Það hafði að vísu allmikla þýðingu fyrir héraðið í heild, þegar akvegur skapaðist yfir Þorskafjarðarheiði að Ísafjarðardjúpi. Sá vegur hefur verið framlengdur nokkuð um hreppinn, sem vegurinn kemur í, Nauteyrarhrepp, en sem framleiðsluvegur og afurðaflutningsvegur kemur hann samt sem áður að tiltölulega litlu gagni.

Það, sem nú er fram undan í vegamálum þessa héraðs, er að skapa samfellt akvegasamband út með Ísafjarðardjúpinu að norðvestanverðu, fá vegasamband milli landbúnaðarbyggðanna inn með Djúpinu að vestan og norðan og markaðssvæðisins í þorpunum. Þetta er það verkefni, sem fram undan er og óumflýjanlegt að leysa á næstu árum. Ég veit, að ég þarf ekki að fjölyrða um það við hv. þm., hvaða þýðingu samgöngur yfirleitt hafa fyrir sveitir landsins og ekki einu sinni sveitir landsins, heldur einnig sjávarsíðuna, því að framleiðsluvegir um sveitirnar og afurðaflutningsvegir eru jafnnauðsynlegir fyrir þorpin sem sveitirnar. Þörfin við Ísafjarðardjúp er hér mikil. Oft er þar mikill skortur á landbúnaðarvörum, einkum mjólk. Jafnvel á Ísafirði, sem er höfuðstaður Vestfjarða, er oft mjög mikill mjólkurskortur. Þess vegna er það lífsnauðsyn fyrir þessi byggðarlög, ekki síður en sveitirnar sjálfar, að fá sem bezt akvegasamband. Ég vildi láta þetta koma fram enn á ný. Þó að mér sé ekki geðþekkur samanburður á fjárframlögum eftir till. fjvn. til einstakra héraða, þá kemst ég ekki hjá að vekja athygli á því, að sérstaða þessa héraðs virðist ekki hafa verið mjög ljós nm. í fjvn., því að ef henni hefði verið sú sérstaða ljós, hefði mátt vænta þess, að þær fjárhæðir væru hærri, sem veittar væru til vegamála í héraðinu. En að við hv. 3. landsk. höfum ekki viljað flytja brtt. til hækkunar við till. fjvn., bendir engan veginn til þess, að við teljum, að þær séu fullnægjandi eða hlutfallslega réttlátar, miðað við það, sem veitt er til annarra héraða, heldur er það af hinu, að

okkur er kunnugt, að n. hefur orðið að skera nokkuð meir við nögl fjárveitingar en hún hefði viljað til þessara framkvæmda, og enn fremur er það nú einu sinni þannig, að það er hér á Alþingi staðreynd, sem við þekkjum, að skipting fjárveitinga til ýmissa framkvæmda fer ekki alltaf eftir því, hvar nauðsynin er brýnust og mest aðkallandi, heldur er það gamalt og úrelt hrossakaupasjónarmið og píringssjónarmið, sem ríkir í n., sjónarmið, sem enginn skynsamlegur grundvöllur er fyrir. Þetta er ekki hægt að komast hjá að segja. Það sjá allir heilvita menn bæði á Alþingi og annars staðar, að þegar farið er að skipta fjárveitingum til vegaframkvæmda eftir héruðum þannig, að reynt er að hafa svipaða fjárhæð til einstakra kjördæma í landinu án tillits til þess, hvernig aðstaðan í vegamálum héraðsins er, þá sjá það allir heilvita menn, að niðurstaða slíkra vinnubragða getur ekki orðið skynsamleg. Þegar vegalaust hérað svo að segja er lagt undir sama mælikvarða og hérað, sem bókstaflega hefur um sig akveganet, þá er það helber vitleysa. Þetta sér náttúrlega hv. fjvn., en úthlutunarsystem hennar er orðið gamalt og erfitt að hrófla við því, og því gengur þetta svona ár eftir ár.

Skal ég ekki fleiri orðum um þetta fara, en vildi aðeins geta einnar brtt., sem ég flyt ásamt fleiri hv. þm., en hún er um það að veita Örlygi Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk. Alþingi hefur gert nokkuð að því undanfarið að veita efnilegum, en efnalitlum listamönnum aðstoð til þess að koma upp varanlegum bústöðum fyrir sig og sína, og má segja, að fé, sem varið er í því skyni, sé vel varið. Sá maður, sem hér er lagt til, að fái slíkan styrk, er, eins og ég gat um áðan, Örlygur Sigurðsson listmálari. Hann er sonur hins ágæta og merka skólamanns, Sigurðar Guðmundssonar fyrrv. skólameistara á Akureyri. Hann hefur haft nokkrar sýningar og hlotið góða dóma. Erlendis hefur hann stundað nám og varið til þess miklu fé, og er því fjárhagur hans mjög þröngur og erfitt fyrir hann að fá varanlegt húsnæði. Þess vegna höfum við flutt þessa till., og væntum við þess, að hv. þm. styðji hana og sýni þessum unga, efnilega listamanni sama sóma og svo mörgum öðrum.

Þá vil ég ekki ljúka svo máli mínu, að ég ekki minnist á þá brtt. hv. fjvn., að styrkur til menningarsjóðs blaðamanna verði felldur niður. Ég held þetta sé í þriðja skiptið, sem hv. n. leggur svo til, en að vísu hafa þm. haft vit fyrir henni og fellt það. Ég skal nú upplýsa það, að þessi sjóður er stofnaður fyrir nokkrum árum, og hlutverk hans er að stuðla að aukinni menningu og menntun íslenzkra blaðamanna meðal annars og einkum með því að styrkja þá til utanferða, svo að þeir gætu víkkað sjóndeildarhring sinn og gegnt betur því hlutverki sínu að vera augu og eyru þjóðarinnar og svo að þeir gætu flutt þjóðinni tíðindi og skrifað um hin ýmsu efni, svo sem bezt fullnægði þörf þjóðarinnar á góðum blöðum og aukinni menningu í útgáfu blaða og tímarita. Sjóðurinn hefur þegar veitt nokkrum styrki og býr sig undir að veita fleirum, en það er venja að veita þriggja mánaða utanfararstyrk, þegar viðkomandi hefur unnið hjá blaði sínu í 5 ár. Þetta vildi ég segja hv. þm. og það með, að mér finnst það vægast sagt leiðinlegur blær, þegar hv. fjvn. reynir árlega að fella styrkinn til þessa sjóðs niður. Hún sýnir hin óviðkunnanlegustu músarholusjónarmið með því að leggja þennan sjóð þannig í einelti, og því skora ég á hv. þm. að fella þessa ómenningartill. hv. fjvn.

Aðra brtt. hv. fjvn. vildi ég einnig minnast á, en hún er þess efnis að draga mjög úr dagskrárfé útvarpsins. Ég skal nú viðurkenna sparnaðarviðleitni hv. n. í heild og að hún hefur unnið merkilegt starf, og styð ég stefnu hennar í heild. En ég undrast, hversu erfiðlega hv. n. gengur stundum að greina milli kjarna og hismis, og það er hættuleg braut, sem hv. n. leggur út á, þegar hún leggur þetta til. Þeir, sem til þekkja, vita mætavel, að fé til dagskrárstarfa er hlægilega lítið, miðað við heildarútgjöld ríkisútvarpsins, en til útvarpsins eru hins vegar gerðar stöðugt hærri kröfur um aukinn íburð og fjölbreytni í dagskrá. Menn verða og að gera sér ljóst, að útvarpið er ein þýðingarmesta menningarstofnun þjóðarinnar, og ef mikið er dregið úr dagskrárfé, þá sé ég ekki annað en það þýði stórfelldan samdrátt á allri dagskrárstarfsemi. Ég sé t. d. ekki betur en þá yrði að leggja niður útvarpskórinn, draga stórlega úr leikritaflutningi og jafnvel fella niður barnatímana auk ýmislegs annars. Þetta yrðu afleiðingarnar, ef till. hv. n. væri fylgt. Þarna er hv. n. einnig að fara út fyrir verksvið sitt, því að útvarpið stendur undir sér sjálft, og segi ég þetta vegna ummæla hv. þm. Barð., form. fjvn., sem talaði um nauðsyn þess að taka tekjur viðtækjaverzlunarinnar af útvarpinu og leggja þær til ríkissjóðs, en þá óttast ég, að útvarpið yrði baggi á ríkissjóði, og hvað hefði þá áunnizt? En það er eins og hv. n. þoli ekki að sjá sæmilega afkomu hjá nokkurri stofnun án þess að vilja taka tekjurnar af henni og gera hana að nauðleytaðila hjá ríkissjóði. Þetta er óskynsamlegt, því að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta. Eins og ég hef þegar bent á, þýðir samþykkt þessarar till. hv. n. stórfelldan samdrátt á starfsemi ríkisútvarpsins. Þetta vil ég, að hv. þm. viti, enda augljóst, að ekki er hægt að lækka framlagið til dagskrárstarfa um 160 þús. krónur án þess að áhrif þess sjáist eftir. Ég vil og benda á, að útvarpið hefur algera sérstöðu sem menningartæki, og það verður hv. fjvn. að gera sér ljóst. Tilgangur hv. n. með þessari till. er náttúrlega að spara, en það er hægt að spara á ýmsa vegu, og að sjálfsögðu hlýtur þess sjónarmiðs að gæta, að mönnum þyki fráleitt að byrja að spara við þá stofnun, sem maður sjálfur er við riðinn, en ég endurtek það og undirstrika, að ríkisútvarpið hefur algera sérstöðu sem menningarstofnun þessarar þjóðar. Því bið ég hv. þm. að gjalda varhug við þessari till. hv. fjvn. Ég mun ekki

hafa hér öllu fleiri orð að sinni, en tilskil mér rétt til að flytja brtt. við 3. umr., bæði um hagsmunamál þess héraðs, sem ég hef umboð fyrir, svo og ýmis önnur mál, ef mér þykir ástæða til.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 497 og vildi gera stuttlega grein fyrir þeim. Fyrst vil ég víkja að þeim till., sem varða hagsmunamál kjördæmis míns.

Varðandi vegamálin hef ég lagt til, að framlag Ólafsvíkurvegar hækki úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Þessi vegur er nú mjög ófullkominn, en leiðin fjölfarin og þýðingarmikil, og vænti ég þess, að hv. þm. sjái nauðsyn þess að bæta hér úr og samþ. þessa brtt. — 2. brtt. er þess efnis að hækka framlagið til Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegar úr 40 þús. kr. í 80 þús. kr. Hér er um að ræða langan veg frá Stykkishólmsvegi til Ólafsvíkurvegar, sem er að mestu ógerður, og veitir vissulega ekki af þeirri upphæð, sem ég fer fram á, en 40 þús. kr. eru þarna eins og dropi í hafinu. — 3. till. er svo þess efnis að hækka framlag til Skógarstrandarvegar úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. Þarna er svo til vegalaust, og bæði til Helgafellssveitar, Stykkishólms og Dala, og er brýnasta nauðsyn að bæta hér sem fyrst úr. Varðandi kjördæmi mitt ber ég að öðru leyti fram þá brtt., að framlag til hafnargerðar í Stykkishólmi verði hækkað úr 80 þús. kr. í 150 þús. kr. Þarna eru ágæt hafnarskilyrði, en bryggjan sem fyrir er, svo slæm, að liggur við hruni, og þarf hér að bæta úr hið bráðasta.

Auk þessara till. á ég nokkrar aðrar, og er þá fyrst við 12. gr., um rekstrarhalla fæðingardeildar Landsspítalans. Frv. gerir ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði samtals 774 þús. kr., en eins og kunnugt er, á Reykjavíkurbær að greiða ⅔ þess halla. Nú hefur fjvn. áætlað þennan halla og tekið í sínar till. 459 þús. kr., og er því 1. brtt. mín á þskj. 497 bein afleiðing af till. fjvn., sem sé að hlutur Reykjavíkurbæjar lækki úr 516 þús. kr. í 306 þús. kr. — Þá er næsta brtt. mín sú, að tekinn verði inn nýr liður, til sjúkrahúsbygginga í Reykjavík að upphæð 1300000 kr. Þetta snertir afar aðkallandi vandamál, sem bæði heilbrigðisstjórnin og bæjaryfirvöldin hafa mikið rætt undanfarið. Hafa þær viðræður leitt til þeirrar einróma niðurstöðu, að óumflýjanleg nauðsyn sé á því að byggja ný sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar hér í Reykjavík. Einnig hefur Læknafélagið sent frá sér áskorun sama efnis. Gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn við þessar byggingar greiðist úr ríkissjóði að ⅖ og úr bæjarsjóði að ⅗ hlutum. Til þess að viðunandi lausn fáist, þá er það álit fróðra manna, að afla þurfi 30 millj. kr. Ef menn nú hugsa sér að dreifa þeirri fjáröflun t. d. á næstu 6 ár, þá er það till. mín, að bæjarsjóður leggi árlega fram 2 millj. kr. og ríkissjóður 1⅓ millj. kr., en Tryggingastofnun ríkisins láni það, sem á vantar, eða 10 millj. kr. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur þegar fallizt á þessar till. og veitt 2 millj. kr. í þessu skyni. Tryggingastofnunin hefur og gefið fyrirheit um aðstoð. Ég leyfi mér því að fara fram á 1⅓ millj. kr. framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Næsta brtt. er varðandi hafnargerð í Reykjavík. Nú hefur það verið svo, að Reykjavíkurhöfn hefur ekki fengið styrk á fjárl. áður eins og aðrar hafnir, nema aðeins fyrstu árin, þar sem hún var talin hafa sérstöðu með tekjuöflun, og voru lengi vel sérstök hafnarlög fyrir Reykjavík. En árið 1946 kemur Reykjavíkurhöfn undir hin almennu hafnarlög og segir þar í 2. gr.: „Ríkissjóður greiðir ⅖ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstj. jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á ⅗ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir.“ Síðan eru taldar þessar hafnir, og meðal þeirra er Reykjavík. *(GJ:* Vill ekki þm. lesa áfram.) Ég skal lesa öll l., ef hv. þm. vill. Þetta er byggt á því, að hafnarsjóður hefur ekki getað staðið undir útgjöldunum. Hafnarstjórnin í Reykjavík taldi, að til þess þyrfti að hækka hafnargjöldin og samþ. breyt. á þeim, en hún hefur ekki verið staðfest. Reykjavíkurhöfn hefur til skamms tíma getað fengið lán til framkvæmdanna, en nú eru þær leiðir lokaðar, svo að það er viðbúið, að framkvæmdir strandi, ef hún nýtur ekki sömu hlunninda og aðrar hafnir. Það er vert að minnast þess, að höfnin í Reykjavík er ekki bara höfn fyrir Reykjavík, heldur fyrir allt landið um leið. Togarar frá öllu landinu leita þangað, og hinar miklu framkvæmdir í austurhluta hafnarinnar eru ekki bara ætlaðar fyrir Reykjavík, heldur líka fyrir togara utan af landi. Ég skal taka það fram, að í þessu felst ekki ádeila á hv. fjvn., því að hafnarstj. í Reykjavík hefur ekki viljað senda beiðni til fjvn. og n. því ekki synjað. En ég vildi koma þessu máli inn í þingið, svo að hv. þm. gætu gert það upp við sig, hvort Reykjavík ætti að búa við skarðan hlut í þessum efnum. Ef svo er, þá var ástæðulaust að setja Reykjavík í almenn hafnarlög.

Þá var það brtt. við 14. gr. varðandi skólabyggingafé. Það mál varðar hæstv. menntmrh., og hefði því verið æskilegt, að hann hefði verið viðstaddur, en þó svo sé ekki, mun ég ræða það nokkuð. Till. er á þá leið, að því fé, sem veitt er til skólabygginga, skuli varið til þeirra skóla, sem nú eru í smíðum, og að því sé skipt milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu hvers fræðsluhéraðs. Með þessu er ætlunin, að megináherzlan verði lögð á það að ljúka þeim skólum, sem nú eru í smíðum, þó að aðkallandi sé að byrja á nýjum. Þá er það skipting skólafjárins. Það hefur verið svo, að fjvn. hefur ekki skipt þessu fé, heldur menntmrh. Nú er mér kunnugt, að komið hefur til mála innan fjvn., hvort n. sjálf eða Alþ. ættu ekki að skipta þessu fé eins og vegafé, brúafé, hafnafé, lendingarbótafé, símafé o. s. frv. Hér er um töluverðar fúlgur að ræða og allmikið vald falið ráðh. Það er mikið vandaverk að skipta þessu fé milli héraðanna. Þarfirnar eru

miklar, og 1948 var framlagið lægra en 1947. En ekki verður hjá því komizt að sætta sig við það, þar sem ríkið hefur ekki bolmagn til þess að veita meira fé. Hins vegar verður ekki við það unað, að þessu fé sé ranglátlega skipt. Þó að þörfin sé víða mikil, ætla ég, að fullyrða megi, að hún sé sízt minni í Reykjavík en annars staðar vegna fólksaukningarinnar og aðstreymisins til bæjarins. En Reykjavík hefur verið afskipt síðustu árin og sérstaklega á síðasta ári. Árið 1947 var veitt til barnaskólanna 4.5 millj. kr., og af því féllu 900 þús. í hlut Reykjavíkur, eða 20%. Í Reykjavík býr þó ⅓ landsmanna, og meiri ástæða er til þess að koma þar upp skólum, þar sem bærinn er í örum vexti, en annars staðar, þar sem fólkinu fækkar, nema skólarnir séu þá byggðir í þeirri von, að fólkinu fjölgi við að sjá þá. — Þá voru á árinu 1947 veittar 4250000 kr. til gagnfræða- og héraðsskóla, þar af fékk Reykjavík 700 þús., eða 16—17%. En þó að þetta hafi litið þannig út 1947, keyrði um þverbak á síðasta ári. Þá voru veittar 2275000 kr. til barnaskóla, af því fékk Reykjavík 130 þús. kr., eða 5—6%. Til gagnfræða- og héraðsskóla voru veittar 1.3 millj. kr., af því fékk Reykjavík ekki einn eyri, þó að hér sé í smíðum stærsti gagnfræðaskóli landsins. Um áramótin 1947—48 höfðu bæði ríki og bær greitt framlög sín, en á síðasta ári þurfti bærinn að greiða 750 þús. kr. fyrir ríkið. Á þessu ári er vonað að skólinn geti tekið til starfa, en sú von er lítil, ef ríkið leggur ekkert fram. Af þessum ástæðum hef ég lagt fram brtt. á þskj. 497 um heildarlínur, er skipting skólabyggingafjárins fari eftir. Að sjálfsögðu er ég til umræðu um aðrar leiðir, t. d. ef fjvn. vildi gera till. í málinu. Líka gæti komið til mála, að ráðh. gerði grein fyrir því, hvernig hann ætlaði sér að skipta fénu. Við hitt verður ekki unað, að honum sé fengið þetta fé í hendur, án þess að nokkuð sé um það vitað, hvernig því verður skipt.

Loks er það brtt. um, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast fyrir h.f. Skipanaust vegna dráttarbrauta og skipasmíðastöðvar 3 millj. kr. Á síðasta þingi var lögð fram þáltill. varðandi þetta mál, en náði ekki fram að ganga. Síðan hefur málið verið á döfinni. Fyrirtækið var stofnað 1944 til þess að byggja dráttarbrautir og bæta aðstöðuna til skipasmíða. Nýbyggingarráð tók félaginu vel og veitti því þá fyrirgreiðslu, sem það gat, en þegar til kom hafði stofnlánadeildin ekki bolmagn til að veita félaginu aðstoð, og þess vegna hefur málið dregizt úr hófi. Síðan á síðasta þingi hafa verið gerðar mjög ýtarlegar rannsóknir og málið lengi legið hjá stj. til athugunar, en ekki fengið afgreiðslu. Ég hef því talið nauðsyn að koma fram með þessa till. í von um, að hún mætti verða til þess, að hafizt yrði handa um framkvæmdir sem fyrst. Ef hægt er að byrja á verkinu á þessu sumri, er gert ráð fyrir því, að því verði lokið 5—6 mánuðum eftir að efni er komið.

Fleiri eru ekki þær till., sem ég þarf að reifa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Sökum veikinda hef ég ekki getað fylgzt með umr. fyrr en undir það síðasta, en hef þó leyft mér að bera fram þrjár brtt. á þskj. 517,I. Í fyrsta lagi er það brtt. varðandi fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, að í stað 300 þús. komi 500 þús. Það þarf ekki að færa rök fyrir því, hve nauðsynleg þessi stofnun er, það er viðurkennt með því að setja l. um framlög ríkisins til fjórðungssjúkrahúsa og með því að hefja framkvæmdir. En það má kannske segja, að heppilegra hefði verið, bæði fyrir ríki og bæ, að þessi viðurkenning hefði verið veitt fyrr, því að þá hefði kostnaðurinn ekki orðið eins mikill. Bæði ríki og bær gjalda þessa nú, en um það þýðir ekki að sakast. Það, sem nú skiptir máli, er að framkvæmdir verði ekki dregnar lengi vegna skorts á nauðsynlegu fé. Bygging sjúkrahússins á Akureyri er nú búin að standa í þrjú ár, en ætlunin er að ljúka henni á þessu og næsta ári. Þetta er þó ekki hægt, ef ekki er veitt meira fé til byggingarinnar en nú er gert ráð fyrir, t. d. í þessu fjárlagafrv. Ég skal færa nokkur rök fyrir þessu. Um síðustu áramót var byggingarkostnaðurinn orðinn 2641000 kr., þar af var framlag ríkisins 1300000 kr., eða tæpur helmingur. Eins og hv. þm. vita, á ríkið að leggja fram ⅜ kostnaðar við byggingu fjórðungssjúkrahúsa, og vantaði því 275 þús. kr. við síðustu áramót, til þess að ríkið hefði lagt sitt fram. Sú fjárveiting, sem nú er áætluð, hrekkur því rétt fyrir þessari skuld. Hins vegar er, eins og ég sagði áðan, lagt kapp á það nú að ljúka verkinu á næstu tveimur árum. Það þýðir, að á þessu ári er áætlað, að til þess þurfi að verja 2 millj. kr. Gera þarf dýrar framkvæmdir innanhúss, kaupa dýr lækningatæki og standa straum af ýmislegum öðrum kostnaði. Ef kostnaðurinn er 2 millj. kr., er hlutur ríkisins af því 1.2 millj. En þar við bætist skuld ríkisins, svo að ríkið ætti á þessu ári að leggja fram 1.5 millj. kr. Ég fer ekki fram á þetta, ég veit, að engin von er til þess, að það verði veitt, en ég tel, að ég hafi fært sterk rök fyrir því, að 300 þús. kr. séu algerlega ófullnægjandi og að lágmark sé ⅓ þeirrar upphæðar, sem þarf til framkvæmdanna í ár, eða 500 þús. kr. Ég vænti þess, að hv. þm. — þótt fáir þeirra heyri nú mál mitt — taki tillit til þessara staðreynda og fallist á brtt.

Þá er það önnur brtt., varðandi fjárframlag til Öxnadalsheiðarvegar, að það verði hækkað úr 400 þús. kr. upp í 600 þús. kr. Ég byggi þetta á till. vegamálastjóra, sem hefur lagt til, að 600 þús. kr. verði varið til þessa vegar, miðað við þá heildarfjárveitingu, sem fjvn. byggir á. Fjvn. hefur þrátt fyrir þetta aðeins ætlað 400 þús. kr. til vegarins, og ég tel það illa farið og í raun og veru ósanngjarnt. Þetta er eini þröskuldurinn, sem eftir er á einni aðalþjóðleið landsins, veginum milli höfuðstaðar landsins og höfuðstaðar Norðurlands, og ætti því að leggja áherzlu á að ryðja honum úr vegi. En ég vil líka taka það fram, að ég tel það hæpna sparnaðarleið að fresta því að ljúka

þessum vegarkafla. Ég vil benda á, að nú er ríkið farið að reka áætlunarbíla á þessari leið, og halli hefur verið á rekstrinum. Sá halli mundi geta sparast að miklu leyti eða öllu leyti með því að klára þennan veg. Það, sem lagt hefur verið í kostnað við vetrarferðir, mundi sparast, þegar búið er að leggja þarna upphlaðinn veg. Snjóþyngslin eru ekki meiri þarna en á Holtavörðuheiði og Vatnsskarði, en vegurinn er niðurgrafinn, svo að lækir renna inn í hann og hann fyllist af snjó. Ég held því, að það væri sparnaður að gera upphlaðinn veg, að gera þetta átak, í stað þess að draga það árum saman og fleygja stórfé í að reyna að bæta veginn á veturna.

Loks er síðasta till., um framlag til hafnargerðar á Akureyri, að það verði 300 þús. kr. í stað 100 þús. kr. Ég geri ráð fyrir því, að þessi afgreiðsla fjvn. hljóti að byggjast á ófullnægjandi upplýsingum um hafnarframkvæmdir á Akureyri eða einhverjum misskilningi, annars hefði n. ekki dottið þetta í hug, en einmitt sökum þess, að ég held, að þessi afgreiðsla fjvn. hljóti að byggjast á einhverjum misskilningi, þá skal ég lýsa hafnargerðinni á Akureyri og hvað þar þarf að gera. Framkvæmdir þessar eru aðallega tvenns konar, nefnilega dráttarbrautin og hafskipabryggjan. Á dráttarbrautinni var byrjað fyrir allmörgum árum, en varð lítið úr framkvæmdum. Nú er svo málum háttað, að skipastólnum hefur fjölgað og auk þess eru skipin stærri en áður var, og þar sem þetta er eina dráttarbrautin á Norðurlandi, þá hefur þetta leitt til þess, að brautin er nú algerlega ófullnægjandi og hefur auk þess verið eyðilögð með því að taka upp í hana of stór og þung skip. Má því segja, að engin dráttarbraut sé nú á Norðurlandi, og er slíkt hreinustu vandræði. Þetta allt leiddi til þess, að gerð var alvara úr að byggja dráttarbraut, og var byrjað á henni á síðasta ári, og hefur Akureyrarbær lagt fram 800 þús. kr. í því skyni. Þá vil ég minnast lítið eitt á hafnarbryggjuna á Akureyri. Bryggja þessi var byggð um aldamótin og er nú orðin allt of lítil til afgreiðslu við Akureyrarhöfn, en auk þess vofir sú hætta yfir, að bryggjan hrynji hvaða dag sem er. Endurbyggingu hennar er því ekki hægt að fresta lengur, og var ákveðið í samráði við vitamálaskrifstofuna að hefja framkvæmdir, og hefur þegar verið keypt og greitt mest af efninu, og hefur Akureyrarbær lagt í það 930 þús. kr. Alls hefur því Akureyrarbær lagt fram 1735000 kr. til þessara framkvæmda, en auk þess hefur vitamálaskrifstofan annazt tæknilegan undirbúning á kostnað Akureyrarbæjar og nemur sá kostnaður 358 þús., svo að heildarframlag Akureyrar er um 2.1 millj. kr. Eins og kunnugt er, á ríkissjóður samkvæmt lögum að leggja fram 40% af kostnaði við hafnargerðir, og ætti hann því að leggja fram 837 þús. kr. til þessara framkvæmda. Fjárveitingar ríkissjóðs hafa hins vegar verið örlitlar eða samtals 479 frá árinu 1945, og vantar því upp á framlag ríkissjóðs 358 þús. kr., þannig að það framlag, sem fjvn. leggur til, að nú verði veitt til Akureyrarhafnar, er aðeins ¼ af skuld ríkissjóðs til Akureyrar. Kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir 2.1 millj. til dráttarbrautarinnar, og nú er óhjákvæmilegt að byggja stærri braut í sumar, og til að gera hana nothæfa þarf 1½ millj. kr. Áætlað er, að til endurbyggingar hafnarbryggjunnar þurfi 2.6 millj. kr., en þar í er ekki talin dýpkun á bátalæginu innan við bryggjuna. Þó má segja, að það sé ekki nauðsynlegt, að sú dýpkun fari fram í sumar, en öll bryggjan verður að byggjast í einu, því að þar fer öll afgreiðsla fram og auk þess er allt efnið þegar keypt, og er því óhagkvæmt að láta það dragast, fyrir utan það, að sú hætta vofir alltaf yfir, að bryggjan hrynji einn góðan veðurdag. Áætlunin er því 4.1 millj. kr., en þar sem þegar hefur verið lagt fram um 2 millj. kr., þá eru eftir um 2 millj. kr., og ætti hið lögboðna framlag ríkissjóðs því að vera 800 þús. kr., og þegar þar við bætist 358 þús. kr. skuldin, þá ætti framlag ríkissjóðs til Akureyrar að vera um 1158000 kr. Fjvn. leggur hins vegar til, að veitt verði 100 þús. kr. til þessara framkvæmda, en það hlýtur að byggjast á misskilningi. Nú er það auðvitað svo í þessu máli eins og í sjúkrahússmálinu, að vonlaust er að fá þá upphæð sem farið er fram á, en það minnsta, sem hægt er að fara fram á, er það, að Akureyri verði sett í flokk þeirra hafna, sem hæsta fjárveitingu fá. Ef hv. þm. kynntu sér þetta mál, er ég sannfærður um, að þeir mundu komast að þeirri niðurstöðu, að öll rök mæla með þessu og hér er um hið mesta nauðsynjamál að ræða, og auk þess vil ég minna á það, að þegar vitamálastjóri lét í té upplýsingar um þessi mál, þá lagði hann til, að Akureyri yrði í hæsta flokki. Ég vænti þess því, að hv. þm. og fjvn. vilji endurskoða afstöðu sína til þessa máls, og ég vona, að þeir sjái, að till. mín byggist á sanngirni.

Ég hef þá mælt fyrir þessum brtt. og vil ekki lengja umr. með því að fara að tala um fjárlögin í heild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er hér ásamt hv. þm. N-Ísf. flutningsmaður að nokkrum brtt. á þskj. 488. Hv. þm. N-Ísf. hefur þegar mælt fyrir þessum brtt. og skal ég því vera stuttorður.

Undir V. lið á þessu þskj. er brtt. frá okkur um tillag til tveggja brúa, það er á Selá í Nauteyrarhreppi og Múlaá í Ísafirði. Einu sinni áður, eða 1947, hefur Alþingi veitt fé til þessara framkvæmda við Selá, og nam það 50—60 þús. kr. Vegamálastjóri áætlar, að þetta muni kosta um 300—400 þús. kr., og er því ekki hægt að ætlast til, að það fé verði veitt í einu lagi, en hins vegar harma ég það, að ekki er veitt fé til þessara brúargerða frá ári til árs. Nú er kominn vegur út Langaströnd og kemur væntanlega í sumar út að Selá, og þá hefði brúin á Selá raunverulega þurft að vera tilbúin, þótt úr því geti því miður ekki orðið. Þótt fjvn. vildi nú verða við þeirri ósk okkar að leggja fram 100 þús. kr., þá er það ekki nema helmingur alls þess fjár, sem áætl-

að er, að þurfi, og eru þá þar taldar með þær 50—60 þús. kr., sem Alþingi hefur áður veitt. — Á veginum frá Arngerðareyri til Ögurs eru margar ár. Við höfum þó aðeins farið fram á 50 þús. kr. til brúargerðar á Múlaá í Ísafirði. Þegar þessi brú, sem mun kosta um 60 þús. kr., er komin, þá er kominn þarna slarkfær vegur, og vona ég því, að fjvn. sjái sér það fært að verða við þessari bón, en þó vil ég geta þess, að ég legg meira kapp á fjárveitinguna til Selárbrúarinnar, því að sú brú er blátt áfram höfuðnauðsyn.

Þá er hér till. um hækkun til Hnífsdalsbryggju. Hv. fjvn. leggur til, að veittar verði 40 þús. kr. í þessu skyni á fjárl. þessa árs. Í fyrra voru veittar 50 þús. kr., þannig að ef nú fengjust 100 þús. kr., eins og við hv. þm. N-Ísf. förum fram á, þá væri fenginn helmingur þess fjár, sem áætlað er, að bryggjan muni kosta, því að áætlað er, að hún muni kosta um 300 þús. kr. Ætlunin er að hefja framkvæmdir á næsta sumri, en ef ekki fæst nema 40 þús. kr. styrkur frá ríkissjóði, verður að fresta þeim eða reyna að fá lán, sem vissulega er vonlítið.

Þá er hér 3. till. okkar, og fjallar hún um það að greiða Pétri Jónatanssyni bónda í Engidal skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar. Alþingi veitti nágranna hans skaðabætur af þessum orsökum, en þá var mér ekki kunnugt, að þessi maður hefði orðið fyrir sams konar tjóni. Hér er um bláfátækan, barnmargan mann að ræða, sem er verr staddur en nágranni hans, sem bæturnar fékk, og vona ég því, að Alþingi sjái sér fært að veita honum þennan smástyrk. — Þá er hér b-liður sömu till., sem fjallar um það að verja allt að 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum. Hv. Alþingi veitti nokkurt fé í þessu skyni í fyrra, og kom það að góðu gagni og var til mikilla bóta. Samkvæmt samþykkt Alþingis var skipuð nefnd til þess að athuga, hvað helzt væri hægt að gera fyrir þetta fólk, sem þarna býr. Nefndin gerði síðan till. og sendi þær til félmrn., og vil ég nú með leyfi hæstv. forseta lesa örstuttan kafla úr nál. Þar segir svo meðal annars:

„Norðan Skorarheiðar eru 3 jarðir byggðar: Furufjörður, þar sem 4 fjölskyldur búa. Önnur jörðin er Bolungavík, en þar búa 2 fjölskyldur. Á 3. jörðinni, Reykjarfirði, býr ein stór fjölskylda, og er þar margt af ungu fólki til heimilis (sonurinn er nú að byggja). Allar eru þessar jarðir landkosta- og hlunnindajarðir, og hafa búendur bjargast þar vel. Hins vegar eru samgöngur og aðflutningar hinir örðugustu, og má undur þykja, að þeir erfiðleikar skuli ekki hafa þegar flæmt búendur þarna á burt. Eðlilegasta leið til samgangna og aðflutninga fyrir þessa búendur hreppsins er yfir Skorarheiði í Hrafnsfjarðarbotni og þaðan með bát til útsveitarinnar og Ísafjarðar. Til þess að gera þessa leið auðvelda þarf að koma bílvegur yfir Skorarheiði og bryggja í innanverðum Hrafnsfirði. Þar er aðdýpi mikið, og mundi ódýrt að koma þarna upp bryggju, sem skip þau, er í framtíðinni yrðu höfð til flutninga og póstferða um Djúp og Jökulfirði, gætu lagzt að. Yrði unnt að koma þessum umbótum á í aðflutnings- og samgöngumálum búenda norðan Skorarheiðar, mega teljast miklar líkur til, að byggð héldist þar í framtíðinni."

Sem sagt, það er akvegurinn, sem aðallega liggur á, að verði lagður þarna, og til að bæta úr brýnustu nauðsyninni mundu 50 þús. kr. verða hartnær nóg. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa till., en ég vil aðeins minna Alþingi á, að á þessum 3 jörðum búa hvorki meira né minna en 7 fjölskyldur, sem er allt saman dugnaðarfólk og á sannarlega skilið, að því sé veitt aðstoð til að bæta þannig lífsskilyrði sín.

Þá er og í 3. lið sömu till. farið fram á, að veittar séu 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til að gera mögulegar samgöngur að Djúpinu yfir vetrarmánuðina, og vona ég, að allir skilji þá nauðsyn.

Þá flyt ég hér till. ásamt hv. 2. landsk. þess efnis, að Kvenréttindafélagi Íslands verði veittar 15 þús. kr. til að senda fulltrúa á þing kvenna, sem halda á í Amsterdam á sumri komandi. Kvenréttindafélagið fékk styrk vegna landsmóts, er halda átti, en nú verður ekkert úr því móti, og langar því félagskonur til þess að senda fulltrúa á þetta alþjóðaþing í Amsterdam. Það eru nú svo margar ráðstefnurnar, sem karlmenn sækja, að mér finnst, að sparnaðurinn sé farinn að ganga of langt, ef ekki er hægt að veita kvenfólkinu styrk til þess að sækja þessa einu ráðstefnu.

Þá flyt ég hér 2 brtt. á þskj. 494. Önnur þeirra, sú, sem er undir X, er á þá leið, að veittar verði 10 þús. kr. til gagnfræðaskólans á Ísafirði til þess að halda þar uppi kennslu samsvarandi kennslu í 1. bekk menntaskólanna. Í gagnfræðaskólanum á Ísafirði eru nú á 3. hundrað nemendur og 90 nemendur í 3. bekk og 22 nemendur í bóknámsdeild, sem ætla að ganga undir miðskólapróf. Ef þeir standast það, þá er hér um að ræða heilan bekk, sem vildi halda áfram námi, og er farið fram á 40 þús. kr. vegna þeirrar kennslu. En búast má við, að kostnaðurinn yrði meiri. Þó mundu Ísfirðingar sjá um þá fjárhæð. Til vara er farið fram á, að Alþ. veiti 30 þús. kr., ef hitt er talið of mikið, og þá tækju Ísfirðingar á sig 10 þús. kr. í viðbót. Ég vil vænta þess, að þetta þyki eigi of freklegt. Hitt yrði fremur blóðtaka, ef senda ætti 20 nemendur brott úr bæjarfélaginu, ef þar yrði þá á annað borð kostur húsrúms og annars.

Þá er það XIII. liður, og er hann varðandi byggingarsjóðina. Hv. fjvn. hefur ætlað kr. 1200000 til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna, en það er lægri upphæð en í l. er greint. Hæstv. fjmrh. lætur svo um mælt í fjárlagafrv.: „Samkv. 3. gr. laga nr. 44/1946 skal ríkissjóður árlega leggja fram til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna kr. 1500000.00 ....". M. ö. o., hér er farið niður fyrir lögbundna upphæð, og það er óverjandi. Verður að halda við lögbundna upphæð, og væri þó þörf hennar hærri, því að þörfin er brýn. Það er nú upplýst, að á 3. millj. kr. hefur verið varið til bú-

staðabygginga fyrir sýslumenn og bæjarfógeta, og er ekki úr vegi að verja helmingi þeirrar fjárhæðar til að bæta lakasta húsnæðið.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ýmsum skeytum hefur nú verið skotið til fjvn. í sambandi við umræðurnar. Ég mun nú í svarræðu minni benda á ýmislegt, sem er rangt með farið, og gera grein fyrir ýmsu, er megi verða til skýringar á tillögum fjvn. En sérstaklega vil ég beina því til hæstv. forseta, að eðlilegt má heita, að viðkomandi aðilar hlusti á andsvör mín, einkum þó hæstv. samgmrh. vegna árása hans á mig í sambandi við póstsjóð, þar sem hann ber fram órökstuddar fullyrðingar og lætur blað sitt flytja þær án leiðréttinga. Ég hefði haldið, að honum þætti meiri sómi að því að svara þeim ásökunum, sem bornar eru fram í garð þeirrar stofnunar, sem hann á að bera ábyrgð á, heldur en kasta fram órökstuddum fullyrðingum til mín og n. — Ég mun þá svara fyrst hv. 1. landsk., sem gerði ágreining í n., þar næst hv. minni hl., síðan hv. 5. þm. Reykv., að svo búnu hæstv. fjmrh., þá hæstv. samgmrh. o. fl. hv. þm. eftir aths. þeirra. Ég vil hvorki hlaupa yfir einstök atriði né slíta samhengið, heldur verð að halda ræðu minni fram, hvort sem aðilar eru við eða ekki. Þó mun ég hætta, ef hæstv. forseta lízt það hentast. En persónulega er mér alveg sama, hvort þeir eru viðstaddir eða ekki. *(Forseti:* Ég mun gera ráðstafanir til að athuga, hvort aðilar eru við í húsinu. Ella verður að ráðast, hvort þeir hlusti eða ekki. En komi ekkert sérstakt fyrir, hafði ég hugsað mér, að fundi skyldi lokið fyrir kl. 4.) Herra forseti. Ég held þá fram ræðu minni. Áður en ég held lengra, skal ég þó benda á, að ég hef gert yfirlit yfir fram komnar brtt., eftir að fjvn. gerði till. sínar. En það er á þessa leið: Hækkunartill. frá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., — það mun gott fyrir hæstv. fjmrh. að fylgjast með þessu, — nema um 5407000 kr. En auk þess eru óskir til hækkunar 6.6 millj. kr. af hendi hæstv. ríkisstj. Hún og stjórnarflokkarnir gera því till. til hækkunar, sem nemur um 12 millj. kr. frá brtt. fjvn. Hér kemur þá hæstv. ráðh. Ég var rétt í þessu að geta þess, ráðh., að brtt. stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. til hækkunar nema um 5407000 kr., en hæstv. ríkisstj. óskar hækkunar um 6.6 millj. kr., svo að stjórnarliðið gerir till. um 12 millj. kr. hækkun samtals. Mér finnst þessar till. og ýmis ummæli, sem látin hafa verið falla í sambandi við þær, gefa tilefni til að ætla, að till. n. verði eigi samþ., heldur felldar, og að því loknu verði till. hv. þm. samþykktar, og bætast þá við gjaldamegin 18 millj. kr. að viðbættum 3 millj., sem ríkissjóður verður að standa undir fyrir sakir ábyrða. Svo bera sósíalistar fram hækkunartill. um 16113000 kr. og aðrir andstæðingar stj. eru með 645 þús. kr. hækkun, svo að alls verða þetta þá *16758000* kr. Ætla má, að eitthvað af till. verði samþ., ef hv. þm. vilja hækka útgjöldin á annað borð. — Ég vil benda á þetta í upphafi til þess að sýna, á hvaða leið þ. er varðandi afgreiðslu fjárl.

Þá sný ég mér að hv. 1. landsk. Hann sagði, að ég hefði hafið mál mitt á inngangi, sem ég túlkaði sem skoðanir n., en hann vildi mótmæla sem villandi og röngum. Ég bendi á, að þegar nál. var samið í fjvn., þá var það lesið upp að öllum nm. viðstöddum, og varð þá samkomulag um að fella brott allt það, er einstakir nm. vildu eigi undirrita. Kem ég að þessu atriði síðar. En eðlilegt er, að mér væri heimilað að skýra frá skoðun minni persónulega, enda yrði ég þá að tala á eigin ábyrgð. Fororð mín eru því á mína ábyrgð, og er engin ástæða til að mótmæla þeim á þennan hátt. Það er engan veginn hægt fyrir form. fjvn. að koma fram með till. og nál. fjvn. eftir fjögurra mánaða starf án þess að gera grein fyrir öllum þeim tima, sem til þess hefur farið. Það er eitt meginatriðið í innganginum að geta þess, hvers vegna tókst eigi að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr. fyrr og hvers vegna hækkunartill. um 40 millj. kr. komu fram, jafnvel varðandi afgreiðslu mála, sem snertu ekki n. Og hv. 1. landsk. sagðist líka mótmæla öðru. En eins og ég tók fram, þá var það aðeins einn í n., sem gerði fyrirvara um það, að hann væri á móti. Það var þó eigi vegna þess, að hann væri á móti hækkun, heldur var hann á móti lækkun. Hann óskaði þess lengi, að bókuð yrði atkvgr., er gengi í þá átt að lækka útgjöldin. Hann vildi láta það sjást, að hann hefði eigi verið sammála n. Hann sagðist einnig hafa skrifað í frv., en vildi ekki þreyta þm.; því að yfirleitt væri langoftast um tillögur í lækkunarskyni að ræða. Þar var hv. þm. á móti. Þetta sannar bezt, að hv. þm. tók sæti í sparnaðarn., en flúði úr n., þegar átti að lækka útgjöldin. Sömu stefnu hélt hann í fjvn. En þegar hann sá, að atkv. hans olli hvorki samþykkt né falli neins máls, þá var hann með síðar. Yfirleitt hefur þó stefna hans verið þessi, sem ég hef nú lýst. Og hann hefur nokkuð verið í samráði við sinn flokk. Hv. þm. sagðist álíta lækkanirnar vera blekkingu eina. Hv. þm. hélt þessu fram, og það er e. t. v. meginástæða þess, að hér er um blekkingu að ræða. Sums staðar væri komið fram á árið og væri eigi unnt að gera áætlanir fyrr en eftir samþykkt fjárl. En það er framkvæmdarvaldið, sem gerir það að blekkingu. Það átti undir eins að gera pósitífar ráðstafanir, til þess að till. yrðu ekki blekking ein. Ef rétt er, að þetta sé á móti vilja stjórnarforustunnar, þá er von til þess, að tillögurnar verði blekking. Þá er rétt að samþykkja þær ekki, en þó um leið að taka á sig ábyrgðina af að halda áfram á undangenginni braut. Hv. þm. sagði líka, að fjárlagafrv. hafi tekið þeim breytingum, að það sé nú með 28 millj. kr. greiðsluhalla, og n. geri engar till. til að bæta úr því og hún hafi því farið óvarlega. Þetta eru hans óbreytt orð. En þ. veit, að n. réð ekki við þetta. Þótt hún kæmi fram með nauðsynlegar till., þá var það eigi hennar verk að láta 10 millj. meira vegna dýrtíðarinnar. Það er verk, sem hv. 4. þm. Reykv.

hefur sérstaklega vegsamað og stært sig af, að væri gert gegn vilja Sjálfstfl. (*HV:* Er þetta ekki misskilningur?) En hv. 1. landsk. þarf ekki að kenna fjvn. um þetta, og það var ekki hlutverk n. að finna tekjuliði á móti. Það er verk hæstv. fjmrh. Hann vildi bæta við 40 millj. kr., en 33 millj. eru veittar í stjfrv. Þá er það hans og stj. verk að finna tekjur á móti. Ef þá er nokkru óvarlegar farið, þá er eigi n. um að saka, — auk þess sem þess var getið í framsögu minni, að n. hefði rætt við hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsi sér að mæta þessum mun. Því er óþarfi að drótta þessu að n. — Þá sagði hv. þm., að óþarfi væri að bera Alþfl. það á brýn, að hann stæði á móti sparnaði, og gat þess og, að hann teldi sig hafa eins mikla ábyrgðartilfinningu og frsm. Ég sé ekki ástæðu til að svara þessu sérstaklega. Ég hef sýnt fram á afstöðu hans í n. Hann stóð á móti sparnaði yfirleitt. En ég geri ráð fyrir, að hann hafi álitið, að við hefðum ekki fært nægileg rök fyrir lækkunartillögum okkar. Hann stóð á móti sparnaðinum og hefur þar verið í samræmi við flokk sinn. Hins vegar skal ég benda á, að ég þykist vita að hv. 1. landsk. hafi dyggilega farið eftir tillögum síns flokks og hann hafi því farið í **aðra átt en hálfbræður hans,** hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., ef þeir eru rétt feðraðir, en þeir eru hálfbræður sósialista að móðerni. (*GÞG:* Við höfum aldrei stutt hæstv. ríkisstj.) Ég met hv. 1. landsk. miklu meira en þá, sem neituðu að styðja foringja sína. Ég endurtek það. Og það er eigi vegna ágreinings um utanríkismálin. Það var sagt, að forusta stj. nú hefði látið Sjálfstfl. leiða sig lengra en hún og stuðningsmenn hennar vildu samþykkja. En þeir voru búnir að lýsa því yfir áður, að Sjálfstfl. réði stefnunni í dýrtíðarmálunum, hinum verstu málum fyrir þjóðina. — Annars er eigi ástæða til að ræða meira um afstöðu hv. 1. landsk. varðandi afgreiðslu fjárl. Hún er eðlileg og mörkuð af stefnu Alþfl. yfirleitt. Mér þykir eigi óeðlilegt, þótt hann léti þetta koma fram í umr.

Þá fer ég nokkrum orðum um tillögur hv. minni hl. Þær eru ekki óeðlilegar, þegar litið er á, að menn þessir eru í andstöðu við stj., þótt þeir séu ábyrgir sem allir aðrir alþm. En mér er skylt að segja það, að þátttaka þeirra í afgreiðslu fjárl. í fjvn. var á þá leið, að þeir sýndu meiri ábyrgðartilfinningu en sumir stuðningsmenn stj. Og þess vegna á ég bágt með að skilja, hvernig flokkur þeirra kemur fram við afgreiðslu fjárlaganna nú við þessa umr. Að vísu þykist minni hl. n. tilbúinn að benda á tekjuöflunarleið, sem ekki hækki dýrtíðina, og væri fróðlegt að fá að vita, hver hún væri. Manni verður á að spyrja, hvort það sé ný eignakönnun, því að einu sinni átti hún að lækna öll mein. En hvað sem um það er, þá þarf mikla tekjuöflun til að mæta þessum 16—17 millj., sem gert er ráð fyrir til hækkunar. (*Forseti:* Má ég benda frsm. á, að nú er fundartími liðinn.) Ég get frestað að ljúka minni ræðu. — [Fundarhlé.]

Ég hefði óskað eftir, að hæstv. fjmrh. væri hér við, en ég verð þó að halda áfram. Það kom fram í umr. um daginn, að nokkurt stefnuleysi hefði ríkt í fjvn. í sambandi við afgr. fjárlfrv. Hefur n. verið álasað nokkuð fyrir þetta stefnuleysi, þó misjafnlega mikið. En ég get ekki viðurkennt, að þessi ásökun sé rétt. Fjvn. er skipuð fulltrúum allra flokka í þinginu eftir styrkleika þeirra. Og ég held þar ríki svona nokkurn veginn sama hugsun í afgreiðslu mála eins og í þinginu almennt. Og þó lít ég svo á, og því verður varla mótmælt, að fjvn. hafi haft viðleitni — að vísu veika viðleitni — til að marka stefnu til sparnaðar á rekstrarútgjöldum ríkisins. En þó að þessi viðleitni sé veik, virðist mér nú, eftir að hafa hlustað á ræðu þingmanna, að hún sé þó sterkari en margir af stuðningsmönnum stj. jafnvel vilja láta sér vel líka. Benda til þess þær till., sem bornar eru fram hér upp á um 12 millj. kr., eins og ég gat um í dag. En það ætti að verða þessara sömu manna, sem telja stefnu fjvn. of veika í sparnaðarátt, að marka hana sterkari, og mun það ekki verða tekið illa upp af n. Þótti mér rétt að láta þetta svar koma við þessari ásökun.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur borið hér fram brtt. á þskj. 481 og með þeim markað alveg ákveðna stefnu í afgreiðslu fjárl., sem hann og markaði á fyrstu fundum n. Mér þykir rétt að skýra frá því hér, að hann lagði þá fram ákveðnar till. um rúmar 44 millj. kr. til sparnaðar á frv. Að vísu er ein af þeim till. upp á 33 milljónir kr., fólgin í því að fella niður algerlega framlag til dýrtíðarráðstafana, sem var í frv. upphaflega. En á þetta gat fjvn. fallizt á þeim tíma. Hann lét sér ekki heldur nægja þessar 33 milljónir, sem settar voru í fjárlfrv. í upphafi, heldur bætti við öðrum 43 milljónum rúmum á sama hátt, svo að hér er um 76 milljóna lækkun á framlagi til dýrtíðarmála að ræða. Hann hefur nú ekki viljað falla frá sinni skoðun í þessu máli og ber því fram á sérstöku þskj., sem hann hefur lýst, ýmsar róttækar brtt. til lækkunar, sem hvorki meiri hl. n. hefur viljað fallast á né — að ég hygg — meiri hl. Alþ. eins og það er skipað í dag. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta atriði. Ég virði hans viðleitni í að vilja skila fjárl. greiðsluhallalausum. Hans skoðun er, að það eigi að fara þessa leið, og mér dettur ekki í hug að álasa honum fyrir það á nokkurn hátt. Við aðrir, sem ekki vildum fallast á þetta, viljum fara aðrar leiðir, þó að við vildum gjarna fylgja honum í að ná greiðslujöfnuði á sjálfu frv. Vænti ég, að meiri hl. Alþ. verði þeirri stefnu fylgjandi, áður en frv. hefur farið gegnum allar umr., því að ég tel höfuðnauðsyn, að nú sé spyrnt við fótum, þannig að ekki sé safnað meiri skuldum hjá ríkissjóði en gert hefur verið, og þess vegna sé nauðsyn að fá fjárlög greiðsluhallalaus.

Skal ég þá nokkuð fara inn á nál. samvinnun. í samgöngumálum. Hún hefur skilað því ásamt till. á þskj. 472. Þykir mér leitt, að hv. frsm. skuli ekki vera hér við, því að ég hefði gjarnan viljað ræða við hann. En við-

staddir menn úr n. geta flutt honum. Það er lagt til að hækka framlagið úr 300 þús. kr. upp í 878 þús. kr. Nú er það vitanlegt, að þær 300 þús. kr., sem teknar voru í frv., voru engan veginn nægar til þess að mæta þeim kostnaði, sem hlaut að verða á flóabátum á þessu ári. Hins vegar verð ég að segja það, að mér þykir, að ekki hafi verið hér mikið stökk til lækkunar frá því, sem var 1948. Sé ég ekki, að lækkað hafi verið um meira en 34 þúsundir, og þar af eru 30 þús. af einum bát, Konráð við Breiðafjörð. Og ef fjvn. hefði ekki tekizt betur en þetta, held ég, að ekki hefði orðið mikil breyt. til batnaðar á fjárlfrv. Ég segi þetta ekki sem neina ásökun, en bendi á þetta sem staðreynd.

En í sambandi við einstaka liði brtt. vildi ég benda á og gera fyrirspurn, þar sem ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn, hvort rætt hafi verið til hlítar möguleikar til að lækka Norðurlandsbátinn um meira en í till. felst. Hann er enn með 220 þús. kr. Það hefur verið lagt stórkostlegt fé í samgöngur milli Sauðárkróks og Akureyrar. Því var haldið fram, að nauðsyn væri að hraða þar vegaframkvæmdum, til þess að hægt sé að halda þar uppi samgöngum daglega árið um kring. En eftir því sem meira er lagt í þessa vegagerð og ferðir eru örari, er meira fé lagt til þessa báts. Nú er vitað, að búið er að leggja veg um Siglufjarðarskarð og í Ólafsfjörð. Og það var hugsað á þeim tíma, sem þessi bátur var ráðinn til þessara ferða, að starfssvið hans minnkaði hlutfallslega við það, að samgöngur bötnuðu á landi, auk þess sem mér er kunnugt, að strandferðaskipin tvö, Herðubreið og Skjaldbreið, áttu að taka a. m. k. eitthvað af þessu starfi. Mér þykir því, að hér hafi lítið unnizt á til sparnaðar á þessum lið. Sama er að segja um Húnaflóa- og Strandabátinn. Ég sé ekki, hver nauðsyn er að halda þessum ferðum þvert yfir flóann á sama hátt og áður, og mér þykir líklegt, að með því að Hólmavík hefur verið komið í samband við vegakerfi landsins í ýmsar áttir, mætti athuga, hvort ekki mætti komast hér ódýrar af. Þá vil ég ræða við hæstv. ráðh., hvort ekki megi fella niður Stokkseyrar- og Vestmannaeyjabátinn. Mér skilst flugferðir hafi aukizt mikið þar á milli, auk þess sem strandferðir þangað eru nú allt aðrar en á stríðstímanum. Skilst mér, að það ætti að geta orðið samkomulag um að fella þetta niður og spara þar um 60 þús. kr.

Um Mýrabátinn — smáupphæð — skil ég ekki, hvernig þeirri upphæð er haldið við, þar sem enginn bátur er til að flytja vörurnar, en þær eru nú fluttar eftir vegum, sem búið er að leggja til bændanna. Samt er þessari upphæð, 2500 kr., skipt á milli bændanna, sem einu sinni höfðu bátinn. Má segja alveg sama um Suðurlandsskipið. Þetta er búið að standa lengi. Og mér finnst ákaflega óviðkunnanlegt að greiða 80 þús. kr. með þeim vöruflutningum, þegar margupplýst er, að vöruflutningar eru ódýrari á landi en sjó, og það miklu ódýrari, að strandferðaskipin ganga hálftóm frá Reykjavík og út með ströndum, af því að það er ódýrara að flytja á bílum norður í Skagafjörð og jafnvel norður til Akureyrar. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það væri mjög tímabært að athuga þessi mál nú í sumar, þó að þetta verði látið standa í ár. Það er rétt, sem komið hefur fram, að ekki er hægt að kippa þessu burt fyrirvaralaust. En ég tel, að í ár ætti að athuga gaumgæfilega alla skipaútgerð ríkisins, hvað megi færa í betra horf af þessum ferðum, miðað við að strandferðir eru komnar í betra horf en þegar bátarnir voru ráðnir til hinna ýmsu ferða, og miðað við það, að vegir eru allt aðrir og betri en þeir voru á þeim tíma.

Þá þykir mér rétt að gera hér nokkrar aths. við ýmislegt af því, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. um till. n. Hann saknaði þess, að fjvn. hafði ekki minnzt einu orði á starfsmannaskrána, sem svo mjög var kallað eftir. Ég skal nú gera nokkra grein fyrir þessu og sýna hæstv. ráðh., að þetta verk var ekki unnið til einskis. Að vísu er skráin þannig samin, að nær ógerlegt er að fá rétta hugmynd um greiðslur til einstakra manna. Sannleikurinn er, að það þarf að semja skrána upp, þannig að hægt sé að sjá í henni eins og skattskránni, hvað einstaklingur, sem er hjá ríkinu, hefur, svo að ekki þurfi að leita hingað og þangað. Þessir menn eru skráðir hjá hverri stofnun fyrir sig, en ekki eftir stafrófsröð. Ég skal taka nokkur dæmi til að sýna, að það hefur verið nauðsynlegt að gera þetta verk, — og mun betur en gert hefur verið.

Það er þá fyrst, að skrá þessi ber með sér, að skrifstofustjórar í stjórnarráðinu, hvor fyrir sig, og jafnvel endurskoðendur í stjórnarráðinu hafa fengið 2 þús. kr. í risnu fram yfir það, sem ákveðið er sem laun í launalögum. Við gátum alls ekki séð þetta í hinni venjulegu launaskrá. Það er falið undir öðrum kostnaði. Hins vegar er alveg ljóst, að ekki er til þessarar greiðslu ætlazt. Ég fyrir mína parta veit ekki, hvaðan ráðh. hefur fengið heimild til að greiða þetta fé, sem fellur ekki undir ákvæði launalaganna. Og ég satt að segja veit ekki heldur, hver ástæða er til að láta skrifstofustjórana hafa risnu. En ef hér er um hreina launauppbót að ræða til viðkomandi manna, ætti miklu fremur að fara aðrar og hreinni leiðir, ef launin eru svo lág, að þeir geta ekki lifað af þeim launauppbótalaust.

Þá sé ég hér einn embættismann á fullum launum — mér er illa við að taka upp nöfn manna — og hefur hann unnið dyggilega hjá ríkinu í mörg ár, en situr nú á fullum embættislaunum síðan hann fór frá starfi. Hann er það betur settur en starfsbræður hans, sem enn starfa, að hann greiðir ekki lífeyrissjóðsgjald af þessum launum sínum. En þar að auki sé ég, að hann er settur á 11655 kr. laun hjá ríkissjóði. Ég veit ekki, hvort ráðh. veit um þetta, en þetta sýnir nú þessi skrá.

Ef athugaðar eru hinar merkilegu stofnanir, fjárhagsráð, viðskiptanefnd og skömmtunarskrifstofan, þar sem starfa á annað hundrað manna, verður maður satt að segja nokkuð undrandi yfir því, sem á sér stað um launa-

greiðslur. Einn er framkvæmdastjóri hjá ríkisstofnun og hefur þar 33 þús. kr. rúmlega, en svo er hann hjá einni þessari stofnun og hefur þar 42 þús. kr. Nú spurði ég, hvernig hann færi að komast yfir allt þetta. Ég fékk það svar, að hann ynni hjá annarri stofnuninni frá 10 til 12 og 2 til 4, en hjá hinni stofnuninni á kvöldin og nóttunni. Þetta getur verið satt, og sjálfsagt er það. En ákaflega kemur okkur það illa fyrir sjónir, að þessi háttur skuli vera hafður á.

Hér er enn eitt atriði, að ýmsir læknar hafa fengið stórkostlegar launauppbætur, langt fram yfir það, sem er ákveðið í launalögum. Ég veit ekki heldur, hvaðan heilbrmrh. og fjmrh. hafa fengið heimild til að greiða þetta. En skrárnar sýna, að svo hefur verið gert.

Þá er hér enn ljóst af þessari bók, að óhemju fé er eytt í háskólann og aðra skóla landsins — sérstaklega þó háskólann í laun til prófdómara. Einn maður, sem er á hæstu launum í landinu af þeim embættismönnum, sem látið hafa af starfi, hefur þannig fengið nær 6 þús. kr., auk þess að vera á fullum launum og greiða ekki lífeyrissjóðsgjald.

Þá sýnir þessi bók, að ýmis gjöld í sambandi við eftirlit skóla, námsflokka, menningarsjóð og menntamálaráð og ýmsar fleiri góðar stofnanir eru meiri en fjvn. hafði gert sér hugmynd um. Ég hygg því, að þessi dæmi nægi til að sýna, að ekki hefur verið unnið fyrir gýg að fá heildaryfirlit yfir þetta.

Hér er síldarútvegsnefnd, sem hæstv. ráðh. er kunnugt um. Ég veit ekki, hvað þetta er mikið starf, en launin eru ekkert smáræði; en mér skilst, að það ekki sé um ákaflega mikið starf að ræða fyrir þá 5 menn, sem hér eru skráðir.

Þá er greitt sölunefnd setuliðseignа, annað árið 44 þús. kr., en hitt árið 46 þús. Fjvn. þótti þarna einkennilegar upphæðir til manna, án þess að nefnd séu nöfnin hér.

Þá eru aukastörf í viðskmrn. Ég varð ákaflega undrandi að sjá, að greiddar voru einum manni tæpar 17 þús. kr. fyrir vinnu við útflutning gjafapakka. Ég hélt, að það verk hefði haft meiri samúð hjá mönnum yfirleitt en svo, að greiða hefði þurft svo stórkostlegar upphæðir fyrir meðhöndlun þessara gjafa, þegar þjóðin hafði lagt á sig miklar fórnir til að leggja þessar gjafir fram. Hér er líka einn með 8 þús. kr. Og svo er heill hópur af mönnum í sambandi við þetta.

Fjórða dæmið, sem er kannske það allra einkennilegasta, eru rúmar 36 þús. kr. til úthlutunar Renault-bílanna, þ. e. a. s. hagamúsanna svonefndu, hvar af einn maður — náttúrlega ágætur flokksmaður hæstv. viðskmrh. — hefur fengið rúm 16 þús. kr. fyrir þetta verk. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvaða heimild liggur til þess að taka úr ríkissjóði 36 þús. kr. til svona starfa og hvaða nauðsyn er á því. Þessir vagnar voru fluttir inn í leyfisleysi. Raunverulega hefði átt að taka þá af viðkomandi aðila og láta hann engar tekjur hafa af innflutningnum, en sæta það háum sektum, að ef greiða hefði þurft nokkurn kostnað, hefði kostnaðurinn orðið af honum greiddur. En auk þess er alveg ljóst, að ef þessir vagnar hefðu verið fluttir inn með fullu leyfi, þá var það viðskiptan., sem átti að úthluta, en ekki sérstök n. Hvers vegna var sú nefnd ekki látin gera það? Hvers vegna að greiða rúmar 30 þús. kr. til þessarar úthlutunar? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Veit hann nokkuð um þetta? (Fjmrh. hristir höfuðið.) Mér datt það í hug, en þá veit hann nú, að ekki var til einskis, að skráin var samin. Nú er ég viss um, að menn hefðu keppzt um að fá leyfi fyrir þessum vögnum, jafnvel þó að þeir hefðu borgað fyrir 30 þús. kr.

Þá er 5. atriðið. Hér er nefnd, sem að vísu hefur ekki mikla upphæð, en dálitla, og heitir atvinnuleyfanefnd. Ég spyr: Hvað gerir hún? Leyfir hún mönnum að stofna sér til atvinnu eða máske að fara upp á vinnumiðlunarskrifstofu til þess að leita sér atvinnu? Þar eru líka ágætir og vel þekktir floksmenn einstakra flokka. En n. hefur kostað rúmlega 21 þús. kr.

Hér er eitt dæmi enn. Það er n., sem nefnist öryggismálan. Ég veit ekki betur en haft sé eftirlit með vélum, verksmiðjum, bílum og skipum. Hvaða öryggis á hún þá að gæta? Formaðurinn er með 9 þús. kr. laun. Nefnd, sem hefur kostað 60 þús. kr., en ekkert gagn verið að.

Þetta er nægilegt úr þessari bók til að sýna, að það er ýmislegt, sem kemur fram, þegar að er gáð.

Þá kemur 3. Mósebók. Í atvinnudeildinni er heill hópur í n. Ég veit ekki til hvers, en það er svo langur listi, að ég nenni ekki að fara yfir hann. En í sambandi við atvinnudeildina er einn maður, sem hefur full laun, 32 þús., og í annarri stofnun hefur hann nærri 19 þús. kr. laun. Nú spurði ég forstjórann þar, hvernig á þessu stæði, og tjáði hann mér, að sig varðaði ekkert um aðalstarf hans, en væri ánægður með vinnu hans hjá sér og sannfærði mig um, að svo væri, en hvað þá um hinn húsbóndann, ef hann vinnur alltaf dyggilega fyrir þennan? Hvað þá um atvinnudeildina? — Ég vil þá koma að því atriði vegna ádeilu, sem komið hefur fram, og hér hef ég bréf, sem hefur borizt frá einum starfsmanni við atvinnudeildina, og vil ég leyfa mér að lesa 4. lið þess með leyfi hæstv. forseta: „Aðalástæðurnar fyrir því, að Atvinnudeild háskólans virðist óeðlilega kostnaðarsöm, eru:

a) Ábyrgðarleysið. Í framkvæmd virðast allir sérfræðingar hafa rétt til að gera innkaup í nafni stofnunarinnar og gera ýmsar kostnaðarsamar framkvæmdir.

b) Starfsmönnum oft falið af háttvirtri ríkisstj. að vinna störf, sem ekki koma stofnuninni við, án þess að stofnunin fái endurgreidd laun þeirra og húsaleigu (þ. e. stofnunin tapar vinnukrafti (tekjum), en hefur sömu útgjöld).

c) Ekki nægilegt eftirlit með vinnuafköstum."

Ég hygg, þar sem bréfið er undirritað af gjaldkera stofnunarinnar, að það sé nægilegt til að sýna, að ég hef ekki farið með neitt

fleipur í sambandi við gagnrýni á þessa stofnun og að nauðsynlegt er að taka hana til athugunar, svo að verkin gangi ekki eins og hér hefur verið lýst.

Þá er hér enn ein athugasemd, og veit ég, að hæstv. ráðh. er kunnugt um, að hann hefur mann í þjónustu sinni, sem kominn er í um 60 þús. kr. laun. Hann vinnur fyrir 31 þús. og hefur auk þess 25 þús. fyrir önnur störf. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. athugi, hvort ekki megi samræma þessi störf, því að þau eru mjög skyld. Ég vil ekki nefna hér nein nöfn.

Hér er enn ein n., sem nefnist veiðimálan. Ég var ásakaður í Ed. fyrir að skera niður fé til þeirrar starfsemi. Ég sé ekki þörf á að greiða 500 kr. til hvers nefndarmanns.

Þá vil ég nefna eitt enn, það verður síðasta dæmið. Ég varð undrandi yfir að sjá, að skipaðir hafa verið nm. til aðstoðar við öskufallssvæðið, og fær hver nm. 5 þús. kr. í laun. Ég hélt sannast að segja, að menn þeir, sem urðu fyrir tjóni af öskufallinu, hefðu notið meiri samúðar en það, að farið væri að reikna slíka aðstoð til þeirra.

Listi þessi, sem ég hef nú lesið úr, er ekki á minni ábyrgð, en það er á minni ábyrgð, hvort ég hef lesið rétt. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það gæti orðið ný tekjulind að flokka niður á þessum lista og gefa hann síðan út. Hann yrði áreiðanlega metsölubók á Íslandi, mundi meira að segja seljast betur en skattskráin, og held ég nú, að ég hafi svarað því, sem minnzt var á starfsskrána.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér hefði orðið tíðrætt um þær 20 millj., sem fjárlögin hefðu hækkað frá því 1948, og einmitt af því, að hann dvaldi nokkuð við þetta, þykir mér rétt að taka þetta nokkuð til athugunar, svo að hann sjái, að skoðanir okkar eru ekki ólíkar. Hann reiknaði eftir öðrum leiðum og taldi, að munaði 15 millj., en hann tók öll gjöld, en ég tók öll rekstrarútgjöld. Ekki er rétt að taka öll gjöld, því að hann ræður ekki við þau, en hann ræður við rekstrargjöld, mannahald og annað slíkt, og það gagnrýndi ég. Og ég hef farið í gegnum skýrslu þá, sem n. gaf hæstv. ráðh. í vetur, og fundið, að tölur hennar eru alveg réttar. Þó er ekki hægt að flokka það allt undir útþenslu, t. d. vexti. Þó eru þeir að nokkru leyti afleiðing af útþenslunni, þar sem ríkið hefur þanið út starfsemi sína og tekið ýmislegt frá einstaklingum, þar sem það hafði verið betur rekið. — Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði gert grein fyrir hækkuninni á 8. og 9. gr. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að við vissum um ástæðurnar til hækkunar, en það að vita um orsakirnar er ekki það sama og viðurkenna þær. Og við töldum ekki rétt að halda slíku áfram. — Hæstv. ráðh. sagði, að hækkunin á 10. gr. væri ekki rúmar 300 þús., heldur tæpar. Þessi mismunur kemur af því, að hann reiknar með heildarkostnaðinum, en við með auknum kostnaði við mannahald og beinan rekstur. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að sé of lágt áætlað, verður að fá hækkun á því, en fjvn. álítur að ekki sé of lágt áætlað, því að hér er um ákveðnar upphæðir að ræða, sem Alþ. samþ. og ekki má fara fram úr, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. *(Fjmrh.:* Er öll n. sammála um það?) Að mestu leyti. En eins og ég gat um áður, voru að vísu raddir uppi um það, að ekki væri hægt að ákveða fjárlög, þar sem tekjur brygðust stundum. En það er nauðsynlegt að fara ekki fram úr l., nema brýna nauðsyn beri til, og það er ekki hægt nema safna skuldum. Hver ráðh. verður því að segja áður en fjárl. eru samþ., hvort hann treystir sér til að reka sitt ráðuneyti fyrir þá upphæð, sem því er ákveðin, geti hann það ekki, verður hann annaðhvort að fá framlagið hækkað eða segja af sér. Það er ekki hægt að fá festu í fjárl., nema svo sé, og sé eytt meira en fjárl. heimila, missist algerlega allt vald á þeim. Ég viðurkenni því ekki, að gjöld séu hærri en áætlað er í fjárl., og tel það hreint framkvæmdaratriði hæstv. ríkisstj. Þetta er kjarni málsins, og þessu verður að breyta, og ef halda á áfram að hafa það þannig, að ríkissjóður geti greitt tugi millj. fram yfir það, sem ákveðið er í fjárl., án þess að afla tekna á móti, þá er ástæðulaust að vera að semja fjárl., sem ekkert er farið eftir. Í sambandi við 10. gr. hygg ég, að hafi fallið niður 50 þús. kr. tekjur af innflutningsgjaldi, og skal ég athuga það fyrir 3. umr. — Í sambandi við 3. gr. sagði hæstv. ráðh., að rangt væri að taka hana til samanburðar. Ég get ekki látið mér detta í hug, að ekki sé hægt að taka óhófseyðsluna í útvarpinu til samanburðar. Er ekki eðlilegt, að fjvn. geri athugasemdir við þetta. Þetta er um hækkun á rekstri ríkisstofnunar, en þetta er ekki aðeins í ríkisskrifstofum, heldur ríkisstofnunum almennt, og ég veit, að hæstv. ráðh. verður okkur þakklátur, ef við getum fært þetta nokkuð niður. — Ég hefði nú viljað svara hv. þm. N-Ísf. nokkrum orðum um útvarpið og menningu blaðamanna, og vildi ég óska, að hæstv. forseti vildi láta athuga, hvort hann er í húsinu, þar sem ég get ekki látið honum ósvarað. — Þá sagði hæstv. ráðh., að hækkunin á 11. gr. stafaði að mestu af verðlagsmálum. Þetta er rétt. Verðlagsmálin og eftirlit með þeim kosta geysimikið og eru auk þess að kyrkja allt framtak í þjóðinni. Er óskiljanlegt, hvernig hæstv. ríkisstj. lætur þessa stofnun þenjast út nú með fallandi tekjum. Hún þenst svo út, að hún kostar nú nær 4 millj. og þar starfar á annað hundrað manns. Og ef allur sá listi yrði birtur, þá mundi gremjan margfaldast, þegar sæist, hvaða laun þar eru greidd. Þau eru ekki svo vinsæl mörg þau verk, sem þaðan koma, og væri hægt að koma því öllu miklu betur og ódýrar fyrir en nú er. Þá ræddi n. um málið við hæstv. viðskmrh., og sagðist hann vera að athuga frv. með breyt. fyrir augum. Fjvn. lagði til í tilefni af því, að skorinn yrði niður kostnaður um 2 millj., og spurði hæstv. ráðh., hvaða ráðstafanir yrði að gera til þess, að það gæti staðizt og að því meira sem færi í þetta, því minna færi í dýrtíðarsjóð, þar sem afgangurinn af leyfisveitingum rennur í þann sjóð. Það er nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. athugi,

hvort ekki sé hægt að draga úr þeim kostnaði, sem þjóðin vill ekki viðurkenna, að hún eigi að greiða. Þá sagði hæstv. ráðh. í sambandi við húsaleigun., að þar væri of lágt áætlað. Ég get upplýst það, að þegar fjárl. voru afgreidd 1948, var þetta ákveðið 100 þús. kr., en með sérstöku samkomulagi við hæstv. viðskmrh. var þetta hækkað í 150 þús., en bak við það var loforð frá hæstv. ráðh., að þetta yrði ekki hækkað, og ráðh. ræður, hve mikið er greitt. Ég held, að þegar hv. þm. Ísaf. var ráðh., þá hafi þessi laun hækkað. En við sáum enga ástæðu til að halda þessari óvinsælu n. uppi með þessum kostnaði, sízt eftir að hæstv. ráðh. hafði staðið tvívegis á móti, að þessu væri breytt hér á þingi, og er ég því á móti, að þetta framlag sé hærra en þingið ákveður.

Út af 12. gr. sagði hæstv. ráðh., að hækkunin, 323000 kr., stafaði mest vegna Landsspítalans, Klepps og fæðingardeildarinnar, og er þetta allt upplýst, og sá n. enga ástæðu til að gagnrýna það. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að þegar ákveðið var að breyta dýrtíðarlögunum í árslok 1947, sem olli meiri kostnaði á hvern sjúkling á þessum sjúkrahúsum, þá hefði verið sjálfsagt að hækka daggjöldin af hverjum sjúklingi, og þurfti ekki að leita til Alþ. með það. Þetta átti ráðh. að gera, og ef það hefði ekki verið gert, þá bar að leita til Alþ. um heimild í fjárl. 1948. Það er sannarlega á valdi hæstv. ríkisstj., að kostnaður verði ekki meiri en ákveðið er í fjárl. Sparnaðarn. benti á, að nauðsynlegt væri að hækka daggjöldin á sjúkrahúsum, þau væru miklu lægri en annars staðar, og þá mundu þau bera sig. Hið sama er að segja um fæðingardeildina. Hvaða vit er að hafa kostnaðinn minni en ríkið greiðir fyrir hvert fætt barn? En ríkið greiðir 600 kr., og nú er látið greiða minna á sjúkrahúsi, og er sjálfsagt að fara í þá upphæð, sem ríkið greiðir. — Þá sagði hæstv. ráðh., að 13. gr. ætti að hækka og nýr liður bættist við, sem áður var í 3. gr., sérleyfisbifreiðar, en þar koma tekjur á móti. Nú segir hæstv. fjmrh., að rangt sé að taka þetta sem útþenslu, en þetta er einmitt útþensla af allra versta tagi, og það mun ég ræða nánar við hæstv. viðskmrh. við 3. umr. Ferðalög eru nú rekin miklu verr en áður, meðan einstaklingar sáu hér um þau mál, og ríkið hefur tapað um einni milljón króna á því. Hér er nýr liður til Ferðaskrifstofunnar, og er það ekki útþensla, þótt eitthvað geti komið síðar á móti þessum gjöldum? En enn þá þarf a. m. k. mörg hundruð þús. kr. til að þetta standist. Ég er á móti þessari útþenslu, enda hafði n. lagt til að taka Ferðaskrifstofuna alveg út af fjárlögum.

Framlag til flugmála hefur hækkað um 600 þúsund, og það er útþensla. N. gerir tillögur til sparnaðar í því efni, m. a. um sparnað í mannahaldi.

Í sambandi við strandferðir sagði ráðherrann, að framlag ríkisins til þeirra hefði lækkað um 450 þús. kr. En þar blandar hann saman tveimur óskyldum liðum, og er hér þvert á móti um beina útþenslu að ræða, því að 587 þús. kr. eru vanreiknaðar til flóabátanna, og þarf að taka þá fjárhæð upp. Þegar það er tekið með, er þetta ekki langt frá því, sem ég hef sagt. Þegar mþn. athugaði strandferðamálin á sínum tíma, lá fyrir henni áætlun frá Skipaútgerð ríkisins. Samkvæmt þeirri áætlun var lagt til að byggja eitt strandferðaskip og tvö smærri skip, og reiknaði forstjórinn með ágóða en ekki tapi af rekstri þessara skipa. Hann fullyrti, að allt tap ríkisskipa væri Súðinni að kenna, og sagðist skyldi sýna, að hægt væri að reka nýju skipin með hagnaði. Nú eru nýju skipin komin, en annað þeirra var látið sigla milli landa í sumar með nokkra útlendinga og tapaði stórkostlegu fé, en Skipaútgerðin hefur aldrei fengið leyfi mþn. til að byggja skip til slíkra nota. Á fjárlögum er áætlað 500 þús. kr. tap á hvort skip og miklu hærra tap á smærri skipunum. Nú væri gaman að bera þessar staðreyndir saman við alþingistíðindin, það, sem áður hefur verið sagt hér um þessi skip, á meðan þau voru ekki farin að sigla. Ég held, að full ástæða væri til fyrir ráðh. að athuga, hverjar ástæður liggja til þess, að ekkert hefur staðizt, sem lofað var um afkomu þessara skipa. Það þarf að finna út, hvar meinið liggur, og laga það, því að ég er viss um, að hægt er að finna þetta mein. Ráðgert var að láta vöruflutningabátana hverfa úr sögunni með komu nýju skipanna. En hvað hefur skeð? Bátunum hefur verið haldið úti áfram til að tapa á þeim hundruðum þúsunda, á meðan bezta strandferðaskipið tapaði öðrum hundruðum þúsunda króna í millilandaferðum. Og svo er það rekstur Súðarinnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort rekstur þessa skips geti ekki haft í för með sér stórkostlegt tap á þessu ári. Súðin er nú í siglingum til útlanda, og er ákaflega hæpið, að ágóði verði á þeim rekstri. Og hver á þá að greiða tapið, ef það verður? Það þarf að athuga, hvort ekki er rétt að höggva Súðina niður eins og Lagarfoss, til þess að forðast með því stórtap, eða þá að sökkva henni í sjó.

Hæstv. forseti hefur tilkynnt, að hæstv. viðskmrh. væri veikur, og ætla ég því að verða við tilmælum um að ræða ekki að þessu sinni sérleyfisferðirnar og lánið úr orlofssjóði. Ég geymi það til 3. umr., ræði þá við hæstv. viðskmrh., því að ég vil ekki liggja undir ásökunum, sem ranglega eru á mig bornar.

Ég kem þá að hæstv. fjmrh. og byrja á flugmálunum. Hæstv. ráðh. sagði, að þrátt fyrir hækkun til vega hefði n. lagt til, að framlag til flugmála lækkaði. Allar till. n. miða til lækkunar. En varðandi rekstur vildi n. ekki eiga frumkvæðið að því að skera niður viðhald flugvalla og ekki draga úr öryggisþjónustunni í sambandi við miðunarstöðvar og þess háttar. En þó hefur verið skorið niður á 20. gr. Þeir vildu fá sem mest eins og aðrir, en ég held þeir teldu ekki goðgá, þótt dregin væri ½ milljón króna frá þessu. Það standa hins vegar fyrir dyrum stórkostlegar framkvæmdir, t. d. á Akureyri. Þetta stafar ekki af andúð alþm. í n. Aðrir þm. geta og hækkað þetta framlag, ef þeim sýnist, og fái n. nýjar upplýsingar, getur

verið, að hún verði ekki á móti slíkri hækkun.

Hæstv. fjmrh. sagði, að á 14. gr. væru vanreiknaðar 3 millj. kr., dýrtíðaruppbót á laun kennara. Það er rétt. En því setti hæstv. menntmrh. þetta ekki inn í fyrra. Og svo er annað. Hefur stj. athugað, hvort ekki sé til umræðu að breyta því fyrirkomulagi, að ríkið greiði dýrtíðaruppbót á laun kennara, en sveitarsjóðir aðeins laun þeirra. Hitt er svo einkennilegt, að hæstv. menntmrh. skyldi gleyma að taka þessar 3 milljónir með í reikninginn.

Hæstv. fjmrh. sagðist vísa gagnrýni viðvíkjandi 15. gr., atvinnudeildinni, veðurstofunni, húsameistaraskrifstofunni o. fl., til hæstv. atvmrh. Hafa ekki komið fram óskir frá hæstv. atvmrh. um að hækka þetta framlag til atvinnudeildarinnar stórkostlega? N. sér sér ekki fært að taka það til greina, en ber fram þá ósk, að hv. þm. fylki sér um að lækka framlag til þessarar stofnunar.

Í sambandi við 16. gr. ber það á milli okkar nm. og ráðh., að við nm. tökum eingöngu rekstrurinn, en ekki lögboðna styrki, því að þá koma allt aðrar tölur út, t. d. í sambandi við Búnaðarfélag Íslands. Það hafði hækkað um 115 þús. Þegar n. ræddi þetta við búnaðarmálastjóra, var hann raunverulega eini forstjórinn hjá ríkisstofnununum, sem reyndi að koma með tillögur til lækkunar á útgjöldum ríkisins vegna sinnar stofnunar, og það með góðum árangri. Ef n. hefði alls staðar mætt þeim skilningi, hefði annað orðið ofan á.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að hann teldi, að n. hefði átt að gera tillögur til gerbreytingar á 18. gr. Hann hlýtur að viðurkenna, að ekki er hægt að gera þá kröfu til þingnefndar, að hún gerbylti eða breyti greininni. Það verður að gera þá kröfu, að ráðh. láti gera slíkt á milli þinga, ef hann telur þess þörf. Fjvn. hefur ekki um áratugi gert grundvallarbreytingu á greininni, en litið svo á, að þeir, sem komnir eru inn á hana, verði þar áfram. ... Mun vera ákvörðun hæstv. ríkisstj., að sá styrkur, sem er eftirlaun á 18. gr., skuli dragast frá tryggingarupphæðinni, ef hún er hærri, en ef eftirlaunin eru hærri, þá fellur styrkurinn niður. Þetta tel ég mjög óheppilegt. Ef maður, sem er kominn yfir aldurstakmarkið, hefur 900 kr. í eftirlaun og 900 kr. frá tryggingunum, þá er annaðhvort alveg tekið af honum. Ég vænti þess eindregið, að hæstv. ráðh. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr. Meðal annars eru nokkrar gamlar og bláfátækar prestsekkjur, sem hvað eftir annað hafa kvartað um það við okkur, að þetta skuli vera dregið frá styrkupphæðinni. Sem sagt vona ég, að þetta verði tekið til athugunar, því að þetta getur engu munað fyrir tryggingastofnunina. Ég benti á ósamræmið í 18. gr. í framsöguræðu minni, og ég tel nauðsynlegt að taka þá gr. til rækilegrar athugunar. Hins vegar tel ég óheppilegt, að fjvn. geri það. Það var fyrir nokkrum árum, að einn embættismaður átti að takast inn á þessa grein, og lagði n. þá til, að hann fengi 60% laun, en þá tók einn ráðh. sig til og safnaði um sig liði hér á Alþingi og kom því í gegn, að maður þessi var tekinn inn á greinina með fullum launum. Síðan hefur hann setið þarna á fullum launum, en auk þess hefur hann fengið greiðslur úr ríkissjóði fyrir ýmis önnur störf, og þá geta menn séð, hversu erfitt það væri fyrir fjvn., ef hún ætti að meta hvern og einn þeirra, sem heyra undir þessa grein, en raunverulega ætti enginn að vera þar á fullum launum. Þá er hér einn maður á fullum launum, sem ráðh. vill ekki taka út af greininni, en það er Jóhann skipherra. Ráðherra hélt því fram, að þetta væri af því, að hann hefði verið rægður frá starfi. Ef svo er, þá ber að láta þá menn, sem rægðu hann, sæta ábyrgð fyrir það, en þrátt fyrir það á hann ekki heima á 18. gr. Hins vegar ef maðurinn er veikur, þá á hann kröfu á lífeyrissjóð, að upphæð 9 þús. kr., en ekki kröfu á fullum launum, 12 þús. kr. grunnlaunum úr ríkissjóði, og skil ég ekki hvers vegna ríkissjóður ætti að vera að taka þennan kostnað á sig. Sé hann aftur á móti fullfriskur og fær um að sinna starfi, skal athuga, hvort rógur hefur hrakið hann úr starfi, og setja hann þá í það aftur.

Ráðh. segir, að hækkun útgjalda hafi alls ekki farið yfir 15 millj. kr., í stað 20 millj. kr. Ég skal ekki ræða nánar um það, en vænti þó þess, að ráðh. sjái, að nokkuð er til í því, sem ég hef haldið fram. Ráðh. segir, að áætlunin fyrir 1948 hafi verið of lág. Ég hef þegar svarað því, en vil geta þess, að ég vil leggja sérstaklega áherzlu á, að fjárl. verði látin standast, því að annars er ekkert gagn í fjárlögum. Með þessu á ég þó alls ekki sérstaklega við þennan hæstv. ráðh. Þetta hefur því miður gengið svona í mörg ár á undan honum. Þá sagði ráðh. hér eitt, sem ég get ekki látið ómótmælt. Hann lítur svo á, að þar sem aðeins 6 millj. kr. séu teknar til sparnaðar í stað þeirra 20 millj., sem n. gat um, þá viðurkenni n. þetta þar með. Þetta er alger misskilningur. N. viðurkennir ekki þá hækkun, sem átti sér stað, en vildi heldur reyna að lækka þetta smátt og smátt, þar sem það lá líka í augum uppi, að ómögulegt yrði að lækka um alla upphæðina nú í einu, en ber að stefna að síauknum sparnaði. Þetta er því síður en svo nokkur blessun yfir þá útþenslu, sem þarna hefur átt sér stað. — Um það var mikið rætt í n., hvort lækka skyldi framlög til verklegra framkvæmda jafnmikið og sett hafði verið í frv. Það er ekki hægt að ásaka ráðh. fyrir þá upphæð, sem er í frv., því að hann vissi, að þingið mundi alltaf hækka þessa upphæð, hver svo sem hún væri. Umræðurnar innan n. gengu út á það, hvort halda ætti fast við að fella niður næstum allar verklegar framkvæmdir, eins og hv. 5. þm. Reykv. vildi, eða ráðast á útþensluna á rekstrarútgjöldum. Meiri hl. taldi ekki fært að skera niður verklegar framkvæmdir. Ef hægt hefði verið að lækka útþensluna um 20 millj. kr., þá hefði verið stætt með framlag til verklegra framkvæmda, en nú er ekki öruggt með 6 millj. kr. lækkun. Þó taldi meiri hl. n. ekki vera hægt að skera niður verklegar framkvæmdir, því að hafnir, vegir, brýr o. þ. u. l.

eru blátt áfram skilyrði fyrir því að nokkrar tekjur komi í ríkissjóð. Ég skal benda fjmrh. á, að seinast í dag voru hjá mér menn, sem vita ekki, hvernig þeir eiga að leysa vandamálin í sambandi við hafnarmálin, af því að ekki hefur verið hægt að ljúka þeim með fjárveitingu síðasta árs, og auk þess hafa þessi mannvirki verið þannig undirbúin af hálfu hins opinbera, að þau hafa ekki þolað þau átök, sem þau áttu að standast. Nú þegar hefur verið lagt í þessar framkvæmdir 800 þús. kr., og þar af hefur ríkissjóður lagt fram 400 þús. kr., en nú er allt í voða, ef ekki fást 300 þús. kr. til að ganga frá verkinu. Ríkissjóður sér sér aðeins fært að leggja fram 60 þús. kr., en ef fé fæst ekki til að tryggja áframhald verksins, getur farið svo, að það, sem þegar hefur verið unnið, fari til ónýtis og ríkissjóður megi gera svo vel að leggja fram á ný 400 þús. kr. Það hefði kannske mátt draga enn meir úr skólabyggingum og opinberum byggingum, þar sem þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem veita tekjur í ríkissjóð, en þó gat svo háttað, að hálfgerðar byggingar lægju undir skemmdum, ef ekki hefði fengizt fé til að halda áfram með verkið. Þetta var sjónarmið meiri hl. n., en þar með er ekki sagt, að n. hafi ekki getað skjátlazt. Hæstv. ráðh. sagðist vilja taka það fram, að ef þær till., sem n. gerir, fari í bága við lög, þá taki hann þær ekki alvarlega. Ég vil einmitt taka það fram, að í slíku tilfelli ber ráðh. annaðhvort að fá breytingu á lögunum eða bráðabirgðalög. Ég tel t. d., að hæstv. landbrh. hafi á s. l. ári átt að fá samþykkt bráðabirgðalög til að fella niður 80 þús. kr. framlag til ríkissjóðs.

Þá minntist ráðh. á eftirlitið, og var að heyra, að honum hefði skilizt, að ég vildi aðeins hafa eftirlit með rafmagnsveitum. En ég legg áherzlu á, að með hverju því bæjar- eða sveitarfélagi, sem kemst í þrot og ekki getur staðið undir skuldabyrði sinni, verði haft strangt eftirlit. Og það eftirlit á ekki aðeins að ná til þessa eina fyrirtækis, sem skuldirnar stafa af, heldur á að vera strangt eftirlit með öllum hreppsmálunum. Annars sýnir listi sá, er hæstv. ráðh. las hér upp, að ekki þýðir að taka þessi mál neinum vettlingatökum, þar sem skuldir þessar nema nú um 13 millj. kr. *(Fjmrh.:* Er lagaheimild fyrir þessu?) Er ekki lagaheimild fyrir því, að menn geti gengið að skuldunaut sínum, sem ekki getur borgað. Það hefði ég haldið. Annars hef ég talað um þetta við skrifstofustjórann í félmrn., og taldi hann þetta sjálfsagt. Þá hef ég einnig talað við nokkra oddvita þeirra hreppa, sem skulda, og þeir hafa sagt, að sér þætti þetta miklu betra, enda veit ég satt að segja ekki, hvernig fer, ef ný lán bætast ár frá ári ofan á þessar 13 millj. kr. og ekkert eftirlit er haft með rekstrinum. Þá fer svo að lokum, að ábyrgð ríkissjóðs verður ekki meira virði en gulu seðlarnir, sem hæstv. viðskmrh. gaf einu sinni út í Hafnarfirði. Sumt af þessu fé hefur verið veitt til ríkisfyrirtækja, en er hægt að ætlast til, að þegnarnir greiði stórfé til t. d. síldarverksmiðja ríkisins, sem hafa lagt fleiri millj. kr. í vafasamar ráðstafanir? Nei, slíkt verður að koma fram í hækkandi afurðaverði hjá fyrirtækinu sjálfu, og svona fyrirtæki verða blátt áfram að standa undir sér og jafna ágóðanum frá góðu árunum yfir á lakari árin.

Þá benti ráðh. á yfirgang Landssímans, og ég verð að segja það, að ég varð alveg undrandi, þegar ég heyrði, hvernig forráðamenn hans hafa hagað sér, og sá þá betur en nokkru sinni fyrr, að hér duga sannarlega engin vettlingatök. Ég skil bara ekki, hvernig þessir menn leyfa sér að fara þannig með fé ríkisins án þess að tala við ráðh. Ég hef að vísu heyrt, að Landssíminn þættist vera sérstakt rn., en hæstv. ráðh. ber að hafa eftirlit með þessu og vald til að stöðva þetta. Það virðist ekki geta verið leyfilegt, að ráðh., sem ekki er fjmrh., taki út stórfé, eða eins og hefur verið gert hjá útvarpinu, 500 þús. kr., án undirskriftar ráðh., og það er ekki hægt að una við, að slíkt sé látið viðgangast. Það er því tímabært, að ráðh. setji um þetta strangar reglur, sem ekki verður gengið fram hjá. Ráðh. minntist á, að árið 1946 hefðu útgjöldin farið 46 millj. kr. fram úr áætlun, svo að þetta væri ekki nýtt fyrirbrigði. Það er alveg satt, en þá voru tekjurnar líka langt um meiri fram yfir áætlun en nú er, og nú verður hver eyrir, sem fer fram úr gjaldaáætlun, að takast sem lán hjá Landsbankanum með þungum vöxtum.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að nauðsynlegt sé að afgreiða hallalaus fjárlög. Þingið hefur nýlega afgr. hér stórmál, sem öll þjóðin fylgdist með. Ég trúi ekki öðru en að þeir menn, sem tóku á sig ábyrgðina af því máli, vilji standa saman um að afgreiða hallalaus fjárlög, þótt það kosti ef til vill einhverjar fórnir, og ég vænti þess, að það verði engir erfiðleikar fyrir ráðh. að fá fjárlögin samþ. hallalaus. En til þess að svo geti orðið, verða þm. annaðhvort að draga til baka till. sínar og samþ. brtt. fjvn. eða þeir verða að útvega ríkinu nýjar tekjur, því að ef allar hækkunartill. þm. verða teknar til greina og lækkunartill. n. verða felldar, þá vantar ríkissjóð um 60 millj. kr. til þess að standa undir því.

Ráðh. spurði, hverjir það væru, sem ekki vildu, að tekjurnar af viðtækjaverzlun ríkisins rynnu í ríkissjóð. Allir vinstri flokkarnir vilja, að það verði ekki gert. Annars tel ég, að ráðh. ætti að bera þetta undir þingið, til þess að hann þurfi ekki að vera í vafa um, hverjir vilja láta þetta fé renna í vafasaman rekstur útvarpsins. Það er einnig annað, sem sannar þetta, og það er, að ríkissjóður styrkir ríkisútvarpið með auglýsingum, sem skipta hundruðum þús. kr., en þessu var ekki gert ráð fyrir, þegar l. voru sett. Það eru engin rök fyrir því, að útvarpið eigi að halda öllu þessu fé og eyða því. Þessir peningar hafa oft farið í mjög vafasöm útgjöld, en ég mun ekki fara hér út í þá sálma.

Eins og ég hef getið við hæstv. forseta, þá

mun ég geyma þann kafla ræðu minnar, sem snýr að hæstv. samgmrh., þar til við 3. umr.

Ég mun þá byrja á að svara einstökum þm., sem hafa að meira eða minna leyti gagnrýnt störf fjvn. og borið fram ýmsar brtt. til hækkunar. Það er þá hér fyrstur á blaði hv. þm. Dal. Hann ber fram eina brtt., sem prentuð er á þskj. 481. Það er út af fyrirgreiðslu. Hann er nú ekki við, en vill ekki einhver skila til hans, að fjvn. hafi ekki viljað fallast á þessa till. Það réð ef til vill mestu, að vart er hægt að halda, að bændur hefðu ekki dug í sér til þess að bjarga þessu á eigin spýtur, en hér er ekki um að ræða nema 3 þús. kr. framlag. Einnig ber þessi hv. þm. fram till. um að veita 25 þús. kr. til Staðarfellsskóla, á þskj. 481. Fjvn. leit svo á, að eðlilegast væri, að Alþingi héldi þeim úthlutunum áfram, sem verið hefur, og upphæðum til þessa málefnis hefur ekki verið skipt. N. vildi því ekki fara að taka hér upp neina nýja siði, að veita 25 þús. kr. til útihúsa að Staðarfelli. Hún lætur því þetta afskiptalaust og treystir sér ekki til að mæla með því. Hv. þm. sagði, að n. hefði á sama tíma og hún hafi fellt slíka till. sem þessa samþ. að veita 50 þús. kr. til tveggja fjósa á Hvanneyri og Hólum. Það er nú nokkuð annað að byggja peningshús á ríkisjörð, þar sem ríkið rekur búnaðarskóla, eða byggja peningshús fyrir bændur. Það eru ætlaðar 200 þús. kr. á 11. gr. til bygginga á prestsjörðum. Ég tek það ekki sem nein rök, að hægt væri að réttlæta þessa fjárveitingu með því, að á Staðarfelli sé skóli. Það skapar einmitt bóndanum tækifæri til frekari tekna að selja mjólkina beint úr fjósinu í skólann. Það er meir en aðrir bændur hafa aðstöðu til, a. m. k. flestir hverjir. Annars minntist hv. þm. einnig á það í ræðu sinni, að hann hefði verið óánægður með fyrrverandi fjárveitingar til brúarbygginga í hans héraði. Hann sagði einnig, að það væri aftur á móti veitt fé til fjögurra nýrra brúa í kjördæmi fjvn., eins og hann komst að orði. Hann sagði einnig, að hér væri í frammi höfð vélamennska og hrossakaupmennska og nm. reyndu að draga fé til sinna kjördæma, hver sem betur gæti. Hv. þm. hefur nú lengi átt sæti sjálfur í fjvn., og ætti hann því að vera störfum hennar og þeim reglum, sem hún starfar eftir, kunnugri en margur annar af hv. alþm. Vitaskuld má að sjálfsögðu ýmislegt að störfum n. finna eins og öðrum mannanna verkum, en ef störf n. eru athuguð með nokkurri sanngirni, þá er ekki hægt að finna neitt það, sem benti til þess, að hrossakaup né nein vélamennska, eins og hv. þm. komst svo vel að orði, hefði tt sér stað. Hér var um að ræða till. frá vegamálastjórninni, en í fyrra var nú byggð ein brú í kjördæmi hv. þm. Dal., án þess að nokkur fjárveiting væri fyrir hendi. Þá minntist hv. þm. á framlög til lendingarbóta. Taldi hann það vélamennsku í sambandi við þetta, að ein höfn hefði verið sett á hæstu fjárveitingu, 300 þús. kr. Þar á nú ríkissjóður vangoldnar 900 þús. kr. Ef þessi staður fengi nú hlutfallslega jafnmikið fé á borð við Patreksfjörð, þá er meira vangreitt vegna lendingarbóta á Patreksfirði en annars staðar á landinu. Þessi ummæli þm. særa mig ekki, en ég mótmæli ummælum hans og tel þau ekki vera drengileg. Það kann að vera, að n. hafi eitthvað yfirsézt í sambandi við þessi mál, en það hefur stafað af öðru en sérhagsmunum, eins og þm. vill halda fram.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. þm. S-Þ. út af grafhellunum hans, og það unga fólk, sem hefði ekki heyrt getið um Hannes Hafstein og Jón Arason, sem hv. þm. minntist á, mun vart þekkja Jón Arason neitt betur, þó hella verði lögð á minnisvarða hans austur í Skálholti.

Út af ummælum hv. þm. Ak., að réttmætt væri, að ríkissjóður legði fram ⅔ hluta til byggingar nýrrar brúar í Eyjafirði, sem ríkissjóður hefur áður kostað á móti Akureyrarbæ, þá breytir það engu, þó að bærinn bjóðist til að greiða ⅓ kostnaðar á móti ríkinu. Það er ekki skylda fjárveitingavaldsins að breyta brú á vatnsfalli eða leggja aðra nýja nokkrum metrum ofar eða neðar. Ekki er þetta hvað sízt alls fjarri á meðan fjöldi vatnsfalla er algerlega óbrúaður. Ég fyrir mitt leyti vil ekki taka svona boði. Akureyrarbær ætti að kosta þetta verk sjálfur.

Þessi hv. þm. talaði einnig um framlag til söngkóra, en það erindi hafði nú legið hjá fjvn. Hann sagði, að því hefði verið lofað, að þessi fjárhæð yrði greidd, því hefði verið lofað í fjmrn. Fjmrn. hefur nú enga heimild til þess að lofa neinum framlögum af fjárlögum, en þeir menn, sem kunna að hafa lofað slíku, ættu að sjá sóma sinn í að greiða þessa upphæð sjálfir. Slíkt framferði sem þetta ber ekki vott um mikla ábyrgðartilfinningu. Ef þetta er gert á ábyrgð ráðh., þá er hér sama upp á teningnum. Hann hefur enga heimild til að ábyrgjast fjárútlát nema með samþykki alþm. og fjvn. Ég tel því ekki, að fjvn. né þingið sé bundið slíkum loforðum.

Í sambandi við framlag til leikfélags í Hafnarfirði og framlag til hafnarinnar á sama stað, sem hv. 11. landsk. talaði fyrir, mun ég ekki ræða það fyrr en við 3. umr., þannig að hæstv. samgmrh. sé viðstaddur.

Út af ummælum hv. 2. þm. Skagf. út af vegunum skal ég fara fáum orðum. Er hv. þm. talaði um vegina í sínu kjördæmi, þá færði hann alveg sömu rök fyrir máli sínu og yfirleitt er gert fyrir hverjum óunnum vegi í héruðum landsins. Fjvn. telur slík rök ekkert nýmæli og sá því ekki ástæðu að hækka framlagið til þessa vegar í Skagafirði fremur en annarra vega á landinu. Allir vegir, sem lagðir eru, koma fyrst og fremst að notum við að flytja vörur til og frá markaðsstöðunum, og þótt Skagfirðingar hafi lagt hart að sér við vegalagningarnar, svo sem margir aðrir landshlutar, þá breytir það litlu. Ég vil t. d. benda á, að Suður-Þingeyingar hafa lagt afar mikið fé og kraft í vegalagningar í sínu héraði. Ég bendi aðeins á þetta, en hins vegar get ég líka bent á það, að t. d. Barðstrendingar urðu

lengst af fyrir svo mikilli andúð vegamálastjórnarinnar, að þeim var meinað að leggja fé í vegalagningar. Þess vegna er ástandið þar í þeim málum sem nú er og síður en svo gott.

Hv. 1. þm. Árn. ræddi um skóla Árnýjar og um sjóvarnargarð á Stokkseyri. Í þessu sambandi vildi ég spyrja hv. þm., hvernig væri með lóðaafgjöld á þessum slóðum. Ríkið á þarna jarðirnar, og það hefur sums staðar verið leyft, að lóðargjöldin, eða hluti þeirra, væru notuð til að verja landbroti. Þetta hefur t. d. verið leyft í Vestmannaeyjum. Væri því athugandi, hvort ekki mætti setja þetta inn á heimildagreinina, en fjvn. vildi ekki fallast á þessa fjárveitingu að svo stöddu.

Hv. þm. N-Þ. hefur borið fram brtt. og fer fram á 150 þús. kr. til sandgræðslu. Fjvn. hefur margrætt við sandgræðslustjóra um þessi mál, og meðal annars hafði hún rætt það erindi, sem felst í þessari brtt., löngu áður en till. kom fram. Það verður að vera hans að ráða því, hvernig því fé er varið, sem veitt er til sandgræðslu. Ef nauðsyn er á því að stöðva sandfok annars staðar en hingað til hefur verið talin vera brýnust þörfin, þá er vart hægt að taka upp aðra staði, nema Alþingi vilji fallast á að hækka framlagið almennt til þessara framkvæmda.

Út af athugasemd hv. þm. N-M. varðandi viðtækjaverzlunina, þá mun það verða rætt nánar í sambandi við frv., sem mun koma fram í sambandi við það mál.

Varðandi mat á hlunnindum skv. 12 gr., að ég hafi sneitt eitthvað að ríkisskattanefnd, þá er það upplýst, m. a. af landlækni, að hann telur, að mat á hlunnindum starfsfólks við ríkisspítalana sé 500—600 þús. kr. of lágt metið. Mér finnst rétt, að þetta upplýsist, og mér þótti því rétt að benda á þetta. Það er alger fjarstæða að meta þessi hlunnindi ekki hærra. Nú gengur þetta mat frá undirskattanefnd til yfirskattanefndar, og ef ekki er hægt að fá þá menn, sem sæti eiga í ríkisskattanefnd, til að meta þessi hlunnindi með réttu verði, þá verður að gera ráðstafanir til þess, að farið verði til þeirra manna, sem hafa einurð til og kunna að meta þetta rétt. Hv. þm. hélt því fram, að n. hefði samræmt þetta, en svo er ekki. Ríkissjóður tapar á þessu svo nemur hundruðum þúsunda á ári hverju.

Hér á þskj. 481 er hv. 6. þm. Reykv. með till. sínar. Á tölul. 16 leggur hann til, að framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis verði hækkað um 2 millj. kr. Það verður ekki um það deilt, að það mætti nota allt þetta fé í þeim tilgangi og þótt meira væri, en engar leiðir hefur þessi hv. þm. bent á til að afla tekna á móti þeim útgjöldum. Það kemur vitanlega í ljós við atkvgr., hvort hv. þm. sjá sér fært að auka við þetta. Hv. þm. segir, að ákvæði fjvn. með afgreiðslu frv. sé lélegur. Ég tek nú þessa ásökun með varúð og fyrirvara, því að þessi þm. er nú sem stendur í stjórnarandstöðu, og er ekki nema von, að hann reyni að finna að. Hins vegar verð ég að segja það, að samstarfið við hans flokk í fjvn. hefur verið með ágætum. Hann hafði t. d. allt aðra skoðun á málunum en hv. 1. landsk. þm., sem var á allt annarri bylgjulengd.

Þá sagði hv. þm., að það vantaði 8 millj. kr. framlag til skóla. Í þessu sambandi vil ég benda á það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að þetta eru í rauninni ekki skuldir. Hér er aðeins heimild til þess að verja til þessara framkvæmda ákveðinni upphæð á fjárlögum. Sveitarfélögum er alls ekki heimilt að hefjast handa um byggingar skólahúsa, hvenær sem þeim dettur í hug, og heimta síðan, að ríkissjóður greiði ⅔ kostnaðar við byggingarframkvæmdirnar. Ef slíkur háttur yrði upp tekinn, mundi fjárveitingavaldið verða tekið af Alþingi í þeim efnum. Það væri svo sem gott, ef hægt væri að greiða þennan kostnað jafnóðum, en það er því miður ekki hægt. Það hefði ekki verið tekin upp þessi stefna nema af því, að skólalöggjöfinni var breytt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að allt það, sem ég sagði um véla- og verkfærasjóð ríkisins, væri rangt með farið, og skal ég ekki frekar ræða það á þessu stigi málsins.

Hv. 1. þm. Eyf. er hér með nokkrar till. Hann lýsti því svo, að hann hefði komið með þær svona meira til að sýna þær en hitt, til að vera í samræmi við aðra þm., sem kæmu hér fram með brtt. Hann benti einnig á, að sýnilegt væri, að ekki hefði verið hægt að fá þm. til að gera samkomulag um að takmarka brtt. sínar til aukinna fjárveitinga, sem þó hefði verið þörf og ekki óeðlilegt. Á þskj. 494 er erindi frá hv. þm. Ísaf. Það erindi var hjá fjvn., og ræddi n. það mál mjög ýtarlega, og var landlæknir með n. í þeirri athugun. N. sá sér ekki fært að taka til greina þær óskir, eftir að hafa athugað málið. Það er líka mikið vandamál, sem þarf nánari athugunar við, hvort taka eigi upp þá stefnu að veita fé til viðhalds sjúkrahúsa í landinu. En að fjvn. gat ekki fallizt á þetta, er ekki vegna þess, að hún beri nokkurn kala eða hafi nokkra andúð á Ísafirði. Þessi stefna markast aðeins af getuleysi ríkissjóðs, en það mundi marka alveg nýja stefnu, ef ætti að fara að láta fé til viðhalds sjúkrahúsanna.

Þá ræddi hv. þm. um hafnarframlagið til Ísafjarðar. Hann vildi fá skýrar fram, eftir hverjum reglum fjvn. starfaði í þeim efnum. Við fengum nákvæman lista frá vitamálastjórninni, þar sem gefið var upp, hve mikið væri vangreitt úr ríkissjóði til hinna ýmsu hafna, svo og áætlun um, hvað gera þyrfti á árinu 1949, og þar eru einnig gerðar till. um, hvernig skipta skuli þeim 4 millj. kr., sem ætlaðar eru til framkvæmdanna. Eftir þessari skýrslu mun Ísafjörður eiga hjá ríkinu um 300 þús. kr. Ég veit ekki, hvort þessi upphæð er rétt, því að áður hafa komið reikningar frá ýmsum höfnum, og þar eru aðrar niðurstöðutölur heldur en þær, sem komu frá vitamálastjórninni. Ég gat um það áður, að það væri ein höfn, sem átti hjá ríkinu 900 þús. krónur og ætlaði að vinna fyrir 1200 þús. krónur. Það var almennur skilningur um það í fjvn., að það bæri að setja slíka höfn í hæsta flokk,

einkum þegar búið er að kosta á 4. milljón í þessa höfn. Þá var önnur höfn, Akraneshöfn, sem er talin eiga hjá ríkissjóði 5 millj. kr., en ætlar að vinna fyrir 1200 þús. á þessu ári. Síðan þótti einnig rétt að setja einu landshöfnina í þennan flokk, en flokkurinn var settur 300 þús. kr. Næsti flokkur var síðan ákveðinn niður í 200 þús. skv. till. n. Það urðu þær hafnir, sem áttu einna mest inni og ætluðu að vinna svo og svo mikið inn á þessu ári. Síðan voru aðrir flokkar settir með 150 þús. og 100 þús. Mér skilst, að Ísafjörður hafi verið settur með 180 þús. kr., eða alveg eins og vitamálastjóri lagði til, að gert yrði. Okkur var það ljóst, að það hefði þurft meira fé en raunverulega er lagt til, en ef átti að greiða allt það, sem ríkissjóður átti að greiða, þá mundi það fé engan veginn nægja, sem til skipta kom. Reyndi því fjvn. að skipta eftir beztu getu og fór því þessa leið. En ef þessi skipting er eitthvað óréttmæt, — það kann vel að vera, að hún sé það, en þá er það ekki af því, að n. hafi ekki sýnt ýtrasta réttlæti, heldur má þá gera ráð fyrir því, að þær upplýsingar, sem fjvn. fékk og fór eftir, hafi ekki verið réttar. Í þessu sambandi vil ég nefna Akureyri. Upphaflega var sagt, að höfnin þar ætti geymslufé 130 þús. kr. og ætlaði að vinna inn 2 millj. kr. Fyrir 3 dögum kom svo skeyti um, að búið væri að vinna inn 1750 þús. Í dag koma svo enn aðrar upplýsingar. Það er því sýnilegt, að þetta verður að vera mál milli stofnunarinnar og bæjarstjórnarinnar, úr því að ekki eru gefnar réttar upplýsingar. Og ég er satt að segja undrandi yfir því, hvers vegna bæjarstjórnin sendir ekki gögnin nógu snemma. Hún sendir ekki gögnin fyrr en komið er fram í apríl. (*StgrA:* Hún hefur treyst því, að vitamálastjórnin gerði það.) Ég vænti því, að hv. þm. Ísaf. geti fallizt á það, að þessi úthlutun af nefndarinnar hálfu er ekki nein hrossakaup.

Í sambandi við höfnina á Hofsósi og brtt. hv. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að það er ekki það lakasta, að fjvn. skuli ekki hafa getað lagt fram nægilegt fé, heldur er það lakasta það tjón, sem þar hefur orðið, því að hún er ein af þeim höfnum, þar sem tjón hefur orðið fyrir orsakir, sem stofnunin hefur valdið og nemur hundruðum þúsunda. Á Hofsósi, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Bakkafirði og landshöfninni hefur orðið tjón fyrir mistök stofnunarinnar, sem skipta millj. Það er aldeilis voðalegt. Og hér verður að gera kröfur til þess að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir. Annars mun ég tala um þetta nánar við samgmrh., þegar hann er hér viðstaddur, sem væntanlega verður við 3. umr.

Hv. þm. N-Ísf. er hér ekki viðstaddur, og hafði ég þó búizt við því, að hann yrði hér, þegar ég svaraði honum í sambandi við það, sem hann sagði, er hann lagði fram till. sínar. Hann ber hér fram brtt. við brúargerðir og lendingarbætur, og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða við hv. þm. um það. En mig langar til þess að ræða hérna nokkuð ummæli, sem hann viðhafði um fjvn. í sambandi við önnur mál, er hún hefði afgreitt. Hann sagði, að n. hefði ekki gert sér ljóst það ástand, sem væri í samgöngumálum í sýslunni, og að þar væri um algera sérstöðu að ræða. Ég tók það fram áður, að n. væri þetta fullkomlega ljóst, og leyfi mér því hér með að mótmæla þessum ásökunum. N. hefur gert sér þessa sérstöðu ljósa, og hún hefur reynt eftir mætti að bjarga þeim meginleiðum þarna í sýslunni, milli Bolungavíkur og Ísafjarðar annars vegar og Súgandafjarðar og Ísafjarðar hins vegar. N. hefur lagt megináherzluna á þessa vegi, en hins vegar ekki getað fallizt á að láta stórar fjárfúlgur falla til vegagerða um víðáttumikil og strjálbýl héruð, en þar á móti er skilningur n. um nauðsyn á að styrkja flóabátinn því betur, sem þarna heldur uppi ferðum á þessum sömu slóðum. Hann sagði, að hér hefðu ráðið úrelt hrossakaupa- og píringssjónarmið. Ég leyfi mér einnig að mótmæla þessu, en mun ekki ræða það frekar hér, heldur geyma það, þar til ég tala við hæstv. vegamrh., því að hann hefur sjálfur haft önnur sjónarmið um framkvæmdir í vegamálum en fjvn.

Þá talaði hv. þm. um styrki til skálda og listamanna. Hann sagði, að grundvöllur sá, sem n. hefði byggt á, væri „hreinasta vitleysa", eins og hann orðaði það. Ég leyfi mér að mótmæla þessu. Það hafa verið tekin til athugunar öll sjónarmið og öll rök með og móti, og ég get því ekki látið því ómótmælt, sem hv. þm. sagði. En í þessu sambandi hefði ég gjarna viljað fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðh., hvort byggingarstyrkir, sem gert er ráð fyrir til listamanna, hafi verið greiddir. Ég sé það, að hér eru 15 þús. kr. ætlaðar til tveggja listamanna til þess að byggja fyrir — 15 þús. til hvors um sig. Veit hæstv. ráðh., hvort þetta muni vera greitt? Mér skilst, að þessar 15 þús. kr. sé sáralítil upphæð til þess að styrkja með, ef það er ætlunin hjá þessum mönnum að byggja hús, sem kostar 300 þús. kr.

Hv. þm. belgdi sig allan út, vegna styrks menningarsjóðs blaðamanna, sem ætlaður er til þess að styrkja blaðamenn til utanfara. Hann sagði, að fjvn. hefði í þrjú skipti reynt að fella þennan styrk niður. Hann sagði í þessu sambandi, að blaðamennirnir ættu alla stjórnmálaflokkana á Alþ. og þess vegna hefði styrknum alltaf verið bjargað, en ekki vegna verðleika blaðamannanna. En nú vil ég spyrja, hvort það sé eðlilegt, að Alþ. styrki þessa blaðamenn til utanfara, og ef svo er, er þá ekki miklu réttara að setja þá á 14. gr. eins og aðra nemendur, sem sækja um styrk til að menntast erlendis. Það er veitt árlega ákveðin upphæð til manna til þess að nema mál eða annað erlendis, sem þeir hafa ekki kost á að nema hér til fullnustu. Annars sé ég ekki ástæðu til þess að vera að styrkja þessa menn með þessu framlagi, því að þeir geta þá sótt um styrk eins og hverjir aðrir nemendur, ef þeir þurfa að fá styrk til þess að læra, en þeir virðast nú reyndar læra heldur lítið í þessum ferðum, ef marka má nokkuð af því orðbragði, sem mjög er ofarlega hjá þeim öllum, nema

þetta eigi þá að vera eins konar þóknun fyrir góða tjónkun Alþingis. Hann sagði, að þetta væri „lúsablesaháttur." Þetta orðbragð er sjálfsagt árangurinn af þeirri menntun, sem þessir menn eru að sækja sér og fá styrk til að sækja sér. En ég verð að segja það, að þegar slíkt orðbragð er ofarlega hjá þessum mönnum, þá er það merki um það, að mikið skortir á, að þeir gæti almenns velsæmis, og af þeirri ástæðu á ekki að vera að kosta þá til útlanda. Ég veit ekki, hvort þeir læra þetta orðbragð í útlöndum, en ef svo er, þá er ekki ástæða til þess að senda þá. Ef þeir hins vegar gera það nú ekki, þá veit ég ekki nema það sé rétt að byrja á því að senda þá aftur í barnaskólana til frekari menntunar.

Þá kom hv. þm. að útvarpinu, en þið hafið heyrt, hvað fjvn. hefur átt við að stríða um lækkun á rekstri þess. Hér kemur einn postulinn, einn vikadrengurinn við útvarpið, hann er í útvarpsráði, og honum finnst það hreinasta goðgá, að það sé klipið af þeim 1100 þús. kr., sem stofnunin hefur aukið óhófseyðslu sína. En ég verð að segja það, að ef það má ekki stinga á þessu óhófskýli eyðslunnar, þá er ég hræddur um, að það gangi verr með annað, því að sannleikurinn er sá, að fjvn. hefur kallað til sín útvarpsstjóra og útvarpsráð til þess að fá hjá þeim ýmsar upplýsingar varðandi rekstur þess, en þar er ekkert samkomulag á milli, og hver höndin er þar upp á móti annarri, svo að það er ekki að furða, þó að það sé ekki rekið vel fjárhagslega séð, auk þess sem útvarpsstjóri sagði, að ágengdin að koma að mönnum, ekki einasta þeim mönnum, sem koma fram á dagskrá útvarpsins og landslýður allur fær að heyra til, heldur væri gerð alveg sérstök ásókn til þess að koma mönnum að hinum og þessum störfum, sem ekki er bein þörf fyrir. Hvort hv. þm. er einn þeirra manna, sem les „langur og gangur" annan hvern mánudag, það veit ég reyndar ekki. Hv. þm. sagði, að þetta væri stofnun, sem stæði undir sér sjálf að öllu leyti. Ja, sér er nú hver! Ég veit ekki betur en að hún sé kostuð af þjóðinni sjálfri, og er þá rétt að samþykkja hverja óhófseyðsluna sem er hjá þessari stofnun? Hvaðan hefur þessi stofnun tekjur sínar? Er það ekki skattur, sem lagður er á þjóðina, skattur, sem lagður er á alla útvarpsnotendur í landinu? Og jafnvel þó að útvarpið stæði sjálft undir sér, þá er það ekki nægileg ástæða til þess að leyfa ekki neina gagnrýni á rekstri þess. Hvaðan skyldi t. d. heimild vera komin til þess að kaupa eina fiðlu fyrir 75 þús. kr. og svo, jafnskjótt og hún er komin, þá er hún lánuð tengdasyni útvarpsstjóra og engin trygging fyrir því, að hún sjái nokkurn tíma dagsins ljós nema hjá honum? Hvaðan skyldi hafa verið heimild útvarpsins til þess að lána einum allra ríkasta manninum hér í Reykjavík 500 þús. kr. til 10 ára með mjög lágum vöxtum, eins og gert hefur verið? Nei, mér finnst sannarlega full ástæða til að gagnrýna svona stofnun og alger óþarfi af hv. þm. að vera með belging út af því, þó að reynt sé að koma í veg fyrir slíka óhófssóun. Svo sagði hv. þm., að öll verk fjvn. væru vitleysa. Sú var tíðin, að hv. þm. sagði, að ég væri eina þingfíflið, en nú er eftir hans orðum að dæma komið svo, að það eru komin 8 fífl til viðbótar, eða þeir menn, sem eiga sæti í fjvn. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum dómi fyrir hönd þeirra 8 manna, sem starfa með mér í fjvn. Dómurinn um mitt vit má liggja á milli hluta.

Hv. þm. Snæf. minntist hérna á till. í sambandi við vega- og bryggjugerð, og mun ég ekki ræða um það hér, en í sambandi við till. um fæðingadeildina vil ég taka það fram, að þetta stafar af misgáningi og mun verða leiðrétt fyrir 3. umr. málsins, svo að það var í sjálfu sér óþarfi af hv. þm. að vera að koma með sérstaka brtt. um það. Hann ræddi hins vegar um önnur atriði, sem ég vil stuttlega minnast á. Það var í fyrsta lagi heilbrigðisstofnunin nýja. Eins og hv. þm. réttilega tók fram, þá var það borið fram í n. að leggja 1300 þús. kr. af mörkum til þessa máls. En það varð að samkomulagi innan n. að leggja til, að veittar yrðu 500 þús. kr. Ég tel þetta vel af stað farið eins og á stendur í þessu máli, því að hér hefur verið mörkuð stefnan, sem halda ber áfram eftir því sem efni og geta leyfir. Þetta er mál, er varðar allt landið og landsmenn alla, því að hér í Reykjavík er oft staddur helmingur þjóðarinnar, og getur oft verið, að margir af þeim mönnum þurfi að leita sér vistar á sjúkrahúsi um lengri eða skemmri tíma, en eins og stendur er mjög mikill skortur á plássi í sjúkrahúsunum. Mér þótti því mjög vænt um, þegar samkomulag varð um þetta mál í nefndinni.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. þm. um styrkinn til Reykjavíkurhafnar, vegna þess að það á að vera skilyrði fyrir styrkveitingu, að höfnin sé ekki nógu sterk til þess að geta staðið undir sér sjálf fjárhagslega. Reynslan hefur hins vegar sýnt það, að Reykjavíkurhöfn er fær um að byggja upp bryggjur af eigin rammleik, svo að eftir öllum líkum að dæma virðist hún vera nógu sterk. En áður en nokkur styrkur er ákveðinn til Reykjavíkurhafnarinnar, þá er rétt að athuga, hvort ekki muni vera hægt að hækka hafnargjaldið. Þetta á einnig við um fleiri hafnir, eins og t. d. Akureyri og Hafnarfjörð. *(StgrA:* Það hefur verið sótt um hækkun fyrir Akureyri, en verið neitað.) Það er alveg meiningarlaust. Það er fjarstæða að vera að sækja og láta neita sér um það, ef hækkunin er ekki fram úr hófi, því að hvaða vit er í því að vera að halda niðri hafnargjaldi, sem er ekki nema sáralítið brot af farmgjaldi og uppskipunargjaldi? Hvaða vit er í því, ef það getur með því lækkað framlag ríkissjóðs? Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ráðh. á, að rétt er að láta fara fram gagngera athugun á tekjumöguleikum ýmissa hafna, t. d. á Siglufirði o. fl. Af þessum ástæðum, sem ég hef dregið hér fram, er ég á móti því, að Reykjavíkurhöfn fái þetta framlag.

Hv. þm. sagði máli sínu til stuðnings, að hér væru togarar alls staðar af landinu, sem leituðu

hafnar í Reykjavíkurhöfn. En er það ekki einmitt betra fyrir Reykjavíkurhöfn? Ég veit ekki betur en að Reykjavík hafi hag af því að fá þá hingað, og ég veit ekki betur en að útsvör hafi verið lögð á þá ár eftir ár hér í Reykjavík, svo að það hefur orðið að leita til hæstaréttar um það efni. Það er því ekki að furða, að bærinn vilji fá aukinn styrk vegna slíkra gesta, sem veita fé á allar hliðar!

Till. hv. þm. um framlög til skóla er mjög athyglisverð, og það verður að koma til athugunar, hvort ekki beri að samþ. hana. Það er erfitt að láta þetta allt hvíla á einum ráðh., en ég verð að segja það, að ég tel ekki neina lausn á málinu, þó að þetta verði flokkað í till. fjvn. Ég tel, að slíkt verði að lögfesta, sérstaklega þegar það hefur sýnt sig, eins og það gerði seinast í fyrra, að ekki er tekið fullt tillit til þessarar flokkunar fjvn., eins og raunin varð á um lesstofurnar, og var þar þó ekki nema um 60 þús. kr. upphæð að ræða, en það hefur ekki verið tekið tillit til þess af rn. Ég tel, að það skipti því meira máli, þegar ráðh. hefur ekki farið eftir till. n. Annars var ekki samkomulag um þetta atriði í nefndinni.

Í sambandi við till. um dráttarbraut, þá vil ég mótmæla því, að hún skuli vera komin hér fram, en mun geyma mér að ræða um hana þar til við 3. umr., vegna þess að hæstv. samgmrh. þarf að vera viðstaddur, því að honum ber að svara, því að eins og menn muna, þá var þessi till. afgr. með rökstuddri dagskrá í fyrra, og þau ummæli voru þá höfð eða loforð um, að hún skyldi ekki lögð fyrir aftur.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hv. 6. landsk. Hann heldur því fram, að það mundi hafa verið miklu ódýrara, ef umrætt hús hefði verið byggt miklu fyrr. En hv. þm. er vel kunnugt um, að það lýtur sömu reglum og önnur framlög frá ríkissjóði til þessara mála. Það er háð því, hve mikið fé er látið á hverju ári, en ekki því, hvað hvert hérað getur látið frá sér. Þegar þetta hérað fór út í það að byggja þessa miklu byggingu, bar því að sjálfsögðu skylda til þess að rannsaka það mál og skipuleggja það, hvort þeir gætu sjálfir haldið áfram byggingunni eins hratt og þeir óskuðu eftir, eða þeir áttu að tryggja strax í upphafi framlag frá ríkissjóði, til þess að baka sér ekki það tjón, sem hv. þm. ræðir um. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að leggja til, að það verði látið annað eða meira en það fé, sem hún gerir till. um, að tekið verði upp í fjárlfrv., þó að svo sé, að hlutur ríkisins verði vangreiddur um 1,2 millj. kr. Það verður að fara eftir sömu reglum og um önnur vangreidd gjöld. M. a. eru rúmlega 8 millj. kr. vangreiddar til skóla, og ég sé ekki, hvers vegna sjúkrahús á Akureyri ætti að ganga fyrir, frekar en skólahús. Ef ljúka ætti öllum þessum greiðslum til skóla, hafna og spítala, mundi það ekki nema minni upphæð en 30 millj. kr.

Um Öxnadalsheiði get ég sagt hv. þm. það, að vegamálastjóri leggur til, að veittar séu 400 þús. kr. sem lágmark, þó að ekki séu veittar nema 3 millj. kr. í vegi, en hins vegar leggur hann til, að ef veittar verði 7 millj. kr., þá komi 600 þús. kr. sem lágmark. Nú var það skoðun meiri hl. n., að það væru aðrar þarfir annars staðar á landinu, sem frekar þyrfti að leysa. Það er hægt að fara yfir Öxnadalsheiði, en það eru margir aðrir staðir til, þar sem ekki eru vegir, svo að hægt sé að komast yfir landið, og fólkið fer burtu, þar sem svo hagar til, því að atvinnuvegirnir byggjast á því, að hægt sé að leggja vegi. Rökin, sem hv. þm. kom með, voru þau, að niður gæti fallið allur rekstrarhalli á norðurleiðinni, ef lokið væri við þennan veg. Hvers vegna er þá rekstrarhalli á Hafnarfjarðarveginum, eina virkilega góða veginum á landinu? Þetta eru veik rök hjá hv. þm. Það eru aðrar ástæður, sem orsaka hallann á norðurleiðinni, heldur en þó að veitt sé 200 þús. kr. meira eða minna í veg á Öxnadalsheiði. *(StgrA:* Hallinn er á vetrarferðunum.) Ekki frekar en á Holtavörðuheiði.

Ég lýsti því nokkuð áðan, hvers vegna ekki hefur verið látið meira fé til hafnargerðar á Akureyri. Ég harma það, að þær upplýsingar, sem nú hafa komið fram, skuli ekki hafa legið fyrir fyrr, en ég sé enga aðra leið en að forráðamenn hafnarinnar ræði það við hæstv. samgmrh., hvort hann geti ekki látið eitthvert fé úr hafnarbótasjóði, en hann er sérstaklega ætlaður til að bæta upp þær skyldur, sem ríkissjóður getur ekki innt af hendi, og þá sérstaklega til þeirra, sem eiga ógreitt framlag frá ríkissjóði. En sé þingvilji fyrir því, að þetta fé verði veitt, þá er að mæta honum og hækka þá upphæð, sem tekin er í frv. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um dráttarbrautina. Sannleikurinn er sá, að það er ekki alveg víst, að sá leikur, sem leikinn er á Akureyri í sambandi við dráttarbrautina, sé réttur gagnvart ríkissjóði. Dráttarbrautin er byggð að nafninu til fyrir bæinn, en fyrirtækið er lánað með samningi til lengri tíma til einkaatvinnurekstrar, sem ætlaði sér að byggja dráttarbraut, en þegar búið var að samþ. að taka dráttarbrautina inn í hafnarlöggjöfina, þá er hafnarsjóður látinn byggja hana, en hún er svo framseld með leigusamningi til einstaks aðila. Slík aðferð getur kannske staðizt dóm, en það var ekki hugsað svona, þegar þetta var sett í hafnarlöggjöfina.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um till. frá hv. 3. landsk. þm. Það er mest endurtekning á því, sem hv. þm. N-Ísf. hefur tekið fram. En ég vil þó upplýsa það í sambandi við till. um framlag til Kvenréttindafélags Íslands, að það var fellt niður nú, vegna þess að liðurinn var tekinn í fjárl. í fyrra í ákveðnum tilgangi, til þinghalds innanlands, en var ekki hugsað sem fastur liður á fjárl. Hins vegar hafa þær nú hugsað sér að nota þetta fé til ferðalaga, ef þær fá þennan styrk, en ég skal ekkert um það segja, hversu aðkallandi það er. Ég fylgdi því fast eftir í fyrra, að þær fengju styrkinn til þinghaldsins. Nú hafa þær búizt við að fá að halda þessu áfram, en n. sá ekki ástæðu til að leggja til, að svo yrði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða meira hinar einstöku till. Það hefur ekkert komið fram, sem geri það að verkum, að ástæða sé til þess, að n. taki sérstaklega til athugunar hin einstöku mál. En ég skal lýsa því yfir, að áður en atkvgr. fer fram, skal ég sem form fjvn. halda fund með n. til þess að benda þar á hinar einstöku till. og þær upplýsingar, sem fyrir liggja. Kemur þá sérstaklega til athugunar Akureyri í sambandi við hafnarmálin, án þess að ég geti lofað því að nokkru verði þar breytt, og einnig kemur til athugunar Hofsós, Blönduós og Bakkafjörður. Ég get að sjálfsögðu heldur engu lofað um það, að þessu verði breytt. Það hefur verið takmarkað af ríkisstj. m. a., hvað hámarkið skuli vera. En ég skal að sjálfsögðu ræða málið og reyna að fá hæstv. samgmrh. til að ræða málið fyrir 3. umr. Ég hygg, að bezt sé, að þessar till. verði teknar aftur til 3. umr., en það má ekki skoðast sem fylgi mitt eða n. við till. Aðrar till. eru ekki, að ég held, sem ég óska sérstaklega, að rætt verði um, en skal þó hafa þennan hátt á um meðferð málsins, sem ég gat um, áður en frv. kemur til endanlegrar afgreiðslu hér.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf aðeins að segja örfá orð út af ummælum, sem hæstv. fjmrh. beindi til mín fyrir nokkrum dögum, þegar málið var til umr. Hann vildi láta gera nokkuð úr því, að ég hefði farið dálitið óvandlega með tölur í framsöguræðu minni fyrir minni hl. fjvn., og sérstaklega í sambandi við þann samanburð, sem ég gerði á fjárl. 1946 og því frv., sem hér liggur fyrir, með breyt. frá meiri hl. fjvn. Það er rétt, að ég gerði þennan samanburð, og samkv. þeim samanburði lítur málið þannig út, að ef samþ. verða till. meiri hl. fjvn., munu fjárl. nú verða helmingi hærri en fjárl. voru 1946. En ég gerði líka annan samanburð á ríkisreikningnum 1946 og benti á það, að ef bætast aðeins 10 millj. kr. við í frv., með till. frá meiri hl. fjvn., verða fjárl. 100 millj. kr. hærri en ríkisreikningurinn 1946. Hæstv. fjmrh. gat þess, að ekki væri rétt að miða eingöngu við fjárl., vegna þess að ríkisreikningurinn 1946 hefði orðið miklu hærri en fjárl. Þetta er alveg rétt. Það hef ég athugað og um það þarf ekki að fjölyrða. En þá benti hæstv. fjmrh. á það, að stærstu liðirnir í hækkuninni væru liðir, sem ríkisstj. hefði ekki á sínu valdi að skera niður, og vildi hann í því sambandi sérstaklega nefna fjárfrek lagafyrirmæli, sem hefðu kostað geysilega miklar fjárfúlgur. Ég var búinn að taka það fram í ræðu minni um daginn, að frá þessum mismun, sem er á fjárl. 1946 og þessu fjárlfrv., væri skylt og rétt að draga þær upphæðir, sem ríkið þarf nú að leggja fram beinlínis samkv. l. frá 1946, og jafnvel helzt þær fjárfrekustu frá 1945. Nefndi ég þá sérstaklega skólalöggjöfina, landbúnaðarlöggjöfina, tryggingal. og mig minnir raforkul. líka. Ég gat þess, að þegar tekið væri tillit til þeirra allra, mundu útgjöld ríkisins hækka um 30 millj. kr. Þessa tölu taldi ég að þyrfti að draga frá hinni miklu hækkun á fjárl. nú. Og ég gat þess, að þó að þetta væri dregið frá, þá væru allar horfur til þess, að nú yrðu fjárl. a. m. k. 60—70 millj. kr. hærri en ríkisreikningurinn 1946 og a. m. k. 100 millj. kr. hærri en fjárl. voru það ár. Og það, sem ég benti á, var, — og þessu ætla ég að ekki verði á móti mælt, enda viðurkenndi ráðh. það einnig, — að langsamlega stærsti liðurinn í þessari hækkun væru greiðslur, sem nú þarf að inna af hendi vegna hækkunar dýrtíðarinnar. Þar sem á fjárl. 1946 er ætlað til dýrtíðarráðstafana 12½ millj., en varð á ríkisreikningnum 16½ millj., eru í þess stað nú fyrirhugaðar til svipaðra ráðstafana 50 millj. kr. Það var þetta, sem ég lagði sérstaklega mikla áherzlu á, og ég tel, að hæstv. ráðh. hafi enga ástæðu til þess að bera mér á brýn, að ég hafi farið með rangar tölur eða nokkrar blekkingar.

Þá var það ein spurning, sem hæstv. fjmrh. beindi ekki sérstaklega til mín, en einnig til hv. form. fjvn., og það var vegna þeirrar till., sem komið hefur fram í n., að taka tekjur viðtækjaverzlunarinnar beint í ríkissjóð, í staðinn fyrir það, að útvarpið sjálft hefur haft þær til afnota. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri gaman að vita, hvaða menn það væru í fjvn., sem ekki vildu ganga inn á þá braut að taka þessar tekjur beint í ríkissjóð. Ég skal fúslega játa, að ég var einn af þeim mönnum í fjvn., sem ekki vildu gera þetta, og skal ég færa rök fyrir því. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ríkisútvarpið er húsnæðislaust, en býr í leiguhúsnæði, sem verið er að gera tilraunir til að ýta því út úr, vegna þess að sú stofnun, sem það húsnæði á, þykist þurfa á því að halda. Hv. form. fjvn. hefur lýst þessu fyrr við umr. og ennfremur nú. Vegna þessa húsnæðisleysis hefur útvarpið orðið að ganga inn á þá braut að lána vissum aðilum stórfé úr framkvæmdasjóði gegn því, að sá aðili leigi útvarpinu húsnæði. Ég fæ ekki betur séð en að þau kjör, sem þessir aðilar hljóta hjá útvarpinu, séu það góð, að þeir fái þetta húsnæði borgað upp á tiltölulega skömmum tíma. Ef fara á inn á þá braut að lána einstaklingum fé til að byggja og greiða þeim einstaklingum rándýra húsaleigu, þá sé ég ekki betur en að verið sé að láta einstaklinga fléttа ríkissjóð. Þá er heppilegra að láta tekjur viðtækjaverzlunarinnar ganga til útvarpsins og nota þær til að byggja yfir útvarpið, sem er alveg nauðsynlegt. Ég vil enn fremur benda á það, að fyrir stuttu var gengið inn á þá braut að hækka afnotagjöldin mjög mikið. Það var m. a. gert í þeim tilgangi að fá fé í framkvæmdasjóð útvarpsins, til þess að takast mætti fyrr en ella að koma upp hinum nauðsynlegu byggingum útvarpsins. En eigi nú að fara að taka aðrar tekjur frá ríkisútvarpinu í ríkissjóð, er það sama og að hækka afnotagjöldin, til þess að gera þau að tekjulind fyrir ríkissjóð. Þess vegna get ég fúslega kannast við, að ég er einn af þeim nm., sem í fjvn. greiddu atkv. móti því, að tekjur viðtækjaverzlunarinnar gengju beint í ríkissjóð. Ég vildi láta þetta

koma fram, en sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég býst ekki við, að ég hefði kvatt mér hljóðs við þessa umr. nema að gefnu tilefni. Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum, að í nál. meiri hl. fjvn. hefði ekki verið getið um starfsmannaskýrslu, sem barst í hendur n. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. þarf að kvarta yfir þessu. Þessi starfsmannaskýrsla kom það seint til n., að ekki urðu þau not af henni, sem fyrir n. vakti, þegar hún óskaði eftir slíkri skýrslu, og hefur hv. form. og frsm. meiri hl. fjvn. vikið nokkrum orðum að því. Hæstv. fjmrh. vék að því, að fulltrúar Framsfl. í n. hefðu gert, eftir því sem honum skildist á form. fjvn., það að svo miklu atriði, að þessi starfsmannaskýrsla yrði lögð fyrir n., að þeir hefðu látið í það skína, að þeir mundu ógjarna vinna í n., ef hún ekki fengist. Ég geri ráð fyrir því, að hér sé um misskilning að ræða. Fulltrúar Framsfl. lögðu áherzlu á það, að skýrslan kæmi á þeim tíma, að hún gæti komið að þeim notum, sem fyrir n. vakti. En ég veit það, að hv. form. fjvn. hefur aldrei sagt það, að þeir hafi sett þetta skilyrði fyrir því að vilja vinna í n. áfram. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að n. hefði fengið þessa skýrslu jafnvel fyrir áramót, eða nokkrum mánuðum áður en n. lauk störfum. Hæstv. fjmrh. veit nú, að þetta er rangt, en ég geri ráð fyrir því, að hann hafði staðið í þeirri meiningu, að svo væri. Ég vil upplýsa það, að það var ekki einu sinni einn mánuður, sem fjvn. hafði yfir þessari skýrslu að ráða, áður en hún lauk störfum sínum. Þegar þessar skýrslur koma til n., er þar, eins og form. fjvn. gat um, allt öðruvísi en n. hafði óskað. N. hafði m. a. óskað eftir, að í þeim kæmi fram, hvað hver starfsmaður fengi mikið fé frá ríkinu fyrir margs konar störf, ekki beint hvað hann fengi í kaup, heldur hvað hann fengi samtals. Þetta lagði n. áherzlu á, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um í ræðu sinni í kvöld. Þegar skýrslurnar komu til n., var hún byrjuð að leggja síðustu hönd á þetta frv. og vann við það alla tíma dagsins, sem hún hafði yfir að ráða, þá voru engin tækifæri til þess að vinna úr skýrslunum, svo að það gæti orðið til gagns á þann hátt, sem fyrir n. vakti. Það er þess vegna útilokað, að við því sé að búast, að það komi fram í störfum n. nokkuð, sem marki spor í sambandi við þær upplýsingar, sem fyrir liggja. Þetta vildi ég aðeins upplýsa, en skal taka það fram aftur, að það er fjarri mér að halda því fram, að hæstv. fjmrh. hafi farið með vísvitandi rangt mál. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. hafi ætlazt til þess og lagt svo fyrir, að fjvn. fengi þessar skýrslur svo snemma sem hann tiltók. En þá vil ég benda hæstv. fjmrh. á það, að það hefur verið of lítið fylgzt með því af honum, að þessu væri framfylgt, sem ég geri ráð fyrir, að hann hafi lagt fyrir sitt rn. að vinna, og mætti þá segja, að hér væri um hans sök að ræða að einhverju leyti, að þessar skýrslur komu svona seint til n. Þetta vildi ég taka fram, vegna þess að hæstv. fjmrh. virðist undirstrika það, að fulltrúar Framsfl. í n. hafi talið það eitthvert sérstakt bjargræði, að fjvn. fengi þessar skýrslur. Það má vel vera, að það hefði orðið að einhverju leyti, ef skýrslurnar hefðu komið í tæka tíð, en það voru engin skilyrði til þess, að svo gæti orðið, eftir að þær komu fram.

Þá spurði hæstv. fjmrh. um það, hverjir það væru í fjvn., sem vildu láta ríkisútvarpið hafa að óþörfu allar tekjur viðtækjaverzlunarinnar. Ég held, að það sé enginn einasti maður, sem vildi láta útvarpið halda þessum tekjum að óþörfu. En hitt er annað mál, að meiri hl. fjvn. vildi láta það haldast óbreytt, að ríkisútvarpið fengi þær tekjur, sem af viðtækjaverzluninni fengjust, og af þeirri einföldu ástæðu, eftir því sem ég bezt veit, að ég tel það upplýst, að missi ríkisútvarpið þessar tekjur, þá hefur það í raun og veru ekki nægilegt rekstrarfé. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að afnotagjöld viðtækja séu 3½ millj., en það er í raun og veru ekki nema 2.1 millj. kr., sem ríkisútvarpið má nota af þeirri upphæð til síns rekstrar. Það er kunnugt, að fyrir nokkrum árum var árgjald viðtækja hækkað úr 60 kr. og upp í 100 kr. Mér skildist, að þessi hækkun ætti beinlínis að fara í sérstakan sjóð, framkvæmdasjóð útvarpsins, og að það fé ætti að ganga til þess að byggja yfir útvarpið. Mér skildist, að þessi hækkun afnotagjalda væri bráðabirgðahækkun, sem ekki ætti að gilda lengur en þann tíma, sem það tæki að safna saman á þennan hátt fé til þess að byggja fyrir yfir útvarpið. Þegar því marki er náð, lít ég svo á, að árgjöldin eigi að lækka, og sé litið á rekstrarkostnað útvarpsins með 60 kr. árgjaldi afnotagjalda, er það augljóst mál, að sú upphæð hrekkur ekki til þess að dekka árlegan rekstrarkostnað þessarar stofnunar. Af því að það eru tengsli milli viðtækjaverzlunar ríkisins og útvarpsins, greiddi ég atkv. móti því að slíta þau sundur.

Fyrst ég stóð upp, tel ég ástæðu til að víkja að einni brtt. Það er brtt. 494 XIV, frá hv. þm. Dal., þar sem hann leggur til, að eftirlaun til fyrrverandi ljósmóður, Jónu Jónsdóttur, falli niður. Ég heyrði í ræðu hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum, að hann taldi, að fjvn. hefði ekki lagfært 18. gr. Það er viðurkennt af fjvn., að 18. gr. er á margan hátt gölluð og mjög mikið misræmi á ýmsu þar, en ég skal ekki mikið út í það fara, hv. frsm. meiri hl. vék nokkrum orðum að því, t. d. að því, að menn eru þar með meira en full þau laun, sem þeir höfðu, þá er þeir létu af störfum. Ég get tekið undir það með hv. frsm., að þær lagfæringar, sem eiga að koma á þessari gr., eiga að koma frá hæstv. fjmrh. og fjmrn. Ég get upplýst í sambandi við það, að undirnefnd úr fjvn., sem sérstaklega hafði með þetta að gera, kom fram með till. við fjmrn., sem gengu að nokkru í þá átt að lagfæra þessa gr. Við höfðum ekkert tækifæri til að tala um þetta við hæstv. fjmrh., en við töluðum við skrifstofustjóra hans, og mér virtist, að honum þættu þessar till. athyglisverðar. Ég geri ráð fyrir, að það megi búast

við einhverri athugun á 18. gr., m. a. í sambandi við þessar till. okkar tveggja úr fjvn., milli 2. og 3. umr.

En það, sem ég ætlaði að segja í sambandi við 18. gr., var það, að hv. þm. Dal. gerði till. um að fella niður eftirlaun einnar ljósmóður úr 18. gr. Það má segja, að þetta sé virðingarverð tilraun til að lagfæra þessa gr., en það er furðulegt, að hv. þm. Dal. skyldi byrja lagfæringu sína á að fella niður þessa konu, ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, að hann var einu sinni starfandi í fjvn. og var þá talinn sérfræðingur í öllu, sem við kom 18. gr. Það mætti því búast við, að hann gerði ekki slíkar till. út í bláinn. En um þessa ljósmóður er þannig varið, að fyrir allmörgum árum slasaðist hún svo við skyldustörf sín, að hún hefur ekki beðið þess bætur. Hún fékk svo mikið áfall, að í 3—4 ár lá hún rúmföst. Það má segja, að hún sé nú aðeins rólfær milli herbergja, og er líklegt að hún nái sér aldrei af þessu áfalli. Þessi kona leggur hv. þm. Dal. til, að verði felld niður af 18. gr. Þetta er hans lagfæring, að byrja þarna. Eins og ég sagði áður, er þörf að lagfæra margt í 18. gr., en ég tel, að lágt sé lotið að byrja á þessum stað, á konu, sem vel metin í starfi sínu hlýtur það áfall, að hún biður þess aldrei bætur á heilsu sinni. Hv. þm. Dal. leggur til, að einar 490 kr., sem þessi kona hefur fengið í 18. gr., verði felldar niður. Allt annað virðist hann telja í lagi í 18. gr. Ég vona, þegar til afgreiðslu þessarar till. kemur, að hv. þm. lúti ekki svo lágt að greiða þessari till. atkv., jafnvel þó að eitt og annað þurfi að lagfæra við gr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil út af till. fjvn. minnast nokkrum orðum á brtt. n. í sambandi við flugmál. Ég tel, að margar till. fjvn. til lækkunar á ýmsum rekstrarútgjöldum séu mjög eðlilegur sparnaður. Það segir sig sjálft, að það verður að setja einhverjar hömlur við því, að öll ríkisapparöt geti þanizt út endalaust. Það verður að segja það við ríkisstofnanir, að þær verði að geta gert sér einhverja fjárhæð að góðu og miða sína starfsemi við það, en margar ríkisstofnanir hafa gengið allt of langt í því að þenja út skrifstofubáknið, fjölga fólki, því að margir forstjórar ríkisstofnana vilja fjölga fólki, til að starfið sé eins glæsilega af hendi leyst og þeir vilja vera láta. Þess vegna þenjast skrifstofubáknin út. Sérstaklega er ákaflega mikið um skýrslugerð, sem útheimtir mikinn vinnukraft, en ég held, að mætti missa sig að einhverju leyti. En það eru nokkur atriði í sambandi við flugmálin, sem ég vil minnast á, þar sem ég tel till. fjvn. vafasamar. Það er fyrst lækkunartill. í sambandi við slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli. Ég held, að það sé búið að lækka þennan lið svo mikið, að það sé ekki hægt að færa hann lengra niður, og jafnvel komið of langt. Það er dýrt að hafa slökkvilið, því að það er ekki tiltækt til annarra starfa, en það þykir ómissandi á hverjum flugvelli nú á tímum, og það hefur tekizt svo giftusamlega á vellinum, síðan Íslendingar tóku við honum, að það hefur aldrei kviknað í flugvél. En það er engu að síður nauðsynlegt að hafa vel út búið slökkvilið á hverjum flugvelli, því að ef íkveikja verður, þá er gífurleg hætta á ferðinni, ef kannske eru 20—30 farþegar í flugvél. Ef þá er ekki valið slökkvilið reiðubúið, þá er líf og heilsa allra farþega í bráðri hættu, af því að þetta ber svo skyndilega að. Ég held því, að það sé dálítið hættulegt að ganga langt í að rýra slökkviliðið. Ég held, að kostnaðurinn hafi verið kominn niður í það minnsta, sem hægt var að komast af með. Ég dreg í efa, að það sé hægt að spara á þessum lið.

N. hefur gert fleiri lækkunartill. í sambandi við flugmálin. Hún leggur til að fækka um einn skrifstofumann á Keflavíkurflugvelli. Mér skilst, að Íslendingar hafi þar starfandi á launum þrjá menn. N. virðist gera þar ráð fyrir, að megi lækka um laun eins manns. Ég hygg, sérstaklega þegar litið er á útgjöld vegna vallarins í Keflavík annars vegar, sem eru samkvæmt þessu frv. 104 þús., og hins vegar tekjurnar, 1.2 millj. kr., sem er varlega áætlað og mætti sennilega hækka, þá sé hér gengið dálítið langt, því að það lítur út fyrir, að þetta sé greiðsla til okkar Íslendinga fyrir að skipta okkur ekki af vellinum.

Þá er gert ráð fyrir að fækka um einn mann hjá flugmálastj. og einn hjá flugvallarstj. Ég býst við, að hv. fjvn. hafi einhverjar heimildir fyrir þessu og hafi rætt það við flugráð. En ég er hræddur um, að þarna sé svo fáliðað, að hæpið sé, að hægt sé að fækka þar nokkuð. Eins má segja um birgðavörzluna. Ég held, að þarna sé aðeins einn maður, og þá er hæpin ráðstöfun, ef svo stórt fyrirtæki á enga birgðavörzlu að hafa. Ég held, að það sé enginn sparnaður að því, vegna þess að það verður að vera fyrir hendi allmikið af alls konar varningi, sem er verulega verðmætur, og ef enginn er ábyrgur fyrir því, þá getur ýmislegt farið þar forgörðum. Mér fyndist réttara að athuga, hvort ekki mætti ætla birgðaverðinum eitthvert annað starf með.

Þá er lagt til að lækka liðinn, sem heitir annar kostnaður. Þetta er áætlunarupphæð, og þó að slíkir liðir séu lækkaðir, þá vilja þeir samt komast upp í sína upphæð. Þó getur verið, að þessi niðurskurður sé til ábendingar þessum mönnum að gæta meiri sparnaðar, og getur verið, að það hafi sitt að segja.

En það er einn liður í útgjöldunum til flugmála, sem ég held, að mætti lækka. Það er kostnaður landssímans vegna flugþjónustunnar, 2648 þús. + alþjóðatillag 2184600 kr. Útgjöldin eru því 463400 kr. Mér skilst, að þetta sé 20% álag, sem síminn leggur á, sem full ástæða væri til að lækka. Þetta eru ekki útgjöld til flugmála og þá óeðlilegt og ekki rétt, að landssíminn fái þetta álag, þar sem hér er um opinbera þjónustu að ræða. Sennilega mætti einnig hækka eitthvað tekjurnar, sérstaklega af Keflavíkurflugvellinum.

Ég flyt á þskj. 488 nokkrar brtt. við fjárlfrv. varðandi kjördæmi mitt, í fyrsta lagi að veita 300 þús. kr. til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði og til vara 200 þús. Ég hef nýlega í sam-

bandi við annað mál, frv. til l. um sjúkrahús, gert ýtarlega grein fyrir nauðsyn sjúkrahúss á Siglufirði, hvað það sé mikið nauðsynjamál og eitt allra þýðingarmesta mál Siglufjarðarkaupstaðar og ekki einu sinni Siglfirðinga, heldur einnig mikils fjölda karla og kvenna, sem til Siglufjarðar sækir, bæði landmenn og sjómenn um síldveiðitímann. Þetta gerir það að verkum, að sjúkrahús á Siglufirði þarf að vera stærra en það, sem eingöngu væri miðað við bæ, sem hefur ekki nema 3000 íbúa. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þessa brtt. og vænti, að hún mæti skilningi hv. þm.

Þá er till. í sambandi við vegamál. Það er till. um það, að framlag til Siglufjarðarskarðsvegar sé hækkað úr 20 þús. kr. í 100 þús. Eins og allir vita, sem hafa farið um þennan veg s. l. sumar, þá er langt frá, að vegagerðinni sé lokið. Á einum eða tveimur stöðum þarf allmikið að laga veginn, ef hann á ekki bókstaflega að vera lífshættulegur, sérstaklega rétt fyrir ofan Hraun, fyrir ofan svonefnda Heljartröð. Þar er rétt horn í snarbrattri brekku utan í snarbrattri hlíð. Ef eitthvað bilar þar, þá er lífsháski. Þar er hægt að laga veginn, og kostar það ekki sérstaklega mikið með þeim stórvirku tækjum, jarðýtum, sem nú er farið að nota. Enn fremur er nauðsynlegt að ljúka við veginn upp í skarðinu, því að enn þá er hann erfiður bifreiðum, svo stórgrýttur sem hann er, og er erfitt að komast þar leiðar sinnar nema skemma bifreiðarnar, og er lítill sparnaður að því.

Í frv. er gert ráð fyrir 100 þús. kr. framlagi til Siglufjarðarhafnar, og er það nokkru lægra en vitamálastjóri gerði ráð fyrir. Mér skilst, að hann hafi gert ráð fyrir 180 þús. kr., en fjvn. lækkaði þá upphæð mikið. Bærinn hefur verið í miklum hafnarframkvæmdum og er kominn langt á leið með einn þáttinn og vill leggja höfuðáherzlu á, að þessar hafnarframkvæmdir komist það langt, að hægt sé að hagnýta það, sem búið er að festa fé í. Þess vegna er bænum nauðsynlegt að fá meira framlag en það, sem fjvn. leggur til, enda var það svo, að þegar hætt var við þær framkvæmdir, sem gerðar voru í sumar, þá voru þær svo hálfkaraðar, að mikil hætta var á ferðum, að allmikill hluti af þessu verki skemmdist. Það var svo mikil hætta á tíma, að bæjarstjórnin réðst í það, þó að hafnarsjóður hefði enga peninga tiltæka, að setja menn í að hlaða grjóti þar, sem mest var hætta á, að græfist frá því, sem gert hafði verið, til að fyrirbyggja skaða. Telja menn, að tekizt hafi að forða þarna frá tjóni. Þess vegna flyt ég þessa hækkunartill. Þessi mannvirki eru á svokölluðum Leirum, þar sem gert er ráð fyrir að byggja breiðan garð frá vestara landinu austur í fjörðinn sem næst svipaðan veg út í fjörðinn og eyrin er breið. Við þann garð á að byggja bryggju og koma upp söltunarplássi. Eitt af því, sem mest aðkallandi er nú, er uppmokstur, það þarf að dæla inn fyrir garðinn, svo að þar geti orðið fylling. Þetta er mikið nauðsynjamál fyrir Siglufjörð. Þess vegna vona ég, að þessari till. verði tekið með velvild af hv. þm.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessi umr. hefur tekið, eins og vant er, alllangan tíma. Er nú orðið alláliðið, þannig að mér finnst ástæða til að sneiða hjá því sem mest að vekja umr. á ný, enda er það þýðingarlítið, þar sem þm. eru fæstir viðstaddir.

Hv. form. fjvn. hefur flutt hér mjög ýtarlegt erindi, eins og vænta mátti, um afstöðu n. gagnvart fjárlfrv. og eins gagnvart ýmsum aths., sem fram hafa komið, aðallega þeim, sem ég flutti hér fyrr varðandi till. n., nál. og varðandi málið í heild. Það má segja, að í ræðu hv. form. og frsm. fjvn. komi fram ýmis atriði, sem ég tel rétt að taka til íhugunar, einkum og sér í lagi ýmsar ábendingar, sem hv. frsm. kom með í ræðu sinni, þrátt fyrir það að mig greinir á við hann um ýmis atriði varðandi tölur þær, sem við höfum deilt um, og hirði ég ekki að rekja það hér nú. Það er að sjálfsögðu ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að fundin verði leið til þess, að þingið geti, eins og ég hef áður sagt, afgr. fjárlfrv. og gert það þannig, að það sé verjanlegt fyrir alþjóð.

Eins og vant er, hafa margir alþm. komið með brtt. og allflestir lagzt á þann veg, eins og fyrri daginn, að brtt. þeirra miða til hækkunar. Það er ekki mitt hlutverk, a. m. k. ekki nú, að liggja mönnum á hálsi, þó að þeir haldi fram málstað síns héraðs eða beri fram sín áhugamál í þessu formi, eins og hefur löngum áður tíðkazt hér á þingi. Hitt er annað mál, að nú er viðhorfið miklu þyngra að því er snertir að veita mönnum fullnægingu óska sinna í þessu efni, og væri þegar af þeim sökum full ástæða til, að menn stilltu í hóf kröfum sínum um fjárframlög úr ríkissjóði, jafnvel þótt til þarflegra framkvæmda væri.

Einn hv. þm. er hér undantekning, áberandi mjög. Það er hv. 5 þm. Reykv., sem hefur flutt hér margar till., til lækkunar á ýmsum liðum, og þó að ýmsir hv. þm. séu mótfallnir slíkum till. og það sé lítill hljómgrunnur fyrir því, að þeirri leið sé fylgt, sem hann þar vísar á, þá dylst það tæplega neinum, sem vill líta á þá möguleika, sem fyrir hendi eru nú hjá Alþingi að afgr. fjárl., að sú leið, sem hv. 5. þm. Reykv. vill fara og sú heildarstefna, sem hann markar, er, eins og nú standa sakir, réttari en að hækka enn útgjöldin og stofna með því enn þyngri álagaskatta eða tolla, sem landslýðurinn verður að standa undir. Okkur þykir að vísu sárt, þegar við getum ekki komið fram áhugamálum okkar og framfaramálum, sem við teljum nauðsynleg, þó að það megi vera, að sínum augum líti hver á silfrið, en út af fyrir sig er það ekki afgerandi atriði, hvort þetta eða hitt kemst í framkvæmd árinu fyrr eða seinna, heldur er það aðalatriðið, að Alþingi haldi ekki áfram í þessum efnum að reisa sér hurðarás um öxl. Ég ber í þessu sambandi ekki sakir á neinn sérstakan þm. eða neinn sérstakan flokk og hef aldrei gert, en hitt er annað mál, að það er óneitanleg staðreynd, að það hefur ríkt of mikil bjartsýni á Alþingi og vegna þessarar bjartsýni og vegna óska manna um að gera allt þegar í stað — vegna þessa er

þjóðarhag okkar komið svo sem raun ber vitni nú. Þetta á a. m. k. einna stærstan þátt í erfiðleikum þeim, sem við nú eigum við að stríða — þessi hraði, sem Alþingi hefur viljað hafa á öllum framkvæmdum til sjós og lands, og það hefur bakað okkur slíkan kostnað, að okkur er ofvaxið undir að standa. Ég mun ekki við þessa umr. fara út í einstök atriði. Til þess gefst tími við 3. umr., svo og til að ræða ýmis atriði, sem fram hafa komið í kvöld, en vil aðeins fara fram á það við þá, sem því vilja hlíta, að þeir dragi hækkunartill. sínar til 3. umr., ef þá væri hægara að sjá eitthvað fótum sínum forráð um aðalatriði málsins, sem sé, að fjárlögin geti verið afgreidd greiðsluhallalaus. Með þessum orðum vil ég ljúka máli mínu í kvöld og vona, að með þeim verði þessari umr. lokið, og ég mun stuðla að því eftir megni, að 3. umr. geti farið svo fljótt fram sem unnt er, þegar séð verður, hvernig hægt er að binda endi á lokaþáttinn í afgreiðslu þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 12. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 460,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 460,3.a—d samþ. með 30 shlj. atkv.
— 460,3.e samþ. með 32:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StSt, StgrA, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BSt, BK, BÓ, BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JJós, JG, JJ, KTh, LJóh, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SK, JPálm.
nei: StJSt, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, GÍG, GÞG, HV, JörB, SÁÓ,
EE, GTh, HB, JóhH, JS, ÓTh greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, SB) fjarstaddir.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég álít till., eins og hún er nú, vera út í hött og án grundvallar. Farið var fram á, að hún yrði dregin til baka til 3. umr., en n. féllst eigi á það, þó að þá yrði reynt að komast að einhverri niðurstöðu. Verð ég því að segja nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með skírskotun til grg. hæstv. viðskmrh. segi ég nei.

Gísli Jónsson: Farið var fram á að taka till. fjvn. aftur að helmingi, og málið var rætt við hæstv. fjmrh., áður en n. afgreiddi till. sínar. Var litið svo á, að gerðar yrðu ráðstafanir til lækkunar, og í trausti þess segi ég já.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Eins og hæstv. viðskmrh. tók fram, var farið fram á það við hv. fjvn., að þessari till. yrði frestað, til þess að tími ynnist til þess að taka afstöðu til hennar m. a. Ég hefði kosið, að samkomulag það hefði náðst, sem óskað var eftir. En ég hef einsett mér að vera með öllum lækkunartill., til þess að takast megi að þrýsta kostnaðinum eitthvað niður, og því segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Ég lét í ljós ósk um, að hæstv. ríkisstj. athugaði þetta. En hún hefur ekki áttað sig á, hverjar tölur hér er um að ræða. Ég vona, að hún noti páskafríið til þess að komast að einhverri niðurstöðu og segi því já til 3. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég minnist þess eigi, að til greina kæmi í n. að ræða við ráðherrana sérstaklega um fast skipulag á þessum hlutum. Þessi tala var sett án samráðs við mig. Ég er á móti þessu og segi nei.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 460,4 samþ. með 29:2 atkv.
— 468,1 felld með 26:11 atkv.
— 460,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 460,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 460,7 samþ. með 30:3 atkv.
— 460,8 samþ. með 25:9 atkv.
— 460,9 samþ. með 27:2 atkv.
— 460,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 460,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 460,12 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 460,13 samþ. með 28:9 atkv.
— 460,14 samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 460,15 samþ. með 33 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 460,16 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 460,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,18 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,19 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 460,20 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 460,21 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,22 samþ. með 27:10 atkv.
— 460,23.a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 460,23.c samþ. með 27:7 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 460,24 felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JG, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BSt, BrB, EOl, GJ.
nei: HB, HV, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, SEH, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, JPálm.
GÞG, SK, SÁÓ greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég sat hjá við afgreiðslu þessarar till. í fjvn. og greiði því ekki atkv. hér.

Brtt. 460,25 felld með 31:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, KTh, LJós.
nei: ÓTh, SEH, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, HermJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, JPálm.
PZ, PO, SK, SkG, BK greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Þegar þessi till. var samþ. í fjvn., var gert ráð fyrir því að hækka söluverð bókanna, þannig að útgáfan átti að bera sig fjárhagslega, og með tilliti til þess segi ég já.

Brtt. 460,26 samþ. með 31:1 atkv.
— 460,27 felld með 27:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BK, BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, HermG, JG.
nei: JJ, JörB, LJóh, ÓTh, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, JóhH, JS, JPálm.
BSt, HermJ, IngJ, JJós greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Ég hef ekki gert þessa till. að ágreiningsatriði í fjvn., en vegna þess að aðstæður hafa breytzt mjög mikið síðan n. afgr. þetta, segi ég nei.

Brtt. 460,28 felld með 26:19 atkv.
— 460,29 samþ. með 27:5 atkv.
— 460,30.a samþ. með 31 shlj. atkv.
— 460,30.b—d felld með 26:21 atkv.
— 460,31 felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BK, BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, HermG, HermJ, JG, KTh, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG.
nei: StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, SEH, SK, SÁÓ, JPálm.
EystJ, HV, JJós greiddu ekki atkv.
2 þm. (BSt, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,32 samþ. með 25:20 atkv.
— 460,33 samþ. með 31:3 atkv.
— 460,34 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 460,35 samþ. með 26:5 atkv.
— 460,36 samþ. með 27:7 atkv.
— 460,37 felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, JJ, KTh, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SK, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BK, BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JPálm.
nei: JS, JörB, LJóh, ÓTh, SEH, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, JóhH, JJós greiddi ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
7 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég hefði talið, að þessi liður mætti falla niður og að breyta ætti húsaleigul. þannig, að bæirnir sjálfir kostuðu húsaleigunefndirnar. Með því að sú lagabreyt. var ekki gerð, tel ég ekki fært að fella þennan lið niður. Það er á valdi ráðh. að ákveða laun þeirra, og þess vegna segi ég já.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil geta þess, að nú þegar er a-liður á þessum þriðja parti af árinu, sem liðinn er, kominn yfir það, sem áætlað er fyrir allt árið, svo að fjarri lagi er að samþ. þessa till., og segi ég því nei.

Bernharð Stefánsson: Að fengnum upplýsingum segi ég nei.

Björn Ólafsson: Af því að ég álít tilgangslaust að gera þennan sparnað, sem hér er gerður, nema því aðeins að húsaleigueftirlitinu sé breytt líka, þá segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta er ein af þeim till., sem ósk var borin fram um, að tekin væri til baka til 3. umr., og ég tel, að sjálfsagt hefði verið að hafa þau vinnubrögð, eins og á stóð. Það fékkst ekki, og þess vegna segi ég nei, en áskil mér rétt til þess að athuga afstöðu mína nánar til 3. umr. fjárl.

Gísli Jónsson: Þessi þóknun er ákveðin af hæstv. félmrh., og þegar hv. þm. Ísaf. var dómsmrh., hækkaði hann launin. Það var reynt samkomulag við núverandi hæstv. félmrh. um að lækka þetta stórkostlega, en það tókst ekki, og þess vegna varð fjvn. sjálf að meta þessi gjöld. Taldi hún þetta hæfilegt og ég segi því já.

Hallgrímur Benediktsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Reykv. segi ég nei.

Brtt. 460,38 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 460,39 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,40 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 460,41 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,42 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,43 samþ. með 30:6 atkv.
— 460,44 samþ. með 29:1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 460,45.a—b felld með 27:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JJ, ÓTh, PZ, PO, SEH, SK, StJSt, StSt, EmJ, JPálm.
nei: GÍG, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BÁ, BK, BrB, EOl, EE, EystJ, FJ.
JS, LJóh, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BBen, BÓ greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég vil taka það fram, að þessi lækkun er gerð vegna þess, að viðkomandi læknum hafa verið greidd hærri laun en launal. ákveða, án þess að sérstök heimild sé til fyrir því. Fjvn. vill þess vegna leiðrétta þetta, þar sem hæstv. menntmrh. hefur greitt þetta úr ríkissjóði án heimildar, og segi ég því já.

Halldór Ásgrímsson: Vegna grg. hv. form. fjvn. segi ég nei.

Brtt. 460,45.c samþ. með 28:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EystJ, GJ, GTh, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, ÓTh, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, JPálm.
nei: StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HelgJ, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG.
BG, EE, EmJ, FJ, GÍG, GÞG, HV, HermJ, JG, LJóh, PZ, PÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
Brtt. 460,46 samþ. með 37:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, JPálm.
nei: KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG.
LJóh, EE, GÞG, HermJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
Brtt. 497,I.1 tekin aftur.
Brtt. 460,47 samþ. með 29:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BK, BÓ, EystJ, GJ, GÍG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JJ, JörB, PZ, PÞ, PO, JPálm.
nei: SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BrB, EOl, GÞG, HermG, HermJ, JóhH, KTh, LJós, SigfS.
StJSt, BBen, EE, EmJ, FJ, GTh, LJóh, ÓTh greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
Brtt. 460,48 samþ. með 30:8 atkv.
— 481,I.1 felld með 29:1 atkv.
— 468,2.a felld með 30:10 atkv.
— 468,2.b felld með 37:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS.
nei: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.
BG, GTh, GÞG, IngJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
Brtt. 481,I.2 felld með 27:3 atkv.
Brtt. 517,I.1 felld með 33:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, SEH, StgrA, ÁkJ.
nei: ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, JPálm.
BSt, EE, GTh, HV, JóhH, StSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (BÓ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 488,I.a tekin aftur.
Brtt. 497,I.2 felld með 28:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BBen, BrB, EOl, GÍG, GTh, GÞG, HB, JóhH.
nei: JJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BK, EystJ, FJ, GJ, HÁ, HV, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JPálm.
ÓTh, SÁÓ, BG, EE, EmJ, HermG, HermJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Fjvn. hefur komið sér saman um að leggja til, að 500 þús. kr. verði veittar til þessarar byggingar, og með tilliti til þess segi ég nei.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér skilst, að þessi kaupstaður komi hvað byggingarstyrk snertir undir önnur ákvæði. Treysti ég mér því ekki til að greiða atkv. með þessari till. og segi nei.

Brtt. 460,49 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 488,I.b felld með 27:10 atkv.
— 488,I.b (varatill.) felld með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BSt, BrB, EOl, FJ, HV, HermG.
nei: IngJ, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, JPálm.
JóhH, GTh greiddu ekki atkv.
4 þm. (SB, SEH, BG, BÓ) fjarstaddir.
Brtt. 494,I felld með 26:14 atkv.
— 460,50 samþ. með 33:1 atkv.
— 460,51 samþ. með 28 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 460,52 samþ. með 27:9 atkv.
— 481,I.3 felld með 30:11 atkv.
— 481,II tekin aftur.
— 460,53,1—14 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 497,I.3 tekin aftur.
— 497,I.4—5 teknar aftur.
— 497,II tekin aftur.
— 494,II.1—3, III.1 teknar aftur.
— 460,53.15—48 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 479,1.a samþ. án atkvgr.
— 479,1.b samþ. án atkvgr.
— 488,II, aðaltill. og varatill., teknar aftur.
— 460,53.49—61 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 488,III felld með 34:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BSt, BrB, EOl, FJ, HermG.
nei: HermJ, IngJ, JóhH, JG, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt,

StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, JPálm.
JS greiddi ekki atkv.
3 þm. (JJós, SB, BÓ) fjarstaddir.
Brtt. 497,III.1—2 teknar aftur.
— 460,53.62—67 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 517,I.2 felld með 28:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EmJ, FJ, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁS.
nei: BK, BÓ, EE, EystJ, GJ, GÍG, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JJ, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SkG, StgrSt, ÞÞ, BSt, BBen, JPálm.
StSt, BG greiddu ekki atkv.
11 þm. (GTh, HB, JJós, LJóh, SB, SEH, SÁÓ, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég tel meiri þörf að veita fé til vegagerðar i Eyjafjarðarsýslu og segi því nei.

Brtt. 488,IV tekin aftur.
— 460,53.68—144 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 481,III tekin aftur.
— 479,2 samþ. án atkvgr.
— 488,V.a—b teknar aftur.
— 460,54 samþ. með 27:1 atkv.
— 494,III.2 tekin aftur.
— 460,55 samþ. með 25:3 atkv.
— 488,IV.a—b samþ. með 25:2 atkv.
— 460,56 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HB, JóhH, JS, KTh, PO, SigfS, SG, SEH, SK, StgrA, ÁS, BrB, EOl, GJ.
nei: GÞG, HV, HermG, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÍG.
HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, PÞ, SkG, ÞÞ, BÓ, EE, GTh, JPálm greiddu ekki atkv.
5 þm. (LJós, SB, SÁÓ, StJSt, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 517,I.3 tekin aftur.
— 497,III.3—4 teknar aftur.
— 494,IV—VI teknar aftur.
— 481,IV tekin aftur.
— 488,IX tekin aftur.
— 460,57.a.1—19 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 497,IV.1 tekin aftur.
— 460,57.a.20—21 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 481,V tekin aftur.
— 488,VII felld með 30:10 atkv.
— 488,VII, varatill., felld með 37:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, FJ, HermG, JJós, KTh, LJóh, LJós.
nei: SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JJ, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.
2 þm. (SB, SÁÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og skiptingin litur út á hafnafé, sé ég ekki, að það sé neitt hneyksli, þó að þetta sé samþ., og segi því já í mótmælaskyni við afgreiðslu hv. n.

Lárus Jóhannessson: Já, af sömu ástæðum og hæstv. fjmrh.

Brtt. 497,IV.2 og V teknar aftur.
— 494,VII,VIII.1—2 og IX.1—2 teknar aftur.
— 481,VI.1 tekin aftur.
— 479,3 samþ. án atkvgr.
— 488,VIII tekin aftur.
— 460,57.a.22—30 og b. 1—34 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 460,58.a samþ. með 29:3 atkv.
— 481,VI.2 tekin aftur.
— 460,58.b.1 samþ. með 27:11 atkv.
— 460,58.b. 2—3 samþ. með 26:6 atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi skjóta því til hv. fjvn., hvort hún vildi ekki taka aftur till. 59—67 til 3. umr., svo að kostur sé á því að athuga málið betur og ráðuneytinu gefist kostur á að leggja fram till. um sparnað, sem ekki eru ósvipaðar þessum, en þó nokkuð á annan veg.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get lýst yfir því, að farið hefur verið fram á þetta við n., en hún hefur ekki fallizt á það.

Brtt. 460,59—67 felldar með 37:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, LJós, PO, SK, ÁS, GJ.
nei: GÞG, HÁ, HB, HV, HermG, HermJ, JóhH, JG, JS, JörB, KTh, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, SigfS, SEH, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, JPálm.
HelgJ, JJós, JJ, SG, SkG, StgrA, BÓ, BrB greiddu ekki atkv.
1 þm. (SB) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. svolátandi:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég tel ekki hægt að samþ. þetta, nema breyta l., og sé mér því ekki fært að greiða atkv. með því og segi nei.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég er með sumum till., en móti öðrum og greiði því ekki atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 460,68 felld með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HelgJ, HermJ, JG, KTh, LJós, PZ, PO, SigfS, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GJ.
nei: GÞG, HB, HV, HermG, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, SG, SEH, SK, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, JPálm.
IngJ, PÞ, SÁÓ greiddu ekki atkv.

1 þm. (SB) fjarstaddur.
Brtt. 460,69 felld með 26:22 atkv.
— 481,VII.1 felld með 26:5 atkv.
— 460,70 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 460,71 felld með 25:12 atkv.
— 460,72 samþ. með 29:3 atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með því að felld var till. um að fella niður risnu hæstaréttardómara, hefur orðið samkomulag um að taka aftur till. um, að risna háskólarektors falli niður.

Brtt. 460,73.a tekin aftur.
— 460,73.b samþ. með 27:11 atkv.
— 460,73.c felld með 26:17 atkv.
— 460,73.d samþ. með 22:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, PO, SigfS, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, ÞÞ, BÁ, EOl, EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JJ, KTh, JPálm.
nei: LJós, ÓTh, StJSt, StgrA, ÁÁ, BG, BSt, BBen, BÓ, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, HermJ, JóhH, JG, JörB.
SG, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BK, BrB greiddu ekki atkv.
3 þm. (LJóh, SB, EE) fjarstaddir.
Brtt. 460,73.e samþ. með 28:7 atkv.
— 460,74 samþ. með 26:14 atkv.
— 460,75 samþ. með 27:4 atkv.
— 460,76 tekin aftur.
— 460,77.a tekin aftur.
— 460,77.b samþ. með 26:6 atkv.
— 494,X, aðaltill. og varatill., teknar aftur.
— 460,78 samþ. með 33:3 atkv.
— 481,VII.2 felld með 25:8 atkv.
— 460,79 samþ. með 35:4 atkv.
— 481,VII.3 felld með 26:12 atkv.
— 460,80 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,81 samþ. með 33:8 atkv.
— 481,VII.4 felld með 31:3 atkv.
— 468,3 felld með 27:10 atkv.
— 460,82 samþ. með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, BBen, BK, BÓ, GJ, HÁ, HB, HelgJ, JPálm.
nei: KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HV, HermG.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
3 þm. (JJ, SB, EE) fjarstaddir.
Brtt. 481,VII.5 felld með 27:5 atkv.
— 460,83 felld með 25:19 atkv.
— 481,VII.6 felld með 34:4 atkv.
— 488,X—XI teknar aftur.
— 460,84 felld með 28:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JG, JS, KTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JPálm.
nei: JJ, JörB, LJóh, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GÞG, HB, HV, HermG, JóhH.
EystJ greiddi ekki atkv.
4 þm. (SB, BK, BÓ, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 468,4 felld með 26:10 atkv.
— 460,85 samþ. með 26:6 atkv.
— 460,86 felld með 27:10 atkv.
— 460,87.a felld með 26:10 atkv.
— 460,87.b samþ. með 25:12 atkv.
— 460,88 felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, LJóh, ÓTh, PZ, PO, SEH, SK, StSt, ÞÞ, BBen, EmJ, GJ, JPálm.
nei: HB, HV, HermG, HermJ, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, BK, BrB, EOl, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG.
SkG, StJSt, StgrSt, EE, HÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (SB, BSt, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ríkissjóður hefur kostað barnaheimili í Elliðahvammi undanfarin ár til rannsókna á börnum í því skyni að reyna að gera þau að almennilegum manneskjum. Mér vitanlega hefur þessi maður eigi rannsakað þetta enn, og segi ég því já.

Brtt. 460,89 samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EE, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JJ, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, SEH, SK, StSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BBen, JPálm.
nei: EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GÞG, HV, HermG, HermJ, JJós, JörB, PÞ, SÁÓ, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BK.
GTh, HB, JG, PZ, SkG greiddu ekki atkv.
4 þm. (BÓ, JóhH, JS, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég veit hreint ekkert um skólann, ekki hve margir nemendurnir eru og ekki um staðinn heldur. Sé ég mér eigi fært að taka afstöðu til málsins og greiði því ekki atkv.

Brtt. 497,VI felld með 26:12 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 481,VII.7 felld með 28:7 atkv.
— 460,90 samþ. með 29:13 atkv.
— 460,91—92 samþ. með 33:4 atkv.
— 481,VIII felld með 25:13 atkv.
— 481,IX felld með 30:4 atkv.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að benda á brtt. hv. fjvn. nr. 93. Þar á að leggja niður styrk til vísindastarfsemi í landinu. *(Forseti:* Hér eru engar umræður.) Þetta vildi ég bara benda á. *(Forseti:* Atkvgr. verður að skera úr því.)

Brtt. 460,93 felld með 36:8 atkv.
— 460,94 samþ. með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BSt, BK, BrB, EOl, FJ, GJ, HÁ, HV,

HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS.
nei: StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BBen, EE, EystJ, GÍG, GTh, GÞG, JóhH, JJós, JS, JJ, LJóh, ÓTh, PZ, JPálm.
StgrSt, EmJ, HB greiddu ekki atkv.
4 þm. (SB, BG, BÁ, BÓ) fjarstaddir.
9 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Nú er þegar búið að greiða úr ríkissjóði 50 þús. kr. til þessara þýðinga á árinu 1947 og 1948. Þegar það var samþ. fyrst, þá var sagt, að Stefán Einarsson ætlaði að fara að vinna að þessum þýðingum. (*PO:* Lestu upp skrifaða ræðu?) Ég krefst þess að fá hljóð. Nú er komið fram, að Stefán þessi vinnur eigi að þessu verki, heldur einhver Tryggvi Olsen og Líndal dómari, sem hafa eftir ummælum Jóns Dúasonar fengizt við þýðinguna og eru hálfnaðir við frumþýðingu verksins. Þegar af þessu er sýnt, að eigi verður hægt að koma þessu áfram nema með stórmiklu framlagi. Ég tel því verkið betur óþýtt á enska tungu. (*SK:* Má ég fá orðið á eftir? — *PO:* Þetta er rógur.) Tel ég því, að fénu sé með þessu á glæ kastað, og segi nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Vegna þess, að aðrar svipaðar fjárveitingar hafa verið felldar, segi ég nei.

Gísli Jónsson: Ég hef verið á móti þessu, en þessi till. hefur hlotið fylgi meiri hl. n., og segi ég því já.

Gunnar Thoroddsen: Með tilvísun til hinnar ágætu grg. hv. þm. Dal. segi ég nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. hv. þm. Dal. segi ég nei

Hermann Jónasson: Ég segi já, með tilvísun til grg. hv. þm. Dal.

Lárus Jóhannesson: Ég tel manninn 100% öryrkja í vísindalegum efnum. Nú er nóg komið, og segi ég því nei.

Ólafur Thors: Ég tel till., eins og hún er borin fram, vera til þess að rannsaka þroskastig alþm. og segi nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég segi já, með tilvísun til grg. hv. þm. G-K.

Brtt. 460,95 felld með 27:8 atkv.
— 460,96 felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, KTh, LJós, PO, SigfS, SG, SEH, SK, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS.
nei: EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, HermJ, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, JPálm.
PZ, ÞÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (BÓ, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Thors: Ég er í miklum vanda, herra forseti. Ég tel í sjálfu sér styrk til þessa félags óþarfan, en vegna þess að form. félagsins, hæstv. forsrh., þykir mikið miður, ef styrkurinn er felldur niður, greiði ég atkv. á móti till. og segi nei.

Brtt. 468,5 felld með 34:10 atkv.
— 460,97.a—b samþ. með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, BSt, BÁ, BBen, BK, GJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, JPálm.
nei: LJós, ÓTh, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HV, HermG, HermJ, JóhH, KTh.
3 þm. (SB, BK, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 481,X felld með 30:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HB, HV, IngJ, JóhH, JG, JJ, PO, SEH, SK, StSt, BBen, EE, JPálm.
nei: GJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, HermJ, JörB, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, SigfS, SG, SÁÓ, StJSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BG, BSt, BÁ, BK, BrB, EOl, EmJ, EystJ.
JJós, JS, SkG greiddu ekki atkv.
5 þm. (SB, ÞÞ, ÁÁ, BÓ, FJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Ólafur Thors: Ég er út af fyrir sig samþykkur, að slíkar grafhellur séu gerðar, en ég vil ekki láta taka fé til þess af því fé, sem veitt er listamönnum, og segi því nei.

Eiríkur Einarsson: Ég tel að vísu réttmætan fyrirvara þm. G-K., og þrátt fyrir það að einn andans maður hafi varað við slíkum grafhellum úr grjóti, þá kann ég ekki við að segja nei, þegar um er að ræða minningu slíkra stórmenna, og segi já.

Brtt. 460,97.c samþ. með 27:6 atkv.
— 460,98 felld með 27:14 atkv.
— 481,XI felld með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EmJ, FJ, GÍG, GÞG, HV, HermG, HermJ, KTh, LJós, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG.
nei: EystJ, GJ, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, BK, JPálm.
EE, JörB, SÁÓ greiddu ekki atkv.
5 þm. (BÓ, JóhH, LJóh, SB, SEH) fjarstaddir.
Brtt. 460,99 samþ. með 25:18 atkv.
— 494,XI tekin aftur.
— 460,100 samþ. með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, FJ, GJ, GÍG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH,

JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, BÁ, BBen, BK, JPálm.
nei: BrB, EOl, GTh, GÞG, HV, HermG, KTh, LJós, ÓTh, PZ, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG.
EE, EystJ, PÞ, BSt greiddu ekki atkv.
4 þm. (BÓ, HB, HermJ, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég mun greiða þessari till. atkv. mitt í því trausti, að það megi skoða till. þessa á þann veg, að þjóðin sýni með því viðleitni til að bæta að nokkru leyti fyrir blóðskuld sína með því að reisa þetta minnismerki og að þetta minnismerki verði táknmynd þess, að það smáskítlegasta, sem með þjóðinni býr, leggi ekki leið sína til þessa staðar.

Brtt. 481,XII samþ. með 27:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, SigfS, SG, SEH, StJSt, StSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BBen, BÓ, BrB, EOl, EE, FJ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JJós, JJ, JörB, KTh, LJóh, JPálm.
nei: LJós, PZ, PÞ, PO, SK, SkG, ÞÞ, BG, BSt, BÁ, EmJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, JóhH.
BK, EystJ, HÁ, JG, JS greiddu ekki atkv.
4 þm. (SB, SÁÓ, HV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 460,101 samþ. með 34:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BBen, BK, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, JPálm.
nei: LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BÁ, BrB, EOl, EE, GÞG, HermG, KTh.
PZ, BG greiddu ekki atkv.
3 þm. (SB, HV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 460,102 samþ. með 31:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BBen, BK, BÓ, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, JPálm.
nei: BÁ, BrB, EOl, GÞG, HermG, HermJ, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS.
EystJ, StgrSt, BG greiddu ekki atkv.
5 þm. (EE, HV, LJóh, SB, ÞÞ) fjarstaddir.
Brtt. 460,103 samþ. með 30:13 atkv.
— 460,104 samþ. með 32:8 atkv.
— 460,105 samþ. með 27:4 atkv.
— 460,106 felld með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PZ, PO, SEH, SK, SkG, StSt, ÞÞ, BÓ, GJ, GTh, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JG, JPálm.
nei: PÞ, SigfS, SG, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GÞG, HermG, HermJ, JörB, KTh, LJóh.
StgrSt, ÁS, BBen, BK, JJós, JS greiddu ekki atkv.
6 þm. (LJós, SB, EE, HV, HelgJ, JJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh.(Eysteinn Jónsson): Þetta hefði þurft að athugast fyrir 3. umr., og hefði því átt að taka till. til baka, en ég segi nei.

Brtt. 460,107 samþ. með 31:10 atkv.
— 460,108 samþ. með 29:8 atkv.
— 460,109 samþ. með 32:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 460,110 samþ. með 28:4 atkv.
— 460,111 samþ. með 27:1 atkv.
— 460,112,a—b samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,112.c felld með 27:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SEH, SK, SÁÓ, StJSt, BBen, BÓ, FJ, GJ, GÍG, HB, IngJ, JóhH, JJós, LJóh, ÓTh, PO.
nei: SG, SkG, StSt, StgrA, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BSt, BÁ, BK, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, GÞG, HermG, HermJ, JG, JS, JörB, KTh, PZ, PÞ, SigfS, JPálm.
ÁÁ, BG, GTh, HÁ, HelgJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (SB, HV, JJ, LJós) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil aðeins geta þess, að samkv. því, sem kom fram við umr. um fjárlagafrv., er það ómótmælanlegt, að þessi liður getur ekki orðið lægri en 770 þús. kr. í framkvæmd, og þess vegna hlýt ég að segja nei við þessari brtt.

Eiríkur Einarsson: Ef Ísland á að byggjast til frambúðar, þá getur þessi smáskítlega brtt. ekki staðizt, og þess vegna segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Þetta er áætlunarliður, og upphæðin, sem greiða verður, fer eftir framkvæmd, sem bundin er í öðrum lögum. Og þar sem þeim lögum hefur ekki verið breytt, en vitanlegt er, að þetta framlag verður miklu hærra en þetta, sem hér er gert ráð fyrir, þá segi ég nei.

Jón Pálmason: Að fengnum upplýsingum segir Jón Pálmason nei.

Brtt. 460,112.d samþ. með 29:2 atkv.
— 468,6 felld með 31:9 atkv.
— 468,6, varatill., felld með 27:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EE, HermG, HermJ, KTh, PZ, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÁS, BÁ.
nei: BK, BÓ, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, LJóh, ÓTh, PO, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BBen.
EystJ, JS, JörB, PÞ, SkG, BSt, JPálm greiddu ekki atkv.
5 þm. (HV, JJ, LJós, SB, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 460,112.e—f samþ. með 26 shlj. atkv.
— 460,113 samþ. með 25:3 atkv.
— 488,XII tekin aftur.
— 460,114 samþ. með 32:6 atkv.
— 481,XIII tekin aftur.
— 494,XIII tekin aftur.
— 481,XIV tekin aftur.
— 497,VII tekin aftur.

— 479,4 samþ. með 27:1 atkv.
— 460,115 samþ. með 32:4 atkv.
— 479,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,116 samþ. án atkvgr.
— 460,117 samþ. með 28:4 atkv.
— 460,118 samþ. með 26:4 atkv.
— 481,XV.1 felld með 25:14 atkv.
— 460,119 samþ. með 28:2 atkv.
— 460,120 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 460,121 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 481,XV.2 felld með 26:4 atkv.
— 460,122 felld með 24:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BÓ, EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÁ.
nei: BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HermG, JóhH, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen.
JPálm greiddi ekki atkv.
3 þm. (HV, JJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,123 felld með 36:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÓ, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, ÓTh, PO, SK, SÁÓ, ÞÞ, BBen.
nei: BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HermG, HermJ, JJós, JG, JS, JörB, KTh, LJóh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BÁ, BK, JPálm.
PZ greiddi ekki atkv.
3 þm. (HV, JJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,124 felld með 25:17 atkv.
— 460,125 samþ. með 32:1 atkv.
— 479,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 460,126, svo breytt, samþ. með 27:3 atkv.
— 481,XV.3 felld með 32:5 atkv.
— 460,126—129 samþ. með 30:2 atkv.
— 460,130 samþ. með 29:9 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 460,131—133 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 460,134 samþ. með 26:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, JPálm.
nei: BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, HermJ, KTh, LJós, SigfS, SG, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG.
BÓ greiddi ekki atkv.
2 þm. (JJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,135 samþ. með 25:14 atkv.
— 460,136 felld með 29:12 atkv.
— 481,XV.4 felld með 27:2 atkv.
— 460,137.a samþ. með 30:3 atkv.
— 460,137.b samþ. með 27:7 atkv.
— 497,VIII tekin aftur.
— 517,II tekin aftur.
— 488,XIII felld með 30:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, BG, BrB, EOl, EE, GÞG, HB, HV, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, SEH, StgrA, StgrSt.
nei: ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, JPálm.
BK, HermJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JóhH, JJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,138 samþ. með 25:9 atkv.
— 460,139 felld með 25:22 atkv.
— 494,XIII felld með 29:16 atkv.
— 481,XVI felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EE, FJ, GTh, GÞG, HV, HermG, KTh, LJós.
nei: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.
3 þm. (SB, JóhH, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 481,XVI, varatill., felld með 29:13 atkv.
— 460,140 samþ. með 30:2 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 460,141.a.1—3 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 494,XIV tekin aftur.
— 460,141.a.4—6 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 479,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,141.b.1—3 samþ. með 25:12 atkv.
— 497,IX samþ. með 26:2 atkv.
— 460,141.b.4—6 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 481,XVII tekin aftur.
— 460,141.b.7 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 460,141.b.8 tekin aftur.
— 460,142.a—b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 460,142.c felld með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BÁ, BK, BrB, EystJ, GJ, HÁ, HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SÁÓ.
nei: StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BBen, BÓ, EOl, EE, EmJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, JJós, KTh, LJóh, ÓTh, SG, SEH, SK, JPálm.
StgrSt, BSt, FJ, HelgJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JóhH, JJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 460,142.d samþ. með 36 shlj. atkv.
— 460,143 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 28:4 atkv.
Brtt. 460,144 samþ. með 30:1 atkv.
— 468,7 felld með 29:10 atkv.
— 460,145 samþ. með 32 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
Brtt. 481,XVIII felld með 25:2 atkv.
— 481,XIX tekin aftur.
— 460,146 samþ. með 25:16 atkv.
— 481,XX.1 kom ekki til atkv.
— 460,147 samþ. með 28:1 atkv.
— 460,148 samþ. með 25:17 atkv.
— 460,149 felld með 30:6 atkv.
— 481,XX.2 kom ekki til atkv.
— 481,XX.3—9 felldar með 35:1 atkv.
— 460,150 samþ. með 27:9 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 460,151 samþ. með 27:2 atkv.
— 479,8 samþ. með 28:3 atkv.
— 481,XXI tekin aftur.
— 488,XV felld með 25:12 atkv.

— 488,XVI.a—c teknar aftur.
— 494,XVI tekin aftur.
— 494,XVII tekin aftur.
— 497,X tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 556, 663, 681).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 461 ber með sér, þá var rekstrarhalli á fjárl. 222707 kr., miðað við, að allar till. frá fjvn. hefðu verið samþ. og allar aðrar till. verið felldar. Greiðsluhalli var samkvæmt sjóðsyfirliti 28058295 kr. N. gerði þó ráð fyrir, að þessar niðurstöður mundu breytast nokkuð við 2. umr., einkum á þessum liðum: Hækkun til flóabátanna samkv. till. frá samgmn. um 578 þús. kr. og ýmsar aðrar hækkanir um 111 þús. kr., eða alls um 689 þús. kr. Hafði n. ekki ástæðu til að ætla, að aðrar verulegar breyt. yrðu gerðar á frv. En aftur komu fram við umr. töluverðar brtt. frá einstökum þm., eins og venja er til, og gerðir n. voru einnig nokkuð gagnrýndar í umr. á ýmsan hátt, en ekkert kom fram í þessum umr., sem gæfi tilefni til að ætla, að stórkostlegar breyt. yrðu gerðar á frv. við 2. umr. N. bjóst við, að frv. kæmi nokkurn veginn út á þann hátt, sem ég hef þegar greint. N. hafði lagt til, að ýmsir útgjaldaliðir yrðu færðir niður um nálega 6 millj. kr., og þótt ekki fengizt um þetta beint samkomulag við ríkisstj., þá var henni vel kunnugt um þetta, og það kom ekkert það fram í umr., sem gæfi tilefni til að halda, að ríkisstj. sætti sig ekki við þá ráðstöfun í meginatriðum, þótt vitað væri, að henni var sárt um einstaka smærri liði, sem litlu máli skiptu fyrir afgreiðslu fjárl. Þess skal þó getið, að hæstv. fjmrh. varaði mjög við hækkun útgjalda til vega, hafna, brúa, síma og annarra verklegra framkvæmda, meðan hæstv. samgmrh. og hæstv. menntmrh. töldu, að þessi framlög mætti ekki skerða frá því, sem n. gerði till. um. Eins og kunnugt er, leið nokkur tími frá því umr. lauk og þar til atkvgr. fór fram, og einmitt á þessu tímabili kemur fyrst í ljós, að ríkisstj. getur ekki unað við till. n. og gerir kröfur til þess, að allt að því helmingur þeirra verði tekinn aftur til 3. umr. Ég gat ekki sem form. n. fallizt á slíka starfshætti, og var þetta síðar notað sem gagnrýni á störf n. og ríkisstj., bæði hér á Alþ. og í blöðum, m. a. af sumum stjórnarblöðunum, sem styðja ríkisstj. Ég hygg þó, að allir aðilar viðurkenni nú, að afstaða n. í þessu máli hafi verið rétt og meiri vandræði hefðu af hlotizt, ef sú óvenjulega leið hefði verið farin að geyma afgreiðsluna þangað til við 3. umr. Þessi ágreiningur kann að hafa valdið nokkru um það, að óvenjulega margar till. voru felldar fyrir n., en þó hygg ég, að hitt hafi ráðið meiru, að þrátt fyrir allt hafi þm. ekki enn þá verið búnir að átta sig á því, að nauðsynlegt væri að draga verulega úr útgjöldum ríkisins á öllum sviðum, og jafnvel ríkisstj. var þar engin undantekning, nema vera skyldi hæstv. fjmrh., sem ávalt varaði við því að hækka verulega útgjaldahliðina. Enda fór það svo, að felldar voru sparnaðartill. n. að upphæð 1550000 kr., og átti ríkisstj. jafnvel meginþáttinn í þeirri afgreiðslu. Hins vegar voru samþ. till. frá n. um 4½ millj. kr. til sparnaðar á útgjöldum ríkisins. Þegar hér var komið, var rekstrarhalli á frv. 2462040 kr. og greiðsluhallinn 30547628 kr., en auk þess var heimilað á 22. gr. að verja allt að 6 millj. kr. til ýmissa útgjalda, þar af var lántaka heimiluð 1 millj. kr. Þannig leit þá fjárlfrv. út eftir 2. umr., en einn mánuður er liðinn síðan sú umr. fór fram hér á Alþ. og síðan Alþ. gekk þannig frá frv. gegn till. fjvn. í einstökum atriðum, eins og ég hef þegar bent á. Síðan hafa farið fram ýmsar umr. við ríkisstj. með þeim árangri, að hún óskaði eftir því, að fjvn. flytti margar brtt. við frv. nú við þessa umr., sumar þó til verulegrar hækkunar á útgjöldum. Hefur n. orðið við þessari beiðni ríkisstj., þótt hún hins vegar, og einstakir nm., hafi gert það með fyrirvara í einstaka tilfellum. Brtt. 663 eru allar fluttar af n. sameiginlega, þótt ágreiningur sé um einstaka liði, og er því fyrir þeim meiri hl. í n. Brtt. 686 eru frá meiri hl. n., en stjórnarandstaðan er þar á móti. Skal ég þá gera nokkra grein fyrir einstökum till. á þskj. 663 og 686.

Fyrsta brtt. á þskj. 663 er við 11. gr. A. 9., til landhelgisgæzlu, hækkun um 500 þús. kr. Eins og áður er sagt, kom fram ósk frá ríkisstj. um að bera þessa brtt. fram. Telur ríkisstj., að þessi liður þurfi að hækka sérstaklega vegna ágengni frá útlendingum á yfirstandandi ári.

Till. nr. 2 er brtt. frá n. um, að kostnaður við húsaleigueftirlit lækki um 30 þús. kr. Þessi till. er ekki flutt samkvæmt ósk ríkisstj., og ég geri m. a. ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. lýsi yfir, að hann sé andvígur till. Fjvn. bar fram till. við þessa gr. við 2. umr. og óskaði þá eftir, að þessi upphæð væri lækkuð um 130 þús., en sú till. var felld. Nú hefur n. tekið till. aftur upp, eins og sést á þskj., og lagt til, að þetta lækki um 30 þús. kr., þ. e. a. s. kostnaður við húsaleigunefndir, eins og það er talið í frv. sjálfu, á bls. 18, að í stað 65 þús. kr. komi 35 þús. kr. Væntir fjvn. þess, að þessi till. verði samþ., og skal ég þá upplýsa, að þrátt fyrir þessa lækkun er samt sem áður um 50 þús. kr. hærra framlag til þessarar stofnunar en var í fjárl. 1948.

Þá leggur n. sameiginlega til í 3. till. við 12. gr., heilsuverndarstöðvar, að fyrir 100 þús. kr. komi 150 þús. kr. N. fékk mjög nákvæmar upplýsingar frá Sigurði Sigurðssyni berklayfirlækni, þar sem hann taldi, að ef þessi hækkun fengizt ekki á framlaginu til heilsuverndarstöðva, þá stöðvaðist allverulega það merkilega starf, sem hefði verið hafið í baráttunni gegn hinum hvíta dauða, og n. var sammála um, að ekki væri rétt að draga úr þeirri baráttu,

og leggur því til, að þessi till. verði samþ. Þessi till. er ekki heldur komin fram frá ríkisstj., og veit n. því ekki, hvernig hún tekur þeirri till., en þó hefur þetta verið rætt við hæstv. fjmrh.

Fjórða brtt. er samkvæmt ósk frá ríkisstj., þ. e., að viðhald vega verði hækkað úr 9 millj. upp í 11 millj. Ég þarf ekki að fara mikið út í þetta atriði, hæstv. samgmrh. skýrði það við 2. umr., og ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé unnt að fullnægja þörfinni í vegaviðhaldinu, nema því aðeins að þessi liður sé hækkaður um 2 millj. kr. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að geta þess, að önnur till. kom frá ríkisstj., þar sem farið var fram á að hækka framlag í 13. gr. til Krýsuvíkurvegar um 200 þús. kr. og jafnframt að lækka framlag til Öxnadalsheiðarvegar, nr. 68. í 13 gr., um 100 þús. kr. Fjvn. gat ekki orðið við ósk ríkisstj. Þegar skipt var vegafénu, þá var það margrætt, hve mikið skyldi lagt í Öxnadalsheiðarveg, og mikill meiri hl. nm. var þeirrar skoðunar, að lágmark, sem hægt væri að áætla þeim vegi í ár, væri 400 þús. kr., enda var það till. vegamálastjóra, jafnvel þótt ekki væri lagt til veganna meira en 3 millj. kr. N. var einnig ljóst, að hæstv. samgmrh. óskaði mjög eftir því, að þessi upphæð væri ekki lækkuð, þótt hins vegar ríkisstj. hafi ekki komið sér saman um að gera um það till., en n. gat ekki fallizt á, að upphæðin yrði skorin niður úr því, sem er í fjárlfrv. nú. Hún gat heldur ekki fallizt á að taka upp til Krýsuvíkurvegar 200 þús. kr. á 13. gr., en leggur til, að það verði tekið upp í 22. gr. sem heimild, og skal ég ræða þetta nánar þegar þar að kemur.

Þá er 5. brtt., sem er einnig komin frá ríkisstj., um að hækka framlag til Þjórsárbrúar úr 1500000 kr. upp í 1900000 kr. Er þessi ósk ríkisstj. byggð á því, að óhjákvæmilegt muni vera að verja þessari upphæð á árinu til þess að greiða það efni til brúarinnar, sem þegar er pantað og væntanlegt er, að komi sumpart á þessu ári, og til þess að bera þann kostnað, sem nauðsynlega verður að vera í sambandi við byggingu brúarinnar á þessu ári. Jafnframt lagði ríkisstj. til, að upphæðin 900 þús. kr., sem er á 22. gr. frv., verði felld niður, og taldi sig ekki mundu þurfa að nota þá heimild, ef þessi till. verður samþ. Fjvn. hefur fallizt á þessa till. og ber þetta því fram hér á þskj. 663.

Brtt. er við 13. gr. D., flugmál. Þar er öllum liðunum stillt upp að nýju, en útkoman verður sú, að hér er sparnaður rúmlega 395 þús. kr., og er það sama till. og sama upphæð og felld var fyrir fjvn. við 2. umr. Að vísu er tekinn hér með 100 þús. kr. meiri kostnaður en var í till. n., en það eru einnig teknar inn 100 þús. kr. meiri tekjur, tekjurnar eru hækkaðar um 100 þús. kr. frá því, sem n. áætlaði, en útkoman verður sú sama fyrir ríkissjóð eins og lagt var til í þeirri till., sem felld var við 2. umr. og ég hef áður lýst. Hafa þá fengizt þar aftur tæpar 400 þús. kr. af þeirri rúmlega 1½ millj. kr., sem felld var fyrir n. við 2. umr. Fjvn. leggur að sjálfsögðu til, að þessi till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir, og hefur hún komið þannig útbúin frá flugráði, sem einnig hefur fallizt á þessa till.

7. brtt. er komin sem ósk frá ríkisstj. að taka inn við 14. gr. B.XIII nýjan lið, til kennaranámskeiða, 10 þús. kr. Framlag til þessarar starfsemi var tekið út af frv. samkvæmt ósk fjvn. og var þá miklu hærra en nú. Hefur hæstv. menntmrh. óskað eftir, að mun lægri upphæð yrði tekin inn, ríkisstj. fallizt á það og fjvn. orðið við þeirri beiðni.

8. brtt. er við almenna veðurþjónustu. Er þar lagt til, að liðirnir i, j og k verði gerðir að einum lið og lækkaðir niður í 79529 kr. Er þetta 55 þús. kr. lækkun, þar sem um er að ræða 30 þús. kr. lækkun á framlagi til jarðskjálftamælinga og 25 þús. kr. lækkun á stofnkostnaði verkstæðis. Þessar till. voru báðar felldar fyrir fjvn. við 2. umr. og því ekki hægt að taka þær þannig upp aftur, heldur varð að breyta liðunum á þennan hátt, og var það gert í samráði við viðkomandi ráðh. og forstjóra viðkomandi stofnunar, svo að um það ætti ekki að verða ágreiningur. Hafa þá komið aftur 55 þús. kr. af því, sem fellt var við 2. umr. fyrir fjvn.

9. brtt. er við 16. gr. A. 15 og er tekin upp eftir ósk hæstv. ríkisstj., um framlag til mjólkur- og smjörsamlaga 250 þús. kr. Þetta er samkv. lögum og hefur sennilega fallið niður af vangá, þegar frv. var samið í fyrstu. Samþykkti n. að sjálfsögðu að taka þennan lið inn og væntir þess, að hann verði samþ.

10. brtt. er við 16. gr. B. Nýr liður: Til haf- og fiskirannsókna 150 þús. kr. Til n. barst erindi frá fiskideildinni, þar sem mjög er lagt að n. að taka 300—350 þús. kr. til þessarar starfrækslu. Var rætt um þetta við ríkisstj. og gerð fyrirspurn um það, hvort fiskimálasjóður gæti ekki staðið undir þessum útgjöldum að einhverju leyti. Varð niðurstaðan sú, að ríkisstj. óskaði eftir, að 150 þús. yrðu teknar upp í þessu skyni, og hefur fjvn. fallizt á það.

11. brtt. er aðeins leiðrétting á orðalagi, þannig að fyrir orðið „alþýðutrygginga“ kemur: almannatrygginga. Þótti sjálfsagt að gera þessa leiðréttingu, og hefur hún engin áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Þá er 12. brtt., sem er fram borin fyrir ósk hæstv. ríkisstj., um að greiðsla með börnum erlendra manna hækki úr 500 þús. upp í 750 þús. Er talið, að þessarar upphæðar þurfi með á þessu ári, en þess vænzt, að þessi upphæð fari lækkandi héðan af árlega. N. sá ekki ástæðu til annars en að verða við þessari beiðni.

Þá er 13. brtt., við 18. gr. frv. Sú till. er frá n. sameiginlega. Þar er lagt til, að eftirlaun Brynjólfs Þorlákssonar tónfræðings séu hækkuð úr 1950 kr. upp í 3 þús. kr. Hann var með allra fyrstu söng- og tónlistarkennurum hér á landi og hefur alla ævi starfað að mjög merkilegu máli og þroskað mjög tónlist Íslands á þeim tíma. Hann er nú 82 ára gamall, farinn að heilsu og hefur engan annan styrk en þær 1950 kr., sem hann hefur í eftirlaun á 18. gr. N. vill því leggja til, að þetta verði hækkað upp í 3 þús. kr., og telur það lágmark.

14. brtt. er við 20. gr., um að lækka fram-

lag til flugvallagerða úr 1550000 í 1250000. Fjvn. bar fram till. um að lækka þessa upphæð um 550000, en sú till. var felld. En nú hefur ríkisstj. óskað eftir, að till. yrði tekin upp aftur þannig, að hún lækkaði um 300 þús. kr., og hefur n. öll fallizt á það. Hafa þá einnig komið hér 300 þús. kr. vil viðbótar við það, sem fellt var við 2. umr.

1. brtt. á þskj. 686 er frá meiri hl. n. og flutt samkv. ósk frá ríkisstj., að lækka framlag til fávitahælis úr 400 þús. í 100 þús. Er mér skylt að geta þess, að n. var mjög treg að fallast á þessa till. En þegar upplýst var, að fyrir hendi munu vera um 800 þús. kr. frá Oddfellowreglunni og við þetta bætast 100 þús., og þegar enn fremur þess er gætt, að ekki er fyrir hendi fjárfestingarleyfi á þessu ári til þess að geta byrjað á byggingunni, lét n. til leiðast að verða við óskum ríkisstj., í von um, að þetta yrði bætt upp á næsta ári.

2. brtt. á þskj. 686 með undirliðum er einnig borin fram af meiri hl. n. Þar er þá fyrst lagt til í a-lið, að framlag til prestssetushúsa hækki úr 300 þús. kr. í 700 þús., og í b-lið að inn séu teknir nýir liðir. Fyrst til útihúsa á prestssetrum 200 þús. og til byggingar farþegaskýlis 90 þús. Fjvn. bar fram brtt. við 2. umr. um að fella niður 100 þús. kr. framlag á 20. gr. til þess að byggja bráðabirgðatollskýli. Nú hefur verið tekinn hér upp 90 þús. kr. liður til þess að koma hér upp farþegaskýli vegna tolleftirlits, þannig að eftirlitið geti farið fram á hafnarbakkanum. Telur tollstjóri nauðsynlegt, að þessi breyting komist á, og hefur fjvn. fallizt á að taka upp þessa till. fyrir hæstv. ríkisstj. Till. um 400 þús. kr. framlag til byggingar sýslumannabústaða er tekin upp samkvæmt óskum frá hæstv. ríkisstj.

Þá eru hér nokkrar brtt. á þskj. 663, sem fjvn. flytur við 22. gr., og vil ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er um að selja strandferðaskipið Súðina og verja söluverðinu sem hlutafé í félag, sem fyrirhugað er að stofna í sambandi við fiskveiðar við Grænland á þessu ári. Í þessu sambandi vil ég benda á, að gefin var heimild á síðustu fjárl. til þess að selja Súðina og nota andvirðið til þess að greiða upp í byggingarkostnað við nýtt varðskip. Nú hefur þessi heimild ekki verið notuð. Salan hefur ekki farið fram, og mér skilst, að lítið útlit sé fyrir, að salan geti farið fram út úr landinu, og að lítil eftirspurn sé eftir skipinu hér heima nema til þessarar starfrækslu. Fjvn. hafði ekki nein gögn í höndum í sambandi við þetta væntanlega hlutafélag. Þó mættu hjá n. tveir menn, sem ætla að verða þar meðlimir, og skýrðu þeir n. frá því, að þeir ætluðu að safna 250 þús. kr. hlutafé til þessarar starfrækslu frá öðrum en ríkissjóði og hugsuðu sér að kaupa Súðina af ríkissjóði fyrir 500 þús. kr., sem þá yrðu lagðar inn sem hlutafé. Fjvn. þykir raunar hér koma of lítið fé á móti og teldi æskilegt, að ekki kæmi minna fé en sem næmi söluverði Súðarinnar, þannig að aðrir aðilar tækju eins mikla áhættu í þessum efnum og ríkissjóður. Hún vildi hins vegar ekki setja fótinn fyrir þetta fyrirtæki og leggur því til, að ríkisstj. sé gefin þessi heimild.

Þá kemur nýr liður, sem gengur út á að heimila ríkisstj. að greiða Gunnari Kristni Guðmundssyni frá Stræti í Breiðdal fullar örorkubætur út af slysi, sem hann varð fyrir af völdum hernaðarsprengju. Fjvn. kynnti sér þetta atriði og getur ekki betur séð en að viðkomandi aðili eigi kröfur á að fá þessar bætur úr ríkissjóði samkv. fyrirmælum laga frá 1943, sem samþ. voru í sambandi við skemmdir af hernaðarvöldum á Íslandi. Þótti því ekki rétt að neita að taka þessa heimild upp á 22. gr., þar sem skyldan er raunverulega fyrir áður en till. er tekin upp og því ekki unnt að komast hjá að greiða þessa upphæð.

Þá kemur næst till. um að flytja tilraunastöðina á Hafursá til Skriðuklausturs, taka allt að 375 þús. kr. lán í sambandi við þessar framkvæmdir og selja jörðina Hafursá, eftir að þeir flutningar hafa farið fram, enda gangi söluverð jarðarinnar upp í lánið. Fjvn. kallaði til sín Pálma Einarsson landnámsstjóra til viðræðna um málið. Búnaðarþing hefur einnig haft það til meðferðar, og er engan veginn eindregið samkomulag um þetta atriði. Þó er það svo, að svo virðist sem meiri hluti þeirra aðila, sem um málið hafa fjallað, sé því sammála, að þetta sé reynt. En engum mun hafa dottið í hug, þegar tekið var á móti þessari gjöf, að byrja þyrfti á því að leggja fram 400 þús. kr. með henni. Þótti n. rétt að verða við þessari beiðni og væntir, að farið verði með málið þannig, að staðið sé við það fyrirheit, að þetta verði lokagreiðsla til þessarar stofnunar, enda tekið mjög skýrt fram í gögnunum, að með þessu sé ætlazt til að minnka rekstrarhalla stofnunarinnar og bæta hag hennar svo, að hún geti verið sjálfri sér nóg í framtíðinni.

Þriðja till. er um að taka allt að 1 millj. kr. lán til þess að byggja varðskip. Er það raunar aðeins formsatriði, þar til hægt sé að greiða upphæðina eins og samningar standa til.

Þá er till. um að heimila ríkisstj. að verja 200 þús. kr. til Krýsuvíkurvegar. Eins og ég gat um áður, vildi fjvn. ekki leggja til, að þetta yrði tekið inn á 13. gr., en vildi hins vegar verða við þeim tilmælum ríkisstj. að taka þetta upp sem heimild á 22. gr. Er það þá að sjálfsögðu á valdi ríkisstj. að greiða féð út, ef þess gerist þörf.

Þá er hér till. um að verja allt að 160 þús. kr. til Miðnesvegar. Er hún fram komin fyrir beiðni hæstv. ríkisstj., og hefur fjvn. fallizt á að taka hana upp. — Enn fremur er hér brtt. um að heimila ríkisstj. að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík. Þessi heimild var á fjárl. 1948 og er tekin hér upp aftur samkvæmt ósk hæstv. ríkisstj. — 20. brtt. er um það, að heimild til þess að endurbyggja Þjórsárbrú, sem er á frv. nú, falli niður, en það er heimild um 900 þús. kr. framlag, eins og ég gat um áðan, þegar ég ræddi um hækkun á framlagi til Þjórsárbrúar á 13. gr. — 21. brtt. er um að heimila að greiða Jóni Guðmundssyni skrifstofustjóra biðlaun 1949. Hann hefur, eins og kunnugt er, verið skrifstofustjóri í stjórn-

arráðinu, en er nú veikur úti í Danmörku. Er búizt við, að hann nái fullri heilsu aftur, og hefur fjvn. fallizt á þessa till., þar sem ríkisstj. taldi það nauðsynlegt.

Þá hefur meiri hl. fjvn. tekið hér upp till. um að taka 3300000 kr. lán til að greiða tap það, er síldarverksmiðjur ríkisins urðu fyrir við vinnslu Hvalfjarðarsíldar veturinn 1947—48. Þetta er samkv. ósk frá ríkisstj. Hefur erindi um það legið hjá fjvn. frá því snemma í vetur. N. vildi ekki taka till. upp þá, hvorki beint á rekstrargjöld né á heimildargrein, og hafa verið um það mismunandi skoðanir í n., hvort ekki væri rétt og skylt að láta síldarverksmiðjurnar sjálfar bera þennan halla og taka hann af hrásíldarverðinu á sínum tíma. En meiri hl. n. hefur samt fallizt á að verða við ósk ríkisstj. og taka þetta upp á heimildargrein. — C-liðurinn er till. um að heimila ríkisstj. að taka 1500000 kr. lán til þess að byggja stöðvarhús fyrir radiostarfrækslu á Rjúpnahæð. Þetta er í sambandi við flugþjónustuna, og hefur n. orðið sammála um að fallast á að verða við þeirri beiðni ríkisstj. að taka þetta upp. — D-liðurinn er um að taka tveggja milljóna króna lán til kaupa á sérleyfisbifreiðum. Vil ég í þessu sambandi leyfa mér að vísa til þeirra umræðna, sem farið hafa fram milli mín og hæstv. samgmrh., þar sem hann sagðist verða að leita lánsheimildar til þess að endurgreiða póstsjóði það fé, sem notað hefði verið í sambandi við þessa starfrækslu, og hafði fjvn. fullan skilning á því, eftir að hafa hreyft gagnrýni á ríkisstj. fyrir að hafa tekið fé til þessarar starfrækslu, án þess að fyrir því væri heimild, að rétt væri og skylt að taka upp heimild fyrir ríkisstj. á 22. gr. til að taka lán til kaupa á slíkum bifreiðum. Og þótt tekið sé þannig til orða, að þetta sé lán, er það skilningur fjvn., að þetta fé sé notað til þess að endurgreiða póstsjóði, en ekki til kaupa á nýjum bifreiðum. — Þá er það e-liðurinn, sem er síðasta brtt., um að verja allt að 140 þús. kr. til viðgerðar á skemmdum á hafnarmannvirkjum á Bakkafirði. Eins og ég drap á við 2. umr. hafa komið kröfur frá þó nokkrum hafnarsjóðum á landinu, þar sem talið er, að ríkissjóði beri skylda til að greiða þær skemmdir, sem þar hafa orðið á mannvirkjum og talið er að þeirra dómi, að stafi af skökkum útreikningum eða einhvers konar mistökum hjá vitamálastjóra. Fjvn. leggur engan dóm á þetta mál. En þetta er eitt af þeim atriðum, sem hér um ræðir, og fyrir liggur raunverulega viðurkenning frá vitamálaskrifstofunni um það, að sú stofnun eigi að verulegu leyti sök á þessu óhappi. Það er talið, að þessar skemmdir muni baka viðkomandi aðilum tjón, er nemi 280 þús. kr., og hefur hér aðeins verið tekinn upp helmingurinn og lagt til, að greiddar yrðu 140 þús. kr.

Ég skal þá í sambandi við hafnarmálin að öðru leyti leyfa mér að geta þess, að þegar hafnarfénu var skipt á sínum tíma af fjvn., lágu fyrir upplýsingar frá vitamálaskrifstofunni um það, hve mikið af því fé, sem ríkissjóður ætti vangreitt, væri geymt fyrir hverja höfn og hve mikið væri áætlað að framkvæma árið 1949. Þá lágu einnig fyrir fjvn. óskir um sérstök framlög í sambandi við þær skemmdir, sem ég hef þegar rætt um, og vænti ég, að tekið yrði tillit til þess, þegar úthlutað væri fé til hafnarmála fyrir hvert hérað. Eftir að fjvn. hafði úthlutað fénu á þann hátt, sem hún þá taldi eðlilegast, þótt að sjálfsögðu megi alltaf gagnrýna þær gerðir, var upplýst fyrir n., að ýmsar þær tölur, sem hún hafði fengið upplýsingar um frá vitamálaskrifstofunni, voru ekki ábyggilegar. Meðal annars var gefið upp, að Akureyri ætti 130500 í geymslufé. Síðar upplýstist, að Akureyri mundi eiga stórkostlega fjárhæð vangreidda úr ríkissjóði í sambandi við framkvæmdir sínar. Það var einmitt þess vegna, að fjvn. lagði ekki til, að greitt yrði annað eða meira til hafnarmála á Akureyri en gert er í till. hennar og samþ. hefur verið á frv., þ. e. 100 þús. kr. — Þá var einnig upplýst, að Hafnarfjörður ætti inni 180 þús. kr. og ætlaði sér að vinna fyrir 180 þús. á þessu ári. Síðar hefur samgmrh. upplýst, að þessar tölur séu ekki réttar, Hafnarfjörður eigi miklu hærri upphæð vangreidda úr ríkissjóði. En hvorki frá samgmrh. persónulega né öðrum aðilum komu til n. aðrar upplýsingar, og þess vegna var það, að n. ákvað aðeins 150 þús. til þessarar hafnar. Patreksfjörður á 900 þús. kr. hjá ríkissjóði, og þar er fyrirhugað að láta vinna fyrir um 1 millj. kr. Það var því ætlað af n., að þar bæri að hafa hæsta fjárframlag, eða 300 þús. Þetta hefur mjög verið gagnrýnt, bæði af hæstv. ráðh. og hv. þm., en ég hygg, ef þeir rannsaka þau gögn, sem eru hjá n., þá muni þeir komast að raun um, að fjvn. hefur ekki beitt neinni ósanngirni, a. m. k. ekki vitandi vits. Við 2. umr. komu fram margar brtt. um hækkun til hafnarbóta. N. hefur ekki séð sér fært að taka þetta upp í sínar till. við 3. umr. og hæstv. ríkisstj. engar kröfur eða óskir gert um það, en það hefur verið rætt milli mín og ríkisstj. að reyna að bæta úr þeirri misskiptingu, sem talið er, að hafi orðið á hafnarfénu, og til að bæta úr því tjóni, sem sums staðar hefur orðið og talið er, að hafi stafað af stjórn hafnarmálanna. Fjvn. vildi ekki taka að sér að skipta fénu, en lætur það á vald hæstv. samgmrh., og hefur hann nú gefið skýrslu um það, og sést þar, að Akranes hefur verið hæst með 1450000, en átti inni 470 þús. frá síðustu áramótum. Næst kemur Njarðvík o. s. frv., og er ekki víst, hvort ríkisstj. hefur heimild í l. til að verja þessu fé til landshafnar. Það kunna að vera mismunandi skoðanir á þessu, en í fyrsta lagi veit ég ekki, hve mikið fé er veitt, en þó höfnin falli undir l. um hafnarbótasjóð, þá getur hún ekki tekið meira en það, sem er vangreitt af ríkisframlaginu, en það er áætlað um 4 millj., en allur kostnaðurinn mun vera um 10 millj., en ríkið er búið að greiða helminginn af þeim kostnaði, og ætti því helmingur framkvæmdanna þegar að vera gerður, en ég efa, að ríkisstj. hafi heimild að verja fé úr hafnarbótasjóði, nema fá til þess sérstaka heimild, og fékk hún fjvn. til að taka upp 300 þús. kr. heimild til

landshafnarinnar, því að ég og ýmsir aðrir voru þeirrar skoðunar, að ekki væri hægt að taka fé úr hafnarbótasjóði til þessa. Fjvn. tók upp við 2. umr. 1200 þús. kr. framlag til sjóðsins, sem ekki var á frv., og skilst mér því, að hafnarbótasjóður fái 1 millj. kr. til útlána á þessu ári. Ég skal ekki segja, hvort þetta er alveg rétt, en það mun vera nærri sanni. Sjóðurinn má lána út þar til eftir stendur ⅓ af stofnfénu. Hæstv. ráðh. hefur því um 1 millj. til að jafna niður, og þó að fjvn. úthluti ekki fénu, þá vænti ég þess, að gætt verði fullrar sanngirni í úthlutuninni til að mæta þeim þörfum, sem nú eru fyrir það, og fyrst að bæta það tjón, sem orðið hefur, svo að ekki verði meiri skemmdir, og síðan lána til þeirra, sem mest eiga inni hjá ríkissjóði og verða að fá fé til að forðast stórkostlegt tjón, t. d. Patreksfjörður, sem á 900 þús. hjá ríkissjóði og er nú að láta vinna fyrir um 1 millj., og þó að hann fái nú 300 þús., þá er það ekkert upp í þá skuld, sem ógreidd er af ríkinu. Ég vil benda á það, að af 10 millj. úr sjóðnum hefur Patreksfjörður aðeins fengið 85 þús. kr. áður. Þær hafnir, sem mest hafa kvartað um skemmdir til hafnarbótasjóðs, eru Bakkafjörður og Ólafsfjörður. Það má deila um, hvort vitamálastjóri og hafnastj. hefðu getað komið í veg fyrir þessar skemmdir. Þá hafa Sauðárkrókur og Hofsós orðið fyrir áföllum, og er verki ekki enn lokið þar, og sama má segja um Blönduós. Á Skagaströnd er svo ástatt, að hætta er á, að dýrmætt ker skemmist, ef því verður ekki komið á réttan stað á þessu ári. Ég veit, að þörfin fyrir framlag til hafnarbóta er fyrir hendi alls staðar um land í framtíðinni, og ég veit, að hæstv. ráðh. er þetta ljóst. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma, en taldi rétt að láta þetta koma fram í sambandi við hafnarmálin.

Þá vil ég gera grein fyrir þeim till., sem hér liggja fyrir, og vil gera grein fyrir, hvernig niðurstöðurnar yrðu, ef þær væru allar samþ., en aðrar till. felldar. Hækkun á rekstrargjöldum á 11.—18. gr. yrði 3613150 kr., en til lækkunar 425000 kr., svo að hækkun yrði alls 3188150 kr. á rekstrarreikningi. Hækkun á 20. gr. yrði 1090000 kr., en lækkun 600 þús. Alls 490 þús. kr. hækkun. Eftir þessu verður rekstrarhalli 2462040 kr., en hækkun á rekstrarhalla, séu till. samþ., 3188150, eða rekstrarhalli alls 5650190 kr. Greiðsluhalli samkv. frv. er nú 30547628. Þá er aukinn rekstrarhalli á 11.—18. gr. 3188150 kr. og á 20. gr. 490 þús. Samtals 3688150 kr. Greiðsluhalli verður því nú 34235778. Loks er niðurstaðan á 22. gr.: Heimild samkv. frv. 6 millj. kr. Viðbót samkv. till. á þskj. 663 er 7727000 kr. og lækkun 900 þús., eða hækkun alls 6827000, svo að 22. gr. er nú með heimild til útgjalda, sem nemur 12827000 kr. Raunverulegur greiðsluhalli er því 47062000 kr., en raunverulegur rekstrarhalli 11302190 kr. Hér við bætast útgjöld samkv. nýjum l. og þál., en hve mikið það verður, er mér ókunnugt um með öllu, m. a. ókunnugt um, hvaða afgreiðslu hlutatryggingasjóðurinn fær, en þar verða sennilega a. m. k. 3 millj. til viðbótar, a. m. k. ef till. mínar verða felldar við 3. umr. eða í Nd.

Eins og ég tók fram, þá hefur n. flutt þessar till. samkv. tilmælum ríkisstj., sem tjáði n., að samkomulag væri um till. og jafnframt samkomulag um að standa gegn till. frá öðrum. Með þessum fyrirvara ber n. þessar till. fram, en er ekki bundin við þær, ef ríkisstj. ber fram eða styður aðrar hækkunartill., og hefði ekki borið till. fram að öðrum kosti. Þetta er myndin af fjárl., eins og þau eru nú við 3. umr. Ég sé, að nú hefur verið útbýtt till. einstakra þm., en ég hef ekki haft tækifæri til að athuga, hvort þær horfa til hækkunar eða lækkunar, en þótti rétt að láta koma fram hina réttu mynd af fjárlfrv., áður en brtt. koma til atkv. Svörum til einstakra hv. þm. og þá einkum til hæstv. samgmrh. vil ég ekki blanda inn í þessa framsögu. Það kann að vera, að ég fái tækifæri til að svara því síðar, og kann að vera, að ég fái það ekki. Það fer allt eftir því, hvernig umr. fara.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir störf hennar varðandi seinni hluta af afgreiðslu fjárlfrv. Það er rétt hjá hv. form. n., að meiri hlutinn af brtt. á þskj. 663 frá fjvn. eru till., sem ríkisstj. hafði komið sér saman um, að þyrftu að koma inn í frv. Hv. frsm. skýrði ástæðurnar fyrir þeim, svo að ég skal ekki orðlengja frekar um það. Það er rétt, að það skilorð var lagt til grundvallar að öðrum ástæðum óbreyttum, að ekki yrði tekið við öðrum till. til hækkunar við umr. en þeim, sem eru á þskj. fjvn. Það varð samkomulag um þetta innan ríkisstj. og í samvinnu við hv. fjvn., enda sannast sagna, að útgjöldin á frv. eru nógu há eins og er og ekki ábætandi, nema einhver knýjandi nauðsyn beri til. Hv. frsm. gat þess, að rekstrarhalli mundi aukast um 3188150 kr., ef þessar till. væru samþ. og að niðurstaðan yrði að samþ. þessum till. sú, að greiðsluhalli nemi 34235778 kr. Samt sem áður taldi hv. frsm., að hinn raunverulegi halli væri meiri, og vitnaði í því sambandi sérstaklega í heimildir í 22. gr. Mér virðist fljótt á litið, að þær heimildir gefi ekki tilefni til að segja, að greiðsluhalli þess vegna vaxi um 11—12 millj., en hér eru að vísu nokkrar heimildir um, að verja megi, en mestmegnis eru í 22. gr. heimildir til lántöku, og um 22. gr. er að öðru leyti að segja, að hún kemur ekki í fyrri röð en þær gr. fjárl., þar sem útgjöld eru beinlínis ákveðin. Þær heimildir má því aðeins nota, að fært þyki, og hvað viðvíkur beinu útgjöldunum, þá aðeins að lán fáist, en þó að ég sleppi 22. gr., þá er hér um geigvænlegar tölur að ræða. Og um 22. gr. vil ég segja það, að ég tel litla von til, að hægt verði að framkvæma heimildirnar eftir henni. Greiðsluhallann, sem hér er um að ræða, verður að reyna að jafna, og eins og kunnugt er liggur hér fyrir frv. um að auka tekjur af benzínsölu, að vísu nær það ekki langt, en það er þó spor í rétta átt. Þá liggur fyrir önnur till., um takmörkun á kjötniðurgreiðslu, og vona ég, að þessi mál fái greiðan framgang.

Þá er verið að auka álagninguna hjá einkasölunum, sem hefur í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð til að standa á móti auknum útgjöldum ríkissjóðs. — Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, enda hefur hæstv. forseti lýst því yfir, að fundi bæri að fresta til kl. 3 af öðrum ástæðum. Mér virðist, að full ástæða sé til fyrir hv. þm. að athuga, hve langt er komið með útgjöld á fjárlfrv. og þeim till., sem hér liggja fyrir, og sjá nauðsyn þess að stinga hér við fæti og ekki síður að afla þeirra tekna, sem þarf til að jafna þann halla, sem er á frv., og verð að telja það nauðsynlegt, til að hægt verði að framkvæma það, sem þar er gert ráð fyrir.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 556, 663, 681, 685, 686, 704, 712).

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð, til þess að gera grein fyrir því, hvers vegna brtt. frá fjvn. komu hér fram á tveimur þskj., í fyrsta lagi á þskj. 663, sem er frá fjvn. allri, og svo á þskj. 686, sem er frá meiri hl. fjvn. Eins og reyndar hv. frsm. fjvn. mun hafa tekið fram í sinni framsöguræðu, þá er náttúrlega meiri hluti fyrir öllum þessum till. í n. En viðvíkjandi brtt. á þskj. 663 þá gerðum við ég og hv. 2. þm. S-M. ekki sérstakan ágreining um neinar þeirra. Hins vegar er það að segja um brtt., sem hér eru fluttar á þskj. 686, að við teljum okkur ekki fært að gerast flm. að þeim.

Þegar litið er á þetta fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, sér maður, að ýmsar framkvæmdir hafa verið lækkaðar verulega frá því, sem var síðast á fjárlögum, og það þrátt fyrir það að ekki sé því að neita, að til sumra þeirra framkvæmda hefði þurft að hafa eins mikið fjárframlag og áður, t. d. til ýmissa heilbrigðismála og til skólabygginga. Hins vegar eru hér till. um 1½ millj. kr. lækkun á fé til barnaskóla frá því, sem var á síðustu fjárlögum. Og þrátt fyrir það að til ýmissa slíkra bygginga hafi fengizt fjárfestingarleyfi til þess að hefja byggingar á s. l. ári, eru þær byggingar nú stöðvaðar, vegna þess að ríkið stendur ekki við sínar skuldbindingar, þrátt fyrir það að sú stofnun, sem skipuleggur framkvæmdirnar, hefur gefið leyfi til þess, að þær væru hafnar. Hins vegar eru hér á þessu þskj., sem eru till. meiri hl. fjvn., till. um hækkanir um rúma 1 millj. kr., sem var búið að fella í fjvn., en var tekið upp eftir óskum hæstv. ríkisstj., þ. e. 400 þús. kr. hækkun til byggingar á prestssetrum, 200 þús. kr. til útihúsa á prestssetrum, 90 þús. kr. til byggingar *farþegaskýlis vegna tolleftirlits og* 400 þús. kr. til byggingar sýslumannabústaða. Til þessara framkvæmda einna, t. d. byggingar prestshúsanna hér í Reykjavík, sem byggð voru á síðasta ári, og sömuleiðis til byggingar sýslumannabústaða, hefur verið varið allmiklu fé úr ríkissjóði á undanförnum árum og allmiklu fé fram yfir það, sem heimilað var á fjárl. Við sjáum þess vegna ekki ástæðu til þess að mæla með því, að þessar fjárveitingar séu samþ. nú, þegar þess er gætt, að skornar hafa verið niður fjárveitingar til annarra verklegra framkvæmda, *sem við teljum ýmist eins nauðsynlegar eða nauðsynlegri en þessar*, sem ég nú hef getið. Og við, hv. 2. þm. S-M. og ég, teljum okkur því ekki fært að vera flm. að till. um fjárframlög, er eru á þessu þskj., nr. 686. Enn fremur virðist það einkennileg ráðstöfun, sem fólgin er í 1. till. á þessu sama þskj., að lækka úr 400 þús. kr. framlag til byggingar fávitahælis, sem áður var búið að samþ., niður í *100 þús. kr., sem mun stöðva þá framkvæmd*, sem flestir álíta þó mjög nauðsynlega, vegna þess að ekkert slíkt hæli er í raun og veru til í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. En mér virðist, að hér sé verið að stefna að því að taka fé frá þeim hlutum, sem nauðsynlegir eru, til annarra, sem vægast sagt eru ekki eins nauðsynlegir.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er satt að segja ekki árennilegt að eiga hér brtt., þótt réttmætar séu, og þurfa að mæla fyrir þeim, því að það minnir mig helzt á þegar riðið er út í mikið jökulvatn, þar sem hvergi sér í botn, og jafnvel þar sem hyljir eru, felast skrímsli, svo að allt er að óttast. En þó að maður viti, að hið mikla ákvörðunarvald um fjárl. sé dulið eða saman sett af miklu handahófi, þá koma menn með sínar till. í trausti þess að hv. þm. meti þær að verðleikum hverja um sig og láti sanngirni og ekki annað koma til greina. Maður veit að vísu, að það eru réttmæt orð, að í mörg horn sé að líta, en hinu treystir maður, að hin gamla og góða regla, að til samræmingar sé litið, komi þar til mats.

Við 2. umr. fjárl. lagði ég ásamt hv. 1. þm. Árn. fram 3 brtt. við fjárl., sem hann mælti fyrir, en varð samkomulag um, að við tækjum aftur til 3. umr., í trausti þess, að það mundi vera hagkvæmara til yfirlits, þegar þar væri komið. Um eina þessara till. hefur svo farið, að hún verður að öllu tekin aftur, var það till. um nokkurn byggingarstyrk fyrir Árnýju Filippusdóttur húsmæðraskólaforstöðukonu í Hveragerði, og kemur hún því eigi til greina aftur, þar sem komið hefur fram ný till. á þskj. 681, liður VIII, þar sem er einungis um heimild fyrir ríkisstj. að ræða til að greiða henni nokkurn byggingarstyrk og líka annarri slíkri forstöðukonu við Löngumýrarskóla í Skagafirði, sem líkt stendur á um. Nú er beðið um 25 þús. kr. styrk til hvors skólans um sig, og er það gert í trausti þess, að þessari nauðsyn verði fremur sinnt, þegar svo mjög *er stillt í hóf upphæðinni. Ég vil af minni hálfu* láta hv. þm. vita það, sem mörgum er kunnugt, að hvað Hveragerðisskólann snertir, þá hefur hann frá öndverðu verið rekinn af frábærum dugnaði af forstöðukonunni, þar sem hún hefur lagt allt kapp á að auka kennsluna. Það þarf ekki að bera því við, að ekki sé nóg

aðsókn að skólanum, því að hann er alltaf fullur, og stúlkurnar, sem þar hafa verið, bera skólanum bezta orð og hafa sjálfar tekið góðum framförum um að nema nytsama hluti til lífsstarfsins. Þetta hefur verið fjárfrekt, en eldlegur áhugi forstöðukonunnar hefur ráðið þar öllu til að geta fullnægt þörfinni, en fjárþröng er þar fyrir hendi, og er því nauðsynlegt, að þetta verði skilið og leyst. Ég þykist vita, að um Löngumýrarskólann sé svipuðu máli að gegna. Þó að við þm. Árn. séum flm. að till. um Hveragerðisskólann, þá eru það fleiri en Árnesingar, sem þar koma til greina, ekki sízt af Suðurlandi, úr Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu og sjálfsagt víðar að, svo að þetta er viðtækur menningarskóli, þótt hann eigi grunn sinn á þessum stað. Þetta er einungis heimild fyrir ríkisstj. og því í rauninni sjálfsagt að samþ. hana.

Ég vil þá minnast á IX. till. á þskj. 681, sem ég er flm. að ásamt hv. 1. þm. Árn., samþm. mínum, það er líka heimildartill. Hún er um það að gefa þeim Ásólfi og Stefáni Pálssonum eftir áfallinn en ógreiddan veitingaskatt vegna gistihúss þeirra á Ásólfsstöðum. Þetta veitingahús var byggt af örtröð gesta á sínum tíma, það starfar ekki nema tvo sumarmánuðina, en hina 10 mánuðina er ekkert hægt að gera við það, það er helzt svolítill gestareytingur um helgar, sem kemur til greina á sumrin, og þetta hús hefur því enga möguleika til að geta borið sig. Ég geri ráð fyrir að margur mundi kannast við til samanburðar, að þarna sé líkt komið um afstöðuna og mundi vera með gistihúsið í Fornahvammi í Norðurárdal, ef engin vegasambönd væru yfir Holtavörðuheiði og þetta væri alger endastöð. Hvaða gróðavegur mundi vera að halda uppi gistihúsi í Fornahvammi, ef þar væri endastöð? Enda verður líklega sú raunin, að gistihúsið á Ásólfsstöðum gefist upp og það því fremur, ef þessari sanngjörnu beiðni verður ekki sinnt. En það er svo, að þetta er krafið jafnt af gistihúsum, sem eiga örðugt uppdráttar, sem og hinum, sem beinlínis eru gróðafyrirtæki. En l. um veitingaskatt þurfa að breytast, því að það þarf að taka tillit til þess, hvernig á stendur. En víst er um það, að þessi till. er ekki útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð, eins og till. ber með sér, heldur aðeins heimild um að gefa eftir þennan skatt. Að þarna sé taprekstur þykist ég ekki þurfa að ræða frekar, það ber sjálfu sér vitni.

Þá eru 2 till., sem bornar voru fram af okkur þm. Árn. við 2. umr., en voru teknar aftur til 3. umr. Þær eru endurprentaðar nú, og skal ég aðeins minnast á þær. Það er fyrst till. V. á þskj. 704 um framlag til þjóðvegarins um Selfosskauptún, 100 þús. kr. Ég get skilið, að þm., sem eru ókunnugir, komi það dálítið spánskt fyrir, hvernig liggi í því, að verið er að biðja um 100 þús. kr. til þjóðvegarins um Selfosskauptún. En ég vil fyrst taka það fram, að það er fyrst og fremst vegamálastjóri, sem mælir með því, að þessi fjárhæð sé veitt, og hygg ég, að hann eins og við vilji með því mæla með till., og hann gerir það með fullum rökum. Selfossbyggð er þannig háttað, að skipulag þess er orðið þess valdandi, að bærinn hefur vaxið áfram að endilöngu með þjóðveginum. Þarna er svo mikil umferð af allra sveita mönnum sunnanlands, að slíks eru engin dæmi um kauptún utan Reykjavíkur. Umferðin líkist meir umferð á fjölförnustu götum Reykjavíkur en í gegnum kauptún. Vegna þessarar sífelldu áníðslu um þjóðveginn í gegnum þorpið gerir svo mikinn aur og svað, að þorpsbúum er illfært á milli húsa. Þarna er ekki einungis umferð úr Árnessýslu, heldur líka úr Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu og svo allir bílarnir úr Reykjavík. Þannig er umferðin svo mikil, að hún gerir ófriðvænlegt fyrir þorpsbúa að ganga þar um. Þorpið er vel upp byggt og þorpsbúar una ekki við að hafa þennan þátt svo illa rekinn sem er. En til þess að þetta verði gert og steinlagt þar í gegn, eins og allur vegurinn frá Reykjavík á að verða samkvæmt lagaákvörðun Alþ., þá hugsa menn sér gangstéttar sitt hvoru megin við veginn. En þetta verður alldýrt, það er eins hægt að búast við, að það kosti 200 þús. kr. eins og 100 þús. kr. En þeim dettur ekki í hug annað en að kosta þetta að öllu leyti sjálfir, en vegamálastjóri hefur lagt til, að sérstakt fé verði veitt í þessu skyni, en verði ekki tekið af því, sem á að fara til viðhalds veginum. Maður treystir því, að þetta fái góða áheyrn og verði samþ. af hæstv. Alþ.

Þá er það að síðustu IX. till. á þskj. 704. Það er till. frá okkur þm. Árn. um að veita til endurbóta og aukningar á sjóvarnargarði á löndum ríkisins á Stokkseyri 12 þús. kr. Það hefur lengi verið svo, að sjóvarnargarðurinn hefur verið mesta nauðsyn. Þegar stórflóð gerir, er alltaf mikil hætta á, að sjórinn flæði inn í kjallara og garða í kauptúninu til hinnar mestu áhættu og stríðs, og sú hefur stundum orðið raunin, og til þess að koma í veg fyrir það, er ekki annað til en að auka þennan garð og lengja hann. Það er að því leyti óþarft að mæla með þessari till. mörgum orðum, að það er ríkið sjálft, sem er jarðeigandinn. Þess vegna eru það fulltrúarnir á Alþ., sem munu finna sjálfa sig í því að velja í þessu máli.

Ég held, að það séu ekki fleiri till., sem ég treysti mér að bera fram. Það væri margt hægt að taka fram í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en það verða aðrir til þess, og ég ætla að láta máli mínu lokið og fela sanngirni hv. þm. meðferð þessara till. Ég þykist vita, að þær fái réttar og góðar undirtektir.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. flutti ég ásamt hv. 3. landsk. nokkrar brtt. til hækkunar á framlagi til brúa og hafna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það, að við höfum ekki endurflutt þær till. við 3. umr., en við tókum þær aftur við 2. umr., er ekki af því, að við höfum ekki talið brýna nauðsyn á því að fá þær hækkanir, sem þar er farið fram á, heldur af hinu, að við gerum ráð fyrir því varðandi hafnarframkvæmdir, að það verði að fá fé til þeirra úr hafnarbótasjóði, og hins vegar, að ekki er talið mögulegt að fá hærra

framlag til brúa, eins og líkur eru til, að heildarsvipurinn verði á fjárl. Við höfum þess vegna orðið að láta kyrrt liggja um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, vega, hafna og brúa. En við gerum hins vegar ráð fyrir því, að brýn þörf sé þeirra hafna, sem verst hafa orðið úti hjá hafnarbótasjóði, og teljum okkur hafa fengið loforð fyrir því, sem geri það að verkum, að við getum látið undan fallast með að flytja brtt. um þann lið fjárl. að þessu sinni.

Við höfum hins vegar, ég og hv. 3. landsk., flutt 3 brtt. varðandi okkar hérað. Þessar brtt. eru á þskj. 704. Ein þeirra er nr. XVII, og er hæstv. atvmrh. 1. flm. að henni með okkur.

Ég get um rök fyrir till. þessari vísað til þess, sem ég sagði við 2. umr., en auk þess mun hæstv. atvmrh. gera grein fyrir þeirri viðbót, sem nú er flutt, nefnilega að öðrum manni verði veittar hliðstæðar bætur og þeim manni, sem við höfðum áður lagt til, að fengi þær, Pétri Jónatanssyni bónda í Engidal.

Um XXII. till. við 22. gr., um að verja allt að 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum og að heimila ríkisstj. að verja allt að 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til samgöngubóta fyrir byggðina norðan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, get ég einnig vísað til ræðu, sem ég hélt við 2. umr. Vil ég aðeins leggja áherzlu á varðandi þessa tvo liði, að mjög brýna nauðsyn ber til þess, að þessi fjárveiting verði samþ. og þannig snúizt af skilningi við þeim einstæðu vandamálum, sem þessar byggðir eiga við að stríða.

Þetta eru þær till., sem ég stend að ásamt hv. 3. landsk. Þá hef ég einnig flutt á sama þskj. ásamt hv. þm. V-Húnv., hv. 9. landsk. þm., hv. 6. þm. Reykv., hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf., till. um að greiða Örlygi Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk. Ég hef áður gert grein fyrir þessari till., en vil aðeins ítreka tilmæli og ósk til hv. þm. um það að láta þennan unga listamann njóta svipaðra hlunninda og aðrir listamenn á undan honum hafa notið í byggingarmálum þeirra. Enn fremur vil ég mæla með því, að till., sem ég er meðflutningsmaður að, á sama þskj., og hv. 4. þm. Reykv. er 1. flm. að, verði samþ., þ. e. að veita Gunnlaugi Ó. Scheving 15 þús. kr. byggingarstyrk. Loks vil ég aðeins drepa á till., sem ég er meðflm. að ásamt hv. þm. Snæf., hv. þm. V-Ísf. og hv. þm. Str., um að styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna verði hækkaður um 69 þús. kr. Hæstv. Alþ. lækkaði þennan styrk við 2. umr. frá því, sem frv. fjmrh. gerir ráð fyrir, um 75 þús. kr., og var sú till. frá fjvn. samþ. með litlum atkvæðamun. Það er ekki nauðsyn, að ég mæli fyrir þessari till., vegna þess að það verður gert af 1. flm. En ég vil láta í ljós þann vilja minn, að þessu verði breytt til samræmis við frv. hæstv. fjmrh. og að skáld, rithöfundar og listamenn hafi sömu styrkupphæð og þeir fengu í fjárl. s. l. árs.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim till., sem ég er ýmist 1. flm. að eða meðflm. að, og vil ég að öðru leyti varðandi þær till., sem ég flutti við 2. umr., vísa til þeirra raka, sem ég þá flutti fram fyrir þeim.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ásamt 7 öðrum þm. hef ég leyft mér að flytja brtt. við fjárlfrv. um það, að Alþ. veiti Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk til þess að fullgera vinnustofu sína. Listamaðurinn ritaði Alþ. bréf um þessa málaleitan 11. okt. s. l., og með þessu bréfi fylgdu meðmæli frá tveim kunnustu listamönnum þjóðarinnar. Vil ég leyfa mér að lesa þau upp. Hér eru fyrst meðmæli frá Ásgrími Jónssyni listmálara:

„Hr. Gunnlaugur Ó. Scheving listmálari sækir um styrk til hv. Alþ. til þess að láta fullgera vinnustofu og íbúð, sem hann er að láta byggja í Hafnarfirði. Þessi vinnustofa ásamt íbúðinni verður dýr og ofviða honum að láta ljúka við hana án hjálpar. Þar sem „motiva"-val Schevings er nær eingöngu bundið við sjóinn, er nauðsynlegt, að hann geti haft vinnustofu og heimili þar, sem starfsskilyrði eru fyrir hendi. Undanfarið hefur hann málað í Hafnarfirði margar af beztu myndum sínum, og þar unir hann vel hag sínum og hefur þess vegna, af vanefnum þó, ráðizt í að byggja sér hús þar. Gunnlaugur Scheving er að mínu áliti einn af beztu listmálurum okkar, og mæli ég eindregið með því, að þessum gáfaða listamanni verði veittur hinn umbeðni styrkur."

Hér eru enn fremur meðmæli frá Jóni Stefánssyni listmálara:

„Ég mæli eindregið með því, að Gunnlaugi Ó. Scheving, sem er einn okkar allra beztu málara, verið veittur styrkur til að koma upp húsi með vinnustofu, svo að hann þannig megi öðlast sæmileg vinnuskilyrði."

Hér liggja fyrir meðmæli tveggja hinna helztu listmálara landsins með þessari umsókn, og vona ég, að hv. alþm. telji það vega talsvert. Með umsókninni fylgja einnig blaðaummæli erlendra blaða, sem bera þess vott, að erlendir listdómendur telja Gunnlaug Ó. Scheving meðal færustu listamanna Íslendinga. Ég ætla ekki að hafa þessi meðmælaorð mín með þessari till. fleiri. Ég vona, að nafn þessa listamanns sé svo vel þekkt meðal hv. þm., að till. hljóti náð fyrir augum þeirra og verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hér meðflm. að einni till. á þskj. 704 ásamt hv. þm. Str., hv. þm. Snæf. og hv. þm. V-Ísf., það er um að greiða Svavari Guðnasyni listmálara og Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum. Ég vildi óska þess, að hv. þm. athuguðu mjög vel þessa till. Ég býst við, að þeir, sem þekkja starf þessara manna, verði sammála þessari till. Sigurjón er vafalaust ekki aðeins bezti myndhöggvari okkar Íslendinga, heldur á Norðurlöndum og hefur framleitt listaverk, sem hafa notið eins mikillar viðurkenningar hér heima og á Norðurlöndum eins og nokkur íslenzkur myndhöggvari hefur fengið. Ég býst við, að flestir Íslendingar, sem kynna sér list þessa myndhöggvara, séu stoltir af honum. Þessi listamaður hefur allengi búið í Kaupmannahöfn og hlotið þar mikla viðurkenningu. Síðan hann kom heim, hefur hann búið í bragga með konu sinni, sem

er dönsk að ætt og hefur hlotið mjög mikla viðurkenningu fyrir málaralist. Eru aðstæður hans þarna og vinnuskilyrði hin verstu, þannig að ekki má lengur við svo búið standa. — Jafnframt því, að Sigurjón hefur getað haldið áfram sinni gömlu list, hefur hann sýnt sig að vera jafnvígur að því er snertir hina nýrri listastefnu, þar sem hugmyndafluginu er gefinn laus taumurinn. Ég býst við, að hvernig sem við lítum á slíkt, viljum við stuðla að því, að slíkur listamaður geti fengið góð skilyrði til þess að starfa hér heima hjá okkur. — Við vitum, að það háttar öðruvísi til með málara að koma verkum sínum í peninga. Það hefur verið svo á undanförnum árum, að málarar hafa átt að mörgu leyti hægt með að selja sína vinnu. Margir geta keypt málverk, og það hefur þýtt, að málarar hafa átt tiltölulega hægt með að selja málverk sín. En að því er myndhöggvara snertir er það þannig, að þeir eru í rauninni alltaf að vinna fyrir það opinbera. Það eru svo að segja undantekningar, ef myndhöggvarar geta fengið að vinna eitthvað fyrir einstaka menn. Þess vegna hvílir mikil skylda á því opinbera, ef myndhöggvaralistin á að geta þróazt í einu landi, að sjá svo um, að listamennirnir geti búið við þær aðstæður, að list þeirra líði ekki við það. Ég held því, að flestir alþm. geti orðið sammála um það, að þessi listamaður ætti skilið, að Alþ. veitti honum 15 þús. kr. byggingarstyrk til þess að skapa sér þarna góð vinnuskilyrði.

Þá hef ég einnig lagt hér til, að Svavari Guðnasyni listmálara væri veittur 15 þús. kr. byggingarstyrkur. Svavar er ungur listmálari, sem erlendis hefur hlotið allmikla viðurkenningu og eftir því sem mér hefur verið sagt af þeim, sem meira vit hafa á þessari list en ég, einnig fengið góða viðurkenningu hér heima. Fyrsta sýning hans hér hefur, eftir því sem mér hefur skilizt, tekizt mjög vel. Þessi maður hefur, eins og svo margir af listamönnum okkar, búið við mjög slæmar aðstæður. Í sumar fékk hann inni hjá einum kunningja sínum úr hópi íslenzkra listamanna, en hefur annars í rauninni hvergi höfði að að halla. Og þó að þetta sé nokkur upphæð, 15 þús. kr., er hún ekki svo mikil, að hún hafi nokkur áhrif á afgreiðslu fjárl. Ég vænti þess því, að þm. sjái sér fært að samþ. þessar tillögur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er eins og oftar, að maður verður að tala yfir tómum stólum. Ég vildi þá fyrst segja það, að mér sýnist, að afgreiðslu fjárlfrv. ætli að bera þannig að, að Alþingi skilji við fjárl. með mjög miklum tekjuhalla. Það er að vísu að tölum til kannske talað um að ná einhverjum jöfnuði, en það vita allir, að verðlag er allt annað í Evrópu nú en menn héldu um áramótin, þannig að allt útlit er fyrir, að frv. fari frá Alþingi með raunverulega miklum tekjuhalla. Afleiðingin af því er aftur sú, að þó að hinir og þessir hreppar hafi kvartað undan því að fá ekki meira fé til vega, brúa og ýmissa hluta, þá hefur mér ekki dottið í hug að verða við því. Ég tel, að það sé engin leið að bæta nýjum og nýjum útgjöldum ofan á fjárl., og hefur mér því ekki dottið í hug að flytja eina einustu brtt. til hækkunar. Brtt., sem ég flyt og allar eru á þskj. 704, eru allar til lækkunar og leiðréttingar. Ein þeirra er leiðrétting á prentvillu, sem slæðzt hefur inn, þ. e. III.1. Það má nú kannske segja, að óþarfi hafi verið að bera fram um þetta brtt. En svipað tilfelli hefur komið fyrir einu sinni áður í sambandi við framlög til hafnargerða, þar sem vafi gat á því leikið, hvort átt var við Höfn í Hornafirði eða Höfn í Bakkafirði, og langar mig ekkert til, að slíkt endurtaki sig. Ég hef því borið fram brtt. þess efnis, að í stað orðsins „Úthlíðarvegur" komi: Úthéraðsvegur.

Hinar brtt. eru allar lækkunartill. Ekki vegna þess, að ég haldi, að þær verði samþ., heldur eru þær teknar sem sýnishorn um það, hvernig megi spara íburð og bruðl, eins og t. d. við sendiráðið í Moskva, risnu skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og geysilegan kostnað við skriftir á fundum ríkisráðs, sem ekki eru ákaflega oft haldnir. Þessar till. eru sýnishorn um íburð og bruðl. Aðrar eru þannig, að þær sýna sparnað í málum, sem talið er, að snerti hina andlegu hlið málanna, eins og t. d. kirkjusöngur og ýmislegt fleira. Þá eru enn aðrar till., t. d. brtt. um að fækka mönnum hjá vegamálastjóra, sem hefur aukið starfslið sitt mest næst á eftir Bifreiðaeftirliti ríkisins, sem hefur margfaldað starfskrafta sína, án þess þó að unnið sé meira en meðan mannskapurinn var miklu fámennari. Till. þessar eru því ekki til annars en að sýna bæði þm. og öðrum, að ég tel, að ná mætti verulegum sparnaði frá því, sem nú er. Og þó að fjvn. hafi starfað mikið, tel ég, að það sé ekki nærri nóg, sem hún hefur lagt til í sparnaðarátt. Ég skal ekki fara frekar út í það við þessar umr., en aðeins geta þess, að ein þeirra brtt., sem ég flyt, er beinlínis fram borin til þess að reyna að fyrirbyggja, að peningum sé fleygt í sjóinn, en það er till. VII.1 á þskj. 704. Ætlast ég þar til, að niður falli liðurinn til svokallaðra Hvalfjarðarferjuhafna. Það hlýtur að vera öllum mönnum ljóst, að eftir að vegurinn inn fyrir Hvalfjörð er orðinn eins og hann er, dettur engum manni í hug að kaupa sér ferju yfir Hvalfjörð. Ég vil því reyna að fyrirbyggja, að hent sé í sjóinn kvartmilljón til þessara hluta, eins og hér er ætlazt til.

Þá er hér brtt. XXI. á sama þskj. Nú hagar þannig til, að mjög gengur seint og hægt að fá notendasíma út um sveitir landsins, en mjög mikil eftirsókn eftir þeim og varla talið hægt að vera í strjálbýlinu, ef ekki fæst þangað síma. Þetta stendur þannig í dag, að um síðustu áramót var sími á um það bil öðrum hverjum bæ á landinu. Í þeim sýslum, sem bezt voru símaðar, var prósenttalan 80, en í þeim sýslum, sem verst voru símaðar, var hún 22, svo að misjafnt er þessu dreift um landið. Það má segja, að þarna sé um nýja lántöku að ræða, og það er rétt. En það er lántaka, sem gefur ríkissjóði beinlínis auknar tekjur í notendagjöldum þeirra, sem símann fá. Þess vegna

er það hagur fyrir ríkissjóð að geta komið notendasímanum sem allra fyrst áfram og gott fyrir mennina, sem hafa beðið um hann. Þetta er till., sem ég held, að menn mundu mjög óska eftir, að væri samþ. Nú liggur ekki fyrir frá póst- og símamálastjórninni, hvað kostar að leggja síma til þessara bæja, sem ekki hafa fengið hann. Það er langt komið með það yfirlit, en það liggur ekki fyrir enn þá. Það er mikið fé, sem það kostar, með núgildandi verðlagi. En það er þó, held ég, eina leiðin til þess að láta það ganga sæmilega fljótt að reyna að fara inn á þessa braut. Ég treysti því alveg ákveðið, að þessi till. verði samþ., og sé ekki nokkurn hlut, sem geti mælt á móti henni. Það væri þá helzt það, ef segja mætti, að það gæti farið svo að ári, að þá yrði verzlunarjöfnuður okkar það óhagstæður, að við hefðum ekki erlendan gjaldeyri til þessara efniskaupa. En ef það færi svo, yrði þetta að sitja á hakanum, ef það reyndist eitt af því, sem fyrst kæmi til greina að láta sitja á hakanum, en á þessu stigi er ekki hægt að segja um það. Þetta væri sem sagt eina mótbáran. sem hægt væri að hafa á móti till.

Ég skal að lokum geta þess, að þótt ég hafi lagt fram þessar lækkunartill., hefði verið vandalaust að hafa þær 10—20 sinnum fleiri og ná með þeim miklu meiri sparnaði en þarna er gert. En ég taldi það ekki hafa þýðingu að eyða kröftum í þær fleiri, þó að ég teldi, að þær ættu fleiri rétt á sér.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Á þskj. 704, XI. lið, eru tvær brtt. frá okkur þm. Skagf. og hæstv. atvmrh. Sú fyrri er við 16. gr. og er um það, að veitt sé til Ólafs Sigurðssonar á Hellulandi 20 þús. kr. Ég vil skýra þessa till. lítillega með því að minna á það, sem Alþ. er að vísu kunnugt, að Ólafur hefur verið í þjónustu ríkisins lengi, lengst sem leiðbeinandi um klak og fiskirækt, en þegar veiðimálastjóraembættið var stofnað og í það skipaður sérfræðingur á þessu sviði, hvarf Ólafur frá starfinu, en var ráðinn með 25 þús. kr. fjárveitingu til að hafa leiðbeiningu um æðarvarp. Það vita allir, að það eru einhver allra skemmtilegustu hlunnindin, sem land okkar hefur. Það er orðið lítið um æðarfuglinn í heiminum, og liggur við, að hann sé útdauður, svo að heiður okkar liggur við, að svo verði ekki. Það eru mikil hlunnindi að æðarvarpinu, og borgar sig að kosta nokkru til. Það er vitað, að hægt hefur verið að rækta lítið varp, svo að það verði til stórnytja, og þetta er hægt enn, þó að vörpin hafi eyðilagzt af vissum ástæðum, svo sem hernaðarundirbúningi hér í nágrenni Rvíkur. Enn má auka það úti um land og jafnvel koma því upp þar, sem það ekki er. Þess er ekki að vænta, að hægt sé að benda á mikinn árangur af starfi Ólafs í þessi tvö ár, sem hann hefur unnið að þessu, en hann hefur mjög athugað málið og eytt miklum tíma í að ferðast um landið og kynnt sér nýjar aðferðir við hreinsun dúnsins, þar sem gamla aðferðin að handhreinsa hann er of dýr nú orðið. Hann hefur kynnt sér þessi mál bæði utanlands og innan, og mun nú verið að setja upp slíka stöð á Akureyri með nýjum vélum. Ég tel miður farið, að þessi liður skuli ekki hafa verið settur í fjárlögin nú, hvorki af hæstv. ríkisstj. né fjvn., og hefur lagfæring á þessu ekki fengizt enn sem komið er, og því flytjum við þessa brtt. Þess ber að gæta, sem hv. þm. er raunar kunnugt, að bráðum er komið mitt fjárlagaár, og þar sem hann er starfsmaður ríkisins, hefur hann fengið laun það, sem af er árinu, og verður sennilega ekki sagt upp fyrirvaralaust, eða það væri meiri harðneskja en við eigum að venjast af ríkinu. Og þar sem búið er að kosta nokkuð til þessa starfs og verður enn um stund, þá væri það að falsa staðreyndir að taka ekki eitthvað inn á þennan lið. Við leggjum því til, að til þessa verði lagðar 20 þús. kr., og er það 5 þús. kr. lægra en verið hefur 2 undanfarin ár, og held ég, að hægt muni að draga það úr kostnaðinum. Ég vona, að Alþ. sannfærist um, að ekki sé annað fært en taka þetta inn á fjárl., bæði vegna starfsins og þess, að þegar er búið að greiða nokkuð af launum, og hlýtur að verða svo enn um stund, jafnvel þótt brtt. verði felld. Ég mun nú ekki ræða þessa brtt. frekar.

Þá er ég einnig ásamt sömu þm. flm. að annarri lítilli brtt., sem er einnig undir XI. lið á sama þskj., b-liður: Að Loðdýraræktarfélagi Íslands verði veittar 6 þús. kr., eins og það hefur haft, en var fellt úr fjárl. nú. Félagsskapnum hefur hnignað nú undanfarið vegna þess, að loðdýrarækt hefur dregizt saman undanfarin ár. En nú hefur orðið nokkur skinnasala þetta ár, og finnst mér hart að fella niður þessa litlu upphæð meðan félagið er við líði, og leggjum við því til að þessi upphæð verði aftur tekin upp, þar sem hún er svo lítil, að hún breytir engu um afkomu fjárl. Og er ástæðulaust að orðlengja þetta frekar, og vona ég, að till. verði samþ.

Á sama þskj., XXIV.-lið, er till. frá okkur þm. Skagf. og hv. þm. Siglf. um heimild til að greiða Skafta Stefánssyni á Siglufirði 27 þús. kr. vegna halla á rekstri m.b. Mjölnis við flutninga um Skagafjörð árið 1947. En ástæðan til, að við förum fram á þessar bætur, er í örfáum orðum sú, að þetta er einn af þeim flóabátum, sem undanfarið hafa gengið með styrk úr ríkissjóði. En á bátnum varð svo tilfinnanlegur halli þetta ár, sem Skafti hefur ekki fengið endurgreiddan, að hann verður af þeim ástæðum fyrir tilfinnanlegu tjóni. Þetta er því tilfinnanlegra sem Skafti er fátækur maður, og þetta var hans helzta lífsframfæri, en Skafti er, eins og allir vita, sem til þekkja, annálaður dugnaðarmaður. Á þessu sumri var veguriinn yfir Siglufjarðarskarð opnaður, og viðurkennir Skipaútgerðin, að hallinn stafi af því. Það er því réttlátt, að ríkið greiði honum þann halla, sem hann hefur orðið fyrir. Það var að vísu gleðilegt, að leið skyldi opnast yfir Siglufjarðarskarð, en það hafði óþægilegar afleðingar fyrir þennan mann, sem hér um ræðir. En þetta hefur ekki fengizt lagfært hjá

samgmrh., en við, sem að þessari till. stöndum, viljum rétta hlut Skafta Stefánssonar. Þá vil ég benda á, að slíkar greiðslur eru ekkert einsdæmi, því að í 22. gr. fjárlagafrv. er heimild til að greiða h.f. Skallagrími í Borgarnesi 40 þús. kr. vegna halla á m.s. Víði árið 1947. Ég skil ekki þann halla, sem orðið hefur á Víði 1947, og eru ekki færð rök fyrir þeim halla, en ég hef fært eðlileg rök fyrir tjóni Skafta Stefánssonar, sem stafaði af því, að ný leið var opnuð til yfirferðar. Og úr því að Alþ. veitir sterku félagi 40 þús. kr., þá getur það ekki verið þekkt fyrir að neita fátækum útgerðarmanni um smábætur fyrir sams konar tjón á sama ári, sérstaklega þar sem hægt er að færa eðlilega ástæðu fyrir hallanum. Við flm. væntum því og teljum ekki annað sæmandi fyrir Alþ. vegna þess fordæmis, sem það hefur gefið, en veita þessa upphæð, sem við förum fram á.

Þá er ég meðflm. að fleiri till., og vil ég ekki þreyta hv. þm. á að ræða þær, þar sem aðrir munu mæla fyrir þeim. Það var við 2. umr. fjárl., að við þm. Skagf. fluttum brtt., sem við tókum þá aftur til 3. umr., og vil ég aftur minnast lítillega á hana. Hún var á þskj. 488, IX. liður, og lögðum við þar til, að í stað 100 þús. kr. til hafnar í Hofsósi kæmi 150 þús. kr. Ég ætla ekki að endurtaka rök fyrir því, en það var byggt á loforði frá ráðuneytinu að leggja til, að þessi fjárveiting fengist næstu 3 árin, enda hvílir allt á, að svo verði. Nú er um það talað að veita 50 þús. úr hafnarbótasjóði auk þessara 100 þús. á fjárlögum. Við munum sætta okkur við þetta og vonum, að þetta megi teljast öruggt, en það verður að vinna að hafnarbótum í Hofsósi í sumar, ef ekki á að eyðileggjast það, sem gert var þar í fyrra. Það hefði verið betra að fá 150 þús. á fjárl. og von í hafnarbótasjóði, en ríkisstj. og fjvn. hafa komið sér saman um þetta, og það þýðir ekki að deila við dómarann. Við verðum því að sætta okkur við það næstbezta. — Þá bárum við einnig fram till. um 50 þús. kr. framlag til húsmæðraskólans á Löngumýri. Við væntum þess, að fást mundi samkomulag milli ríkisstj. og fjvn. um þetta framlag til skólans. Það nálgast eins dæmi, að ein kona komi upp slíku menntasetri, sem kostað hefur um ½ millj., og fengið aðeins 50 þús. kr. fjárveitingu, og ég vænti, að þeir, sem trúa og dá einstaklingsframtakið, vilji styðja slíkan dugnað. En þar sem undirtektir undir þetta voru daufar, sáum við okkur ekki annað fært en rifa seglin og slá í félag með þingmönnum Árnesinga, sem voru með framlag til skóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, og hefur það leitt til þess, að við höfum í félagi farið fram á á þskj. 681. VIII, að á 22. gr. yrði heimilaður 50 þús. kr. byggingarstyrkur til beggja þessara skóla, 25 þús. til hvors. Það hefur þegar verið mælt fyrir þessari till. af hv. 2. þm. Árn., og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það, og þetta er svo lítil upphæð, að ég trúi ekki, að Alþ. neiti þessum merku menntastofnunum um svo smávægilega aðstoð. Skólarnir eru nú fullir af nemendum þrátt fyrir erfið skilyrði. Á Löngumýri munu nú t. d. vera 35 nemendur, og hefur forstöðukonan, Ingibjörg Jóhannsdóttir, komið skólanum upp af eigin rammleik. Við treystum því, að þessi litla upphæð verði veitt til skólanna. Ég hef nú mælt með brtt. mínum og læt því lokið máli mínu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar till. á þskj. 721. IV. flyt ég till. ásamt hv. 6. þm. Reykv. um 750 þús. kr. framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Við 2. umr. fluttum við till. sama eðlis að veita 2 millj. og til vara 1 millj. Í l. nr. 44 frá 1946, um aðstoð við byggingu íbúðarhúsa, er í III. kafla gert ráð fyrir, að ríki og bæir skuli vinna í sameiningu að byggingu yfir fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum, en skömmu eftir að núverandi ríkisstj. tók við, var þessu breytt þannig, að þetta skyldi gert, ef fé væri veittur til þess á fjárl., en nú hefur ekki verið veittur einn eyrir í þessu skyni, og er því verið að afnema þennan merka kafla, sem á sínum tíma var eitt aðaláhugamál Alþfl. Það er ekki vansalaust að veita ekki neitt í þessu skyni og ófært að afnema þennan merka kafla á svo vesalmannlegan hátt.

Þá flyt ég fjórar till. vegna kjördæmis míns. Til Siglufjarðarskarðsvegar komi 100 þús. í stað 20 þús. Það er töluverður kafli uppi á skarðinu, sem er óofaníborinn, og er 20 þús. kr. fjárveiting gagnslaus, en það væri hægt að gera við verstu holurnar, ef fengjust 100 þús. kr. — Þá legg ég til, að framlag til Siglufjarðarhafnar verði hækkað úr 100 þús. í 145 þús. Hafnarsjóður hefur síðastliðið ár látið vinna fyrir hátt í 900 þús. kr. á innri höfninni, og hefur það mikla þýðingu fyrir síldarsöltun. — Þá legg ég til, að veitt verði 150 þús. til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði, og er mikil þörf á því fyrir Siglfirðinga og aðkomufólk, sem þar vinnur, og sjómenn, sem eru lagðir þar á land. — Loks legg ég til, að veitt verði 12235 kr. til Bókasafns Siglufjarðar, og er það til samræmingar við styrk þann, sem bókasöfnin á Ísafirði, Hafnarfirði og Akureyri hafa, og þykir mér ekki rétt, að bókasafnið á Siglufirði fái ekki sömu upphæð og bókasöfn hinna 3 kaupstaðanna, og er þetta því til samræmis. Ég skal svo ekki fjölyrða um þessar till. varðandi kjördæmi mitt, þær eru allar, nema sú síðasta endurtekning frá 2. umr., aðeins með lægri upphæðum.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það virðist ekki vera við marga að tala hér frekar en fyrri daginn og ekki vera mikil tök á að sannfæra menn, þó að rök kunni að liggja fyrir máli. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt., sem bornar eru fram á þskj. 681. Fyrri till., I, er varðandi framlag til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, að í stað 300 þús. kr. framlags, sem er á fjárlfrv. nú, komi 400 þús. kr. Við 2. umr. fjárl. flutti ég brtt. um að hækka þetta framlag upp í 500 þús. kr. Sú till. var felld. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök, sem ég þá færði fram fyrir því, að þetta framlag til sjúkrahússins væri allt of lítið og

ef það yrði ekki hækkað, mundi það tefja bygginguna um óeðlilega langan tíma. Það þýðir ekki að endurtaka þau rök, sízt þegar svo fáir heyra til. En ég vildi aðeins gera aðra tilraun til þess að fá þetta ofur lítið hækkað og í von um, að hv. þm. vildu ganga inn á að veita þessa hækkun í stað hinnar, hef ég flutt þessa till. á ný. Hin brtt. er sú III. á sama þskj. og varðar framlag til hafnargerðar á Akureyri, að í staðinn fyrir 100 þús. kr. komi 300 þús. kr. Það kom mjög greinilega fram í umr. við 2. umr. fjárl. og var þá viðurkennt, m. a. af hv. form. og frsm. fjvn., að till. fjvn. um að veita aðeins 100 þús. kr. væri byggð á röngum upplýsingum, sem n. hefði fengið frá vitamálaskrifstofunni. Eftir að þetta hafði verið viðurkennt, þá tók ég till. aftur til 3. umr., í von um það, að hv. fjvn. sæi sér mögulegt að leiðrétta þetta misrétti, sem viðurkennt var af form. n. við 2. umr. fjárlfrv. og öllum hlýtur að liggja í augum uppi, sem vilja hlýða á þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið um þetta efni, og hlíta þeim rökum, sem í þeim felast. Nú hefur hins vegar farið svo, að hv. fjvn. hefur ekki gert neina breytingu á fyrri till. sinni um þetta efni, og verð ég að segja það, að mig furðar nokkuð mikið á því, að hún skuli, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið og mjög greinilega hafa verið fyrir hana lagðar, ekki hafa séð tök á því að taka tillit til þeirra og breyta fyrri till. sinni um þetta efni, sem viðurkennt er, að byggð hefur verið á skökkum upplýsingum. Þar með hefur einnig fengizt viðurkenning á því, að á grundvelli þeirra framkvæmda, sem orðið hafa á hafnargerðinni á Akureyri og stendur til, að verði gerðar á yfirstandandi ári, og sé tekið tillit til hvors tveggja, þá liggur í augum uppi, að Akureyrarhöfn hlýtur að eiga að koma í flokk þeirra hafna, sem hæsta fjárveitingu fá á fjárl. Ég upplýsti við 2. umr. málsins með sundurliðuðum tölum, að vegna þeirra framkvæmda, sem þegar hefðu orðið við hafnargerðina á Akureyri, þá vantaði 357750 kr. til þess, að ríkið hefði lagt fram sinn hluta l. samkvæmt á móti Akureyrarkaupstað. Til viðbótar við þetta liggur það fyrir, að búið er að vinna á þessu yfirstandandi ári fyrir 2 millj. kr. Framlag ríkisins af því mundi nema 800 þús. kr., þannig að til þess að ríkið stæði við sín framlög l. samkvæmt, ætti að veita á þessum fjárl. 1157750 kr. til þessa mannvirkis. Nú hefur mér ekki dottið í hug að fara fram á það, að þessi fjárhæð yrði veitt öll, því að til þess eru vafalaust ekki möguleikar, enda ýmsar aðrar hafnir sem búnar eru að vinna fyrir meira fé en þær hafa fengið framlag frá ríkissjóði á móti. Nú vil ég halda því mjög ákveðið fram, að gegn því geti ekki legið rök — og hafa ekki verið færð rök, að Akureyri eigi vegna þessa alveg skýlausa kröfu um að verða sett í flokk þeirra hafna, sem hæstu fjárveitingu fá, og þó að það yrði gert, þá yrði framlag ríkissjóðs ekki nema tæplega ¼ af því, sem ríkið kemur til með að skulda á yfirstandandi ári. Eins og ég sagði áðan, varð ég nokkuð undrandi á því, að hv. fjvn. skyldi ekki taka tillit til þeirra raka, sem fyrir liggja um þetta efni, og hækka framlag til Akureyrarhafnar tilsvarandi við aðrar hafnir, sem sambærilegar eru. Hv. form. og frsm. n. drap á þetta við 2. umr. málsins, að búið væri að binda svo heildarfjárhæðina til hafnargerða, að frá því væri ekki hægt að víkja, og mundi þess vegna örðugt að breyta þessu eða bæta úr þessu, nema þá með þeim hætti, að Akureyri yrði lofað því meira framlagi úr hafnarbótasjóði, til þess á þann hátt að laga þetta misræmi. Nú hefur hins vegar tvennt komið í ljós: Að heildarframlagið á fjárl., a. m. k. yfirleitt, — það hefur að vísu ekki raskazt heildarframlagið til hafnargerða út af fyrir sig frá því, sem það var við 2. umr. fjárl., — hefur mjög raskazt frá því, sem það var við 2. umr. fjárl., og jafnvel hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því með tilstyrk hv. fjvn. að hækka fjárveitingar fjárl. mjög verulega. Hv. fjvn. leggur nú til, f. h. hæstv. ríkisstj., að bætt sé við hvorki meira né minna en 1 millj. kr. til þess að byggja íbúðarhús handa prestum og sýslumönnum. Og þegar ekki er meiri þröng fyrir dyrum en t. d. þessar till. bera vott um, ásamt öðrum till. til aukinna fjárútláta, sem fjvn. ber fram, þá finnast mér það harla veigalítil rök, að ekki sé hægt að leiðrétta þetta augljósa og viðurkennda misrétti, vegna þess að ekki megi hækka þá upphæð, sem á fjárl. er veitt til hafnargerða. Hins vegar hefur komið í ljós, þrátt fyrir ummæli, sem fram hafa verið færð, bæði við 2. umr. og í framsöguræðu fyrir brtt. fjvn. við 3. umr., um það, að bæta ætti Akureyrarkaupstað þetta misræmi með framlögum úr hafnarbótasjóði, að engar ráðstafanir hafa verið til þess gerðar. Í framsöguræðu form. fjvn., þó að hann dræpi á þetta og talaði um það vítt og breitt, fólst ekki neitt loforð eða nein ummæli, sem bindandi gætu talizt um, að Akureyrarkaupstaður fengi nokkuð úr hafnarbótasjóði, og sízt af öllu, þó að Akureyrarkaupstaður kæmi þar til greina eins og aðrar hafnir, að þá yrði nokkuð bætt úr því misrétti, sem er á framlagi á fjárl. til hennar og annarra hafna. Til viðbótar við þetta hef ég beinlínis spurt hæstv. samgmrh. um það, hvort hann hafi í hyggju og gæti gefið um það yfirlýsingu hér, að Akureyrarhöfn skyldi fá einhverja ákveðna og verulega upphæð, svo verulega, að það gæti talizt leiðrétting á því misræmi, sem um hefur verið rætt hér. Hefur hæstv. samgmrh. svarað því, að á þeim lista, sem hann nú hafi yfir það, hvernig hann hafi hugsað sér að skipta framlögum úr hafnarbótasjóði, sé Akureyri alls ekki með.. Mér virðist málið liggja þannig fyrir, að þó að þetta misrétti og ósamræmi sé viðurkennt, þá sé ekki til vilji fyrir því, hvorki hjá hv. fjvn. eða hæstv. ríkisstj., að leiðrétta þetta mál. Og þykir mér það harla undarlegt, ég get ekki annað sagt, ef það á að verða niðurstaðan í þessu máli, að þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hafa verið lagðar fram hér fyrir Alþ. og fjvn. og hæstv. ríkisstj. og samgmrh. hlýtur einnig að vera vel kunnugt um, eigi Akureyrarhöfn aðeins að fá 100 þús. kr., þó að ríkið skuldi henni, ekki 100 þús. kr.,

heldur 1 millj. kr. betur, þegar aðrar hafnir fá allt upp í 300 þús. kr. framlag, og það m. a. hafnir, sem undanfarin ár hafa fengið mjög rífleg framlög, t. d. úr hafnarbótasjóði, eins og t. d. Akranes, sem er búið að fá 1½ millj. kr. til viðbótar við hæsta framlag á fjárl. í nokkur ár í röð. Ýmsar aðrar hafnir hafa fengið enn þá hærri fjárveitingu og margar hverjar einnig rífleg framlög úr hafnarbótasjóði. Ég hefði því gjarna viljað fá tækifæri til þess að láta hv. þm. heyra rök mín fyrir þessu máli og þá útreikninga, sem lagðir hafa verið fyrir n. í þessu máli. Það er nú einu sinni svo, að það virðist ekki vera tækifæri til þess. Menn fást ekki til þess að sitja og hlýða á ræður um mál, sem liggur fyrir að afgreiða, og má því vel fara svo, að meiri hl. hv. þm. muni ekki, þegar að afgreiðslu málsins kemur, hafa hugmynd um þau rök, sem fyrir till. liggja, og muni þess vegna láta aðeins að óskum ríkisstj. og fjvn. um að beita Akureyrarhöfn og Akureyrarbæ þeirri rangsleitni, sem felst í þessari skiptingu fjárl. til hafnargerða. Við því verður ekki gert. Ég hef gert það, sem í mínu valdi stendur, bæði við 2. umr. fjárl. og nú, til að upplýsa þetta mál. Ég tel mig hafa fyllstu rök að mæla og engin sanngirni geti talizt í því að fella þá till., sem ég hef flutt um þetta efni. Meira get ég ekki gert, og verður þá að ráðast, hvernig fer, þegar til atkvgr. kemur. Það þýðir að sjálfsögðu ekki að vera að tala um þetta lengra mál. Það mundi engu breyta, og ég skal þá heldur ekki þreyta hæstv. forseta og þá örfáu þm., sem hér sitja, á því að ræða um þær aðrar till., sem hér liggja fyrir, eða fjárl. í heild, þó að ástæða væri til þess að tala kannske nokkru nánar um fjárlagaafgreiðsluna í heild en ég hef gert. Inn á það hef ég í raun og veru ekkert komið.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég bar að vísu fram hér nokkrar brtt. við 2. umr., sem ég tók til baka í þeirri trú, að það mundi tillit til þeirra tekið í fjárlagameðferð hv. fjvn. Svo hefur ekki orðið, og væri náttúrlega ástæða til þess fyrir mig að kvarta yfir því að hafa orðið afskiptur. En ég skal ekki eyða tímanum til þess. Það væri ófrjósamt. Ég vil samt minnast hér á eina litla till., sem ég ber hér fram, ásamt hv. þm. Str. og hv. þm. G-K., en hún er um það að veita ungu félagi, Félagi hinna sameinuðu þjóða á Íslandi, 6 þús. kr. í styrk á yfirstandandi ári. Þetta félag var stofnað í haust sem leið og hefur haldið nokkra fundi. Hefur það reynt að fá góða fyrirlesara, bæði innlenda og útlenda, og reynt að undirbúa sína framtíðarstarfsemi, en hún verður mikið í því fólgin að halda fræðslufundi, útvegun bóka um starfsemi Sameinuðu þjóðanna og utanríkispólitík Íslendinga, auk þess í því að gefa út smárit og pésa um Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðastarfsemi yfirleitt. Þessi upphæð mun ekki fara í laun, en aðeins til fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Ég vil vænta þess, að þessi till. verði samþ. Það er ekki um mikla fjárhæð að ræða til félags, sem starfar meðal almennings að fræðslu í utanríkismálum.

Jón Gíslason: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég brtt. um fjárframlag til sandgræðslu í Meðallandi, og nú flyt ég þessa brtt. hér aftur á þskj. 704, X. Ég gerði þá nokkuð ýtarlega grein fyrir hinni miklu þörf á því að hefjast handa og verja þessa sveit, bæði vegna sveitarinnar sjálfrar og vegna ýmiss konar annarra almennra viðhorfa, svo sem vegna björgunarstarfsemi og þess konar. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það meginmál. Ég gat þess þá, að nú í vetur hefði komið þarna fyrir bilun á stíflu í sambandi við sandgræðsluna, verulega bilun, sem gerir það að verkum, að 2 eða 3 garðar, sem eru ríkiseign, eru í mikilli hættu. En þannig eru málavextir, að hvergi virðist vera fyrir hendi handbært fé til þess að gera við þetta verk. En viðgerð á því verður að fara fram í sumar, og er það alveg nauðsynlegt. Ef þetta fé fengist til sandgræðslunnar, sem ég fór fram á og fer nú fram á, að veitt verði, mætti nota eitthvað af því til þessa verks. Nú flyt ég hér sem aðaltill., að veitt verði sama upphæð og ég fór fram á, að veitt yrði við 2. umr., eða 150 þús. kr., en til vara flyt ég till. um miklu lægri upphæð, í staðinn fyrir 150 þús. kr. komi 50 þús. kr., sem er sérstaklega miðuð við það, að ef hún væri samþ., þá væri þó alltaf hægt að gera við stífluna nú í sumar. Ég vonast endilega eftir því, að a. m. k. varatill. hljóti náð fyrir augum hv. alþm. og verði samþ., ef svo illa tekst til, að aðaltill. verður ekki samþ. Þá á ég líka brtt. á þskj. 704, IV, sem er aðeins leiðrétting á nafni, en skiptir ekki máli hvað fjárhæð snertir, svo að ég get vel hugsað, að hv. fjvn. taki þessa till. til athugunar við prentun á fjárl. Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta frekar, en vonast eftir því, að brtt. mín á þskj. 704, a. m. k. varatill., fái góðar undirtektir hv. alþm.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég mun ekki halda langa tölu hér, því að hér er lið þunnskipað í þingsalnum, og hefur litla þýðingu að mæla með till. Það er meira venja að mæla með till., þar sem þeir menn eru oftast langt í burtu, sem helzt hefðu einhver áhrif í þeim efnum. Þessar 3 till., sem ég ber fram, voru sumar fluttar af mér við 2. umr. og voru þá teknar til baka samkvæmt tilmælum. Fyrsta till. var borin fram við 2. umr., en felld. Ég var einn af flm. hennar, en hef fengið margar áskoranir um að taka hana upp aftur. Það var till., sem nú er borin fram á þskj. 704 um það að veita Kvenréttindafélagi Íslands 15 þús. kr. til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót kvenréttindafélaga í Amsterdam, sem felld var. Ég hef nú leyft mér að flytja brtt. um, að veittar verði 12 þús. kr. í sama skyni. Kvenþjóðin fylgir þessu fast eftir og þykir það hart, að henni sé ekki sá sómi sýndur að fá að senda fulltrúa á alþjóðamót, eins og mörg önnur félög, sem hafa fengið styrk til slíkra hluta úr ríkissjóði. Þær biðja því hv. Alþ. að veita þeim þennan styrk, sem ég hef leyft mér að bera

hér fram brtt. um, að veittur verði. — Hinar brtt., sem ég flyt, eru á þskj. 712. Ég er einn flm. að till. um, að byggð verði brú yfir Glerá. Ég gat þess þá, að það stæði dálítið sérstaklega á um þessa brú og að hér væri um nýmæli að ræða, að bæjarstjórnin á Akureyri hefði samþ. fyrir sitt leyti að greiða að ⅓ kostnaðarverð brúarinnar, í staðinn fyrir að það er venjan, að hið opinbera fær að bera kostnaðinn allan. Ég fer fram á, að veittar verði til brúarinnar 210 þús. kr. úr ríkissjóði, sem eru ⅔ hlutar af kostnaðaráætluninni, sem vegamálastjóri hefur gert. — Loks er svo 3 till., sem ég ber fram ásamt hv. Str., hv. þm. Ísaf. og hv. 6. þm. Reykv. Þessi till. er nr. IV á þskj. 712 og er um það, að veittar verði 25 þús. kr. upp í ferðakostnað tónlistarfélagskórsins s. l. sumar. Við höfum leyft okkur að taka þessa till. upp nú í þeirri von, að hún nái fram að ganga. Ég gat um ástæðurnar fyrir því, að þessi till. er fram komin, í framsöguræðu minni við 2. umr. fjárl. Þessi kór tókst þessa ferð á hendur fyrir tilmæli ríkisstj. og hafði loforð fyrir því, að hið opinbera tæki þátt í kostnaðinum, og mér er kunnugt um það, að sjálfur forsrh. hefur haft þau ummæli síðan, að hann vildi standa við þau orð, að greitt verði úr ríkissjóði talsverð upphæð í þennan ferðakostnað. Þetta félag mætti fyrir Íslands hönd. Ég var þá viðstaddur þar og veit, að þessi kór kom þar fram okkur til mikils sóma. Kórinn var þar talinn afbragðsgóður, svo að félagið á skilið að fá viðurkenningu fyrir það. Þetta er fjölmennur kór, og auðvitað urðu þeir að leggja meira af mörkum en það að sleppa af atvinnu og jafnvel fá mann í staðinn fyrir sig. Það er því lágmarkskrafa, að kórinn fái beinan ferðakostnað greiddan. Ég mæli því sérstaklega með þessari till. fyrir mína hönd og meðflm. minna.

Skal ég svo ekki þvinga menn með lengra máli.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef heyrt, að sumir hv. þm., sem talað hafa á undan mér, hafa rökstutt sínar till. með því, að þær væru byggðar á fullkominni sanngirni. Ég vona, að ég geti viðhaft svipuð orð í sambandi við till., sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm. á þskj. 712, VI. Það hafa aðrir hv. þm. gert grein fyrir till., sem þeir flytja um byggingarstyrk fyrir listamenn, og satt að segja er tillöguflutningur okkar þremenninganna þannig til kominn, að fyrst farið var að flytja till. um byggingarstyrk til handa listamönnum, þá þótti okkur ekki mega við svo búið standa. Við flytjum því hér till. um, að Sveinn Þórarinsson listmálari fái byggingarstyrk. Fyrir nokkrum árum samþ. Alþingi 20 þús. kr. byggingarstyrk honum til handa. En þá bauðst honum húsnæði í leiguíbúð, svo að hann hætti við bygginguna og hagnýtti sér ekki þennan styrk. Hér er því í raun og veru um endurveitingu að ræða, þegar við förum fram á byggingarstyrk handa honum, að vísu ekki 20 þús. kr., heldur sömu upphæð og hinir, 15 þús. Og þegar um endurveitingu er að ræða til þessa listmálara, þá vil ég fastlega vænta þess, að þessi listamaður gleymist sízt af þeim, sem hér er stungið upp á.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja, en það er ein önnur lítil till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Ak. og hv. þm. Ísaf., að veita 600 kr. ekkju Steingríms Matthíassonar læknis. Það er svo lítil fjárhæð, að ég sé ekki ástæðu sérstaklega að hafa neinn formála fyrir því, en ég býst við, að hv. þm. geti, þegar á allt er litið, fallizt á að styðja þessa litlu liðsbón, því að þessi fjárhæð, þótt lítil sé, mundi koma þessari konu að nokkru liði.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef setið hér og hlustað á mál manna í sambandi við þær fram komnu till. og óskir og þarf ekki að svara miklu. Mest af þessu er endurtekning frá fyrri umr. Skal ég þó aðeins minnast á örfá atriði.

Hæstv. fjmrh. tók fram í sínum örfáu orðum, að það mundi ofmælt hjá mér, að fjárl. væru með 47 millj. kr. greiðsluhalla. Ég vil benda á, að ef reiknaðar eru til útgjalda, hvort sem lán er tekið til þess eða ekki, allar upphæðir, sem eru í 22. gr., og annað er ekki hægt, úr því að við lántökurnar er bundið, að því fé verði varið til útgjalda, þá verða fjárl. afgr. með 47 millj. kr. halla, svo framarlega sem ekki verður breyt. á tekjuöfluninni, og þó betur, ef eitthvað verður samþ. af þeim till., sem hér liggja fyrir, og má búast við, að eitthvað af því flækist inn við þessa umr. Ég skal í sambandi við þetta minna á, að ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að koma með brtt. til öflunar tekna, en að sjálfsögðu er það ekki tilbúið enn, vegna þess að þau frv., sem fyrir liggja í sambandi við þá tekjuöflun, eru ekki enn þá orðin að l., og hygg ég, að hæstv. ráðh. muni ræða um það við fjvn., áður en þær till. verða bornar fram, eins og hann minntist á.

Ég vil í sambandi við eitt mál, sem hæstv. atvmrh. minntist á fyrr við umr., að hann fengi sérstaka heimild til að verja 150 þús. kr. af því fé, sem lagt er til raforkumála, til þess að greiða kostnað við rannsókn á raforkuveitum fyrir einstaklinga, leyfa mér að benda á, að slík heimild er í raforkulögunum, og þarf ekki að setja þessa heimild sérstaklega hér í fjárl. Þar er skýrt tekið fram, að það megi verja fé úr raforkusjóði til að greiða kostnað við rannsókn á slíkum mannvirkjum, áður en byrjað er á þeim. Ég vænti því, að hæstv. ráðh. geti fallizt á, að það sé ekki nauðsynlegt að taka þetta upp í fjárlagafrv., enda hef ég rætt um þetta við hann utan funda og hann fallizt á, að þetta væri rétt, og haft við orð, að hann mundi lýsa yfir því á Alþingi, áður en umr. lyki.

Hæstv. ráðh. hefur einnig í dag minnzt á það við fjvn., hvort hún sæi sér fært að taka upp nokkurt fé eða heimila nokkurt fé til að mæta frekari kostnaði við mæðiveikivarnir og fjárskipti, en n. hefur ekki séð sér fært að taka þetta upp í till. sínar, og ræður þá hæstv. ráðh. og metur, hvort hann vill sjálfur bera fram till., því að ekki hefur fengizt meiri hl. fyrir því í fjvn. að bera fram slíka till. Það er

þegar ætlað nær 6 millj. kr. til þessara útgjalda á ári. Ég tók það sérstaklega fram við fyrri umr., að þess væri að vænta, að stjórn þessara mála sæi sér fært að draga svo úr þessum kostnaði, að þetta fé gæti dugað, ekki aðeins til þess að mæta þeim kostnaði, sem yrði í ár, heldur einnig til að greiða þær eftirstöðvar, sem væru frá fyrra ári og ekki hefðu verið enn þá greiddar. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram, áður en þingið gengi til atkv. um þessa till.

Hv. frsm. minni hl. sagði í dag, að stjórnarandstaðan hefði ekki getað fylgt till., sem komið hefðu fram frá meiri hl. fjvn., vegna þess að þar væri ekki kostnaður við lögbundnar skuldbindingar til skólabygginga, eins og hann tók til orða, þrátt fyrir það að fjárhagsráð hefði gefið leyfi til þessara bygginga. Ég vil út af þessu benda á, að Alþingi er engan veginn bundið við að láta það fé á einu ári eða sérstökum tíma, sem látið er til skóla. Það er alveg á valdi Alþingis á hverjum tíma, og nú treystir þingið sér ekki einu sinni til að láta nægilegt fé til skólabygginga upp í ógreitt framlag, sem átti að vera greitt um síðustu áramót. En þó að það framlag, sem hér er ákveðið, sé ekki nægilegt til að greiða upp allt það, sem fallið er í gjalddaga, þá skilst mér, að hæstv. menntmrh. treysti sér ekki einu sinni til að verja þessu fé öllu og kannske ekki einu sinni meiri hlutanum til að greiða þessi ógreiddu gjöld. Mér hefur skilizt á hans ræðu, að hann treysti sér ekki til að skipta þessu milli þeirra, sem eiga kröfu á að fá sín framlög. Hér var flutt till., að þessu fé yrði skipt hlutfallslega milli þeirra, sem eiga kröfu á ríkissjóð fyrir framkvæmd á skólabyggingum. Þetta mun vera gert af því, að þörfin sé svo mikil, að það sé enn meiri þörf að fara út í nýbyggingar á skólahúsum en að ríkissjóður láti féð ganga til að greiða þær upphæðir, sem enn eru vangoldnar, og ég hygg, að það sama liggi til grundvallar, þegar sami hæstv. ráðh. óskar eftir því, að af tvennu illu, að skera niður framlag til skóla eða prestabústaða, þá vill hann heldur skera niður skólabyggingar og fá fé til að halda áfram að byggja prestabústaði, sem mér skilst, að búið sé að framkvæma, en hér sé ekki um að ræða nægilegt fé til að greiða þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið gerðar. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram. Það er engan veginn lítið atriði fyrir viðkomandi sveitarfélag, hvort það getur hýst sinn prest. Það sýnist svo, að það sé kannske miklu meira virði fyrir sveitina að geta haft slíkan embættismann í héraðinu heldur en að hafa hann ekki, og ef menn vilja tryggja hans veru í héraðinu, þá verður að tryggja honum sæmileg húsakynni, eða a. m. k. einhver húsakynni. Er það gleðilegt fyrir mig, sem bar eitt sinn fram á Alþingi brtt. um, að byggingar prestabústaða úti um sveitir landsins skyldu ganga fyrir, að vita, að sá skilningur á að fá að ráða hér á þingi, því að á þeim tíma var sú till. drepin, að láta ganga fyrir að byggja prestssetursbús úti um land, og teknar yfir 200 þús. kr. til að byggja hér í Reykjavík, sem ég tel mjög misráðið. En batnandi manni er bezt að lifa, og er það mér gleðiefni, að augu þessara manna hafa nú opnazt fyrir þörfinni.

Ég þarf ekki að bera fram frekari skýringu á því, hvers vegna lagt er til að lækka framlag til fávitahælis, ég tók það fram í framsöguræðu minni, og væri það ekkert nema endurtekning að fara að taka það upp aftur.

Þá vil ég ræða nokkuð við 1. þm. N-M., vegna þess að hans brtt. eru nokkuð sérstæðar, borið saman við aðrar till., því að þær eru flestar til lækkunar, og skal ég fara um það nokkrum orðum.

Hann leggur til, að við 10. gr. verði liðurinn „risna" lækkaður um 15 þús. kr. Fjvn. bar fram við 2. umr. brtt. í þá átt að taka af svo að segja alla risnu, þó ekki til forseta Íslands og forsætisráðherra. Sú till. byrjaði á því að taka af risnu til forseta hæstaréttar, því að n. taldi, að það væri ekki eðlilegt, að forseti hæstaréttar fengi risnufé, því að það er enginn samanburður, hvað meiri risna hvílir á forseta Íslands og forsætisráðherra en forseta hæstaréttar. En meiri hluti Alþingis felldi þessa viðleitni fjvn. að fella niður risnu almennt. Þess vegna getur n. með engu móti fallizt á, að það sé verið að taka risnuna einmitt af forsætisráðherra. Ég get því ekki undir neinum kringumstæðum lagt til, að þessi brtt. verði samþ.

2. till. er um að fella niður kostnað við ríkisráð. Þetta er samkvæmt l. Í þessari upphæð er hluti af launum ríkisráðsritara, sem er um leið ritari forseta Íslands, og er launanum skipt á milli. Hann mun hafa 15 þús. kr. hjá forsetaskrifstofunni, en 9 þús. kr. hjá ríkisráði. Ég held, að það væri aðeins að flytja á milli, ef ætti að setja laun ritara öll yfir á forsetaembættið, en komi í sama stað niður. Þetta er bókfærsluatriði, sem ég sé ekki, að hafi nokkra þýðingu.

Um kostnað við fálkaorðuna liggja fyrir upplýsingar frá forsetaskrifstofunni. Kostnaðurinn á síðasta ári var rúmlega 26 þús. kr. Það stafar mest af því, að n. hafði talið nauðsynlegt að láta skrautrita orðubréfin. Með tilvísun til þessara upplýsinga sá fjvn. ekki ástæðu til annars en að mæta þessum kostnaði og getur því ekki fallizt á þessa till.

Allt eru þetta smáar till. Þetta yrði um 39 þús. kr. En hér er veigamikil till., að fella niður kostnað við sendiráðið í Moskva. Fjvn. ræddi þetta mál mjög ýtarlega við hæstv. utanrrh. og utanríkisskrifstofuna. N. fannst þessi kostnaður vera mjög mikill, en að athuguðu máli komst hún að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki vera hægt að draga úr þessum kostnaði, enda er það svo, að það er kominn kostnaður á það, sem liðið er af þessu ári, svo að það er ekki hægt að fella liðinn alveg niður, auk þess sem hæstv. utanrrh. hélt fram, að það mundi verða nauðsynlegt að setja sendiherra í Rússlandi í staðinn fyrir sendiráðsfulltrúa, og það mundi enn auka kostnaðinn. Það hefur legið fyrir þinginu frv. um, hvort það eigi að minnka utanríkisþjónustuna. Ég er á móti að minnka hana. Ég tel, að eitt af því nauðsynlegasta fyr-

ir landið sé að hafa sem allra bezta utanríkisþjónustu. Þar veltur á miklu, hvort góðir menn veljist í þær stöður, en ég tel, að það fé komi einna fyrst og bezt aftur, sem varið er til virkilega góðra sendiherra og sendifulltrúa. Ég er því persónulega á móti þessari till., og eftir því sem atkvgr. gekk í n., þá tel ég, að nm. séu einnig á móti henni. Það voru í n. menn, sem vildu minnka verulega framlag til sendiráðanna, framsóknarmenn, flokksmenn hv. flm. þessarar till., þeir töldu það bjarga ákaflega mikið öllum fjárl., ef hægt væri að draga úr kostnaði. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar, nema síður sé.

Um 5. till. þarf ég ekki að ræða, það var, eins og ég gat um áðan, athugað í sambandi við aðrar till. um risnu.

Um 6. till., að fella niður skattdómara, er það að segja, að það er bundið með l. Annars vil ég upplýsa, að fjvn. ritaði til stjórnarráðsins um að taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að spara þetta í framtíðinni. Það er ekki hægt að spara þennan lið nema með því að vikja þessum manni úr starfi. Annað og meira hefur n. ekki gert í því sambandi.

Í sambandi við 7. till. hefur verið athugað af fjvn. að lækka þessar upphæðir til vegagerðarinnar, en þær hafa verið samþ., svo að meiri hl. fjvn. sér ekki ástæðu til að lækka það meira en hefur verið gert. Ég er ekki alveg sammála hv. flm., að það sé ávinningur að fækka þarna verkfræðingum, því að það fé getur vel komið aftur, sem varið er til að undirbúa framkvæmdir sem bezt. Það getur komið margfaldlega aftur. Ég skal hins vegar ekki fara langt út í þetta atriði út af fyrir sig, hvort þarna er þörf á fleiri eða færri verkfræðingum. N. hefur gengið frá sínum till. um þetta mál og sér því ekki ástæðu til að hallast að annarri brtt. þar að lútandi.

Þá koma till. undir III. lið frá þessum hv. þm. Ég vil benda hv. þm. á, að í okkar till., þskj. 460, 91, var þessi vegur rétt nefndur, Úthéraðsvegur. Ef hv. þm. hefur vel athugað það, þá sér hann því, að fjvn. hefur farið rétt með þetta atriði. Það hefur sennilega skolazt til í prentun á þskj. 556 og er vitanlega hrein prentvilla, því að eins og hann getur séð, hafði n. þetta nafn rétt. Hér er því aðeins um leiðréttingu að ræða, sem hæstv. forseti gæti gert án atkvgr. Ég hef þó vitanlega ekkert á móti því, að þessi till. komi til atkv., en þetta er ekki nema sjálfsögð leiðréttting.

Um till. hans að fella niður ræktunarvegina verð ég að lýsa yfir, að ég sem frsm. meiri hl. n. er á móti þessari till. hans og eins till. að fella niður vegalagninguna í Kópavogi. Ég skil ekki þessa tilhneigingu hv. þm. að vilja spara þarna 80 þús. kr. á vegalagningu í Kópavogi. Hvers vegna má þessi hreppur ekki fá fé til vegagerðar, þó að það sé ekki þjóðvegur? Hér er þó verið að leggja veg um lönd ríkisins, og ríkið fær talsverða leigu eftir þessi lönd. Mér finnst þessi till. því einkennileg. (*PZ:* Hvað mikla?) Ég veit það ekki, en ég geri ráð fyrir, að eftir því sem byggðin eykst, þá vaxi leigan. Það má kannske breyta þessu í framtíðinni, að leigan fari til vegagerðar. Mér finnst smátt skorið að vilja taka þetta burt, því að það er mikil þörf á þessari vegagerð.

Um VII. till. vil ég benda hv. þm. á, að 1. liður þessarar till. var til umr. við 2. umr., en var þá tekinn til baka, eftir að búið var að flytja aðra till. um að taka sams konar framlag til vegagerðar í Hvalfirði. Eins og ég skýrði frá þá, var þetta byggt á því, að vegamálastjóri hafði lagt til, að 235 þús. kr. yrðu teknar í veginn. Þm. kjördæmisins óskaði heldur að setja þetta fé í ferjuna, taldi það betra, ekki eingöngu fyrir héraðið, heldur fyrir allar samgöngurnar, og fjvn. sá ekki ástæðu til að ganga þar á móti vilja þm., sem átti að hafa bezta þekkingu á því máli, auk þess sem ég vil benda á, að það var á sínum tíma ákveðið af Alþingi, miklum meiri hl. alþm., að byrja þetta mannvirki. Ég var ekki þeirrar skoðunar, en hef þar beygt mig fyrir sterkum meiri hl.

Ég veit ekki um Hornafjörð, hvort hv. þm. telur, að þessi 100 þús. nægi til ferjuhafnarinnar þar, eða vill hann, að þetta sé byrjunarframlag? Hér fór n. eftir nákvæmum upplýsingum frá vegamálastjóra. En svo framarlega sem 100 þús. kr. nægja ekki, getur ekki komið til mála að lækka þetta framlag fremur en t. d. vegaframlag í hans Norður-Múlasýslu.

3. liður er um að lækka framlagið til Brjánslækjar úr 50 þús. kr. í 30 þús. Nú er það svo, að 50 þús. nægja þar ekki, það þarf sennilega þrisvar sinnum 50 þús., svo að ég veit ekki, á hverju hann byggir sína lækkunartill.

4. till. er um, að styrkur til námsmanna falli niður. Var þetta rætt nokkuð í fjvn., m. a. var þar rætt um till., sem kom fram um að hækka þennan lið allverulega. Ég verð að segja það, að það situr illa á hv. þm., eftir að synir hans hafa notið slíks styrks, að bera fram till. um, að aðrir megi ekki njóta sömu hlunninda. Hans ágæti sonur hefur þó fengið meira fé en þessir menn, og ég tel ekki rétt að koma nú með till. um að taka þennan styrk af þeim. Ég skal hins vegar upplýsa, að okkur þótti óeðlilegt, að menntamálaráð skuli úthluta þessum styrkjum til barna stórefnamanna. Það hefur sýnt sig við síðustu úthlutun, að það eru ekki fyrst og fremst börn fátækari foreldra, sem styrkja njóta. Fyrir því vildi meiri hl. fjvn. ekki hækka þennan lið. — Ég þarf ekki að ræða um 5., 6. og 7. lið. — Nú, þetta er í sambandi við flugmál. Jæja. Í fyrsta lagi liggur fyrir till. um, að þessi tillgr. skuli öll breytast. Málið hefur verið rætt við flugmálastjóra, og það er talin þörf á að veita nokkurt fé til að styrkja menn til flugnáms. Það verður ódýrara en að setja hér upp flugskóla, og það eru nú ekki nema 80 þús. kr., sem veittar eru til þessa. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en skal þó að síðustu minnast á XXI.; mér virðist, að till. geti tæplega staðizt eins og hún er orðuð. Það er sagt í gr., að það eigi að taka lán, en ekki hjá þeim, sem eiga að fá síma. A. m. k. er ekki bannað að taka lán í Landsbankanum. En ég skil, hvað hv. þm. meinar, hann meinar það, að þeir hreppar eða þeir bændur, sem vilja leggja fram fé, fái síma í staðinn. En það felst tæplega í

orðunum eins og þau hljóða, og ég er ekki viss um, að þetta yrði eins heppilegt og það lítur út fyrir, og hætt er við, að í framkvæmdinni yrði það þannig, að síðast kæmi síminn til hinna fátækustu. Ýmsir eru svo settir, að þeir eru inni í símakerfinu, og kostar lítið að leggja línur til þeirra, en svo búa aðrir á útkjálkum, þar sem síminn er hin mesta nauðsyn vegna langvega, bæði mikill vinnusparnaður og öryggisatriði. En með þessu fyrirkomulagi er hætt við, að síminn yrði síðast lagður á þessa staði.

Ef allar till. hv. þm. yrðu samþ., yrði greiðsluhallinn á fjárl. yfir 2 millj. króna meiri en hann er í dag. Af sparnaðartill. er um 410 þús. kr. niðurskurður á verklegum framkvæmdum. Þessi hv. þm., sem sí og æ hefur boðað, að ekki megi fara út í niðurskurð á verklegum framkvæmdum, ber þetta fram. Ég mun ekki geta lagt til fyrir hönd n., að þessar till. verði samþ.

Hér er brtt. á þskj. 704 frá hv. þm. V-Sk. (IV), og er þar um að ræða leiðréttingu, sem sjálfsagt er að samþ.

V. lið get ég ekki mælt með og ekki heldur VI. eða VIII., né heldur IX. og X. lið, og hef ég gert grein fyrir því áður, hvers vegna n. vill ekki sinna þessu.

Um XI. liðinn vil ég segja það, að mér er ókunnugt um, að Ólafur Sigurðsson sé á launum hjá ríkissjóði og till. um fjárveitingu til að auka æðarvarp var engan veginn bundin við nafn Ólafs Sigurðssonar. Okkur skildist, að hann væri á reipum Búnaðarfélags Íslands. Það var rætt um, að nokkuð af þessu fé færi til æðarvarpanna á Bessastöðum og Reykhólum. En um varpið í Reykhólum er t. d. það að segja, að þar er árangurinn sorglegur, því að varpið er komið niður í helming af því, sem það var. Ólafur Sigurðsson hefur engin afskipti haft þar af, e. t. v. af því, að tíma hafi skort. En fjvn. vildi ekki eyða fé í þessar rannsóknir, hvort sem það hefur verið rétt eða rangt. Það er svo mál Búnaðarfélags Íslands, hvernig gerð verða upp laun Ólafs Sigurðssonar, sem ég tel, að aldrei hefði átt að fara frá starfi sínu við fiskiræktina og nota sína þekkingu á þeim málum, sem hann hefur mikla og góða, en hann er nú horfinn frá því starfi, af hvaða ástæðum sem það hefur verið.

Liðinn um loðdýrarækt get ég ekki fallizt á að samþykkja. Það kom til umræðu í n. að fá Búnaðarfélag Íslands til að taka það mál að sér. Og ég vil beina því til hv. 1. þm. Skagf., hvort það væri ekki eðlilegast, að það væri ekki sérliður á fjárl.

Um XII. liðinn er það að segja, að fjvn. samþ. till. um að fella niður þetta framlag til Kvenréttindafélags Íslands vegna þess, að þetta kom inn í fjárlög í fyrra til þess að bera kostnað af ákveðinni starfsemi, sem bundin var við það ár, og var það sett að skilyrði fyrir styrkveitingunni, að ekki yrði sótt um styrkinn aftur, og þess vegna vildi fjvn. ekki fallast á þetta.

Í sambandi við XIII. liðinn samþ. fjvn. að veita Benedikt Benjamínssyni fyrrverandi pósti 815 kr. styrk.

XIV. liðinn ræddi ég við 2. umr. Í sambandi við XV. liðinn vil ég geta þess, að n. hefur ekki séð sér fært að taka þetta upp vegna þess, að konan var að lögum skilin við mann sinn, áður en hann féll frá.

Liður nr. XVI. fjallar um það, að á eftir orðunum „síldarverksmiðjur ríkisins" komi: „og síldarverksmiðjan á Seyðisfirði." Fjvn. hefur ekki viljað mæla með, að þetta yrði tekið upp. Ef farið yrði inn á þessa braut, að borga með einkaverksmiðjum og láta þær fá uppbót á síldarvinnsluna, þá yrði erfitt að neita öðrum, ef tap þeirra væri svipað, hvað þá meira. En það þarf að athuga, hvort þessi verksmiðja og aðrar gætu ekki og hefðu getað selt afurðir sínar fyrir hærra verð, t. d. lýsi til Frakklands, og þá væri a. m. k. ekki ástæða til jafnstórra uppbóta.

Um XVII. liðinn hef ég skýrt frá áður, að n. vill ekki leggja til, að hann verði samþ., og sama er að segja um byggingarstyrkinn til listamannanna.

Um brtt. undir XX. vil ég segja hv. 3. landsk., að ég hef borið hana undir fund og meiri hl. n. hefur ekki viljað fallast á, að hún yrði samþ., né heldur hæstv. menntmrh.

Varðandi brtt., sem merkt er með XXIV, vildi ég benda hv. 1. þm. Skagf. á, að ég persónulega get ekki fallizt á þau rök, að greiðsluskylda hvíli þarna á ríkissjóði, þó að tekjur hafi minnkað vegna þess, að vegurinn hafi opnazt. Og ég er undrandi yfir, að samvinnun. samgöngumála skyldi fara inn á þessa braut. Ég verð að segja, að ef fara á inn á hana — ja, hvar endar það þá? Það hefur hver flóabátur tapað á þessum árum — Konráð á Breiðafirði hefur t. d. alltaf verið rekinn með tapi, sem sýslan eða héraðið greiðir. Kann að vera, að orsökin til þess, að n. lagði til að taka upp rekstrartapið á „Víði", sé í sambandi við loforð eða samninga frá 1947, sem gerðir hafa verið við félagið, en þau gögn hafa ekki legið fyrir í n. Um hafnarmannvirkin á Hofsósi er öðru máli að gegna, og ég hef minnzt á, hvernig samkomulag hefur orðið um að leysa þau mál. Varðandi ummæli hv. 6. landsk. um Akureyrarhöfn vil ég segja, að fjvn. á engan þátt í að ákveða fjárframlög úr hafnarbótasjóði til þessa hafnarmannvirkis. Hún hefur ekki einu sinni séð þann lista, sem ráðh. talaði um. Hins vegar er það ósk n., að þetta fé verði nú notað til þess að greiða úr aðkallandi þörfum og jafnt til þeirra hafna, sem eiga mest ógreitt. Það er rétt, að ríkissjóður á vangoldnar um 370 þús. kr. til þessarar hafnar, en hafnarbótasjóður á að vera fær um að jafna það. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að taka til greina, hvaða hafnir eiga mest inni hjá ríkinu, og líta síðan á það, hvar þörfin er mest. N. leggur þetta í vald ráðh., enda þótt skýrslur hans sýni nú raunar, að Faxaflói hafi nú fengið bróðurpartinn — og felst engin ásökun í því. En ég get ekki fallizt á, að till. hv. 6. landsk. verði samþ.; hún mundi raska því samkomulagi, sem um þetta hefur orðið á milli n. og ríkisstj. Mér skilst, að hv. 1. þm. Skagf. þykist hafa fengið einhver loforð hjá ráðh., en

ég tek það fram, að það er von okkar í n., að hafnarbótasjóði verði varið eins og ég sagði. Við væntum þess, að hæstv. ráðh. með sína miklu þekkingu á þessum málum muni gera eins vel og hann getur við þessa aðila og hafi þá jafnan helzt í huga staði þá, sem mest eiga hjá ríkissjóði, t. d. Akureyri og þá staði, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum. Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. geti í dag sagt nákvæmlega, hvað veitt muni í hverja höfn, og óska ég heldur ekkert sérstaklega eftir því, og sem sagt, fjvn. treystir hæstv. ráðh. til þess að leysa þessi mál eins og bezt verður á kosið.

Brtt. á þskj. 681 skal ég ekki ræða neitt sérstaklega, en vil aðeins benda hv. 1. þm. Skagf. á, að það hefur ekkert að gera með trú manna á einstaklingsframtakinu, hvort þeir samþ. VIII. brtt. eða ekki. Þessir skólar eru utan við fræðslukerfið, og fræðslumálastjórnin er á móti slíkum skólum. Ef hér væri um að ræða samstarf milli ríkis og einstaklinga, þá væri öðru máli að gegna, en ég vil taka það fram, að ég ber að sjálfsögðu fulla virðingu fyrir þeim einstaklingum, sem ráðizt hafa í þessar skólabyggingar. Það er aðeins sú stefna, sem hér ræður um heildarskólakerfi, sem veldur því, að till. sem þessi eiga erfitt uppdráttar.

Varðandi IX. brtt. á þskj. 681 vil ég benda hæstv. samgmrh. á, að til n. hafa borizt ýmis erindi í sambandi við rekstur gistihúsa úti um land, en n. hefur ekki treyst sér til að sinna þeim erindum af þeirri ástæðu, að þetta er hlutverk sérleyfissjóðs að styrkja þessi gistihús. Það er sérstaklega eftirgjöf á veitingaskatti, sem beðið hefur verið um, en það er náttúrlega styrkur, og vildi ég gjarna heyra hjá hæstv. ráðh., hvort hann treysti sér ekki til þess að hlúa betur að þessum gistihúsum með framlagi úr sérleyfissjóði. Það er sótt ákaflega hart á frá ýmsum þessara staða, t. d. Bjarkarlundi, sem er á alfaraleið, og það horfir til fullkomins öngþveitis, ef húsinu verður lokað. Þessi stofnun er ekki reist í gróðaskyni, heldur er þetta menningarstofnun, og hafa aðstandendur hennar tekið á sig miklar byrðar, og ég vona því, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að styrkja gistihúsið að Bjarkarlundi sem og aðra slíka staði, t. d. Vegamót á Snæfellsnesi, á þessu ári með fjárframlögum úr sérleyfissjóði. Ég veit, að fé er til í sjóðnum, en að vísu hefur hann í fleiri horn að líta, en þetta er svo aðkallandi, að ekki er hægt að loka augunum fyrir þessari þörf, og það hefur hæstv. ráðh. ekki gert, en n. hefur ekki sinnt erindum þessara aðila, þar sem hún telur það vera hlutverk sérleyfissjóðs að styrkja þá. Get ég því ekki fyrir n. hönd lagt til, að þessi brtt. verði samþ.

I. brtt. á þskj. 712 er almenn vegatill., og skilst mér, að samkomulag sé um, að samþ. ekkert af þeim, og með II. brtt. á sama þskj. er farið inn á alveg nýja braut, og veit ég ekki, hvar stöðva á slík framlög, ef veita ætti 210 þús. kr. til að byggja brú yfir á, sem ríkissjóður hefur áður byggt brú yfir nokkrum metrum ofar. Ef ríkissjóður teldi sig hafa efni á slíku framlagi, þá væri þess áreiðanlega meiri þörf annars staðar. — Um IV. brtt. á sama þskj. er það að segja, að það er mál milli þessa aðila og hæstv. ríkisstj. að gera út um það. Ef loforð er fyrir hendi frá hæstv. ríkisstj. að greiða þetta, þá verður að eiga um þetta við hana, en ekki fjvn.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið brtt. á þskj. 715. Þær eru flestar vegatill., sem ekki er hugsað, að nái fram að ganga. Þó vil ég aðeins minnast á V. till., sem er um að veita 40 þús. kr. til kaupa á snjóbíl. Svipað efni er í einhverri annarri brtt. Ég gat þess áður, að vegamálastjóri óskaði eftir heimild til þess að kaupa tvo snjóbíla á 80 þús. kr., en n. gat ekki á það fallizt og ekki á þessa till. heldur.

Þá er það till. á 685 frá hv. þm. V-Húnv. og fleirum, a- og b-liður, og verð ég að segja, að mér finnst þetta dálítið einkennilegt, að till. skuli koma fram, þegar nál. er komið um málið. Ég er ekkert að ásaka hv. þm., en mér finnst þetta dálítið einkennileg málsmeðferð. — Fjvn. er á móti II. brtt. á sama þskj. Hún er tekin hér upp þannig, að 2000 kr. munur er frá því, sem fellt var við 2. umr., en ég held því fast fram, að fjvn. hafi haft fulla ástæðu til að lækka styrkinn til listamannanna vegna þess samnings, sem gerður var, þegar Ísland gekk í Bernarsambandið. Ef þeir hafa verið vel settir áður, þá eru þeir miklu betur settir nú, því að sá samningur skapar þeim mun betri kjör en áður. Engar upplýsingar lágu heldur fyrir hjá n. um það, hvort þessum hóp hefur fækkað eða fjölgað. N. getur því ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ. — Sama er að segja um III. brtt. á sama þskj. um að veita Helga Hjörvar skrifstofustjóra ársleyfi frá starfi með fullum launum, og ef þetta er samþ., lendir það náttúrlega á ríkissjóði, þótt það væri látið í veðri vaka við n., að útvarpið ætti að greiða þetta. En hvort sem er getur n. ekki fallizt á þessa till. — Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða mikið aðrar brtt. Hér er að vísu komið nýtt þskj., 721, en þar eru mest vega- og hafnatill., og svo ein till. um að veita 5 millj. kr. á árinu til atvinnuaukningar í landinu, en n. getur ekki mælt með henni.

Að síðustu vil ég svo aðeins taka fram, að það er skilningur n., að fullt samkomulag sé milli n. og ríkisstj. um að vera á móti öllum till. frá einstökum þm. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá vildi ég gjarna heyra um það frá hæstv. ríkisstj., og þá teldi ég n. óbundna um afstöðu til einstakra brtt., en þetta samkomulag er gert m. a. vegna þess, að báðum aðilum er ljóst, að í dag er greiðsluhallinn á fjárlagafrv. yfir 40 millj. kr. og mjög er óskað eftir því, að útgjöldin færu ekki fram úr tekjunum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á fyrstu dögum þingsins bar ég ásamt fleiri hv. þm. fram till. um afnám sérréttinda í tóbaks- og áfengiskaupum, og var þetta 24. mál þingsins. Till. var útbýtt 19. okt. og vísað til fjvn. 25. jan. Nál. frá meiri og minni hlutum komu um mánaðamótin marz—apríl. Síðan hefur till. verið einu sinni eða tvisvar á dagskrá, en þó svo

neðarlega, að aldrei hefur komið til frh. 1. umr., og ég sé engar líkur til þess, að um hana fáist úrslitaatkvgr. á þessu þingi. Þetta er í þriðja skiptið, sem svipaðar till. eru fluttar, en ekki hefur blásið byrlegar fyrir þeim en svo, að þær hafa aldrei komið til lokaafgreiðslu. Því þótti okkur flm. rétt að flytja um þetta efni brtt. við fjárlagafrv., og höfum við flutt brtt. við 3. gr. þess efnis, sem segir á þskj. 681,I, að engir viðskiptavinir tóbaks- né áfengiseinkasölunnar megi njóta sérréttinda þar, nema sérstaklega sé ákveðið í löggjöf. Ég heyrði á hv. form. fjvn., að honum þótti nokkuð einkennilegt að flytja þessa till. í sambandi við fjárlögin. En þegar hann athugar, hversu erfiðlega hefur gengið að fá úrslitaatkvæðagreiðslu um slíkar till., þá held ég hann undrist ekki þessa aðferð, enda má segja, að eðlilegra sé að útkljá þetta í sambandi við fjárlögin, og hefðum við flm. átt að hafa þessa aðferð í upphafi. Mér skildist og á hv. form. fjvn., að samkomulag væri milli fjvn. og ríkisstj. um að fella allar till. einstakra þm. (*GJ:* Það á ekki við um þessa sérstæðu till.) Það væri og undarlegt, að hæstv. ríkisstj. væri á móti till., sem miða að því að auka tekjur ríkissjóðs, en þessi till. miðar óneitanlega að því. Vænti ég því, að bæði hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. styðji þessa till. — Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en þegar ég er flm. að till., sem miðar að því að auka tekjur ríkissjóðs, þá vona ég, að mér fyrirgefist, þótt ég flytji smáútgjaldatill. ásamt hv. þm. A-Húnv., en sú till. er um að veita 5 þús. kr. til endurbóta á Borgarvirki í Víðidal. Við fórum í fyrra fram á 10 þús. og til vara 8 þús. kr. Mér láðist að vísu að senda beiðni þessa efnis til fjvn., meðan hún starfaði, en þrátt fyrir það vona ég, að hv. þm. geti fallizt á þessa litlu till. Ég gerði grein fyrir þessu máli á síðasta þingi, og er það á þann veg, að Húnvetningar, bæði heima í héraði og Húnvetningafélagið hér, hafa bundizt samtökum um að reyna að endurbæta þetta forna virki, en málaleitun okkar létum við flm. í fyrra fylgja álitsgerð fornminjavarðar, Kristjáns Eldjárns, og sagði hann m. a., að Borgarvirki sé einstætt meðal íslenzkra fornleifa, og telur það líklega eitt elzta mannvirki á landi hér og sennilega til orðið fyrir samtök heils héraðs á landnámsöld, og eftir að hann hefur mælt með að endurbæta virkið, segir hann, að því megi koma alveg í sína fornu mynd. Það er þegar hafin fjársöfnun meðal Húnvetninga til þessarar endurbótar á virkinu, en ég tel mjög sanngjarnt, að nokkur styrkur verði hér veittur af hálfu hins opinbera. Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. form. fjvn. talaði um till. um að flytja tilraunastöðina að Hafursá til Skriðuklausturs og viðhafði það orðalag, að það þyrfti að gefa með gjöfinni, sem ríkinu var gefin. Þetta er ekki viðkunnanlegt orðalag, og vildi ég láta það koma fram, að gjöf Gunnars Gunnarssonar var afhent alveg kvaðalaust. Hann gaf ríkinu Skriðuklaustur, þar sem er eitt veglegasta, sérstæðasta og skemmtilegasta hús á landinu, og jörðin einhver sú bezta á landinu, án allra kvaða. Það eina skilyrði, sem var sett, var það, að á Skriðuklaustri yrði rekin einhver menningarstofnun. Eftir ýtarlega athugun þótti rétt að flytja þangað tilraunabúið á Hafursá, og það er ekki viðeigandi orðalag að segja, að gefa þurfi með gjöfinni, þótt einhverju þurfi að kosta til vegna þessa flutnings. Þetta vildi ég láta koma fram til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning.

Þá vil ég leyfa mér að mæla með brtt., sem ég flyt við 22. gr., sem sé að leyfa lántökuheimild fyrir 1½ millj. kr. til framkvæmda við ríkisspítalana. Nú er langt komið viðbyggingunni við hælið á Kleppi, sem er mjög nauðsynleg, því að þar hefur verið hörmulega þröngt undanfarið, og ber nú brýna nauðsyn til þess að fullgera þessa viðbyggingu sem allra fyrst. Enn fremur er verið að byggja starfsmannahús á Vífilsstöðum og gera við Kristneshæli, og kostar þetta allt meira en leyfilegt er samkv. frv., því að ½ millj. kr. af því, sem þar er veitt, er þegar búið að nota. Ýmislegt fleira en ég hef þegar nefnt er einnig mjög aðkallandi, svo sem það, að þvottahús Landsspítalans er orðið allt of lítið, en það er til stóraukinna útgjalda, ef fara þarf með þvottinn út úr stofnuninni, og þarf þegar að bæta hér úr. Enn fremur hefur það mjög verið rætt og fast sótt bæði af landlækni og sérstaklega af próf. Niels Dungal að fá í rannsóknarstofu Landsspítalans sérstakan blóðbanka, sem er stofnun, sem alltaf hefur blóð fyrirliggjandi og getur iðulega bjargað mannslífum, en til þess að slíkur banki komist upp, þarf aukið húsnæði í rannsóknarstöðinni, en af öllu þessu leiðir, að fjárveitingin til starfsemi ríkisspítalanna þarf að vera meiri en nú er í frv. Ég skal geta þess, að það er ekki vonlaust, að ríkissjóður geti fengið lán hjá Tryggingastofnun ríkisins til þessara hluta, og hins vegar má vera, að engin fjárfesting fáist fyrir þessum nýbyggingum, sem ég minntist á, en allt um þetta get ég ekki látið undir höfuð leggjast að flytja þessar till. og treysti hv. þm. til þess að samþ. hana, því að þessi heimild er bráðnauðsynleg, ef fjárfestingarleyfi fæst og samkomulag innan ríkisstj. að nota heimildina. Ef þetta nær ekki fram að ganga, gæti svo farið, að ekki yrði mögulegt að ljúka við þær framkvæmdir, sem verið er að vinna að á Kleppi og eru mjög aðkallandi, hvað sem öðru líður.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja við þessa umræðu út af brtt., sem ég sumpart er 1. flm. að eða meðflm., og þá fyrst brtt. á þskj. 704, V, sem er till. um að endurbæta veginn gegnum Selfossþorpið að Ingólfsfjalli. Þessi brtt. var flutt við 2. umr. fjárl., en var þá tekin aftur, og um greinargerð fyrir henni get ég látið nægja að skírskota til þeirra umræðna, og þarf ekki að fjölyrða um hana frekar. Sama er að segja um brtt. á sama þskj., sem merkt er IX, þar sem ég er meðflm., till. um sjóvarnargarð á Stokkseyri. Það er aðeins um að ræða

brot af kostnaðinum við þetta verk, en mætti þó verða mönnum hvöt til að hefjast þar handa um að koma í veg fyrir landsspjöll, sem þarna hljóta að verða, ef ekki er að gert. Þetta eru lendur ríkisins, sem þarna eru í hættu, og væri einkennilegt, ef ekkert yrði gert af hálfu Alþ. til þess að bægja henni frá. Þarna er aðeins um litla upphæð að ræða, og ég vænti þess, að hæstv. fjmrh., sem þarna þekkir til, þyki þetta nauðsynlegt og sanngjarnt og hann stuðli að því, að þessari litlu fleytu verði siglt í höfn heilli á húfi við 3. umr.

Þá er það brtt. á þskj. 681, VIII. Þar hefur hv. 1. þm. Skagf. mælt með því að veita 50 þús. kr. til tveggja þjóðkunnra húsmæðraskóla, og má segja, að báðar skólastýrurnar hafi sýnt frábæran dugnað og elju við stofnun þeirra og rekstur, en ekki notið nema lítils styrks. Báðar hafa getið hér hinn bezta orðstír fyrir kennslustörf sín, og er almæli, að stúlkur, sem þangað hafa sótt, hafi átt þangað mikið erindi. — Það er aðeins heimildargrein, en ætlun okkar er, að þetta verði viðurkenning til þeirra, er við teljum sjálfsagða. Fjárhæðin er allt of lítil, en sökum fjárhagsörðugleika hins opinbera höfum við ekki viljað fara hærra. En það væri mjög ósanngjarnt að láta þessar konur gjalda ósérplægni sinnar og dugnaðar og sýna þess engan vott, að starf þeirra væri metið. Ég vil því vænta þess, að hv. Alþ. fallist á þessa till.

Þá er á sama þskj. brtt. merkt IX, um það, að bræðurnir á Ásólfsstöðum verði ekki krafnir um veitingaskatt. Samflm. minn hefur gert grein fyrir þessu, og þarf ég þar ekki við að bæta, en þeir, sem þekkja til gistihalds, þar sem gestir koma aðeins stöku sinnum, en allt þarf þó að vera viðbúið til að taka á móti þeim, hvenær sem vera skal, — þeir vita, að slíkt er ekki arðsamt, og á það ekki hvað síst við þar, sem tekið er á móti gestum af slíkri höfðingslund sem á Ásólfsstöðum og ekki litið á hagnaðarvon.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. fallist á þessar óskir, og ætla, að okkur verði ekki borið á brýn, að við séum kröfuharðir fyrir hönd umbjóðenda okkar um fríðindi þeim til handa, og þm. geti því með góðri samvizku veitt þessum till. okkar brautargengi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en um einstakar aths., sem hv. þm. Barð. gerði við mínar till., vildi ég segja nokkur orð. Ég tók það fram áðan, að ég hefði komið fram með þessar till. mínar til þess að benda á það fyrst og fremst, hvað hægt væri að spara á tildri og rekstrarkostnaði alls konar, en ég gerði hins vegar ráð fyrir, að þær yrðu felldar. Hv. þm. minntist á vegarlagninguna í Kópavogi og þótti till. mín ómakleg, þar sem ríkið ætti allt landið. En hvernig er þessu farið? Jú, landið var látið í erfðafestu á 5 kr. hektarinn. Síðan er það búið að ganga kaupum og sölum á okurverði, og síðan ætlar ríkið að fara að hjálpa þeim, sem þannig hafa grætt á erfðafestulandinu, til að leggja um það vegi. Það er alveg nóg að þurfa að kaupa landið undir vegina, þó að ríkið kosti þá nú ekki líka. Það er hreinasta fjarstæða eins og allt er í pottinn búið, að ríkið fari að kosta þessa vegi.

Þá talaði hv. þm. um það, að bæði ráðh. og þm. kjördæmisins hefðu lagt mikið upp úr ferjunni yfir Hvalfjörð og veginum þar. Mér er nú kunnugt, að vegurinn er þegar orðinn miklu dýrari en ráð var fyrir gert og er þó ólokið og ekki komin nein ferjuhöfn. Og það sjá allir, að þegar þetta verður komið upp í hátt á 4 millj. kr., verður það svo dýrt, að það fer enginn maður ferjuna. Og það er lítið vit í að fleygja fé í verk, sem enga þýðingu hefur. Ef farinn er vegurinn norður um land, sjást víða smábrýr utan við veginn frá þeim tíma; er menn eygðu ekki annað en hestslóðirnar gömlu, og standa þær eins og minnisvarði yfir skammsýni þeirra manna, er réðu þar vegabótum. Eins mun verða með ferjuna. Hún verður fljótt úrelt eins og þessar brýr.

Um styrk til námsmanna skal ég ekki fjölyrða. Allt, sem hv. þm. sagði um það, var á misskilningi byggt. Mínir synir hafa engir eytt nema um ⅓ af því fé, sem sonur hans eyddi, þótt þeir hafi verið á álíka dýrum skólum, og þola því vel samanburð í þessu efni — og skal ég ekki að öðru leyti um þetta tala.

Um lið á þskj. 704 er það að segja, að Pétur Lárusson samdi hann, og hefur orðalag hans verið borið undir skrifstofustjóra og fleiri, og þykir ekki orka tvímælis, að ekki verði lagður sími til annarra en þeirra, sem lán veita á árinu 1950. Þess vegna er alveg ljóst, að eflán yrði tekið hjá Landsbankanum, yrði að leggja símann þangað, eins og hann verður lagður til þeirra bænda, sem lán veita. Hitt er framkvæmdaratriði, hvort lánið yrði tekið hjá einstökum bændum eða hjá hreppsfélögunum, — eða öllu heldur fyrirkomulagsatriði. En landssímastjóri hugsar það þannig, að lokið verði við að leggja síma í þá hreppa, sem lán vilja veita. Hv. þm. talaði um það, að þetta mundi draga úr því, að bændur, sem voru afskekktir, fengju sína — t. d. í Barðarstrandarsýslu. Það væri nú skrýtið, ef veittar eru 800 þús. úr ríkissjóði og heimild fyrir að taka 3 millj. kr. lán hjá þeim, sem vildu veita lán, ef þessar 3 millj. ættu að útiloka einhvern frá því að fá síma. Þessar 800 þús. kr. hafa ekki verið skertar, og þá get ég ekki skilið, að lántakan hafi nokkur áhrif á það, hverjir fái símann. Hitt get ég hugsað mér, að þetta gerði greiðara fyrir að koma til móts við þá, sem verst eru settir, með þessu takmarkaða framlagi úr ríkissjóði. Hitt er annað, að það getur orðið erfitt að fá efni. Um það veit enginn nú. En hitt getur á engan hátt staðið í vegi fyrir því, að sem flestir fái símann, og það er augljós hagur fyrir ríkið, að hann verði lagður sem fyrst og til sem flestra, því að þeim mun meira fær landssíminn í afnotagjöldum og því betur ber hann sig. Og þetta er leiðin til að koma þessu fram sem fyrst.

Þennan misskilning hv. þm. vildi ég leiðrétta og ekki láta ómótmælt. Það þarf að aðstoða þá, sem verst eru settir og þurfa á því

að halda, og því léttar leysast vandræði þeirra, sem þurfa að fá síma, en eru ekki eins illa settir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt. við fjárl., flestar ásamt öðrum hv. þm. 1. till., sem ég á, flyt ég með þeim hæstv. atvmrh. og hv. þm. N-Ísf. og er á þskj. 704, XVII. Hún er þess efnis, að stj. heimilist að greiða tveim nafngreindum bændum, er urðu fyrir því, að heimili þeirra voru sett í sóttkví, öðrum 5 þús. kr., en hinum 12 þús. kr. Á Alþ. í fyrra var samþ. að veita bónda í Norður-Ísafjarðarsýslu 12 þús. kr. vegna langvarandi sóttkvíar á heimili hans. Mér er ekki kunnugt um, að Pétur Jónatansson hafi lent í hinu sama, en það er staðreynd, að hann lenti í hinu sama í 12 ár. Varð hann að hætta sölu mjólkur í mörg ár, og þegar kvínni var aflétt, varð hann að breyta búi sínu í upprunalegt horf, kúabú. Það eru litlar sárabætur, sem bændurnir fá með þessu, en mér finnst, að veita ætti þetta eins og í fyrra. — Ég held, að það þurfi ekki fleiri orð um þessa till., en treysti því, að hún verði samþ.

Þá er ég einn með till. á þskj. 704, XX. Við 2. umr. fjárl. bar ég fram till. um, að veittar yrðu 30 þús. eða 40 þús. kr. til að halda uppi kennslu, er svari til I. bekkjar menntaskóla, í sambandi við gagnfræðaskólann á Ísafirði veturinn 1949—50. Sú till. var tekin aftur, en er nú flutt aftur og hljóðar á 30 þús. kr., sem áður var varatill. Komi hún á 22. gr. l. Þannig háttar til á Ísafirði, að þar er miðskóladeild, og 20 nemendur ganga þar að vori undir miðskólapróf. Eiga þeir þá rétt á að ganga upp í I. bekk menntaskóla, ef þeir standast prófið. En þeir mundu stöðvast hinir efnaminni, ef þeim gæfist ekki kostur á að stunda nám heima hjá sér.

Í þriðja stað flyt ég ásamt hv. þm. N-Ísf. till. um að verja allt að 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum. Þetta var heimilað á síðasta ári, en framkvæmdum varð þá ekki lokið, og þarf nú viðbótarfjárhæð að vera fyrir hendi, til þess að greiða mætti upp lánið og ljúka framkvæmdum. — Þá er 2. liður á sama þskj., 704, XXII, um að verja allt að 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til samgöngubóta fyrir byggðina norðan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessi byggð á erfitt um samgöngur við Ísafjarðarkaupstað og verður að hafa samband fyrir Strandir og Horn, og er þá oft samgönguteppa, svo að vikum og jafnvel mánuðum getur skipt. Hér er hins vegar um stutta heiði að fara fyrir Furufjarðarbotn, og þá verður sjóleiðin styttri til Ísafjarðar. Tækist því á þennan hátt að opna leiðina norðan Skorarheiðar, þá væri stórkostlega bætt aðstaða manna í þessum hluta Grunnavíkurhrepps. — Á þskj. 685 flytjum við hv. þm. V-Húnv., hv. 6. þm. Reykv., hv. þm. A-Sk. og hv. 1. þm. Skagf. till. í tveim liðum, að inn í texta fjárl. sé bætt undirliðum, í a-lið hennar, að við Áfengisverzlun ríkisins komi svo hljóðandi aths.: „Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.“ B-liður á við Tóbakseinkasöluna, en er samhljóða hinum að öðru leyti. Þarf eigi að fara mörgum orðum um þessa till. Öllum hv. þm. er kunnugt um, að sömu menn hafi borið fram þáltill. um, að sérréttindi þau, sem einstökum mönnum hafa verið veitt um áfengis- og tóbakskaup, yrðu felld niður. Þessi till. hefur eigi komið til umr., og sáum við ekki aðra leið til að greiða fyrir þessu en bera fram þessa brtt. við fjárl. — Að síðustu ber ég ásamt þeim hv. þm. Ísaf. og hv. þm. N-Ísf. fram brtt. við 12. gr. fjárl., X. lið, að nýr liður bætist við, þess efnis, að til sjúkrahúss á Ísafirði skuli veittar kr. 100 þús. Er þetta á þskj. 718. Á fjárl. eru nú greiddar stórar upphæðir til annarra sjúkrahúsa, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Ísafjarðarkaupstaður á stóra byggingu fyrir 40—50 sjúklinga, en hún þarf nú nýrrar aðgerðar með. Ríkið hefur eigi greitt neitt að ráði til þessa húss. Ísafjarðarkaupstaður réðst þá í að reisa það fyrir eigið fé, en það er nú rekið með miklum halla frá ári til árs. Mér hefur verið tjáð, að hlutaðeigendur telji þessa viðgerð óumflýjanlega. Bæjarfélagið hefur lagt fram fé, en sagt er, að það rísi ekki undir kostnaðinum eitt sér. Þegar alls er gætt, tel ég óumflýjanlegt að umbæta þetta hús, en til slíkra húsa verður að gera strangari kröfur en annarra. Ég afhendi hæstv. forseta hér nýja till., en mun bíða með að ræða hana, þar til er afbrigði hafa verið veitt. — Ég læt þá máli mínu lokið, en vænti þess, að till. mínar fái góðar undirtektir, þegar til atkvgr. kemur, hinnar miklu og alvarlegu stundar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 718, 720, 721, 730, 732 og 733, en of skammt var liðið frá útbýtingu þeirra, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 734) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég mun algerlega halda mér við nokkrar brtt., sem ég flyt, en mun ekki ræða brtt. annarra almennt. Ég minnist þá fyrst á brtt. á þskj. 704, XI, sem ég flyt ásamt þeim hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Skagf., að nýir liðir bætist við 16. gr. A. 19: a. Til Ólafs Sigurðssonar, Hellulandi, til leiðbeininga og tilrauna við ræktun æðarvarps, 20 þús. kr., og b. til Loðdýraræktarfélags Íslands, 6 þús. kr. Báðir þessir liðir hafa verið á fjárl. áður, en eigi fengið nú hljómgrunn hjá hæstv. ríkisstj., og geri ég nú tilraun til að fá þetta fé aftur. Ég hef beðið hv. fjvn. að taka þetta upp, en annar liðurinn var felldur við 2. umr. Vildi ég nú sýna hug minn í því að flytja þetta. Ólafur Sigurðsson, sem hefur fengizt við leiðbeiningarstarfsemi, hefur nú tekið fyrir annað áhugamál sitt, að vinna við æðarvarp. Til þess hafa á undanförnum árum verið veittar 25 þús. kr. Það er ekki hægt að gera grein fyrir þessu. En kunnugt er um, að nokkrar tilraunir hafa verið gerðar um útungun. Munu þar vera möguleikar fyr-

ir hendi, og væri ánægjulegt, ef efla mætti þennan mikilvæga aukaatvinnuveg okkar Íslendinga. Ég held, að æðarvarpi sé hvergi verulegur gaumur gefinn annars staðar. Er það víða að leggjast niður, t. d. í Grænlandi. En við höfum lagt rækt við þetta, og um hríð var allmikill útflutningur. Nú hefur þessum atvinnuvegi hins vegar hrakað um hríð, en von er um, að bregði til batnaðar, ef fuglinn bregzt eigi. Afurðir hans eru eftirsótt vara, sem hækkað hefur mjög í verði, og vil ég nú leggja til, að tilraunum verði haldið áfram í þessa átt, — auk þess sem Ólafur Sigurðsson hlýtur að krefjast eftirlauna í ellinni sem aðrir við opinber störf. Vil ég nú slá tvær flugur í einu höggi: að Ólafur nyti eftirlauna og gæti unnið að þessum tilraunum sínum.

Hitt er styrkur til Loðdýraræktarfélags Íslands, 6 þús. kr. Menn höfðu hér um stund stað fyrir loðdýrarækt. Þá hófust menn handa um að flytja til landsins stofna af erlendum loðdýrategundum, og þessari starfsemi hefur verið haldið áfram með góðum árangri, svo að við eigum nú loðdýrastofna, er jafnast á við þá í nágrannalöndum vorum. Væri ömurlegt til þess að vita, ef þessir stofnar dæju út fyrir sakir áhugaleysis. Nú er lægð í þessari starfsemi, lítil eftirspurn og lágt verð á skinnunum, en það verður ekki lengi. Getur þetta komið upp aftur og væri þá mikils virði fyrir okkur að eiga góða stofna, sem við gætum notað, en þyrftum ekki að byrja frá grunni aftur. En fróðir menn telja, að verði 8—10 þús. kr. kippt frá félaginu, þá muni starfsemin verða að falla niður og einstaklingarnir einangrast og áhuginn fá rothögg. Ég skírskota nú til Alþ., að það striki þetta eigi út úr fjárl., það er haft getur mikinn árangur.

Þá er á sama þskj., lið XVII, till. um styrk til manna, sem orðið hafa fyrir langvarandi sóttkví á heimilum sínum. Tveir hv. meðflm. mínir, þeir hv. 3. landsk. og hv. þm. N-Ísf., hafa skýrt lið till. um bóndann í Engidal. Hafa þeir tekið annan bónda að sér og fengu till. þess efnis samþ. á síðasta þ. Nú hafa þeir tekið upp þráðinn með hinn bóndann, og á að láta eitt yfir þá báða ganga, þann er orðið hefur styrksins aðnjótandi, og hinn, sem eftir er. Ella væri í þessu hróplegt ranglæti. Ég flyt því með öðrum till. um, að bónda á Kjalarnesi, Haraldi Jósefssyni, Sjávarhólum, verði veittar 5 þús. kr. vegna sóttkvíar, sem hann var settur í, þegar hann varð fyrir því óláni, að kýr hans tóku kúabólu. Hann var fluttur á spítala og lá þar, og þar eð hér var um fyrirvinnu heimilisins að ræða, féll mikil starfsemi niður heima við. Honum varð nyt úr kúnum algerlega gagnslaus, og þess utan féll mikið af bústofninum. Lamaðist hann því stórkostlega vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir, en áður efnalítill, og þetta stafaði frá fyrirskipun yfirvaldanna. Vildi ég mælast til, að hv. þm. vildu veita þessa aðstoð, eins og þeir gerðu í fyrra, enda er hér um lengri sóttkví að ræða en þá. Hins vegar ber að gæta, að þessi bóndi, Haraldur Jósefsson, hefur eins og bændur yfirleitt byggt allt sitt á framleiðslunni, og hann hefur orðið fyrir háskasamlegu tjóni, þótt tíminn væri styttri.

Hv. þm. Barð., form. fjvn., gat þess, að ég hefði farið fram á það við n., að hún stuðlaði að því að heimila stj. að veita fé til rannsókna á virkjunaraðstöðu einstakra bæja, þar sem skilyrði eru góð, en líkur séu ekki til þó, að sömu bæir komist inn á stærri rafmagnslínur ríkisins, sem fyrirhugaðar eru. Er áhugi bænda geysimikill, sérstaklega vestan- og austanlands, þar sem ekki er von á rafmagni frá hinum stóru orkuveitum, fyrir því að virkja ár og læki í nágrenni býlanna. En til þess að bændur geti ráðizt í slíkt fyrirtæki, þyrfti hið opinbera að hafa mann í sinni þjónustu, sem hefði með höndum rannsóknir og mælingar fyrir þessa menn. Það er ekki hægt að ráðast í slíkar framkvæmdir, nema rannsókn hafi farið fram. Nú hef ég leitað til rafmagnseftirlitsins í þessu efni, en forstöðumenn þess hafa sannfært mig um, að þeir hafi ekki starfskrafta eins og nú er, sem þeir geti misst til þessara starfa. Nú hefur fjvn. flutt mér þau boð, að heimilt sé skv. l. um raforkumálasjóð að eyða úr honum fé til þessara mála. Hins vegar eru verkefni raforkumálasjóðs svo mörg og margvísleg, að enda þótt hér sé ekki um stóra fjárhæð að ræða, þá er full þörf að leysa þetta mál á annan hátt. Ef færi svo, að þetta fé fengist ekki með öðru móti, mundi ég verða að grípa til sjóðsins. Sömuleiðis vil ég lýsa því yfir að gefnu tilefni, að ég verð að verja nokkru fé þegar á þessu sumri í sama skyni, en vænti þess, að Alþingi sjái sér fært að veita sérstaka upphæð til slíkra rannsókna framvegis.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á 20. gr. og þó einkum þá upphæð, sem ætluð er til húsabóta á jörðum ríkisins. Til þessa mun nú ætlað 200 þús., en það er alls ekki nema mjög lítið brot að þörfinni, sem fyrir hendi er. Og sé gert ráð fyrir einhverjum framkvæmdum, t. d. í sambandi við raforku, þá er þessi upphæð eins og krækiber í ámu. Að vísu má segja, að nokkur bót sé í þeirri heimild, sem fengizt hefur í sambandi við ræktunarsjóðinn, þar sem veitt er nú lán úr sjóðnum til ríkisjarða eins og annarra. En vegna þess hversu ríkisjarðir hafa dregizt aftur úr á síðustu árum hvað snertir allar framkvæmdir, þá er þörfin þar svo mikil, að þessi upphæð nær mjög skammt. Á síðasta Alþingi var ákveðið að veita bóndanum á Staðarfelli 25 þús. kr. til byggingarframkvæmda á jörðinni, og skyldi það vera ein greiðsla af þremur. Vegna þessa loforðs tel ég mér skylt, að á þessu ári verði veitt sama upphæð og gert var á síðasta ári, eða 25 þús. kr., og hana verður að taka af þessu fé, og mun bóndinn nú þegar hafa tekið bráðabirgðalán út á þessa fjárveitingu. Þetta þykir mér rétt að taka fram, svo að hver sá, sem í framtíðinni kann að fara með þessi mál, viti, hverju hefur verið lofað.

Þá kem ég að brtt. minni á þskj. 720. Ástæðan til, að ég flyt þessa till., er sú, að ég tel litlar líkur, að það fé, sem áætlað er á fjárl., nægi til þess, sem nauðsynlegt er að gera í þessum málum, þó að hátt sé, þegar þess er

gætt, að ½ millj. kr. kostnaður frá s. l. ári er ekki greiddur enn. Ég óttast, að þær framkvæmdir, sem ákveðnar eru á næsta ári og eru nauðsynlegar, strandi, ef ekki er bætt við þá fjárhæð, sem á fjárlfrv. er. Það er dýrt fyrirtæki að skipta um fjárstofn, og ég efast um, að allir þm. hafi gert sér ljóst, hvaða bagga þeir voru að binda ríkissjóði, þegar þeir samþ. l. þess efnis. Hins vegar er stöðvun nú, þegar verkið er komið á góðan rekspöl, hrein fávizka. Og raunar má segja, að það hafi verið óhjákvæmilegt að ráðast í þetta, því að veikin er ekki einungis búin að lama efnahag og búskaparaðstöðu fjölmargra bænda, heldur er hún líka búin að lama þá andlega, og allur fjöldinn, sem barizt hefur við búskapinn gegn þessari plágu, hefði gefizt upp, ef menn hefðu ekki séð birtu út úr því myrkri. Og það er eins og létt hafi éli fyrir sjónum þeirra bænda, sem fjárskipti hafa farið fram hjá, og þeim fundizt þeir vera að byrja lífið að nýju. Það var því nauðsyn að hefja þetta verk, og því verður að ljúka. Það hefur verið gerð áætlun um, hvað mikið fjármagn þurfi til að ljúka framkvæmdunum, og niðurstaðan hefur orðið sú, að eftir núgildandi verðlagi muni þurfa 35 millj., og þetta þarf að gera á næstu 5—7 árum. Það hefði verið eðlilegt, að svona stórkostlegar framkvæmdir dreifðust á lengri tíma með lántöku. Nú hefur það ekki verið gert enn. Hins vegar er möguleiki á því, og má þá halda áfram framkvæmdum, enda þótt ríkið sé ekki þess umkomið á hverjum tíma að leggja fram fé. Þessi till. mín er vitanlega ekki nema dropi í þessu mikla hafi. En tilgangurinn með henni er að athuga möguleika á þessari leið, og fengist þá um leið reynsla á, hvort hægt er að semja við menn og stofnanir um fjárframlög, til þess að hægt sé að hrinda framkvæmdunum áfram. Áhugi bænda í mörgum sveitum fyrir fjárskiptum er mjög mikill, og ef komið væri til þeirra og þeim sagt, að annaðhvort verði þeir að bíða svo og svo lengi eða leggja fram lánsfé, þá er ég sannfærður um, að þeir mundu heldur kjósa að leggja fram fé en fresta framkvæmdunum. Hugmyndin hjá mér með þessari till. er að gera tilraun með þessa leið og reyna með því að tryggja, að framkvæmdirnar strandi ekki á fjárskorti. Á næsta ári eru ákveðin fjárskipti milli Héraðsvatna og Eyjafjarðar. Þetta svæði verður svo að vera fjárlaust eitt ár. Það má því gera ráð fyrir, að ekki verði rúm fyrir öll þau lömb, sem til eru á heilbrigðu svæðunum, þar sem búið er að skipta. Það væri því æskilegt að hefjast handa sunnan- eða vestanlands líka, t. d. á Snæfellsnesi, til þess að koma sem víðast upp heilbrigðum stofni, en til þess vantar fé. Nú kann einhver að segja, að við höfum ekki efni á slíku. En menn verða að gera sér grein fyrir, að heildarverkið er ákveðið og því skiptir ekki máli, hvort meira eða minna er framkvæmt þetta árið eða hitt, nema að því leyti, sem það hlýtur að vera gróði að fá eins fljótt og mögulegt er heilbrigðan stofn um allt landið. Það er þetta, sem vakir fyrir mér, þegar ég vil fá meira svigrúm í þessum framkvæmdum og tel heppilegt að hraða þeim sem mest, þó að kostnaðinum verði að dreifa á lengri tíma með lántöku. Og ég vænti, að Alþingi skilji þessa afstöðu mína. Hér er aðeins verið að tryggja, að verkið geti orðið framkvæmt eins og heppilegt þykir, án þess að nægilegt fé sé til þess veitt á fjárlögum hvert árið. Ég held ég láti svo máli mínu lokið að þessu sinni.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég á sjálfur enga brtt. við fjárl., en er hins vegar meðflm. að tveimur till. Önnur er á þskj. 730, og fer hún fram á aukið framlag til sjúkrahúss í Rvík. Það vita allir, í hve miklu öngþveiti þessi mál eru og hversu brýn nauðsyn er að bæta úr sjúkrahúskostinum. Það mun alloft koma fyrir að sjúklingar, sem þurfa brýnna aðgerða við, verða að bíða vikum saman eftir sjúkrahúsvist. Slíkt er auðvitað alveg óviðunandi og hefur auk þess þær afleiðingar, að miklu fleiri verða að leita til útlanda en ella væri þörf. Annars fer ég ekki nánar út í þetta mál, það hljóta allir að skilja.

Hin till., sem ég er meðflm. að, er á þskj. 685 og er um það að veita Helga Hjörvar leyfi frá störfum eitt ár á fullum launum í tilefni 20 ára starfs hans við útvarpið. Það er óþarfi að mæla með þessari till., því að ég veit, að þm. sjá, að það er sanngjarnt, að hún nái fram að ganga.

Ég ætla svo ekki að fara frekar út í einstaka liði frv., en vil þó segja mína skoðun á því í nokkrum orðum. Það er greinilegt, að í þessu frv. er engin stefnubreyting frá þeirri leið, sem þing og stjórn hafa fylgt, þó að hverjum þm. sé ljóst, að þessi leið er ekki fær lengur. Það er svo komið, að nærri er ógerningur að koma fjárlagaendunum saman, hvernig sem reynt er að lækka útgjöldin og auka tekjurnar. Mér reiknast, að fjárl. hafi hækkað um 10 millj., síðan þau komu frá fjmrh., á öðrum liðum en til dýrtíðarráðstafana. Þrátt fyrir nýja skatta lítur svo út, að milljónatug vanti enn, til þess að endarnir nái saman, og er ekki hægt að sjá, að annað ráð sé fyrir hendi en hækka áætlaða tekjuliði. Öll afgreiðsla frv. verður því ákaflega hæpin og því hæpnari, þar sem þessir tekjuliðir hafa verið áætlaðir svo hátt, að vafasamt er, að þeir skili eins miklum tekjum og gert er ráð fyrir. Gjöld ríkisins hækka svo ört, að venjulegir tekjustofnar hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum. Afleiðingin af því er sú, að leita verður að nýjum leiðum til að skatta þjóðina til að láta enda mætast og yfirleitt öll ráð notuð til að afla nýrra tekna til þess að standast ný útgjöld. Nýir skattar og tollar, sem lagðir hafa verið á undanfarin tvö ár, nema nú orðið um 85 millj. kr., og auðvitað hafa þeir verið teknir að meira eða minna leyti af neyzlu almennings og valda því vaxandi dýrtíð og útþenslu. Þessi skatta- og tollahækkun mun samsvara 20—22% gengislækkun og er raunverulega ekkert annað, þó að sú gengislækkun sé að vísu grímuklædd. Þetta hefur orðið að gera til að standa undir sívaxandi útgjöldum ríkisins, er hefur um leið í för með sér enn aukna útþenslu og dýrtíð.

Ef athuguð er sú þróun, sem átt hefur sér stað síðan 1946 í fjármálum þjóðarinnar, þá er niðurstaðan sú, að bankaútlánin hafa aukizt um 350—400 millj. Niðurgreiðslurnar hafa vaxið úr 16 millj. upp í 75 millj. og fjárl. hækkað úr 143 millj. í 293 millj. Þetta sýnir að mínu áliti ekkert annað en það, að sú fjármálastefna, sem fjárl. eru nú byggð á, er röng og þjóðhættuleg og hlýtur að enda í þjóðargjaldþroti, ef þessu er haldið áfram eins og nú er. Ég er því í grundvallaratriðum andvígur afgreiðslu þessara fjárlaga, eins og hún nú liggur fyrir, og ég mun því látinn þátt taka í afgreiðslu þeirra. En það virðist sýnt vera, að þing og stjórn hafi þegar ákveðið þá leið, sem á að ganga í þessum efnum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég ætla, að það séu þrjár brtt., sem ég er fyrsti eða eini flm. að, og þarf ég ekki að fara um þær mörgum orðum. Tvær þeirra eru á þskj. 730. Sú fyrri er flutt af hv. þingmönnum Reykv. og hv. 2. þm. Árn. og er á þá leið, að í staðinn fyrir hálfrar millj. kr. fjárveitingu til sjúkrahúsa í Reykjavík, sem samkv. till. hv. fjvn. var samþ. við 2. umr., komi ein millj. kr. til heilbrigðisstofnana í Reykjavík. Ég rakti þessi mál hér nokkuð við 2. umr. og þarf engu við það að bæta. Þörfin er svo mikil hér fyrir sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, að hér þarf stórra átaka við. Ástæðan til þess, að heitinu er breytt í „heilbrigðisstofnun" úr „sjúkrahús", er, að meðal þess fyrsta, sem verður ráðizt í í Reykjavík af þessu tagi, er heilbrigðisstofnun, sem er hæpið, að geti talizt til sjúkrahúsa, og þess vegna var valið þetta heiti. En það er einnig öflugur undirbúningur hafinn að sjúkrahúsi.

Önnur brtt. á þessu þskj. er við 22. gr. Ég flutti hana við 2. umr. og tók hana aftur til 3. umr., og er hún um, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs fyrir h. f. Skipanaust vegna dráttarbrauta og skipasmíðastöðvar 3 millj. kr. Það er brýn þörf á að auka hér aðstöðu til skipaviðgerða í bænum vegna útgerðarinnar, og er ætlunin, að það komi að haldi ekki aðeins bátum og skipum úr Reykjavík, heldur hvaðanæva af landinu. Þetta félag var stofnað fyrir fáum árum og naut mikillar og ágætrar fyrirgreiðslu nýbyggingarráðs, en hefur nú orðið að stöðva framkvæmdir, vegna skorts á fjármagni. Og er þessi ríkisábyrgð nauðsynleg, til þess að þetta fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi sinni. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá tveimur hæstv. ráðh., og hafa þeir kynnt sér það rækilega. Ég þarf engu við að bæta það, sem ég sagði við 2. umr. um þetta mál.

Þriðja brtt. er á þskj. 685, og flyt ég hana ásamt hv. þm. N-Ísf., hv. þm. V-Ísf. og hv. þm. Str. Hún er á þá leið að hækka nokkuð aftur laun skálda, rithöfunda og listamanna: grunnstyrk úr 150 þús. kr. í 173 þús. kr., og verðlagsuppbót úr 300 þús. kr. í 346 þús. kr. Þessi fjárhæð hefur verið lækkuð nokkuð við 2. umr., og er farið fram á, að hún fari upp undir þá sömu upphæð aftur. Við teljum ekki fært að lækka þessar styrkveitingar til þessara listamanna nú. Og ég hef m. a. rætt um þetta við menn úr úthlutunarnefnd, sem telja það miklum vandkvæðum bundið að úthluta styrknum, ef þessi lækkun á sér stað. Enn fremur er vitanlegt, að ýmsir listamenn hafa öll stríðsárin átt auðveldara með sölu á sínum verkum en síðar og eiga nú örðugra um vik í því efni, vegna þess að markaðurinn á þessum sviðum dregst saman eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Það munaði sáralitlu, að hækkun þessi gengi fram við 2. umr., ekki nema einu atkv. Og þegar þetta kemur aftur fyrir þingið, vonast ég til þess, að meiri hl. hæstv. Alþ. fallist á þessa till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef fram á síðustu stund búizt við því, að það mundu koma fram frá hæstv. ríkisstj. nokkrar till. um að bæta opinberum starfsmönnum að einhverju leyti upp þeirra laun. Það er vitanlegt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, með stjórn þess eða þing þess að baki, hefur snúið sér til hæstv. ríkisstj. og til allra hv. þm. til þess að fá framgengt nokkrum uppbótum á þeirra laun. Og hafa þeir fært rök að því, að svo framarlega sem launalögin frá 1945 ættu að lagfærast þannig, að starfsmenn þess opinbera hefðu svipuð kjör og aðrir launþegar, þá mundi launauppbótin verða 36%. Hins vegar hafa þeir fulltrúar B. S. R. B., sem hafa átt tal við ríkisstj. og bæjarráð Reykjavíkur og þingflokkana, lýst yfir, að svo framarlega sem 25% launauppbót fengist, mundu þeir vera ánægðir með það, sérstaklega ef um leið væri þannig tekið undir þeirra mál, að farið yrði að endurskoða launalögin. — Ég hafði búizt við, að fram mundu koma brtt. frá hæstv. ríkisstj., sem gengju eitthvað í þessa átt, því að það er vitað, að það er sótt mjög ákveðið og fast á með það af hálfu stjórnar B. S. R. B., að einhver litur verði á því sýndur, að þingið verði við kröfum þeirra, sem þeir álíta mjög réttlátar og sanngjarnar. Nú hefur ekkert komið fram enn þá, sem gengur í þá átt, eða hafði ekki komið fyrr í kvöld, er ég vissi. Og ég lagði hér fram brtt., sem ég hefði kosið, að menn úr fleiri flokkum væru með, á þskj. 733, um að ríkisstj. sé heimilað að greiða starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana 25% launauppbót á laun þeirra árið 1949 og skipa jafnframt nefnd, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eigi fulltrúa í, er endurskoði launalögin, þannig að unnt sé að leggja tillögur hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Ég býst við, að því verði ekki neitað með rökum, að þessar kröfur, sem B. S. R. B. hefur borið fram, þær eigi við rök að styðjast. Og ég býst ekki við, að því hafi heldur verið neitað í þeim samtölum, sem átt hafa sér stað milli fulltrúa þessa bandalags og þingflokkanna, ríkisstj. og bæjarráðs Reykjavíkur, að það sé svo komið nú, að fjöldinn af starfsmönnum ríkisins og hins opinbera yfirleitt geti ekki lifað sómasamlegu lífi við þau kjör, sem þeir búa nú við. Og það er vitanlegt, að meginið af þeirri kjararýrnun, sem hefur átt sér stað hjá þessum mönnum síðan Alþ. bætti þeirra kjör

með launal. 1945, hefur beinlínis verið framkvæmt af því opinbera. Það er ríkið með sínum miklu álögum, með hinni vaxandi dýrtíð í landinu, sem hefur valdið því, að kjör þessara manna hafa orðið svona léleg. Og svo er hitt, að ýmsir aðilar, sem verkfallsrétt hafa, hafa getað knúið fram bætur á sínum kjörum, þar sem þessir starfsmenn hins vegar eru sviptir þeim rétti og hafa ekki getað notað hann. — Ég held, að nauðsyn sé á því við afgreiðslu fjárlaganna að gefa ríkisstj. slíka heimild sem þessa, til þess að geta orðið við þessum kröfum. Það er vitanlegt, eins og þegar hefur komið fram við umr. um þær sparnaðartill., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram og er nú verið að setja í gegnum þingið, svo sem t. d. niðurfelling kjötuppbótar, að þar er verið að taka af launafólkinu í landinu um 10 millj. kr., svo að það er út af fyrir sig ekki nema réttmætt, ef það sýnir sig, að slíkar till. verði samþ., eins og allar horfur eru á eftir atkvgr., sem fór fram í hv. Nd. í dag, þá er ekki nema rétt, að Alþ. sýni sinn vilja á að það fé, sem þannig er tekið, verði að einhverju leyti notað til þess að bæta starfsmönnum ríkisins að einhverju leyti upp það, sem þeirra kjör hafa versnað. Að öðru leyti er nú hægt að benda á tekjuöflunarleiðir, sem mundu nú koma réttlátlegar niður, svo framarlega sem svo yrði, að þessi brtt. mín yrði samþ., en hæstv. ríkisstj. þætti samt ekki nógu vel séð fyrir tekjuöflunum og hag ríkissjóðs. Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast eftir, að hv. þm. samþykki þessa till. Það komu á fund okkar í Sósfl., eins og ég býst við einnig annarra flokka, fulltrúar frá BSRB. til þess að æskja eftir stuðningi við þetta. Ég álít að vísu, að miklu æskilegra hefði verið, að allir þingfl. gætu sameinazt um þetta. Ég hafði búizt við, að hæstv. ríkisstj. hefði þar forustuna. En af því að líklega er komið fram á síðustu stundu með að bera fram brtt. við fjárl. og af því að það var látið í veðri vaka, að ekki fengjust afbrigði fyrir brtt. eftir kl. 9 í kvöld, þá hef ég nú flutt þessa brtt. Ef það sýndi sig, að verulegur vilji væri í þingflokkunum fyrir þessu, mundi ég gjarna vilja hafa samstarf við aðra hv. þm. um þetta og taka þá þessa brtt. til baka, ef enn væri hægt að koma brtt. að. Málið er þess eðlis, að ég álít, að það þurfi að fá afgreiðslu nú þegar. Ég álít varhugavert að afgr. fjárl. þannig, að ætlazt sé til þess, að allir starfsmenn ríkisins vinni þar áfram, svo framarlega að ríkisstj. verði ekki gefin þessi heimild. Það er vitanlegt, að einn stór þáttur í ríkisbúskapnum í okkar þjóðfélagi verður að hafa það tryggt, að starfsmenn ríkisins geti verið sæmilega ánægðir með sin kjör og að ekki verði ofboðið þeirra þolinmæði. Starfsmenn ríkisins hafa ákaflega oft orðið að bíða lengi eftir réttlátum launauppbótum. Við vitum allir, að þegar Alþ. setti launal. 1945, þá voru allar aðrar stéttir í þjóðfélaginu — og jafnvel þær stéttir, sem reka sjálfstæða atvinnu — löngu búnar að fá verulegar kjarabætur. En starfsmenn ríkisins voru a. m. k. þremur árum á eftir t. d. verkamönnum með að fá bætt sín launakjör, og höfðu þeir samt ekki, fjöldinn af þeim, haft allt of góð kjör á árunum á milli styrjaldanna. Svona hefur það alltaf gengið með þá, vegna þess að þeir hafa ekki haft rétt til þess að neita að láta sína vinnu af hendi, nema tekið sé tillit til þeirra krafna. En samt sem áður eru þeirra kröfur ekki meiri en það nú, að þeirra kjör séu samræmd við kjör annarra. Og við vitum, að sá flokkur, sem forustu hefur í ríkisstj., Alþfl., sem um leið á forseta Alþýðusambands Íslands, hefur látið þau boð út ganga gegnum Alþýðusambandið í öllum verkalýðsfélögum á landinu, að segja upp sínum samningum við atvinnurekendur. Og við vitum, að þau félög, sem þessi flokkur á ítök í, hafa látið koma til ákaflegra langra verkfalla, sem hafa verið mjög dýr fyrir þjóðfélagið. Þegar þannig er búið að fara að af flokki, sem forustu hefur í ríkisstj., er ekki nema von, að starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana segi: Er það ekki rétt, að við fáum samræmd okkar kjör við það, sem verkamenn og launþegar hafa fengið? — Ég býst við, að allir viðurkenni, að þessi krafa er sanngjörn. Það er þá aðeins eitt, sem við þm. erum spurðir að af hálfu þessara manna, sem sé, hvort við þm. viljum nota okkur það, að starfsmenn ríkisins hafa ekki verkfallsrétt og að við höfum fyrir löngu síðan tekið þann rétt af þeim. Og sá móralski grundvöllur, sem álitinn hefur verið til þess, að hægt væri að taka þennan rétt af þeim, er, að við treystum Alþ. til þess að veita þeim rétt sinn, án þess að þeir þurfi harðvítuga baráttu til þess að knýja fram sitt réttlætismál í launamálum. Þess vegna álít ég, að okkur beri að verða við óskum og kröfum þessara starfsmanna ríkisins, ekki síst þegar mikið er um það rætt, að við þurfum að endurskipuleggja ríkisbúskapinn og jafnvel kannske að samþ. ákvarðanir viðvíkjandi því, að við þurfum að bæta vinnuafköst í ríkisstofnunum og þurfum að skapa miklu meira starf í ríkisstofnunum og annað slíkt. Svo framarlega að einhver árangur eigi að fást af slíkum endurbótum, þá er alveg gefið, að Alþ. á að vera með því að sýna þeim mönnum, sem þarna starfa, að það vilji verða við réttlátum kröfum þeirra. Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess, — ef ekki koma aðrar till., sem ganga í sömu átt, annaðhvort frá öllum flokkum þingsins eða ríkisstj. sjálfri, — að hv. alþm. geti orðið við því að samþ. þessa brtt. mína á þskj. 733, um að heimila ríkisstj. að greiða starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana þessa launauppbót og skipa nefnd til þess að endurskoða launalögin.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar hv. frsm. fjvn. innleiddi þær umr., er nú fara fram varðandi 3. umr. fjárlaganna, þá gaf hann nokkurt yfirlit yfir það, hvernig útkoma fjárlaganna yrði af samþykktum samkv. ákveðnum samkomulagstill., sem ríkisstj. hafði rætt við hv. fjvn. og hv. fjvn. hafði tekið tillit til, eins og sjá má á hennar brtt. Hann lýsti því þá, hv. frsm. n., að þegar búið væri að taka tillit til samkomulagstillagna ríkisstj., þá yrði greiðsluhalli frv. 34 millj. kr. rúmlega, en

benti þó um leið á þau útgjöld, er leiða kynni af ýmsum greiðslum, sem geta orðið samkv. 22. gr., og komst þannig að orði, að hinn raunverulegi rekstrarhalli á fjárl., þegar tillit væri tekið til þess, er þar gæti komið til mála í heimildum, þá mætti líta svo á, að hinn raunverulegi greiðsluhalli á fjárl. yrði 47 millj. kr. rúmlega. Það var og er auðvitað og augljóst, að til þess að mæta slíkum greiðsluhalla væru ekki nein úrræði fyrir hendi, sem tiltækileg mundu vera. Að hinu hefur verið stefnt, að freista þess að sigrast á greiðsluhalla frv., að öðru leyti en er 22. gr. snertir, þ. e. heimildagr. Og hv. alþm. hafa nú verið vottar að því, hvernig tekið hefur verið af sumum flokkum þingsins undir þau tekjuauka- eða gjaldasparnaðarfrv., sem hér hafa verið lögð fram. Og það er víst alveg óhætt að segja það, að þó að ýmsir hv. þm. af þegnskap og hollustu við fjárhag ríkisins hafi greitt atkv. með nýjum álögum í þessu efni, þá hefði hver og einn þeirra helzt kosið að þurfa ekki að gera það. Það er á hinn bóginn raunsæi þeirra flokka, sem bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl., sem hefur knúð þá, eins og ríkisstj., til þess að freista þess í lengstu lög að afgr. fjárlagafrv. greiðsluhallalaust. Þær brtt. til hækkunar og til lækkunar lítils háttar, sem ríkisstj. með sína flokka að baki sér hafði komið sér saman um og fengið samkomulag um við hv. fjvn., voru hin ýtrustu mörk þeirra útgjalda, sem ríkisstj. sá sér fært að setja. Það mátti vel skilja það — og er í rauninni ekkert undarlegt —, að í huga hv. frsm. fjvn. var allþung gagnrýni fyrir hendi á þær hækkanir, sem ríkisstj. þrátt fyrir allt hafði séð sig knúða til að fara fram á, að gerðar yrðu á frv. En ég vil taka fram við þetta tækifæri, að innan ríkisstj. ríkti að mínu viti sá staðfasti ásetningur — og þess þóttist hver einn ráðherranna mundu vilja freista til hins ýtrasta, að hafa til þess fylgi síns flokks — að auka ekki útgjöldin meira en eins og þar segir.

Nú er það svo, að hér hafa verið lagðar fram margs konar brtt. ýmissa hv. alþm., eins og oft fyrr, og þar á meðal má finna brtt. við 22. gr. um lánsheimildir, sem tveir ráðh., hvor í sínu lagi, standa að. Og enn fremur skal ég bæta því við, að í þennan hóp hefur bætzt ein till. frá fjmrh., og skal ég lýsa ástæðunum fyrir því, hvers vegna. Hæstv. landbrh. lýsti því fyrir skemmstu, hvað fyrir honum vekti, þegar hann ber fram brtt. um, að heimilt sé að taka eina milljón að láni, til þess að léttara verði að fást við fjárskiptin. Skal ég ekki bæta neinu við þær skýringar. Ég ætla, að hv. alþm. hafi skilið hans rök fyrir þessu. Hæstv. menntm- og heilbrmrh. lýsti því og, hvaða ástæður hefðu knúið hann til þess að fara fram á, að heimild væri veitt fyrir að taka einnar og hálfrar millj. kr. lán til spítalabygginga eða bygginga á auknu húsrými við spítalana, og þarf ég engu þar við að bæta, sem hann sagði um það. Sú brtt., sem ég sérstaklega hef séð mig knúðan til að bera fram við heimildagr., er varðandi frv., sem hér er til meðferðar á Alþ., þ. e. hlutatryggingasjóðsfrv., sem enn á eftir að ganga í gegnum hv. Nd. og ekki verður með neinni vissu sagt, hvernig afgreitt verður. En með því að það frv. er það seint á ferðinni, en hins vegar verða fjárl. ákveðin áður en því máli er að fullu lokið, þá hef ég fyrir varúðar sakir borið fram brtt. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán til að standa undir væntanlegum útgjöldum ríkissjóðs í sambandi við það frv., allt að 2 millj. kr., til þess að standa ekki berskjaldaður með öllu til að uppfylla þær skyldur, sem hæstv. Alþ. kann að leggja ríkissjóði á herðar, þegar það frv. verður afgr. endanlega. Ég veit ekki til, að meðráðh. mínir hafi borið hér fram brtt., sem neinu skipti, fram yfir það, sem ég hef nú lýst, og sjálfan mig tel ég ekki hafa gert það. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að það eru ekki nein griðrof, og ég vil biðja um, að það séu ekki tekin sem nein griðrof af hálfu ríkisstj. gagnvart fjvn., þó að þessar heimildartill. hafi verið bornar fram af þrem ráðh., eins og ég nú hef lýst, og ég vil mælast eindregið til þess, að hv. fjvn. taki þessu ekki þann veg. En að öðru leyti mun ég fara fram á það við n., að þeim þrem ráðh., sem að þessum sérstöku till. standa, veitist færi á að tala við fjvn. um þessi og önnur atriði varðandi endanlega afgreiðslu frv., áður en sú afgreiðsla á sér stað. Þetta, sem ég nú hef sagt, er að gefnu tilefni sagt, vegna þess að mér virtist hv. frsm. fjvn. vilja leggja þann skilning í þessar fram komnu heimildartill. eins og ríkisstj. væri horfin frá því einingarstarfi, sem hún hóf og hv. fjvn. vel tók undir. Þá samvinnu vil ég treysta, en ekki spilla henni.

Það er alveg óþarfi fyrir mig að gera hverja einstaka brtt. hv. alþm. að umtalsefni. Ég veit það af gamalli reynslu hér á Alþ., að flestallir þm. sjá sér tæplega annað fært en að flytja ýmsar brtt., ef til vill í þeirri von, að þær fljóti í gegn, en þó sérstaklega til þess, að þm. geti sýnt sínum virðulegu kjósendum, að þeir hafi ekki gleymt þeirra áhugamálum á Alþ. og þeir hafi borið fram brtt. þeim til hagsbóta, hvort sem er til sjávar eða sveita. Þetta er svo algengt fyrirbrigði hér á Alþ., að það þekkja allir. Hitt er annað, að þegar þessar till. eru athugaðar, þá er komið svo langt út fyrir þann ramma, sem maður verður að álíta, að fært sé að fara, að það er ekkert viðlit, að Alþ. geti samþ. þær. Brtt. hv. alþm. við þessa umr., beinlínis útgjaldatill., eru hér um bil 3½ millj. kr., og á heimildagr. um 13 millj. kr. Svo koma lántökuheimildir, þar af hef ég nefnt 3, en langt er frá, að þar með sé allt upp talið, því að þær nema yfir 10 millj. kr., brtt. á heimildagr., 22. gr. fjárl. Vil ég að öðru leyti endurtaka það, sem ég sagði fyrr við þessa umr., að mér virðist, að svo horfi, að enginn geti gert sér vonir um, að hægt verði að nota heimildir svo nokkru nemi á 22. gr. til útgjalda, þegar litið er á það, hvað rekstrarútgjaldagreinarnar eru orðnar miklar eða stórar. Ég vil þess vegna ekki, ef það fellur í minn hlut að fara með þau mál, gefa undir fótinn á nokkurn hátt, að hægt verði að nota heimildir til útgjalda samkvæmt 22. gr., að nokkru verulegu leyti eins og nú horfir, nema einhver ný og hagstæð tíðindi gerist í okkar fjármála-

lífi, sem tryggi betur hag ríkissjóðs en nú er hann tryggður. Í hvívetna undir umr. þessa máls, allt frá upphafi, hef ég tekið það fram, að ég leggi höfuðáherzlu á það, að fjárl. verði afgr. greiðsluhallalaus. Mér finnst það höfuðatriði, að það sé gert, og vil enn endurtaka minn vilja og ásetning í því efni. En vitanlega er það á valdi hins háa Alþ. að segja þar hið síðasta orð, þegar greidd eru atkv. um þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Ég hef gert mér far um það að reyna að þoka til tekjuliðum eftir því, sem reynsla undanfarins árs bendir til, og eftir því, sem horfur eru, til þess að ná hinum nauðsynlega jöfnuði. Reynslan ein fær úr því skorið, hvort ég hef getið rétt til í þessum efnum, og verð ég því, þegar sá tími kemur, að lúta dómi reynslunnar hvað snertir þær brtt., sem ég flyt hér til þess að finna hinn eftirsótta jöfnuð. Þær till. liggja nú fyrir á þskj. 723. Ég legg þar til mjög verulega hækkun á ýmsum liðum. Allt eru þetta áætlanir, og ég verð því miður að játa það, að ég hef mjög orðið að tefla á tæpasta vað hvað þetta snertir. Þó hef ég reynt að hafa hliðsjón af því, hvernig þessir liðir hafa gefizt, og líka af því, hvernig breytt löggjöf mundi verka á þessa sömu liði. Þær brtt., sem ég nú lýsti, liggja þá fyrir og eru sumar þeirra, einkum tekjur af ríkisstofnunum og tekjur af benzíni, í beinu sambandi við þær aðgerðir, sem ýmist með löggjöf eða án löggjafar hafa verið framkvæmdar til þess að ná inn meiri tekjum í ríkissjóð en áður hefur verið. En við þetta er það að athuga, að vitanlega veit enginn, fyrr en á reynir, hversu hækkun á einkasöluvörum kann að verka á viðskipti hinna sömu stofnana, og verður því að segja, að áætlanir slíkar sem þessar eru ekki á neinu bjargi byggðar, og getur vel verið, að eitthvað bregðist, sem hér er áætlað, þannig að þær nái ekki þeirri hæð, sem gert er ráð fyrir á þessu þskj. En ef ég hef ekki fylgt hinu ýtrasta lögmáli varúðarinnar í þessum efnum, þá er það af því, að ég hef viljað forðast að leggja á hærri skatta eða álögur en það allra nauðsynlegasta og það lágmark, sem fram hefur komið í þeim frv., sem liggja fyrir Alþ. og öllum hv. þm. eru kunn. Að öðru leyti verð ég að byggja og ég hef byggt áætlanir, t. d. að því er snertir hækkun á verðtolli og vörumagnstolli, á þeim innflutningsáætlunum, sem fjárhagsráð hefur gert. En þar kemur enn óvisst atriði, þar sem er gjaldeyrisgetan og þar af leiðandi, hver efni verða til þess að fullnægja þeirri innflutningsáætlun. Og þegar nú lagt er til á þessu þskj., í brtt. mínum, að hækka t. d. vörumagnstollinn og verðtollinn, þá er það í fullu trausti þess, að staðið verði við þær innflutningsáætlanir, sem fjárhagsráð hefur látið frá sér fara og ætlar sér að framkvæma, svo framarlega sem gjaldeyrisgetan leyfir. Áætluð hækkun á innlendum tollvörum byggist á þeirri löggjöf, sem gerð var um skatt af innlendum tollvörum í vetur, og vitanlega byggist hækkun á benzíni á því frv., sem enn er til meðferðar í þinginu, en ég treysti og hlýt að treysta á, eins og málum er komið, að Alþ. samþ. án skerðingar. Sömuleiðis sú lækkun til dýrtíðarráðstafana, sem byggð er á frv. um niðurgreiðslurnar, sem líka er gerð í því trausti, að hæstv. Alþ. fallist á þær ráðstafanir.

Meðal þeirra brtt., sem hér hafa komið fram, voru sumar ákaflega stórar. Ég efast ekkert um og vil ekkert vefengja þörfina, sem fyrir þær er. Ég tek t. d. allt það, sem farið er fram á til sjúkrahúsa, bæði hér í höfuðstaðnum og annars staðar úti á landi, t. d. á Ísafirði, Akureyri og Siglufirði. Hér eru brtt. um stórfelld fjárútlát til þessara staða í þessu skyni. Það er fjarri mér að efast um þörfina. En ég vil benda á það og þá sérstaklega þeim hv. þm., sem flytja á síðustu stundu hina stórfelldu brtt. varðandi framlag til heilbrigðisstofnana í Reykjavík, — það er hækkun um ½ millj. kr. frá því, sem var í frv., — að það var orðið fullt samkomulag um þetta og ég sé ekki, þó að mér þyki fyrir því, að það sé hægt að fallast á slíkar till. sem þessa, og ef hún væri samþ., með hvaða rétti væri þá hægt að neita að samþ. till. um svipuð fjárframlög á öðrum stöðum? — Svo er hin stóra till. frá hv. 2. þm. Reykv. og till. frá tveim þm., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., um margra millj. kr. framlag til viðbótar á laun starfsmanna ríkisins. Í hvoru tveggja tilfellinu er um heimild að ræða, og í till. frá hv. 3. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. er bent á, að hinn svokallaði eignaraukaskattur megi til þess ganga. En í sambandi við þetta vil ég benda á það, að þessi eignaraukaskattur er ennþá ekki orðinn að veruleika nema að nokkru leyti, og í öðru lagi vil ég benda á það, að um notkun hans hefur verið mikið umtal og jafnvel fastmæli í ríkisstj., að hann skiptist á milli ríkisins og bæjarfélaga þar, sem hann fellur til. Ég ætla, að það sé skoðun a. m. k. sumra ráðh., að þetta sé fastmælum bundið. Hann yrði því ekki tiltækur í þessu skyni, og það af honum, sem kann að falla í ríkissjóð, ætla ég, að muni ekki gera betur en að vega upp á móti því, sem ég óttast mjög, að á tekjuskattinn muni skorta, þegar framtöl hafa verið reiknuð út. Ég hef gert mér far um það undanfarið að eiga tal við ýmsa endurskoðendur, sem hafa með höndum endurskoðun og framtöl fyrir fyrirtæki, verzlunarfyrirtæki og önnur, hér í bænum, og mér virðist niðurstaðan af því, sem þar kemur fram, benda ótvírætt í þá átt, að það megi búast við miklum afföllum á tekjuskattinum, sérstaklega af verzluninni, borið saman við næsta ár á undan. Þetta er ekkert óeðlilegt, þegar litið er til þess, að allflest þessara fyrirtækja hafa haldið sínu starfsfólki og hafa svipaðan kostnað eins og þau höfðu meðan betur gekk, en hins vegar hefur umsetningin stórkostlega minnkað og álagningin verið skorin niður. Það hefði því þess vegna verið full ástæða til að fara niður með þá áætluðu upphæð á tekjuskattinum, sem ríkisstj. setti inn í frv., þegar það var sent hæstv. Alþ. á s. l. hausti, og varkárari ráðh. en ég hefði sennilega gert það. En ég gerði það samt ekki af einni ástæðu, og það var það, að ég

vissi, að eignakönnunin var í aðsigi, og ég treysti á það, að ríkissjóður mundi fá sinn helming af þessu eignakönnunarfé, það, sem ekki færi til bæjar- eða sýslufélaga, og þar yrði á það litið sem sárabætur, ef það kæmi í ljós, sem ég tel nokkuð víst, að á tekjuskattinn, þá áætluðu upphæð, muni skorta allmjög, þegar hann er á lagður og innheimtur, þann skatt, sem á að gjalda í ríkissjóð á þessu ári. Ég verð því að segja, að sá grundvöllur, sem flm. hinnar skriflegu brtt. varðandi 8 millj. í launabætur handa embættismönnum hafa byggt á, er að mínum dómi ekki til. Hv. 2. þm. Reykv. hefur hins vegar lagt til að heimila ríkisstj. að bæta laun embættismanna með 25% hækkun, án þess að hafa þar um nokkurn formála eða benda á sérstaka tekjustofna, og hefur nýlega í ræðu lýst þeim ástæðum, sem þar lægju til grundvallar, að hann flytur þá brtt. Það er efalaust ekki vert að vefengja það, sem ýmsir hafa sagt, utan þings og innan, varðandi þörf ýmissa í launastéttunum til þess að fá kjarabætur, sem kallað er. Hins vegar ætla ég, að þar muni vera ákaflega mikill munur á, og launauppbætur með ákveðinni hundraðstölu á há laun mundu sennilega ekki bæta neitt úr því ósamræmi, sem nú þykir vera í launakjörum, heldur aðeins halda því við. Að öðru leyti tel ég það vera mjög athugandi mál, að ekki aðeins launakjör þessara ágætu starfsmanna ríkisins og hagur þeirra sé tekinn til athugunar, heldur fari fram athugun á miklu víðara svæði, athugun, sem líka tæki til annarra stétta þjóðfélagsins og til heildarinnar svo að segja, með tilliti til þess, hvernig þetta þjóðfélag ætlar að komast fram úr ógöngunum. Ég mundi telja sanngjarnt og rétt, að slík athugun færi fram í sambandi við alla launamenn ríkisins og það á þann hátt, að þeir sjálfir hefðu virkan þátt í þeirri rannsókn, sem þarf að fara fram á aðstæðum þeirra í þessu þjóðfélagi. Og þá þarf ekki síður að taka tillit til þeirra atvinnurekenda, sem í landinu eru, bæði til sjávar og sveita. Við hljótum að vera orðnir sannfærðir um það, að það þarf vissulega að fara að leita eftir betri úrræðum í þjóðarbúskapnum en hinu sífellda kapphlaupi, sem átt hefur sér stað, í fyrsta lagi milli verðlags og kaupgjalds og að öðru leyti milli hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins undanfarin ár. Hér hefur um langa hríð tæplega gengið á öðru, hvað hið síðara snertir, en sífelldum ábendingum frá einni stéttinni í dag og annarri á morgun um það, hversu hennar hagur væri orðinn langt aftur úr samanborið við hag annarra stétta. Út úr þessu, sem skapað hefur ógöngur fyrir þjóðfélagið, þarf þjóðin að komast.

Hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) hélt hér skörulega ræðu, eins og hans er vandi, um ástand stjórnmálanna yfirleitt. Já, hvað eru fjármálin? Fjármálin eru þjóðarbúskapurinn. Fjármálastefnan verður ekki mörkuð af neinni einstakri ríkisstj. né Alþingi sjálfu. Til þess er framkvæmdavaldið ekki nógu sterkt í þessu landi. Fjármálin eru búskapur landsmanna, eins og hann kemur fyrir, og það er það hugarfar, sem lýsir sér í atvinnumálum landsmanna, sem markar í raun réttri fjármálastefnuna. Kröfurnar til lífsins og lífsþægindanna eru líka svo misjafnar, kröfur manna til menntunar og skjótra framfara og ýmissa þeirra gæða lífsins, sem ekki verður í móti mælt, að séu gagnleg á ýmsum sviðum, en kostar þó stórt átak að koma í framkvæmd, þannig að sú þjóð, sem vill fá alla þessa hluti með allt of miklum hraða, eins og íslenzka þjóðin hefur á undanförnum árum verið nokkuð samtaka um að vilja, sú þjóð má vera við því búin, ef á bjátar, að það fari að þyngjast á ýmsum sviðum. Og hér hefur vissulega á bjátað, þar sem við höfum undanfarin 4 ár haft svo að segja aflaleysi að sumrinu til. Þegar svo er komið, þarf þjóðin og þingið að skilja, að það er ekki hægt að búa við hið sama hagkerfi eða a. m. k. hina sömu þenslu í öllum hlutum eins og var meðan vel gekk. En þessi skilningur á því miður, að því er virðist, langt í land, ekki einasta innan þessara veggja, heldur og meðal þjóðarinnar, en sú krafa, að hann ryðji sér til rúms, hvílir þyngst á þeim, sem hafa hlotið umboð þjóðarinnar til þess að fara með mál hennar. Við viljum halda uppi verklegum framkvæmdum í fullum mæli. Það sýnir það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, og brtt. sýna það glögglega. Við viljum halda áfram byggingu skóla og ýmsum opinberum byggingum; það kemur líka glöggt í ljós. Hér mætti lengi telja, og löggjöfin, sem þingið hefur sett á undanförnum árum til þess að auka útgjöld ríkisins, hefur enn þyr undir báða vængi á þessu þingi, eins og sýnt er af framgangi ýmissa mála, góðra mála sjálfsagt, en eigi að síður mála, sem kosta ríkissjóð stór fjárútlát. Ég tel, að í sjálfu sér sé ekki nema eitt að segja um allar þessar brtt., sem hér liggja fyrir og krefjast skilyrðislausra fjárútláta, og líka þær auknu heimildir, sem í brtt. liggja fyrir um fjárútlát, að það er ekki hægt að verða við þeim, þannig að þótt þingið vildi samþ. þær, væri ekki hægt að standa undir þeim. Ég meina, að ef brtt. fjvn., sem ríkisstj. stendur líka að, verða samþ., þá sé komið það langt í þessum efnum, að ekki sé hægt að ganga lengra, því að þá eru útgjöld fjárl. orðin upp undir 300 millj., en ég hef unnið að því, að fjárlfrv. yrði afgr. greiðsluhallalaust, af þeim mörkum og línum, sem dregnar eru í till. fjvn. í sambandi við ríkisstj. Þeir, sem þar yfir vilja fara, verða að gæta þess, að það hvílir þung ábyrgð á Alþingi í þessu efni. Hún hvílir vissulega þungt á þeim, sem standa fyrir fjárlagaafgreiðslunni á þann hátt, sem hér er lagt til af fjvn. og ríkisstj. En hún hvílir enn þyngra á þeim, sem enn vilja bæta margra milljóna útgjöldum á ríkissjóð með nýjum brtt. við þessa umr. Ég held því, í einu orði sagt, að hér verði að spyrna við fótum og lengra en ég hef lýst sé ekki hægt fyrir Alþ. að ganga. Af þessum ástæðum hlýt ég að beina þeim tilmælum til hv. alþm., að þeir felli brtt. til beinna útgjalda og heimilda um útgjöld, sem liggja fyrir í brtt. hv. alþm. Um lánsheimildir er nokkuð annað að segja. — Mér er það langt frá því sársaukalaust að ganga svo í berhögg við hv. alþm.

eins og nú geri ég, því að ég veit, að bæði eru óskir þeirra að ýmsu leyti á rökum reistar og vel skynsamlegar í ýmsum tilfellum. En ég tel mér ekki fært annað, af því að ég tel, að stefnt sé út í hreina og beina ófæru, ef aukið verður enn þá meira við þau útgjöld, sem gert hefur verið ráð fyrir með brtt. fjvn. og ég hef leitazt við að mæta með þeim aðgerðum, sem ég áður hef lýst. Mér þykir mjög fyrir því að hafa það hlutverk á hendi að mæla á móti því, sem þm. óska, en ég sé mér ekki annað fært.

Ég vil að lokum endurtaka það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar varðandi aths. form. fjvn., að ég bið hann og hv. n. á engan hátt að líta svo á sem ríkisstj. vilji ganga á neitt samkomulag, sem við n. hefur verið gert, og ítreka líka þau ummæli, að við eigum viðræður við, áður en endanleg atkvgr. fer fram. Um leið vil ég nota tækifærið til þess að endurtaka það, sem ég sagði varðandi þá till., sem hér hefur komið fram um það að gefa ríkisstj. heimild til að láta af hendi fé til launamanna ríkisins, — fé, sem hún hefur alls ekki til, — að ég tel það ekki leiðina, eins og horfir, heldur verði að taka upp með atbeina ríkisstj. og þeirra manna, sem hún að öðru leyti fær til þess, allsherjar athugun á þessum málum með það fyrir augum, að við getum haft sem mestan frið um launamál og lífskjör á voru landi.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess, eftir allt, sem á undan er gengið, að fara nú við þessa umr. að ræða nokkuð almennt um afgreiðslu fjárl., heildarsvipinn, sem á þeim er, en vil segja örfá orð út af þeim brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 715 ásamt hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. þm. Skagf. (JS og StgrSt). Þessi till. er undir rómv. V á þessu þskj. og hljóðar um það að heimila ríkisstj. að verja 40 þús. kr. til kaupa á einum snjóbíl. Þannig er, að vegamálastjóri hefur lagt á það mjög mikla áherzlu, að keyptir yrðu mjög fullkomnir snjóbílar til afnota á fjallvegum, og á þessi till. við það, að þessi snjóbíll verði einkum notaður á Holtavörðuheiði, því að það hefur sýnt sig nú á þessum vetri, sem hefur verið harður vetur, að það er með öllu óhæf aðferð að hugsa sér að nota venjulega bíla til fólksflutninga á þessum fjallvegi. Þessi snjóbílategund, sem vegamálastjóri á kost á og hefur meira að segja sjálfur ferðazt í, tekur 12—14 manns og kostar um 40 þús. kr. hingað komin. Okkur flm. virðist, þar sem hér er um jafnumfangsmikið mál að ræða og vegamálastjóri hefur með höndum, að þá sé ekki næsta miklu kostað til að gera tilraun með þetta, því að nokkrir tugir þúsunda eru fljótir að fara, eins og verið hefur í vetur, beinlínis í snjómokstur og í öðru lagi í fargjöld fyrir ferðafólk. Ég vænti því, að þm. geti tekið þessari litlu till. með vinsemd. Að sjálfsögðu mundi ríkisstj. gefa vegamálastjóra heimild til að nota þessa heimildartill., svo framarlega sem hún teldi það fært af öðrum orsökum, og að sjálfsögðu sjá allir, að hér er ekki um næsta mikið fé að ræða.

Ég er hér meðflm. að annarri till., en miklu minni, ásamt hv. þm. V-Húnv., sem hann hefur mælt fyrir hér á þessum fundi, og skal ég þess vegna ekkert um hana ræða hér. Ég vil taka fram, að ég hefði haft mikla tilhneigingu til þess að óska eftir meiri fjárframlögum til nokkurra nauðsynjamála í mínu kjördæmi, en hef vegna þess, hvernig fjárhagsástandið er og frv. að öðru leyti orðið, ekki séð mér fært að fara á flot með þær. Þó eru það sérstaklega tvö mannvirki, sem mjög ríkar ástæður hefðu verið til að fara fram á fjárveitingar til og það af sérstökum ástæðum. Á ég þar við bryggjurnar á Blönduósi og til hafnargerðar á Skagaströnd. Um bryggjugerðina á Blönduósi er það að segja, að þar varð svo stórkostleg bilun á s. l. sumri, að bryggjan er nú með öllu ónothæf, án þess að það sé lagað, en það kostar mikið fé og miklu meira en hægt er að greiða með því litla tillagi, sem frv. ætlar til þessa mannvirkis. — Á Skagaströnd hagar svo til, að búið er að steypa þar 60 m langt og 10 m breitt steinker til framlengingar á hafnargarðinum þar, og því þarf að koma því niður á þessu nýbyrjaða sumri. En þótt þarna sé mikil fjárþörf, hef ég ekki farið á stað með þá till., því að í samningum ríkisstj. og fjvn. hef ég fengið lítils háttar loforð um einhverja upphæð úr hafnarbótasjóði til þessa mannvirkis, og verður þá að ráðast, hvort það verður á annan hátt hægt að greiða úr því, að takast megi að ljúka þessu verki, sem óhjákvæmilegt er að ljúka, til þess að allt fari ekki forgörðum, núna í sumar.

Að öðru leyti skal ég ekki orðlengja um þessa hluti. Það er annarra verkefni en mín að fjalla um fjárlfrv. og fjárlagaafgreiðsluna í heild sinni.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt., sem ég hef séð mig knúðan til að flytja, og tel ég það ekki sýna neina frekju, þar sem það eru eiginlega einustu fjárframlögin, sem farið er fram á til míns kjördæmis, því að ég tel ekki sérstaklega Fjarðarheiðartill. eða till. um elliheimilið þannig vaxnar, að hægt sé að tala um þær sem sérstakar till. handa því kjördæmi.

Fyrstu till. flyt ég ásamt hv. þm. A-Sk. (PÞ) og hv. 9. landsk. þm. (BG) um að veita 10 þús. kr. til Fjórðungssambands Austurlands til þess að halda fjórðungsþing. Þessi þing hafa verið haldin allmörg undanfarin ár og hafa komið að góðu gagni, vakið ýmis merkileg málefni innan fjórðungsins og látið að mörgu leyti til sín taka. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og fleiri hafa borið fram sams konar till. í sambandi við Fjórðungsþing Norðurlands. Vænti ég, að hv. þm. taki vel þessari brtt. okkar flm.

Önnur till., sem ég hef leyft mér að bera fram, er á þá leið, að til hafnargerðar á Seyðisfirði verði veittar 75 þús. kr., til vara 65 þús. kr. Vitamálastjóri lagði til, að veitt yrði 75 þús., en fjvn. skar þá upphæð niður í 25 þús., og ætti þó öllum að vera ljóst, að eins og verðmæti peninga er nú, er ekki hægt að hefja verk með 25 þús. eða ⅓ af því, sem talið var þurfa. Það var ætlunin, að bygging annarrar kolabryggj-

unnar, sem er að falla, tæki 2 ár, og þarf þá að útvega efnið fyrra árið. Ég vil því leyfa mér að vona, að hv. þm. sýni þá sanngirni að samþ. a. m. k. varatill.

Þá hef ég borið fram till. um, að eftirlaun Sveins Árnasonar verði hækkuð um 1110 kr. í grunnlaun með þeirri kvöð, að hann semji sögu fiskimats og saltfisksverkunar á Íslandi. Ef þetta verður gert, sem ég vona, sérstaklega með tilliti til kvaðarinnar og hve gott er að fá slíkt rit eftir jafnglöggan mann og Svein, þá heldur hann fullum launum. Hann hefur starfað að fiskimati síðan 1908 eða 1909 við hinn bezta orðstír, lengst af á litlum launum, en afrekað mjög mikið, t. d. ásamt fleiri að koma á verkun á fiski til Spánar, sem var stór tekjulind fyrir okkur, og tók upp pækilsöltun, sem jók þyngd fisksins til muna og gerði vöruna betri, og þegar fiskurinn var seldur til Spánar fengu Austfirðingar 10 kr. meira fyrir skippundið af því, að mat hans líkaði svo vel. Það er því ekki nema sjálfsagður sómi við Svein, að hann fái nú full eftirlaun, og fá sumir þau, sem síður skyldi.

Síðasta brtt. mín er við heimildagr. fjárl., þar sem ríkisstj. er heimilað að greiða S. R. til að bæta halla þann, sem verksmiðjurnar urðu fyrir í sambandi við vetrarsíldina í Faxaflóa í fyrra, og er lagt til, að hið sama sé látið gilda um síldarverksmiðjuna á Seyðisfirði, sem vann úr 17 þús. málum síldar með tapi. Ég hlustaði því miður ekki á hv. form. fjvn., þegar hann ræddi þetta mál, en mér er sagt, að hann hafi tekið vel í það, og er ég honum þakklátur fyrir, því að ég tel mikla sanngirni mæla með þessu, þar sem hér er um að ræða fyrstu tilraun með bræðslu vetrarsíldar, og skapaði hún 80 millj. kr. gjaldeyri. Ég ræði þetta nú ekki frekar, en vænti sanngirni og velvildar frá hv. þm.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Á öndverðu þessu ári hélt Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ársþing sitt, og fjallaði þingið m. a. um launamál. Niðurstaðan varð sú, að ef þetta fólk ætti að fá sömu leiðréttingu og margt annað launafólk hefði fengið síðan launalögin voru sett, þá þyrfti það að fá 36% kauphækkun. Ég hygg, að stjórn bandalagsins hafi unnið að þessum málum síðan þingið var haldið, en þegar hún fann, að hún fengi engu áorkað í þessum efnum, kallaði hún saman aukaþing bandalagsins. Á því þingi voru staðfestar þessar kröfur, og menn voru gerðir út til ríkisstj. til að fá þessu framgengt. Bandalagið lagði fram sem lokatill. og algert lágmark að fá launahækkun, sem nemur 25%, og þykjast þó fá minna en aðrar launastéttir hafa fengið fram. Talið er, ef orðið er við kröfum bandalagsins um 25% hækkun, að það muni kosta ríkissjóð um 12½ millj. kr., en þó er ekki víst, að það sé svo mikið. Ég er ekki í vafa um, að fólk, sem fékk sanngjörn laun með launalögunum 1945, býr nú við þröngan kost vegna aukinnar dýrtíðar, og fjöldi þessa láglaunafólks hefur nú ekki góða afkomu. Við getum áreiðanlega dregið glögga mynd af breytingunum síðan 1945, t. d. með því að athuga, hvernig ríkisbúinu mundi ganga að bera sig með sömu tekjum og það hafði og þurfti 1945. Á hverju ári síðan hefur fjmrh. í samráði við ríkisstj. borið fram óskir og kröfur um aukningu á tekjum ríkissjóðs, oftast vegna vaxandi dýrtíðar í landinu. Og úr því að útgjöldin hækka hjá ríkinu vegna vaxandi dýrtíðar, þá er því sennilega eins varið með hvert heimili í landinu, og vaxandi kostnaður krefst hærri tekna. Opinberir starfsmenn segjast þurfa minnst 36% hækkun á launum til að geta lifað sómasamlega. Við skulum nú athuga, hvort hér er um meiri hækkun að ræða en ríkisbúið þykist þurfa á sama tíma. Ég tók þetta saman áðan, og niðurstöðurnar eru þær, að nú nema gjaldaliðirnir um 300 millj. kr., en hvað þurfti þá 1945? Þá nægðu 100 millj., og hafði ríkið þó að ég held afgang. Útgjaldaþörf ríkisins hefur því ekki hækkað um ⅓ eða ¼ eins og starfsmennirnir fara fram á. Hún hefur þrefaldazt. Þannig er útkoman á því heimilishaldi, sem hefur þó haft hina glöggustu menn til að stjórna málum sínum, og hygg ég, að þetta nægi til að sýna, að mikil þörf muni nú fyrir tekjur hjá þegnunum. Nú hefur hæstv. ríkisstj. ekki neitað að verða við kröfu B. S. R. B. og viðurkennt, að hún sé sanngjörn, og gefið undir fótinn, að reynt verði að bæta úr þessu, eða a. m. k. að teknir verði upp samningar um þetta efni. Það er augljóst, þegar bandalagið kallar saman aukaþing til að ræða þetta mál, að um allalvarlega ólgu er að ræða í þessum fjölmenna hópi, sem skiptir hundruðum eða þúsundum, og getur þetta orðið allalvarlegt, ef deilan verður ekki leyst án hörku. Þá má geta þess, að samtökin njóta fyllstu samúðar, ef ekki fulls stuðnings Alþýðusambandsins, í öllum sanngjörnum kröfum. Ég veit því, að hæstv. ríkisstj. hefur fullan hug á að leysa þetta mál í fullu samráði við samtökin, en til þess að geta það, verður hún að hafa heimild til að leysa málið jákvætt. Ég tel því, ef hæstv. ríkisstj. er ekki staðráðin í að hafa að engu kröfur bandalagsins, þá sé nauðsynlegt að samþ. till. okkar 4. þm. Reykv., en þar er lagt til að taka allt að 8 millj. af skattsektafé eignakönnunarinnar. Það er ekki ákveðið, hvernig þetta skiptist milli launaflokka, en lagt til, að það verði gert í samráði við B. S. R. B. Hér er aðeins gert ráð fyrir 8 millj. eða aðeins 75% af lágmarkskröfum bandalagsins, og auk þess sett allt að 8 millj. Nú er hugsanlegt, þar sem komið er fram undir mitt ár, að ríkisstj. verði 100% við kröfunum ½ árið, og þá dygði þessi upphæð til að verða við kröfunum eða þá að mæta á miðri leið og miða við allt árið.

Við flm. töldum okkur skylt, þar sem svo áliðið er þingtímans, að skella þessu ekki inn í þingið án þess að benda á tekjumöguleika og höfum því lagt til, að skattsektum samkvæmt eignakönnunarl. verði varið til að standa undir þessu, eða allt að 8 millj. af þeim. Nú sagði hæstv. fjmrh. áðan, að þessar tekjur væru ekki í hendi eða veruleiki nema að nokkru leyti. Það

er rétt. Framtalsnefndin hefur starfað og jafnað niður utan Reykjavíkur, og nema skattsektir þar 4½ millj., og telur hún líklegt, að Rvík ein geri heldur betur en verða eins há. Með öðrum orðum mun sektaféð nema 8—10 millj. kr. Þá er fullvíst, að þessum tekjum hefur ekki enn verið ráðstafað með neinum l. hér í þinginu, hvorki í fjárl. né öðrum lögum. En ég held, að eitthvað sé imprað á því í stjórnarsamningnum, að ½ af því gangi til bæjarfélaganna og ½ í ríkissjóð. Ef staðið væri við þetta, kæmu aðeins um 4 millj. í ríkissjóð, en ég hef einnig frétt, að í ríkisstj. séu nokkrir ráðh. mjög ákveðnir í því að ekki komi til mála, að nokkuð af þessu fé gangi til bæjarfélaganna, en það gangi allt til hins mjög þurfandi ríkissjóðs. Þetta þýðir, að ríkissjóður hefur í pússi sínu álitlegan sjóð, sem hann gæti að meinfangalausu gripið til til að verða við sanngjörnum kröfum, er þetta snertir. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri að nokkru leyti veruleiki, að hann teldi þennan tekjugróða ekki fyrir hendi, þar sem hann hefði áætlað tekju- og eignarskatt nokkuð djarflega og gæti því orðið full þörf að taka af þessum lið til að bæta upp hallann. Það er góðra gjalda vert, að hæstv. fjmrh. sé varfærinn í áætlunum sínum. Og sagt er, að þetta fjárlfrv. sé mjög gætilegt, og ef athugaður er þessi liður, þá sést, að hæstv. ráðh. hefur verið mjög gætinn í áætlun sinni, þar sem hann áætlar tekju- og eignarskatt 40 millj. kr., eða sömu upphæð og í fyrra, og ég sé engar ástæður til, að hann hafi lækkað. Ég sé í athugasemdum hæstv. ráðh., að tekju- og eignarskattur hefur reynzt 43 millj. 1947 og verið áætlaður 65 millj. 1948, en þar hafi boginn verið spenntur of hátt, en það hafi gefizt vel vegna eignakönnunarinnar. Það er því augljóst, að skattsektunum hefur ekki verið ráðstafað með neinum lögum og felast ekki í þessum lið fjárl. Í þessu felst aðeins tekju- og eignarskattur, að viðbættum tekjuaukaskatti. Skattsektir geta því ekki runnið undir þetta, en til þess að fá fulla vissu um þetta, talaði ég við 3 hv. fjvn.-menn og spurði, hvort þetta væri innifalið í fjárl., en þeir kváðu allir nei við og töldu, að þeim hefði á engan hátt verið ráðstafað. Ég skil því ekki, þegar hæstv. fjmrh. segir, að þetta sé enginn tekjugrundvöllur. Þessari fúlgu er algerlega óráðstafað að l., og ríkissjóður á þetta til vara, og er í þessari till. aðeins heimild um, hvernig megi verja því, ef nauðsynlegt er, til að leysa þetta mál sómasamlega gagnvart starfsfólki ríkisins. Ég held, að ég hafi nú sýnt, að hægt sé að inna þessar greiðslur af hendi eftir því, sem samkomulag verður milli B. S. R. B. og ríkisstj. Viljann vantar ekki, og þarna er bent á fjárhagslega möguleika.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Flestar þær ræður, sem haldnar hafa verið, gefa ekki tilefni til langs máls, en ég vil þó svara einstökum þm. og till. lítillega. — Ég vil fyrst taka upp léttara hjal við hv. 1. þm. N-M. Hann svaraði mér út af sínum till., en ég get ekki fallizt á rökin í síðari ræðu hans. Ég vil benda á það í sambandi við Kópavogslönd, að hann er einn af stærstu hreppum landsins, en hefur fengið litla aðstoð frá ríkinu og hefur samt tekizt að leysa eitt aðalvandamálið, húsnæðisvandamálið, og ef ekki hefði verið lagður vegur um löndin, þá hefði einnig verið erfitt að koma upp húsunum. Ég vil því mótmæla því, að þetta framlag verði lagt niður.

Varðandi ræktunarvegina vil ég segja þetta: Ég hef ekki orðið var við, að neinn, sem hefur getað fengið fé frá ríkinu, hafi ekki viljað taka á móti því. Þörfin fyrir þetta hefur verið svo mikil, að talið hefur verið skylt að halda þessu í fjárl. á hverju ári. Má í því sambandi t. d. nefna Vestmannaeyjar, Flatey á Breiðafirði og Flatey á Skjálfanda, svo að þessi ummæli hv. 1. þm. N-M. eru alröng.

Þá fór hv. þm. að tala um námsstyrki. Ég get ekki látið vera að benda á, að það er hlálegt, að maður, sem hefur haft heila fjölskyldu á námsstyrkjum, áður en og eftir að þessir menn höfðu lokið námi, skuli koma og rísa upp á Alþ., þegar veita á styrki til annarra námsmanna og það í greinum, sem ekki er hægt að læra á Íslandi og jafnnauðsynlegar eru og flugnám. Þá rís þessi hv. þm. upp og telur sjálfsagt að skera niður 80 þús. kr., þegar hann er búinn að þiggja miklu meira en sem svarar þessari upphæð, og er svo ósvífinn að segja, að minn sonur hafi fengið meiri námsstyrki en sín börn, vitandi það, að minn sonur hefur aldrei fengið neinn styrk úr ríkissjóði. Og ég teldi mér ekki sæma að sitja á Alþ. og biðja um styrk handa mínum börnum.

Ég vil í sambandi við símatill. hv. þm. leyfa mér að benda á, að eftir að hann hefur talað fyrir henni, álít ég, að hana eigi ekki að samþ., því að ég er sannfærður um, að með þessu eigi að vinna að því að tryggja þeim hreppum, sem geta haft fé til þess að vinna þessar framkvæmdir, fé í mörg ár, en láta hina sitja á hakanum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur meiri skilning á símaþörf sveitanna en ég. En ef bæta á úr þessu örar en ríkissjóður hefur efni á árlega, á að láta aðra menn, sem vanda verk sitt betur en hv. 1. þm. N-M., útbúa slíkar till. og skipuleggja slíkar framkvæmdir, en láta ekki kasta þessu svona inn af handahófi, eins og hann hefur gert, þannig að enginn geti skilið, hvað meint er með till. Vænti ég þess því, að hv. þm. felli þessar till. hans allar, eins og þær liggja fyrir.

Ég vil þá ræða við hv. þm. V-Húnv. (SkG) í sambandi við hans till. Í fyrsta lagi læt ég það nú alveg undir dóm hæstv. forseta, hvort hann sér sér fært að bera þessa brtt. upp til atkvæða, þar sem óviðeigandi er að hnýta svona till. við afgreiðslu fjárl. Hv. þm. vildi gefa í skyn, að fjvn. hefði legið á þessu máli. Í tilefni af þessu vil ég upplýsa, að engar þáltill. voru afgr. úr n. á því tímabili, sem hann sagði, að n. hefði sofið á málinu, þ. e. frá 25. jan. til 31. marz. En strax og fjvn. hafði lokið þeim störfum, er hún taldi þýðingarmeiri en afgreiðslu slíkra mála og hér um ræðir, voru þær till. teknar í

röð. Það er því ekki hægt að deila á n. fyrir að hafa legið á þessari till. fremur en öðrum, og mótmæli ég því þessum ásökunum um það, að ég hafi tafið málið. Síðan hefur málið verið í höndum forseta og innan handar fyrir hv. þm. að kalla eftir því á hverjum fundi, ef hann hefði viljað fá málið fram, sem ég raunar efa, því að hann veit, að svona mál á ekki að afgr. með þál., heldur ætti það að afgr. sem lagabreyt. við viðkomandi lög, því að hann veit, að þá er það orðinn lagabókstafur. Hv. þm. hélt því fram, að hér væri um sparnaðartill. að ræða fyrir ríkissjóð. Ég vildi gjarna, að hv. þm. læsi nál. minni hl. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ef þetta verður samþ., verður að hækka risnu til viðkomandi embættismanna sem samsvarar því, sem ákveðið er hér, því að risnan í dag er miðuð við það, að þessir menn þurfi ekki að kaupa þessa hluti með hærra verði en áður. Hvað heldur t. d. hv. þm., að forseti Íslands þyrfti þá mikla risnu, eða forsrh.? Meðan meiri hl. Alþ. hefur ekki gengið svo langt í því atriði að minnka risnu hjá forsetum hæstaréttar eða biskupi landsins, sem þarf að gefa nokkrum prestum kaffi einu sinni á ári, eða skrifstofustjórum í stjórnarráðinu, sem þurfa yfirleitt ekki að hafa neina risnu, — meðan meiri hl. alþm. vill ekki ganga svo langt, dettur mér ekki í hug, að þeir ætlist til þess, að forseti Íslands fái ekkert í risnu. Sannleikurinn er sá, að þetta hefur engan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Þetta er ekkert annað en blekking, auglýsing til fólksins úti á landi. Ef samþ. ætti svona till., mætti náttúrlega alveg eins setja inn í fjárl., að ekki mætti gefa jarðir eða höfuðból, þegar ráðh. þóknaðist, eða að ekki mætti kaupa eitthvað af Silfurtúnum eða ekki skóglendi. Nú er það ákveðið skýrt í stjskr., að ekkert af þessu má gera nema með samþykki Alþ. Þetta hefur nú verið gert. Að ég ekki tali um, ef setja mætti inn, að ekki mætti yfirgefa fyrri stjórnmálaflokk og taka upp nýjan flokk. Þetta hefur líka verið gert. Þá veitti ekki af að setja inn í fjárl., að ekki mætti setja upp ríkisbú, sem engin heimild væri fyrir og gæti orðið heylaust, þegar kæmi fram á útmánuðina. Þá mætti setja inn í fjárl., að ekki mætti kaupa bændur upp af jörðum fyrir stórfé úr ríkissjóði. Að ég nú ekki tali um, að ástæða væri til að setja inn í fjárl. að banna að leggja niður heilsuhæli. En allt þetta hefur skeð hér, eins og hv. þm. er kunnugt um. Nei, ég held, að það sé hvort tveggja, að þessi till. eigi ekki heima í fjárl. né heldur, að hv. þm. ætlist til, að hún sé samþ. Hún er einn liðurinn í þessari auglýsingastarfsemi hjá flokki, sem hefur litla ábyrgðartilfinningu fyrir meðferð á ríkisfé, og verður enginn sparnaður fyrir ríkissjóð.

Ég skal þá koma örlítið að ræðu hæstv. atvmrh. Hann er nú ekki við, en ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér, og vildi ég gjarna, að hann athugaði þetta mál, sem er í sambandi við heimild á 22. gr. um 1½ millj. kr., sem greiða megi til sauðfjárskipta á þessu ári. Út af þessari sérstöku till. vil ég leyfa mér að benda á, að ég varð alveg undrandi yfir yfirlýsingu landbrh., því að hann lýsti yfir, að þm. hefðu ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir voru að gera, er þeir samþ. till. um fjárskiptin. Og þetta mælir landbrh. og formaður Búnaðarfélags Íslands. Hvaða manni bar skylda til þess að aðvara þessa menn á Alþingi, sem samþ. þessa till., ef hér var verið að fara út í einhverja vitleysu? Ég vil minna á það, að einn af þessum mönnum, sem var í Búnaðarfélaginu, fullyrti, að stórkostlegur sparnaður væri að till. Ég verð að segja, að það er fallegur hugsunarháttur að fá þm. til þess að samþ. þessa till. og segja svo, að þeir viti ekki, hvað þeir eru að gera. Þegar fjvn. vildi ekki taka meira á þessa gr., var bent á í sambandi við það mál, að nauðsynlegt væri að taka til athugunar, hvernig ætti að tryggja 35 millj. kr. greiðslur á næstu 7 árum. Nei, þá þurfti ekki að taka neitt til athugunar nema fyrsta árið og því lýst yfir af landbrh. og mönnum úr Búnaðarfélaginu. Þá var ekkert athugavert við þetta. Nú á síðustu stundu er beðið um 1—3 millj. til þess að standast þessi útgjöld, og það var bent á það þá, að nauðsynlegt væri að taka þessi l. og athuga þau á þessu þingi vegna þeirra gífurlegu útgjalda, sem þau hefðu í för með sér, því að það lágu ekki fyrir réttar upplýsingar frá þeim aðilum, sem bezt áttu um þetta að vita. Hæstv. ríkisstj. hefði átt að hafa lengri tíma til að athuga þetta en þá 30 daga og 30 nætur, sem liðu áður en 3. umr. fór fram, því að það þarf 30 millj. kr. — það vissu allir — í þessa hít. Mér þótti rétt á þessu stigi að láta þessa skoðun mína koma fram í málinu.

Að því er snertir ummæli hæstv. menntmrh. varðandi Skriðuklaustur, þá vil ég aðeins endurtaka það, að ríkissjóður verður nú þegar að gefa 400 þús. kr. með þessari gjöf. Ég veit ekki, hvort ríkissjóður hefur nokkurn tíma þegið nokkurt höfuðból nema því fylgdi svona kvöð. Þetta er ekkert einsdæmi, og má í þessu sambandi t. d. nefna Bessastaði, en í þá er búið að henda geysistórum fjárfúlgum. Það er spá mín, að þetta verði ekki síðustu 400 þús. kr., sem eytt verður í þessa gjöf, þannig að ég hef þarna ekkert ofmælt. Það er hins vegar engin ásökun á gefandann, þó að eyða þurfi svona miklu til þess að geta notfært sér gjöfina. Ég vil ekki með nokkru móti vanþakka hans hlut, en þetta er myndin, sem blasir við okkur, og hefur þegar komið fram hér, að við verðum á fyrsta ári að láta þessa upphæð til þess að geta starfrækt staðinn.

Þá minntist hæstv. ráðh. á 1.5 millj. kr. lán til ríkisspítalanna. Ég er honum sammála um það, að brýna nauðsyn ber til þess að ráða bót á þessum málum. En því meira sem sett er í það á þessu ári, því meira er tekið frá atvinnuvegunum og því meiri er fjárfestingin, sem nú er að gera okkur ýmsa erfiðleika. Hins vegar skal ég ekkert mæla á móti þessu, ef ríkisstj. kemur sér saman um að taka til láns 1 millj. kr. til að bæta við spítalana. Þá tel ég það gott mál, en ég tel ekki sama, hvernig því er varið. Vildi ég sérstaklega í sambandi við blóðbank-

ann spyrja, hvort útilokað væri að flytja þetta að Keldum.

Ég ætla þá aðeins að minnast hér á tvær brtt., sem ég get ekki látið hjá líða að gera að umtalsefni. Önnur er frá hv. 2. þm. Reykv. og felur í sér 12½ millj. kr. útgjöld. Það er alveg ljóst, að það er mikill vandi á höndum í þessu máli. Þeir menn, sem gera hér kröfur um launahækkun, hafa vist mikið til síns máls, en hins vegar er ljóst, að þetta mál er ekki eins augljóst og þeir menn halda, sem bera fram þessa brtt. Í fyrsta lagi vil ég taka alvarlega undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að raunverulega er ekki hægt að samþ. till. á þskj. 733, því að það væri engin sanngirni í því að ætla sér að greiða 25% viðbót, sem gengi jafnt yfir alla, til þeirra manna, sem eru hér ár eftir ár á tvö-, þre- og fjórföldum launum hjá ríkinu. Till hv. 3. landsk. fer aðra leið, en það væri erfitt og varla mögulegt fyrir ríkisstj. eða Alþ. að afsala sér rétti til þess að ákveða laun embættismanna og láta þessa menn sjálfa ákveða laun sín. Ég lít svo á, að hv. þm. hafi lagt rangan skilning í l. um eignakönnun og dýrtíðarráðstafanir. Í 2. gr. eru ákvæði um, að þessu fé skuli varið eftir vissum reglum, og ég vil fá lögfróðari menn en hv. 3. landsk. er til þess að segja, að heimilt sé að verja þessu fé á annan hátt. Engar upplýsingar liggja fyrir um, hvað þetta fé sé mikið, en hv. 3. landsk. segir, að sektirnar nemi 8—10 millj. kr. En ég spyr: Hve mikill er þá sjálfur skatturinn? Hv. 3. landsk. þótti eigi varlegt, er verið var að semja l. um hlutatryggingasjóð, að áætla, að sjóðurinn næði 10 millj. kr., og sló því fram varnagla, að ríkissjóður greiddi 5 millj. kr. En það er ekki allt gull í kassa ríkissjóðs, sem hv. 1. þm. N-M. og aðrir slíkir menn leggja á sem sektir, og hæstv. fjmrh. veit vel, að nú standa yfir málaferli um skatt, sem ranglega hefur verið lagður á. Ég byggi því ekki á, að þetta fé sé 8—10 millj. kr., og tel ég óheimilt að ráðstafa þessu óðruvísi en ákveðið er í l. um dýrtíðarráðstafanir. Hæstv. fjmrh. sagði í lok ræðu sinnar, að afgreiðsla fjárl. hvíldi þungt á fjvn. og ríkisstj. Það er rétt, svo langt sem það nær, en afstaða mín er sú, að ég er á móti þessari afgreiðslu fjárl., og það veit hæstv. ráðh. vel. Ég er á móti því, að farin sé sú leið, sem ekki leiðir til lausnar í vandamálum þjóðarinnar. Ég var fylgjandi hæstv. ráðh., er hann lýsti því yfir, að hann mundi ekki taka upp aðra stefnu en fylgt hafði verið. Ég hef samt ekki viljað gera ágreining um þetta vegna þess ástands, sem nú ríkir í fjármálum landsins, en ég er ekki fylgjandi þessari stefnu.

Það var augljóst, þegar ríkisstj. lagði samþykki sitt yfir samninga milli útgerðarmanna og sjómanna, þar sem yfirmenn fá tvö- og þreföld ráðherralaun og undirmenn fá tvöföld laun á við menn í landi, að þá þolir landið þetta ekki, hvað svo sem útvegsmönnum líður, og með þessari ofrausn er stefnt í hreinan voða. Og sú kaupkröfualda, sem síðan hefur risið, eins og t. d. hjá B. S. R. B., á rót sína að rekja beint til þessa. Þá skóp ein stétt, að vísu ágæt stétt, sér betri kjör en aðrar stéttir hafa, og þær munu reyna að koma á eftir, en þegar farið er inn á þessa braut, getur ríkissjóður ekki staðið við skuldbindingar sínar, og ef á að greiða slíkan krónufjölda, verður að búta krónuna, og það á ríkisstj. að viðurkenna. Kapphlaupið er vegna þessara aðgerða, og þjóðin sér, að það verður að fara fram gengislækkun, og vill tryggja sig áður eins og hún getur. Það er sjáanlegt, að ríkissjóður verður að fara að sækja til þegnanna laun handa þeim sjálfum og til uppbóta á útflutninginn. Það er því kominn tími til þess að gera þetta upp. En það er einmitt Alþfl., sem ekki vill fara inn á þá braut, og svo stjórnarandstaðan, sem ekki er nema eðlilegt. Þessir sömu menn bera nú upp millj. kr. till. til úrbóta þeim, sem urðu illa úti vegna þeirra eigin aðgerða. Hjólið snýst þannig áfram, og enn verður að mæta nýjum kröfum, og að síðustu stöðvast allt. Það hefur verið talað um, að starfsmenn ríkis og bæja mundu neyðast til þess að taka sér vald til verkfalls. Það vald hefur skapað þetta ástand, sem nú ríkir, og ef á að misbjóða þessu valdi, þá verða þeir, sem betur sjá, að taka af þeim þetta vald.

Ég vil vera með í því að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl., að því leyti sem varðar útgjöld til verklegra framkvæmda og sparnað í ríkisrekstrinum. En ég vil ekki bera persónulega ábyrgð á afleiðingum þess, að ekki voru farnar þær leiðir, sem hæstv. fjmrh. vildi fara. En aðstæðurnar voru þannig, að eini flokkurinn, sem þorði og vildi fara þessa leið, var ekki nægilega sterkur til þess að koma því í framkvæmd, að sú leið yrði farin, sem er bezt, til þess að ná aftur því jafnvægi, sem við verðum að ná fyrr en seinna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að taka alvarlega spjall hv. þm. Barð. viðvíkjandi till. þeim, sem ég flutti um athugasemdir við ríkisverzlunina. Það er ekki óalgengt, að athugasemdir, skýringar og skilyrði séu sett í fjárl. Slíkt finnst hér í eldri fjárl. Hv. frsm. sagði, að það hefði átt að flytja þetta sem brtt. við viðkomandi l. Ég held, að það sé hvergi í l. að láta einstaka menn hafa tóbak og áfengi við lægra verði en almennt er greitt fyrir þessar vörur. Hv. þm. segir, að ég hafi talað um þetta sem sparnað. Ég sagði, að þetta væri tekjuauki fyrir ríkissjóð, og þannig er það líka, ef maður reiknar með því, að þessir menn fái sér sopa við og við, eins og þeir hafa gert. Þá talaði hv. þm. um, að auka þyrfti risnufé. Um það geta auðvitað verið skiptar skoðanir, en jafnvel þótt veita þyrfti vín af hálfu hins opinbera, þá er það enginn skaði fyrir ríkissjóð, þótt það sé reiknað á réttu verði. En við vitum báðir, að þetta vín er ekki eingöngu notað til risnu, heldur nota menn þetta til eigin þarfa, og svo framarlega sem þessir menn halda áfram að nota vín, þá er þetta tekjuauki fyrir ríkissjóð.

Mér virðist, að till. mín um vínið hafi farið í kollinn á hv. þm. Hann fór að tala um ríkis-

bú og heilsuhæli, og í þessu sambandi minntist hann einnig á Skriðuklaustur og Bessastaði. Þó held ég, að hv. þm. sé ekki fullur, en hann talar eins og hann sé augafullur. — Þá talaði hann einnig um blóðbanka, sem hér ætti að fara að stofna, en ef svo er, þá ætti flokkur hans að fá handa honum skammt af nýju blóði, og það stóran skammt, og gefa honum hann inn, áður en hv. þm. byrjar að tala um fjárl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 556, 663, 681, 685, 686, 704, 712, 715, 718, 720, 721, 730, 732, 733, 734).

ATKVGR.

Brtt. 732,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 732,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 732,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 732,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 732,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 732,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 732,7 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 685,I.a-b felldar með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, HÁ, AG, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JörB, KTh, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrA, StgrSt, ÁS, BK, BrB, EOl.

nei: EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JS, LJóh, ÓTh, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BÓ, JPálm. EE, ÁkJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÞG, JJ, BSt) fjarstaddir.
8 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Þessi liður litur ekki líklega út til að vera til siðbótar, en maður veit, að þar er reynt að koma með dálitinn fleyg inn í mikið álitamál og karpmál, sem staðið hefur lengi á Alþingi, og ég vil ekki binda mig við þær refjar, hvorki til góðs né ills, og greiði því ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með því að þetta er framkvæmdaratriði ríkisstj. og auk þess augljóst, að þau rök, að hér sé um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, eru algerlega röng og villandi, segi ég nei.

Hannibal Valdimarsson: Með því að það er ekki almenn verzlunarvenja í landinu, að ráðherrar og forsetar eigi að fá vörur keyptar lægra verði en almenningur, og jöfnuður bezt-ur á öllu er, segi ég já.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil benda á, að ég hef ekki öðlazt neina sannfæringu fyrir, að hér sé um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð. Hins vegar veit ég, að af samþykkt þessarar till., eins og hún er orðuð, mundi leiða, að fljótlega kæmi svipað fram gagnvart erlendum sendiráðum, sem eru líka viðskiptavinir áfengisverzlunarinnar, og segi því nei.

Jón Sigurðsson: Með tilvísun til grg. hæstv. fjmrh. segi ég nei.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þar sem fyrir Alþingi liggur þáltill., sem fer í svipaða átt og þessi till., sem ég tel rétt, að komi til afgreiðslu þingsins, og ég kann ekki við að hnýta þessu aftan við ákvæði í fjárl., segi ég nei.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég gæti vel sætt mig við, að annarri og betri skipan væri komið á þann rétt, sem slíkri verzlun fylgir, en hins vegar get ég ekki sætt mig við það, að þessi réttindi séu í fjárl. með einu pennastriki tekin af öllum, einnig forseta Íslands og þeim mönnum í ríkisstj., sem ber risnuskylda. Ég segi því nei.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að ég sé sá af ráðh., sem hafi notað mest þessa heimild, og ég tel, að með því hafi ég eins vel og aðrir eða betur haldið uppi þeirri skyldu ráðh. að koma fram fyrir hönd síns lands og hafa eðlilega risnu. Ég veit að vísu, að einn ráðh. úr minni stj., sem sat hjá við þessa atkvgr., hefði sennilega orðið gjaldþrota, ef þessi fríðindi hefðu ekki gilt þá og hann hefði haft þá risnu, sem hann hafði. Ég veit, að hann hefur kannske verið jafnveitull fyrir hönd ríkisins og ég var. Ég tel mikla nauðsyn fyrir ráðh. að halda uppi eðlilegri risnu, og með því verðlagi, sem nú er á áfengi, er útilokað að gera það. Ég hef hins vegar aldrei skilið, að sparnaður gæti að þessu orðið, því að ef slík till. yrði samþ., yrði að hækka risnu þessara manna, og það kæmi þá fram á öðrum liðum. Ég segi því eindregið nei.

Brtt. 732,8 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 732,9 samþ. með 34:1 atkv.
— 704,I.1 felld með 27:12 atkv.
— 704,I.2 felld með 30:6 atkv.
— 704,I.3 felld með 24:15 atkv.
— 704,I.4 felld með 28:2 atkv.
— 704,I.5 felld með 27:9 atkv.
— 663,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 663,2 samþ. með 28:9 atkv.
— 704,I.6 felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JörB, KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BK, BrB, EOl.

nei: GJ, GÍG, GTh, HÁ, AG, IngJ, JóhH, JJós, JS, LJóh, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, JPálm.

SkG, BÓ greiddu ekki atkv.
2 þm. ((JJ, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 663,3 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 681,I felld með 26:12 atkv.
— 721,I.1 felld með 27:11 atkv.
— 730,I samþ. með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BÓ, BrB, EOl, EE, GÍG, GTh, GÞG, AG, HermG, JóhH, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁS.

nei: BK, EmJ, EystJ, FJ, GJ, HÁ, HelgJ,

HermJ, JJós, JG, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, BÁ.
HV, IngJ, JS, SK, StSt, ÁÁ, JPálm greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, BG, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 718 samþ. með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJós, SigfS, SB, SG, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG.
nei: BÁ, BBen, BK, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, ÓTh, PÞ, PO, SEH, SK, ÞÞ.
BÓ, EE, HermJ, JörB, LJóh, PZ, SkG, StSt, StgrSt, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJ, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 704,I.7 felld með 31:4 atkv.
— 715,I felld með 26:4 atkv.
— 704,II felld með 25:10 atkv.
— 704,II, varatill., felld með 26:12 atkv.
— 721,I.2 felld með 29:10 atkv.
— 712,I felldar með 29:12 atkv.
— 681,II felld með 24:4 atkv.
— 704,III.1 samþ. án atkvgr.
— 704,IV samþ. án atkvgr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þar sem ég sé í till. fjvn., að hún ætlar hærra framlag til viðhalds vega en gert var ráð fyrir við 2. umr., og till. okkar 2. þm. Árn. gekk í þá átt að hækka framlag til vegarins um Selfoss, þá tökum við hana aftur í trausti þess, að sá vegur fái nauðsynlegt fé.

Brtt. 704,V tekin aftur.
— 663,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 712,II felld með 26:12 atkv.
— 663,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 704,III.2 felld með 37:1 atkv.
— 704,III.3 felld með 31:1 atkv.
— 681,III felld með 32:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, SEH, StSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG.
nei: JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, AG, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JPálm.
LJóh, PZ, SK, BÓ, EE, HermJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJ, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Mér þykir rétt að upplýsa, að þegar n. úthlutaði fé til Akureyrar, lágu fyrir upplýsingar frá vitamálaskrifstofunni um, að nægilegt væri fyrir Akureyri að fá 135 þús. Síðar upplýstist, að vangoldið væri um 300—400 þús. kr., og hefðu þær upplýsingar legið fyrir n. strax, mundi upphæðin til Akureyrar í till. n. hafa orðið tilsvarandi hærri. En í trausti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að verða við réttum og sanngjörnum óskum um fé til þessara framkvæmda, þá segi ég þó nei.

Brtt. 721,II felld með 25:10 atkv.
— 712,III.1 felld með 25:8 atkv.
— 704,VI felld með 30:12 atkv.
— 704,VI, varatill., samþ. með 23:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJóh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl, EE, EystJ, FJ, GÍG, GTh, HV, HermG, JóhH.
nei: JG, JS, JörB, PÞ, PO, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, BÁ, BBen, BK, EmJ, GJ, GÞG, AG, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm.
PZ, SK, StSt, BÓ, HÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, BSt, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 721,III.1 felld með 27:10 atkv.
— 681,IV felld með 36:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, AG, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, BÓ, EmJ, JPálm.
LJóh, PZ, BG, EE greiddu ekki atkv.
2 þm. ((JJ, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 712,III.2 felld með 25:10 atkv.
— 704,VII.1 felld með 26:10 atkv.
— 704,VII.2-3 teknar aftur.
— 663,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 704,VII.4 kom ekki til atkv.
— 704,VII.5-8 felldar með 30:2 atkv.
— 663,7 samþ. með 27:1 atkv.
— 715,II samþ. með 24:8 atkv.
— 721,III.2 felld með 27:13 atkv.
— 685,II samþ. með 29:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, HermJ, JóhH, KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, StJSt.
nei: StgrSt, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StSt.
BK, BÓ, LJóh, SÁÓ, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (BSt, JJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þeir, sem vilja gefa kommúnistaleirskáldum fé, geta gert það fyrir mér. Greiði ég þess vegna ekki atkv.

Brtt. 704,VIII felld með 23:12 atkv.
— 704,VIII, varatill., felld með 22:18 atkv.
— 681,V felld með 27:13 atkv.
— 712,IV samþ. með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermG, HermJ, JörB, KTh, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, BK, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG.
nei: HÁ, AG, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StSt, ÞÞ, BBen, GJ, JPálm.
PZ greiddi ekki atkv.

3 þm. (JJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Þar sem því skilyrði er fullnægt, að kórinn hefur aðsetur í Rvík, og í öðru lagi þar sem hann hefur fengið þá dóma í erlendum blöðum, að hann sé bezti kórinn, sem þátt tók í söngmótinu í Kaupmannahöfn, segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég segi já með tilvísun til grg. hv. þm. N-Ísf. og að því viðbættu, að ég treysti því, að Rvíkurbær styðji hann þá einnig fyrir sitt leyti.

Gísli Jónsson: Það er nú augljóst, að ríkisstj. hefur forgöngu um að breyta því samkomulagi, sem varð um afgreiðslu fjárlaga, og það svo freklega, að ráðherrar hafa þar gengið fyrir. En þrátt fyrir það vil ég ekki vera sá ódrengur að ganga á bak orða minna og segi því nei.

Brtt. 734,I samþ. með 24:10 atkv.
— 663,8 samþ. með 27 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Það er nú svo með næstu brtt. [704,IX] að athuguðu máli, að ég vil heldur eiga það í höndum ríkisstj. en eiga það undir handahófsafgreiðslu hér á Alþ., þar sem hér er um varnarlaust land að ræða, og er því till. tekin aftur.

Brtt. 704,IX tekin aftur.
— 715,III tekin aftur.

Jón Gíslason: Í trausti þess, að varatill. brtt. minnar, nr. X á þskj. 704, verði samþ., tek ég aðaltill. aftur.

Brtt. 704,X, aðaltill., tekin aftur.
— 704, X, varatill., samþ. með 23:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BG, BÁ, BK, EOl, EE, EystJ, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JS, JörB, KTh, LJóh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt.
nei: ÁkJ, ÁÁ, BBen, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, AG, IngJ, JóhH, JJós, ÓTh, PO, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, JPálm.
ÁS, BÓ, BrB, GÞG, SB, StgrA greiddu ekki atkv.
2 þm. (BSt, JJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég sé ekki betur en að búið sé að veita fé til sandgræðslunnar á fjárl., og með tilliti til þess, að hægt er að nota það fé í þessar framkvæmdir, segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þar sem ég veit, að það fé, sem hæstv. samgmrh. talaði um, er ekki hægt að fá í þessu skyni, segi ég já.

Steingrímur Steinþórsson: Þar sem það hefur nú upplýstst í umr. um þetta mál, að sandgræðslan getur ekki látið fé til þessara framkvæmda, en þar sem hins vegar hér er um að ræða bráðnauðsynlegar framkvæmdir, segi ég já.

Brtt. 712,V felld með 25:9 atkv.
— 663,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 704,XI.a felld með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BG, BÁ, BK, EOl, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JS, JörB, PÞ, SB, SG, SK, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁS.
nei: BBen, BÓ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, AG, HV, IngJ, JóhH, JJós, LJóh, ÓTh, PO, SEH, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ.
BrB, EmJ, KTh, LJós, PZ, SigfS, SÁÓ, StgrA, JPálm greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, EE, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 704,XI.b felld með 27:10 atkv.
— 663,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 663,II samþ. án atkvgr.
— 681,VI felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BÓ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HV, HermJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, SB, SEH, SkG, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG.
nei: BÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, GJ, GÍG, AG, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, KTh, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, JPálm.
EE, GTh greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJ, BSt) fjarstaddir.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég tel, að hér sé um þarfa hreyfingu að ræða, en þar sem hún fer í þá átt að skapa fjórðungnum sjálfstæði gegn ríkisvaldinu, þá finnst mér það vera öfugt við það, sem ætti að vera, og að ríkið ætti að byrja á því að ná tökum með fjárhagshliðina, og segi því nei.

Gísli Jónsson: Ég er með ríkisvaldinu og segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Þar sem ég hef von um það, að fjórðungssambandið geti með starfi sínu minnt hv. stjórnarskrárnefnd á, að hún sé til og að henni beri að vinna að samningu stjórnarskrár fyrir lýðveldið, þá segi ég já.

Lárus Jóhannesson: Ég er á móti misnotkun ríkisvaldsins og segi því já.

Páll Zóphóníasson: Það hefur sýnt sig, að fyrrverandi ríkisstj. svaf á gefnum loforðum og að núverandi stj. gerir það líka, og það er þess vegna nauðsynlegt að launa vökumann, sem sífellt minni hana á loforð sín, þar til hún man þau, og segi ég því já.

Skúli Guðmundsson: M. a. með tilliti til þess, að fjórðungssamband Austurlands hefur átt þátt í því að gera till. um nýja stjórnarskrá

fyrir lýðveldið, sem við þm. höfum fengið að sjá, en hins vegar hefur enginn sýnilegur árangur orðið af störfum stjórnarskrárn. til þess að undirbúa það nauðsynjamál, þá segi ég já.

Brtt. 715,IV felld með 32:15 atkv.
— 681,VII felld með 24:19 atkv.
— 704,XII felld með 25:16 atkv.
— 721,IV felld með 25:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GTh, HV, HermG, JóhH, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: SK, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, BÓ, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, JPálm.
SEH, SÁÓ, EE, FJ, GÞG, AG, HermJ, PZ greiddu ekki atkv.
6 þm. (StgrSt, BG, BSt, JJ, LJóh, SB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að samþ. svona stóra brtt., nema þá til þess að geta bent á ríkissjóð sem vanskilastofnun, og hlýt ég því að segja nei.

Páll Zóphóníasson: Ég geri ráð fyrir, að ríkissjóður komist nógu fljótt í það ástand að verða vanskilastofnun, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, en ég vil ekki stuðla að því, að hann verði það fyrr en ella hefði orðið, og ég mun því ekki greiða atkv.

Brtt. 663,12 samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað næstu brtt. [704,XIII], eftir að gögn hafa legið fyrir um hana. N. mælir með því, að varatill. verði samþ., ef hv. flm. tekur aðaltill. til baka.

Hermann Jónasson: Ég mun gera það, því að varatill. er í samræmi við það, sem póststj. hefur lagt til.

Brtt. 704,XIII, aðaltill., tekin aftur.
— 704,XIII, varatill., samþ. með 37 shlj. atkv.
— 663,13 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 704,XIV felld með 24:13 atkv.
— 704,XV samþ. með 23:14 atkv.
— 732,10 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það varðar samkomulag viðvíkjandi því, að fjvn. lagði til, að VI. liður 2 í 20. gr. væri lækkaður úr 400 þús. kr. niður í 100 þús. kr. Nú hefur þetta samkomulag verið rofið, og þess vegna óska ég eftir því, að liður I á brtt. 686 verði tekinn sér og að um hann verði nafnakall, því að þessi liður var alveg bundinn því skilyrði, að hækkunartill. kæmu ekki fram.

Brtt. 686,1 samþ. með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, HÁ, AG, HV, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SB, JPálm.
nei: StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BrB, EOl, GJ, GTh, HelgJ, HermG, JóhH, KTh, LJós, PZ, SigfS, SG.
GÞG greiddi ekki atkv.
2 þm. (BSt, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 663,14 samþ. með 24:6 atkv.
— 686,2.a samþ. með 24:11 atkv.
— 686,2.b.1 samþ. með 24:11 atkv.
— 686,2.b.2 samþ. með 29:4 atkv.
— 686,b.3 samþ. með 25:10 atkv.
— 663,15 samþ. með 33:6 atkv.
— 721,V felld með 31:10 atkv.
— 733,I felld með 36:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁS, ÁkJ.
nei: BG, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, JPálm.
GÞG, AG, HV, SÁÓ greiddu ekki atkv.
2 þm. (BSt, JJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég hef ásamt hv. 3. landsk. flutt till. um sama efni á þskj. 734 og mun að sjálfsögðu greiða atkv. með henni og greiði því ekki atkv. um þessa.

Hannibal Valdimarsson: Með tilvísun til grg. hv. 4. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég er þeirrar skoðunar, að mjög æskilegt sé að geta komið eitthvað til móts við óskir opinberra starfsmanna um bætt launakjör á yfirstandandi ári. Ég tel þó ekki unnt að greiða atkv. með brtt., sem fyrir liggur, og ekki heldur hinni, sem seinna kemur, en vildi fyrir mitt leyti láta athuga, áður en þingi lyki, hvort og þá á hvern hátt væri hægt að gera ráðstafanir, er miði að því að greiða fyrir óskum opinberra starfsmanna. Ég segi nei.

Brtt. 663,16.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 663,16.b samþ. með 30:2 atkv.
— 663,16.c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 663,17.a samþ. með 27 shlj. atkv.
— 663,17.b samþ. með 32:4 atkv.
— 663,17.c samþ. með 27:1 atkv.
— 681,VIII samþ. með 24:16 atkv.
— 663,18 samþ. án atkvgr.
— 734,II felld með 35:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞG, AG, HV, HermG, KTh, LJós.
nei: ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG,

GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, JPálm.
BG greiddi ekki atkv.
2 þm. (BSt, JJ) fjarstaddir.
16 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég lít þannig á, að ríkisstj. hafi mátt búast við því með þeirri fjármálastefnu, sem hún hefur fylgt, að kröfur sem þessi kæmi fram. Ég tel, að það beri að svara henni með því að breyta alveg um fjármálastefnu og skapa heilbrigðari grundvöll fyrir atvinnulífið, svo að mönnum notist betur að launum sínum. Spái ég þá, að þessi krafa falli niður. Þess vegna segi ég nei.

Páll Þorsteinsson: Ég tel höfuðatriðið að gera ráðstafanir til þess að auka kaupmátt launa og peningatekna og einnig án tafar alls herjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi fjárhagshrun og samdrátt og stöðvun atvinnu. Ég tel, að í því sambandi beri að rannsaka kjör og aðstöðu launamanna og annarra stétta og vinna að auknu réttlæti í launagreiðslum og skiptingu þjóðarteknanna. Og með skírskotun til þessa treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með þessari till. nú og segi því nei.

Skúli Guðmundsson: Með skírskotun til þeirrar grg., sem hv. þm. A-Sk. flutti, og einnig með tilvísun til þess, að ég hef ásamt öðrum þm. á þessu þingi flutt frv. um meira verzlunarfrelsi handa almenningi í því skyni, að kaupmáttur launa verði meiri, og það frv. fengið afgreiðslu í Nd., en kemur undir úrslitaatkv. í Ed. væntanlega næstu daga, — með tilvísun til þessa hvors tveggja segi ég nei.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Með tilvísun til grg. minnar um till. á þskj. 733 og einnig með þeirri aths., að ég tel fastmælum bundið, að það fé, sem um ræðir í till., eigi að skiptast milli ríkis og bæjarfélaga, segi ég nei.

Steingrímur Aðalsteinsson: Mér er því miður ekki kunnugt um, að þær 8 millj. kr., sem þarna er vísað á, séu fyrir hendi. En ef það samt sem áður skyldi vera, teldi ég þeim vel varið í þessu skyni, og segi því já.

Steingrímur Steinþórsson: Með tilvísun til grg. þeirra hv. þm. A-Sk. og hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Bjarni Ásgeirsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. A-Sk. segi ég nei.

Brynjólfur Bjarnason: Með skírskotun til grg. hv. 6. landsk. segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Nei, með tilvísun til grg. hv. þm. A-Sk.

Finnur Jónsson: Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. vil ég einnig taka sérstaklega fram, að ég tel mér á engan hátt fært að taka þátt í því að lofa tveimur aðilum sömu peningunum og segi þess vegna nei.

Halldór Ásgrímsson: Með skírskotun til grg. hv. þm. A-Sk. og hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Helgi Jónasson: Nei, með tilvísun til grg. hv. þm. A-Sk.

Hermann Jónasson: Ég vil í höfuðatriðum vísa til grg. hv. þm. A-Sk. Það er fyrirsjáanlegt, að frekari kauphækkanir eru ekki nema augnablikshagur fyrir nokkrar stéttir, sem leiða af sér hrun, sem kemur yfir þessar stéttir eins og aðrar. Með tilvísun til grg. hv. þm. A-Sk. og hv. þm. V-Húnv. segi ég því nei.

Jóhann Hafstein: Ég treysti varlega á það, að Framsfl. fáist til að fylgja þeirri stefnu, sem hv. þm. A-Sk. var að tæpa á og aðrir hv. þm. Framsfl. tóku undir og vísuðu til, og ætti því raunar að segja já, en með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. segi ég nei.

Jón Gíslason: Með skírskotun til grg. hv. þm. A-Sk. segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Við flm. næstu brtt. [681,IX] höfum komið okkur saman um að taka hana aftur í trausti þess, að úr þessari fjárþörf verði bætt á annan hátt, enda höfum við haft um þetta samráð við hæstv. fjmrh. Till. er því tekin aftur.

Brtt. 681,IX tekin aftur.
— 733,II samþ. með 26:1 atkv.
— 663,19.a samþ. með 35 shlj. atkv.
— 704,XVI samþ. með 24:19 atkv.
— 663,19.b samþ. með 29 shlj. atkv.
— 663,19.c samþ. með 30 shlj. atkv.
— 663,19.d samþ. með 26:1 atkv.
— 663,19.e samþ. með 26 shlj. atkv.
— 685,III samþ. með 31:4 atkv.
— 704,XVII samþ. með 25:5 atkv.
— 704,XVIII felld með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl, EE, GTh, GÞG, HV, HermG, HermJ.
nei: JS, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JG, JPálm.
LJóh, StgrSt, BK, AG, JóhH greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
Brtt. 704,XIX samþ. með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GÍG, GTh, GÞG, HV, HermG, HermJ, JóhH, JörB, KTh, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl.
nei: EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JJós, JS,

LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, BÁ, BBen, EmJ, JPálm.
AG, JG, BK greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJ, BSt, BÓ, EE) fjarstaddir.
Brtt. 712,VI samþ. með 26:10 atkv.
— 704,XXIII kom ekki til atkv.
— 704,XX felld með 29:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermG, LJós, PZ, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BK, FJ, GJ, GÞG.
nei: HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, KTh, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SG, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, GÍG, GTh, HÁ, AG, JPálm.
JörB, SigfS, SB, SÁÓ, StgrA, BrB, EOl greiddu ekki atkv.
5 þm. (HermJ, JJ, BG, BSt, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Hæstv. menntmrh. hefur viðurkennt að hafa án heimildar og án vitundar hæstv. fjmrh. greitt til skólans á Laugarvatni nokkra tugi þúsunda, og þar sem hér hafa í þessari atkvgr. verið svikin öll loforð og allt samkomulag, þá held ég, að það sé eins gott að samþ. þessa till. eins og að hæstv. menntmrh. greiði þetta fé án heimildar, og segi ég því já.

Brtt. 704,XXI felld með 24:10 atkv.
— 704,XXII.1 felld með 27:7 atkv.
— 715,V felld með 23:18 atkv.
— 704,XXII.2 felld með 26:10 atkv.
— 704,XXIV felld með 22:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BÁ, BK, BrB, EOl, EystJ, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JS, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SB, SG.
nei: SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BBen, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, IngJ, JJós, LJóh, ÓTh, JPálm.
EE, HÁ, JóhH, PZ, PO greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, BÓ, JJ, LJós) fjarstaddir.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv., svolátandi:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tel, að styrkur til þessa báts eigi að afgreiðast í samvn. samgm. og ekki eigi að taka hann einan út, heldur afgreiða alla þessa styrki í einni heild. Ég segi því nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þar sem samþ. hefur verið af þinginu heimild til að bæta halla á rekstri Faxaflóabáts, segi ég já.

Gísli Jónsson: Þetta hlýtur að vera rangt, úr því að svona margir framsóknarmenn segja já. Ég segi því nei.

Jóhann Hafstein: Ég tel réttast að vera mitt á milli ráðh., og greiði því ekki atkv.

Pétur Ottesen: Ég greiði ekki atkv., án þess að velja mér stað milli ráðh.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Samvn. samgm. barst þessi umsókn svo seint, að ekki vannst tími til að taka afstöðu til hennar í n. Ég tel sanngjarnast, að þetta sé veitt, og segi því já.

Brtt. 730,II samþ. með 26:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, AG, HermG, JóhH, JJós, KTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, SÁÓ.
nei: SkG, StgrSt, ÞÞ, BK, GJ, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.
FJ, GÍG, HÁ, LJóh greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁS, BSt, BÓ, JJ, LJós) fjarstaddir.
Brtt. 732,11 samþ. með 30:1 atkv.
— 720 samþ. með 26:11 atkv.

Umr. (útvarpsumr. og atkvgr. um frv. í heild) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (almennar umr., útvarpsumr.).

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Í þingsköpum Alþingis er svo ráð fyrir gert, að útvarpað sé fjárlagaumræðu. Ástæðan mun sú, að afgreiðsla fjárlaga er talin svo mikilsvert atriði, *að rétt sé og sanngjarnt, að þjóðin fái* sem gleggst að vita, hvernig hún fer úr hendi. Þetta er rétt, því að fjárlögin eru aðalmál þingsins, og samkvæmt stjórnarskránni skulu þau afgr. fyrir upphaf þess árs, er þau gilda fyrir. En brot á þessu ákvæði virðist núverandi ríkisstj. ætla að gera að fastri reglu, þótt aldrei hafi keyrt svo um þverbak sem nú, þar sem stjórnað er fjárlagalaust hátt á fimmta mánuð. Sjálfur formaður Framsóknar sagði um þetta í þingræðu í vetur, að Ísland mundi eina lýðræðisríkið í veröldinni, þar sem slíkt ætti sér stað. En þess skal minnast, að núverandi ríkisstj. taldi það eitt af sínum aðalverkefnum að koma fjármálum ríkisins í betra horf en áður.

Þessi fjárlög eru sérstæð um fleira en það að vera síðbúnari en nokkur önnur fjárlög, sem Alþingi hefur samþ. Þau eru líka hæstu fjárlög, sem samþ. hafa verið. Árið 1946 námu rekstrarútgjöld fjárlaga 127 millj. kr. Um það sagði Tíminn, blað þáverandi stjórnarandstöðu: „Framsfl. hefur verið í stjórnarandstöðu síðan 1944, vegna þess að hann hefur ekki viljað taka þátt í þeirri stigamennsku, sem hér hefur viðgengizt.“ Þessi fjárlög gera ráð fyrir rekstrarútgjöldum, er nema 263 millj. kr., eða 143 millj. hærri en 1946. Sæmileg viðbót á þremur árum hjá ríkisstj., sem taldi sitt aðalverkefni að lækka dýrtíðina og færa allt verðlag niður.

Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég strax taka það fram, að ca. 30 millj. af þessari hækkun er vegna löggjafar, er sett var í tíð fyrrverandi stj., en komið hefur til framkvæmda hin síðari ár. Þessi löggjöf er tryggingalögin, *nýbyggðalögin, skólalögin og raf*orkulögin. Þetta er skylt að taka fram, en samt er eftir yfir 100 millj., sem önnur útgjöld hafa hækkað á tímabilinu.

Hafa þá verklegar framkvæmdir hækkað svo

mjög? Ekki er það. Til vegamála og hafnarmála er aðeins mjög lítið hærra framlag. Til flugmála aftur nokkru hærra, á aðra millj. kr. Einnig er skylt að minna á framlög til sauðfjárveikivarna, hátt á fimmtu milljón króna, hækkun á lögboðnum jarðræktarstyrk og ýmis smáatriði, sem óviráðanleg eru. Að öllu þessu frádregnu stendur samt eftir ca. 100 millj. kr. hækkun, er verður að skrifast á reikning þeirrar stj. og þeirra flokka, sem ráðið hafa síðustu ár.

Man nú þjóðin loforð stj. og flokka hennar, þegar hún var mynduð? Þau eru víða skjalfest, m. a. í blöðum þeirra frá þessum tíma. 21. jan. 1947 sagði Tíminn: „Framsfl. mun ekki skorast undan ábyrgð óvinsælla viðreisnarráðstafana, og hann er fús að teygja sig langt til samkomulags við gamla andstæðinga, ef hann telur það geta orðið þjóðinni til hagsbóta, en hann er sér þess líka fullkomlega meðvitandi, að sú skylda hvílir þyngra á honum en hinum flokkunum vegna fyrri baráttu hans og loforða um að berjast fyrir heilbrigðu fjármálalífi.“ Og fám dögum eftir stjórnarmyndunina segir Tíminn í leiðara, þar sem rætt er um stefnu stj.: „Eysteinsstefnan hefur þannig sigrað eins greinilega og verða má. Hún mun verða þjóðinni leiðarljós út úr þeim fjárhagsógöngum, sem hún hefur ratað í, alveg eins og hún barg þjóðinni yfir hin miklu kreppuár fyrir stríðið.“ Þá segir Alþýðublaðið tveim dögum eftir að stjórnin var mynduð: „Málefnasamningur ríkisstj. á vísar vinsældir þjóðarinnar. Með honum er tryggt, að samstarf lýðræðisflokkanna þriggja grundvallist á því, að haldið verði áfram nýsköpun atvinnulífsins, og markvisst og ákveðið stefnt í þá átt að búa þegnum lýðveldisins öryggi um atvinnu og afkomu og þá um leið lífskjör, sem hæfi menningarþjóð, er byggir land mikilla auðæfa og mikilla möguleika.“

Þá er ekki lakara hljóðið í Vísi. Hann birti leiðara undir fyrirsögninni: „Á réttri leið“, og segir þar svo: „Nú hafa lýðræðisflokkarnir loksins hrist af sér hið andlega ok kommúnismans .... tekið höndum saman, hvað sem kommúnistar segja, til þess að stöðva bróun öfganna, sem ógna borgaralegu þjóðfélagi. Þetta er fyrsta skrefið, sem þjóðin þurfti að stíga til að komast á rétta leið.“ Ekki vantaði fullyrðingarnar um að nú væri búið að tryggja hag þjóðarinnar.

Samkvæmt tilkynningu Sjálfstfl. hafði nú verið stigið fyrsta sporið, sem stíga þurfti, til að „komast á rétta leið“, það sporið, að útiloka sósialista frá áhrifum öllum. Samkvæmt tilkynningu Alþfl. höfðu „lýðræðisflokkarnir tekið höndum saman til að búa þegnum lýðveldisins öryggi um atvinnu og afkomu.“

Og tilkynning Framsóknar var hvorki minni né ómerkilegri en það, að nú hefði bara sjálf Eysteinsstefnan sigrað, svo greinilega sem verða mátti, og mundi nú bjarga þjóðinni frá áföllum öllum, ekki síður en í kreppunni fyrir stríðið. Já, sitt hvað má nú segja íslenzkum kjósendum. Víst er um það. En þá er vert að skoða betur hina réttu leið Sjálfstfl., atvinnu- og afkomuöryggi Alþfl. og sigurför Eysteinsstefnunnar, sjálft glansnúmer Framsfl.

Þess var áður getið, að hátt á fimmta mánuð hefur landinu verið stjórnað fjárlagalaust. Þingið, sem enn er að störfum, er þing ársins 1948 og hóf starf sitt 11. okt. s. l. Fyrr gat það ekki byrjað vegna þess, að nokkrir af þingmönnum Sjálfst.- og Framsfl. þurftu að slátra lömbum sínum, áður en þeir fóru að heiman.

En þótt störfin byrjuðu ekki fyrr, var ekkert fjáralagafrv. tilbúið frá hendi hæstv. ríkisstj. Það var fyrst lagt fram 1. nóv. og vísað til fjvn. 5. s. m. Var þá lítill tími eftir til jóla, en hefði þó vissulega mátt komast lengra með afgreiðsluna en varð, ef fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. hefðu mátt stíga, þótt ekki hefði verið nema í annan fótinn, hvað ákvarðanir snerti. Það máttu þeir ekki vegna óvissu um afgreiðslu annarra mála og ósamkomulags innan sjálfrar ríkisstj.

Þegar frv. var lagt fram, var það með áætluðum 27 millj. kr. rekstrarhagnaði, sem virtist í fljótu bragði allglæsilegt. Við nánari athugun kom þó annað í ljós. Framlög til verklegra framkvæmda voru lækkuð um 12 millj. frá fjárlögum síðasta árs. Dýrtíðarráðstöfunum voru ætlaðar 33 millj. í stað 55½ millj. í fyrra. Samt voru rekstrarútgjöld áætluð 213 millj. í stað 221 millj. í fyrra. En þegar tekið var tillit til 6,5 millj. aðstoðar við bátaútveginn, sem fyrirhuguð var, kom í ljós, að öllum gjöldum voru áætluð 20 millj. hærri en á síðasta ári. 12 millj. af því átti að spara á verklegum framkvæmdum, og nú var látið í það skína, að það ætti að fara að lækka dýrtíðina og áætla því dýrtíðargreiðslurnar lægri. Það var auðvitað ekki vonum seinna, þótt fyrirhugað væri að lækka dýrtíðina, eftir allt sem ríkisstj., flokkar hennar og blöð hafa um það mál skrafað og skrifað. Hitt var miklu verra, að þegar á renydi, kom strax í ljós, að þessum aðilum kom á engan hátt saman um, hvað gera skyldi. Það var rætt um verðhjöðnun. Það var rætt um gengislækkun, og það var rætt um niðurgreiðslur. Svo leið tíminn fram að jólum. Fáum dögum fyrir jól er kastað inn frv. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuvegunna. Þar voru ákveðnir nýir skattar er nema þessum upphæðum: Söluskattur hækkar um 17 millj. Ný gjöld af innflutningsleyfum 10¼ millj., og nýr söluskattur af bifreiðum 5 millj. Samtals 32¼ millj. Auk þess skyldi stofnaður dýrtíðarsjóður og í hann renna 74.6 millj. kr. Þetta var leiðin, sem farin var. 32 millj. skattahækkun, sem öll kemur ofan á vöruverðið. Greiðslur vegna dýrtíðar hækkaðar um 41.6 millj. kr. frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Og nú var ekki verið að hangsa við hlutina. Allt var hespað í gegnum báðar þd. á tveimur sólarhringum með öllum þeim afbrigðum, sem frekast eru heimil samkvæmt þingsköpum, enda reyndist löggjöfin ekki haldbærari en svo, að strax þegar til framkvæmda kom, varð ríkisstj. að semja um vissar undanþágur við ýmsa þá aðila, sem hún snerti mest, svo sem útgerðarmennina. Þó kom það berlega fram, að ýmsum stuðningsmönnum stjórnarliðsins leizt ekki á blikuna. 1. þm. Reykv., Björn Ólafsson, kvaðst vera á móti

málinu vegna þess, að stefnan hlyti að skapa gengishrun.

Þannig var framkvæmd sú „rétta leið", sem Vísir hafði talað um áður. Hannibal Valdimarsson kvað lögin tvímælalaust hækka dýrtíðina, enda hefðu verkalýðssamtökin, sem stjórnarflokkarnir nú hafa náð völdum í, tilkynnt, að þau mundu krefjast grunnkaupshækkana. Ekki voru það ófélegar efndir á loforðum Alþfl. um öryggi um atvinnu og afkomu. Og formaður Framsóknar, Hermann Jónasson, lýsti sinni skoðun þannig, að hér væri stefnt út í algera ófæru. Þannig var Eysteinsstefnan að bjarga þjóðinni frá glötun.

Þetta er þó munur eða stigamennskan í tíð fyrrverandi stjórnar, sem Tíminn talaði um og m. a. var í því fólgin, að dýrtíðargreiðslur ríkissjóðs lækkuðu úr 23 millj. árið 1945 niður í 16 millj. 1946. En þá voru líka rekstrarútgjöld ríkisins samkvæmt reikningi aðeins 170 millj. Nú duga ekki minna en 263 millj. samkvæmt áætlun, og má áreiðanlega gott þykja, ef reikningur þessa árs fer ekki yfir 300 millj.

Það virðist sannarlega ekki hafa verið áhrangurslaust að útiloka Sósfl. frá áhrifum í ríkisstjórn.

Þannig var sú viðbót við fjárlagafrv., sem fjvn. tók við í janúarlok, þegar þing hófst aftur. Það voru lög um aukin útgjöld milli 40 og 50 millj. kr. Þar með var ákveðin sú stefna, sem einn af aðaltrúnaðarmönnum Sjálfstfl., sjálfur frsm. fjvn., lýsti á þessa leið í framsöguræðu: „Þetta er fjárfrekasta stefnan fyrir ríkissjóð, sem sjá má af því, að hækka verður framlag til dýrtíðarmálanna úr 33 millj. í 74 millj., eða um 41 millj. kr., og mun þó hvergi nærri nægjanlegt til að fullnægja kvöðum, sem ríkissjóður batt sér með því að halda eitt árið enn þessu fyrirkomulagi. Það er líka hreinn misskilningur að halda, að með þessu séu kjör almennings í landinu óskert eða að fullu tryggð, því það eru engir aðrir aðilar til en almenningur, sem greiða verður af þessum enn óskertu launatekjum þær rúml. 41 millj. kr., sem ríkissjóður verður að afla sér á einn eða annan hátt við það að fara þessa stjórnarforustuleið, fram yfir þær 33 millj., sem þurft hefði, ef leið sú, sem hæstv. fjmrh. benti á, (gengislækkun) hefði verið farin eða einhver önnur hliðstæð. Lakast af öllu er þó, að þessi leið, sem valin hefur verið og stjórnarforustan og Alþfl. tileinka sér, gefur engar minnstu vonir til að leysa vandann, nema síður sé, heldur leiðir hún lengra og lengra út í óvissuna og skapar meiri og meiri erfiðleika til viðreisnar, sem verður að koma og þjóðin gerir kröfu til, að komi fyrst og fremst frá þingi og stjórn."

Þessar lýsingar, úr munni eða penna okkar sósíalista, mundu náttúrlega fyrir fram dæmdar áróður og lygi af mörgum trúum flokksmönnum þessara flokka. En hér hafa sjálfir trúnaðarmenn þeirra talað. Hvað þarf svo fleiri vitna við?

Eins og áður er sagt, gerði frv. ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun á rekstrarútgjöldum ríkis og ríkisstofnana frá fjárlögum síðasta árs. Um þetta sagði hv. form. fjvn. í ræðu þeirri, sem ég vitnaði í áðan: „Sú stjórn, sem ætlaði sér að gera gildandi festingu vísitölunnar, mátti sízt af öllu hækka á einu ári rekstrarútgjöld ríkisins um 20 millj. kr., eða 22%, og þenja þannig út takmarkalitið ýmsar stofnanir á kostnað þegnanna."

Samkvæmt till. þeim, sem meiri hl. n. lagði fram, þegar n. hafði lokið störfum, skyldu tekjur hækka um 18.6 millj. rúmlega, gjaldahækkun 52.553 millj. rúmlega. Af þessari gjaldahækkun eru um 42 millj. samkv. ákvæðum dýrtíðarlaganna, 2 millj. samkv. öðrum lögum eða leiðréttingar og 8.5 millj. hækkun til verklegra framkvæmda. Eru það ekki nema rúmlega ⅔ þeirrar lækkunar, sem áætluð var, og kemur skerðingin aðallega niður á skólabyggingum. Um þann niðurskurð var ágreiningur í n. milli okkar sósialista og stjórnarmeirihlutans.

Fjvn. lagði til nokkra lækkun á öðrum útgjaldaliðum, er samtals nam tæpum 6 millj. kr. Um þær till., er til sparnaðar horfðu í sjálfu embættiskerfinu, var enginn ágreiningur í n. En þegar á hólminn kom, þá sýndi það sig greinilega, að fulltrúar flokkanna í fjvn. höfðu alls ekki vísan stuðning sinna flokka með sínum eigin sparnaðartillögum. Fyrst var atkvgr. 2. umr. dregin nærri hálfan mánuð, eftir að umr. var lokið, sem alveg er óvenjulegt, vegna ósamkomulags innan ríkisstj. og hennar stuðningsflokka, og loksins þegar hún fór fram, var hver höndin upp á móti annarri, svo að stefnuleysið hefði tæpast orðið meir áberandi, þótt hlutkesti hefði verið látið ráða um úrslit hinna einstöku mála. Sparnaðartill. stjórnarmeirihlutans í n. á embættiskerfinu, sem samþykki náðu, fengu þetta kringum 26—30 atkv., þótt Sósfl. fylgdi þeim allur. Það sýnir, að meiri hl. stjórnarliðsins ýmist sat hjá eða greiddi atkv. á móti. Hins vegar virtist einhver meðfædd eðlisávísun sameina þetta lið mjög vel til að standa fast á móti öllum sparnaði í sakamálum og lögreglumálum, þótt sá kostnaður blási nú út meir en flest annað. En til heilbrigðismála og menningarmála mátti lækka. Áreiðanlega mun það einsdæmi, að svo mikið hafi verið fellt af till. þess hluta fjvn., er stj. fylgir að málum, og því síður þess dæmi eins og nú skeði, að um stórar fjárveitingar væri jafnvel öll stj. á móti stjórnarmeirihlutanum í fjvn.

Það, sem einkennir þessa fjárlagaafgreiðslu, er því þrennt, og allt er þegar þrennt er, segir gamall íslenzkur málsháttur:

1. Þau eru síðbúnustu fjárlög, sem Alþingi hefur samþykkt.

2. Þau eru hæstu fjárlög, sem Alþingi hefur samþykkt.

3. Afgreiðsla þeirra einkennist meira af ráðaleysi, fálmi og handahófi en nokkurra annarra fjárlaga, sem Alþingi hefur samþykkt, a. m. k. hin síðari ár.

Þetta síðasta er auðvitað eðlileg afleiðing af því ósamkomulagi, sem áður er lýst. En hver eru nú loforð stjórnarsamningsins fræga um bætta fjármálastjórn og efndir þeirra? Þær birtast í áætlun, sem er 100 millj. hærri en ríkisreikningurinn var fyrir þremur árum. Björg-

unarstarf Eysteinsstefnunnar virðist sannarlega ætla að verða þjóðinni dýrt.

17. febr. 1947, tæpum hálfum mánuði eftir að stj. var mynduð, sigldi fyrsti nýsköpunartogarinn, Ingólfur Arnarson, inn á Reykjavíkurhöfn. Áður hafði vélbátaflotinn verið tvöfaldaður að rúmlestatölu.

En á 17 árum næst á undan hafði eitt skip nýtt bætzt í íslenzka togaraflotann. Á þeim árum hafði líka togurunum fækkað úr 48 niður í 27. Síðan hafa nýsköpunartogararnir siglt í höfn í stöðugum straumi, einn til tveir á mánuði fram á þennan dag. Þessi nýi floti hefur malað þjóðinni meira gull en nokkur hennar atvinnutæki hafa áður gert. Nú er svo komið, að þeir, sem eftir eru af gömlu togurunum, eru alls ekki starfræktir og mjög í ráði að selja þá úr landi alla með tölu, því að rekstur þeirra borgar sig svo miklu verr en hinna nýju. Nýja síldarverksmiðjan á Siglufirði malaði Hvalfjarðarsíld í fyrravetur fyrir ca. 40 millj. kr. í útflutningsverðmæti.

Það er fróðlegt að bera saman útflutningsskýrslur síðari ára og sjá þá hækkun þjóðartekna, sem orðið hefur.

1942	200	millj.
1943	233	—
1944	254	—
1945	267	—
1946	291	—
1947	290	—
1948	400	—

Á hverju byggist þessi gífurlega aukning öðru en þeim nýsköpunarframkvæmdum, sem fyrrverandi stj. gerði, þeim nýsköpunarframkvæmdum, sem Sósfl. átti frumkvæðið að og hinir flokkarnir hafa brugðizt, síðan honum var sparkað úr ríkisstj.? Hún byggist á þeim tækjum, sem Vísir sagði, að væri glæpur að kaupa, meðan ekki væri búið að lækka kaupið í landinu. Hún byggist á þeim framkvæmdum, sem Alþýðublaðið sagði, að væru skýjaborgir, byggðar úr froðunni einni saman. Hún byggist á þeim veiðiskipaflota, sem Framsfl. fullyrti, að aldrei mundi fara í ganginn (sbr. ræðu Skúla Guðmundssonar í útvarpið 1946). Nú getur þjóðin áþreifanlega dæmt um það, hvers virði það er að eiga þessi atvinnutæki, tilbúin til þess að halda áfram að mala verðmæti, eða það, sem orðið hefði, ef ekki hefði verið ráðizt í nýsköpunarframkvæmdirnar á réttum tíma, það, að andvirði þeirra hefði verið eytt fyrir algengustu lífsnauðsynjar, en við hefðum staðið uppi með atvinnutæki í svipuðu ástandi og fyrir 30 árum síðan.

Hvernig hefur svo núverandi ríkisstj. tekizt að efna önnur loforð, þau er hún gaf, er hún tók við völdum? Fjárlögunum er áður lýst. En hvernig hefur verið búið að launa- og framleiðslustéttum? Lofað var að lækka dýrtíðina í landinu eða að minnsta kosti að halda henni í skefjum. Efndir þeirra loforða eru þannig að vísitalan var skrifuð niður á pappírnum, en vöruverð allt hefur hækkað og dýrtíðin stóraukizt. Nú er svo komið, að venjulegur launastarfsmaður í þjónustu ríkisins getur ekki séð fjölskyldu farborða með lögákveðnum launum. Það eru aðeins þeir, sem hafa dottið í þann lukkupott að fá fleiri en eitt embætti og þannig tvöföld laun, sem komast sæmilega af fjárhagslega. Lofað var að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Efndirnar eru: Allmikið og vaxandi atvinnuleysi víðs vegar um land, sem ásamt dýrtíðinni hefur þegar valdið fjárþröng og jafnvel skorti á fjölda verkamannaheimila. Þetta snýr að launastéttum og hefur þegar skapað vinnudeilur, sem horfur eru á, að fari vaxandi. Og opinberir starfsmenn krefjast nú allmikillar launahækkunar, sem enginn neitar, að sé réttmæt.

En hvað snýr að framleiðslustéttunum? Lofað var, að vel skyldi búið að framleiðslunni. Hvað hefur verið gert fyrir sjávarútveginn? Hækkaðir vextir, hækkað verð útgerðarnauðsynja, lánsfjárkreppa. Eftir hverja vertíð stendur í stímabraki um það, hvort vélbátaflotinn eigi að stöðvast eða ekki. Við hver áramót hafa verið samþ. dýrtíðarlög, sem hafa átt að endast til að fleyta stj. næsta ár. Og nú er svo komið, að hin síðustu endast sýnilega ekki nema fram á mitt ár. Og síðasta afrekið var að láta togaraflotann liggja bundinn á Reykjavíkurhöfn í 7 vikur á bezta veiðitíma ársins, stöðva hann, þegar fram fóru mestu toppsölur á ísfiski, sem gerðar hafa verið. Og sjálf ríkisstj. lét sér sæma að koma hvergi nærri lausn þeirrar deilu, er þessu var valdandi. Hún hafði víst nauðsynlegri erindum að gegna í annarri heimsálfu á meðan. En íslenzka þjóðarbúið mátti tapa milli 20 og 30 millj. kr. í erlendum gjaldeyri fyrir vikið. Þannig hafa verið efnd loforðin við sjávarútveginn.

Þá var lofað umbótum á verzluninni, enda hafði Framsfl. marglýst því yfir, að hann tæki ekki þátt í neinni stj., sem ekki gerði róttækar umbætur í þeim málum. Efndirnar eru: Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Samkvæmt þeim lögum hefur verið byggt upp embættisbákn, sem á engan sinn líka í sögu íslenzka ríkisins áður. Með því skömmtunarskrifstofubákni, sem ríkisstj. bætti síðar við, hefur þetta kostað hátt á 4. millj. kr., eða hér um bil 1% af þjóðartekjunum s. l. ár.

Því var lofað, að verzlunarástandið skyldi lagfært með því að veita þeim innflutningsleyfi, sem sýndu skilríki fyrir því, að þeir gætu flutt inn ódýrastar vörur. Nú er almennt hlegið að þessu loforði. Á miðöldum var sá háttur algengur á umráðarétti jarða í þjóðfélögum Evrópu, að konungarnir leigðu aðalsmönnum viss landssvæði fyrir ákveðið gjald, en aðalsmaðurinn eða lénsherrann hafði síðan rétt á að arðræna íbúana eftir eigin geðþótta. Íslendingar fóru ekki alveg varhluta af þessu fyrirkomulagi undir stjórn hinna erlendu konunga. Hliðstæð þróun hefur verið að gerast í verzlunarmálum Íslendinga nú í meira en hálfan annan áratug. Sú þróun hófst með skipun innflutnings- og gjaldeyrisnefndar árið 1933. Þá var tekin upp sú stefna að úthluta gjaldeyri þjóðarinnar til ákveðinna aðila og gefa þeim þannig rétt til vöruinnflutnings í landið. En þar sem alltaf hefur verið tryggt, að vörueftirspurn hefur verið meiri en framboð, var innflutnings-

verzlunin hér með gerð að áhættuminnsta atvinnuvegi í þjóðarbúskapnum. Þetta hefur skapað öran straum fjármagnsins í verzlunina, svo að hún hefur sífellt verið að vaxa öðrum atvinnuvegum yfir höfuð. Þeir, sem hafa notið þeirra fríðinda að fá að verzla með þann gjaldeyri, sem atvinnuvegirnir hafa skapað, eru öruggir um að geta tekið allt sítt á þurru, hvernig sem allt annað veltist. Nú er svo komið, að mestur hluti af innflutningsverzluninni er falinn nokkrum aðilum, sem eru sérstakrar náðar aðnjótandi hjá hæstvirtum innflutningsyfirvöldum. Fólkinu er skipt á milli þeirra á svipaðan hátt og gert var í lénsríkjum miðaldanna með landleigusöluaðferð þeirri, sem þá tíðkaðist. Að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vörum fyrir ákveðinn hóp af fólki er að fá lögverndað leyfi til að skattleggja það fólk um vissar upphæðir, sem ekki hafa verið skornar við neglur. Það sýnir straumur fjármagnsins í verzlunina, það sýnir straumur fólksins í verzlunina, og þó er gleggsta dæmið það, að sjálf innflutnings- og gjaldeyrisleyfin eru eftirsóttasta varan, sem á boðstólum er í landinu. Og það embættis- og skrifstofubákn, sem utan um þetta stendur og kostar nærri eina kr. af hverjum 100 af öllum þeim tekjum, er þjóðin vinnur sér inn, er hámark skriffinnskunnar í þjóðfélagi, þar sem ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, hafa gefizt upp við lausn þeirra mála, er halda atvinnulífi þjóðarinnar gangandi. Nú veit ég, að hv. ræðumenn stjórnarflokkanna munu koma hér hver eftir annan og lýsa þetta ósannindi ein, segja, að hér sé um einberan kommúnistaáróður að ræða, fluttan eftir fyrirskipun frá Moskvu til að skaða þjóðfélagið og skapa glundroða og öngþveiti. En kjósendur hafa kannske gaman af að heyra ummæli form. fjvn. um störf þessa skrifstofubákns og áhrif þess á atvinnulífið. Í framsöguræðu sinni um fjárlögin sagði hann m. a. um þetta atriði:

„Vart getur nokkur maður hreyft sig til athafna eða öflunar verðmæta, nema hafa áður gengið í gegnum voðalegasta hreinsunareld skriffinnsku og leyfa, sem samfara því að glata þúsundum dagsverka og enn fleiri þús. tækifæra kosta þegnana og ríkissjóðinn milljónir króna."

Hér heyra sjálfstæðiskjósendur dóminn um „hina réttu leið", er stigið var inn á með myndun stj., eftir því sem blöðin þeirra sögðu. Framsóknarkjósendur geta huggað sig við það, að Eysteinsstefnan er að bjarga þjóðinni út úr ógöngum, og Alþýðuflokkskjósendur geta huggað sig við það, að þeirra leiðtogar hafa yfirstjórn framkvæmdanna á hendi.

Það verkar blátt áfram hlægilega, þegar þingmenn Sjálfstfl. eru að leggja fram till. um að minnka íhlutun ríkisins í opinberum rekstri, afnám ríkisfyrirtækja, afnám hafta og nefndavalds, eða þegar framsóknarmenn flytja frumvörp um breytingar á þessu fyrirkomulagi, gera skömmtunarseðla að innkaupaheimild o. fl., o. fl., því að reynslan hefur margsýnt, að sá skollaleikur er eingöngu til þess gerður að blekkja landslýðinn. Í innstu flokksklíkum þessara flokka er málunum ráðið til lykta á þann hátt, sem hér hefur verið lýst, með innilegu samkomulagi, því að öllu skal fórnað, afkomu atvinnuveganna, fjárhag ríkissjóðs, hagsmunum þjóðarinnar, til þess að stj. fái lafað við völd í lengstu lög og sérréttindastéttir þær, er tryggt hafa sína aðstöðu með þessum ráðstöfunum, fái haldið þeim, hvað sem öðru líður.

Svo virðist sem Framsfl. sé stundum nokkuð órótt út af hv. kjósendum. Fyrir nokkru hélt hann miðstjórnarfund og sendi frá honum opinbera ályktun. Segir þar m. a. um landbúnaðarmálin:

„Í málefnum landbúnaðarins hefur það áunnizt, að stéttarsamtökum bænda hefur með lögum verið falið að hafa með höndum afurðasölumál landbúnaðarins. Á þennan hátt hafa fengizt fram mikilsverðar endurbætur á verðlagsmálunum. Fjárframlög til ræktunar og bygginga í sveitum hafa fengizt aukin og hagsmunamála landbúnaðarins í hvívetna betur gætt en í tíð fyrrverandi stjórnar."

Það þarf vægast sagt furðulega ósvífni til þess, að miðstjórnarfundur þess stjórnmálaflokksins, er var í andstöðu við fyrrverandi stj., en pottur og panna í myndun núv. stj., sendi frá sér yfirlýsingu sem þessa. Það mál er þess vert að gera því sérstök skil og þá jafnframt ferli flokksins í þeim málum s. l. ár.

Árið 1941 flutti hann frv. um landnám ríkisins, þar sem aðeins var heimilað, að ríkið léti rækta land í nánd við þorp og kaupstaði, og heimilað að leggja til þeirra framkvæmda 250 þús. kr. árlega. Svo mikill var stórhugurinn þá. En þótt Framsókn hefði landbrh. fram til loka ársins 1944, þá datt honum ekki í hug að framkvæma þessi lög og ekki heldur að leggja til hliðar það fé, sem til þess var heimilað. Það var fyrst í árslok 1944, þegar Framsókn var komin í stjórnarandstöðu, að hún mundi eftir, að þetta hefði gleymzt, og krafðist þess, að þá yrði úr því bætt og þriggja ára framlagið greitt í einu. Á því þingi fluttu sósíalistar í Ed. frv. um nýbyggðir og nýbyggðasjóð, þar sem í fyrsta sinn var sett fram í frumvarpsformi tillagan um breytt skipulag og stórframkvæmdir í ræktunar- og byggingarmálum sveitanna ásamt stórauknu fjármagni til þeirra hluta. Framsókn sýndi þessu máli ekkert annað en úlfúð í fyrstu, og er Tíminn til vitnis um það. Málinu var vísað til nýbyggingaráðs, sem bjó til úr því tvö frv., annað um landnámsnýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, en hitt um ræktunarsjóð. Og fyrst þegar Framsfl. sá, að það var alvara að gera þessi mál Sósfl. að lögum, drattaðist hann með, en dragbítur þó, enda var málinu spillt að ýmsu leyti í meðferðinni. Lögin um landnám og nýbyggðir voru samþykkt 1946 í tíð fyrrv. stjórnar, en lögin um ræktunarsjóð að vísu ekki fyrr en stjórnarskiptin höfðu orðið, en undirbúin að fullu áður. Síðan hefur Tíminn og raunar mikill hluti stjórnarliðsins talið þessa löggjöf með því, sem kallað hefur verið eyðslulöggjöf fyrrv. stj., sem sé orsök þeirrar fjárhagskreppu, sem nú er ríkjandi.

Framsfl. hefur líka fengið í sínar hendur framkvæmd þessarar löggjafar með því að fá

embætti landbrh. Og hvernig hefur svo verið starfað að því af núv. stj.? Fyrsta árið var hið lögboðna framlag landnáms- og nýbyggðalaganna greitt nokkurn veginn reglulega, sem var 2.5 millj. til landnámsins og 2.5 millj. til byggingarsjóðsins. Annað árið voru samþ. sérstök lög um 10 ára frestun á einni millj. til landnámsins. Og nú er þriðjungur þriðja ársins liðinn og ekki verið greidd ein króna, hvorki til landnámsins né byggingarsjóðsins, sem ber þó að greiða mánaðarlega. Umsóknir bændanna um byggingarlán safnast fyrir í Búnaðarbankanum í hrúgur, en svör við þeim fást engin. Þó er ótalið það, að engin tilraun hefur verið gerð til þess að auka fé byggingarsjóðsins með útgáfu bankavaxtabréfa, sem heimild er til fyrir í lögum og vitanlega er eina leiðin til að fullnægja byggingarlánaþörfinni. Það er ekki furða, þótt aðalfundur miðstjórnar Framsfl. sendi frá sér þá tilkynningu, að í tíð þessarar stj. hafi fjárframlög til ræktunar og bygginga fengizt aukin og hagsmuna landbúnaðarins gætt betur en í tíð fyrrv. stj. Finnst ykkur nú ekki, hlustendur góðir, að um þvílíka óskammfeilni megi segja hið fornkveðna: Fyrr má nú rota en dauðrota? En áætlun fjárlaganna er 100 millj. kr. hærri en ríkisreikningurinn 1946 og 140 millj. hærri en fjárlög þessa árs.

Það er fleira fróðlegt í þessari miðstjórnarályktun. Í öðrum málum flestum er talað um þörf á stefnubreytingu og stórkostlegum viðreisnarráðstöfunum. Þannig er talað um verzlunarmál, iðnaðarmál, húsnæðismál, fjármál ríkisins o. m. fl. En í þessum málum telur miðstj. stefnuna góða og ávinning mikinn. Og stefnan er, eins og staðreyndirnar sýna, að lögbjóða lækkun á þeim fjárframlögum, er ákveðin voru til stórvirkari ræktunar en nokkru sinni fyrr, alger stöðvun á byggingarlánum, með því að standa ekki við lögákveðin framlög til byggingarsjóðsins. En e. t. v. er miðstjórninni vorkunn, því að það er víst Eysteinsstefnan, sem hér er verið að framkvæma.

En þótt ekki sé samkomulag um sparnað í rekstrarútgjöldum ríkisins, er fullkomið samkomulag innan stj. um að hjálpa einstaklingum til að græða á kostnað ríkisins. Meðferðin á drykkjumannahælinu í Kaldaðarnesi er orðin þjóðfrægt mál og ráðstöfun þeirra eigna til eins af þm. Framsfl. Sömuleiðis kaupin á trésmíðaverksmiðjunni við Silfurtún af einum voldugum manni í Sjálfstfl., á sama tíma sem annað trésmíðaverkstæði miklu stærra, sem ríkið átti fyrir, var lagt niður, húseign þess skrifuð niður í verði úr tæpum 800 þús. niður í 200 þús., til þess að leigja svo Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda bygginguna til fiskþurrkunar, og þetta verð miðað við þá leigu, sem það vildi borga.

Ef lítið sveitarfélag þarf að fá keypta landspildu úr eign ríkisins, sem er nokkur þús. kr. virði, þá þarf það mál að fara gegnum 6 umræður á Alþingi eða jafnvel fleiri. Þetta skal út af fyrir sig ekki lastað og má telja fyllilega sjálfsagt. En svona meðferð á eignum ríkisins, sem nemur milljónum króna, er ráðið til lykta með góðu samkomulagi ráðherra innan fjögurra veggja stjórnarráðsins. Svo koma háttvirtir íhaldsþingmenn og geta ekki opnað munninn í neinu máli án þess að tala um óheilbrigði ríkisrekstrarins. Það er svo munur eða einkaframtakið. En þessi þrjú dæmi, sem ég hef hér nefnt, sýna einmitt ljóslega stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Þegar einstaklingarnir telja sér henta að komast yfir eignir eða fyrirtæki ríkisins, vegna þess að þeir telji sig hafa hag af því, þá á ríkið að láta þær af hendi, eins og Kaldaðarnes og bátasmíðastöðina; þegar einstaklingsframtakið er komið í þrot með sinn atvinnurekstur, eins og tilfellið var með Silfurtún, þá á ríkið að kaupa draslið til að taka skellinn á sig.

Þannig eru horfur og ástand atvinnulífsins þrátt fyrir 400 millj. gjaldeyristekjur s. l. árs, nærri 40 millj. í viðbót þóknaðist Bandaríkjastjórn að gefa Íslendingum og lána sem Marshallhjálp. Svo hefur tekizt á ekki lengri tíma að fara með atvinnulífið, að hin gjöfula yfirþjóð telur okkur vera þriðju bágstöddustu þjóð veraldar samkvæmt gleiðletruðum fregnum stjórnarblaðanna og hagar aðstoð sinni samkvæmt því. Og ekki vantar það, að stjórnarblöðin íslenzku bendi á þetta eindæma göfuglyndi. Það má einnig benda á aðra staðreynd. Þegar fyrrverandi stjórnarsamvinnu sleit haustið 1946, sýndu vikulegar skýrslur bankanna að gjaldeyriseign þeirra erlendis nam rúmum 300 millj. kr., eða meira en helmingi allra þeirra innstæðna, er til voru um áramót 1944 og 1945. Af þessu voru 160 millj. á nýbyggingarreikningi, en rúm 140 á óbundnum reikningi. Það þýðir, að þá höfðu verið notaðar 260 millj. af heildarupphæðinni, þrátt fyrir alla þá uppbyggingu, sem þá var búið að gera. Af því, sem eftir stóð á nýbyggingarreikningi, var allstór upphæð bundin til togarakaupa, og eitthvað af leyfum í umferð á annað fé. Öll þau leyfi, sem ekki notuðust fyrir áramót, féllu þá niður. Næstum heilu ári síðar, þegar fjárhagsráð kom með sínar skýrslur, þá var ástandið orðið allt annað og verra. En þá var líka núverandi stj. búin að vera við völd í meira en hálft ár og hinn tímann réð Sjálfstfl. fjármálunum og viðskiptamálum einn, meðan Framsókn var að semja við heildsalana um myndun hennar. Þessar staðreyndir sýna greinilega, að sú margumtalaða gjaldeyrissóun, sem átt hefur sér stað, hún verður að skrifast á ábyrgð núverandi stjórnarflokka allra, Sjálfstfl., sem réð fjár- og viðskiptamálunum einn, meðan á stjórnarkreppunni stóð, og allra hinna síðan.

Fyrir þær 260 millj., sem notaðar voru til septemberloka 1946, var keyptur nýi bátaflotinn mestallur, byggðar síldarverksmiðjur, mörg hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðjur, fjöldi íbúðarhúsa, vélar margs konar keyptar inn o. m. fl. En svo miklum blekkingum hefur verið þyrlað upp af Framsfl. um, að öllum gjaldeyrisinnstæðunum hafi verið sóað, er stjórnarsamvinnunni lauk, að slíkt má áreiðanlega teljast hámark ósvífninnar í málsmeðferð. Svo gersamlega eru stjórnarflokkarnir komnir í þrot með lausn innanlandsmálanna, að þeir komast ekki hjá að viðurkenna það sjálfir.

Og nú í fyrsta sinn lætur Framsfl. í það skína að hann sé fáanlegur til að ganga inn á gengislækkun til þess að bjarga einhverju. Það er þó ekki lengra síðan en 27. sept. 1947, að Tíminn sagði í forustugrein um gengislækkun: „Því aumari og veikari fjármálastjórn, sem verið hefur í löndunum, því rækilegar hefur það ráð verið notað, því að það er einna auðveldast og lítilmannlegast.“ Alþýðublaðið segir nú fyrir fáum dögum í leiðara, að dýrtíðarlögin, sem sett voru í fyrra, hafi verið sett til að auka dýrtíðina, en af illri nauðsyn vegna atvinnuveganna. Blaðið Vísir segir nýlega úr þingræðu Björns Ólafssonar, að söluskatturinn einn hækki verðlag á aðalneyzluvörum almennings um 35—50%. Og miðstjórn Framsfl. sér nú ekkert annað ráð vænna en gengislækkun, þetta lítilmannlegasta og auðveldasta, sem til var fyrir hálfu öðru ári. En í upphafi taldi stj. það vera sitt aðalhlutverk að vinna bug á dýrtíðinni. Þannig hefur verið framkvæmd „hin rétta leið“, sem Vísir lofaði fyrir hönd Sjálfstfl. Þannig eru efndirnar. Algert öngþveiti í efnahags- og fjármálum, algert þrot, viðurkennt af þeim sjálfum, svo að hver einasta stj. með nokkra sómatilfinningu hefði verið farin frá völdum. En það er ekkert því líkt, að stj. eða hennar stuðningsfl. hyggist láta af völdum. Hún streitist við að sitja, og ástæðan er nú að verða þjóðinni ljós. Hún var barin saman á sínum tíma af braskaralýðnum í Reykjavík og þröngsýnustu íhaldsklíkunum í Framsfl. og Alþfl. Alþýðan á Íslandi hafði verið í sókn, frá því að stríðið hófst, og hér skapaðist næg atvinna og viðunandi lífsskilyrði. En jafnframt því sem alþýðan var í sókn, hlaut sérréttindastéttin að hörfa, sérréttindastétt, sem er ráðandi afl í öllum auðvaldsþjóðfélögum. Hún varð að hörfa, þegar ákveðið var, að 300 millj. kr. af erlendu innstæðunum skyldu festar í atvinnutækjum. Hún varð að hörfa, þegar ákveðið var, að stór hluti nýju togaranna skyldi afhentur bæjarfélögum úti á landi, en ekki auðmönnum í Reykjavík. Hún varð að hörfa, þegar ákveðið var með lögum að byggja skólakerfi landsins, fullkomnara en áður. Hún varð að hörfa, þegar stefnt var að skipulagðari framkvæmdum og meiri fjárframlögum í landbúnaðinn en áður. Og hún varð að hörfa, þegar stofnað var til almannatrygginganna á borð við það, sem bezt þekktist annars staðar. Þetta tókst að fá fyrir forgöngu Sósfl. með stuðningi alþýðusamtakanna og samstarfi við frjálslyndustu öflin í Alþfl. og Sjálfstfl.

En það var beðið eftir tækifæri til að hefja sókn að nýju. Og það tækifæri var engu síður kærkomið, þótt það kæmi utan yfir pollinn. Til frekari skýringar má minna á þá staðreynd, að ekkert afl í veröldinni er eins alþjóðlegt og kapitalisminn. Formaður Framsfl. komst þannig að orði í áramótagrein sinni um síðustu áramót, að „þar, sem forréttindastéttir óttist fall sitt og ónáð þjóðarinnar við reikningsskil, taki þær að svipast um eftir erlendu valdi til þess að framlengja og vernda sérréttindi sín og völd, er ekki verður haldið með öðru móti.“ Það var vegna svipaðs hugsunarháttar, sem við glötuðum sjálfstæði okkar forðum. Og fyrsta tækifærið af því tagi, sem forréttindastéttinni íslenzku barst í hendur, kom haustið 1945, þegar Bandaríkin kröfðust herstöðva á Íslandi til 99 ára. Það var fyrir eindregin mótmæli þjóðarinnar undir merkjum Sósfl. og þjóðvarnarhreyfingarinnar, að ekki var þorað að ganga að þeim kostum þá. Og af því að kosningar voru fyrir dyrum, sóru allir núverandi alþingismenn að einum undanteknum, að þeir skyldu aldrei ljá máls á neinum slíkum ívilnunum. En haustið 1946 voru kosningar nýafstaðnar, þá var tækifærið notað, þá vann íslenzka forréttindastéttin sinn fyrsta sigur eftir undanhaldið. Sá sigur var Keflavíkursamningurinn. Þar naut hún stuðnings Sjálfst.- og Alþfl. óskiptra og hálfs Framsfl. Næsti sigurinn var myndun þessarar stj. hinna þriggja ábyrgu stjórnmálaflokka, sem þeir vilja heita. Hún hefur dyggilega unnið að því að skapa það fjárhagslega ósjálfstæði, sem á að láta þjóðina fagna þeirri fregn, að nú hafi hún notið þeirrar náðar að fá þriðja hæsta framlag af hinu marglofaða Marshallfé, miðað við íbúafjölda. Það er minna bent á hitt, að þrátt fyrir 400 millj. útflutninginn fóru hinar 40 **Marshallmilljónir að** mestu í hreinan eyðslueyri. Það er hins vegar vitað, að okkur eru ætlaðar yfir 200 millj. í viðbót á næstu þremur árum. En það er minna talað um, hvernig komið verði hinu fjárhagslega sjálfstæði, þegar þær verða einnig uppétnar, án þess að með þeim sé lagður grundvöllur að meiri framleiðslu og meiri útflutningstekjum.

Marshallféð er þriðji sigur sérréttindastéttarinnar íslenzku. Með þeim gjöfum og lánum skal binda þjóðina fjármálalega við sterkasta kapítalisma veraldarinnar og síðferðilega gera hana skuldbundna til að þægja drottnum sínum fyrir gjafirnar. Gleggsta dæmið: 13. marz er birt tilkynning um, að Íslandi hefði verið veitt nýtt Marshallfé, ca. 16 millj. kr., 14. marz önnur fregn: Hálf ríkisstj. flogin til Ameríku til að semja um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Það bandalag er fjórði sigurinn, sem forréttindastéttin íslenzka hefur unnið. Með þátttöku okkar í því hyggst hún að tryggja sér hið erlenda vald til að framlengja og vernda sérréttindi sín og völd þegar þeim ekki verður haldið með öðru móti eins og Hermann Jónasson komst að orði í áramótagrein sinni. Og það er fróðlegt fyrir framsóknarmenn að athuga þátt Framsfl. í þessari þróun. 30. marz 1949 er sá dagur, er aldahvörfum getur valdið í lífi íslenzku þjóðarinnar, e. t. v. miklu örlagaríkari aldahvörfum en samþykktardagur Gamla sáttmála, og kostaði það þó 682 ára baráttu að afmá spor þess dags.

Mánuðum saman hafa þrír stjórnmálaflokkar keppzt við að telja þjóðinni trú um, að þær 320 millj. manna, sem að bandalagi þessu standa, geti ekki treyst öryggi sitt nægilega vel, nema þær 130 þús. sálir, sem á Íslandi búa, gerist þátttakendur. Mánuðum saman hefur íslenzka útvarpið hamrað á ímyndaðri styrjaldarhættu til að trylla íslenzku þjóðina, svo að hún byðist til þess af frjálsum vilja að ger-

ast það á taflborðinu fyrir framan auðkónginn ameríska, honum til verndar í þeim ægilegustu átökum, sem fram hafa farið á jörðu hér, ef þau á annað borð eiga sér stað. Og árum saman hefur allur blaðakostur þessara flokka, tvítugfaldur að megni á við blaðakost andstæðinganna, reynt að blinda þjóðina í hennar eigin málum með því að reyna að æra hana út af kardínála austur í Ungverjalandi, flokksdeilum í Júgóslavíu, stjórnarskiptum í Tékkóslóvakíu, svo að maður tali nú ekki um það, sem í sjálfum Sovétríkjunum gerist. Með þessum skrifum átti að stinga þjóðina svefnþorni, svo að næði gæfist til að útvega hina erlendu aðstoð, sem forréttindastéttin telur sig þurfa til að tryggja sérréttindi sín og völd. En nú liggur sú staðreynd fyrir, að svæfingin hefur mistekizt. Vissan um það, ásamt sektarmeðvitundinni um að vera Gissurar Þorvaldssynir 20. aldar á 5. ári hins íslenzka lýðveldis, hefur magnað þá til að espa fram atburðina 30. marz í þeim tilgangi að skapa sér átyllu til að beita ofbeldi við andstæðinga sína.

Í fyrsta sinn í sögu Íslands skeði það, að ráðherrar ferðuðust undir hervernd, sem sýnir ljóst þeirra eigið mat á verkum þeirra. Vikum saman var æft hvítlið í kylfubarsmíð, valið lið úr stjórnmálafélögum Sjálfstfl., Heimdalli og Óðni. Sumu af því liði hefur sennilega reynzt létt að rifja upp gamlar aðferðir frá mektarárum nazismans, þegar Heimdellingar æfðu vopnaburð og klæddust einkennisbúningum. Morgunblaðið hefur sjálft nefnt töluna á þessu liði 927 manns. Dylst engum meðalgreindum manni, hvaða fyrirætlanir liggja bak við slíkan liðssafnað og slíkar æfingar. Mörgum dögum áður en málið var tekið til meðferðar, voru fulltrúar frá lögreglunni sendir um alþingishúsið til rannsóknar á húsaskipun allri, því að tímanlega þurfti að skipuleggja, hvar liðið skyldi geymt. Strax að morgni hins 29. marz, þegar málið átti fyrst að takast fyrir, var vopnaður lögregluvörður settur kringum þinghúsið. Hefðu Reykvíkingar ekki áður vanizt herliði, mundi þeim hafa þótt nýstárlegt að sjá sólina skína á stálmhjálma þessara stríðshetja nýfasismans á Íslandi. Inni í húsinu var svo hið æfða varalið úr flokksfélögum Sjálfstfl. geymt í flokksherbergjum Framsfl. og Alþfl. Þá hafði einnig verið flutt þangað nægilegt magn af gasbirgðum, er nota skyldi, ef kylfurnar ekki dygðu. Og til hvers var svo allur þessi viðbúnaður?

Reykvíkingar gengu þennan dag að störfum sínum, eins og vant var. Það er fyrst undir kvöld, að nokkur verulegur hópur af fólki safnast saman við alþingishúsið. Sá mannsöfnuður var eðlileg afleiðing þess, að fregnir um þennan vígbúnað allan bárust auðvitað um bæinn, og nokkrir strákar sáu sér leik á borði að skemmta sér nú með því að glettast við lögregluna með því að kasta nokkrum fúleggjum og steinvölum í þinghúsið.

Það var nú allt, sem gerðist þennan dag úti. En inni var svo rekið eftir með að koma Íslandi í hernaðarbandalag, að umræður voru skornar niður, eins og þingsköp framast leyfa, og látið í veðri vaka, að málinu skyldi að fullu lokið þá um kvöldið. Við það var þó hætt á síðustu stundu, líklega vegna þess, að mistekizt hafði að æsa fólkið upp til slagsmála við hinn vígbúna her. Næsti dagur kynni að verða örlagaríkari, enda var þá viðbúnaður sýnu meiri. Nú var ferfaldri röð af Heimdellingum raðað kringum húsið og framan við þá þéttskipað lögreglumönnum með kylfur, hjálma og gasgrímur. Inni náttúrlega sami viðbúnaður og sami mannsöfnuður sem fyrr. En ekki var látið þar við sitja. Daginn áður hafði verið svo að segja mannlaust á Austurvelli alveg fram undir kvöld. Nú skyldi bætt úr því. Formenn stjórnarþingflokkanna sendu út bæði dreifimiða og útvarpsauglýsingu, þar sem skorað var á friðsama borgara að fjölmenna niður á Austurvöll til þess að sjá um, að Alþingi hefði starfsfrið. Til hvers var lögreglan? Til hvers var hið borðalagða hvítlið, sem flokksherbergin í alþingishúsinu voru full af? Til hvers var hið 927 manna æfða lið úr Heimdalli og Óðni, sem flest var víst geymt í Sjálfstæðishúsinu? Hvað áttu hinir friðsömu borgarar að gera? Þetta útboð var reynt að réttlæta með því, að Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna og Dagsbrún hefðu boðað til útifundar. Sá fundur var boðaður á allt öðrum stað og haldinn þar og fór fram með fullkominni ró, samþykkti ályktun, þar sem skorað var á þingið að láta fara fram þjóðaratkvæði um málið, og talaði þar áreiðanlega fyrir hönd alls þorra þjóðarinnar. Þá áskorun sendi fundurinn til formanna stjórnarflokkanna, sem neituðu að taka hana til greina. E. t. v. hafa hinir friðsömu borgarar átt að vernda þingið fyrir þeirri ályktun. En borgarar Reykjavíkur voru virkilega friðsamir þennan dag eins og aðra. Þótt fáeinir galgopastrákar eða e. t. v. keyptir Heimdellingar köstuðu nokkrum eggjum og moldarhnausum í húsið, svo að nokkrar rúður brotnuðu, þá var ekkert hægara fyrir lögregluna en að hafa hemil á þeim, en til þess gerði hún enga tilraun. Hitt er vottfest staðreynd, að nokkrir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar reyndu að hafa hemil á óeirðarseggjunum og það með nokkrum árangri. Inni í húsinu voru þingsköp brotin til þess að hindra umræður um málið og atkvgr. hespuð af svo fljótt sem unnt var. Ekki var verið að tilkynna hinum friðsömu borgurum, er þarna voru í boði stjórnarflokkanna, frá því, sem inni gerðist. Næsta staðreyndin er, að húsið, sem hafði verið harðlæst, var opnað og út streymdi kylfu- og hjálmbúið lið, merkt hvítum borða um hægri handlegg, og réðst þetta lið fyrirvaralaust á mannfjöldann með barsmíð, konur og börn, eftir því sem á stóð. Hér var komið úrval hins hvíta liðs, hinna 927, sem Morgunblaðið talaði um og geymt var í flokksherbergi Framsóknar. Svo má brýna deigt járn að biti, og hver getur láð hinum friðsömu borgurum, þótt þeir snerust til varnar jafnþrælslegri árás sem þessari? Staðreyndirnar eru þessar: Úti fyrir eru þúsundir friðsamra borgara í boði formanna stjórnarflokkanna, allslausir og óviðbúnir átökum, margir foreldrar með ung börn sín, að vísu nokkrir strákar með fúlegg í vösunum.

Inni fyrir er margt vopnað lið með kylfur og gassprengjur, undir stjórn lögreglustjóra. Eftir hans skipun gerir þetta lið útrás og beitir öllum vopnum. Hvað á svo annað að ske en hinn vopnlausi hópur grípi það, sem hendi er næst, sem var hraungrýtið fram með gangstéttunum, enda er það fyrst við árásina, sem steinkastið á húsið magnast? Sú fyrirhugaða og undirbúna tilraun til að æsa til óspekta, svo að hægt væri síðar að nota þær til frekari árása á stjórnarandstöðuna og andstæðinga bandalagsins, mistókst svo gersamlega, að jafnvel Tíminn og Alþýðublaðið hafa ekki þorað að ræða málið síðan. Ég lýsi sökum á hendur ríkisstj. og flokkum hennar fyrir að hafa af ásettu ráði reynt að stofna til mörgum sinnum hættulegri átaka þennan dag en urðu og þar með fullri ábyrgð á hendur henni fyrir það, sem gerðist.

Með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið er verið að tryggja það erlenda vald, sem forréttindastéttin íslenzka telur sig þurfa til að tryggja sérréttindi sín og völd, svo að notuð sé lýsing Hermanns Jónassonar. Og með Marshallfénu á að tryggja völd ríkisstj. um óákveðinn tíma, þótt hún leiki innanlandsmálunum í strand. Þetta er skiljanleg afstaða Sjálfstfl., því að núna ráða stórgróðamennirnir honum. En hvernig stendur á því, að Framsókn og Alþfl. leika þennan sama leik? Um Alþfl. er það vitað, að leiðtogar hans eru meira og minna tengdir forréttindastéttinni, enda flokkurinn seldur íhaldinu á svörtum markaði. Í Tímanum nýlega segir Hermann Jónasson, að „brigð núverandi ríkisstj. stafi af því, að ef Alþfl. snertir hár á höfði sérhagsmunaklíku Sjálfstfl., hverfi ráðherrar hans úr stólunum." Þetta er rétt, en nákvæmlega sama gildir um Framsóknarráðherrana. Með stuðningi sínum við Atlantshafsbandalagið hefur Framsókn lagt þessari klíku það mesta lið, sem hún gat. Það er gert undir forustu Eysteins Jónssonar, á sama tíma og Hermann Jónasson skrifar sínar frægu greinar í Tímann og hefur með sér hin frjálslyndari öfl flokksins. Svo þrælklofinn er Framsfl. Og vilja ekki kjósendur Framsóknar og Alþfl. athuga það, hvað er að gerast í stjórnmálaheiminum, þegar þeirra eigin foringjar ganga inn á það, að stjórnmálafélög Sjálfstfl. séu vopnuð og æfð undir bardaga og gefin lögreglumannaréttindi? Svo flatur hefur Eysteinn Jónsson lagzt fyrir þessari sérréttindaklíku, að hann ekki aðeins flýgur til Ameríku til samninga um sölu íslenzkra landsréttinda. Þegar hann þykist þurfa vernd gegn þjóðinni eftir afrekin, þá lætur hann ekki unga framsóknarmenn verja sig. Hvers vegna ekki? Af því að þeir vilja ekki verja hann og hans gerðir. Þannig er ástandið í flokknum.

Hermann Jónasson sagði enn fremur í áramótaræðu sinni, að Framsókn hefði ekki slitið þessari stjórnarsamvinnu, af því að hún hefði tekið þann kost að taka við því skásta, sem fengizt gæti. Og hvað er svo þetta skásta? Í fáum orðum þetta: Framsóknarmenn fengu að flytja tillögur í fjárhagsráði um breytingar á verzluninni, til þess að þær yrðu felldar í ríkisstj. Framsóknarmenn fengu að flytja frv. um stóríbúðarskatt í þinginu, sem aldrei var skilað úr nefnd. Framsóknarmenn fengu að flytja frv. um breyt. á l. um fjárhagsráð, sem dagað hefur uppi á tveimur þingum. Hermann Jónasson fær nú að skrifa skammir í Tímann um ríkisstj., án þess að nokkur snurða komi á þráðinn við það. Eysteinn Jónsson fær að fljúga til Ameríku með Bjarna Benediktssyni og Emil Jónssyni til viðtals við Acheson, og að launum fyrir allt þetta fær Eysteinn að skríða undir verndarvæng Heimdellinga, gömlu vasabókarþjófanna, sem hann var einu sinni að lögsækja. Þeir geta sannarlega tekið sér í munn hið fornkveðna: Sá hlær bezt, sem síðast hlær.

Finnst ykkur nú ekki, framsóknarmenn góðir, að Eysteinn sé kominn hættulega langt með að selja flokkinn á svörtum markaði, eins og Alþfl. var áður seldur.

Afreka þessarar ríkisstj. mun lengi verða minnzt í íslenzkri þjóðarsögu. Hún lofaði sterkri og heilbrigðri fjármálastjórn. Efndirnar eru: Hækkun ríkisútgjaldanna um helming frá því, sem var fyrir þrem árum. Hún lofaði að láta þá ríkustu taka sinn hluta af byrðunum, sbr. eignaaukaskattinn. Efndirnar eru: Út úr honum hefur ekkert komið enn þá, en nokkuð á annað hundrað millj. af nýjum sköttum og tollum hefur verið lagt á almenning í landinu. Hún lofaði að halda áfram uppbyggingu atvinnulífsins. Efndirnar eru: Stöðvun, kreppa og vaxandi atvinnuleysi. Hún lofaði að standa vörð um hlutleysi og sjálfstæði þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Efndirnar eru: Ef til styrjaldar kemur, verða Íslendingar yfirlýst stríðsþjóð þegar frá byrjun og að öllum líkindum í fremstu víglínu þegar í stað.

Þannig eru staðreyndirnar í dag. Þannig fer Alþfl. að því að tryggja þegnum lýðveldisins öryggi. Þannig fer Sjálfstfl. að því að „stöðva þróun öfganna og losa af sér hið andlega ok kommúnismans", eins og Vísir sagði. Þannig fer Eysteinsstefnan að því að bjarga þjóðinni. Þannig eru öll fögru loforðin orðin að logandi háði, er bergmálar vaxandi óvinsældir stj. og stuðningsflokka hennar frá manni til manns, frá yztu nesjum til innstu dala.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þingheimur og þjóðin hefur nú hlustað á stjórnarandstöðuna, — íslenzka kommúnista. Fyrir okkur, sem í ríkisstj. og á þingi sitjum, var þar enginn nýr boðskapur, heldur þvert á móti siendurteknar gamlar fullyrðingar, sem við kunnum utan að og heyrum svo að segja daglega í þingsölunum og lesum, að svo miklu leyti sem við lesum blöð þessa flokks. Aðalatriðin í boðskap stjórnarandstöðunnar, íslenzkra kommúnista, eru þau yfirleitt, að ríkisstj. skipi landsölumenn, föðurlandssvikarar, sem keppi að því að selja íslenzkar afurðir svo lágu verði sem unnt er, gangi fram hjá beztu mörkuðunum og keppi að því að kaupa inn á sem allra óhagkvæmustu verði, vinni að því að skerða svo sem unnt er kjör almennings í landinu og stefni beinlínis að því að koma hér á atvinnuleysi, að þessi ríkisstj. meini mönnum að vinna, banni

að byggja hús og ráðast í framkvæmdir, skammti lífsnauðsynjar svo knappt, að neyð sé. Stefnumál ríkisstj. á fyrst og fremst að vera það að selja landið, og ef taka mætti þær yfirlýsingar kommúnista alvarlega, þá ættu flokkar þeir, sem að stj. standa, að vera búnir að selja landið nokkuð oft á undanförnum 3—4 árum. Það á einnig að vera stefna ríkisstj. að koma á fullkomnu hruni og öngþveiti. Sjálf segir stjórnarandstaðan — íslenzkir kommúnistar, að þeir séu einu trúu og fölskvalausu föðurlandsvinirnir, sem til séu í landinu, þeir einir vilji berjast fyrir bættum kjörum almennings, en eigi í höggi við þá höfuðfjendur, sem hafi þau stefnumál, er rakin hafa verið.

Til þess að varpa nokkru ljósi á fánýti þessara fullyrðinga, er greindar hafa verið, þykir mér rétt að víkja nokkrum almennum orðum að aðstöðu ríkisstj., þegar hún tók við völdum, og einnig að gerðum hennar. Ég mun þá einnig koma að því síðar í ræðu minni, hvað stjórnarandstaðan, íslenzkir kommúnistar, hefur til málanna lagt og hvernig þeir hafa hegðað sér í stjórnmálum yfirleitt.

En áður en ég sný mér að þessum venjulegu fullyrðingum kommúnista, sé ég ástæðu til þess að segja það eitt um ræðu þá, sem hv. 8. landsk., Ásmundur Sigurðsson, var nú að ljúka, að þar kom enn á ný í ljós löngun þessa hv. þm. til þess að snúa við myndum og láta þær vera öfugar. Hinn illræmda dag, 30. marz s. l., er sagt að þessi sami hv. þm. hafi, eftir að félagar hans úti á götunni höfðu grýtt alþingishúsið og brotið alla glugga, laumazt inn í herbergi í þinghúsinu, þar sem stendur stytta af Jóni Sigurðssyni, snúið henni við og látið hana snúa öfuga upp að vegg. Síðan lét hann taka ljósmynd af þessu afreki sínu, og birtist hún í Þjóðviljanum. Ræða þessa hv. þm. sýndi raunar það eitt, að hann hefur æfingu í því að snúa við myndum, og nú mun Þjóðviljinn aftur næstu daga birta þessa rangsnúnu mynd hans.

Engin ríkisstjórn er svo fullkomin, að ekki megi finna á henni marga galla. Engin ríkisstjórn er svo örugg á vegi réttlætisins, að ekki megi benda á einhver frávik frá þeim vandþrædda vegi. Vissulega má margt betur fara hjá núverandi ríkisstj. eins og öllum öðrum. En þess er þá einnig að gæta, að núverandi stj. hefur átt við óvenjumikla örðugleika að búa, — tók við þungum arfi, einkum vegna ýmissa ráðstafana kommúnista í fyrrv. ríkisstj. og vegna ýmissa óheillaáhrifa þeirra í stjórnmálum yfirleitt. Þess er og einnig rétt að geta í þessu sambandi, að ríkisstj. er sett saman af þremur flokkum með ólík sjónarmið. Það er því ekki nema eðlilegt, að í sumum framkvæmdum hennar hafi gætt þess, að samhæfa þurfti ólík viðhorf og að hver hinna þriggja flokka um sig mundi, ef hann hefði einn ráðið, hafa hagað framkvæmdum á annan veg.

Mér þykir rétt að bregða upp lítilli svipmynd af því, hvernig umhorfs var, þegar þessi stj. tók til starfa, hvernig hún hefur vikizt við vandanum og hversu hefur verið farið með þátt stjórnarandstöðunnar. Loks mun ég örlítið drepa á, hvað fram undan kann að vera.

Í fáum setningum sagt, eins og ég mun nánar rekja hér á eftir, var aðstaðan sú, er núverandi ríkisstj. tók við völdum, að erlendur gjaldeyrir var genginn til þurrðar, lánsfjárþenslan orðin gífurleg, mjög óhagstæður verzlunarjöfnuður, verðlag aðfluttra vara hækkandi, baggi bundinn með ábyrgðarverði útfluttra vara, verðbólga vaxandi — og ofan á allt þetta komu óvenjuleg síldarleysisár.

Þegar stj. tók við, var vísitala framfærslukostnaðar 316 stig. Nokkru áður en stj. var mynduð, setti Alþingi lög um ábyrgðarverð á hraðfrystum fiski og saltfiski. Í landinu höfðu hrúgazt saman miklar vörubirgðir, sem að nokkru leyti höfðu verið fluttar inn leyfislaust, en að öðru leyti samkvæmt leyfum, en með báðum var það sameiginlegt, að erlendan gjaldeyri skorti til að leysa þær út og og þær lágu í vöruskemmum á hafnarbakkanum — „hafnarbakkavörur" svonefndar.

Með ýmsum framkvæmdum og ráðstöfunum, þar á meðal niðurgreiðslu á verði nauðsynjavara með fé ríkissjóðs, og þrátt fyrir að verðlag á ýmsum aðfluttum vörum hækkaði verulega, einkum framan af, hefur þó tekizt að koma í veg fyrir það, að verðlagsvísitalan hækkaði meira en um 11 stig, eða úr 316 stigum í 327 stig, á þeim rúmum 2 árum, sem stj. hefur setið. Hefur því stj. vissulega gert sitt til, eftir því sem valdssvið hennar hefur leyft og fjárhagsástæður, að halda niðri dýrtíðinni. Hefur þar vissulega oft verið við ramman reip að draga, og mörg atriði, sem örðug voru viðfangs. En það orkar ekki tvímælis, að reynt hefur verið af stj. hálfu að spyrna af afli gegn vaxandi verðbólgu.

Eins og ég sagði áðan, hafði Alþingi rétt áður en stj. tók við völdum samþ. lög um fiskábyrgð ríkissjóðs, en ekkert fé var ætlað á fjárlögum til þess að standa undir greiðslunum, enda var gert ráð fyrir, að þessi lög mundu ekki í framkvæmdinni reynast ríkissjóði þung í skauti. Alþingi taldi, að svokallaður „síldarkúfur" yrði nægilegur til þess að mæta skakkaföllum vegna ábyrgðar ríkisins á sölu saltfisks og hraðfrysts fisks til útlanda. En síðan reyndist það svo, að síldarvertíðin 1947 brást að verulegu leyti. „Síldarkúfurinn" varð enginn. En fiskábyrgðarlögin sköpuðu ríkissjóði á árinu 1947 21 millj. króna útgjöld. Í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir neinum slíkum greiðslum, og má því ráða af líkum, hversu mjög slík útgjöld hafa orkað á fjárhag ríkissjóðs. Þetta leiddi til aukinna lausaskulda hjá ríkissjóði. En það var ekki einungis sumarið 1947, sem síldveiðin brást, þótt Faxaflóasíldin bætti þar nokkuð upp að haustinu. Sumarið 1948 var einnig aflabrestur á síldveiðum, miklu meiri en hið fyrra sumar. Af þessu hlaut óhjákvæmilega að leiða það, að minni möguleikar voru til öflunar erlends gjaldeyris og þar með til vörukaupa erlendis.

Eitt af fyrstu verkum núverandi stj. var að koma skipulagi á gjaldeyris-, innflutnings-, verðlags- og fjárfestingarmál. Í samræmi við það var sett löggjöf um fjárhagsráð, og hefur ráðið nú starfað síðan sumarið 1947. Má segja,

að það hafi miklu til vegar komið, þótt að mörgu hafi verið fundið í framkvæmdum þess.

Þegar síldin brást sumarið 1947, þótti ríkisstj. einsætt, að grípa yrði til mikillar skömmtunar á aðfluttum nauðsynjavörum, bæði til þess að draga úr innflutningi og þá ekki síður til þess að skipta réttlátlega milli manna því, sem fengist. Það var einnig hugsunin með skömmtun að halda áfram sem mestum innflutningi á framleiðsluvörum, þ. e. „kapítalvörum" og nauðsynjavörum, til þess að framleiðslunni yrði haldið áfram af fullu kappi. Það tókst að greiða upp vanskilaskuldirnar út á við og leysa út hinar svonefndu „hafnarbakkavörur". Með því var að verulegu leyti endurheimt það traust á viðskiptum við Ísland, sem var áður skert vegna vanskila á greiðslum fyrir innfluttar vörur. En einnig tókst að auka þó nokkuð innflutning „kapítalvara" og vara, sem þurfti til framleiðslustarfseminnar, svokallaðra rekstrarvara. Sést þetta bezt af stuttu yfirliti um innflutninginn árin 1946—49, incl., og er síðasta árið miðað við innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið.

Árið 1946 voru fluttar inn neyzluvörur fyrir 145 millj. kr., eða 32,8% af öllum innflutningi til landsins. Sama ár voru fluttar inn rekstrarvörur fyrir 90 millj. kr., eða 20,3% af öllum innflutningi til landsins, og einnig voru fluttar inn „kapítalvörur" fyrir 207 millj. kr., eða 46,9% af öllum innflutningi til landsins.

Árið 1947 var innflutningur neyzluvara 125 millj., eða 20 millj. minni en árið áður, og ekki nema 22,6% af öllum innflutningi til landsins, þ. e. 10% minna af heildarinnflutningnum en 1946. Rekstrarvörur voru fluttar inn árið 1947 fyrir 137 millj., eða 47 millj. meira en 1946, og nam sá innflutningur 24,86% af öllum innflutningi til landsins árið 1947, þ. e. 4,5% meira en áður. „Kapítalvörur" voru árið 1947 fluttar inn fyrir kr. 292 millj., eða 85 millj. kr. meira en árið 1946, og námu þær 52,6% af heildarinnflutningnum.

Árið 1948 var neyzluvöruinnflutningur 80 millj. kr., eða 45 millj. kr. minni en árið áður, og nam aðeins 20,1% af heildarinnflutningi til landsins. Rekstrarvörur hækkuðu nokkuð og urðu 150 millj. kr., eða 37,5% af heildarinnflutningi. Innfluttar voru „kapítalvörur" fyrir 170 millj. kr., eða 42,4%. Og samkvæmt innflutningsáætluninni 1949 er gert ráð fyrir kaupum á neyzluvörum fyrir 83 millj. kr., eða 21,5% af heildarinnflutningi, rekstrarvörur er ráðgert að kaupa fyrir 131 millj. kr. eða 34%, og „kapítalvörur" fyrir 171 millj. kr., eða 44,5%.

Af þessu yfirliti sést, að núverandi ríkisstj. hefur lagt allt kapp á að flytja til landsins sem mest af framleiðslutækjum og þá einnig vörum, sem nauðsynlegar reynast til að halda þeim starfandi. En sakir hins takmarkaða gjaldeyrisforða hlaut þessi stefna að ganga út yfir innflutning neyzluvara. Undan þessu hafa margir kvartað, og má með sanni segja, að gengið hafi verið langt á þessari braut og þurfi að breyta þar nokkuð til.

Það var sagt um nazistana í Þýzkalandi, að þeir hirtu meira um kanónur en smjör. Stj. hefur lagt meiri áherzlu á að flytja inn framleiðslutæki, sem aftur skapa auknar gjaldeyristekjur síðar, heldur en kaup á neyzluvörum. Með því móti taldi ríkisstj., að takast mundi að halda uppi blómlegu atvinnulífi, meiri vinnu en ella, og auka á skömmum tíma tekjuvonir þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri.

En nú er ætlun stj. að auka nokkuð innflutning neyzluvara, þar sem hún telur, að þegar hafi verið flutt inn svo mikið af framleiðsluvörum hlutfallslega, að það verði e. t. v. úr þeim innflutningi að draga, og til þess að geta aukið innflutning nauðsynjavara til neyzlu. Í sambandi við aukningu á innfluttum nauðsynjavörum hefur ríkisstj. til athugunar að afnema skömmtun á benzíni, kaffi og kornvörum. Þá er það einnig tilætlun ríkisstj., að skömmtunarvörur verði eftirleiðis fluttar svo ríflega inn, að öruggt megi telja, að alltaf verði til í landinu nægilegt magn af þessum vörum, til þess að hver og einn geti fengið þær keyptar í samræmi við skömmtunarseðla sína, hvar sem er á landinu, og þá einnig að það verði frjálst val, hvar menn vilji hafa þessi viðskipti sín.

Það má vafalaust gagnrýna það að leggja jafnhart að þjóðinni við kaup á framleiðslutækjum og gert hefur verið, en það var í samræmi við yfirlýsingar stj. og gert í framhaldi af nýsköpunarstefnu þeirri, er stjórn Ólafs Thors hóf, og telur núverandi ríkisstj. þetta hafa verið rétt og sjálfsagt og gert til þess að tryggja grundvöllinn að öruggu atvinnulífi í landinu, er stundir líða.

Með átökum þeim, sem ríkisstj. og fjárhagsráð hafa gert í þessum málum, hefur einnig tekizt á árinu 1948 að minnka hinn geysilega óhagstæða verzlunarjöfnuð við útlönd. Árið 1948 var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 61 millj. kr., en 1946 var hann óhagstæður um 157 millj. kr. Þó er þess að gæta, að á árinu 1948 kom til greiðslu mikið af andvirði nýju skipanna, bæði togaranna og hinna nýju skipa Eimskipafélagsins, en gjaldeyrir til þeirra greiðslna hafði verið lagður til hliðar áður af gjaldeyrissjóði fyrri ára. Raunverulega má því segja, að verzlunarjöfnuðurinn hafi verið óvenju hagstæður árið 1948. Stafaði það af tvennu: Öruggu eftirliti með innflutningi og takmörkun hans svo sem unnt hefur verið, og svo hinum miklu gjaldeyristekjum, sem nýi togaraflotinn hefur skilað. Þrátt fyrir það, að sumar- og haustsíldveiðin brygðust algerlega að heita mátti árið 1948, tókst að flytja út íslenzkar afurðir fyrir hartnær 396 millj. kr., og er það mesti útflutningur sem þekkist í sögu Íslands, þrátt fyrir það að síldveiðarnar væru aldrei lakari en það ár, a. m. k. miðað við skipafjölda.

Með aðgerðum ríkisstj. hefur þannig tekizt að koma í veg fyrir vaxandi óhagstæðan verzlunarjöfnuð í viðskiptunum við útlönd og afnema að mestu leyti vanskilaskuldir íslenzkra innflytjenda erlendis. Veit ég það með vissu, að þetta merkilega átak hefur skapað aukið traust og álit út á við. Þetta hefur ekki hvað

sízt orðið með aukinni framleiðslu, með fleiri og fullkomnari tækjum, sem þá einnig hefur orðið til þess, sem ekki er minnst um vert og ríkisstj. telur eitt af aðalstefnumálum sínum, að halda uppi fullri atvinnu í landinu.

Ríkisstj. hefur kostað kapps um að halda áfram og auka nýsköpunina í íslenzku atvinnulífi. Samið hefur verið um smíði á a. m. k. 10 nýjum og fullkomnum togurum í Bretlandi, sem eiga að byrja að koma til landsins á næsta ári. Með aðstoð ríkisstj. hefur verið byggð ný og fullkomin verksmiðja í Örfirisey, og nokkrar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur við Faxaflóa hafa verið stækkaðar mikið. Til landsins hefur verið keypt og útbúin fljótandi síldarverksmiðja, skipið „Hæringur". En margt af þessu hefur því aðeins verið unnt að framkvæma, að Ísland hefur notið hinnar ágætustu aðstöðu í sambandi við Marshalláætlunina. Eru nú sköpuð góð skilyrði til þess að notfæra sér haust- og vetrarsíldina í Faxaflóa, og er þess að vænta, að hún bregðist ekki, eins og var s. l. haust.

Þá má geta þess, að óvenju mikið hefur þegar verið flutt inn og á að flytja inn af nýtízku, fullkomnum landbúnaðarvélum. Ætti það að valda verulegum straumhvörfum í íslenzkum landbúnaði.

Þó að orð hafi verið á því gert, að dregið hafi verið úr ýmsum byggingarframkvæmdum, þá er það þó mála sannast, að mikið hefur verið að því unnið að verða við óskum manna í þessum efnum. Hins vegar hefur verið stefnt að því að láta nauðsynlegar verksmiðjubyggingar og ódýr og hentug íbúðarhús sitja fyrir, en láta skrautbyggingar og íbúðarhallir sitja á hakanum.

Á árinu 1948 voru veitt leyfi fyrir byggingu 1594 íbúðarhúsa, og gert er ráð fyrir, að í ár verði þau 1576. Útihús voru leyfð 726 árið 1948 og 1517 árið 1949. Verzlunarbyggingar voru leyfðar 48 hvort árið um sig, iðnaðarbyggingar 68 árið 1948, en 73 árið 1949. Þannig mætti lengi telja. Sement til allra byggingarframkvæmdanna var talið 51200 tonn árið 1948 og gert ráð fyrir, að það verði 52500 tonn árið 1949. Um helmingur af sementinu fer til íbúðarhúsabygginga. Allur kostnaður til þessara byggingarframkvæmda er talinn 327 millj. kr. 1948 og 287,5 millj. 1949, þar af til íbúðarhúsabygginga 1948 163,7 millj. kr. og 118,6 millj. kr. 1949. Af þessu má sjá, hversu víðs fjarri þær fullyrðingar eru, að bannaðar hafi verið byggingarframkvæmdir í landinu.

Það hefur fyllilega komið í ljós, að þær stórstígu framkvæmdir og nýsköpun síðustu ára hefur mjög reynt á þanþol íslenzks fjármagns, og margt bendir til þess, að af ýmsum ástæðum verði frekar að stinga við fæti. Íslenzkt fjármagn er verulegum takmörkunum bundið, og það er engin lausn þessara mála að gefa út og prenta fleiri peningaseðla. Á síðustu fjórum árum hafa útlán bankanna aukizt um 554 millj. kr. Íslenzka þjóðin verður í þessu efni sem öðru að sníða sér stakk eftir vexti og ekki ráðast í meiri framkvæmdir en geta og fjármagn leyfir. Bjartsýnin er góð, en henni verður að vera samfara raunhyggja, ef vel á að vera. Þar duga engin óp og óhljóð þeirra, sem alls krefjast í einu.

Í utanríkismálum má sérstaklega minna á tvennt, sem núverandi ríkisstj. hefur staðið að: Annars vegar þátttaka í viðreisn Vestur-Evrópu, Marshallhjálpinni svonefndu, og hins vegar aðild að Atlantshafsbandalaginu til að tryggja öryggi Íslands. Í sambandi við Marshallaðstoðina hefur verið gerð ýtarleg áætlun um framkvæmdir í landinu á næstu fjórum árum, þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir aukningu fiskiflotans, síldariðnarins, byggingu lýsisherzluverksmiðju og fiskimjölsverksmiðja, aukningu kaupskipaflotans og hraðfrystihúsa, byggingu skipasmíðastöðva og þurrkvíar, kaupum á landbúnaðarvélum, byggingu áburðarverksmiðju, byggingu raforkuvera, sementsverksmiðju og kornmyllu. Er áætlað, að þessar framkvæmdir muni kosta í erlendum gjaldeyri á þessum fjórum árum ca. 361,69 millj. kr. og í íslenzkum gjaldeyri 181,11 millj. kr., eða samtals 542,8 millj. kr., og er þeim framkvæmdum ætlað að nema 135,7 millj. kr. á ári að meðaltali. Að vísu verður ekki um það sagt enn þá, hvort auðið verður að framkvæma þessa risaáætlun, en allt verður gert, sem unnt er, til þess af hálfu núverandi ríkisstj. Er raunar byrjað að starfa að sumu eftir þessari áætlun, en annað í vændum.

Það er ekki vafa undirorpið, að skynsamlegasta notkun þessa fjár, sem Íslendingar fá, bæði sem óafturkræft framlag, lán og sem andvirði íslenzkra afurða í sambandi við Marshallhjálpina, verður það að auka og stofna ný framleiðslutæki og með því móti leggja traustari grundvöll að auknu fjölbreyttari atvinnulífi í landinu.

Um Atlantshafssamninginn mun ég segja það eitt á þessu stigi, en vík að honum síðar, að ríkisstj. telur, að það hafi verið sjálfsagt og eðlilegt fyrir Íslendinga að gerast aðilar að honum til þess að tryggja sem bezt öryggi og sjálfstæði landsins og að Íslendingar megi vel við una að vera í hópi þeirra lýðræðisþjóða í Vestur-Evrópu, sem eru þátttakendur í því bandalagi. Það hefur strax komið í ljós, að Atlantshafssáttmálinn hefur nú þegar miklu til leiðar komið, þar sem hann án efa hefur átt sinn þátt í því að Rússar létu undan síga í Berlín, og a. m. k. í bráðina hefur nokkuð dregið úr taugastríðinu, þótt alltaf megi búast við, að einræðis- og ofstækisstefnan muni skjóta upp kollinum að nýju í einhverri mynd.

Ég hef hér á undan rakið í fáum og stórum dráttum þær framkvæmdir og þau úrræði út úr vandkvæðunum, sem núverandi ríkisstj. hefur staðið að, og við hvaða örðugleika hún hefur átt að etja á starfstímabili sínu. En hver er þáttur stjórnarandstöðunnar — kommúnista — í þessu sambandi?

Í þeim óglæsilega arfi, sem stj. tók við frá tyrri tímum, voru einna þungbærastar framkvæmdir, er gerðar voru á vegum ráðherra kommúnista. Má þar fyrst nefna byggingu síldarverksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði, sem kosta munu yfir 40 millj. kr., en voru

áætlaðar 16 millj. kr. Ég hef getið þess á eldhúsdegi áður, hvílíkt bruðl var viðhaft í sambandi við þessar byggingar og óstjórn á öllum sviðum. Nú er nokkuð meira vitað en áður um þessar athafnir og það sukk, sem gerði verksmiðjurnar svo geigvænlegar dýrar, og hvíla mun langa hríð með miklum þunga á herðum útgerðarmanna og sjómanna, fyrir utan það, hvað ríkissjóði hafa verið bundnar örðugar klyfjar. Ég gæti talið upp ýmis atriði í það óendanlega sem dæmi um óreiðu, óstjórn og sukk í sambandi við framkvæmd þessa, en mun aðeins drepa á fátt eitt.

Í sambandi við byggingu síldarverksmiðjanna var skipið „Hrímfaxi" leigt til þess að flytja sement frá Englandi. Leigan skyldi vera 5 þúsund krónur á dag, auk þess sem greiða skyldi losun, lestun, kol, yfirvinnu o. fl. Skipið fór aðeins tvær ferðir, frá 2. ágúst til 28. sept., eða á tæpum tveimur mánuðum. Leiga og kostnaður nam kr. 36594815, en þar frá dregst kr. 26448,38 fyrir mjölflutninga, þannig að útgjöldin vegna sementsflutninganna urðu kr. 339499,77. Skipið virðist hafa flutt alls 1219,2 tonn. Kostaði sementið kr. 491536,60 cif., án tolla og uppskipunar, eða 403 kr. tonnið. Á sama tíma var sement keypt úr smáskipum fyrir 250 kr. tonnið, eða rösklega 150 kr. lægra hvert tonn heldur en byggingarnefndin fékk sementið keypt fyrir.

Í samningi þeim, sem gerður var við byggingarfélagið, sem hafði verkið með höndum, var ákveðið „að kaupa hér efni á því verði, sem það fæst fyrir". Þetta fór mjög út í öfgar í framkvæmdinni, því að allan tímann var haldið áfram að kaupa ýmiss konar efni í smásölu. Seldi byggingarfélagið úr geymslum sínum fyrir 362300 kr. og keypti af öðrum í smásölu fyrir kr. 292400 eða alls fyrir kr. 654700. Er það engum vafa undirorpið, að þessi kaup hafa verið stórlega óhagkvæm, en í samningnum er gefið undir fótinn með það að kaupa efnið á því verði, „sem það fæst fyrir", eins og það er orðað. Og framkvæmdin varð sú, að kaupin voru að verulegu leyti frá smásölum.

Keyptir voru í því sambandi við byggingu verksmiðjanna 9 notaðir bílar, samtals fyrir kr. 290572. Á rekstri þessara bíla var halli, sem nam kr. 235131,08. Af þessum bifreiðum var einn jeppi, og var kaupverð hans um 11560 kr., en rekstrarkostnaðurinn 29432,90 kr., eða samtals kaupverð og kostnaður kr. 41 þúsund. Engar tekjur eru sjáanlegar af jeppanum. Þá var keypt sjö manna fólksbifreið fyrir 16 þús. kr., og varð rekstrarkostnaður hennar kr. 45915,95, en tekjur 150 krónur, — kostnaður alls, kaupverð og rekstur að frá dregnum tekjunum, varð kr. 61800,00. Engin skýrsla hefur legið fyrir um notkun þessara keyptu bifreiða, en viðgerðarkostnaður þeirra hefur verið með ólíkindum. Auk þess sem bílar byggingarnefndar virðist hafa verið í flutningum með ýmsan varning frá Reykjavík til Skagastrandar, voru fluttar vörur fyrir 251 þús. kr. með leigubifreiðum til Skagastrandar og Hofsóss frá Reykjavík. Flutningskostnaður er rúmar 400 krónur á tonnið. Meðal annars eru flutt kol, sem keypt voru í smásölu í Reykjavík, til Skagastrandar, og nemur þá andvirði kolanna, þegar þau eru tekin til upphitunar þar, um 700 kr. tonnið. Síldarverksmiðjurnar áttu næg kol á Siglufirði, og stóðu þau til boða með kostnaðarverði, og flutningur þeirra frá Siglufirði til Skagastrandar hefði orðið ca. 80—100 kr. á tonn, þar með talin útskipun og uppskipun.

Þess má geta til gamans, að byggingarnefndin eyddi í risgjöld kr. 51124,45. Virðist ekkert hafa verið til sparað.

En stærsta misfellan í þessu byggingarmáli er þó hrun mjölskemmunnar á Siglufirði, sem talið er, að muni kosta 3 millj. kr. að gera við Við endurbyggingu kom í ljós, að jarðvegsrannsóknir höfðu engar verið gerðar áður en skemman var reist. Kostaði lagfæringin á grunninum 600 þús. kr.

Ég hef aðeins nefnt hér nokkur dæmi af mörgum um óstjórn og sleifarlag, sem ríkti í síldarverksmiðjum ríkisins á þeim tíma, er hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, var atvmrh. Og langan tíma munu útgerðarmenn og sjómenn súpa seyðið af þessum framkvæmdum.

Ég nefni síldarverksmiðjurnar sem þátt í þeim arfi, er kommúnistar létu eftir sig frá sinni stjórnartíð. Ég get nefnt til viðbótar, að fyrrv. atvmrh., Áki Jakobsson, lét kaupa án samráðs við ríkisstj. og án leyfis þáverandi fjmrh. lýsisherzluvélar í Englandi, án þess að nokkurt fé væri til þess að greiða þær, og hefur núv. ríkisstj. nú nýverið orðið að taka 1 millj. kr. lán til þess að kaupa hluta af þessum vélum, sem svo gálauslega voru keyptar inn. Þessi dæmi tala ljósu máli um sukkið og óreiðuna undir stjórn kommúnista og þau sýna einnig ljóslega, hvílíka örðugleika arfurinn hefur lagt núverandi stj. á herðar.

Það hefur ekki leynt sér, að síðan núverandi ríkisstj. tók til starfa hafa kommúnistar gert allt, sem hugsanlegt hefur verið, til þess að gera henni sem örðugast um vik. Í því skyni hafa þeir reynt að misbeita verkalýðsfélögunum, t. d. í togaradeilunni, sem stóð fyrir skömmu. Þar gerðu þeir allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að spilla því, að sættir tækjust, og mörgum er minnisstætt, hve kommúnistar urðu fyrir miklum vonbrigðum, þegar deilan leystist. Þeirra ætlun var að reyna að stöðva togaraflotann miklu lengri tíma, unz algert öngþveiti hefði skapazt. En skynsemi íslenzkra sjómanna og útgerðarmanna var gæfuríkari, og deilan leystist fyrir nokkurn atbeina ríkisstj., áður en til slíks kæmi.

Við afgreiðslu fjárlaga nú hafa einstakir kommúnistaþingmenn og fulltrúar þeirra í fjvn. borið fram hækkunartillögur, sem nema samtals um 30 millj. kr., án þess að benda á nokkrar tekjur á móti. Menn beri þessa staðreynd saman við árásarhneigð hv. 8. landsk., Ásmundar Sigurðssonar, á aðra út af fjármálunum, en þessi hv. þm. er annar fulltrúi kommúnista í fjvn. Er þetta táknrænt fyrir alla starfsemi þeirra og lýsir þeim einkar vel. Þeir gera allt, sem þeir geta, til þess að torvelda viðreisnarstarf núverandi ríkisstj. og koma henni frá völdum, í þeirri fánýtu von, að þá mundi

skapast tækifæri fyrir þá til þess að hafa áhrif á stjórn landsins. En vissulega verður ógæfa þjóðarinnar aldrei svo mikil, að sá draumur þeirra rætist.

Táknrænast af öllu starfi kommúnista er framferði þeirra í utanríkismálum, svo sem alkunnugt er. Þeir hafa hamast hér á Alþingi af öllu afli gegn því, að Íslendingar tækju þátt í Marshalláætluninni. Þeir vita með vissu, að með þeirri þátttöku skapa Íslendingar sér stórmikla möguleika til endurreisnar atvinnulífsins og aukinnar framleiðslustarfsemi.

Það er gagnslaust fyrir kommúnista að reyna að telja Íslendingum trú um, að þátttaka Íslands í Marshallaðstoðinni þýði sama sem undirokun undir Bandaríkin. Stóra-Bretland, Norðurlöndin og Vestur-Evrópuþjóðirnar allar, sem í samtökunum eru, munu vissulega ætla sér annað en verða undirlægjur annarra þjóða, þó að þær freisti þess að endurreisa fjárhagskerfi sitt og atvinnulíf með stuðningi Marshalláætlunarinnar. Það er vissulega verið að vinna á móti hagsmunum íslenzkrar alþýðu, atvinnuvonum hennar og afkomu með því að berjast gegn þátttöku Íslands í Marshallaðstoðinni.

En hvers vegna gera kommúnistar þetta? Það er vegna þess, að Sovét-Rússland hefur látið það boð út ganga til allra kommúnistaflokka í Vestur-Evrópu, að þeir skuli af öllu afli berjast gegn viðreisnaráformunum. Fyrirskipunin var nægileg til þess, að henni væri hlýtt og hagsmunir almennings á Íslandi yrðu algert aukaatriði.

Ég minntist aðeins á Atlantshafssáttmálann. Öllum er í fersku minni hin hamslausa barátta kommúnista gegn honum. Við, sem að þátttöku Íslands stóðum, höfum verið nefndir landsölumenn, föðurlandssvikarar, tuskur, leppar og ótal mörgum álíka orðum. Þetta orðbragð var óspart notað innan sala Alþingis og ekki í hvað minnstum mæli né prúðara orðavali af þeirri einu kvenpersónu, er á Alþingi situr. Það var engin tilviljun, að 30. marz s. l. varð viðburðaríkur dagur í stjórnmálasögu Íslands. Með taumlausum áróðri og ofbeldi söfnuðu kommúnistar saman liði sínu öllu í baráttunni gegn því, að Íslendingar yrðu aðilar að Atlantshafssáttmálanum. Það er einnig sorglegt að einstaka villtar eða auðtrúa sálir utan raða kommúnista tóku þátt í þessari baráttu með mjög óheppilegum hætti, en að því mun ég ekki víkja nánar hér. Þó get ég ekki stillt mig um að bæta því við, að þeir hinir sömu menn, sumir, er á sorglegan hátt gerðust handbendi kommúnista, í sambandi við uppþot, gauragang og hótanir út af Atlantshafsbandalaginu, virðast nú í innanlandsmálum einnig hafa tekið sér samstöðu með kommúnistum og í því skyni myndað hálfgerð eða algerð flokkssamtök, þar sem áhrif og yfirstjórn eru augsýnilega komin frá kommúnistum. Og ekki gerir það athafnir þessara ólánsmanna betri, þótt hvatirnar kynnu að vera þær af sumra hálfu, að þeim hafi fundizt þeir ekki ná þeim frama og áhrifum í eigin flokkum, sem þeir sóttu eftir og töldu sig réttborna til.

En ég sagði það áður og segi það enn, að 30. marz var táknrænn dagur fyrir kommúnista á Íslandi, baráttuaðferðir þeirra, ofstæki og ofbeldishneigð. Það voru ekki rökin, sem notuð voru í þingræðum og blöðum, heldur upphrópanir, ókvæðisorð og hótanir. Og það allt saman leiddi til þess, að ráðizt var á Alþingi Íslendinga 30. marz af æstum skríl, brotnar flestar rúður þinghússins, og munaði minnstu, að margir alþingismenn og starfslið þingsins yrðu fyrir stórkostlegum áverkum eða jafnvel biðu bana.

Ég minnist þess, að þegar ég að áliðnum degi 30. marz fór frá þinghúsinu út í bifreið, var þar hópur æstra manna skammt frá, sem hrópaði nafn mitt og æpti „grýtum, grýtum, drepum, drepum". Og það var ekki látið sitja við orðin tóm. Grjóthríðin dundi þá litlu stund, sem ég var að ganga frá þinghúsinu til bifreiðarinnar, og var það ekki uppæstum skrílnum að þakka, að ég og hv. þm. V-Ísf., Ásgeir Ásgeirsson, skyldum ekki verða fyrir stórmeiðslum í það sinn. En þetta er táknrænt. Rökin eru grjótkast. Upphrópanirnar eru „grýtum, drepum". Það er starfsaðferð kommúnista og þeirra manna, sem virða að vettugi allar siðaðra manna reglur, er gilda eiga í lýðræðisþjóðfélagi. Það er táknandi fyrir það, hvílík hætta er á ferðum, þegar stjórnmálaflokkur er haldinn slíku ofstæki, slíkri fyrirlitningu á háttum siðaðra manna, og hversu þetta þjóðfélag er illa komið, ef slíkur flokkur eflist til verulegra áhrifa á íslenzk stjórnmál.

Það er öllum ljóst, sem til þekkja, að verðbólgan á Íslandi er geigvænleg. Núverandi ríkisstj. setti sér það takmark að reyna að stöðva hana og draga úr henni, ef unnt reyndist. Það verður að segjast eins og það er, að þetta hefur orðið örðugt í framkvæmd. Valda því margs konar ástæður, sem óviðráðanlegar hafa reynzt, svo sem verðhækkanir á erlendum markaði og margs konar ástand, skilningsleysi og sérhagsmunir innanlands. Allir krefjast lausnar þessa máls, en það er um leið eftirtektarvert, að það er risið gegn hverri þeirri tilraun, sem gerð er til að halda verðbólgunni niðri. Hver krefst sér til handa, að ekki sé á sinn hlut gengið, um leið og krafizt er aðgerða og úrbóta til lækkunar.

Það er vissulega ekki þessi ríkisstj., sem nú situr, er skapað hefur verðbólguna. Hún hefur þvert á móti reynt af fremsta megni að vinna gegn henni og draga úr henni með því að halda verðlagi svo mikið í skefjum sem unnt er og hindra aukinn framleiðslukostnað. Það hefur að vísu kostað það, að margir þjóðfélagsþegnar hafa orðið að taka auknar byrðar á herðar sínar, þar á meðal launastéttirnar. En því miður hefur ekki reynzt kleift að koma í veg fyrir það. Öðru verra hefur vissulega verið afstýrt, og það, sem mest er um vert, hefur tekizt að halda við fullkominni atvinnu og mikilli framleiðslu.

Alþfl. hefur ekki tyrir sitt leyti viljað ganga inn á gengislækkun eða viðtæka verðhjöðnun, jafnmikið og launastéttirnar hafa lýst andstöðu sinni gegn þessum úrræðum. Hefur því verið leitazt við að fara þá leið að reyna að

halda í föstum skorðum verðlagi og vinnulaunum. Þetta hefur ekki tekizt til fulls, og valda því margar orsakir og vöntun á skilningi, án þess þó að bent hafi verið með gildum rökum á aðrar leiðir, er alþýðu manna væru hentari og heppilegri. Þetta er vissulega vandasamt og viðkvæmt mál, mál, sem þarfnast mjög náinnar rannsóknar, umhugsunar og samstarfs. Það, sem ekki hvað sízt ríður á, er að fá skilning launastéttanna á nauðsyn þess, að barizt verði með árangri gegn verðbólgunni. Launamenn eiga mest á hættu um, hvernig tekst til. Viðnámslítil alþýða verður harðast úti, ef atvinnuvegirnir dragast saman og vinna bregst.

En það er óhætt að fullyrða, að sá tími nálgast meir og meir, að allir sjá, sem á annað borð vilja nokkurn skilning á því hafa, hvernig ástatt er, að menn verða að taka höndum saman í þessu máli. Til þess þarf samstarf, víðtækt samstarf milli lýðræðis- og umbótaaflanna í íslenzkum stjórnmálum og samstarf við launastéttirnar og framleiðendur til lands og sjávar.

Því fer víðs fjarri, að ástæða sé til að örvænta né telja, að ekki sé unnt að viðhalda blómlegu atvinnulífi og mannsæmandi lífskjörum almennings í landinu. Við eigum mikil, mörg og vaxandi atvinnutæki í landinu, dugmikið og vel mannað fólk og land margra möguleika, með fiskisælum miðum umhverfis það. Það, sem umfram allt þarf á að halda, er þegnskapur og réttsýni til þess, með samtökum lýðræðis- og umbótaafla, að ráða þeim ráðum, er fleyta okkur yfir torfærur líðandi stundar í íslenzku athafna- og fjármálalífi.

Svo er högum háttað í íslenzkum stjórnmálum, og verður væntanlega í náinni framtíð, að enginn einn stjórnmálaflokkur fær meiri hluta á Alþingi. Það er því ekki nema um tvær leiðir að ræða í stjórn landsins: Samstarf flokka um ríkisstj., eða minnihlutastjórn eins flokks. Hvort tveggja stjórnarhættirnir leiða til líkrar niðurstöðu. Minnihlutastjórn getur engum málum komið fram nema með samkomulagi við aðra flokka. Það leiðir aftur til þess, að hún verður í raun og veru að samhæfa sig skoðunum annarra flokka. Þetta þekkist vel t. d. frá Danmörku og Finnlandi, þar sem minnihlutastjórnir jafnaðarmanna fara nú með völd. Þeir verða að semja við aðra flokka til þess að koma fram málum og taka tillit til skoðana annarra flokka á þingi. Flokkar, sem vinna saman að ríkisstj., verða sín í milli að semja til þess að koma málum fram. Það, sem gert er, ber ekki öruggt svipmót eins flokks, heldur samstarfsins, meðalvegsins, sem farinn er af hinum ólíku flokkum. Þannig verður það einnig áreiðanlega hér á landi um framkvæmd þingræðis- og lýðræðisskipulagsins, hvort sem mönnum geðjast að því betur eða verr.

Ég er þeirrar skoðunar, og hef alltaf verið, að á örðugum tímum, eins og nú, sé heppilegt að ábyrgir lýðræðisflokkar hafi samstarf um stjórn landsins. En til þess að svo megi verða, þarf að samhæfa sjónarmiðin, sýna gagnkvæmt traust og skilning. En umfram allt verður þá að þoka til hliðar hagsmunum sérréttindastétta og veita þeim aðstoð og aukin réttindi, sem við bágust kjör eiga að búa. Ég álít, að lýðræðisflokkarnir einir geti starfað saman, ef vel á að fara.

Ég tel, að ekki komi til nokkurra mála, að samstarf um stjórn landsins sé haft við kommúnista. Ég vil taka það skýrt og ákveðið fram, og tel mig mæla þar fyrir munn míns flokks, að allt samstarf við kommúnista um stjórn landsins sé með öllu útilokað.

Að öðru leyti verður afstaða Alþfl. til stjórnar landsins á hverjum tíma að markast af málefnum og þeim einum. Svo hefur jafnan verið og mun verða. Til þess að Alþfl. geti staðið að ríkisstj., verða verkefni hennar að vera til hagsældar fyrir alþýðu landsins. Ég vil engu spá um framtíðina og samstarf núverandi stjórnarflokka, en vildi aðeins gefa þá yfirlýsingu, sem ég nú hef gert, og fer þá um afstöðu Alþfl. á sínum tíma til þessarar stj. og annarra eftir því, hvernig aðrir lýðræðisflokkar taka á málum af sinni hálfu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var gaman að sumu hjá hv. 8. landsk. þm., Ásmundi Sigurðssyni, sem ekki átti að vera fyndið.

Sannleikurinn er sá, að aldrei hefur runnið upp eins mikið dýrðar- og stórgróðatímabil fyrir alls konar braskara og þegar kommúnistar réðu um stjórn landsins með þeim frjálslyndu.

Þm. minntist lítillega á þann 30. marz. Kommúnistar höfðu þá í hótunum við þingið. Þeir gerðu tilraun til að beita það ofríki, en höfðu ekkert af nema skömmina. Þetta brennir þá nú eins og eldur og nagar þá innan.

Áður en ég kem að því að ræða um störf ríkisstj. í innanlandsmálum og um þátttöku Framsfl. í henni, vil ég fara nokkrum orðum um utanríkismál. Þau hafa nú um skeið verið ofarlega á baugi með þjóðinni. Kommúnistar halda uppi æðisgengnum áróðri gegn þeirri ákvörðun Alþ., að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Auðvitað ætti öllum að vera vorkunnarlaust að skilja, að sá áróður er ekki sprottinn af tryggð við íslenzkan málstað eða áhuga á því, að Íslandi sé ekki troðið um tær, heldur er hann sprottinn af þjónustu þeirra við málstað þess ríkis, sem nú ræður Austur-Evrópu og vill hafa lönd í Vestur-Evrópu opin og varnarlaus. Þetta sést þegar af því, þótt ekki sé lengra rakið, að kommúnistar hafa stundum áður beinlínis lagt það til, að Íslendingar gerðust þátttakendur í hervarnarbandalögum þjóða á milli. Sýndi ég fram á þetta með óyggjandi gögnum í síðustu útvarpsumræðum frá hv. Alþ., og var það ómótmælt, sem vonlegt var, af hendi kommúnista.

Atlantshafsbandalagið er stofnað af friðsömum þjóðum til varnar eingöngu. Spurningin var hins vegar sú, hvort Íslendingar ættu heima í slíkum varnarsamtökum og eðlilegt væri, að Ísland tæki þátt í þeim.

Framsfl. mun fyrstur allra flokka hafa áiyktað, að Íslendingum bæri að leita sérstaks samstarfs um öryggismál sín við nágrannaþjóð-

irnar, án þess að erlendur her dveldist í landinu. Þegar til athugunar kom, hvort Íslendingar skyldu taka þátt í Atlantshafsbandalaginu, tók flokkurinn þegar að vinna að því, að slík þátttaka væri útilokuð, ef henni fylgdi skuldbinding um erlendan her á Íslandi eða erlendar herstöðvar á friðartímum, og þá jafnframt þá stefnu, að eðlilegt væri, að Ísland yrði með, ef samvinna um öryggismálin gæti orðið án þessara skilyrða.

Niðurstaðan varð sú, að sáttmálinn gerði einmitt ráð fyrir samvinnu þjóðanna um öryggismál sín, án þess að erlendar herstöðvar væru í þátttökulöndunum á friðartímum. Þess vegna tók Framsfl. afstöðu með því, að Íslendingar gerðust aðilar að bandalaginu. Enginn vafi leikur á því, að Íslendingum er ekki skylt að hafa hér erlendan her á friðartímum né erlendar herstöðvar og ekki skylt að segja öðrum þjóðum stríð á hendur né fara með hernaði, hvað sem í skerst. Sáttmálinn er tvímælalaus í þessu efni og greinilega þess utan tekið fram af Íslendingum, meira að segja við sjálfa undirskriftina, að Íslendingar hafi ekki her, ætli sér ekki að hafa her og gerist ekki styrjaldaraðili. Auk þess er margyfirlýst, að Íslendingar muni ekki leyfa hér erlendan her á friðartímum né erlendar herstöðvar.

Ég mun þá víkja að störfum ríkisstj. að öðru leyti, einstökum vandamálum, sem fyrir liggja, og stjórnmálaviðhorfinu almennt. Ég mun rekja hér nokkuð framkvæmdir og lagasetningar, sem stj. hefur unnið að á þeim rúmum tveimur árum, sem hún hefur starfað, og gera sérstaklega grein fyrir vinnubrögðum framsóknarmanna í stjórnarsamstarfinu, hvað þeir hafa lagt mesta áherzlu á, hvað þeim hefur orðið ágengt og í hverju þeim hefur ekki orðið ágengt.

Ég vil þá fyrst minnast á landbúnaðarmál. Þegar stj. tók við völdum fyrir tveimur árum, var þannig ástatt, að afurða- og verðlagsmál landbúnaðarins voru í höndum lögskipaðs forustuliðs bændastéttarinnar, búnaðarráðs, sem skipað var í beinni andstöðu við bændastéttina og samtök hennar og var þó til þess sett af valdhöfunum að fara með sum þýðingarmestu málefni bændastéttarinnar, þar á meðal afurðasölu og verðlagsmál. Þetta lögskipaða forustulið hafði, þegar hér var komið, haldið þannig niðri verðlaginu á landbúnaðarafurðum, að tekjur bænda voru í fullu ósamræmi við tekjur annarra stétta.

Framsfl. gerði það að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku, að lögin um búnaðarráð yrðu afnumin, stéttasamtökum bænda fengin í hendur forusta í afurðasölumálum og sem fyllst völd um verðlagsmál. Þessi löggjöf var sett, og þótt ekki næðist allt, sem vera þyrfti, hafa afleiðingar hennar orðið þær, að hún hefur eflt Stéttarsamband bænda stórkostlega og haft í för með sér, fyrir ihlutun Stéttarsambandsins um verðlagningu, mjög þýðingarmiklar leiðréttingar á verðlagningu landbúnaðarvara til samræmis við þær hækkanir, sem orðið höfðu annars staðar, og til leiðréttingar á því ranglæti, sem áður ríkti.

Þetta hefur haft stórfellda fjárhagslega þýðingu fyrir bændastéttina. Þessa leiðréttingu hafa bændur ekki úrskurðað sér einhliða án ihlutunar annarra. Lokaorðið hefur haft hlutlaus oddamaður frá ríkisvaldinu. En þessar réttarbætur fengust vegna þess, að búnaðarráðskerfið var rifið niður og nýtt byggt upp.

Fyrir rúmum þrem árum stóð Stéttarsamband bænda í stórstyrjöld við ráðandi þingmeirihluta og yfirvöld landsins um að fá til sín það fé, sem með sérstökum lögum og eftir eigin ósk bændastéttarinnar hafði verið safnað frá bændum sjálfum og átti að vera starfsfé stéttarsamtaka þeirra. Þáverandi meiri hluti þings og yfirvöld landsins þóttust sem sé færari um að ákveða, hvernig þessu fé skyldi varið, en samtök bændanna. Undir steininum lá sá fiskur að ofsækja Stéttarsambandið og svelta það fjárhagslega. Á þingi 1948 var þessi fjötur slitinn og sett ný löggjöf, sem tryggði Stéttarsambandinu verulegt starfsfé úr búnaðarmálasjóðnum.

Þegar núverandi ríkisstj. hóf starf sitt, var málum þannig háttað, að útflutningsábyrgð var á bátafiski, en þáverandi þingmeirihluti og yfirvöld höfðu fellt að hafa hliðstætt útflutningsábyrgðarverð á kjöti. Samt hafði ríkisvaldið þá tekið sér rétt til þess að ákveða verðlag á kjöti innanlands, með þeim afleiðingum, sem ég drap á áðan. Við þá verðlagningu var reiknað með fyllsta verði á útflutningskjöti, sem auðvitað ekki fékkst, og afleiðingin því sú, að bændur fengu ekki einu sinni það meðalverð fyrir kjötið, sem stjórnskipað búnaðarráð tiltók. Í dýrtíðarlöggjöfinni nýju um haustið 1947 fékkst það fram, að kjöt var gert hliðstætt bátafiski að þessu leyti. Fékkst þar fram mjög miklsverð réttarbót, sem varð til þess, að veruleg leiðrétting átti sér stað á kjötverðinu frá því, sem verið hafði áður.

Það vita allir, sem þekkja eitthvað til, að þegar örast voru notaðar innstæður landsmanna erlendis og örast var fest fé, fór landbúnaðurinn mjög varhluta, bæði í úthlutun gjaldeyris og lánsfjár. Fyrir núverandi ríkisstj. hefur ekki verið hægt um vik að bæta úr þessu. Þegar hún tók við, var fjármagnið svo þorrið orðið, að komin var lánskreppa og erlendu innstæðunum öllum ráðstafað. Af þeim 50 millj. kr., sem eitt sinn var talið, að ætti að veita í gjaldeyri til nýrra landbúnaðartækja, hafði aðeins nokkur hluti verið veittur í leyfum, og þegar til átti að taka og greiða tækin, þá var gjaldeyririnn, sem á bak við átti að standa, að miklu leyti eyddur.

Það hefur því orðið að taka af gjaldeyristekjum síðustu tveggja ára til þess að greiða verulegan hluta af þessum leyfum og ekki af öðru að taka en útflutningstekjunum til þess að standa undir vélainnflutningi til landbúnaðarins. Á innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið, tókst að koma 6,5 millj. til landbúnaðarvéla, en mikið af þeirri fjárhæð eyddist enn til þess að greiða eldri leyfi, sem voru framlengd, en raunverulega hefði átt að greiða af þeim gjaldeyri, sem fyrir nokkrum árum var lagður til hliðar, en var horfinn, eins og dögg

fyrir sólu, þegar til átti að taka. Á árunum 1947 og 1948 var því ekki hægt að ákveða vélainnflutninginn eftir því, hvað hagfelldast var fyrir landbúnaðinn, vegna eldri innflutningsráðstafana, sem þurfti að standa við.

Á yfirstandandi ári tókst að koma 10 millj. kr. inn á innflutningsáætlunina til kaupa á landbúnaðarvélum. Barátta var tekin upp í fjárhagsráði fyrir því að hafa þá fjárhæð nálega 6 millj. kr. hærri með tilliti til Marshallaðstoðarinnar. En sú tillaga hefur ekki enn náð samþykki í fjárhagsráði eða ríkisstj., en því máli verður haldið vakandi. Gæti það ekki talizt ofrausn, þótt á þessu ári væru notaðar 15 millj. til kaupa á landbúnaðarvélum, og væri þá hluti af því tekinn af Marshallfé til jafnvægis við það, sem af Marshallfé hefur þegar farið til annarra atvinnuvega.

10 millj. kr. fjárveiting í sjálfri innflutningsáætluninni er veruleg aukning frá því, sem áður hefur verið. Sérstaklega er rétt að taka það fram, að sú hækkun, sem fékkst í innflutningsáætluninni, hefur leitt til þess, að nú hefur loks verið ákveðið að gefa út innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi fyrir 67 beltisdráttarvélum til jarðræktarstarfa, og er það sá dráttarvélakostur, sem þarf til þess, að dómi kunnugustu manna, að ræktunarsambönd séu sæmilega búin þessum tækjum. En þessi tæki eru undirstaða allra framfara í landbúnaðinum. Hefur því nú verulegt skref verið stigið fram á við í þessum málum.

Í stjórnarsamningnum var frá því gengið, að sett yrði ný löggjöf um ræktunarsjóð. En vegna þess, hvernig þá var komið um fjárhagsmálin og möguleika til útvegunar á fé, varð þar að stiga minna skref en framsóknarmenn hefðu viljað. Hefur af þessu orðið nokkurt gagn, en lánsfjárskorturinn er eitthvert stórkostlegasta vandamál landbúnaðarins, og eitt meginhlutverk þeirra, sem hafa skilning á þýðingu landbúnaðarins og áhuga á því, að hann geti þrifizt, er einmitt barátta fyrir því á næstu missirum, að hæfilegur og viðunandi hluti af fjármagni þjóðarinnar á hverjum tíma sé festur í löngum lánum vegna nýrra framkvæmda í landbúnaðinum.

Við framsóknarmenn teljum, að verulegur ávinningur hafi orðið fyrir landbúnaðinn af þeirri stefnubreytingu í landbúnaðarmálum, sem varð fyrir rúmum tveimur árum.

Á þeim örlagaríku tímum, þegar það var að ráðast, hvort verðbólgan fengi að komast í algleyming eða ekki, lögðum við framsóknarmenn mjög mikla áherzlu á það, hver afleiðing hennar hlyti að verða fyrir sjávarútveginn. Við bentum á, að sjávarútvegurinn væri háður útflutningsverði afurðanna, að stórfelldar hækkanir innanlands hlytu að skella á sjávarútveginum, hann mundi verða í fremstu víglínu, og afleiðingar verðbólgunnar mundu einna fyrst segja til sín í afkomu hans.

Baráttan gegn vexti verðbólgunnar á þeim tíma var baráttan gegn því, að sjávarútvegurinn yrði hrakinn ofan í enn verra forað rekstrarhalla og skulda en menn höfðu þekkt á tímum Spánarkreppunnar fyrir stríðið. Þetta var ekki nógu vel skilið þá og tómlæti sýnt þessum kenningum. Því fór sem fór. Haustið 1946 var þessum málum þannig komið, að bátaútvegurinn var kominn í sjálfheldu. Þá var engin von um viðunandi afkomu hjá bátaútveginum, nema afurðaverðið væri hækkað um 50%. Slíka hækkun var ómögulegt að fá á erlendum markaði, og þar með stóð allt fast. Menn vildu ekki gera samtök um að lækka framleiðslukostnaðinn. Útgerðarmenn og fiskimenn treystu sér ekki til þess að stunda sjóinn sjáandi fram á það, að jafnvel með góðum afla var ómögulegt að láta endana mætast né hafa það fyrir vinnu sína, sem nálgaðist það, sem þeim var ætlað, sem í landi voru. Lái þeim hver sem vill. Hvernig er hægt að hugsa sér, að það geti staðizt, að mikill hluti landsmanna hafi fastar tekjur, en að sá hluti þjóðarinnar, sem sækir útflutningsverðmætin í hafið, eigi að vinna við þau skilyrði að eiga ekki aðeins sitt undir aflabrögðum, heldur horfa fram á, að þótt menn með ótrúlegu harðfylgi nái góðum afla, þá sé samt engin von um að forðast skuldasöfnun né hljóta lífvænlegan hlut? Því fer svo fjarri, að þetta geti staðizt, að sjávarútvegurinn verður vegna óhappaáranna, sem ætíð koma, að byggjast á verulegum tekjuafgangi í allgóðum árum og glæsilegum hlut, þegar vel árar, samanborið við aðra kosti. Hér hlaut því annað hvort að gerast, að betra jafnvægi yrði komið á milli kostnaðarins við sjávarútveginn og verðlagsins erlendis, eða þá, að tryggja yrði fiskverð, sem gæfi von um viðunandi afkomu, án tillits til markaðsverðs erlendis. Hið fyrra var útilokað. Fyrir því var ekki fylgi. Hið síðara var gert með fiskábyrgðarlögunum, því neyðarúrræði, og Framsfl. var með því af sömu ástæðum og hann fylgdi gengislækkuninni 1939 og öðrum ráðstöfunum, sem fyrr og síðar hafa verið gerðar til bjargar, þegar sjávarútveginum hefur legið á.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við, var nýbúið að samþykkja fiskábyrgðina, en peninganna hafði ekki verið aflað til þess að standa undir greiðslunum. Það hefur orðið hlutverk þessarar ríkisstj. og þess meiri hluta, sem að henni stendur, að framlengja fiskábyrgðina fram á þennan dag og afla tekna til þess að standa undir henni. Þannig eru á fjárlagafrv. núna ekki undir 40 milljónir, sem eiga að fara í nýjar og gamlar fiskábyrgðargreiðslur. Enn hafa ekki fengizt samtök um nein úrræði, sem gert hafi mögulegt að skipta þar um stefnu. Það hafa því verið lagðir á skattar og tollar, m. a. til þess að halda uppi greiðslum vegna fiskábyrgðarinnar. Þetta ástand er hins vegar jafnóviðunandi fyrir sjávarútvegsmenn og þjóðina í heild. Sjávarútveginum er haldið í sjálfheldu með þeirri háspennu, sem á öllu er innanlands, og settur í þá aðstöðu að standa í samningum og „prútti" við ríkisvaldið um fiskverðið og nú síðast framlög úr ríkissjóði til þess að halda niðri vissum þáttum framleiðslukostnaðarins. Þessi aðstaða er ósæmileg og óviðunandi, en hins vegar alveg óhjákvæmilegt, að svo hlýtur að standa, þangað til ráðstafanir verða gerðar, sem breyta þannig hlut-

falli á milli tilkostnaðar og útflutningsverðs, að afkomuhorfur séu viðunandi fyrir útgerðina og fiskimennina.

Með neyðarúrræðum hefur sjávarútveginum verið haldið gangandi og útflutningnum haldið uppi. Ég segi hiklaust neyðarúrræðum, því að ofan á það, sem þegar er nefnt, virðist þetta kerfi, sem notað er, vera að koma inn þeirri skoðun hjá ýmsum, að bátaútvegurinn, sem leggur til ⅔—¾ alls útflutningsverðmætisins, sé eins konar ómagi á þjóðarbúinu, svipað því, sem sumir spekingar hafa sagt um landbúnaðinn, sem leggur til mikinn hluta þeirra fæðu, sem landsmenn neyta. Það fyrirkomulag, sem ýtir undir slíkan reginmisskilning og firru, er óalandi, og allt ástand í sjávarútvegsmálum er þannig, að nýrra úrræða er óhjákvæmilegt að leita, og kem ég að því síðar.

Enginn skyldi þó halda, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafi reynzt eða séu fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir samdrátt útflutningsframleiðslunnar. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir þessar ráðstafanir hefur sjálfur útvegurinn dregizt saman, eldri togurum verið lagt og mörgum bátum einnig víðs vegar um land.

Á því tímabili, sem stj. hefur starfað, hefur orðið að gera allstórfelldar ráðstafanir til stuðnings útveginum í skuldamálum vegna þess, að tvær síldarvertíðir hafa brugðizt, og hefur þetta orðið allfrekt ríkinu, en ekki orðið hjá þeim útgjöldum sneitt, eins og fjárhag útvegsmanna var komið. Á fjárlagafrv., sem nú er verið að afgreiða, standa nær 9 milljónir vegna þessara skuldamála.

Í sambandi við aflabrestinn hefur nú komið skriður á þýðingarmikið málefni, setning löggjafar um aflatryggingasjóð útvegsins, sem verður afgr. á þessu þ. Er þar um mjög merkilegt mál að ræða, og hefur Framsfl. sérstakar ástæður til þess að fagna því nýmæli í löggjöf, þar sem það hefur ætíð verið hans áhugamál, að slíkur tryggingasjóður fyrir sjávarútveginn gæti komizt á sem bakstuðningur vegna mikillar áhættu.

Áður en skilizt er við sjávarútvegsmálin, vil ég segja nokkur orð um kommúnista og afskipti þeirra af þeim. Hvergi kemur lævísi þeirra og óhollusta greinilegar fram. Þeir standa gegn öllum ráðstöfunum, sem gætu orðið til varanlegrar lausnar á vandamálum útvegsins, og þeir gera allt, sem þeir geta, til þess að ýta undir og koma af stað enn stórfelldari aukningu framleiðslukostnaðarins og dýrtíðarinnar. Þeir heimta hærra ábyrgðarverð á fiski, en eru á móti allri tekjuöflun, hvernig sem hún er, til þess að standa undir þeirri ábyrgð, sem fyrir er, — hvað þá nýrri viðbót. Þeir hrópa: Ábyrgðarverðið er of lágt — og jafnhliða, að stj. hafi ekkert að bjóða fólki nema nýjar skattaálögur, sem auki dýrtíðina. Þetta er viðurstyggilegur loddaraleikur, en misheppnaður, — hann er miðaður við of lágt menningarstig og hittir ekki í mark.

Þessu næst vil ég minnast nokkuð á fjárfestingarmálin, framkvæmdirnar í landinu. Í stjórnarsáttmálanum var ákveðið, að setja skyldi á fót fjárhagsráð, er hefði eftirlit með fjárfestingu. Þegar þetta ákvæði var sett, var þannig ástatt, að handahóf réð því, í hvaða framkvæmdir ráðizt var, í hvaða framkvæmdir fjármagni, vinnuafli og gjaldeyri þjóðarinnar var eytt. Það var ekki farið eftir því, hvar þörfin var mest fyrir framkvæmdirnar, heldur réð það eitt í raun og veru, hverjir höfðu tök á fjármagninu. Framkvæmdir höfðu þá verið miklar um tíma, geysileg sóun verðmæta átt sér stað og miklum fjármunum eytt í margs konar framkvæmdir, sem að réttu lagi áttu að bíða. Um þessar mundir vofði yfir allsherjar stöðvun vegna þess, hve mikið hafði verið tekið fyrir, og gjaldeyrir þá á þrotum.

Fjárfestingareftirlitinu er ætlað það vandasama hlutverk að velja úr og leyfa þær framkvæmdir, sem mesta þýðingu hafa, en fresta öðrum. Áhrifanna frá glundroðanum, sem í þessum málum ríkti, gætti svo mjög á árinu 1947, að lítlu tauti varð við komið á því ári. Árið 1948 voru skilyrði skárri til þess að beita hinni nýju stefnu, þar sem minna gætti þá eldri áhrifa. Er því tímabært nú að spyrja, hver árangur hafi orðið þessa eftirlits.

Ég vil minnast á nokkur höfuðatriði. Bygging lúxusíbúða hefur verið bönnuð. Notkun byggingarefnis í sumarbústaði, bílskúra og steingirðingar umhverfis hús hefur verið bönnuð. Engar íbúðir má byggja stærri en 130 fermetra, byggingu verzlunarhúsa hefur að mestu verið hætt um stundarsakir. Allt á þetta að miða að því, að byggingarefnið verði fyrst og fremst notað til nauðsynlegra íbúðarhúsabygginga, framleiðslufyrirtækja, útihúsabygginga og þýðingarmestu opinberra framkvæmda.

Á því leikur enginn vafi, að ýmiss konar mistök hafa átt sér stað. Það má tvímælalaust deila um einstakar leyfisveitingar, og á því er t. d. enginn vafi, að mikil mistök áttu sér stað á árinu 1948 um ákvörðun á innflutningi á þakefni, svo að stór vandræði hlutust af. Hitt getur ekki leikið á tveim tungum, að með þessu eftirliti hefur bráðnauðsynlegt starf verið unnið, komið í veg fyrir gífurlega eyðslu byggingarefnis í margvíslegar framkvæmdir, sem óþarfar eru og dregið hefðu til sín byggingarefnið, vinnuaflið og fjármagnið, og eftirlitið orðið til þess, að miklum mun meira hefur verið hægt að byggja af íbúðarhúsnæði til sjávar og sveita, af útihúsum og öðrum byggingum vegna framleiðslunnar en ella hefði komið til mála. Í fyrra var t. d. unnt vegna sparnaðarráðstafana á byggingarefni að veita leyfi til þess að byggja öll íbúðarhús utan Reykjavíkur, sem um var sótt í tæka tíð, og öll útihús í sveitum. Í ár hefur þetta ekki reynzt mögulegt vegna þess, hvað umsóknir hafa verið gífurlega margar, þannig að gersamlega var útilokað, að hægt væri að gera allar þær framkvæmdir á einu ári.

Þótt ýmsum þyki slæmt að fá synjun frá fjárhagsráði og vafalaust séu því mislagðar hendur stundum, þegar velja skal og hafna, þá raskar það ekki því, að fjárfestingareftirlitið hefur forðað frá verra öngþveiti í þessum málum en menn yfirleitt gera sér grein fyrir.

Hvernig halda menn t. d., að hefði farið nú, eftir að gjaldeyrisskorturinn fór að gera vart við sig, á sama tíma sem byggingaráhuginn jókst, ef það hefði átt að ráða eitt í þessum efnum, hverjir gátu vegna aðstöðu sinnar náð í byggingarefnið hjá byggingarefnisinnflytjendum eða höfðu peninga í stórhýsi? Hvernig ætli, að farið hefði um byggingarframkvæmdir víðs vegar um landið? Það er nógu slæmt, eins og það er vegna ósamræmis milli fjárfestingarleyfa og innflutningsleyfa. Um þverbak hefði þó keyrt alveg gersamlega, ef fjárfestingareftirlitið hefði ekki verið.

Þegar stj. tók við fyrir rúmlega tveimur árum, var gjaldeyrisskorturinn farinn að gera vart við sig, búið að ráðstafa öllum innstæðum og mjög mikið af gjaldeyris- og innflutningsleyfum í umferð. Innflutningsþarfirnar hins vegar stórfelldar, bæði vegna mikilla framkvæmda og mikillar neyzlu. Sýndi hæstv. forsrh. fram á þetta hér áðan með samanburði sínum á innflutningi fyrr og nú. Þrátt fyrir allmikinn útflutning hefur það verið mjög miklum erfiðleikum bundið að forðast eyðsluskuldasöfnun erlendis. M. a. vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið á vegum fjárhagsráðs, hefur gjaldeyrisjöfnuður hins vegar verið stórum hagstæðari en áður var. Árið 1945 keyptu bankarnir gjaldeyri fyrir 362 millj. og seldu gjaldeyri fyrir 426 millj. Jöfnuðurinn því óhagstæður um 100 millj. Árið 1946 keyptu bankarnir gjaldeyri fyrir 323 millj., en seldu fyrir 580 millj. Jöfnuðurinn var óhagstæður um 257 millj. Árið 1947 keyptu bankarnir gjaldeyri fyrir 301, en seldu fyrir 468 millj. Óhagstæður jöfnuður 167 millj. Árið 1948 keyptu bankarnir erlendan gjaldeyri fyrir 424 millj., en seldu fyrir 416 millj. Jöfnuðurinn var því hagstæður um 8 millj. kr.

Í innflutningnum er mjög mikið af vörum til nýrra framkvæmda, og hefur það að sjálfsögðu haft mikil áhrif á gjaldeyrisverzlunina. Gjaldeyrisskorturinn er stórfellt vandamál, og þegar allur varasjóður er tæmdur, má ekkert út af bera. Ómögulegt er að sjá, hvernig Íslendingar hefðu farið að því að útvega sér nauðsynjar í dollurum, ef þeir hefðu ekki orðið þátttakendur í Marshallsamstarfinu. Hefur fé fengizt þar með þrennu móti: lán, óafturkræft framlag, sem er verið að byrja að ráðstafa, og vegna vörusölu á vegum Marshallhjálparinnar gegn greiðslu í dollurum. Höfuðatriðið er, að lán þau, sem tekin verða, og óafturkræfa framlagið, sem fæst, verði ekki að eyðslueyri, heldur verði varið til þýðingarmikilla framfarafyrirtækja. Í frv. því, sem stj. hefur lagt fyrir þ. um þetta efni, er svo ákveðið, að óafturkræfa framlagið skuli notað til nýrra framkvæmda samkv. fjögurra ára áætlun ríkisstj. í sambandi við Marshallaðstoðina, annaðhvort dollararnir sjálfir eða jafnvirði þeirra í annarri erlendri mynt. Í framkvæmdinni veltur auðvitað allt á því, að það takist að láta útflutninginn hrökkva fyrir venjulegum innflutningi og menn neyðist ekki til að nota óafturkræfa framlagið úr Marshallaðstoðinni til þess.

Það sýnir auðnuleysi og ósjálfstæði kommúnista, að þeir eru látnir berjast á móti þátttöku Íslands í Marshallsamstarfinu. Þeir eru ekki öfundsverðir af þessu. Hefði þeirra ráðum verið fylgt, hefði enginn Þýzkalandssamningur fengizt fyrir ísfisk, engin sala þangað á freðfiski, svo að dæmi séu aðeins nefnd. Yfirleitt slitið viðskiptasamböndum við lýðræðisríkin í Vestur-Evrópu og orðið að ofurselja sig Rússum til þess að hafa að borða, en það er líka það, sem þeir vilja. Það er gott, að kommúnistar eru svo miskunnarlaust neyddir til þess að fletta sig klæðum í sambandi við Marshallsamstarfið.

Gjaldeyrisskorturinn hefur gert óumflýjanlegan mikinn niðurskurð á neyzluvörum fólks. Af þessu hefur leitt mjög stórfelld vandkvæði, og hafa komið átakanlega í ljós stórfelldir gallar á innflutningsskipulaginu, sem að vísu voru fyrir hendi áður, en minna bar á, vegna þess að gnægð var til af vörum.

Á þeim árum, þegar áhrifa Framsfl. gætti ekki verulega um framkvæmd verzlunarmálanna, hafði innflutningurinn með alls konar bolabrögðum verið færður yfir á hendur kaupmannastéttarinnar frá samvinnufélögunum, sem sjá þó um dreifingu vara til mikils hluta landsmanna. Urðu kaupfélögin að kaupa ýmsar neyzluvörur í stórum stíl hjá heildsölum, ef viðskiptamenn þeirra áttu ekki að vera án þeirra. Vörurnar fengust hins vegar á meðan verið var að eyða innstæðunum og heildsalar fengu mikinn innflutning. En þegar gjaldeyrisskorturinn sagði til sín og takmarka varð innflutning, töldu heildsalar sig yfirleitt ekki hafa vörur afgangs handa kaupfélögunum nema lítið, og sátu kaupmenn þá fyrir, en kvóti samvinnufélaganna stórlega niðurskorinn í mörgum þýðingarmiklum vörugreinum. Kaupfélögin og þeirra viðskiptamenn urðu því að láta sér nægja það litla, rangláta og með öllu ófullnægjandi vörumagn, sem samvinnuhreyfingunni var ætlað, og af því hefur leitt hið frekasta misrétti í garð fjölda landsmanna.

Framsfl. hefur haldið uppi harðri baráttu í viðskiptanefnd, í fjárhagsráði, í ríkisstj. og á Alþ. og allsstaðar þar, sem hann hefur getað því við komið til leiðréttingar á þessu herfilega ranglæti. Sú barátta hefur borið árangur á þann hátt, að þokazt hefur nokkuð til leiðréttingar frá því, sem verst hefur orðið í þessum efnum og gilti, þegar núverandi stj. tók við þessum málum, en fjarri fer því, að viðunandi ástand eða jafnrétti hafi náðst, og enn síður, að skipulagi hafi verið breytt þannig, að til frambúðar geti staðizt.

Framsfl. miðar sínar till. og sína baráttu í þessum málum ekki aðeins við það að rétta hlut samvinnumanna og tryggja rétt samvinnufélaga, heldur vill hann koma á í þessu efni nýrri skipan, sem tryggir frjálsari verzlun og tryggir, að menn fái raunverulega þær vörur, sem þeir eiga rétt á. Hann vill miða innflutninginn á neyzluvörum við skömmtunarseðla, og innflutning byggingarefnis vill hann miða við fjárfestingarleyfi. Enn þá hefur þessu ekki fengizt framgengt, vegna þess blátt áfram, að mínum dómi, að of miklu ráða hagsmunir

þeirra, sem telja sér hag í að viðhalda kvótakerfinu. Allur almenningur hefur hins vegar gagnstæða hagsmuni, en hag af því, að tillögur framsóknarmanna nái fram að ganga, bæði þeir, sem verzla við kaupmenn og kaupfélög. Þau úrræði tryggja samkeppni í verzlun og dreifingu vara víðs vegar um landið í samræmi við fólksfjölda.

Framsfl. mun halda baráttu sinni áfram fyrir þessum málum í fullu trausti þess, að menn láti ekki til lengdar fara með sig á þann hátt, sem gert er, og í trausti þess, að þegar menn sjá, að barátta flokksins í þessum málum hefur ekki leitt til nauðsynlegra breytinga vegna mótstöðu annarra, þá komi menn til liðs við flokkinn við fyrsta tækifæri og veiti honum þannig styrk til þess að knýja fram endurbætur.

Ég vil þá minnast nokkrum orðum á afgreiðslu fjárl. á þessu stjórnartímabili. Það byrjaði með því, að núverandi ríkisstj. tók við fiskábyrgðarlögunum án þess, að tekjur væru til þess að standa undir greiðslum, er ábyrgðin hefði í för með sér. Enn fremur neyddist ríkisstj. til þess að auka niðurgreiðslur dýrtíðarinnar og færa vísitöluna þannig úr 316 stigum í 310 stig til þess að örfa framleiðsluna veturinn 1947. Jafnt og þétt hafa svo komið fram verðhækkanir, sem stöfuðu af kauphækkunum, sem höfðu verið gerðar áður, og nokkrar erlendar verðhækkanir hafa einnig átt sér stað. Á árinu 1947 koma í fyrsta skipti í fjárlög milljónatugir útgjalda, sem stöfuðu af löggjöf þeirri, sem sett hafði verið 1946. Allt þetta hefur orðið þess valdandi, að afgreiðsla fjárlaga hefur orðið nærri óleysanlegt verkefni, að óbreyttum ástæðum í fjárhags- og atvinnumálum. Þetta er þó tæpast nema það, sem hlaut að verða afleiðing verðbólgunnar.

Dýrtíðargreiðslurnar eru nú á þessum fjárlögum, sem loksins er verið að afgreiða, þegar 4½ mánuður er liðinn af fjárhagsárinu, milli 60—70 millj. kr. Allir endar hafa verið hnýttir fastir í ríkiskassann, ef svo mætti segja.

Hver hefur svo verið afstaða Framsfl. til afgreiðslu fjárlaganna út af fyrir sig? Það hefur verið fyrsta boðorð flokksins í því efni, að ekki bæri að lækka framlög ríkisins til allra þýðingarmestu framfaramála almennings, svo sem vega, brúa, síma, hafnargerða og ræktunar- og raforkuframkvæmda. Hins vegar yrði að lækka framlög til opinberra bygginga og sætta sig við, að þar verði farið miklu hægar en gert hefur verið að undanförnu, og framkvæma margs konar sparnað.

Nú hugsar máske einhver: Er þetta nú ekki vafasöm stefna, þegar þess er gætt, hve margt annað hleðst á ríkið og hve illa gengur að ná jöfnuði á fjárlögunum? Þessa afstöðu sína byggir Framsfl. á þeirri skoðun, að ef inn á það væri gengið að lækka framlög til þessara lífsnauðsynlegu framkvæmda, sem eru blátt áfram undirstaða þess, að eðlileg þróun atvinnulífsins víðs vegar um land geti átt sér stað, þá mundi niðurstaðan verða sú, að í dýrtíðarhítina yrði kastað því fé, sem áður hefði til þessara mála gengið, og menn freistuðust blátt áfram til þess að nota þá fjármuni til að velta dýrtíðarbagganum á undan sér enn lengur en ella og um ófyrirsjáanlegan tíma með vaxandi fjáraustri. Ofan á allt annað bættist þá kyrrstaða í allra mest aðkallandi framkvæmdunum. Þetta er byggt á þeirri bjargföstu sannfæringu, að til nýrra stóróhappa dragi, ef framlag til þessara mála væri skert stórkostlega, en til framkvæmda kæmu ekki alhliða ráðstafanir til sparnaðar í ríkisrekstri eða ráðstafanir til þess að losa ríkissjóð við hinar óbærilegu dýrtíðargreiðslur.

Þegar Framsfl. ákvað að eiga þátt í þessari ríkisstj. með þeim stjórnarsáttmála, sem gerður var, þá gerðu menn sér ekki neinar sérstakar gyllivonir um skjótar og stórfelldar ráðstafanir til þess að bæta í einu vetfangi úr því öngþveitisástandi, sem orðið var. Flokknum var og er það ljóst, að það er ekki margra góðra kosta völ. Flokknum hefur ætíð verið það ljóst, að úr ýmsu því versta misrétti, sem verðbólgan hefur skapað, verður aldrei bætt til fulls. Stjórnarþátttaka flokksins byggðist á því, að hann sá, að hann gat þá orkað stefnubreytingu í ýmsum þýðingarmiklum málum, og hann vildi eiga þátt í tilraun, sem gerð yrði til að hindra vöxt verðbólgunnar með þeim úrræðum, sem þá var hægt að fá þá þrjá flokka til að sameinast um.

Um dýrtíðarmálið segir svo í stjórnarsáttmálanum: „Það er hlutverk ríkisstj. að vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðar og athuga möguleika á lækkun hennar." Ríkisstj. hefur ekki tekizt að stöðva með öllu hækkun dýrtíðarinnar, þótt leitazt hafi verið við með mörgu móti. Stafar það að dómi okkar framsóknarmanna sumpart af því, að réttum úrræðum hefur ekki verið beitt, en sumpart af því, að afleiðingar þess, sem áður var búið að gera, hafa reynzt of þungar í skauti, til þess að unnt væri að komast hjá nokkrum vexti dýrtíðar af þeim völdum. Einnig kemur hér til, að þrátt fyrir viðleitni ríkisstj. hafa verið knúðar fram nýjar hækkanir, sem komið hafa í bága við stöðvunarstefnuna.

Samt sem áður hefur vísitalan ekki hækkað nema úr 316 í 326 stig á þessu tímabili, og athuganir sýna, að framleiðslukostnaður sjávarútvegsins hefur staðið í stað á árinu 1948, og er það í fyrsta skipti síðan fyrir stríð, að slíkt hefur komið fyrir. Rétt er jafnframt að horfast í augu við það, að vöruskorturinn og ólagið á vörudreifingu hefur fært mönnum að höndum nýtt vandamál, sem er svartur markaður í ýmsum greinum.

Nú er þjóðin enn einu sinni á vegamótum í þessum efnum. Nú skortir ekki raddir, sem segja: Dýrtíðin hefur vaxið í hlutfalli við launin. Nú ber að krefjast og knýja fram launahækkanir. Almenn herferð er undirbúin til launahækkana. Ef í hana verður lagt og hún ber árangur, getur enginn hagur af því orðið samt. Ástandið er þannig orðið, að því meiri launahækkanir sem verða, því meiri skattar — því meiri skerðing vísitölu — því meiri gengishækkun eftir skamma stund — eftir því til

hvers gripið verður í neyðinni. — Launasamtökin verða að skilja, að þau verða að leggja orku sína og áhrif í annað. Þau verða að taka alvarlega sínar eigin ályktanir og leggja þungann í að styðja það og krefjast þess, að margs konar ráðstafanir verði gerðar, sem komi í staðinn fyrir kaupþækkanir, í verzlunarmálum, húsnæðismálum, iðnaðarmálum, skattamálum og verðlagsmálum. Þau verða að setja þetta fram nú á elleftu stundu og gefa tóm til, að það fái að koma í ljós, hvaða áhrif það hefur á afgreiðslu mála, ef þau beita sér raunverulega á þennan hátt af alvöru og með þunga og setja samræmingaróskir sínar í samband við slíka jákvæða stefnu.

Ástand í fjárhags- og atvinnumálum er þannig, að fjárlög geta ekki orðið afgreidd einu sinni enn á þeim grundvelli, sem fyrir hendi er. Þrýstingurinn er svo stórkostlegur og afleiðingar hans svo geigvænlegar fyrir atvinnurekstur, útflutning og innflutning, að það verður heldur ekki mögulegt að sjá borgið fjárhag þjóðarinnar út á við, ef svo fer fram sem nú horfir, hvað þá ef enn verður reist ný dýrtíðaralda. Afgreiðsla þessa þings á fjárhagsmálum og fjárlögum er ljóslega talandi vottur um það, hvernig ástatt er.

Tímabil varnarinnar er liðið. Sóknin verður að hefjast. Framsfl. leggur höfuðáherzlu á, að nú verði ekki sá háttur upp tekinn, sem verið hefur á undanförnum árum, að frá því að fjárlög hafa verið afgr. að vorinu nú upp á síðkastið og þangað til seint á hausti sé aðgerðarlaust í þessum málum. Nú er þannig ástatt, að það er ekki hægt að halda þannig á, og það verður að gera sérstakar vonir um, að það sé nú orðinn jarðvegur til þess að taka öðruvísi á málunum. Það er ekki hægt að bíða nú aðgerðalaust fram á haust eða næsta vetur, og að menn viti ekki, hvort til er meiri hluti á Alþingi fyrir þeim ráðstöfunum, sem geta orðið öflug tilraun til björgunar. Það er ekki hægt að vera aðgerðalaus og eiga það á hættu, að þegar til á að taka næsta vetur, sé ekki samstæða um neitt, aðalmálefnin hrekist mánuðum saman og síðan ókleift að koma saman fjárlögum ríkisins.

Framsfl. leggur því höfuðáherzlu á, að það verði gengið með fullri hreinskilni að ganga úr skugga um það, hvort þeir flokkar, sem nú fara með stjórn landsins, geta komið sér saman um viðunandi ráðstafanir í fjárhags-, dýrtíðar- og atvinnumálum, á þessu sumri, og að þessar athuganir eigi sér stað engu síður, þótt svo fari, að Alþingi hætti störfum um stundarsakir.

Framsfl. leggur megináherzlu á, að gerðar séu allar hugsanlegar skynsamlegar ráðstafanir fyrst og fremst til þess að auka kaupmátt peninganna innanlands, minnka misréttið, sem verðbólgan hefur skapað og gera menn þannig færari um að taka á sig byrðar viðreisnarinnar. Mestum vandkvæðum valda hér húsnæðismálin, og þar hefur verðbólgan hlaðið múr milli þeirra, sem áttu húsnæði fyrir stríð, og hinna, sem nú þurfa að afla sér húsnæðis.

Það þarf að leggja á háan stóríbúðaskatt til þess að auka framboð á leiguhúsnæði, lögbjóða lækkun á húsaleigu, sem ákveðin hefur verið á verðbólguárunum, og veita leigutökum aðstöðu til þess að hafa áhrif á og eftirlit með framkvæmd þeirrar löggjafar, bæta úr því misrétti, sem þeir eiga við að búa, sem aflað hafa sér húsnæðis á verðbólguárunum, með því að taka tillit til þess í skattagreiðslum, leggja þungar refsingar við húsaleiguokri og tryggja barnafjölskyldum forgangsrétt að íbúðum. Þá þarf að aðstoða menn með öllu móti til þess að koma sér upp hentugum íbúðarhúsum, veita mönnum aðgang að ódýrum eða ókeypis teikningum og ódýrum leiðbeiningum og greiða m. a. þannig fyrir þeim, sem byggja yfir sig sjálfir. Afnema þarf hið gegndarlausa álag byggingarmeistara á byggingarkostnaðinn. Láta þá sitja fyrir fjárfestingarleyfum og því fjármagni, sem mögulegt er að sópa saman í hæfilega löng byggingarlán, sem eru að byggja íbúðir handa sjálfum sér í sveitum og við sjó. Láta innflutningsleyfi fylgja fjárfestingarleyfum fyrir byggingar og tryggja mönnum þannig byggingarefni á hinn hagkvæmasta hátt.

Taka verður upp nýja stefnu í verzlunarmálum, sem tryggi neytendum og framleiðendum sem mest frjálsræði um að velja milli verzlana og drepa þannig svarta markaðinn. Þetta er hægt með þeim úrræðum, sem Framsfl. hefur barizt fyrir og berst fyrir. Búa þarf þannig að verksmiðjuiðnaðinum í landinu, að afköst þeirra fyrirtækja, sem hafa góðar vélar, geti notazt, og tryggja um leið verðlækkun á iðnaðarvörum. Herða þarf á verðlagseftirliti, láta samtök neytenda fá fulltrúa við framkvæmd eftirlitsins, skipa fulltrúa frá neytendum með almennum dómurum í verðlags- og gjaldeyrismálum, þyngja refsingar fyrir verðlags- og gjaldeyrisbrot og endurskoða sérstaklega, eins og áður er tekið fram, álagningu í byggingariðnaðinum og álagningu á margs konar aðra þjónustu.

Framkvæma þarf hinn ýtrasta sparnað í opinberum rekstri, taka upp í opinberum stofnunum fullkomna tækni og starfshætti í því skyni, herða á eftirliti með skattaframtölum og setja nýja löggjöf til stuðnings þeim framkvæmdum.

Þessar ráðstafanir og ýmsar fleiri þarf að gera á undan eða jafnhliða öðrum frekari, til þess að tryggja afkomu atvinnuveganna og nægilega atvinnu í landinu. Getur þar verið um að ræða til viðbótar aðallega allsherjar niðurfærslu eða gengislækkun. Jafnhliða þessum ráðstöfunum væri rétt að leggja á stóreignaskatt, og jafnóðum og þessar ráðstafanir bæru árangur, yrði síðan að draga úr höftum ýmiss konar og lækka dýrtíðarskattana eftir því, sem frekast reyndist mögulegt.

Þetta er í höfuðdráttum sú stefna, sem framsóknarmönnum sýnist óhjákvæmilegt, að hrundið verði tafarlaust í framkvæmd. Þetta er sú meginstefna, sem okkur sýnist blátt áfram þjóðarnauðsyn, að sem allra flestir sameinist um, án þess að langur dráttur verði á framkvæmdum.

Framsfl. hefur lagt fram frumvörp og tillögur á Alþingi um einstaka þætti þessara mála og er reiðubúinn að standa að framkvæmd þessarar stefnu. Frumvörpum okkar og tillögum hefur verið misjafnlega tekið eins og áður hefur verið á bent, en flokkurinn mun ekki hætta baráttu sinni fyrir þessari stefnu og hann leggur höfuðáherzlu á það nú, eins og áður er undirstrikað, að þótt svo fari, að Alþingi hætti nú starfi um stundarsakir, þá verði það aðeins um stundarsakir og ekki gert hlé á þessum málum, heldur gengið í það af atorku að ganga úr skugga um, hvort þeir flokkar, sem nú standa að ríkisstj., geta staðið saman um nauðsynlegar óhjákvæmilegar ráðstafanir í þessum málum nú í sumar eða ekki.

Íslenzka þjóðin á mikla eldraun í vændum. Það hefur ekki reynzt neinni þjóð létt verk að komast upp úr verðbólgufeninu, þegar út í það er komið.

Málefnin eru vandleyst mjög, og nauðsynlegar ráðstafanir margar hitta ýmsa harkalega. Ofan á þetta bætist, að víða eru skemmdaröfl að verki. Sérhagsmunaöflin reyna að smjúga og verja sig, og svo eru hinir pólitísku úlfar, sem sitja um bráð. Allir eru þeir á veiðum, þegar úr vöndu er að ráða, flestir í sauðargærum, en gengur illa að dyljast sumum. Þeir eiga það eitt erindi að sá tortryggni og óánægju, egna hvern gegn öðrum, til þess að ekki ráðist við neitt og jarðvegur verði fyrir úlfasamfélagið.

Nú er allt undir því komið, að hægt verði á næstunni að fylkja nógu mörgum saman um réttláta stefnu í dýrtíðar- og fjárhagsmálunum, þar sem höfuðsjónarmiðin eru þau að gera allt, sem með réttu er hægt að krefjast, til þess að tryggja hag almennings og jafnframt óhjákvæmilegar ráðstafanir til þess að rétta við fjárhag ríkisins og atvinnuveganna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): „Er það hækkunartillaga?“ Þannig spurði hv. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, fyrir tveimur árum við afgreiðslu fjárlaga. Hann hafði vikið sér frá, en vildi nú greiða atkvæði á ný og þess vegna fá að vita, hvers eðlis till., sem til atkv. var, væri. Hann spurði ekki um, hvort tillagan væri þörf eða óþörf, hvort hún væri til styrktar góðu máli eða illu. Hið eina, sem Brynjólfur Bjarnason taldi hafa þýðingu og réð atkvæði hans, var, hvort um væri að ræða hækkun útgjalda eða ekki. Þegar hann heyrði, að um hækkunartillögu var að ræða, greiddi hann henni hiklaust atkvæði sitt. Þetta atvik hefur orðið minnisstætt flestum eða öllum, sem viðstaddir voru. En þess mun einnig verða getið í sögu þjóðarinnar, því að fáir atburðir sýna í einu vetfangi ljósar meginstefnu kommúnista í fjármálum. Alls staðar hafa þeir verið með hækkunum útgjalda, hvergi með lækkunum, a. m. k. hvergi þar, sem þýðingu hafði.

En engin regla er án undantekninga. Við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni greiddu kommúnistar atkvæði með einstaka lækkunartillögum. Eftirtektarverðast um þá afstöðu þeirra var, að þeir vildu lækka útgjöld til löggæzlu, rannsóknar sakamála og hætta útgáfu hæstaréttardóma. Þarf ekki skýringar við, af hverju kommúnistar taka þessa þætti út úr og vilja umfram allt koma í veg fyrir, að hafðar séu hendur í hári sakamanna og frásagnir af athæfi þeirra birtar í hæstaréttardómum. Fjandskapur þeirra við réttarrannsóknina út af ofbeldisverkunum 30. marz s. l. er af sama toga spunninn. Þeir óttast, að þar muni sitt hvað sannast, sem þeir vilja hafa dulið. Sá ótti þeirra er skiljanlegur, því að þó að þar muni ekki sannast öll launráð þeirra og vina þeirra til undirbúnings árásinni á Alþingi, mun hlutur þeirra verða ærið slæmur fyrir því. Vitanlega reyna kommúnistar að hræða menn frá að segja satt um það, er þeir sáu til tiltekta kommúnista þennan dag, og reyna eftir föngum að skjóta undan sönnunargögnum. Þess vegna vona þeir einnig, að kvikmyndirnar, sem teknar voru þennan dag, verði ekki sýndar, og reyna að telja kjark í lið sitt með því að skrökva því upp, að banna eigi sýningu mynda þessara. Sú skröksaga verður hinum seku mönnum skammgóður vermir. Myndirnar munu verða sýndar, og umfram allt verður að sýna þær óstyttar, því að þótt þær að sjálfsögðu nái ekki nema litlu af þeim ljótu afbrotum, sem kommúnistar og vinir þeirra frömdu 30. marz, þá sést þar þó margt, sem kommúnistar kvíða, að komi fyrir augu almennings.

Kommúnistar kvíða sannleikanum. Þeir vita, að hann muni eyða slíkum söguburði og hv. þm., Ásm. Sigurðsson, maðurinn, sem sneri við mynd Jóns Sigurðssonar, viðhafði hér áðan. Ófugmæli hans um atburðinn 30. marz eru sýnishorn af sagnfræði kommúnista. Sumu því ljótasta úr Þjóðviljanum sleppti hann þó. — T. d. hinni lubbalegu árás á nafngreindan Íslending, sem starfaði með Þjóðverjum í Noregi fyrri hluta stríðsáranna og hlaut fyrir það þunga refsingu í Noregi að ófriðnum loknum og var þó sleppt þaðan úr haldi. Þjóðviljinn hefur dag eftir dag fullyrt, að þessi maður hafi verið í liði lögreglunnar eða a. m. k. lýðræðisflokkanna 30. marz. Sannleikurinn er sá, að þessi maður kom þar hvergi nærri, og er sannast sagt furðu níðingslegt að rífa stöðugt upp á ný sár hans. Allra sízt situr það þó á kommúnistum að brigzla manni þessum, því að afstaða hans í upphafi stríðsins var einmitt hin sama og Molotovs, sem óskaði sendiherra Þjóðverja til hamingju, þegar hann sagði honum frá innrás Þjóðverja í Noreg.

Allir þykjast vera á móti útgjaldahæð fjárlaganna, meðan ekki er vikið að því í einstökum atriðum, hvað eigi að spara. Mikið er talað um aukningu ríkisbáknsins í því sambandi. Sízt skyldi ég verða til þess að verja vöxt þess. Sjálfstfl. er eini flokkurinn, sem er í beinni andstöðu við of mikil ríkisafskipti af atvinnuvegum landsmanna og framkvæmdum. En flokkurinn hefur því miður ekki meiri hluta atkvæða með kjósendum landsins og ræður þess vegna ekki einn stefnunni, heldur verður hann að semja við aðra flokka, gerólíka að skoðunum, um framgang allra mála og hverri meg-

instefnu skuli fylgt. Allir þessir flokkar, andstöðuflokkar sjálfstæðismanna, vilja meiri og minni ríkisafskipti, kommúnistaflokkurinn þó mest. Á engum flokki situr því síður en honum að ásaka aðra um útþenslu ríkisstarfseminnar, ríkisafskipti, skrifstofubákn og skriffinnsku. Sannleikurinn er sá, að þó að ýmsum þyki að vonum of mikið um þvílíka iðju hér á landi nú, þá er hún ekki nema svipur sjá sjón miðað við ástandið í þeim löndum, þar sem sósialismi, hvað þá kommúnismi, hefur fengið öll ráð. Þegar kommúnistar þess vegna lýsa andstöðu sinni við þvílíka stjórnarhætti, tala þeir þvert um hug sér sem endranær. Þar ráðast þeir einmitt á þau stjórnareinkenni, sem öllu öðru fremur eru ráðandi í því þjóðfélagsformi, sem þeir vilja koma á.

En þó að rétt sé, að hér á landi sé nú of mikið um skriffinnsku og úr öllu því fargani verði seint bætt til hlítar, nema Sjálfstfl. einn fái hreinan meiri hluta við kosningar, þá verður þó að segja söguna eins og hún er, og hún er sú, að hækkun útgjalda ríkissjóðs stafar ekki fyrst og fremst af þessum sökum. Það eru aðrar ástæður en fjölgun starfsmanna ríkisbáknsins, sem mestu ráða um þetta.

Eftir 2. umr. fjárl. voru heildarútgjöld fjárlaga rúmlega 293 millj. kr. Í hverju var meginhluti útgjaldanna fólginn? Var það hin eiginlega starfsræksla ríkisins, embættismannafjöldinn, sem gleypti allt þetta fé? Nei, það voru örfáir liðir, þessu í rauninni óviðkomandi, sem tóku mest af fénu. Til verklegra framkvæmda, samgöngumála, kennslumála, landbúnaðarmála, raforkumála, almannatrygginga, dýrtíðarmála og skuldaniðurgreiðslna var varið h. u. b. 225 millj. kr.

Þegar við lítum á einstakar fjárhæðir fjárlaganna, sjáum við, að samgöngumál, en þar eru taldar flestar verklegar framkvæmdir, voru þar með h. u. b. 37½ millj. kr., sem hækkuðu um milljónir við 3. umr. Við þetta má bæta 5 millj. til raforkumála og a. m. k. 800 þús. til notendasíma hjá Landssímanum, sem ekki er talið til eignaaukninga. Þá eru í 20. gr. taldar auk skuldaniðurgreiðslu 10 millj. til ýmiss konar eignaaukninga, nær allt verklegar framkvæmdir.

Vilja kommúnistar lækka verklegar framkvæmdir frá því, sem nú er? Þvert á móti. Þeir vilja auka þær og ásaka núverandi meiri hluta Alþingis og núverandi ríkisstj. um allt of mikið aðgerðarleysi í þessum efnum.

Þá eru h. u. b. 20 millj. kr. ætlaðar til ýmiss konar landbúnaðarframkvæmda, mæðiveikivarna, fjárskipta og annars slíks. Ekki hef ég orðið þess var, að kommúnistar hafi flutt neinar tillögur til lækkunar þessum liðum, heldur hafa þeir viljað hækka þá svo hundruðum þúsunda skipti.

Til skólamála eru ætlaðar h. u. b. 28 millj. og 300 þús. Mjög verulegur liður í þessari geipifjárhæð er kostnaður af fræðslulögunum nýju. Ég skal ekki ræða um það, hvort þessi löggjöf, með hinu langa skólanámi fyrir alla unglinga, hvernig sem námshæfileikum og löngun þeirra er varið, horfi til góðs eða ills. Hitt þori ég að fullyrða, að kommúnistaflokkurinn, og þó einkum fyrrv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, mundi telja mjög á hlut sinn gengið, ef neitað væri, að hann hefði átt verulegan þátt í, að löggjöf þessi var sett. En úr því að kommúnistar vilja þakka sér sinn hlut í setningu laganna, þá komast þeir heldur ekki undan að taka ábyrgðina af kostnaðinum að sínum hluta.

Til almannatrygginganna er varið h. u. b. 21 millj. kr. Út af fyrir sig vildu allir landsmenn, að sú löggjöf væri sett. Það eina, sem ýmsir efuðust um, var, hvort Íslendingar hefðu efni á að standa undir svo stórfelldum almannatryggingum. Einn hópur var þó, sem ekki taldi kostnaðinn nægan, heldur vildi enn þar á auka og eyða stórfé umfram það, sem ákveðið var. Þetta voru kommúnistar, mennirnir, sem nú hamast mest yfir, hve ríkisútgjöldin séu orðin mikil.

Þá eru það dýrtíðarmálin. Til þeirra var eftir 2. umr. samtals áætlað h. u. b. 75 millj. kr., og þar við bætast 6½ millj. kr. vegna veiðibrests 1948 og í raun réttri einnig mest af niðurgreiðslum á skuldum og ábyrgðum ríkissjóðs, samtals krónur 20 millj. fyrir utan 7 millj. kr. vaxtagreiðslur, því að þessar skuldbindingar hafa flestar orðið til í sambandi við verðlags- og dýrtíðarmálin. Er þá til þessara mála varið meira en 100 millj., eða rúmlega þriðjungi af öllum útgjöldum ríkisins.

Rétt er að vísu, að útgjöldin vegna dýrtíðarráðstafana eru nú miklu hærri en var á meðan kommúnistar voru í stjórn. Fyrir sitt leyti samþykktu þeir þó alla meginliði þeirra útgjalda, sem enn eru uppistaðan í þessum gífurlega kostnaði. En afstaða kommúnista kom glögglega fram í því, að þeir vildu t. d. í árslok 1946 samþykkja fiskábyrgðina, sem þá var nýung og reyndist kosta rúmlega tvo milljónatugi, en vildu hins vegar hvorki sjá fyrir sérstökum tekjustofni til að standa undir þessum útgjöldum, né heldur gerðu þeir ráðstafanir til að veita fé til þeirra af almennri fjárhæð fjárlaganna. Þarna kemur enn glögglega fram hin kommúnistiska aðferð. Þeir samþykkja hækkanir og fjáraustur úr ríkissjóði, en vilja ekki með neinu móti gera honum fært að standa við skuldbindingar sínar.

Með þeirri löggjöf, sem kommúnistar áttu þátt í að setja og þakka sér að verulegu forgöngu um, svo sem t. d. fiskábyrgðina, var sem sagt smíðuð aðaluppistaðan í dýrtíðarútgjöldunum gífurlegu nú. Hitt er rétt, að þau hafa enn aukizt frá því, sem var, þafnvel þótt tillit sé tekið til fiskábyrgðarinnar, sem sett var í árslok 1946, áður en núverandi stj. tók við.

En af hverju stafar þessi hækkun? Ýmist af verðbreytingum út á við, sem Íslendingar ráða ekki að neinu leyti yfir, eða af hækkandi verðlagi innanlands, og það á mestan hlut að máli.

Skömmu eftir að núverandi stjórn tók við völdum, efndu kommúnistar til víðtækra verkfalla, og var verkamannafélagið Dagsbrún látið vera þar í forustu. Því var að vísu yfirlýst af kommúnistum, að verkföll þessi væru ekki

fyrst og fremst vegna hagsmuna verkamanna, heldur til að steypa ríkisstj., hrunstjórninni, sem þeir kölluðu svo. Verkföll þessi stóðu lengi, og þeim lyktaði þannig, að nokkrar kauphækkanir voru veittar, þó hvergi nærri eins miklar og kommúnistar höfðu ætlað að knýja fram.

Nú var það auðvitað svo, að allir hefðu út af fyrir sig óskað eftir, að unnt væri að bæta kjör verkamanna og alls almennings. Andstaðan, sem veitt var þessum kaupkröfum, kom hins vegar af því, að menn voru sannfærðir um, að atvinnuvegir landsmanna mundu ekki geta staðið undir hærra kaupgjaldi en þá var.

Sumir hafa sagt: Kaupgjaldið var hækkað, en stöðvun atvinnunnar varð ekki. Þess vegna var andstaðan gegn kauphækkunum 1947 ástæðulaus. Það er rétt, að forða tókst frá stöðvun atvinnuveganna. Aðferðin til þess var sú, að ríkið tók á sig baggann.

Afstaða atvinnuveganna út á við varð verri og verri. Atvinnuvegunum var hjálpað til að starfa áfram með fernu móti:

1) Innlendar framleiðsluafurðir, einkum landbúnaðarins, voru borgaðar stórkostlega niður til þess að halda verðlaginu innanlands lægra en ella hefði orðið.
2) Sumar aðfluttar vörur voru einnig greiddar niður í sama tilgangi.
3) Vegna þess, að verðlagið innanlands var of hátt þrátt fyrir þessar stórkostlegu niðurgreiðslur, varð að taka ábyrgð á hærra söluverði útflutningsafurðanna en fáanlegt var erlendis.
4) Ríkið tók að sér að greiða eftir á halla þeirra, sem verst hafa orðið úti, sbr. síldarkreppuráðstafanirnar.

Kauphækkanirnar, sem hér urðu 1947, þegar kommúnistar ætluðu að steypa ríkisstj., náðu að vísu ekki þeim megintilgangi, heldur þvert á móti þjöppuðu almenningi saman til fylgis við ríkisstj. Þær megnuðu heldur ekki að stöðva atvinnuvegina, eins og kommúnistar vonuðu. En þingmenn kommúnista fóru ekki dult með það vorið 1947, að vegna verkfallanna mundi strax þá um haustið verða komin svo mikil dýrtíð, að atvinnuvegirnir af þeim sökum mundu stöðvast. Þetta mark náðist ekki. En hitt tókst, að leggja óhæfilegar byrðar á ríkissjóð. Þetta hefur leitt til þess, að ríkissjóður hefur stofnað til milljónatuga skulda, svo að lengur er ekki unnt að halda áfram á þeirri braut. Enn fremur hefur af þessu leitt, að nýjar og nýjar álögur verður að leggja á landsmenn til að standa undir beinum og óbeinum hallarekstri atvinnuveganna.

Nú eru kommúnistar að reyna að koma af stað nýrri stórkostlegri dýrtíðar- og kaupgjaldskröfuöldu. Kommúnistar styðja þá kröfugerð við hækkandi dýrtíð. Þetta er einmitt sú afleiðing verkfallanna 1947, sem ríkisstj. og styðjendur hennar sögðu þá fyrir. Þeir bentu strax á, að kauphækkanir slíkar sem þá voru fram knúnar mundu ekki koma almenningi að neinu gagni, heldur einungis leiða til vaxandi vandræða og aukins ófarnaðar.

Ef kommúnistum tekst nú áform sitt, leiðir það sennilega til þeirrar stöðvunar atvinnuveganna, sem þeir sækjast eftir, eða til þess, að ómögulegt verður með öllu að halda lengur uppi gengi íslenzku krónunnar, svo sem núverandi ríkisstj. hefur umfram allt lagt kapp á.

Annars er augljóst, að kommúnistar eru orðnir ærið langeygir eftir stöðvun atvinnuveganna, hruni og atvinnuleysi. Strax 6. febr. 1947, þegar Einar Olgeirsson lýsti andstöðu flokks síns við ríkisstj. á Alþingi, er stj. var nýmynduð, sagði hann, að ætlunin væri „að leiða aftur atvinnuleysi — yfir fólkið". 19. marz 1947 sagði Þjóðviljinn, að unnið væri að „skipulagningu atvinnuleysis á Íslandi". 30. ágúst 1947, eftir hið mikla síldarleysisár, segir Þjóðviljinn: „Einmitt nú með haustinu finna þúsundir manna óþyrmilega til þess, hvernig hrunstjórnin er að skapa kreppu og atvinnuleysi".

Þjóðviljinn var og ekki í vafa um, hvað það var, sem kom í veg fyrir „fyrirætlanir ríkisstj. og fjárhagsráðs um atvinnuleysi" veturinn 1948. Hinn 10. febr. 1948 sagði Þjóðviljinn, að það hefði verið Faxaflóasíldin, sem „hindraði" þessar fyrirætlanir, sem vissulega hefði mátt kalla djöfullegar, ef sannar hefðu verið. Hinn 11. maí 1948 sagði blaðið, að „stefna ríkisstj. væri „kreppa, atvinnuleysi". Þannig mætti lengi halda áfram. Sem betur fer hafa þessir spádómar ekki rætzt. Faxaflóasíldin brást í vetur. Þrátt fyrir það hefur tekizt að halda uppi fullri atvinnu hér á landi og þá einkum hér í höfuðborginni. Þó að kommúnistar hafi skorað á menn og reynt að smala mönnum við atvinnuleysisskráningar hefur það lítið dugað, því að sem betur fer hefur ekkert raunverulegt atvinnuleysi skapazt. Í mestu harðindunum í vetur, þegar bátar komust ekki á sjó og erfiðast var með útivinnu, létu 135 menn skrá sig atvinnulausa af 55 þúsund íbúum Reykjavíkur.

En hvernig stendur á því, að kommúnistar hafa verið svona ósparir á þessa spádóma, þó að þeir hafi hvað eftir annað látið sér til skammar verða?

Skýringin á því er ofur einföld. Við vitum, að á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina, allt fram á árin 1939 og 1940, var mikil fátækt og atvinnuleysi hér á landi. Þá ríkti hér það ástand, sem allir, er það muna, hljóta að vona og biðja, að slíkt komi aldrei aftur yfir íslenzka þjóð. Það voru tvær meginorsakir, sem bættu úr þessu hörmungarástandi. Annars vegar var hin aukna eftirspurn fiskafurða okkar, sem af stríðsástandinu stafaði. Hins vegar setuliðsvinnan. Hvort tveggja þetta leiddi til mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli og til þeirra miklu kauphækkana, sem hér urðu á stríðsárunum, en kommúnistar hafa þakkað sínum tiltektum. Sannleikurinn er sá, að þó að tekjurnar ef eðlilegum atvinnurekstri landsmanna væru gífurlegar á þessum árum, er þó vafasamt, að allir hefðu fengið næga atvinnu, ef við þær einar hefði verið stuðzt. Það, sem úrslitamuninn gerði, var setuliðsvinnan. Innstæðurnar, sem söfnuðust erlendis á ófriðarárunum, nema hér um bil sömu upphæð eins og kaupgreiðslur í setuliðsvinnunni voru. Ef setuliðsvinnan hefði því ekki verið, hefðu engar

innstæður erlendis safnazt, engir nýsköpunartogarar verið keyptir fyrir þessa peninga eða aðrar umbætur gerðar, sem fengust fyrir þessa miklu fjármuni.

Að stríðinu loknu hvarf setuliðsvinnan og tekjurnar af henni. En þá voru innstæðurnar enn til. Það stóðst hins vegar nokkurn veginn á endum, að innstæðunum var lokið, þegar kommúnistar hurfu úr stjórn. Á meðan þetta fé var fyrir hendi, var hægt að ráðast í ýmsar framkvæmdir, þarfar og óþarfar. Sem betur fer, var meginhlutinn af þeim þarfur. Fyrir forgöngu sjálfstæðismanna voru nýsköpunartogararnir keyptir og í margvíslegar uppbyggingarframkvæmdir ráðizt. Af öllum þessum fjárstraumi leiddi mikil atvinna. En öllum var auðsætt, að þegar honum lyki, tækju við erfiðir tímar. Það er m. a. og ekki sízt af þeim sökum, sem kommúnistar stukku fyrir borð af stjórnarfleyinu um áramótin 1947. Þeir vildu njóta vinsældanna af því að hafa eytt þeim fjármunum, sem safnazt höfðu fyrir annarra tilverknað en þeirra. Þeir vildu hins vegar ekki taka þátt í að leysa örðugleikana eða bera ábyrgð á ástandinu, sem hlaut að verða, þangað til öll nýsköpunartækin væru komin í notkun, en eftir að erlendu innstæðurnar voru úr sögunni. Þetta tímabil hlaut ætíð að verða örðugt, og ekki sízt í samanburði við velsældartímana fyrst eftir ófriðinn. Var og öllum ljóst, að meira en vafasamt væri, að mögulegt yrði, jafnvel eftir að nýsköpunartækin væru öll orðin að fullu gagni, að halda við sömu lífskjörum í landinu og verið hafði, meðan menn voru á skammri stundu að eyða hinu mikla fé, sem safnazt hafði á stríðsárunum.

Allir nýsköpunartogararnir eru ekki komnir til landsins enn í dag, og sá atvinnuvegur, sem óhemju fé var lagt í, síldarútvegurinn, hefur orðið fyrir stöðugum hrakföllum allt frá því þessi mikla fjárfesting átti sér stað. Nægir þar að minna á fjögur síldarleysissumur í röð, og hrekkur ein ágæt Hvalfjarðarsíldarvertíð skammt til að bæta upp öll þau skakkaföll, enda er allt of kunnugt, að síldin lét einnig á sér standa á þeim slóðum á s. l. vetri, eftir að miklu fé hafði verið varið til að undirbúa móttöku hennar. Að svo vöxnu máli var því óumflýjanlegt, að hér hlaut að verða örðugur tími um skeið. Auðvitað sáu kommúnistar ekki síldarleysið fyrir. Það var í þeirra augum óvæntur hvalreki, sem þeir höfðu ekki reiknað með. En þeir sáu hitt og reiknuðu rétt, að þessi ár hlutu að verða erfiðleikaár og jafnvel líklegt, að um skeið kæmi hér atvinnuleysi og vandræði. Þannig hlaut það í raun réttri að verða eftir þeim hagfræðilögmálum, sem kommúnistar reiknuðu með. Það var þess vegna engan veginn út í bláinn, heldur byggt á ákveðnum staðreyndum, þegar kommúnistar æ ofan í æ hafa spáð atvinnuleysi og hruni þessi ár. En hér hefur farið á allt annan veg en kommúnistar sögðu fyrir. Atvinnuleysið og hrunið hafa hvort tveggja, sem betur fer, látið á sér standa. Hér hafa auðvitað orðið örðugleikar, en miklu minni en kommúnistar sögðu fyrir.

Á sama tíma og aðrar þjóðir eru að keppast við að *ná jafngóðum lífskjörum og þær* höfðu fyrir síðustu styrjöld, hefur fróðum mönnum talizt svo til, að raunverulegar gjaldeyristekjur þjóðarinnar á mann hafi á síðasta ári orðið tvöfalt meiri en þær voru fyrir stríðið og innflutningur almennra neyzluvara hafi þá verið 179 á mann á móti 100 fyrir stríð. *Að hlutfall slíks neyzluvarnings var þó* ekki enn hærra, kemur af því, hve miklu fé hefur verið og er enn varið til nýsköpunar.

Sem betur fer sýna staðreyndir, að hlutur okkar er engan veginn eins slæmur og kommúnistar vilja vera láta og sumir leiðast til að taka undir í eðlilegri óánægju yfir, að við ekki getum veitt okkur jafnmikið af ýmsum lífsins gæðum og á meðan við áttum á sjötta hundrað milljónir króna í erlendum varasjóði og vorum að eyða honum.

Ýmsum þeim örðugleikum, sem menn nú kvarta undan, hefði verið unnt að eyða, ef samkomulag hefði náðst um róttækari lækning á dýrtíðar- og verðlagsmálunum en tekizt hefur. Úr því að menn hafa ekki fengizt til þessara aðgerða, og engir hafa verið hamrammari á móti þeim en kommúnistar og öll þau öfl í þjóðfélaginu, er þeir hafa áhrif á, þá hefur eina ráðið til að halda sæmilegu jafnvægi í þjóðfélaginu verið svipaðar aðgerðir og reyndar hafa verið. *Sannast sagt hefur það tekizt* vonum framar, þó að þar sé auðvitað ýmsu ábótavant.

Auðvitað er þetta ekki eingöngu að þakka aðgerðum stjórnarvaldanna inn á við, heldur einnig utanríkisstefnu stj. Staðreynd er og, að afkoma og velliðan almennings er nú engu síður undir því komin, *að rétt sé haldið á mál*efnum þjóðarinnar út á við en inn á við.

Í þessum efnum hefur mikið áunnizt. Á árinu 1948 var útflutningsverðmæti íslenzkra afurða 104,3 millj. kr., eða 36% meiri en ársins 1946, síðasta ársins, sem kommúnistar voru í ríkisstj. Þessi aukning er fyrst og fremst að þakka *nýsköpuninni. Án hennar hefði hún* vissulega ekki orðið neitt svipað því, sem varð. En hún er einnig árangur framsýni, snarræðis og dugnaðar stjórnarvaldanna við að hagnýta sér Hvalfjarðarsíldina 1947 og 1948 svo vel sem raun varð á. Og þó að mikill framleiðsla sé undirstaðan, þá er hún ekki einhlít. Án markaðsöflunar verður hún ekki að gagni. Reynslan hefur nú þegar t. d. sýnt, að okkar gamli fiskmarkaður í Bretlandi mundi ekki hafa tekið við öllum afla nýsköpunartogaranna. Kommúnistar segja auðvitað, að það mundi ekki hafa komið að sök, ef við hefðum skipt við Sovét-Rússland, því að það mundi hafa keypt af okkur allan fisk. Nú hefur oft áður verið sýnt, að ekki hefur staðið á okkur um skiptin við Rússa, heldur á þeim. Varðandi ísfiskinn liggja og fyrir yfirlýsingar þeirra um, að hann vilji þeir alls ekki kaupa. Í skýrslu íslenzku samninganefndarinnar við Rússa frá 1947 segir um ísvarinn fisk, — en þessi skýrsla var m. a. undirskrifuð af samningamanni kommúnista, hr. Ársæli Sigurðssyni, fyrrv. formanni Sósialistafélags Reykjavíkur:

„Tilraunir til þess að fá Rússa til kaupa á ísvörðum fiski, sem fluttur væri í íslenzkum togurum til Kaliningrad (áður Königsberg), mistókust alveg. Rússar treystu sér ekki til að koma fiskinum óskemmdum til neytenda, og kom því aldrei til að þrátta um verð. Við urðum jafnvel að gefast upp við tilraunir okkar til að fá þá til að kaupa 2—3 togarafarma til reynslu".

Sömu sögu er að segja um tilraunir til að selja ísfisk til Póllands. Í skýrslu íslenzka sendiherrans um samninga við Pólverja um haustið 1946 segir, að strax hafi komið í ljós á fyrsta fundinum, að tilgangslaust var að reyna að selja þangað ísfisk, og höfðu þó sendimenn Áka Jakobssonar, þeir Ársæll Sigurðsson og Helgi Zoëga, þá dvalið í Póllandi um hálfs árs skeið, m. a. til að selja ísfisk. Allar síðari tilraunir um sölu á ísfiski til Póllands hafa algerlega misheppnazt, enda eru Pólverjar sjálfir mikil fiskveiðaþjóð og fiskútflytjendur.

Sumarið 1948 átti fulltrúi frá ríkisstj. (dr. Oddur Guðjónsson) viðræður við hernámsyfirvöld Rússa í Austur-Þýzkalandi um möguleika á sölu íslenzkra afurða, þ. á m. ísfisks. Við þær umræður kom í ljós, að þýzku Eystrasaltshafnirnar gátu ekki afgreitt nýsköpunartogarana á skaplegum tíma.

Um Rússa er það einnig vitað, að fáar eða engar þjóðir hyggja á jafnstórkostlega aukningu fiskveiða sinna eins og þeir. Segir í lögunum um hina núgildandi fimm ára áætlun orðrétt á þessa leið:

„Árið 1947 skal hafa náðst sama veiðimagn og fiskafurðaframleiðsla og fyrir stríð, og árið 1950 á veiðin að vera orðin 1,5 sinnum, framleiðslan á frystum fiski 1,8 sinnum og framleiðsla á frosnum fiskflökum 3 sinnum það, sem var fyrir stríð. Auka skal mjög veiðar við norðurströndina....." Ennfremur:..... „Endurreisa skal fiskiflotann og stækka hann, miðað við það, sem hann var fyrir stríð. Taka skal í notkun á þessum fimm árum 150 fiskitogara, byggja 13 fiskniðursuðuverksmiðjur og 30 kælihús ...."

Samkvæmt sömu lögum á fiskaflinn árið 1950 að vera orðinn nálega 2,2 milljón tonn.

Af öllum þessum ástæðum var það því lífsskilyrði fyrir afkomu, ekki aðeins togaraflotans og togarasjómanna, heldur íslenzku þjóðarinnar, að Þýzkalandsmarkaðurinn, sem okkur reyndist ómetanlegur áður fyrr, opnaðist á ný. Ríkisstj. tókst þetta, með atbeina margra góðra manna, innlendra og útlendra, vegna þess að utanríkisstefna stj. var rétt. Þess vegna seldum við 60 þúsund tonn af ísfiski til Þýzkalands á s. l. ári fyrir 41,7 millj. kr. og höfum gert samning um að selja á þessu ári 67 þús. tonn. Ef þessir samningar hefðu ekki náðst, mundu nýsköpunartogararnir hafa orðið að liggja verulegan hluta ársins og tekjur þjóðarheildarinnar orðið mörgum milljónatugum minni en þær voru, enda hefði enski fiskmarkaðurinn þá orðið mun ótryggari en hann reyndist.

Á sama veg hafa markaðir okkar við aðrar þjóðir á meginlandi Evrópu verið efldir:

Árið 1946 var útflutningurinn til Póllands innan við 1 millj. ísl. kr. Árið 1947 nam útflutningurinn 4,6 millj. kr. og á s. l. ári nam útflutningurinn 8,2 millj. kr., og nú nýverið hefur verið samið um sölu á íslenzkum afurðum til Póllands fyrir a. m. k. 10 millj. kr.

Útflutningurinn á íslenzkum afurðum til Tékkóslóvakíu nam 1946 8,5 millj. kr., 1947 14,1 millj. kr. og 1948 29,7 millj. kr. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að útflutningurinn til Tékkóslóvakíu muni jafnvel enn aukast. — Skýra má frá, að í samningaviðræðunum við Tékka nú nýverið komst formaður tékknesku sendinefndarinnar svo að orði, að Ísland væri miðað við stærð og allar aðstæður langbezta viðskiptaland Tékka.

Til Hollands nam útflutningurinn 1946 tæpum 3 millj. kr. Árið 1947 varð hann 6 millj. kr. og árið 1948 34,7 millj. kr.

Til Frakklands varð útflutningurinn 1946 8,7 millj. kr., árið 1947 12,2 millj. kr. og s. l. ár 16,8 millj. kr.

Af þessu sést, að í tíð núverandi ríkisstj. hefur ekki verið legið á liði sínu um að efla markaði okkar við þjóðir á meginlandi Evrópu.

En kommúnistar segja, að markaðurinn við Rússland hafi verið eyðilagður. Þetta sögðu þeir strax 1947, þó að á því ári væri gerður stærri samningur við Rússland en árið áður, meðan Áki Jakobsson var ráðherra. Þeir vissu því um, að einhverjir örðugleikar mundu verða á Rússlandsviðskiptum. Á þeim viðskiptum hefur aldrei staðið af Íslendinga hálfu.

Örðugleikinn, sem flokksdeild kommúnista á Íslandi bjóst við, var sá, að rússnesku valdhafarnir vildu ekki semja við aðrar ríkisstjórnir en þær, er þeim væri geðþekkar. Ef til vill er þetta skýringin á því, að Íslendingum hefur ekki tekizt að selja Rússum afurðir, hvorki 1948 né það, sem af er þessu ári. Yfirlýsingin, sem gefin var í Moskva 31. desember s. l., um viðskipti Rússlands við Júgóslavíu, þegar tilkynnt var, að þau skyldu á þessu ári aðeins verða 1/8 þess, sem var 1948, einungis vegna þess, að rússnesku stj. líkaði ekki stjórnmálastefna stj. í Júgóslavíu, bendir til þess, að þessi getgáta íslenzku flokksdeildarinnar hafi verið rétt. Ráðagerð flokksdeildarinnar hér á landi var sú að gera Íslendinga svo háða Rússum í viðskiptum, að við þyrðum ekki að eiga undir því að missa útflutning okkar til Rússlands og neyddumst til að hafa kommúnista í ríkisstj. til að tryggja þau viðskipti. Ekki var sú fyrirætlun fögur, en kommúnistar hafa með öllu hátterni sínu sýnt, að það var þetta, sem fyrir þeim vakti.

Annað mál er hitt, að við Íslendingar getum ekki ásakað Rússa, þótt þeir vilji ekki skipta við okkur. Þeir ráða sjálfir sínum verzlunarviðskiptum, og í samningnum 1947 tóku þeir mjög skýrt fram, að einn af örðugleikunum á kaupum af Íslendingum væri sá, að við seldum of háu verði. Í skýrslu íslenzku samninganefndarinnar, sem m. a. er undirrituð af Ársæli Sigurðssyni, segir um þetta orðrétt:

„Sömdum við sérstaka greinargerð til þess

að sýna fram á, að þetta verð yrðum við að fá, ef ríkissjóður ætti ekki að bera skarðan hlut frá borði. Ekki hafði þetta mikil áhrif á viðsemjendur okkar. Þeir sögðust sem góðir kaupmenn gera kaupin þar, sem þau væru hagkvæmust, við yrðum að vera samkeppnisfærir í verði, ef við vildum selja varning okkar. Verðlagið á Íslandi þótti þeim vera vandi stj. þar, en ekki ráðstjórnarinnar í Moskva."

Hvað sem um það er, þá hefur íslenzka stj. æ ofan í æ leitað eftir endurnýjun á þessum viðskiptum, en ýmist fengið litil svör eða engin, oftast verið sagt, að málin væru í athugun. Í þessu þarf engan veginn að felast fjandskapur af hálfu Rússa í garð íslenzkra stjórnarvalda. Jafnvel í þeim forgarði skriffinnsku og ofstjórnar, sem við Íslendingar erum nú staddir í, vitum við, að oft verður ærið seint um svör. Má þá nærri geta, hversu skjót afgreiðsla muni í hinu allra helgasta þessara stjórnarhátta, sjálfu musterinu, Rússlandi, þar sem skipulagning, skriffinnska og embættismennska eru allsráðandi, enda segir Bernadotte heitinn greifi í nýútkomnum minningum sínum, að rússnesk stjórnarvöld hafi „rótgróna andúð á að svara bréfum". En það er þeirra mál, en ekki okkar. Við ráðum ekki, hverjar ákvarðanir valdhafar austur þar taka um afurðakaup eða önnur efni.

Jafnframt því, sem aflað hefur verið nýrra mikilsverðra markaða og aðrir efldir, þá hefur einnig tekizt að halda áfram vinsamlegum og Íslendingum hagkvæmum viðskiptum við brezku ríkisstj. Kommúnistar segja að vísu, að síðustu brezku samningarnir séu hraksmánarlegir og þeir lökustu samningar, sem Íslendingar nokkru sinni hafi gert. En þetta er sami söngurinn og þaðan hefur kveðið við um samninga við brezku stjórnina. Þjóðviljinn kallaði nýjan viðskiptasamning við Breta hinn 25. jan. 1940 „landráð". Fyrri hluta vors 1941 vildi hann heldur alls ekki selja Bretum fisk, heldur „sigla til Rússlands" eða jafnvel flytja togaraflotann til bækistöðva í „amerískum höfnum" hinn 21. apríl 1941. Þetta var á meðan setuliðsvinnan var enn talin „glæpsamleg", í Þjóðviljanum (31. jan. 1941), og áður en það stefnufasta blað sagði 19. maí 1942: „Þeir, sem hamast nú gegn landvarnarvinnunni á Íslandi, eru að vinna í þágu Quislings og Hitlers". Menn þekkja því hinn gamla fjandskaparbrag til Breta, og er ekki að kippa sér upp við hann.

Því er hins vegar ekki að leyna, að á undanförnum árum hefur verið erfitt að ná svo hagkvæmum samningi við Breta sem við þurftum á að halda. Síðustu tvö ár hefur samt tekizt að ná í Bretlandi ábyrgðarverði fyrir fiskinn. Að þetta tókst, var að þakka hinni miklu verðhækkun, sem orðið hafði á feitmeti. Af þeim sökum tókst að selja töluvert magn af hraðfrystum fiski fyrir ábyrgðarverð gegn því, að Bretar fengju tiltekið magn af síldarlýsi í staðinn fyrir ákveðið verð. Með þessu móti fékkst samanlagt hærra verð fyrir síldarlýsið og hraðfrysta fiskinn en fengizt hefði fyrir hvort um sig, ef samtengingin hefði ekki átt sér stað. Samningar þessir komu ekki að fullum notum í þau tvö ár, sem þeir voru gerðir, vegna hins mikla aflabrests, sem þá varð.

Á síðustu mánuðum hefur hins vegar orðið mjög mikil verðlækkun á feitmeti. Hefur það fallið á heimsmarkaðinum sem svarar frá 20% og allt upp í 70% frá því, sem áður var. Að svo vöxnu máli var því ljóst, að ekki mundi unnt að tengja síldarlýsið við sölu á hraðfrystum fiski með sama hætti og áður var, enda þeir samningar reynzt miður en vonir stóðu til vegna aflaleysisins. Fyrir fram mátti því vita, að samningarnir á þessu ári yrðu örðugri og ekki með eins háu verði og undanfarið. Að því athuguðu má segja, að merkilega vel hafi til tekizt, og ber að þakka það öllum, sem þar áttu hlut að máli, brezkum stjórnarvöldum og íslenzkum samningsnefndarmönnum.

Í samræmi við venju varð að samkomulagi að birta ekki einstök atriði samningsins. En vegna mjög villandi frásagna tel ég óumflýjanlegt að skýra frá því, að Bretar samþykktu nú að kaupa allt að 14500 tonn af hraðfrystum fiski, miðað við ákveðið hlutfall á milli tegunda, fyrir 10 pence pd. af þorskflökum. Ábyrgðarverð fæst aftur á móti fyrir ýsu og nokkurn hluta flatfisksins. Er verðið á þorskflökum að vísu lægra en undanfarin ár var í sölum til Breta, meðan verðtengingin átti sér stað við lýsið, en bæði er magnið mun meira en þangað seldist síðastl. ár og salan miklu öruggari en þá, vegna þess að hún er nú ekki háð óvissum síldarafla. Um verðið er það að segja, að það er svo að segja nákvæmlega hið sama og Rússar greiddu samkv. samningnum 1946 og aðalsamningnum 1947, en mun hærra, eða líðlega 11% hærra en verðið, er þeir greiddu í síðustu kaupum sínum á íslenzkum hraðfrystum fiski haustið 1947. Fyrir þá, sem miða allt ágæti við það, er hjá Rússum tíðkast, hlýtur samningurinn þess vegna ekki aðeins að verða talinn óaðfinnanlegur, heldur beinlínis ágætur. Auk þess var samið um sölu á 12000 smál. af sumarlýsisframleiðslunni 1949, eða 50% af raunverulegri framleiðslu, ef heildarframleiðslan næði ekki 24000 smál.

Auk þess eiga Íslendingar kost á að selja lýsi til Breta allt upp í 50000 smál. samtals. Getur hvallýsisframleiðslan verið innifalin í því magni. Verðið er £ 90 fyrir tonn, eða rúmlega 5% lægra en verð sumarlýsisframleiðslunnar 1948 var seld Bretum á. Feitmeti á heimsmarkaðinum hefur undanfarið fallið mjög í verði, eins og áður var sagt, og nemur verðlækkunin frá 20—70%, eftir því um hvers konar feitmeti er að ræða, og hefur hlutur okkar miðað við það orðið mjög góður.

Í þessum samningi er fólgin ómetanleg trygging fyrir sjávarútveginn, einkanlega í því ákvæði, að Íslendingar geta sjálfir ákveðið allt þangað til 31. október í haust, hvort þeir vilja selja stórkostlegt magn af síldarlýsi fyrir það verð, sem þarna um ræðir, eða ekki. Ef við eigum kost á hærra verði hjá öðrum, getum við þess vegna selt það. En þarna er trygging fyrir lágmarksverði, sem nær einstætt má heita í slíkum samningum. Þvílíku ákvæði, þótt þá væri um minna magn að ræða og ekki kæmi

að gagni sökum aflabrestsins, fékk Ólafur Thors fyrst komið inn í samninga við Breta, er hann í umboði ríkisstj. lauk þeim um þetta atriði í maímánuði 1948.

Kommúnistar, sem í öðru orðinu segja, að íslenzka stj. þurfi ekki annað en að „ákveða" verð framleiðsluvara sinna og selja það síðan samkvæmt því, þó að þeir í hinu orðinu segi, að „enginn heilvita maður" geti haldið slíkri fjarstæðu fram, telja vafalaust, að verðið hafi nú verið of lágt „ákveðið". En ef svo var, af hverju „ákvað" Áki Jakobsson þá lýsisverðið í sinni stjórnartíð fyrra árið ekki nema £ 38 smálestina og seinna árið £ 62½? Þegar þetta er borið saman við, að nú hafa náðst £ 90 ásamt hinni ómetanlegu sölutryggingu, sést, að allra sízt situr á kommúnistum að finna að þessum samningum. Hitt er vitað mál, að ef kommúnistar hefðu ráðið og Íslendingar til dæmis neitað að selja Bretum fisk, þegar verst stóð á fyrir þeim og þeir einir héldu uppi kyndli frelsisins hér í heimi, á árunum 1940 og 1941, þá mundu Bretar ekki hafa reynzt okkur svo vinsamlegir í samningum sem nú hefur orðið raun á. Það er vegna þess, að Bretar hafa á styrjaldarárunum lært, að þeir geta treyst Íslendingum og þurfa á framleiðslu þeirra að halda, sem þeir nú eru okkur eins vinveittir í samningum og þeir frekast geta verið.

Auk afurðasölunnar hefur Marshallaðstoðin einnig orðið okkur að margvíslegu gagni undanfarið. Þegar Íslendingar gerðust aðilar þeirra samninga, voru kommúnistar þeirri aðild mjög mótsnúnir. Nú orðið halda þeir því ekki svo mjög á lofti sem hinu, að breytzt hafi viðhorf okkar, sem ætíð höfum verið þessum samningum fylgjandi. Vitna þeir mjög í það, að ég hafði 1947 búizt við því að Íslendingar þyrftu ekki á beinni aðstoð að halda samkvæmt þessum samningi. Ég skal ekki fara að þræta út úr þessari tilvitnun í orð mín, þó að hún sé auðvitað sem annað rangfærð og slitin úr réttu samhengi af kommúnistum. Ég hef aldrei þótzt óskeikull og skammast mín ekki fyrir að breyta um skoðanir eftir því, sem staðreyndirnar færa mér heim sanninn, eða ég sé, að landi mínu og þjóð getur orðið eitthvað fleira að gagni en ég áður hafði hugað. Það var meira að segja sú tíðin, að ég hafði trú á, að samvinna við kommúnista gæti orðið íslenzku þjóðinni til góðs. Þess vegna studdi ég þá í stjórn um tveggja ára bil. En lífið sjálft, staðreyndirnar, sýndu mér, að þarna hafði mér missýnzt. Kommúnistar dæmdu sjálfa sig úr leik, og engum þjóðhollum manni getur lengur komið til hugar, að þeir séu hæfir til stjórnarstarfa á Íslandi. Á sama veg sá ég eigi strax til hlítar, hverjir möguleikar væru fólgnir í áætluninni um viðreisn Evrópu til gagns fyrir Íslendinga. Ég skildi strax, að hún mundi verða okkur að gagni, en hitt er mér ánægja að játa, að hún hefur nú þegar orðið okkur að enn meira gagni en ég sá fyrir.

Það er að vísu rétt, að Ísland varð eigi fyrir beinum skemmdum í styrjöldinni á sama veg og aðrar þjóðir, þó að við að vísu megum ekki — og munum ekki — gleyma því, að mörg skip okkar voru skotin í kaf og líf margra okkar beztu sona tapaðist af þeim sökum. Þó að Ísland hafi þess vegna, sem betur fer, sloppið við jafngeigvænleg styrjaldarsár og ýmsar aðrar þjóðir hlutu, þá væri það fávís maður, sem héldi því fram, að Ísland væri í eðli sínu og með atvinnutækjum, byggingum og mannvirkjum ríkara hlutfallslega eða betur statt heldur en t. d. Danmörk eða Noregur, svo að aðeins séu tekin þau lönd, sem okkur eru kunnugust. Við vitum öll, að þrátt fyrir þann hörmulega skaða, sem þessar þjóðir biðu af styrjöldinni, þá eru þau bæði að landkostum, uppbyggingu, framleiðslutækjum og starfsmöguleikum öllum miklu auðugri en Íslendingar. Það væri því fullkomin blindni og heimska, ef Íslendingar hagnýttu sér ekki á sama veg og þessir frændur okkar og vinir þau hlunnindi, sem þeir eiga kost á samkvæmt viðreisnaráætluninni.

Jafnvel hin auðuga Svíþjóð hefur notfært sér í milljónatugum bæði lán og skilyrðisbundin framlög, sem hún hefur átt kost á. Og ef hinir ríku og voldugu Svíar telja sig ekki hafa efni á öðru en að nota sér þessa aðstoð, því skyldu Íslendingar þá setja sig á svo háan hest?

Ekki var Írland heldur í styrjöldinni, og þó hefur það ekki skammazt sín fyrir að taka við stórum upphæðum og sækja ákaft um að fá lánum breytt í bein framlög.

Sumir eru nú að reyna að gera það tortryggilegt, að Íslendingar hafa fengið hlutfallslega meiri fjárhæðir samkv. endurreisnaráætluninni en flestar aðrar þjóðir. Það er engin tilviljun, að það landið, sem hefur fengið hlutfallslega mest, er borgarríkið Trieste, sem aðeins hefur 250 þús. íbúa. Þannig hlýtur ætíð að fara, að þau ríki eða þjóðir, sem fámenn eru, hljóta við slík skipti að verða með hlutfallslega hærri upphæðir en aðrar þjóðir, alveg eins og viðskipti Íslendinga út á við eru hlutfallslega miklu hærri en annarra þjóða og útgjöld okkar til opinberra þarfa hærri og aðrar þvílíkar hlutfallstölur eftir því. Sérstöku þjóðfélagi svo fámennrar þjóðar yrði ekki haldið uppi, ef slíkar hlutfallstölur væru þar ekki hærri en hjá hinum stærri þjóðum.

Fram að þessu hefur aðstoðin til okkar hins vegar að verulegu leyti verið lán til framkvæmda, sem enginn taldi varhugavert að taka með óhagstæðari kjörum hjá öðrum aðilum, jafnvel í Bandaríkjunum, en viðreisnarstofnuninni. En það var auðvitað beinn fengur að fá lánið með þeim hagkvæmu kjörum, sem náðust hjá þessari stofnun, og það viðurkenna allir aðrir en starblindir meðlimir hinnar kommúnistisku flokksdeildar hér á landi.

Að öðru leyti hefur hjálpin verið skilorðsbundið framlag, þ. e. a. s. einungis dollaragreiðsla fyrir vörur, sem við létum af hendi. Að vísu var söluverðið mun hærra en unnt hefði verið að fá á frjálsum markaði á þeim sama tíma, svo að okkur var einnig að því leyti mikil stoð í þeim viðskiptum. Svíar, sem ekki tóku þátt í stríðinu og eru ólíkt ríkari en við, hafa ekki hikað við að nota sér hvort tveggja þá aðstoð, sem nú var talin.

Enn höfum við aðeins fengið ádrátt um tiltölulega lítið beint framlag, og þingið er fyrst nú að veita heimild til að taka á móti því. Ég skal játa, að í fyrstu hafði ég ekki búizt við, að við mundum um slíkt framlag sækja né okkur yrði gefinn kostur á því. En ég hika ekki við, með tilvísun til þess, sem ég sagði áður, og þegar sýnt er, að kjörin eru jafngóð og þau eru, að telja það sjálfsagt, að íslenzka ríkið noti sér þessi fríðindi, úr því að það á kost á þeim.

Kommúnistar höfðu að vísu haldið fram, að ýmsir afarkostir fylgdu þátttöku í þessum samtökum. En hvar eru bandarísku auðfélögin, *sem áttu að hremma auðlindir landsins samkv.* umsögn kommúnista, ef við gengjum að þessum samningum? Ekkert þeirra hefur birzt hér enn þá eftir nærri ár frá samningsgerðinni. Hvar eru eftirlitsmennirnir, sem áttu að gína yfir íslenzkum atvinnuvegum? Spyr sá, sem ekki hefur orðið þeirra var. Ekki voru vörurnar fagrar eða þarfar, sem við áttum að fá samkv. þessari aðstoð að sögn Þjóðviljans. Hann sagði t. d. 8. febr. 1948, að Bandaríkjastjórn mundi úthluta „tóbaki, bílum og fullunnum vörum." 14. apríl 1948 sagði Þjóðviljinn, að við mundum samkv. samningi þessum hleypa okkur í skuldir til að fá „tóbak og vindla." — 16. apríl s. l. sagði Þjóðviljinn, að við mundum með þessu móti fá „offramleiðslu" Bandaríkjanna á „bílum, tóbaki, þurrkuðum ávöxtum, nylonsokkum o. s. frv." — 27. apríl s. á. sagði Þjóðviljinn, að Marshallaðstoðin mundi á árinu 1948 verða „700 vörubílar", og annað eftir því.

Til hvers hefur nú viðreisnarfénu raunverulega verið varið — ekki í dálkum Þjóðviljans, heldur eftir bók staðreyndanna?

„Fyrir lánsféð fengust síldarvinnsluvélar, „Hæringur" og síldarnætur. Fyrir skilorðsbundna framlagið hefur fengizt: hveiti, smurningsolíur og brennsluolíur, landbúnaðarvélar, vegheflar, jarðýtur og aðrar stórvirkar vinnuvélar, varahlutar til bifreiða og ameríska véla, tilbúinn áburður, pappír og pappi til fiskumbúða.

Yfirleitt eru þetta vörur, sem voru ófáanlegar nema gegn greiðslu í dollurum, og enginn getur haldið því fram, að þær hafi verið óþarfar eða á nokkurn hátt líkar þeim óhroða, sem hingað átti að koma samkv. sögn Þjóðviljans.

Af þessu sést, að lítið hefur orðið úr öllum þeim ógnum, sem áttu að vera samfara þátttöku Íslands í þessum samtökum.

Um Atlantshafssáttmálann þarf ekki að fjölyrða. Trúi því og hver sem vill, að allir ráðandi stjórnmálamenn í þeim hluta Evrópu, sem enn er frjáls, hafi gerzt landráðamenn, svo sem kommúnistar og ferðafélagar þeirra í „Þjóðvörn" halda fram. En því minni ástæða er til að fjölyrða um þessa samningsgerð nú, sem hún þegar hefur í verkinu sannað ágæti sitt, þótt örskammt sé umliðið frá því, að samningurinn var undirritaður og hann sé enn ekki formlega genginn í gildi.

Engum blandazt hugur um, að þótt mikið vanti á, að að fullu horfi friðvænlega hér í álfu, þá sé nú eftir lausn Berlínardeilunnar miklu friðsamlegra en verið hefur um langa hríð. Engum getur blandazt hugur um, að í þessu á Atlantshafssáttmálinn sinn mikla þátt. Hann hefur nú þegar verkað til að auka á friðarhorfurnar, að draga úr líkunum til þess, að ófriður brjótist út á ný.

Áhrif annars sáttmála, sem Þjóðviljinn var ólíkt hrifnari af, urðu töluvert önnur. Það var griðasáttmálinn milli Hitlers og Stalins. Blekið af undirskrift hans var naumast þurrt orðið, þegar ófriðurinn brauzt út 1939.

Tilgangur Atlantshafssáttmálans var þvert á móti efling friðarins, og það mun verða Íslendingum til ævarandi lofs, að þeir hafa að sínum litla hluta tekið þátt í þessari friðarviðleitni.

En það mun verða kommúnistum til ævarandi ávirðingar, ekki aðeins, að þeir veittu friðarsáttmálanum jafnharðsnúna mótstöðu og þeir gerðu, heldur einnig hitt, að þeir reyndu að nota þetta efni til þess að „hindra Alþingi" í löglegum störfum, eins og þeir berum orðum sögðu.

Öllum landslýð er nú þegar ljóst orðið, að það var áform kommúnista að nota samþykkt Atlantshafssamningsins til óeirða og til þess að sýna þingheimi í tvo heimana. Til þess höfðu þeir ekki aðeins egnt sitt eigið lið með langvarandi blaðaskrifum og margháttuðum ósannindum, stöðugum sellufundum og æsingasamkomum, þar sem tilkynnt var, að af tugþúsundum skyldi Alþingi verða ógnað, ef það dirfðist að taka réttmæta, þjóðholla ákvörðun, heldur höfðu þeir einnig af furðulegu flæræði stofnað til félagssamtaka annarra og reynt að beita þeim fyrir sig í þessum skemmdaráformum. Er þar einkum til að nefna „Þjóðvarnarfélagið" svokallaða, sem Þjóðviljinn hafði hvað eftir annað kallað sér til hjálpar, sbr. t. d. grein Skúla Guðjónssonar 1. des. s. l., þar sem stórum stöfum er hrópað: „Hvar er Þjóðvarnarfélagið?" Lét formaður þess, séra Sigurbjörn Einarsson, og ekki á sér standa, því að sama daginn flutti hann boðskap sinn um tortímingu hálfrar þjóðarinnar, ef að hans ráðum væri farið.

Það má vera kommúnistum nokkur huggun, að þeim hefur tekizt að endurvekja þann draug og blása honum í bili slíkum lífsanda í brjóst, að *hann kallar sig nú „landsmálafélag".* En til þess að svo gæti orðið, hafa kommúnistar þurft að lána í þetta nýja „landsmálafélag", ekki aðeins gamla kjósendur sína, sem þó hafa kallað sig annars flokks menn, eins og Hallgrím nokkurn Jónasson, heldur einnig forustumenn sína og bæjarfulltrúa, eins og herra hagfræðing Jónas Haralz. Það mannslán sýnir, að kommúnistum þykir mikils við þurfa og þeir vilja mikið í sölurnar leggja, til þess að draugurinn hverfi ekki strax til heimkynna hinna dauðu á ný.

Allt eru þetta þekkt herbrögð frá kommúnistum víðs vegar um heim. Aðferðirnar eru hvarvetna þær sömu. Einn þátturinn í þeim er sá að hafa á sínum snærum töluvert af fólki, helzt í öðrum flokkum og töluvert „fínt", sem raunverulega fylgir þeim að málum, en afneitar þeim opinberlega. Við réttarhöldin um njósnarmálin miklu, kommúnistisku, í Kanada á ár-

unum, sannaðist einmitt, að þetta var einn helzti þátturinn í baráttuaðferð kommúnista.

En á þennan sama veg er öllum áróðri kommúnista varið. Hann er hvergi í neinu samræmi við staðreyndir eða sannleika, heldur oftast hvoru tveggja algerlega andsnúinn.

Í kvöld gefst mér ekki tími til að nefna fleiri dæmi. En því miður væri hægt að hafa þau óteljandi. Sennilega gefst færi á að rifja upp fleiri síðar og þá einnig að skýra, af hverju þessi ósköp stafa, þau ósköp, sem ógna nú friði og frelsi alls mannkynsins og þar með einnig hamingju og sjálfstæði okkar litlu þjóðar.

Sú kynslóð, sem nú lifir, mun fyrst og fremst verða dæmd eftir því, hvort hún áttar sig á og bregzt til varnar gegn þessari hættu, sem gerir sig líklega til að eyða menningunni, en draga þjóðirnar á ný ofan í hyldýpi einræðis, skoðanakúgunar og miðaldamyrkurs.

Til eyðingar þessum voða verða öll minni háttar ágreiningsmál að hverfa. Allir góðviljaðir menn verða að taka saman höndum til að halda við frelsi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, menningu og frjálsræði einstaklinganna og hagsæld og auknum velfarnaði almennings.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Sþ., 17. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (alm. umr., útvarpsumr. og atkvgr. um frv.).

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hygg það rétt, sem fram kom í umræðunum hér á Alþingi í gær, að nefna stjórnartímabil núverandi stjórnar, sem nú hefur staðið nokkuð á þriðja ár, „viðnámstímabilið“, og gæti ég trúað, að það yrði nefnt því nafni síðar meir, er til þess er vitnað. Það hófst, er styrjaldartímabilinu var að mestu lokið með hinum skjótfengnu og fljóteyddu, ævintýralegu auðæfum þjóðfélagsins, sem varið hafði verið í óvenjulegar framkvæmdir, máske nokkuð á þann veg, er segir í vísunni: Sumt var gaman, sumt var þarft, sumt við ekki um tölum.

Ég ætla sem sé að leiða það hjá mér að þessu sinni að rekja þá sögu. Það hefur svo oft verið gert, að menn munu annaðhvort hafa skapað sér skoðun um það nú eða þeir gera það ekki héðan af.

Þessu tímabili fylgdi síaukin verðþensla og svo stórkostleg atvinnuröskun í þjóðfélaginu, að ekki á sinn líka í sögu þess. Öll þjóðfélagsbyggingin hafði raskazt eins og þegar holklaki lyftir húsi af grunni.

Næsta tímabil í stjórnmálasögunni hlýtur að verða mótað af því að koma húsinu aftur á fastan grunn. Spurningin verður þá: Hefur ekki þessu tímabili verið eytt í tilgangslaust strit eða verra en það? Ég veit, að sumir álíta það, og vel má vera, að sá reynist dómur sögunnar síðar meir. En það var trú þess þingmeirihluta, sem að þessum stjórnarsamtökum stóð á sínum tíma, að svo væri ekki, og það er skoðun okkar flestra enn, að þetta tímabil hafi verið óhjákvæmilegt.

Þegar þessi ríkisstj. var mynduð, hafði staðið yfir margra mánaða stjórnarkreppa. Það var miður vetur, og ógerningur að efna til kosninga til að láta þjóðina segja á þann hátt fyrir um vinnubrögð vegna hins breytta viðhorfs. Það voru mánuðir liðnir af árinu og engin samtök til um afgreiðslu fjárlaga. Vélbátaflotanum hafði að vísu verið komið úr höfn, en engin starfhæf stjórn til að annast samninga um sölu væntanlegra afurða, sem var orðið aðkallandi. Þjóðfélagið var álíka statt og skip, sem rak undan stormi og straumi. Þá var það, að allir flokkar þingsins, nema sá er stýrir eftir stjörnum, sem liggja utan við okkar sólkerfi, kommúnistaflokkurinn, hófu samstarf um að ráða fram úr vandanum með samstjórn þessara þriggja flokka, sem á margan hátt hafa gerólíkar skoðanir um það, hvernig heppilegast sé að stýra málefnum þjóðarinnar, og oft veigamiklum í einstökum atriðum, en eiga það sameiginlegt að vilja byggja þá stjórn á grundvelli hins vestræna þingræðis og lýðræðis. En því aðeins getur þjóðin treyst því stjórnskipulagi, að það sé starfhæft hvenær sem á reynir. Stjórnarflokkarnir gerðu þá með sér starfssamning — sem að vísu enginn þeirra var fyllilega ánægður með, en varð eðlilega eins konar meðalverð allra meðalverða af stefnu þeirra og skoðunum. Og þannig hefur stjórnarsamstarfið orðið.

Menn tala oft um það, hve samstjórn fleiri flokka sé óæskileg og óeðlileg. Það má vel vera, að svo sé. En ætli þeir sömu menn hefðu það ekki líka til að telja það síður en svo æskilegt, að einn flokkur, e. t. v. með litlum meiri hluta þjóðarinnar, næði hreinum meiri hluta á Alþingi og gæti einn mótað og ráðið stjórnmálastefnunni, ef það væri ekki þeirra eigin flokkar, er hrepptu það hnoss? Og væri ekki líklegt, að ýmsir kjósendur úr minnihlutaflokkunum óskuðu þá, að þeir og þeirra hagsmunir og hugðarmál ættu fulltrúa og hefðu einhver áhrif hjá þingmeirihluta og ríkisstj. — jafnvíðtækt vald sem þing og stjórn hefur yfir hvers manns hag í nútíma þjóðfélagi. Ég er hræddur um það. En annars virðist tómt mál að tala um það.

Á meðan háttvirtum kjósendum ekki þóknast að fela einum flokki meirihlutavald á Alþingi, verða þeir að sætta sig við samstjórn fleiri flokka á einhvern hátt, þó að þeir þannig geti ekki fengið jafnhreinar línur í framkvæmdum og ella.

Jæja, þegar stjórnin tók við völdum, var, eins og fyrr er sagt, hinum erlendu innstæðum að verða lokið. Hins vegar biðu fjöldamörg og mikil óleyst verkefni, sum nýhafin, önnur hálfgerð, mörg ófullgerð og önnur, sem ákvörðuð höfðu verið og nauðsynleg voru, en ekki hafin. Það rak því nauðir til að koma skipulagi á þessa fjárfestingu, til þess að sá gjaldeyrir, sem til félli, og þeir fjármunir, sem til voru, færu í það, sem nauðsynlegt var, til að forðast eyðileggingu verðmæta og að hin bráða nauðsyn yrði metin mest. Þetta viðnám var hafið með stofnun fjárhagsráðs og framkvæmd þeirra laga. Og þó að menn nú kveini og kvarti yfir þeim höftum og ófrelsi, sem þetta hefur í för með sér, þá skilja það allir vitibornir menn, að

hér var aðeins verið að taka af þjóðinni frelsið til að fara sér fjárhagslega að voða. Og þó að margvíslegar misfellur kunni að vera á því starfi sem öðrum verkum ófullkominna manna, er nú óhætt að fullyrða, að það hefur í aðalatriðum lánazt, eins og sannað hefur verið meðal annars í ræðum ráðherranna hér í gær.

Menn tala mikið um, hvað þetta skipulagsstarf hafi orðið kostnaðarsamt, og er það út af fyrir sig rétt. En það hefur þó ekki kostað þjóðina nema brot af því, sem það hefði kostað að láta þetta ógert.

Þá voru verkefnin í landbúnaðinum ekki síður aðkallandi, eins og menntmrh. gerði góð skil í ræðu sinni í gær. Fyrir rás viðburðanna stóð þessi annar undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar hallari fæti en nokkur önnur starfsgrein þjóðfélagsins eftir umrót styrjaldarinnar — og má segja, að svo sé enn, þótt nokkuð hafi verið úr bætt. Atvinnuuppgripin við sjávarsíðuna og sú óhemju fjárfesting þar, er þeim voru samfara, höfðu rótað til sín fólki úr öllum sveitum landsins, svo að víða lá við og liggur enn við landauðn.

Viðnám ríkisstj. gegn þessari þróun var eitt af fyrstu verkefnum hennar. Fyrsta sporið var að tryggja þeim, er að framleiðslustörfum í sveitinni vinna, starfslaun svipað því, sem aðrar alþýðustéttir landsins höfðu tryggt sér, og veita stéttarfélagsskap þeirra starfsrétt og aðstöðu, sem m. a. 8. landsk., Ásmundur Sigurðsson, hafði neitað þeim um á sínum velmektardögum. Annað var efling lánsstofnana landbúnaðarins, sem menntmrh. skýrði frá í gær.

Þá hefur verið reynt að bæta úr vanrækslu 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, þegar hann var „herra" í nýbyggingarráði og varði miklu af fé því, er landbúnaðinum hafði verið heitið í vélakaup, til annarra hluta. Fjárfestingarstarfinu hefur aftur verið beint upp í sveitirnar, eftir því sem getan og gjaldeyririnn hefur leyft — og þyrfti þó sannarlega betur að gera.

Þá vil ég enn minna á eitt stórkostlegt nauðsynja- og áhugamál fólksins í dreifbýlinu, sem reynt hefur verið að þoka nokkuð áleiðis, en það eru raforkumál byggðanna. Þannig hefur verið unnið að línulagningum frá hinum stærri orkuverum um nærliggjandi byggðir, bæði sunnanlands og norðan, og nú í sumar eru fyrirhugaðar framkvæmdir í þessum efnum í Borgarfirði út frá Andakílsárvirkjuninni.

Þá hefur verið unnið að virkjun Sauðár í Skagafirði, sem nú er langt komin til raforkuframleiðslu, bæði fyrir Sauðárkrók og nærliggjandi byggðir. Undirbúningur hefur verið hafinn að virkjun Fossár í Snæfellsnessýslu, og verður byrjað á verkinu næsta sumar.

Nú er raforka Sogsins og Laxárvirkjunarinnar að heita má fullnýtt, og er undirbúningur hafinn að stækkun þeirra beggja, og standa vonir til, að þeim framkvæmdum verði hrundið áfram með aðstoð Marshallhjálparinnar. En frá þessum stóru virkjunum verður að leiða rafmagn út um byggðina langa vegu.

Hitt er mönnum ljóst, að vegna hins mikla strjálbýlis landsins er útilokað, að unnt verði að veita öllum býlum landsins raforku á þennan hátt í náinni framtíð. Þau úrræði, sem þar eru hugsuð, eru í fyrsta lagi smærri vatnsvirkjanir, þar sem vel hagar til, fyrir eitt býli eða fleiri saman, og að því slepptu raforkuframleiðsla frá dísilstöðvum. Til að greiða fyrir þessu, hefur ríkisstj. notað heimild í raforkulögunum til að lána ódýrt fé til hinna smærri virkjana, og hefur nú þegar verið lánað til allmargra slíkra framkvæmda, og eru margar nýjar í undirbúningi. Er mikill áhugi meðal bænda víða um land að hefja slíkar framkvæmdir, og hefur nú verið afráðið, að raforkustjórn ríkisins taki í þjónustu sína þegar á þessu ári sérstakan ráðunaut fyrir almenning til leiðbeininga og mælinga á þeim stöðum, er slíkar virkjanir koma til greina. Til þess svo að greiða fyrir öflun dísilrafstöðva þar, sem hin fyrrnefndu tvö úrræði koma ekki til greina, hefur stj. beitt sér fyrir því, að hafinn verði á þessu ári allverulegur innflutningur slíkra stöðva með tilheyrandi tækjum og jafnframt gerðar ráðstafanir til eftirlits og athugun á því, hverjar tegundir reynist bezt, svo að unnt verði að fá sem bezt öryggi í notkun þeirra í framtíðinni og hægara verði að tryggja nauðsynlega varahluti.

Heimild til hagkvæmra lána vegna þessara framkvæmda var sett í lög þau um ræktunarsjóð, er afgr. voru á þinginu 1947, og nú á þessu þingi hefur auk þess verið heimilað að lána úr raforkusjóði til þeirra með góðum kjörum. Hætt er þó við, ef verulegur skriður kemst á þessar framkvæmdir, að afla verði báðum þessum lánsstofnunum aukins fjár til þeirrar starfsemi. Ýmislegt fleira væri ástæða til að nefna, sem stj. hefur unnið að til að veita viðnám gegn fólksflóttanum úr sveitunum, — sem hér er ekki tími til, — viðnám, sem einnig hér þarf að verða að öflugri sókn.

Ég vil þá með nokkrum orðum minnast á hinn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, og viðnám það, er ríkisstj. og þingmeirihluti hefur veitt þar gegn yfirvofandi hruni og þjóðarvoða. En þá er komið að sjálfum kjarnanum í dýrtíðarmálinu mikla. Öll verðbólgan botnfellist sem sé að lokum í kostnaðarverði útflutningsvörunnar, því að þar koma fram á einn eða annan hátt allar kröfur allra einstaklinga og stétta þjóðfélagsins, sem þær gera í þjóðarbúið um kaup og kjör. Allt hjálpast þetta að til að skapa kostnaðarverð útflutningsframleiðslunnar. Hið erlenda verðlag hefur þjóðin aftur á móti ekki á valdi sínu — og verður því að sætta sig við það, sem heimsmarkaðsverðið segir til um á hverjum tíma.

Nú hefur það verið staðreynd mörg undanfarin ár, að þeir, sem að útgerðinni standa, hafa ekki borið úr býtum á erlendum mörkuðum það, sem kostað hefur að framleiða ýmsa veigamikla útflutningsvöruflokka. Fé hefur því smám saman tapazt út úr útgerðarstarfseminni og hún staðið fjárhagslega hallara og hallara fæti með hverju árinu. Gegn þessu varð að snúast á einn eða annan hátt. Stjórnin setti sér það mark að spyrna fæti við hinni vaxandi verðbólgu, eftir því sem við yrði komið, og hefur tekizt það í sumum greinum, en

mistekizt í öðru, því að það þurfti sterkari stíflugarð gegn þeim straumi en máske hún og vafalaust þjóðin í heild gerði sér grein fyrir. Þó varð sá árangur af þessari viðleitni, eins og getið var um hér í gær, að á árinu 1948 hækkaði ekki framleiðslukostnaður útgerðarinnar, sem var nýjung um margra ára skeið. En þetta var ekki nóg. Hið áorðna misræmi verður að laga til fulls. Til þess eru þrjár aðalleiðir:

1. Að þjóðin í heild dragi nokkuð úr kröfum sínum, svo að framleiðslukostnaður útflutningsvörunnar lækki til samræmis við hið erlenda markaðsverð. Þetta hefur verið nefnd lækkunarleið.

2. Að erlenda verðlagið á útflutningsvörunni verði hækkað, án þess að innanlandskostnaðurinn hækki að sama skapi. Í því efni ráðum við ekki yfir annarri leið en gengislækkun með viðeigandi hliðarráðstöfunum.

Um hvoruga þessa leið hefur enn sem komið er verið unnt að fá nokkra samstöðu eða samtök með stéttum landsins né þingflokkum. Þá var ekki nema þriðja leiðin fyrir hendi, og hún var sú að kalla til baka nokkuð af því fé, sem þjóðin hafði til sín tekið umfram það, sem rekstur útgerðarinnar þoldi, og skila því aftur til útgerðarinnar, svo að hún flyti áfram og yrði starfrækt. Þetta hefur verið gert í formi skatta og tolla og útflutningsuppbóta. — Mér er ljóst, að þetta er aðeins viðnám, en engin framtíðarlausn. Nú eru raddirnar með þjóðinni alltaf að verða fleiri og hærri um það, að þetta sé tilgangslaust og eyðileggjandi fálm. Víst er þetta neyðarúrræði. Það er engum ljósara en þeim, sem í því hafa staðið. En hefur þing og þjóð verið viðbúið til þess að taka þessi mál öðrum tökum til þessa? Og eru þeir það nú? Gott, ef svo væri.

Ég veit, að alltaf hafa verið til einstakir menn, sem gerðu sér ljóst, hvert stefndi. En til þess að ráða fram úr jafnmiklum vanda og hér er fyrir dyrum þarf þjóðarskilning og þjóðarsamtök. Og ég er þeirrar skoðunar, að viðnámstímabil það, sem skapað hefur verið fyrir samtök núverandi stjórnar og stjórnarflokka, hafi verið óhjákvæmilegur áfangi, til þess að þjóðinni gefist kostur á að átta sig á málunum, að þreifa á því, hvar hún stendur, og skapa sér skoðanir um nauðsynleg úrræði. Geti hún það ekki nú, þá gat hún það ekki fyrir 2—3 árum. Það er oft svo, eins og skáldið segir, að nauðsynlegt reynist, að fyrst fari „ormurinn út úr skel", svo að menn átti sig á, að hann var þar. Þetta viðnámstímabil hefur tekizt að forða þjóðinni frá stóráföllum og búa á ýmsan hátt í haginn fyrir atvinnulíf landsmanna, þrátt fyrir það að ýmislegt hafi mistekizt og margt sé ógert af því, sem mátt hefði laga.

Þó að ég hafi aðeins rætt hér um tvær af stéttum þjóðfélagsins, bændastéttina og sjómanna- og útgerðarstéttirnar, þá er það ekki af því, að mér sé ekki ljóst, að aðrar stéttir þjóðfélagsins hafi einnig sín vandamál við að stríða í sambandi við dýrtíðarástandið, sem líka er ástæða til að gefa gaum. En þegar ég ræði sérstaklega um þær, þá er það fyrir mér ekkert stéttarsjónarmið, heldur undirstöðuatriði þjóðmálanna, því að öll þjóðin á alla sína afkomu, — atvinnu og tekjur, undir því, að þessi starfsemi sé blómleg og þróttmikil, og takist það, standa vonir til, að annað veitist yður.

Ég hef nú leitt rök að því, að þetta svonefnda viðnámstímabil hafi á engan hátt verið jafntilgangslaust og margir vilja vera láta, þrátt fyrir það, sem miður hefur farið. En ég vil bæta hér á eftir við einu atriði enn, þar sem það hefur borið mikilsverðan árangur, þótt á öðru sviði sé, og það er meðfram að gefnu tilefni af ræðu hv. 8. landsk., Ásmundar Sigurðssonar, sem hér talaði í gær af hálfu kommúnista. Ýmsu af blekkingum hans og ósannindum mun ég fá tækifæri til að svara hér síðar í kvöld, en læt hjá líða að sinni. Þessi þingmaður ræpti hér að ríkisstj. í gær, eftir því sem rödd hans leyfði, og var það þó ekki mikið hjá því, sem við eigum að venjast úr þeim herbúðum, — og þó einkum frá blaðabauli flokksins.

Ég fyrir mitt leyti er orðinn því svo vanur, að ég get ekki hugsað mér sannan kommúnista öðruvísi en ræpandi. Ég hef heyrt þá ræpa — oft eins og vitstola menn — frá því að ég man fyrst eftir þeim, að öllu, sem ekki var eftir þeirra kokkabók, og þessu hafa þeir haldið áfram bæði í blöðum og á mannfundum ár eftir ár og dag eftir dag. Út yfir tók þó það tímabil í sögu þeirra hér á landi, þegar þeim var gefin aðstaða til beinna áhrifa á stjórn landsins og löggjöf — með þeim afleiðingum, að hvar sem þeir höfðu komið við, var engu líkara, þegar upp var staðið, en að fjandinn sjálfur hefði setið þar flötum beinum allan tímann, eins og karlinn sagði. Þá öskruðu þeir í kór jafnframt ópunum til andstæðinganna: „dýrðin, dýrðin", og það var ljótur samsöngur. Því er nú sem betur fer lokið, en eftir það komst óp þeirra í algleyming — og í níði þeirra um núverandi ríkisstj. hafa þeir líklega náð hámarki í þessari iðju. Nú er líka svo komið, að öll illyrði, öll svívirðingarorð íslenzkrar tungu, sem þjóðin þó hefur notazt við í meira en þúsund ár, án þess að á þeim sæi, eru orðin bæði gatslitin og litlaus eftir þessi fáu ár, sem kommúnistar hafa sóðazt í þeim sýknt og heilagt. Þeim hefur tekizt að koma verðbólgu í fleira í þjóðfélaginu en peningamyntina eina. Ég fæ ekki betur séð en að þeir neyðist til að fara að semja nýja orðabók með nýjum illyrðum í stað þeirra útslitnu, ef þeir eiga ekki að verða að gjalti í orðaræðum við andstæðinga sína, eftir þeim munnsöfnuði að dæma, sem þeir hafa tamið sér. Ætli að rússnesk tunga eigi ekki í fórum sínum eitthvað töluvert af slíku málskrauti til að gefa þeim? Hvernig væri fyrir þá að fá eitthvað af því lánað umbúðalaust og sjá, hvernig það verkaði á þá trúverðugu? Er nokkuð verra að fá lánuð þaðan orð heldur en skoðanir og stefnu, sál og sannfæringu auk hinna veraldlegu verðmæta, er þeim berast þaðan?

Annars er það okkur í ríkisstj. ekkert sérstakt undrunarefni, þó að þeir einbeini níði sínu í ræðu og riti gegn henni. Þegar þessi

ríkisstj. var sett á laggirnar fyrir röskum tveim árum, var henni af mörgum ekki hugað langt líf. Einkum voru það vinir okkar — kommúnistarnir, er þá töldu sig vera búna að búa það í haginn, að þeir gætu haft í hendi sér líf hverrar þeirrar ríkisstj., sem ekki dansaði eftir þeirra pípu. — Þeir voru líka búnir að ákveða útför hennar upp á mánuð og jafnvel dag. Og það, sem þó verra var: Ýmsir rólegir og málsmetandi borgarar voru farnir að trúa því, að þetta væri staðreynd — að ekki yrði stjórnað í þessu landi eins og komið væri, nema í skjóli og með samþykki kommúnistanna. Þeir voru því farnir að haga seglum í stjórnmálunum eftir reglunni: Heiðra skaltu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki. Þessi hugsunarháttur var að byrja að grafa undan trúnni á lýðræðislegt stjórnarfar og starfshætti þessa lands. Þetta hefur þó farið nokkuð á annan veg en kommúnistar ætluðust til. Þeir hafa þó engan veginn verið viðburðarlausir í fyrirætlunum sínum. Hvað eftir annað hafa þeir lagt til atlögu við ríkisstj. með verkföllum og margvíslegri skemmdarstarfsemi, þegar verst hefur gegnt, en jafnan orðið að láta undan síga að lokum án þess að valda höfuðtjóni. Síðasta áhlaup sitt undirbjuggu þeir og framkvæmdu eftir langvarandi æsingarstarfsemi í sambandi við samþykkt Atlantshafssáttmálans, þegar þeir með liðsafnaði við alþingishúsið og með grjóthríð á það ætluðu að hindra löggjafarsamkomu þjóðarinnar í að ljúka málinu á löglegan og þinglegan hátt að vilja yfirgnæfandi meiri hluta Alþingis. En aldrei hafa vopnin snúizt eins í höndum þessara auðnuleysingja eins og þá, því að á sama hátt og grjóthríð þeirra skaðaði líkamlega aðeins lítillega einn þeirra manna, skaðaði aðför þessi pólitískt þá sjálfa og í miklu ríkara mæli, því að eftir það stóðu þeir naktir fyrir alþjóð manna í ofbeldishug sínum og árásarfyrirætlunum. En rétt er að minnast þess, að áður en þetta skeði, hafði lýðræðisflokkunum með samtökum sínum tekizt að ná af kommúnistum meirihlutavaldi í landssamtökum verkamanna — Alþýðusambandi Íslands, er þeir höfðu áður sölsað undir sig með svikum og bolabrögðum. Sá sigur lýðræðisaflanna í landinu, sem er bein afleiðing af þeim stjórnmálasamtökum, er hafin voru við myndun núverandi stj., er stórmerkur út af fyrir sig og hefur vafalaust haft sitt að segja um það, að ósigur kommúnista í atlögunni að þinghúsinu og þingræðinu hinn 30. marz varð jafnafgerandi og raun varð á.

En þrátt fyrir það að nú ætti að vera búið að kveða niður þann ótta manna að íslenzka þjóðin væri þegar ofurseld yfirgangi kommúnista og yrði nauðug viljug að beygja sig undir hann, er jafnrík nauðsyn að fylgja á eftir unnum sigrum í þessari baráttu og kosta kapps um að þoka kommúnismanum sem fyrst út úr þjóðlífi og þjóðmálum landsins. Lýðræðisskipulagið annars vegar og kommúnisminn hins vegar eru tvær gerólíkar lífsstefnur og stjórnmálastefnur, sem enga samleið eiga. Þær þurfa hvor um sig að verða einvaldar innan þjóðfélagsins, ef þær eiga að njóta sín. Íslendingar verða að gera sér þess ljósa grein, hverja stefnuna þeir ætla að tileinka sér, og haga sér samkvæmt því. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að langsamlega yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar kýs stjórnarkerfi lýðræðisins og mannfrelsisins fram yfir ofríkisstefnu hins kommúnistíska skipulags, ef þeir gefa sér tíma til að hugleiða þann reginmun, sem þar er á. Það væri sannarlega freistandi að gefa þjóðinni og ekki sízt hinum trúuðu kommúnistum tækifæri til að sannprófa ýmsar þær aðferðir, sem tíðkast í stjórnmálum þeirra landa, er hafa öðlazt blessun kommúnistiskra yfirráða. Ég á ekki hér við hinar alræmdu fangabúðir og hinar hávísindalegu yfirheyrsluaðferðir, sem þar eru iðkaðar. Nei, sei sei nei. En við skulum segja, að við gerðum hér ofur saklausa tilraun með kosningafyrirkomulagið eftir þeirra fyrirmynd, sem þar er tíðkuð og nú síðast fyrir nokkrum dögum í Ungverjalandi. Hvernig væri að bjóða þeim hér upp á það t. d. við næstu kosningar, að ríkisstj. réði ein öllum frambjóðendum í landinu og svo fengi þjóðin að hafna og velja úr hópnum? Hvað halda menn, að hinir innfjálgu boðendur hins kommúnistiska fagnaðarerindis segðu, ef farið yrði að framkvæma þetta stefnuskráratriði þeirra hér mitt inni í hinu forhataða lýðræðisskipulagi? Ég er hræddur um, að þeir spýttu mórauðu. — Og meir en það. Ég er sannfærður um, að hinir lýðræðissinnuðu íslenzku kjósendur mundu algerlega fordæma það, enda þótt þeir ættu von á því að losna á þann hátt við fulltrúa kommúnista af Alþingi, — sem þeir út af fyrir sig væru elskusáttir með. En þeir mundu ekki vilja vinna þetta til. En þetta er nú ekki nema barnaleikur meðal þeirra „lífsvenjubreytinga", sem menn yrðu að sætta sig við, ef þeir einhvern morguninn vöknuðu við það, að þjóð þeirra hefði „hoppað" inn í hið kommúnistíska skipulag, enda þótt það hefði gerzt „þegjandi og hljóðalaust."

Nei, það þýðir ekki að ætla sér að blanda þessum tveim stjórnarkerfum saman, hvorki í hugsun né framkvæmd. Þess vegna er ekki um annað að ræða fyrir þá flokka, er byggja starf sitt og stefnu eftir meginlínum hins „vestræna lýðræðis", en að reka af höndum sér öll áhrif kommúnistiskrar kenningar og baráttuaðferða, — hvað sem líður ágreiningi og baráttu þeirra í millum í stefnumálum almennt. Ef það ekki tekst, mun reynast mjög örðugt að koma íslenzkum stjórnmálum og flokkaskiptum aftur á hreinan og eðlilegan grundvöll.

Í lýðræðislöndum á meðal frjálsra manna er og hlýtur alltaf að verða ágreiningur um stefnur og starfshætti. Menn deila um hið frjálsa framtak einstaklingsins, hversu lausan tauminn sé hyggilegt að gefa því og að hve miklu leyti sé nauðsynlegt að takmarka það með tilliti til hagsmuna heildarinnar. Menn deila um það, hversu víðtæku valdi ríkið eigi að beita í viðskiptum sínum við þegnana og í hve ríkum mæli það eigi að annast rekstur og framkvæmd einstakra þátta í athafna- og menningarlífi landsmanna. Menn deila um það, að hverju leyti sé hyggilegt og farsælt að fela

hinum frjálsu samtökum landsmanna að leysa hin félagslegu verkefni þjóðarinnar fram yfir ríkið og reka hin meiri háttar fyrirtæki framar einstaklingunum. Um allt þetta er deilt og togazt á í lýðræðisþjóðfélögum, og reynslan kennir mönnum smám saman, hvað heppilegast er, og skoðanir hinna frjálsu þegna eiga að ráða þar úrslitum á hverjum tíma. Allt þetta þekkjum við Íslendingar, og við trúum því, að leikreglur lýðræðisins verði færastar að leysa úr þessum ágreiningsmálum á farsælan hátt. — En jafnvíst er hitt, og af því höfum við orðið fulla reynslu, að hvar sem kommúnistaáróður og vinnubrögð ná nokkurri verulegri fótfestu í lýðfrjálsu þjóðfélagi, setur það allar starfsreglur þess úr skorðum, og því meir sem þeirra áhrifa gætir meir.

Þegar áhrif kommúnismans fara að ná tökum á lýðræðisþjóðfélagi, þá gerist þar hið sama, er segir frá í þjóðsögunni, þegar tveir tígulkóngarnir komu fram í spilinu. Þá fara allar leikreglur út um þúfur, og við taka upplausn og öngþveiti. Kommúnisminn er aðkomni tígulkóngurinn í samstarfi allra frjálsra þjóðfélaga — svikatromp, sem hefur upplausn og óhamingju í för með sér. Við þekkjum þessa svo mörg og óyggjandi dæmi úr okkar eigin stjórnmálasögu undanfarin ár og allt fram á þetta þing, sem nú er að enda. Þar geta aðflutt og annarleg sjónarmið komið til að hafa óvænt og óeðlileg áhrif á alíslenzk málefni, þegar minnst varir. Enginn hinna íslenzku deiluaðila veit, hvenær hinu aðfengna svikatrompi verður laumað í hendi andstæðings hans. Þegar verkamennirnir bindast eðlilegum samtökum um að vinna að bættu kaupi og kjörum, þá eru kommúnistar óðar komnir í spilið og auka forustuna um enn hærri og harðari kröfur, ekki vegna þess, að þeim sé svo sérlega umhugað um hag verkamanna — það hafa þeir sýnt í þeim þjóðfélögum, sem þeir geta beitt valdi sínu óhindrað, heldur fyrst og fremst til að afla sér fjöldafylgis og um leið koma atvinnulífi landsins úr skorðum, efla verðbólgu, upplausn og erfiðleika.

Svo hafa þeir það til að taka upp jafnskelegga baráttu fyrir hagsmunum mestu hálaunamanna landsins. — Í vetur, þegar vinnustöðvunin var á togaraflotanum og útgerðarmenn með aðstoð ríkisvaldsins háðu langa og harða baráttu um að fá lækkað nokkuð kaup hæstlaunuðu starfsmanna flotans, sem vitanlegt var, að höfðu árslaun frá því um hundrað þúsund krónur og áfram upp í tvöfalt það — en útgerðin barðist í bökkum um afkomuna —, hófu kommúnistar æðisgengna árás á útgerðarmenn og ríkisstj. fyrir að láta þetta líðast og beittu öllum sínum áhrifum til að torvelda lausn deilunnar.

Enginn lætur sér nú detta í hug, að þetta hafi verið gert af ofurást á mestu stórtekjumönnum landsins, þó að gott væri að afla sér fylgis meðal þeirra í leiðinni, heldur fyrst og fremst til að koma í veg fyrir, að þessi afdrifaríki þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar yrði rekinn á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli — og auka þannig á erfiðleikana og glundroðann í þjóðfélaginu. Þegar stjórn og þing um áramótin stóðu í erfiðum og langvarandi samningum við útgerðarmenn vélbátaflotans til að fá viðunandi og viðráðanlega lausn á vandamálum hans, kepptust kommúnistar við yfirboð til útgerðarmanna, bæði um hækkaða lágmarkstryggingu á útflutningsverði fisksins og frjálsa ráðstöfun gjaldeyrisins, sem þó hlaut að hafa í för með sér skipulagslaust hrun gjaldeyrisins. Þegar svo þingið tók til meðferðar fjáröflun, til þess að standa undir þeim útgjöldum, er af útflutningsuppbótinni leiddi, börðust þeir með hnúum og hnefum gegn öllum tillögum, sem fram komu um það, og þar á meðal lúxusskatti á svartamarkaðssölu bifreiða. Tilgangur þeirrar baráttu er allur svo auðsær, að ekki þarf skýringar við. Söm var einnig afstaða þeirra við afgreiðslu fjárlaganna: Útgjaldahækkunartillögur um milljónir á milljónir ofan, en jafnframt hatrömm barátta gegn öllum fjáröflunartillögum til að sjá útgjöldunum farborða. Hér var heldur ekki til lítils að vinna, að geta auglýst sig sem hina einu sönnu velunnara útgerðarmanna og sjómanna, framfaramanna í landi og skattborgaranna, allra í senn. Hitt eru þeir ekki að útlista, hvernig svona pólitík og skrípalæti yrðu rekin til lengdar án þess að stefna málum ríkisins í bráðan voða.

Þá er enn eitt. Allir, sem nokkuð þekkja til stefnu og heimsskoðana kommúnismans, vita, að allir sannir kommúnistar utan Rússlands eru í hjarta sínu föðurlandslausastir allra föðurlandslausra manna og meta einskis tungu og þjóðerni, ef fyrirheitna landið, Rússland, og hagsmunir þess eru annars vegar, enda hafa foringjar þeirra víða um heim gerzt svo opinskáir að lýsa yfir því, að þeir mundu berjast með Rússum og á móti þeirra eigin þjóð, ef til átaka kæmi á milli þeirra. — En viti menn! Þegar hafin er gagnrýni af þjóðernislegum ástæðum á hinu alkunna Atlantshafsbandalagi og barátta gegn því, blossar ættjarðarástin upp í kommúnistum um allan heim — og á svipstundu eru þeir orðnir skeleggustu forsvarsmenn þjóðernis, þjóðfrelsis og friðar í heiminum. Þeir taka það náttúrlega trúanlegt, sem vilja, að hin hatramma barátta þeirra gegn Atlantshafsbandalagssáttmálanum sé fremur sprottin af þjóðernis- og ættjarðarást þeirra en hinu, að til bandalagsins var efnt til varnar útþenslustefnu Rússa og yfirgangi í Evrópu undanfarin ár. En það var ekki ónýtt að geta auglýst sig hina einu sönnu Íslendinga við hlið nokkurra útvaldra.

Á öndverðu þessu þingi fluttu framsóknarmenn frv. til umbóta á skömmtunar- og innflutningskerfi fjárhagsráðslaganna, og hafa að vísu hlotið við það eindregið fylgi kommúnista. En um svipað leyti báru sjálfstæðismenn fram frv., sem fól í sér þá breyt. á sömu lögum að létta af ákvæðum, sem fólu í sér allstrangt eftirlit með gjaldeyrisnotkun til ferðalaga til að reyna að draga úr misnotkun hans og svartamarkaðsbraski með hann. Þetta frv. fékk sama fylgi kommúnista og er nú orðið að lögum, með þeim afleiðingum, að svartamarkaðsgjaldeyrisbrall hefur enn færzt í auka og ýmis-

leg misnotkun hans. Þetta eru mjög sláandi dæmi um vinnubrögð þessara manna. Þeim virðist standa nokkurn veginn á sama, hvort þeir afla sér fylgis fyrir stuðning við góð mál eða gölluð — og verður ekki annað séð en að það hafi eitt vakað fyrir þeim að stuðla að erfiðleikum í samstarfi stjórnarflokkanna.

En svona eru öll þeirra vinnubrögð. Enginn botnar í þeim hundakúnstum, og enginn veit, hvar þeim kann að skjóta upp hverju sinni, vegna þess að þeir hugsa og álykta eftir allt öðrum forsendum en venjulegir Íslendingar og í allt öðrum tilgangi. Það er því fyrir lýðræðisþjóðfélag, sem hefur stóran kommúnistaflokk innan vébanda sinna, eins ástatt og fyrir skipi, sem siglir með mikinn lausan sjó innanborðs.

Það er sá allra hættulegasti farmur, sem til er, því að hann leggst á með þunga sínum þar, sem sízt skyldi, þegar verst gegnir — og fyrir það hefur margur kollsiglt sig. En eitt það allra ömurlegasta við kommúnistafaraldurinn er það, hve marga af þeim mönnum, sem öll efni stóðu til, að gætu orðið gagnlegir menn í umbóta- og félagsmálum þjóðarinnar, hann gerir óvirka þegar á unga aldri. Manni, sem búinn er að taka þessa andlegu pest, getur ekkert lýðræðisþjóðfélag treyst í stjórnmála- og félagsmálabaráttu sinni. Þeir eru þar eins og farlama menn, þó að þeir kunni að vera dugandi í ýmsum almennum starfsgreinum, og þeir verða það alltaf, á meðan þeir ekki læknast algerlega af þessari póltísku flogaveiki. Og þetta er út af fyrir sig stórkostlegt áfall hverju þjóðfélagi, sem fyrir því verður. Það verður því aldrei of vel brýnt fyrir þeim, sem í einlægni vilja að því vinna, að hér megi lifa og dafna farsælt þjóðfélag frjálsra manna, að ganga fram í því að þurrka úr þjóðfélaginu áhrif þessara erlendu ofbeldis- og ofstækismanna, hvar í flokki sem þeir standa. Í því starfi þarf margs að gæta. Það þarf að upplýsa menn um eðli kommúnismans, starfsaðferðir og stjórnarhætti, þar sem hann er alls ráðandi. En það þarf jafnframt, og það má aldrei gleymast, að skapa og viðhalda eftir mætti réttláta stjórnarhætti, alhliða umbætur og sem jafnasta aðstöðu landsins barna til þroskavænlegs uppeldis og til að afla sér þeirra lífsgæða, er landið og þjóðfélagið eru umkomin að veita. Í þeim efnum eru mörg og óleyst verkefni fyrir höndum í félagsmála- og stjórnmálastarfseminni, er bíða eftir því m. a., að ungir og röskir menn komi til samstarfs við þá frjálshuga umbótamenn, sem fyrir eru, og kasti af sér álagaham hinnar erlendu ofstækis- og ofbeldisstefnu.

Hitt er svo rétt að gera sér ljóst, að sjálfur kommúnisminn, eins og hann lýsir sér í orðum og athöfnum postulanna, verður aldrei svæfður með neinni rauðakrossstarfsemi. Hann hefur þegar sýnt það, eins og hálfbróðir hans nazisminn, að það er annað mál, sem hann skilur betur, hvort heldur það er innan þjóðfélagsins eða í viðskiptum hans við umheiminn. Honum er því nauðsynlegt að mæta með fullkominni tortryggni og hlífðarlausri andstöðu í hvívetna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Frá því hefur verði skýrt opinberlega, að hinn 30. marz s. l., um eftirmiðdaginn, eftir að árásinni á Alþingishúsið var að mestu lokið, hafði hv. 8. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, og blaðaljósmyndari frá Þjóðviljanum sézt læðast inn í eitt af hliðarherbergjum neðrideildarsalsins og dvelja þar nokkra stund. Þeir, sem næstir komu þarna að, sáu, að þar höfðu, eins og víða annars staðar í Alþingishúsinu þennan dag, orðið nokkur verksummerki. Hinni fögru marmaralíkneskju af Jóni Sigurðssyni forseta, sem stendur þar á hillu, hafði verið snúið til veggjar. Tveim dögum síðar birtist svo í Þjóðviljanum stór mynd á áberandi stað af þessu fyrirbrigði, og voru látin liggja orð að því, að hér væri um alldularfullt fyrirbrigði að ræða, — Jón Sigurðsson hefði snúizt til veggjar af andúð á þeirri samþykkt, sem gerð var á Alþingi þá um daginn, og er það raunar ekki í fyrsta skipti, sem þeir gera tilraun til að nota Jón Sigurðsson og saurga minningu hans með því að beita honum fyrir sinn pólitíska vagn.

Mér þykir þessi saga táknræn. Þeir láta fyrst snúa hlutunum við og birta síðan mynd af þeim í Þjóðviljanum. Þetta er ekkert einsdæmi. Þetta eru þeirra ær og kýr. Hvaða þátt sem hv. 8. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, kann að eiga í því að snúa við mynd Jóns Sigurðssonar, — og um það skal ekki dæmt hér, en hann hefur mér vitanlega ekki mótmælt þátttöku sinni í þessum verknaði, — þá er það víst, eftir umræðurnar í gær, að hann getur snúið hlutunum við og virðist ekkert klígja við því, og skal ég nú nefna um það nokkur dæmi.

Hv. þm. valdi sér það vafasama hlutskipti að minnast á 30. marz og atburðina, sem þá gerðust. Okkur, sem vorum staddir í alþingishúsinu þennan dag, og aðra þá, sem á atburðina horfðu, getur hann ekki blekkt; en ef til vill getur hann hugsað sér að véla um fyrir þeim, sem ekki sáu, einhverjum; og svo mikið er víst, að hér sneri hann hlutunum alveg við. Hann vildi láta líta svo út sem lögreglan hefði með aðgerðum sínum framkallað óspektirnar. Og hann sagði beinlínis, að það hefði fyrst verið við útrás varalögreglunnar, sem grjótkastið verulega hófst. Þetta er alveg öfugt við staðreyndirnar, hlutunum hefur verið gersamlega snúið við. Lögreglan réðst ekki til útrásar fyrr en alllöngu eftir að þingfundi var lokið, allir gluggar þinghússins brotnir, og grjóthrúgur og glerbrot þöktu gólf og sæti þingsalsins. Það er staðfest af öllum sanngjörnum mönnum, sem á horfðu, að lögreglan var seinþreytt til vandræða og lét ekki til skarar skríða fyrr en í fullt óefni var að komast. Eftir útrás lögreglunnar dreifðist mannfjöldinn og grjót- og aurkastararnir urðu frá að hverfa.

„Þetta voru aðeins nokkrir strákar, sem voru að glettast við lögregluna og kasta smásteinum og fúleggjum", sagði hv. þm., og áhrifin af frásögninni áttu greinilega að vera þau, að hér hefðu verið nokkrir gáskafullir galgopar að skemmta sér. Einnig hér er hlutunum enn hatrammlega snúið við. Í þessum ljóta leik var greinilegt samspil milli blaðs kommúnista

og aðstoðarmanna þeirra. Í þjóðviljanum voru bornar fram bæði dulbúnar og opinberar hótanir um, að það mundi hindrað, að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu yrði nokkurn tíma samþykkt. Þeir höfðu forustuna í undirbúningnum. Þeir og þeirra menn settu einnig allan svip á alla rás atburðanna um daginn, bæði innan þinghússins og utan þess, svo að það þýðir ekkert nú að koma og segja, að nokkrir strákagalgopar hafi verið hér með glettur, sem lögreglan hafi nánast framkallað. Nei, það, sem hér gerðist, var miklu alvarlegra. Það átti að þvinga alþingismenn, fyrst með hótunum og síðan með ofbeldi, til að ganga frá skoðunum sínum og greiða atkvæði öðruvísi en sannfæringin bauð þeim. Þeir svifust einskis, köstuðu ekki einungis fúleggjum og smásteinum, eins og hv. þm. sagði, heldur hnullungssteinum, sem, ef þeir hefðu hæft rétt, refðu vissulega nægt til að drepa menn, enda var hrópað, eins og lýst var hér í gær: „Grýtum, drepum".

Þetta eru vissulega alvarlegir hlutir, og kannske þeir alvarlegustu, sem hér hafa komið fyrir í seinni tíð. Kommúnistar finna, að almenningsálitið hefur dæmt þá fyrir þetta athæfi, einmitt þá og aðstoðarmenn þeirra, og þeim dómi verður ekki haggað, þó að Ásmundur Sigurðsson, hv. 8. landsk. þm., reyndi að snúa hlutunum við. Undan þessum dómi sviður þá, og þess vegna hamast nú bæði þessi hv. þm. og aðrir flokksbræður hans við að reyna að snúa hlutunum við, — en það tekst bara ekki. „30. marz 1949 markar aldahvörf í íslenzkum stjórnmálum", sagði hv. þm., og það var eitt af því fáa, sem hann sagði rétt. Eftir þann dag ætti Íslendingum að vera ljósara en áður eðli og innræti þessa flokks. Þeir geta frætt okkur um lýðræðið í Rússlandi og réttaröryggið í Tékkóslóvakíu og hina dásamlegu efnahagsafkomu þegnanna austan járntjaldsins á sinn hátt. Um þessa fræðslu er lítið hægt að segja, því að þangað fær nú nálega enginn að koma til að kynna sér hlutina, en þeir skulu ekki reyna að snúa við atburðum, sem gerast við þinghúsdyrnar fyrir augunum á okkur. En nokkra hugmynd gefur það um fréttaflutninginn, þegar svona atburðir, sem gerast hér hjá okkur, eru jafnherfilega rangfærðir og hér hefur verið gert. Ég skal svo láta útrætt um það.

Eitt af því, sem hv. þm., Ásmundur Sigurðsson, fræddi menn á, var það, að þegar fyrrv. stjórnarsamstarfi lauk, sem hann taldi verið hafa í sept.—okt. 1946, hafi raunar verið eftir tiltækt af gjaldeyriseigninni um 260 millj. kr. og þess vegna þurfi ekki að skrifa alla eyðslu gjaldeyrissjóða okkar á reikning fyrrv. ríkisstj.

Nú urðu stjórnarskiptin síðustu að vísu ekki fyrr en í febrúar 1947, en um áramótin áður, 1946—47, segir í skýrslu Landsbankans, sem er hin traustasta heimild, sem til er um þessa hluti, að gjaldeyriseignin hafi að vísu verið nokkuð yfir 200 millj. kr. á þessum tíma, eða 223 millj. kr. En vel að merkja, af þessum 223 millj. kr. var búið að ráðstafa 191 millj. kr. rúmum á nýbyggingarreikning og í ábyrgðarskuldbindingar. Eftir var þá til frjálsrar ráðstöfunar — ekki sú upphæð, sem hv. þm. lét liggja orð að, heldur aðeins ca. 32 millj. kr. Og það er óendanlega mikill munur fyrir eina stjórn, hvort hún tekur við gjaldeyriseign upp á tæpar 600 millj. kr. eða einum 32 millj. kr., sem kalla má, að sé aðeins til brýnustu augnabliksþarfa, eins og nú er orðið högum háttað með gjaldeyrisþörf þjóðarinnar. Ég hef átt sæti í báðum þessum ríkisstjórnum, og munurinn hefur ekki leynt sér. Fyrrv. ríkisstj. gat byrjað með því að setja fastar 300 millj. kr. til nýsköpunarframkvæmda og gerði það, vegna þess að Alþfl. setti það að skilyrði fyrir þátttöku sinni í stj. Kommúnistar settu þá engin slík skilyrði fyrir sinni þátttöku, en hafa síðar sagt, að þeir hafi viljað hafa þessa upphæð miklu hærri; en auðvitað er það ósatt, því að vissulega gátu þeir sett skilyrði fyrir þátttöku sinni, alveg eins og Alþfl., ef þeir hefðu meint nokkuð með hjali sínu, en það gerðu þeir ekki.

Það hefur stundum verið deilt á fyrrv. ríkisstj. fyrir gjaldeyriseyðslu, en þeir, sem það gera, ættu nú að athuga, hvað nýsköpunartækin hafa gefið okkur í gjaldeyristekjur síðan þau komust í gagnið, en það hafa þau þó ekki komizt öll enn þá. Hitt er svo annað mál, að eyðsla kommúnista, þar sem þeir gátu komið henni við, var gífurleg, og eigum við eftir að súpa seyðið af því enn þá. Núverandi ríkisstj. tók hins vegar ekki við neinum gjaldeyrissjóðum, sem heitið gat, en hefur þó getað að mestu forðazt skuldasöfnun erlendis og þrátt fyrir það haldið nýsköpunarframkvæmdunum áfram. Á árinu 1948 náðist í fyrsta sinn um langan tíma jöfnuður í viðskiptunum við útlönd, og fyrstu 4 mánuði þessa árs hefur einnig verið jöfnuður í þessum viðskiptum.

Það er annars lærdómsríkt að líta á gjaldeyrisviðskiptin þessa 4 mánuði, sem af er þessu ári, þrátt fyrir togarastöðvun í rúman mánuð, sem kommúnistar gerðu sitt til að yrði sem lengst, og þrátt fyrir, að engin Hvalfjarðarsíld veiddist s. l. vetur, og bera þessi viðskipti saman við sömu mánuði undanfarin ár.

Á tímabilinu jan.—apríl 1946 var		
útflutt fyrir	86	millj. kr.
Innflutt	109	— —
Halli	23	millj. kr.
Jan.—apríl 1947:		
Útflutt	58	millj. kr.
Innflutt	159	— —
Halli	106	millj. kr.
Jan.—apríl 1948:		
Útflutt	119	millj. kr.
Innflutt	128	— —
Halli	9	millj. kr.
Jan.—apríl 1949:		
Útflutt	108	millj. kr.
Innflutt	108	— —
Halli	0	

Þó að núverandi ríkisstj. hefði ekkert gert annað en þetta, að koma jöfnuði á í viðskiptunum við útlönd, þá er það eitt út af fyrir sig svo merkilegur hlutur, að þeirri mynd tekst 8. landsk. þm., Ásmundi Sigurðssyni, né myndatökumönnum Þjóðviljans aldrei að snúa við.

Vitaskuld hefur þetta átak kostað nokkur óþægindi og fórnir, og vegna þess að innflutningur neyzluvarnings hefur af þessum sökum verið takmarkaður meir en áður, hafa kommúnistar reynt að slá sér úr því pólitíska mynt.

„Tryggt hefur verið, að vöruinnflutningur væri minni en eftirspurnin," sagði hv. 8. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, hér í gær. „Vöruskorturinn hefur verið skipulagður," sagði hv. 4. landsk., Brynjólfur Bjarnason, í síðustu útvarpsumræðum, fyrir 1½ mánuði, og allir láta þessir ræðumenn kommúnista á sér skilja, að þetta sé aðeins gert af illri stjórn, þjóðinni til bölvunar. Einnig í þessu tilfelli hefur myndinni verið snúið við, — en þjóðin er farin að þekkja aðferðina og sér við henni.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að vissulega er hér ekki hægt að fullnægja eftirspurn eftir sumum vöruflokkum, sem almennt teljast til neyzluvarnings. Er þar helzt að nefna vefnaðarvöru ýmiss konar, skófatnað, ávexti o. þ. h. Ýmsar aðrar neyzluvörur eru að vísu einnig skammtaðar, svo sem kaffi, sykur, kornvörur, smjör og smjörlíki, benzín o. fl., en flestar það ríflega, að á þeim getur ekki talizt skortur.

Ekki eru þessar ráðstafanir þó upp teknar til að gera mönnum bölvun — heldur þvert á móti. Ástæðurnar fyrir þessum ráðstöfunum eru fyrst og fremst þessar:

„1. Gjaldeyrisforðinn var þrotinn, og jöfnuður þurfti að nást í viðskiptunum við útlönd, ef ekki áttu að safnast þar skuldir.

2. Kapítalvöruinnflutninginn varð að stórauka, ef ekki átti að skapast hér atvinnuleysi.

3. Síldarvertíð hefur brugðizt, eins og alkunnugt er, 4 s. l. ár, sem hefur vitaskuld haft í för með sér rýrnun í gjaldeyristekjum.

Hvernig hefur svo gengið með þessi atriði, sem vöruskömmtunin var sett á til að bæta úr?

1. Gjaldeyrisjöfnuður hefur náðst í fyrsta sinn um langan tíma á árinu 1948, þannig að ef ekki er talið með það fé, sem fyrir fram hafði verið bundið til skipakaupa, náðist fullkominn jöfnuður í viðskiptunum við útlönd á því ári.

2. Sennilega hefur aldrei verið flutt inn meira af kapítalvörum, efnivörum til bygginga, vélum, skipum og öðrum vörum til framleiðsluaukningar en síðustu ár, og með þeim árangri, að þrátt fyrir það að störfin fyrir hið erlenda lið, sem dvaldi hér á styrjaldarárunum, hafi horfið og þrátt fyrir vonbrigði í sambandi við síldveiðarnar hefur verið hér á þessu árabili nokkurn veginn nægileg atvinna handa öllum.

Það er þess vegna ekki óeðlilegt, þegar bæði þurfti að takmarka innflutningsmagnið í heild vegna gjaldeyrisskorts og þegar auka þurfti vöruinnflutning til verklegra framkvæmda, að þurft hafi að takmarka innflutning á neyzluvarningi um leið.

En hve mikið hefur þá þessi neyzluvöruinnflutningur verið takmarkaður? Ég hef látið taka saman skrá yfir þennan innflutning, fyrir nokkrar vörutegundir, árin 1938, 1947 og 1948, miðað við magn, til þess að verðlagsbreytingar hefðu þar ekki áhrif, og útkoman er þessi:

	1938	1947	1948	
Kornvörur	17165	21551	31402	tn.
Sykur	5050	4469	5560	—
Kaffi	643	1283	777	—
Ávextir	356	3674	2184	—
Smjör	0	250	450	—
Vefnaðarvara	1002	1311	1136	—
Skófatnaður, leður	69	152	118	—
Gúmmískófatnaður	83	90	204	—

Þessi skýrsla sýnir, að yfirleitt hefur innflutningur þessara vörutegunda vaxið mjög mikið að magni frá því fyrir styrjöldina, þrátt fyrir það að ekki hefur tekizt að fullnægja eftirspurn. Það, sem hefur skeð, er það, að neyzla þessara vörutegunda hefur vaxið örar en hægt hefur verið að fullnægja, og það þrátt fyrir að innflutningur ávaxta t. d. hefur 6—10-faldast, smjörinnflutningur vaxið úr engu í 450 tonn, og þrátt fyrir mjög aukna innlenda framleiðslu á t. d. skófatnaði, íslenzkum ullardúkum og prjónlesi.

Ef litið er aftur á móti á innflutning framleiðslutækja, verður aukningin ekki síður áþreifanleg:

	1938	1947	1948	
Sement	20055	63688	58428	tn.
Járn og stál	4869	11648	12549	—
Brennslu- og smurnolía	19758	101736	127062	—
Blaða- og bókapappír	554	1150	1713	—

Svo að ekki séu nefndar vélar, skip, rafmagnstæki o. þ. h., þar sem innflutningsaukningin hefur orðið geysileg.

Á yfirstandandi ári er enn gert ráð fyrir aukningu á innflutningi nokkurra vörutegunda, sem teljast til neyzluvarnings, eins og t. d. vefnaðarvöru og skófatnaðar. Þá er og gert ráð fyrir að athuga, hvort ekki verður unnt að aflétta skömmtun á nokkrum vörutegundum, t. d. á kaffi, kornvöru og e. t. v. nokkrum fleiri. Benzínskömmtun verður sennilega afnumin bráðlega.

Þegar um það er að ræða, hvort auka skuli innflutning einhverrar vöru, verður að gera sér ljóst, að það tekst ekki nema á þann hátt að draga úr hjá annarri, ef ekki á að kaupa meira en fé er til fyrir, og verða að sjálfsögðu alltaf skiptar skoðanir um það, hvað skuli ganga fyrir, en stj. hefur fylgt þeirri stefnu að láta þær vörur hafa forgangsrétt, sem yrðu til að örva og efla atvinnulífið, þegar um það væri að ræða, hvað kaupa skyldi, eftir að brýnustu þörfum hefði verið fullnægt.

Í sambandi við vöruflutninga til landsins hlýt ég loks að minnast hér á eitt atriði til viðbótar og það er þátttaka okkar Íslendinga í efnahagssamstarfi því, sem kennt er við Marshall.

Eftir styrjöldina hefur sótt í sama horf og áður um viðskipti okkar við Bandaríkin. Útflutningurinn þangað er lítill, en hins vegar mikil þörf fyrir vörur frá því landi, sumpart ófáanlegar annars staðar og sumpart betri og ódýrari en hægt er að fá annars staðar að. Vegna skorts á dollurum hefðu viðskipti við Bandaríkin nálega stöðvazt eða að minnsta kosti dregizt mjög saman, ef ekki hefði notið við þessarar efnahagssamvinnu. Í gegnum hana höfum við fengið greiddar í dollurum vörur, sem við höfum selt til Evrópulanda fyrir 5.2 millj. dollara. Enn fremur höfum við fengið efnivörur, vélar og skip, aðallega til síldar- og fiskimjölsverksmiðja, að láni fyrir 2.3 millj. dollara með mjög hagkvæmum kjörum, 2½% vöxtum til 35 ára og afborgunarlaust fyrstu árin. Loks höfum við fengið 2½ millj. dollara sem framlag án endurgjalds, en jafnvirði upphæðarinnar verður eingöngu varið til að koma upp fyrirtækjum, sem gert er ráð fyrir í 4 ára áætlun þeirri, sem gerð hefur verið í sambandi við efnahagssamvinnuna.

Höfum við því á þennan hátt fengið samtals 10 millj. dollara eða 65 millj. kr., sem gert hafa okkur kleift að halda áfram hinum hagkvæmu viðskiptum við Bandaríkin og halda áfram þeirri nýsköpun, sem tryggja á atvinnuöryggi okkar í framtíðinni.

Á móti þessari efnahagssamvinnu hafa kommúnistar barizt eins og þeir hafa verið menn til og hafa enn einu sinni sýnt þar þann hug, sem þeir bera til uppbyggingar atvinnulífsins á Íslandi og afkomu fólksins. Þeir hafa metið meira að haga sér í samræmi við flokksbræður sína erlendis, sem allir reka svipaða eða sams konar pólitík, að því er virðist eingöngu til að þóknast allsherjarsamtökum kommúnista, vegna þess að þeir telja, að efnahagssamvinna þessi sé þrándur í götu útbreiðslustarfsemi og yfirráða þeirra.

Hvað þessi efnahagssamvinna hins vegar þýðir fyrir okkur Íslendinga, sést einna gleggst á því, að á þeim 4 mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, höfum við keypt og flutt til landsins 21541 tonn af vörum frá Bandaríkjunum, en þar af á vegum efnahagssamvinnustofnunarinnar 16755 tonn, eða um 77,78% af öllum innflutningnum.

Sýna þessar tölur kannske greinilegar en nokkuð annað, hvar við hefðum verið staddir, ef þessarar efnahagssamvinnu hefði ekki notið við.

Þegar Englendingar stóðu einir í baráttunni við nazismann síðari hluta ársins 1940 og fyrri hluta árs 1941 og ekki var annað sýnilegt en að þeir yrðu ofurliði bornir, kannske fyrst og fremst vegna gífurlegs skorts á ýmsum tækjum, sem nauðsynleg voru til styrjaldarrekstrarins, beitti Roosevelt, hinn frjálslyndi Bandaríkjaforseti, sér fyrir því, að Englendingum væri veitt hjálp með láns- og leigulögunum, sem kostaði Bandaríkin þúsundir millj. dollara. Einangrunarsinnar og afturhald Bandaríkjanna beittu sér hatrammlega gegn þessu, og munaði oft mjóu, að sú stefna yrði þá ekki ofan á, — hvernig sem styrjöldin hefði þá farið. En þessir andstæðingar láns- og leigulaganna áttu þá einn öruggan stuðningsmann í baráttu sinni, — það voru kommúnistar Bandaríkjanna. Alls staðar og ávallt börðust þeir eins og þeir máttu gegn þessari aðstoð — til 21. júní 1941, að Rússar fóru í stríðið, þá kom annað hljóð í strokkinn. Og eftir það fannst þeim aldrei nógu mikið að gert í aðstoð með láns- og leigukjörum. Það var ekki baráttan við Hitler, sem fyrir þeim vakti, eða aðstoð við frelsisbaráttuna í heiminum fyrst og fremst, — nei, það var afstaðan til Rússlands og ekkert annað.

Þegar hjálparstofnun sameinuðu þjóðanna, UNRRA, var sett á stofn eftir styrjöldina með aðalfjárframlagi frá Bandaríkjunum, höfðu kommúnistar ekkert við það að athuga, því að hún kom til góða vinum þeirra og félögum í Austurvegi.

En þegar efnahagssamvinnan, sem kennd er við Marshall, var sett á stofn, berjast þeir á móti, ekki vegna þess, að þeir viti ekki, að hér er um þann eina möguleika að ræða, sem við höfum til að fá bráðnauðsynlegar vörur frá Bandaríkjunum með vægast sagt mjög hægu móti, og eina möguleikann, sem við höfum til að halda áfram nýsköpun atvinnuveganna, heldur einasta vegna þess, að þeir eru að vinna fyrir erlent vald, sem ekki hefur velþóknun á þessum aðgerðum.

Flokkurinn hefur þess vegna sýnt hér — eins og annars staðar, að það eru ekki hagsmunir þjóðar sinnar, sem þeir bera fyrir brjósti fyrst og fremst, heldur hagsmunir erlendrar þjóðar. Þess vegna dæmdu þeir sjálfa sig úr leik um áramótin 1946—47, og þess vegna eru þeir enn óhæfir til að hafa áhrif á málefni íslenzku þjóðarinnar, enda sagði foringi þeirra á Siglufirði fyrir 1½ ári, svo sem frægt er orðið: „Hvað varðar okkur um þjóðarhag?“ Og mætti það gjarna vera kjörorð þessa flokks.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þegar ég lagði fjárlagafrv. fyrir árið 1949 fyrir Alþingi, en það var um 20 dögum eftir að þingið kom saman í október, lét ég svo um mælt, að ég legði höfuðáherzlu á, að gengið yrði frá greiðsluhallalausum fjárlögum í þetta sinn, svo að komizt yrði hjá frekari skuldasöfnun. Í frv. var gert ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs yrðu 241 millj., rekstrarafgangur 27 millj., en óhagstæður greiðslujöfnuður nam samkv. frv. 396 þús. kr. Var reynt að ná þessum niðurstöðum með það fyrir augum, að fjárhagur ríkissjóðs leyfði ekki frekari skuldasöfnun, enda ekki útlit fyrir, að takast mundi að útvega ríkissjóði frekari rekstrarlán en þegar eru fengin. Það er rétt að taka það fram, að í frv. var áætlað til dýrtíðarráðstafana aðeins 33 millj. kr., eða allt að því helmingi lægri fjárhæð en eytt var til þeirra ráðstafana á s. l. ári. Þegar ég tala um dýrtíðarráðstafanir í þessu sambandi, á ég bæði við niðurgreiðslur innanlands í því skyni að lækka verð vörunnar til neytenda, uppbætur til bænda og loks útflutningsuppbætur á fisk og fiskafurðir bátaútvegsins og loks kjöt, sem hvort tveggja hefur reynzt nauðsynlegt vegna

verðbólgunnar innanlands. Eins og tekið var fram í athugasemdum við frv., var áætlunin ekki höfð hærri en 33 millj. kr. í ofangreindu skyni með það fyrir augum, að þing og stj. tækju til rækilegrar yfirvegunar, hvort ekki væri hægt að draga úr þessum útgjöldum, en ef það þætti ekki tiltækilegt, þá yrði auðvitað að finna nýjar leiðir til tekjuöflunar. Lagði ég sérstaka áherzlu á það í fjárlagaræðunni, að teknar væru til athugunar eins rækilega og unnt væri þær lausnir, í stað fiskábyrgðarinnar, sem L. Í. Ú. hafði á aðalfundi sínum bent á, en þær gengu í stuttu máli út á það, að nægilega mikið af útflutningsverðmætinu yrði selt við hækkuðu gengi og sá erlendi gjaldeyrir, sem þannig væri seldur, væri notaður til innkaupa á vörum, sem ekki eru lífsnauðsynlegar, en eru þó eftirsóttar af almenningi. Sá gengismismunur, sem þannig kæmi fram, yrði notaður til þess að bæta upp hinn útflutta bátafisk, í stað þess að greiða uppbæturnar beint úr ríkissjóði. Aftur á móti yrði allur sá gjaldeyrir, sem þarf fyrir beinar lífsnauðsynjar, seldur með núverandi gengi.

Þessi athugun, sem ég hafði heitið, að fara skyldi fram á málinu, átti sér svo stað, og fram eftir öllu hausti var um það rætt, hvor leiðin skyldi farin í þessu efni, sú, sem L. Í. Ú. og ég hafði bent á og mátti með nokkrum rétti kalla tvöfalt gengi, eða þá hin síðari leiðin, að taka fiskábyrgðina beint sem útgjaldalið ríkissjóðs og afla nýrra tekna til að standa undir tilsvarandi fjárhæð í þessu skyni. Ég þarf ekki við þetta tækifæri að fara öllu lengra út í þessa sálma né lýsa því ástandi, sem var í málefnum sjávarútvegsmanna allt frá haustnóttum til áramóta.

Mörgum hraus hugur við að ganga að nýju undir það jarðarmen að taka ábyrgð á afurðum bátaútvegsins, en jafnvel enn meiri voði virtist vera á ferðum, ef horfa ætti fram á það, að bátarnir gætu ekki sinnt aflabrögðum á vertíðinni eins og að undanförnu. Niðurstaðan varð sú, að ábyrgð var tekin á fiskafla bátanna og að öðru leyti náðist samkomulag við útvegsmenn um ráðstafanir í enn frekari mæli en áður til að létta undir með bátaútveginum, og var þess ekki sízt þörf nú eftir undangenginn taprekstur á síldveiðunum í fleiri en eitt skipti. Hin endanlega niðurstaða var sú, að ríkissjóður skyldi taka á sig ábyrgðina eins og fyrr, og leiddi hún til þess, að sett voru lög um dýrtíðarráðstafanir. Í þessum lögum voru útgjöldin ákveðin og um leið gerðar ráðstafanir til að afla nýrra tekna til að mæta útgjöldunum. Skyldu þær tekjur renna í dýrtíðarsjóð ríkisins, sem með þessum lögum var ákveðið að mynda, en sjóðurinn aftur standa undir fiskábyrgðinni og kjötábyrgðinni, ef til kæmi, og niðurgreiðslunum.

Eftir að þetta var ákveðið, tók fjvn. dýrtíðarlögin til greina og breytti fjárlagafrv. samkvæmt þeim. Leitazt var við, eftir því sem unnt var, að afla dýrtíðarsjóði tekna á þann hátt að skerða eigi gjaldþol manna til þess að kaupa lífsnauðsynjar sínar, og þó reyndist það ekki að öllu leyti framkvæmanlegt, og á það sérstaklega við um söluskattinn, sem aukinn var í því skyni einu að standa undir útgjöldum til dýrtíðarráðstafana. Hann leiðir vitanlega af sér álag á allar nauðsynjar.

Að þessu sinni skal ég ekki neinu spá um það, hversu haldgóðir þeir tekjustofnar reynast, sem sérstaklega var til stofnað í því skyni að mæta þessum útgjöldum, en ég er því miður ekki bjartsýnn á, að þeir muni allir ná upphaflegum tilgangi sínum. Um þetta leyti var mjög uppi sú hugmynd að hækka benzínskattinn, bæði í framangreindu augnamiði og eins til þess að standa undir kostnaði við viðhald þjóðvega. Dróst það mál úr hömlu, þangað til nú fyrir fáum dögum, að lögin um hækkun á benzínskatti fengust samþykkt í þinginu, en þá var liðinn röskur þriðjungur ársins, og missist við það um 3 millj. kr. af þeim tekjum, sem ég taldi mig um áramót mega gera ráð fyrir, að fengjust á þennan hátt. Það er því alveg skiljanleg gagnrýni, sem fram kom við umræðurnar um það mál í efri deild Alþingis frá sjálfri stjórnarandstöðunni, þegar látin var í ljós undrun yfir því, að úr því að ríkisstj. teldi sér nauðsynlegt að fá þessa skattahækkun á benzíni til ríkisþarfa, þá væri það einkennilegt, að sú nauðsyn hefði ekki verið talin vera fyrir hendi fyrr á árinu.

Við 2. umr. fjárl. lagði fjvn. fram brtt. til lækkunar rekstrarútgjöldum um 6 millj. kr. og fékk þær samþ. að mestu leyti. Lækkanir n. voru gerðar að langmestu leyti á fjölmörgum liðum, sem í frv. eru áætlaðir af ráðuneytunum og byggðir eru á reynslu undanfarinna ára. Það virðist svo sem n. hljóti að hafa ætlazt til þess, að starfsfólki yrði fækkað eða dregið úr kostnaði að skaðlausu, en um það lá enginn ýtarlegur rökstuðningur fyrir frá n. hálfu. Það er því miklum vafa undirorpið, hvaða raunverulegar lækkanir ná fram að ganga samkv. samþykktum Alþingis.

Það er að vísu rétt, sem fjvn. heldur fram og allir taka undir með henni, að þenslan í rekstri ríkisins er orðin meiri en góðu hófi gegnir. En þegar kvartað er yfir kostnaði við ríkisbáknið, þá er vert að hafa það í huga, að þeim mun meiri opinberar ráðstafanir, sem ráðizt er í, því meiru þarf til að kosta til að framkvæma það, sem talið er nauðsynlegt að gera, og er þetta ekki sagt af því, að ég sé þeirrar skoðunar, að slík opinber afskipti séu alltaf nauðsynleg eða æskileg, heldur þvert á móti, en það er sagt vegna þess, að það þýðir ekki annað en að horfast í augu við staðreyndir. Við 2. umr. flutti fjvn. einnig stórkostlegar tillögur til hækkunar á útgjöldum, auk þeirra, sem dýrtíðarlögin sjálf kröfðust. Hennar hækkanir voru flestar til verklegra framkvæmda, þar á meðal til samgöngumála og raforkuframkvæmda, sem að vísu eru æskilegar, þegar hægt er með góðu móti að leggja í kostnað, sem af þeim leiðir, en þó gætu beðið, þegar eins stendur á með fjárhagslega getu ríkissjóðs og nú.

Ef til vill hefur það haft nokkur áhrif á niðurskurð n. á þeim útgjaldaliðum, sem ég minntist á áðan, að hún hafði stórhækkað ýmsa aðra

liði frv., enda varð niðurstaðan sú, að eftir atkvgr. við 2. umr. fjárl. hafði greiðsluhallinn hækkað úr 396 þús., eins og hann var í stjórnarfrv., upp í rúmar 30 millj., sem eðlilegt er að vísu, þegar þess er gætt, hvaða stefna varð ofan á varðandi tekjuöflun til að greiða fiskábyrgðina og dýrtíðarniðurgreiðslur. Þessi rúmlega 30 millj. króna greiðsluhalli, sem frv. sýndi eftir 2. umr., varð ekki óverulegri fyrir það, að ýmsar þær hækkanir, sem samþ. voru af útgjöldum varðandi rekstur, eins og áður segir, munu tæplega reynast raunhæfar nema að litlu leyti. Ég vil samt sem áður kannast við það, að þótt æskilegt hefði verið og sjálfsagt, að lækkanir varðandi reksturinn hefðu verið viðurkenndar af ráðherrum þeim, er fara með hins ýmsu rn., hverjum fyrir sig, og þannig fengist fyrirheit þeirra um að taka þær til greina innan takmarka hins mögulega, þá er sá ákveðni vilji, sem með þessum lækkunum virðist koma fram hjá fjvn., talsvert aðhald fyrir ríkisstj. í heild að gera sitt ýtrasta til þess, ef ekki á þessu ári, þá því næsta, að færa niður rekstrarútgjöld í rn. og ríkisstofnunum.

Ég hef leitazt við, bæði í viðræðum þeim, er ég hef átt við fjvn., og eins undir meðferð málsins á þingi við allar umr., að halda fast fram þeirri stefnu, er ég lýsti í öndverðu, sem sé að afgreiða fjárl. greiðsluhallalaus. Þótt slíkt hafi áður oft átt sér stað, og seinast á s. l. ári, að afgr. fjárl. með stórkostlegum greiðsluhalla, þá má um það segja, þó að það eigi ekki við s. l. ár, að það hafi verið hættuminna að gera slíkt, þegar vitað hefur verið, að tekjuáætlunin hefur verið það varlega gerð, að fyrir fram var vitað, að miklar umframtekjur mundu koma. Mér hefur ávallt verið ljóst, að nú væri allt öðruvísi ástatt. Hinir auknu skattar, sem svo mjög hafa verið gagnrýndir, hafa verið lagðir á, ekki af því, að ríkisstj. hafi haft neina ánægju af að gera það, heldur af illri nauðsyn. Ég hef viljað forðast að ganga lengra á þeirri braut en óhjákvæmilegt væri, en eina leiðin til þess að þurfa ekki að ganga hart að borgurum landsins í þessu skyni er sú, að gjöldunum sé stillt í hóf, en sé þeim það ekki, þá verður afleiðingin sú, að álögurnar verða að sama skapi úr hófi fram. Sá, sem ber ábyrgð á afgreiðslu fjárlaga, hlýtur að leggja á það höfuðáherzlu, að ekki sé til þess stofnað í upphafi, að stór mismunur verði ríkinu í óhag á útkomu hvers árs.

Með þeim samkomulagstillögum í ríkisstj. til hækkunar og lækkunar, áður en endanleg atkvgr. fór fram nú í 3. umr. fjárlaganna, var svo til ætlazt, að í stað greiðsluhallans yrði hagstæður greiðslujöfnuður um nokkur hundruð þúsund krónur. Með þetta fyrir augum gerði ég brtt. um hækkun á tekjuliðunum, þar sem teflt er út á yztu nöf, og má ekki út af bera í neinu.

Hækkunin á verðtolli og vörumagnstolli er gerð á þeim forsendum, að innflutningsáætlun sú, sem fjárhagsráð hefur gert fyrir þetta ár, verði framkvæmd að öllu leyti, og er miðað við hana sem lágmarksinnflutning. Tekjur af þessum innflutningsliðum hafa verið reiknaðar út af þeim mönnum, sem færastir eru í útreikningi tolltekna. Hækkunin á einkasöluvörum ríkisins er m. a. byggð á hækkuðu vöruverði bæði hjá áfengis- og tóbaksverzlun, benzínhækkunin á hinum nýju lögum varðandi benzínskattinn o. s. frv.

Mér var það ljóst, þegar ég lagði þessar brtt. fram, að þar er gengið á þunnum ís og getur breytzt mjög til hins verra, ef atvinnulíf þjóðarinnar af einhverjum orsökum verður fyrir því áfalli á þessu ári, að ekki sé næg gjaldeyrisöflun fyrir hendi til að standa undir innflutningi þeim, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Á fleira mætti benda, sem getur talizt veikt í þessum tillögum, þó að ég sleppi því nú.

Á s. l. ári var sá varnagli sleginn við afgreiðslu fjárlaganna, að fjmrh. fékk heimild til þess, ef nauðsyn bæri til, að draga 35% af útgjöldum, sem ekki ættu sér stoð í öðrum lögum en fjárlögum, og var sú heimild notuð á s. l. ári að töluverðu leyti, og létti það að sama skapi undir fyrir ríkissjóði.

Ég leitaði eftir því í ríkisstj. nú að fá sömu heimild í hendur, en fyrir það var þvertekið af einum samstarfsflokknum. Var talið, að ekki væri unnt að draga úr verklegum framkvæmdum, af því að svo langt væri liðið á árið, og þegar þannig var tekið í málið, að ekki gat náðst eining um þetta atriði, þá sá ég ekki til neins að fara að gera það að prætumáli á Alþingi. Ákvörðun um nokkurn samdrátt í þessu efni sökum fjárhagsörðugleika ríkissjóðs var tekin miklu síðar á árinu í fyrra. Ég tel því, að vel hefði mátt hafa þessa öryggisráðstöfun handbæra og að meðráðherrum mínum hefði verið óhætt að treysta því, að ég mundi ekki beita henni harkalega. Fyrir því tel ég, að þeir hafi fengið næga reynslu á s. l. ári, en þetta atriði verður enn til þess að gera fjárhagsafkomu þessa árs ótryggari en ástæða hefði verið til.

Áður en atkvgr. við 3. umr. frv. fór fram og ljóst var, hve miklar og háar brtt. einstakra þm. lágu fyrir, gerði ég ásamt tveim meðráðherrum mínum ýtarlegar ráðstafanir til þess að standa á móti því, að frv. yrði hrakið af þeirri leið, sem til var stefnt með samkomulagstilraunum ráðherra hinna þriggja flokka, eins úr hverjum flokki, og fyrir lágu í brtt. fjvn., sem hún flutti að beiðni ríkisstj. við 3. umr. málsins, en sú leið stefndi að því marki að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus. Árangurinn varð nú samt sem áður ekki betri en svo, að samþ. voru við 3. umr. nýjar hækkunartillögur einstakra þm. snertandi bein útgjöld um 800—900 þús. kr.

Þetta verð ég að játa að urðu mér mikil vonbrigði. Niðurstaðan varð því sú, að greiðsluhallinn reyndist um ½ millj. kr. í stað hagstæðs greiðslujafnaðar. Mér voru þetta meiri vonbrigði fyrir þá sök að ég tel, að stuðningsflokkar ríkisstj. hefðu mátt vita það, að það var ekkert síður allrar ríkisstj. vegna en sjálfs mín vegna, að ég barðist fyrir því að fá frv. afgr. án greiðsluhalla.

Við afgreiðslu fjárlagafrv. voru samþ. margir liðir á 22. gr., sem eru um heimildir til ým-

issa hluta, þar á meðal til þess að greiða fé beint úr ríkissjóði í ýmsu skyni. — Ég lýsti yfir því við 2. og 3. umr. málsins, að þótt slíkar heimildir yrðu samþ., teldi ég það ekki fært að inna slíkar heimildargreiðslur af hendi fyrr en séð yrði, að nægilegt fé yrði tiltækilegt til þess að standa undir greiðsluskyldum á rekstrargreinum fjárlaganna og á 20. gr. Þetta vil ég endurtaka nú. Og þar sem nú hefur af ástæðum, er ég greindi hér áður, fallið niður sú heimild, sem oft hefur áður verið í fjárlögum og ég núna taldi eins nauðsynlega og jafnvel nauðsynlegri en oft áður, sem sé það, að fjmrh. hafi vald til að draga úr útgjöldum, sem ekki eiga sér stoð í öðrum lögum en fjárlögum, þá verður það enn þá brýnna að umgangast allar heimildir til greiðslu á fé úr ríkissjóði með sérstakri varfærni.

Ég ætla, að það hafi þótt góð tíðindi öllu landsfólkinu, þegar forsrh. boðaði það í útvarpsræðu sinni í gærkvöld, að ríkisstj. hefði til athugunar að hætta skömmtun á kaffi, kornmat og benzíni. Þessari athugun verður vonandi hraðað, og erum við ráðherrar Sjálfstfl. þess mjög fýsandi og höfum lengi verið, að slakað yrði til á þessu sviði. Enn fremur er ástæða til að fagna því, sem forsrh. líka lagði áherzlu á, að á þessu ári yrði mun meiri áherzla lögð á innflutning á alls konar neyzluvarningi en áður hefur verið, og var það líka orð í tíma talað. Annars sýndu þær tölur, sem forsrh. nefndi, mjög greinilega, að því fer víðs fjarri, sem stjórnarandstæðingar hafa haldið fram, að núverandi ríkisstj. hafi dregið úr öflun hinna svokölluðu nýsköpunartækja. Það sanna er í málinu, að stj. hefur að mínu áliti dregið of mikið úr innflutningi almenns varnings, sem hvert heimili á landinu þarfnast, til þess að geta haldið við og jafnvel aukið innflutning nýsköpunartækjanna.

Á það hefur verið minnzt í þessum umræðum, að innflutnings- og gjaldeyrishöftin varðandi allan innflutning til landsins og gjaldeyri landsmanna hafi fyrst verið sett á 1934. Fram að þeim tíma var innflutningurinn að mestu leyti frjáls, og bar þá miklu minna á vöruskorti en oft hefur orðið síðan gjaldeyris- og innflutningshöftin voru sett.

Á það hefur verið bent við umræðurnar, að hér hafi nú myndazt hættulegt ástand í verzlunarmálunum, sem stendur í beinu sambandi við hinar ströngu innflutningshömlur og skömmtun, en það er svokallaður svartamarkaður. Ég tel þetta mjög alvarlegt og leitt á allan hátt og að eina leiðin til þess, að slíkir verzlunarhættir stöðvist, sé sú, að gefa innflutninginn svo frjálsan sem ástæður frekast leyfa á hverjum tíma. Um þetta hefur oft verið deilt og þeir, sem mest aðhyllast haftastefnu í innflutningsmálum, hafa getað bent á ýmsa agnúa á hinu frjálsara fyrirkomulagi, sem ég viðurkenni líka að því fylgja, t. d. hættan á að einstakir innflytjendur hlaði á sig gjaldeyrisskuldum, sem að síðustu verði að opinberri tilhlutun að leysa af hólmi. Þetta mun nú vera aðalhættan við frjálsari athafnir í innflutningsverzluninni, en hitt, sem nú er komið á daginn, svartamarkaðsbraskið, sem svo er nefnt, þrífst aðeins í skjóli innflutningshafta og strangrar skömmtunar. Mér virðist, þegar allir sjá þær afleiðingar hafta og skömmtunar, sem ég hef hér drepið á, þá sé það næsta furðuleg ráðstöfun til lagfæringar á ástandinu, þegar menn vilja lögfesta, að innflutningsheimild byggist á skömmtunarseðlunum, eins og fyrir liggur í frv. því frá framsóknarmönnum, sem nú er flutt á Alþingi. Þeir, sem ætla, að þarna sé leiðin út úr ógöngunum, ættu helzt ekki að kvarta yfir svartamarkaðsverzlun, því þá fyrst kæmist hún í algleyming, þegar hver maður gengi með innflutningsheimild upp á vasann, sem vel gæti orðið ein braskvaran til viðbótar á hinum svarta markaði.

Við þetta tækifæri, þegar um fjárhag ríkisins er að ræða, kemst ég ekki hjá að minnast á það, að einn stjórnmálaflokkurinn, Framsfl., hefur í aðalblaði sínu, Tímanum haldið uppi þrálátum ásökunum á mig og sakað mig alveg sérstaklega um það, hversu ástatt er nú um fjárhag ríkisins og afgreiðslu fjárlaga. Hámarki náði þessi áróður Tímans gegn mér eftir afgreiðslu fjárlagafrv. við 2. umr., er fram fór þann 12. apríl. Þann 14. apríl birtir Tíminn einn sinna alkunnu svartleiðara og „talar þar svart", svo að úr hófi keyrir. Er þar meðal annars fullyrt á tveimur stöðum að minnsta kosti, að fjmrh. hafi lagt fjárlagafrv. fyrir þingið með tugmilljóna greiðsluhalla og ekki bent á neina tekjuöflunarleið á móti. Hvað á nú svona ósannindavaðall að þýða? Frv. var lagt fyrir þingið með aðeins 396 þús. kr. greiðsluhalla, en ekki neinum tugmilljónahalla. Að sjálfsögðu var ekki í upphafi gert ráð fyrir allri þeirri upphæð, sem síðar reyndist nauðsynlegt að áætla til dýrtíðarráðstafana, því að aðstoðin til útvegsins var ákveðin síðar. Má einnig geta þess, að ég benti strax á leiðir til þess að létta þessum útgjöldum af ríkissjóði.

Það er á engan hátt ósk mín að hefja innbyrðis deilur um fjármálastjórnina milli stjórnarflokkanna, en ég vænti þess, að enginn lái mér það, þótt ég láti margendurteknar blekkingar Tímans ekki endalaust afskiptalausar. Veit ég að vísu, að árásir þessar munu ekki runnar undan rifjum ráðherra Framsfl., en allt fyrir það eru þær sízt til þess fallnar að styrkja stjórnarsamstarfið. Það ætti að vera hverjum manni augljóst, að í samsteypustjórn getur fjmrh. ekki nema að takmörkuðu leyti mótað fjármálastefnuna, því að hætt er við, að samstarfið færi fljótt út um þúfur, ef ráðherra eins samstarfsflokksins ætti að öllu leyti að ráða fjármálastjórninni. Það er því í mesta máta ómaklegt af aðalblaði Framsfl. að telja hið erfiða ástand í fjármálum ríkisins algerlega sök ráðherra Sjálfstfl. Er enda sennilegt, að blaðið vildi eigna sínum ráðherrum fyllilega bróðurpartinn af því, ef tækist að koma fjármálunum á öruggan grundvöll. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvaða eyðslu ráðherrar Framsfl. hafa beitt sér gegn, en fjmrh. viljað samþykkja, og hvaða sparnaðartillögur þeir

hafa komið með, en ég lagzt á móti? Ég segi þetta ekki í því skyni að bera neinar sakir á þessa samráðherra mína, en þetta er atriði, sem þjóðin á í rauninni kröfu til að fá að vita, vegna þeirra staðhæfinga Tímans, að öll vandræðin í fjármálastjórn ríkisins séu persónulega mín sök. Kann þó að vera, að þessa sé ekki þörf, því að öll þjóðin veit, hvern hug viss hluti Tímaliðsins ber til núverandi stjórnarsamstarfs og það jafnvel sinna eigin ráðherra í stjórninni, og mun því meta sannleiksgildi Tímaskrifanna í samræmi við það.

Þegar litið er á hinar hatrömmu árásir kommúnista á ríkisstj. fyrir aukin útgjöld ríkissjóðs og nýjar álögur á þjóðina til að mæta hinum auknu útgjöldum, mætti ætla, að þeir hefðu gert víðtækar tillögur um lækkun útgjaldanna, til þess þannig að koma í veg fyrir auknar skattaálögur. En það er nú eitthvað annað. Við 2. umr. fjárlaganna nú báru kommúnistar einir fram hækkunartillögur við fjárlagafrv., sem námu samtals 21.4 millj. kr., og við 3. umr. lögðu þeir fram till. um 19.2 millj. kr. útgjaldahækkun. Auk þessa voru þeir meðflm. margra tillagna annarra um aukin útgjöld. Hitt láðist kommúnistum aftur á móti, að benda á leiðir til þess að afla þessara milljónatuga, en torvelt er að sjá, hversu hefði átt að fá þetta fé nema með enn auknum álögum á þjóðina, því að ekki báru kommúnistar fram neinar tillögur til sparnaðar á öðrum liðum fjárlagafrv. En þetta hátterni kommúnista er í fullu samræmi við ábyrgðarleysi þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1948. Þá vildu þeir hafa útgjaldahlið fjárlaganna 20 millj. kr. hærri en hún að lokum var ákveðin og réðust með sama offorsi á ríkisstj. fyrir há ríkisútgjöld og auknar álögur á þjóðina.

Hefðu kommúnistar komið fram vilja sínum, hefði útgjaldahlið fjárlaganna þessi 2 ár orðið samtals um 40—50 millj. kr. hærri. Hver heilvita maður hlýtur að sjá, að slíkt hefði þýtt stórauknar álögur á þjóðina frá því, sem nú er, og mun þó flestum þykjaærið nóg. Þegar þetta framferði kommúnista er haft í huga, er dálítið kaldhæðnislegt að lesa stóryrtar fyrirsagnir Þjóðviljans um það, að ríkisstj. ætli að auka álögur á þjóðina um 35—40 millj. kr., því að þetta er einmitt það, sem þeir sjálfir vildu, og meira en það, því að samþykkt tillagna þeirra til hækkunar nú í ár hefði ekki aðeins gert óumflýjanlegt að auka álögurnar um 40, heldur 60 millj. kr. Raunar hefði þó þessi upphæð getað orðið mun hærri, því að bæði nú og í fyrra greiddu kommúnistar atkvæði með svo að segja hverri einustu brtt. við fjárlögin, sem stefndi að auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Þjóðviljinn prentar í dag með feitustu fyrirsögnum sínum þá fregn, að Dagsbrún hafi sagt upp samningum. Þeim þykir þar hvalur rekinn á sínar fjörur. Sérhvert verkfall er þeim feginsefni. Stöðvun atvinnulífsins, þrot þjóðarbúsins, atvinnuleysi og fátækt, það er þeirra draumur og á að varða veg þeirra inn í hið fyrirheitna land, ríki öreiga, sem stjórnað sé af einræði kommúnista. Hingað til höfum við ekki búið við atvinnuleysi síðan fyrir stríð.

Ríkisstj. og atvinnurekendur hafa verið samtaka í því að bægja atvinnuleysi frá, og maður mætti ætla, að verkamenn og konur sæju sinn hag í því að stuðla að því af sínu leyti, að truflanir atvinnulífsins yrðu sem minnstar. Verkföll og vinnustöðvanir eru alltaf til stórtjóns fyrir framleiðslustörf þjóðarinnar, en framleiðslan er undirstaðan að kaupum lífsnauðsynja og velmegun allri. Fallandi verðlag er á heimsmarkaðinum á ýmsum framleiðsluvörum Íslendinga. Afkoma þjóðarinnar hvílir þess vegna ekki á traustum grundvelli hvað snertir afurðasölu vora utanlands. Tilkostnaður framleiðslunnar innanlands er geysihár, og má það sízt breytast til hins verra. Umfram allt er þessari þjóð það nauðsyn, að atvinnulíf hennar gangi skrykkjalaust að svo miklu leyti sem mennirnir fá við ráðið. Við höfum nóga erfiðleika samt, svo mjög sem framleiðslan er háð tíðarfarinu, samkeppni á hinum erlenda markaði og verðlagsbreytingum, sem við höfum ekki vald á.

Þetta allt ætti að vera okkur nægileg áminning um að meta starfsfrið meir en vinnudeilur. Enginn má sköpum renna. Íslendingum verður oft vandratað meðalhófið. Á Sturlungaöld missti þjóðin sjálfstæði sitt vegna átakanna um völdin meðal höfðingja landsins. Þjóðin hefur nú öðlazt pólitískt sjálfstæði, en hún á það á hættu að missa fjárhagslegt sjálfstæði sitt, ef atvinnustöðvun, verkföll og deilur verða hér ríkjandi. Við það fer meira verðmæti forgörðum en þjóðin hefur efni á að missa, því að nú þarf hver sú þjóð, sem ekki vill verða á eftir í samkeppninni, að stunda vinnu sína í friði, svo að hagur almennings blómgist og þjóðfélagið dafni.

Steingrímur Aðalsteinsson: Þegar rætt er um störf og stefnu hæstv. núverandi ríkisstj., má ekki gleyma því, að þetta er alþýðuflokksstjórn — fyrsta stj. Alþfl. á Íslandi. Að vísu er hér um sambræðslustjórn að ræða, en það verður ekki af henni skafið, að hún er mynduð fyrir forgöngu Alþfl. og undir forsæti hins mikla formanns þess flokks. Formlega séð er það því Alþfl., sem hefur forustuna í þessu stjórnarsamstarfi og ætti þess vegna að ráða mestu um stjórnarstefnuna. — Þessu mega launastéttirnar ekki gleyma, heldur hafa hliðsjón af því, þegar þær meta störf og stefnu þessarar stj. og marka afstöðu sína til hennar.

Það er líka svo, að ekki vantaði alþýðuflokksbragðið af ýmsum stefnuskrárloforðum stj., þegar hún tók við völdum. — Ég hef ekki tíma til að rekja alla stefnuskrána, en verð að láta mér nægja að nefna nokkur dæmi.

Eins og vænta mátti ætlaði þessi ríkisstj. Alþfl. að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og áframhaldandi velmegun. Það átti að tryggja öllum vinnandi mönnum „réttlátar tekjur". Það átti að tryggja öllum verkfærum mönnum næga og örugga atvinnu. Það átti að berjast í líf og blóð gegn dýrtíðinni og tryggja fólkinu ódýrar neyzluvörur og framleiðendum ódýrar rekstrarvörur með því að

láta aðeins þá innflytjendur fá innflutningsleyfi, sem bezt og hagkvæmust innkaup gerðu, — og með því að skipuleggja svo hagkvæma og ódýra vörudreifingu innanlands sem frekast er unnt.

Hin fögru loforð voru miklu fleiri en þetta. En því miður hefur einnig orðið alþýðuflokksbragð af efndunum, það gamalkunna bragð þessa flokks að svíkja flest sín veigamestu loforð við alþýðu þessa lands.

Hvernig hefur ríkisstj. Alþfl. farið að því að tryggja landsmönnum góð og örugg lífskjör og áframhaldandi velmegun?

Með því t. d. að halda aldrei svo heilög jól, að hún hefði ekki fyrst lagt nokkra tugi milljóna króna í tollum og sköttum á landslýðinn. Eitt af hennar fyrstu verkum var að hækka allan vörumagnstoll um hvorki meira né minna en 200% — og allan verðtoll um 65%. Gjald af innlendum tollvörutegundum hefur ríkisstj. látið hækka tvisvar til þrisvar á hverju þingi. Þannig er t. d tollur af hverju kílói af suðusúkkulaði kominn upp í kr. 5,78. Til þess að auka á þægindi húsmæðranna — og þar með á öryggi heimilanna — hefur þessi ríkisstj. lagt sérstakan og þungan skatt á innflutning heimilisvéla. Fyrir hvers konar rafmagnstæki til heimilisnota, önnur en eldavélar og þvottavélar, þarf þannig að greiða fyrir innflutningsleyfið upphæð, sem er jafnhá kaupverði vörunnar. Af leyfum fyrir þvottavélum þarf að greiða sem svarar helmingi kaupverðs þeirra. Söluskatt hefur ríkisstj. látið setja á allar vörur og hvers konar þjónustu — og hækkar þennan skatt ár frá ári. Hina bráðnauðsynlegu vöru, benzínið, hefur ríkisstj. sett í flokk með brennivíni og tóbaki, sem eins og kunnugt er eru ásamt tollunum aðaltekjustofnar ríkisins — og stöðugt vaxandi, með sífellt hækkuðu verði á þessum vörum. — Í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. hefur aðflutningsgjald á benzíni hækkað um hvorki meira né minna en 46,2 aura á hvern lítra, og er nú komið upp í 64,2 aura á lítra. Reiknað er með, að benzínnotkun — önnur en flugvélabenzín — nemi 40 millj. lítrum á ári, og verða þá árlegar tekjur ríkisins þar af tæpar 26 millj. kr., en það er um leið sú upphæð, sem með þessum hætti er tekin, að sumu leyti beint af þeim, sem benzínið nota á farartæki sín og vélar, en að hinu leytinu að krókaleiðum af almenningi með hækkuðum flutningsgjöldum.

Álögur hæstv. núverandi ríkisstj. á almenning eru óteljandi, — og skal ég ekki þreyta hv. hlustendur með frekari upptalningu. En þær álögur, sem henni með þessum hætti hefur tekizt að leggja á landslýðinn, nema nú orðið mikið á annað hundrað milljóna króna á ári. Mun tæplega þurfa að segja alþýðu manna, hversu mikið öryggi í þessu felst um áframhaldandi velmegun hennar. — Það mun alþýðan bezt finna sjálf í daglegu lífi sínu.

En hvað hefur fyrsta stj. Alþfl. á Íslandi gert til þess að tryggja öllum vinnandi mönnum „réttlátar tekjur"?

Því er fljótsvarað: Jafnframt því sem allar meginaðgerðir hennar hafa miðað að því að stórauka dýrtíðina í landinu, þannig að rétt reiknuð vísitala væri — samkv. áliti viðurkenndra hagfræðinga — nokkuð á fimmta hundrað stig, hefur hún lögbundið kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig og þannig brotið löglega gerða kaupgjaldssamninga verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur og svipt vinnandi menn og konur meira en fjórða hluta þeirra atvinnutekna, sem þeim að réttu lagi bæri samkv. kjarasamningum sínum.

Til viðbótar þessu hefur svo hæstv. ríkisstj. nú allra síðustu dagana gefið út löggiltan mælikvarða á það, hvað teljast skuli „réttlátar tekjur" vinnandi fólks. — Þetta hefur hún gert í sambandi við afnám kjötuppbótarinnar, en það er nú ein tekjuöflunarleið hv. ríkisstj. að fella niður sem næst helmingi þeirrar kjötuppbótar, sem mönnum hefur verið greidd undanfarið. Í rökstuðningi sínum fyrir þessu fangaráði heldur ríkisstj. því fram, að samkv. þessari lagasetningu hennar verði kjötuppbótin tekin aðeins af þeim, sem hafa það háar tekjur, að þeir séu aflögufærir. Hinir, sem aðeins hafa „réttlátar tekjur", eiga aftur á móti að halda sinni kjötuppbót. — Já, svo er nú það!

En hverjir eru þessir réttlátu?

Jú, sjáum nú til: Einstaklingur, sem ekki hefur hærri tekjur en 7087 kr. á ári, fær að halda sinni kjötuppbót. Að kjötuppbótinni meðtalinni verða þá árstekjur hans 7300 kr. Það er — samkv. hinum löggilta mælikvarða fyrstu ríkisstj. Alþfl. á Íslandi — „réttlátar tekjur" handa vinnandi einstakling. 608 kr. á mánuði er réttlátt að einhleypur maður, karl eða kona hafi fyrir öllum lífsþörfum sínum: fæði, fatnaði, húsaleigu o. s. frv.

Þegar litið er á þennan mælikvarða hæstv. ríkisstj., er sannarlega ekki að undra, þótt hæstv. forsrh., formaður Alþfl., hafi tekið þunglega kröfum opinberra starfsmanna um 15% launahækkun og talið hana til þess eins fallna að æsa vinnandi fólk upp til þess að gera kröfur um kaup, sem engan veginn samrýmist þessum hugmyndum hæstv. ríkisstj. um „réttlátar tekjur" vinnandi fólks. Og í fullu samræmi við þessar skoðanir flokksformannsins er það, að nú við afgreiðslu fjárlaganna greiddi enginn þm. Alþfl. atkv. með till., sem form. Sósfl. flutti um það að greiða opinberum starfsmönnum 25% uppbót á laun þeirra. Hitt á svo eftir að sýna sig, hvort opinberir starfsmenn og önnur alþýða þessa lands taka gildan mælikvarða hæstv. ríkisstj. um það, hvað sé réttlæti í þessu efni. Hinar almennu uppsagnir verkalýðsfélaganna á kjarasamningum sínum benda til, að svo muni ekki verða.

Svo átti að tryggja öllum verkfærum mönnum næga og örugga atvinnu. — Hvernig hefur það verið gert?

Þannig t. d., að verulegur hluti iðnaðarins hefur verið stöðvaður eða stórlega dregið úr framleiðslugetu hans vegna vöntunar á efnisvörum, sem í ýmsum tilfellum hefur stafað meira af slóðaskap skriffinnskubáknsins í stjórn innflutningsmálanna heldur en af skorti á gjaldeyri. Húsbyggingar hafa að miklu leyti verið stöðvaðar, með neitun um fjárfestingarleyfi og

innflutning byggingarefnis. Nýsköpunin frá stjórnarþátttökutímabili Sósfl. hefur verið stöðvuð. Meira að segja nýsköpunartogararnir voru bundnir við landfestar hálfan annan mánuð, þann hluta þessa árs, sem mest hagnaðarvon var af útgerð þeirra.

Þannig er atvinnuöryggið í tíð hæstv. núverandi ríkisstj., enda hefur atvinnuleysið — mesti óvinur hins vinnandi manns — á ný hafið innreið sína.

Loks er baráttan gegn dýrtíðinni, sem vera skyldi höfuðverkefni þessarar hæstv. ríkisstj.

Ég hef áður minnzt á tekjuöflunarleiðir hæstv. ríkisstj., sem allar eru á þann veg að leggja tolla með einum eða öðrum hætti á notavörur almennings í landinu. Með þessum hætti hefur hæstv. ríkisstj. lagt á almenning viðbótarbyrði, sem nemur mikið á annað hundrað milljóna króna á ári — eins og fyrr er sagt. Þessar álögur koma fram í hækkuðu verði á alls konar neyzlu- og notavörum fólksins. — Skal ég nefna aðeins nokkur dæmi um slíka hækkun á vöruverði:

1. Fatnaður alls konar er mjög útgjaldafrekur liður hjá fólki. En um þverbak keyrir nú í þessu efni, því að hinar nýju tollaálögur núverandi hæstv. ríkisstj. nema ekki minna en 642 kr. á einn — ytri og innri — alfatnað karlmanns, — og annar fatnaður auðvitað eftir því. Til samanburðar þessu vil ég aðeins minna á, að þetta er hærri upphæð en hæstv. ríkisstj. samkv. áður sögðu telur „réttlátt", að einstaklingar hafi sem tekjur á mánuði.
2. Kjöt hefur í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. hækkað um allt að 20%.
3. Aðrar landbúnaðarvörur hafa hækkað um 7—40%.
4. Fiskur og fiskmeti hefur hækkað um 10—30%.
5. Kornvara hefur hækkað um 10—30%.
6. Kaffi, sykur, sítrónur, saft og smjörlíki hafa hækkað um 10—50%.

Fjöldi annarra vara hefur þó hækkað miklu meira. Þannig má t. d. nefna, að þegar hæstv. fjmrh. nýlega leitaði eftir samþykki Alþingis til þess að hækka verð á tóbaki — svo að verðhækkun t. d. á sígarettum er orðin 60% í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., — þá rökstuddi hann beiðni sína með því, að þessi verðhækkun væri til samræmis við hina almennu vöruverðshækkun í landinu. — Það er dómur hæstv. ríkisstj. sjálfrar um árangurinn af baráttu hennar gegn dýrtíðinni.

Þegar svo til viðbótar við þessar miklu verðhækkanir á öllum helztu neyzlu- og notavörum almennings bætist, að með festingu vísitölunnar eru allir launþegar rændir stórum hluta tekna sinna, verður augljóst, hversu kaupmáttur launafólksins hefur minnkað, hversu dýrtíðin hefur vaxið, hversu lífskjör almennings í landinu hafa stórversnað.

Ég hef hér að framan einkum beint orðum mínum að Alþfl. sem stjórnarforustuflokki — hef nefnt nokkur dæmi um hin fögru loforð hans við stjórnarmyndunina og sýnt fram á, hvernig efndirnar hafa orðið. En Alþfl. er svo sem ekki eini „vinstri" flokkurinn í ríkisstj. — Önei. Framsfl. á þar líka sæti. Og það, sem vert er að muna: Samkvæmt margendurteknum yfirlýsingum forustumanna Framsfl. tók hann sæti í ríkisstj. í alveg sérstökum tilgangi, þ. e. til þess að kveða niður verðbólguna og til að koma góðu lagi á verzlunarmálin.

Flestum mun í fersku minni hið sífellda raus Framsóknar um verðbólguna og verzlunarólagið, á meðan sá flokkur var í stjórnarandstöðu. Hinn 7. des. 1946 skrifar Eysteinn Jónsson enn um þessi mál í Tímann, en þá stóðu sem hæst tilraunir flokkanna til nýrrar stjórnarmyndunar, eftir að nýsköpunarstjórnin hafði sagt af sér. Þar segir hann, meðal annars:

„Stefna framsóknarmanna er óbreytt í þessum málum, eða sú að minnka verðbólguna og tryggja það, að útflutningsatvinnuvegirnir verði reknir á arðbærum grundvelli. .... Fyrir þessari stefnu hefur Framsfl. barizt — og heldur kosið að vera í stjórnarandstöðu en að víkja frá henni. Fyrir þessari stefnu mun hann berjast og ekki taka þátt í neinu stjórnarsamstarfi, er ekki tekur tillit til hennar."

Svo var hæstv. núverandi ríkisstj. mynduð, — og Eysteinn Jónsson, núverandi hæstv. menntmrh., *tók sæti í henni sem aðalfulltrúi* Framsfl. og með sínum margtuggnu fyrirheitum um að stöðva dýrtíðina og stefna að lækkun hennar og að koma lagi á verzlunarmálin.

Hvernig hefur Eysteinn Jónsson, hæstv. menntmrh., og flokkur hans staðið í stykkinu um þessi mál? Þannig, að dýrtíðin hefur stórum vaxið síðan hann kom í stj., eins og ég áður nefndi glögg dæmi um. Og aldrei hefur verið slíkt öngþveiti og siðleysi í verzlunarmálunum sem einmitt nú: Meiri eða minni þurrð er á flestum nauðsynjavarningi, en okurverð á því, sem fæst. Almenningi er gert ókleift að skipta, nema mjög takmarkað, við sín eigin verzlunarfélög — vegna þess að nokkrir stórauðugir sérréttindamenn eru látnir gúkna yfir innflutningi varanna. Fyrir leyfi til þess að fá sér nauðsynleg heimilistæki verða menn að borga allt að því jafnmikið verð eins og viðkomandi tæki kosta. Svartur markaður blómgast, og biðraðir við verzlanir og bakdyrapukur er daglegt brauð.

Finnst ekki ykkur, framsóknarmönnum, að þetta sé bara glæsilegur árangur af því að senda Eystein Jónsson, hæstv. menntmrh., inn í ríkisstj. — til þess að kveða niður verðbólguna og koma lagi á verzlunarmálin!

En ef þið berið brigður á mín ummæli í þessu efni, þá vil ég leyfa mér að vísa ykkur á orð ykkar eigin flokksmanna í greinum hans í Tímanum 3. og 4. maí s. l. Á þeim takið þið væntanlega meira mark. En þar fer hann ómjúkum orðum um „brigð núverandi ríkisstjórnar", í þessum efnum — og talar m. a. um „verzlunarkerfi .... með okri og svörtum markaði og slíku, sem ihaldið heimtar sem skilyrði þess, að Alþfl. fái að hafa „forustu" í ríkisstj. Skopast hann síðan, sem vonlegt er, að 1. maí-kröfum Alþfl. um lækkun dýrtíðar og heilbrigða verzlun. En ég spyr: Er Framsfl. minna skoplegur í þessum efnum? Er þetta ekki þriðja

árið, sem málamyndatillögur þeirra til úrbóta í verzlunarmálunum reika milli Heródesar og Pílatusar? Hafa ekki viðskiptastofnanir núverandi hæstv. ríkisstj., ráðin, sem kosta aðeins litlar 4 millj. kr. á ári, og eingöngu eru skipuð fylgismönnum ríkisstj. — haft þessar till. að leiksoppi allan tímann, — samþ. þær í einu ráðinu til þess að fella þær í öðru. Jafnvel sjálf ríkisstj. hefur tekið beinan þátt í þessum kynduga leik. Og samt sitja þeir, sælir með sig, Eysteinn og Bjarni! Síðast í dag felldi stjórnarliðið hér á Alþingi tillögur Framsfl. í verzlunarmálunum, — og við skulum sjá, hvort ráðherrar Framsfl. sitja ekki jafnrólegir fyrir því.

Það er víst liðin sú tíð, að Eysteinn kjósi heldur að vera í stjórnarandstöðu en að víkja frá yfirlýstri stefnu flokks síns í dýrtíðar- og verzlunarmálum.

Svo má ekki gleyma garminum honum Katli — Sjálfstfl., sem lætzt vera hjú á stjórnarheimili Stefáns hins digra, en ræður í raun og veru öllu, sem máli skiptir í stjórnarathöfnum.

Það var sú tíð, að Sjálfstfl. kenndi sig við nýsköpun atvinnulífsins — og þótti, sem vonlegt var, heiður að því. Þetta var á þeim einu árum, sem Sósfl. tók þátt í ríkisstj. og rak Sjálfstfl. áfram til byltingakenndar umsköpunar í atvinnulífi okkar Íslendinga. Þetta var tímabilið, sem hæstv. atvmrh., Bjarna Ásgeirssyni, fannst, að „fjandinn sæti hér flötum beinum" — eins og hann orðaði það svo smekklega hér í útvarpinu áðan. Með því hefur hann enn einu sinni lýst afstöðu Framsfl. til nýsköpunarinnar. Nú hefur Sjálfstfl. auðsveipari menn við hlið sér í ráðherrastólunum — og nærsýnni og niðurlútari flokka að styðjast við, enda er hann nú hættur við alla nýsköpun.

Nei, þó ekki alveg alla. — Ein er sú nýsköpun, sem Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. og hann mun hljóta verðugan heiður fyrir. Það er síldarbræðsluskipið Hæringur, sem hæstv. forsrh. var að guma af hér í útvarpinu í gærkvöld, það eldgamla hró, sem Marshall var svo vingjarnlegur að lána hæstv. ríkisstj. aura fyrir og er þann veg skapað, að engir munu framar hætta á að sigla því landa á milli — jafnvel naumast hafna á milli, enda hefur sá kostur verið tekinn að fela þetta nýsköpunarskip núverandi hæstv. ríkisstj. umsjá „kammerherra" Sjálfstfl., sem hefur látið binda það sem fastast við hafnargarð hér í höfuðborginni — og kostar til þess, eftir því sem fróðir menn herma, aðeins eitt hundrað þúsund kr. á mánuði, en ferlíkið liggur þarna án verkefnis mánuð eftir mánuð, vegfarendum til athlægis, en reviuhöfundum hentugt yrkisefni. Þetta skip — Hæringur — er tákn þeirrar þróunar, sem núverandi hæstv. ríkisstj. vinnur að í atvinnulífi þjóðarinnar.

En þótt Sjálfstfl. hafi snúið baki við nýsköpuninni, nýtur þjóðin enn þá ávaxtanna af henni. — Samkvæmt útreikningi Landssambands ísl. útvegsmanna eru framleiðsluafköst hinna 30 nýsköpunartogara jafnmikil og 120 togara af þeirri gerð, sem við áður áttum. Af þeim ca. 100 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, sem fengust fyrir Hvalfjarðarsíldina veturinn 1947—48, var helmingurinn fyrir veiði nýju vélskipanna, sem nú prýða flotann í hverri veiðistöð og skara fram úr um aflabrögð. Það er áreiðanlega ekki ofmælt, þótt sagt sé, að gjaldeyristekjur okkar væru nú helmingi minni en þær eru, ef þessi nýsköpun hefði ekki orðið. Og hvar hefði hæstv. núverandi ríkisstj. staðið með öll sín stjórnleysisvinnubrögð, fjársukk og skriffinnskufargan, ef nýsköpunin hefði ekki verið henni slík mjólkurkýr sem raun ber vitni?

Samt kvartar hæstv. ríkisstj. alltaf um gjaldeyrishungur. Þrátt fyrir langtum hærri gjaldeyristekjur en þessi þjóð hefur nokkurn tíma áður haft, hefur hæstv. ríkisstj. tekið sér betlistafinn í hönd og sér nú þann möguleika einan til að hanga hér við völd að skríða að fótum bandarískra auðvaldsins, betla þar um dollara til hvers, sem gera skal, en farga í staðinn helgum landsréttindum vorum og sjálfsforræði um fjármál þjóðarinnar.

Það er flokkurinn, sem kallar sig „Sjálfstæðis"-flokk, sem markar þessa stefnu í utanríkismálunum. En stefnan er dyggilega studd af Alþfl. og Framsfl. Það var ekki Bjarni einn, sem flaug til Achesons, heldur voru þeir Emil og Eysteinn í fylgd með honum. — Samábyrgðin á svikráðunum við þjóðina er það bindiefni, sem landsölustjórnin hangir á.

En slíkri stjórn verður að hrinda frá völdum. Ef hún fær að sitja, eru árangrarnir af nýsköpuninni í veði. Velmegun fólksins er í veði. Heiður og frelsi þjóðarinnar er í veði.

Formaður Framsfl. hefur undanfarið talað digurbarkalega um það, að fella þyrfti þessa ríkisstj., sem öllu sé að sigla í strand, og hendir gaman eitt að grundvallarkröfum Framsfl. í dýrtíðar- og verzlunarmálunum. En hann segir, að það strandi á Alþfl., og lýsir því réttilega, hvernig ráðherrar þess flokks standa vörð um „Heiðnaberg", þ. e. hagsmuni milljónamæringanna og flokks þeirra — Sjálfstfl. Með skáldlegum líkingum orðar hann þetta þannig, að fyrir „Heiðnabergi" milljónamæringanna sé járnhurð Sjálfstfl., en Alþfl. sé slagbrandurinn fyrir þeirri hurð.

Þetta er hnittin lýsing á hinni algeru þjónustu Alþfl. við íhaldið. — En formaður Framsfl. gleymir einu. Þótt undarlegt sé, gleymir hann því, að Framsfl. er innan dyra á stjórnarheimilinu, að það er enginn annar en formaður þingflokks Framsóknar, Eysteinn Jónsson, sem heldur um slagbrandinn — og getur dregið hann frá dyrum „Heiðnabergs", hvenær sem hann vill!

Hvers vegna gerir hann það ekki? Vegna þess að lýsing Hermanns Jónassonar á þjónustu Alþfl. við íhaldið gildir á nákvæmlega sama hátt um Eystein og stuðningsmenn hans í Framsfl. Þátttaka þeirra í ríkisstj. er orðin þjónusta við íhaldið. Úr þeirri þjónustu mun Eysteinn Jónsson ekki ganga — fremur en að Alþfl. segi upp vistinni — fyrr en kjósendur þessara flokka taka í taumana og neita að veita þeim áfram umboð til slíkrar þjónustu við höfuðóvin allrar alþýðu þessa lands.

Þetta verða kjósendur að muna við næstu

kosningar til Alþingis, hvenær sem þær verða.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil taka hér lítillega til athugunar nokkur atriði úr ræðu hv. 8. landsk. þm., Ásmundar Sigurðssonar, hér í gærkvöld. Þar kennir margra grasa og allra með sama umskiptingssvipnum, eins og við mátti búast. Þm. fór að grobba yfir afskiptum þeirra kommúnista af landbúnaðarmálum og einkum afskiptum þeirra af launalöggjöfinni — stórhug þeirra og framsýni. En sannleikurinn var sá, að lögin um landnámssjóðinn og byggingarsjóðinn, sem hann hældi sér af að eiga þátt í, voru frá hans hendi lítið annað en dauður bókstafur, því að hann hafði með öllu vanrækt að afla þeim nokkurs fjár. Það kom á bak núverandi stj. að uppfylla þau fyrirheit af fátækt þeirri, er henni var eftir skilin. Og má segja, að þar mátti ekki tæpara standa, að ekki reyndust allar leiðir lokaðar.

Út af ósannindum hans um það, að landnámssjóður hafi verið skertur um eina milljón frá því, sem áskilið var, skal það upplýst, að hér var aðeins um frestun að ræða, en ekki afnám, og einungis vegna þess, að sjóðurinn var það vel stæður, að sýnt var, að það á engan hátt hamlaði fullri fyrirhugaðri starfsemi hans, þó að frestun þessarar einu greiðslu væri heimiluð. Og út af rógi þessa sama þm. hér í gær um, að ríkið hefði svikið lögmætar greiðslur til Búnaðarbankans á þessu ári, er rétt að geta þess, að þetta eru staðleysu stafir. — Lögin segja það eitt, að greiðslur þessar skuli fara fram á árinu 1949, og um svik væri ekki að ræða í þessum efnum fyrr en árið er liðið. Hins vegar er það svo, að þannig hefur samizt við fjmrh. undanfarið, að greiðslur þessar færu fram í jöfnum upphæðum mánaðarlega allt árið. Hitt er svo, að fjmrh. hefur í ár veigrað sér við greiðslum þessum, á meðan ekki var búið að ganga frá fjárlögum og tryggja þar fullnægjandi tekjur — og má hver lá það sem vill. En um svik í greiðslum þessum er með öllu ástæðulaust að tala. Annars vil ég geta þess í sambandi við gum þessa þm. um stórhug hans og flokksbræðra hans í framlögum til lánsstofnana landbúnaðarins, að það er stórt vafamál, að hin árlegu framlög, sem nú eru lögboðin — sem síður en svo er þessum herrum að þakka — nægi til meiri árlegra framkvæmda en þau framlög, sem Framsfl. kom í lög, nægðu þá. Svo greinilega hefur verðbólgan, sem hann og hans flokkur á sannarlega sinn hlut í, rýrt þessi framlög í reyndinni.

Þá var sami þm. að fjargviðrast út af því, hve Búnaðarbankinn væri fjárvana, borið saman við þarfirnar. Þetta er að vísu alveg rétt. En það er heldur seint fyrir þann herra að fella yfir þessu krókódílstár nú, þegar hvergi er fé að fá, úr því að hann mundi ekki eftir að bæta úr þessu á meðan hans var mátturinn og dýrðin og flokkur hans hafði aðstöðu til að ausa út fé á báðar hendur. Þá var þm. að ásaka ríkisstj. fyrir það, að ekki skuli hafa verið leitað eftir skuldabréfaláni fyrir Búnaðarbankann. Ég held, að það sé rétt að upplýsa þm. um það, að stjórn bankans hefur heimild í lögum til að afla honum fjár með skuldabréfalánum. Og ég veit ekki betur en að þeir kommúnistar hafi nú um nokkurra ára skeið haft fulltrúa í bankaráðinu og hefði því verið innan handar að leita fyrir sér um þetta þar. En þetta hefur víst gleymzt eins og fleira. Það skyldi nú ekki fara svo, að sá fulltrúi yfirgæfi þessa virðulegu stofnun áður en hann kæmi þessu heillaráði þm. í framkvæmd?

Þá varð þm. að sjálfsögðu að koma inn á hið svokallaða Kaldaðarnesmál, sem ýmsir vinir mínir hafa verið að reyna að gera að stórpólitísku æsingamáli. Ég skal ekki fara langt út í að ræða það hér, enda liggur nú fyrir í þinginu ýtarlegt nál. frá meiri hl. allshn. Sþ. um málið, er þeir, sem áhuga hafa á því, geta kynnt sér. Meiri hluti þessi, sem samanstendur af mönnum úr þremur þingfl., hefur hins vegar ekki fallizt á þær ásakanir, sem á okkur ráðh. hafa verið bornar út af málinu. Það, sem þar er upplýst, er í höfuðatriðum þetta:

Tilraunir þær, sem gerðar höfðu verið með hælið í Kaldaðarnesi, kostuðu ríkið of fjár í árlegum rekstri, en höfðu hins vegar lítinn árangur borið, — og hafði þessi staður verið dæmdur óheppilegur til slíkrar starfsemi af þeim sérfræðingum, er hælinu stýrðu.

Það var óumflýjanlegt að losa Skálholt úr ábúð, ef lögin um bændaskólann þar áttu að verða meira en pappírsgagn, — en brennandi áhugi er fyrir því um allt Suðurlandsundirlendi, að svo verði. Jörundur Brynjólfsson hafði þarna lífstíðarábúð, sem ekki varð af honum tekin, nema fullar bætur kæmu fyrir.

Eftir að Jörundur Brynjólfsson hafði fengið ábúð á Kaldaðarnesi, var honum seld jörðin, eins og gert er ráð fyrir í lögum um ábúendur á jarðeignum ríkisins. Jörðin var seld honum með því skilyrði, að hann gerði hana að ættaróðali skv. l. um þau. Því fylgja þær kvaðir, að eigandi má hvorki leigja jörðina á frjálsan hátt né selja, en þegar hann lætur hana af hendi, skal hún afhent ríkinu gegn fasteignamatsverði. Lögin gera ráð fyrir því, að þegar ríkið selur jarðir á óðalsrétt, skuli þær seldar við fasteignamatsverði. Við söluna til Jörundar fór samt fram sérstakt mat, framkvæmt af dómkvöddum mönnum, hinum sömu og mátu eignir hans í Skálholti, er skólinn keypti. Niðurstaðan varð sú, að land býlisins var metið með næstum þreföldu fasteignamatsverði og húsin 6—8-földu. Heildarverð eignarinnar varð því hátt á fjórða hundrað þúsund.

Ég læt þessa punkta nægja hér, en vil bæta því við frá sjálfum mér, að stórkostlega hafi verið gengið á hagsmuni ábúandans í Skálholti, þegar hann varð að sleppa ábúðarréttinum þar með þeim miklu verðmætum, sem í þeirri jörð eru fólgin, m. a. ótæmandi jarðhita, enda þótt hann fengi annað gamalt höfuðból til ábúðar í staðinn, eins og ástand þess er nú hörmulegt orðið af völdum herjanna, er þar höfðu aðsetur árum saman.

Þá hætti hv. þm. sér út á þá hálu braut að fara að minnast á stjórn mína á Landssmiðjunni til samanburðar á því, sem áður var. Það skyldi

þm. þó aldrei gert hafa, því að það neyðir mig til að minnast nokkuð á afskipti fyrirrennara míns þar. Hann minntist á skipasmíðastöðina við Elliðaárvog, sem fyrrv. atvmrh. kom þar upp, — og varð öll sú starfsemi hin mesta sorgarsaga. Stöðin sjálf kostaði auðvitað stórfé, en þó varð rekstur hennar enn ægilegri. Ákveðið var að láta smíða þarna 12 báta 55 tonna, en starfsemi þessi var stöðvuð við 5. bátinn. Kostnaðarverð var áætlað 435 þús. kr. á bát, en varð í reyndinni yfir 900 þús. kr. og heildartapið samtals um 2346 þúsundir. Auk þessa hafði þessi sami ráðh. látið kaupa eikarbirgðir fyrir milljónir kr. og bátavélar fyrir 1½ millj. kr., sem ekkert var með að gera, er starfsemi þessari var hætt, sem sjálfsagt þótti, þegar smíði þessara báta var lokið. Það lenti í minn hlut að ljúka þeim málum og ráðstafa eignum. Eikina hefur tekizt að selja ríkinu að kostnaðarlausu, en hins vegar gengið verr að losna við mótorvélarnar. Skipasmíðar voru lagðar niður og vélarnar teknar til notkunar annars staðar, eftir því sem þær hentuðu. Húsin voru samkv. beiðni sjútvmrh. afhent til nýrrar starfsemi í þarfir sjávarútvegsins, til fiskþurrkunar og fiskverkunar, og er mér tjáð, að sú starfsemi gangi mjög vel.

Nú hefur starfsemi Landssmiðjunnar verið komið á réttan kjöl á ný, og skilaði hún s. l. ár rekstrarafgangi, sem nam hundruðum þúsunda í stað álika rekstrarhalla áður, auk hinna áður nefndu milljónatapa skipasmíðastöðvarinnar.

Inn í þetta mál fór þm. að blanda kaupum ríkisins á verksmiðjunni í Silfurtúni og vildi gefa í skyn, að hægt hefði verið að taka skipasmíðastöðina til þeirra starfa, sem þar eru unnin, og nota skipasmíðavélar þar, sem er hin mesta fjarstæða. Þegar ríkisstj. buðust kaup á verksmiðjunni í Silfurtúni, var það einróma álit þeirra manna, er framkvæmdir hafa með höndum fyrir ríkið um húsasmíðar þess, að mjög hagkvæmt gæti verið fyrir það að eiga að ráða slíkri smiðju. Teiknistofa ríkisins, sem árlega annast um smíði opinberra bygginga og embættisbústaða fyrir margar milljónir króna, hefur orðið að leita samninga á mörgum stöðum um smíði hurða og glugga og innanstokksmuna, auk leikfimitækja, útbúnaðar fyrir skólana o. s. frv. Af þessu urðu oft hinar mestu tafir og óþægindi. Þá var hitt og kunnugt, að teiknistofa landbúnaðarins hafði svipuðum störfum að gegna fyrir bændur víðs vegar að við smíði íbúðarhúsa. Það virtist því ekki óeðlilegt, að þessar stofnanir í sameiningu fengju aðstöðu til að afla þessara hluta á einum og sama stað. Verksmiðjan var svo tekin á leigu og síðar keypt til að annast þessi störf og sett undir stjórn þeirra manna, er þessi störf hafa á hendi fyrir báðar teiknistofurnar. Þá má enn geta þess, að í mörg ár hefur verið í lögum, að teiknistofa landbúnaðarins skuli láta gera teikningar að hentugum og ódýrum húsgögnum, sem henta alþýðu manna í sveit og við sjó. Að þessu hafði ekkert verið gert. Ég afréð því í sambandi við þessa nýju starfsemi að hefjast handa um að hrinda þessu máli í framkvæmd. Hefur teiknistofan nú aflað sér umræddra teikninga og hefur verið lagt fyrir trésmiðjuna að hefja smíði slíkra húsgagna eins fljótt og unnt er. Að það hefur ekki orðið af framkvæmdum í þessa átt, stafar af annríki í verksmiðjunni, svo og hinu, að nauðsynlegt þótti að afla til þess nokkurrar viðbótar véla, sem nú eru komnar, og bætir það vinnuafköst og rekstraraðstöðu verksmiðjunnar að stórum mun.

Það hefur verið reynt að rægja og tortryggja þessa ráðstöfun, bæði leynt og ljóst. Ég skal engu spá um, hvernig tilraun þessi fer úr hendi. Ég þykist hafa fulla ástæðu til að ætla, að um það þurfi engu að kvíða. En fari um það mót von minni, mun vandalaust að selja þetta fyrirtæki aftur, — og mun ég þá, ef ég verð ofan jarðar, ræða við 8. landsk. og félaga hans um samanburð á kostnaði ríkisins vegna þessa fyrirtækis og hins vegar skipasmíðaævintýri fyrrv. atvmrh., Áka Jakobssonar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk., sem hér talaði af hálfu sósialista, lagði á það ríka áherzlu, að það, sem þessi ríkisstj. hefði fyrst og fremst gert, væri að leggja á nýja skatta og tolla, vörumagnstollinn og verðtollinn, og með því íþyngt svo landsfólkinu, að það gæti nú varla undir álögum þessum risið. Það er nú svo, að tollar eru þeirrar náttúru, að hægt er að leggja þá á þannig, að þeir komi misjafnlega þungt niður, eftir því á hvaða vörur þeir eru lagðir; og ríkisstj. hefur hugsað þessa tollaálagningu svo, að hún kæmi minnst við þá, sem minnstar hafa tekjur; og með þessu móti hefur það unnizt, sem mest er um vert, að dýrtíðinni hefur mjög verið haldið í skefjum. Frá því í desember 1947 og þar til nú hefur dýrtíðarvísitalan ekki hækkað, heldur lækkað um 1 stig. Hún var 328 stig þá, en er í dag 327 stig, þannig að þessi tollahækkun hefur fyrst og fremst komið fram á vörum, sem ekki heyra til daglegra nauðþurfta manna. Hv. þm. orðaði það svo, að benzín hefði verið sett í flokk með brennivíni og tóbaki. Sannleikurinn er nú sá, að á Norðurlöndum er benzínskatturinn t. d. enn hærri og hefur verið heldur en hann verður hér nú eftir þessa hækkun, enda er venjan sú erlendis, að vegir eru byggðir og þeim við haldið fyrir það fé, sem fæst með tollum á benzíni. Nú hefur nýbygging vega og viðhald vaxið meira hér síðustu árin en á nokkru tímabili öðru, og það er fullkomlega réttlátt, að kostnaðurinn af því komi niður á þeim, sem vegina nota.

Hv. þm. sagði, að barátta ríkisstj. gegn dýrtíð og verðbólgu hefði komið fram í því, að lagðar hefðu verið nýjar byrðar á almenning í sköttum og tollum, og t. d. væri nú tollurinn á einum fatnaði kominn upp í 600 kr. Ég hef nú ekki aðstöðu til að rannsaka, hve vitlaust þetta er, en það er áreiðanlega mjög vitlaust. Þá sagði hann að kjöt hefði hækkað um 20%. Þegar kommúnistar settust í ríkisstj. 1944, var kjötverðið 6.50 kr. á kíló, en í þeirra valdatíð hækkaði það upp í 11.50 á kíló. Nú hefur það ekki hækkað um 20%, heldur lækkað niður í

10.05 kr., að vísu með nokkurri niðurgreiðslu úr ríkissjóði. Aðalhækkunin á kjötinu varð sem sagt í valdatíð fyrrv. stj., er þessi hv. þm. hefði átt kost á að lækka það. En hann og hans flokkur hirti nú ekki um það. Tíminn var notaður, eins og hv. þm. orðaði það, til að pína Sjálfstfl. út í byltingarkenndar framkvæmdir. En það munu nú vera fleiri en ég, sem lítið hafa orðið varir við þær pyndingar. Hitt er rétt, að Alþfl. setti ákveðin skilyrði um framkvæmd nýsköpunarinnar, en kommúnistar sögðu þá ekki orð.

Þá sagði hv. þm., að þingflokkur Alþfl. hefði greitt atkvæði gegn 20% launauppbót til opinberra starfsmanna. Alþfl. hefur haft þetta mál til athugunar, og eru líkur til, að hann hafi unnið málinu það fylgi, að einhver lausn fáist áður en þingi lýkur, en það verður án tilverknaðar sósialista, sem aðeins hafa flutt í málinu sýndartill., sem enga þýðingu hafa um afgreiðslu þess.

Ég skal svo ekki fara mikið meira út í það, sem hv. þm. tilfærði meira og minna rangt um hækkun á nauðsynjavörum. Hann sagði t. d., að kornvörur hefðu hækkað um 10—30%. Sannleikurinn er sá, að í tíð fyrrv. stj. hækkuðu þær úr 0.93 kr. í 1.46 á kíló, en hafa nú lækkað niður í 1.41 kr. Það, sem hv. þm. annars lagði höfuðáherzlu á, var það, að í þessari stjórn hefði Alþfl. forustu og yrði þetta aðallega að skrifast á hans reikning. Þegar þrír flokkar með ólík sjónarmið ganga saman til stjórnarmyndunar, eins og hér hefur átt sér stað, verður það vitaskuld ekki stefna neins einstaks þeirra, sem ræður. Störf og stefna slíkrar stjórnar verður að vera byggð á samkomulagi um þau atriði, sem hægt er að ná samkomulagi um. Önnur mál, sem ekki tekst að ná um samkomulagi, verða að bíða betri tíma. Það verður svo hver flokkur að gera upp við sjálfan sig, hvort honum finnst, að sá árangur, sem náðst hafi, réttlæti það, að stjórnarsamstarfinu sé haldið áfram eða ekki. Það, sem hér hefur á unnizt, er að mínu viti þetta fyrst og fremst:

1. Það hefur náðst viðskiptajöfnuður í gjaldeyrisviðskiptum okkar við útlönd.

2. Nýsköpun atvinnuveganna heldur áfram, að verulegu leyti af eigin rammleik, en líka og alveg sérstaklega vegna samninga, sem tekizt hefur að gera um þátttöku í efnahagssamstarfi Vestur-Evrópuríkjanna, með aðstoð Bandaríkjanna.

3. Það hefur að mestu tekizt að viðhalda atvinnu handa öllum og hindra atvinnuleysi. Að nokkru leyti er þetta að vísu fengið með greiðslum úr ríkissjóði sem styrk til framleiðslustarfsins og að nokkru leyti með takmörkun neyzluvöruinnflutnings.

4. Það hefur verið komið á eftirliti með allri fjárfestingu í landinu og vísi að skipulögðum þjóðarbúskap. Þetta kostar eigi 1% af þjóðartekjunum, sem eru á annað þúsund millj.

5. Það hafa nú í fyrsta sinn um langt skeið verið afgreidd fjárl. að heita má án greiðsluhalla.

6. Það hefur tekizt að mestu að halda í skefjum verðlagi á hinum helztu nauðsynjavörum, svo að vísitalan hefur aðeins hækkað um 11 stig á rúmum 2 árum, á móti 45 stigum, sem vísitalan hækkaði, þegar kommúnistar tóku þátt í stjórn landsins með Ólafi Thors, miðað við jafnlangan tíma, og það hefur tekizt að stöðva algerlega hækkun á þessum vörum, síðan dýrtíðarl. voru sett um áramótin 1947—48, eða nærri í 1½ ár.

7. Innkaupastofnun ríkisins hefur verið komið á fót.

8. Það hefur með samningum verið leitazt við að tryggja öryggi landsins í framtíðinni gegn utan að komandi árásum án þess að þurfa að leggja í sölurnar neitt það, sem við ekki vildum láta. Þó að ekki hafi verið um þennan samning fullt samkomulag, er ég fyrir mitt leyti sannfærður um, að hann verður ekki aðeins okkur Íslendingum til gagns, heldur stuðlar hann einnig að því, að friður geti haldizt í heiminum.

Það, sem ekki hefur náðst af því, sem að var stefnt, er fyrst og fremst þetta:

1. Það hefur ekki tekizt til fulls að skapa vinnufrið í landinu. Kaup hefur hækkað, og vöruverði hefur því aðeins verið hægt að halda niðri, að framlög úr ríkissjóði væru aukin. Þó hefur verið hægt að halda verðlagi í skefjum.

2. Skattar og tollar hafa hækkað af þessum ástæðum. Þó hefur verið leitazt við að undanþiggja þá álögum, sem minnsta hafa gjaldgetuna.

3. Engin lausn hefur fengizt á húsaleigu-vandamálinu, sem með hverjum degi sem líður verður meira og meira aðkallandi.

4. Samkomulag hefur ekki tekizt um skiptingu innflutningsins milli samvinnuverzlana og kaupmannaverzlana. Út af fyrir sig tel ég þetta atriði ekki vera það höfuðatriði, sem reynt hefur verið að gera það að. Það er enginn vafi á því, að það er ekki hægt að bæta neitt verulega úr dýrtíðarvandamálunum, þó að þessu yrði breytt í það horf, sem farið er fram á. Hitt er svo annað mál, að stefna verður að því, að skömmtunarvörur séu fyrst um sinn fluttar inn meiri en sem skömmtuninni svarar, svo að birgðir safnist og fólk eigi kost á að velja og hafna og taka það, sem því finnst ódýrast samanborið við gæði. Um þetta hef ég flutt frv. á þessu þ., sem ekki hefur náð fram að ganga.

Þessi mál og önnur, sem snerta dýrtíðarvandamálið, verða tekin upp á næstunni, og ég álít, að affarasælast verði fyrir íslenzku þjóðina að hækka ekki kaupið, heldur fara hina leiðina, að fá fram lækkun á erlendum varningi og hafa hemil á kostnaðarliðunum. — Langþýðingarmesta málið, sem úrlausnar bíður og varðar mest afkomu manna í þessu landi, er lausn dýrtíðarvandamálsins. Það eru þrír kostnaðarliðir, sem valda úrslitum og eru að mestu á okkar valdi: kaupgjald, verð á innlendum vörum og húsaleiga, og er hvert öðru háð. Ég hef verið þeirrar skoðunar og er það enn, að einhliða hækkun kaupgjalds sé hér ekki rétta úrræðið, nema að sjálfsögðu það, sem lagfæra þarf til samræmingar milli stétta.

Almenn hækkun launa, þegar komið er sem hér, að aðalframleiðslustarfsemin ber sig ekki nema með framlagi úr ríkissjóði, kemur aðeins niður sem hækkun verðlags og skatta, svo að launþegarnir verða að engu bættir. Lækkun á ýmsum útlendum varningi er nú að byrja að koma í ljós. Kornvörur lækka ört í verði, feitmeti sömuleiðis og raunar fleiri vörur, þegar framboðið af þeim fer að verða meira en eftirspurnin. Þegar fóðurvörur lækka, ætti að vera grundvöllur fyrir lækkun á landbúnaðarvörum, og þannig ætti að mega þokast niður á við. Húsaleiguvandamálið krefst aðgerða þegar í stað, fyrst og fremst stóraukinna bygginga verkamannabústaða, sem vegna gildandi löggjafar hafa sýnt stórkostlega yfirburði fram yfir aðrar byggingar hvað kostnað snertir.

Smásöluverðsvísitalan lækkaði á tveim árum, skömmu eftir heimsstyrjöldina fyrri, frá 1920—22, um hátt á annað hundrað stig, úr 454 niður í 286, og þó að lækkunin yrði ekki eins ör nú, mætti vænta þess, að áhrif hennar yrðu allveruleg, ef þeim ekki verður eytt jafnóðum með verðhækkunum á innlendum vörum og hækkuðu kaupgjaldi.

Alþfl. hefur ekki viljað hingað til ganga með í setningu ýmissa neyðarráðstafana, svo sem gengislækkunar, mikillar verðhjöðnunar, meiri en orðið er, o. s. frv., heldur haldið sig við þá einu aðferð, sem þá var eftir tiltæk, niðurgreiðslur úr ríkissjóði, svo að framleiðslustarfsemin stöðvaðist ekki, því að það, sem raunverulega veldur úrslitum um afkomu þjóðarinnar, er, hversu mikið okkur tekst að framleiða, bæði til heimanotkunar og útflutnings. Fyrsta og aðalatriðið, sem gæta þarf, er, að allir hafi atvinnu og framleiðslustarfsemin aukist, og vitanlega, að sala takist á þeim vörum, sem framleiddar eru. Öll aukning í þessa átt gefur von um betri afkomu og bættan hag.

Verðbólgustefna kommúnista með aukningu lánsfjár úr þjóðbankanum, einhliða hækkun kaups og ábyrgðarlausri fjárlagaafgreiðslu leiðir aftur beina leið til glötunar.

Ólafur Thors: Hv. síðasti ræðumaður, einn af samstarfsmönnum mínum í þeirri ríkisstj., sem ég hafði þann heiður að veita forstöðu, var að deila á fyrrv. stj. Hann var eitthvað að tala um dýrtíðina, svo sem að vísitalan hafi aðeins aukizt um 11 stig á rúmum 2 árum. En niðurgreiðslur úr ríkissjóði hafa nú hækkað úr 16 millj. kr. upp í 56 millj. Ég get þessa, af því að þetta er svo mætur og glöggur maður, og ég vil láta sannleikann koma í ljós.

Hinn mikli þjóðskörungur og stjórnspekingur, Winston Churchill, segir frá því í endurminningum sínum, sem nú eru að koma út, að þegar hann tók við stjórnartaumunum árið 1940 og myndaði þjóðstjórn sína, hafi hann mælt eitthvað á þessa leið:

„Ef við förum nú að láta nútíðina dæma fortíðina, þá glötum við framtíðinni."

Mjög svipuð ummæli viðhafði einn af þm. Sjálfstfl., er hæstv. núverandi ríkisstj. var mynduð. Með þessum orðum vildi hann láta í ljós það álit sitt, að hinnar nýju ríkisstj. biðu svo mörg og svo margþætt vandamál og svo sterk og óvægin andstaða, að ef stj. ætti að hafa nokkra skynsamlega von um að ganga með sigur af hólmi í þeirri viðureign, yrði stjórnarliðið að fella niður fyrri væringar og einbeina allri hugsun og orku að vandamálum framtíðarinnar.

Ég skal ekkert um það staðhæfa, hversu farið hefði, ef stj. og lið hennar hefðu frá öndverðu viðurkennt þetta höfuðsjónarmið og hegðað sér í samræmi við það. Hitt er staðreynd, að oft hefur meiri orku verið eytt í að rífast um fortíðina, deila hver á annan og sakfella hver annan, heldur en að snúast hart, einarðlega og með sameiginlegu átaki að úrlausn þess vanda, er að steðjaði eða fram undan beið, enda hefur margt farið miður en vonir stóðu til.

Ég get vel leitt hjá mér að lýsa hér í kvöld sök á hendur þeim, sem ég tel öðrum fremur valda, að svona hefur til tekizt. Ég tel, nú eins og fyrr, að fortíðin eigi að víkja fyrir framtíðinni, og ég tel enn, sem fyrr, að stj. og lið hennar hafi engar sigurvonir, ef þetta sjónarmið verður ekki alls ráðandi í stjórnarherbúðunum.

Þjóðin er auk þess löngu leið á þessu eilífa stagli um það, hverjum þetta eða hitt sé að kenna. Það er viðfangsefni sagnfræðinganna, ef það þá þykir þess virði, að finna út, hvaða áhrif það hafði á dýrtíðarskriðuna, þegar losuð voru tengsl milli verðlags landbúnaðarafurða og kaupgjalds, eða hvernig stóð á því, að vísitalan rauk upp sumarið 1942, eða hverjar orðið hafa afleiðingar þeirra niðurgreiðslna á dýrtíðinni, er hófust haustið 1943, o. s. frv. Eða þá hins vegar, svo að tekin séu dæmi úr þessum umræðum, hvort sannara er, að arfurinn, sem núverandi stj. tók eftir fyrrverandi stj., sé jafnóglæsilegur sem sumir hæstv. ráðherrar gáfu í skyn, eða hitt, að það sé nú einmitt þessum arfi að þakka, að stj. og þjóðin enn þá hafa í sig og á; hvort það sé nýsköpuninni að kenna eða þakka, að andvirði útflutningsvöru okkar hækkaði um 150 millj. kr. á einu ári; hvort sannara sé, að núverandi stj. hafi tekið í arf frá fyrrverandi stj. 70—80 millj. kr. gjöld, sem hún beri enga ábyrgð á, eða hvort þessi tala eigi kannske ekki að vera 70—80 millj. kr., heldur alls enginn eyrir, — þ. e. a. s., hvort sú löggjöf, sem útgjöldin stafa af, hafi öll verið samþykkt gegn eða með samþykki núverandi stjórnarflokka; hvort sannara sé, að allur gjaldeyrir þjóðarinnar hafi verið uppétinn, þegar núverandi stj. tók við, eða hitt, að 1. jan. 1947 hafi verið í nýbyggingarsjóði 131 millj. kr., á frjálsum reikningi 93 millj. kr. og ávísað fyrir óinnfluttar vörur 46 millj. kr., eða þannig alls óeyddar 270 millj. kr. af þeim 478 millj. kr., er við áttum 1. jan. 1945; eða hvort búnaðarráð Péturs Magnússonar, skipað 25 öndvegisbændum hvaðanæva af landinu, hafi verið fjandsamlegt bændum, eða hins vegar sú bezta trygging, sem bændur nokkru sinni hafi öðlazt fyrir því, að hagsmuna þeirra væri í hvívetna gætt; hvort það sé satt, að í tíð fyrrv. stj. hafi ekkert verið gert fyrir landbúnaðinn,

eða hitt, að aldrei hafi meira verið fyrir bændur gert. Þannig mætti lengi telja. Við, sem í þessu höfum staðið síðustu árin og áratugina, getum eiliflega rifizt um, hvað sé hverjum að kenna og hvað sé hverjum að þakka. Okkur kemur aldrei saman um það, a. m. k. ekki í áheyrn alþjóðar. Meðan svo er, veit þjóðin ekkert, hverjum hún á að trúa í þessum efnum, og má raunar segja, að það skipti ekki öllu.

En þjóðin veit annað, sem hún markar og metur. Hún veit, að Íslendingar eiga nú miklu fleiri og betri fiskiskip en nokkru sinni fyrr. Hún veit, að siglingaflotinn hefur margfaldazt undanfarin ár. Hún veit, að síldarverksmiðjur, frystihús, lýsisbræðslur og margvíslegur annar stóriðnaður hefur sprottið upp í landinu. Hún veit, að andvirði útfluttrar vöru hefur margfaldazt frá því fyrir stríð. Allt þetta veit þjóðin. Og af öllu þessu veit hún, að ef rétt er á haldið, á hún sér margfalt meiri og bjartari afkomuhorfur en nokkru sinni fyrr, frá því landið byggðist.

En þjóðinni er líka farið að skiljast, að ekki er allt með felldu um hagi hennar og háttu. Hún sér, að fjárl. eru orðin geigvænlega há. Hún sér, að dýrtíðin er orðin uggvænleg. Hún finnur, að skattarnir eru orðnir drápsklyfjar. Hún sér, að mestur atvinnurekstur landsmanna er rekinn ýmist með ríkisstyrkjum eða beinum halla. Þjóðin skilur, að allt eru þetta einkenni hættulegs sjúkdóms, sem hún fyrir hvern mun vill forðast að verða að bráð. Enn þá skilja menn þó misjafnlega vel, hvað á seyði er, en flestir eru farnir að ugga að sér. Augu margra eru tekin að opnast fyrir því, að betra er að slá einhverju af því, sem flóðalda styrjaldaráranna færði okkur, heldur en að eiga á hættu, að boginn bresti og við taki fyrri fátækt, atvinnuleysi og þrengingar.

Ákaflega margir eru þó í rauninni áttavilltir. Menn líta til Alþ. og segja: Þið, sem á þingi sitjið, hafið boðizt til að stjórna förinni. Hættið tafarlaust að karpa um vegvillur farinnar slóðar, og vísið okkur leið út úr ógöngunum, helzt stytztu leiðina, helzt þá greiðgengustu, en um fram allt þá öruggustu.

Ég hef enga tilhneigingu til að fella þjóðina undan sök í þessum efnum í því skyni að gera hlut okkar, sem á þ. sitjum, verri en nauður rekur til. Og ég verð að viðurkenna, að það er að minnsta kosti ósannað mál, að enda þótt við, sem í stjórnarliðinu erum, leggjum allan okkar styrk saman og tækist með því að benda á rétta leið til úrbóta, að þjóðin mundi þá fáanleg til að færa þær augnabliksfórnir, sem krafizt er.

En þrátt fyrir þetta verður hiklaust að viðurkenna, að meðan við rífumst um, hverjum hin háu fjárl. séu að kenna, en hækkum þau síðan, í stað þess að lækka þau, meðan við bannfærum hver annan fyrir hina háu skatta, en hækkum þá svo, í stað þess að lækka þá, meðan við sakfellum hver annan fyrir sívaxandi dýrtíð, en hækkum hana svo, í stað þess að lækka hana, meðan við ekki bendum þjóðinni á neina leið og erum ekki sammála um neitt nema að ásaka hver annan, þá erum það við, sem höfum svikið skyldu okkar gegn þjóðinni, en ekki þjóðin, sem hefur brugðizt okkur. Á þjóðina fellur sökin ekki fyrr en við höfum vísað veginn, en þjóðin hafnað leiðsögunni.

Enginn veit betur en ég, hvert djúp skilur Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. varðandi jafnt stjórnmálaskoðanir sem baráttuaðferðir. En þrátt fyrir þetta á þjóðin kröfu á, að úr því að við í sameiningu tökum að okkur að stjórna landinu, þá gerum við einhvern tíma í sameiningu einhverjar tillögur um lausn vandans, aðra en þá að auka útgjöld ríkisins og leggja síðan á nýja skatta til þess að greiða þessi útgjöld og annað þess konar. Allir vita, að þetta er ekkert annað en deyfilyf, sem endist stutt og læknar ekkert mein. Allir vita því, að enn höfum við lítið aðhafzt annað en slá vandanum á frest, og margir óttast, og kannske ekki að ástæðulausu, að endirinn verði sá, að vandinn vaxi okkur yfir höfuð.

Einhver spyr nú kannske: Hvers vegna komið þið sjálfstæðismenn ekki með ykkar úrræði, hvað sem hinum líður?

Því er til að svara, að í fyrsta lagi vil ég ekki staðhæfa, að við teljum okkur ráða yfir óyggjandi úrræðum. Í öðru lagi, og það er í þessu sambandi aðalatriðið, hefur Sjálfstfl. ekki tekið að sér að stjórna landinu einn, heldur ásamt tveim öðrum flokkum. Skyldan til að vísa þjóðinni til vegar hvílir því ekki á Sjálfstfl. sem slíkum, heldur á stjórnarliðinu sem heild. Um þetta verður ekki deilt. En þrátt fyrir það mundi Sjálfstfl. ekki hika við að leggja fram sínar till., ef hann teldi sig þjóna þjóðinni bezt á þann hátt. En svo er ekki, eins og sakir standa. Úrræði geta leitt til blessunar, ef nægilegur meiri hluti þjóðarinnar aðhyllist þau, en til bölvunar, ef andstaðan er of sterk. Beri Sjálfstfl. fram till., en hinir stjórnarflokkarnir láti sér fátt um finnast eða rísi gegn þeim, eru sigurvonir vissulega minni heldur en ef takast mætti að sameina stjórnarflokkana um sömu eða svipaðar till.

Þessi almennu sannindi eru fullnægjandi rök fyrir því, að Sjálfstfl. sem einn af þrem stjórnarflokkunum ber ekki fram sértill. fyrr en að undangengnum árangurslausum úrslitatilraunum innan stjórnarliðsins um önnur og haldbetri úrræði en enn hefur verið beitt.

Ætti það hins vegar síðar að verða hlutskipti Sjálfstfl. að taka einn á sig þunga stjórnarábyrgðarinnar, mundi hann að sjálfsögðu, eðli málsins samkv., leggja fram sínar till., berjast fyrir þeim og falla með þeim eða standa.

Það er erfitt að stjórna Íslandi, eins og nú er komið sökum. En það er líka til mikils að vinna, því að mikið er í húfi. Fátæk og fámenn þjóð, sem lengst af hefur búið við sult og seyru, lenti í ófriðnum í hringiðu, sem e. t. v. eru fá dæmi um í sögu veraldarinnar. Yfir hana streymdi fjárflóð, sem hana hafði aldrei dreymt um og af eðlilegum og óumflýjanlegum ástæðum hlaut að gerbreyta viðhorfi hennar í andlegum og veraldlegum efnum. Í kjölfar óvæntrar velmegunar sigldu vaxandi kröfur og þverrandi skilningur. Unga kynslóðin veit lítið um örðuga lífsbaráttu feðranna, en því meir um

mikil lífsþægindi fyrir lítið erfiði og hefur því enga aðstöðu til að átta sig á, hvílíkt happ hinar risavöxnu framfarir eru og hvílík vá er fyrir dyrum, ef við af sjálfskaparvítum glötum því, er dáð og framtak forfeðranna og happ fjárflóðsins hefur fært okkur. Í þennan jarðveg hefur erlend öfgastefna sáð fræ korni sínu og hlotið ríkulega uppskeru. Þessi stefna lætur stjórnast af annarlegum sjónarmiðum og erlendu valdboði. Um það er ekki lengur hægt að efast, jafnmargar og skýrar sannanir sem kommúnistaflokkar allra landa hafa fært fyrir þessu síðustu 2—3 árin. Þeir, sem þar ráða ríkjum, láta sig það eitt skipta að útbreiða trú sína, kommúnismann, en hirða hvergi, þótt einræðisherra verði reist á rústum íslenzks atvinnulífs. Þessir menn telja sig berjast fyrir hugsjón, svo helgri, að sigur hennar sé aldrei of dýru verði keyptur, hugsjón, sem samkv. fenginni reynslu annarra þjóða bezt verði rudd braut með atvinnuleysi og þrengingum almennings.

Það er að sönnu rétt, að flestir Íslendingar hafa viðurstyggð á einræði, þrælatökum og kúgun kommúnismans. En þrátt fyrir það hafa forustumenn þessarar stefnu hættulega sterka baráttuaðstöðu í þjóðfélaginu. Almenningur í landinu veit minnst um, hvað fyrir þeim vakir. Við augum þjóðarinnar blasir ekki einræðið, kúgunin og fangelsanir andstæðinganna, heldur fagurgali manna, sem þjálfaðir í baráttunni fara troðnar slóðir eftir föstum leikreglum erlendra fyrirmæla, manna, sem bjóða í senn hærra kaup, hærra verð landbúnaðarafurða og minni dýrtíð, manna, sem bjóða í senn fleiri vegi, stærri hafnir, betri brýr, reisulegri skóla og lægri skatta, manna, sem bjóða í senn að hækka útgjöld ríkisins, en lækka tekjurnar.

Meðan þessir menn stóðu að nýsköpun atvinnulífsins, lofuðu þeir, að þegar hin nýju tæki væru tekin til starfa, skyldu þeir taka þátt í að samræma kaupgjaldið burðarþoli atvinnurekstrarins. En nú, þegar verðlag framleiðslunnar fellur og taprekstur færist yfir allt atvinnulífið, spenna þeir kaupkröfur því hærra sem gjaldgetan verður minni og virðast ekki ætla að linna látum, fyrr en hrunið er fullkomnað, allt í þeirri von, að í öngþveitinu takist þeim að ná völdum. Þau völd, þótt skammvinn verði, hljóta þeir síðan að ætla að nota til þess að afhenda land sitt og þjóð þeirri alheimshugsjón, sem þeir berjast fyrir, en íslenzka þjóðin fyrirlítur. Aðra frambærilega skýringu á framferði þeirra verður ekki auga á komið.

Vafalaust má treysta því, að Íslendingar skilji margt af þessu. Að því stuðla jafnt viðburðirnir í ýmsum löndum Evrópu síðustu 2 árin sem stjórnmálabaráttа íslenzku kommúnistadeildarinnar.

Tökum t. d. efnahagssamvinnu Vestur-Evrópuþjóðanna, Marshallhjálpina svo nefndu. Enda þótt Íslendingar fengju þar engan eyri sjálfir, ættu þeir þó alla sína afkomu undir því, að sú tilraun heppnist, þ. e. a. s., að fjárhagsleg aðstoð Bandaríkjanna reynist þess megnug að koma fótum undir nýtt og heilbrigt atvinnu- og fjármálalíf þessara þjóða. Með því og því eina móti geta Íslendingar selt sína framleiðsluvöru, þ. e. a. s. lifað sem sjálfstæð menningarþjóð. Svona nátengdir eru hagsmunir þessara þjóða og okkar. Samt sem áður berjast kommúnistar hatrammlega gegn þessari viðreisn og alveg jafnt gegn því fé, sem okkur er heitið til áframhaldandi nýsköpunar í landinu. Manni sýnist þetta ekki vera með felldu. Það er það heldur ekki. Það, sem á bak við býr, er, að herradómurinn í Moskva, húsbændur íslenzku kommúnistadeildarinnar, vilja ekki viðreisn Vestur-Evrópu, heldur það varnarleysi, sem bezt þróast í þrengingum og öngþveiti. Ég efast ekkert um, að út af fyrir sig vilja íslenzkir kommúnistar, að Íslendingar geti selt afurðir sínar, að við fáum fleiri ný skip og önnur tæki og yfirleitt þau gæði, sem Marshallhjálpin veitir. En þeir ráða ekki, Moskva skipar, — þeir hlýða.

Af alveg sömu rótum rann andstaðan gegn Norður-Atlantshafssáttmálanum, friðarsáttmálanum mikla, sem þegar er tekinn að sanna ágæti sitt í verkinu, sbr. lausn Berlínardeilunnar. Enginn þarf að ætla, að ýmsir hinna greindari og gegnari kommúnista hafi ekki skilið, að í þessum sáttmála fólst eina friðarvon mannkynsins. Enginn þarf að ætla, að þeim sé ekki jafnannt um líf sitt og ástvina sinna sem okkur hinum. En Moskva skipaði, og þá var að hlýða.

Hin æðisgengna árás, sem skrílli kommúnista gerði á Alþ., þegar málið var afgr. hinn 30. marz s. l., sýnir og sannar, að kommúnistar muni einskis skirrast til að koma fram óskum húsbændanna. Líf og limir andstæðinganna sýnast þar engu skipta. Og þegar svo þessi meinleysislegi, hægláti og greindi bóndi, Ásmundur Sigurðsson, kemur hér í útvarpið og lýsir þessum viðbjóðslega skrílshætti, sem vel gat leitt til þess að svipta marga menn, einkum þá, er þingið vörðu, líf eða heilsu, — svona eins og hálfgerðum ólætisærslum, sem stj. hefði komið af stað, þá er ekki lengur hægt að láta blekkjast. Hér eru á ferð menn, sem hafa glatað sál sinni. Ekkert er þeim lengur heilagt, ekki hagsmunir þjóðarinnar, ekki virðing hennar, ekki frelsi lands og lýðs, ekki sannleikurinn, ekkert skiptir máli, ekkert nema hugsjónin, sem þeir eru búnir að sverja hollustu og eru nú að fleka aðra til fylgis við undir fölsku flaggi.

Ég ætla ekki að taka að mér að verja allar gerðir núverandi hæstv. ríkisstj. og enn síður aðgerðaleysi hennar. Hitt fullyrði ég, að engum skynbærum manni geti blandazt hugur um, að henni hefur farið margt ágætlega úr hendi, langbezt þó utanríkismálin, að mínu viti.

Hvenær hafa kommúnistar viðurkennt það með einu orði? Því fer svo fjarri. Heldur hafa þeir svívirt stj. fyrir hvert einasta mál, sem hún hefur farsællega leyst, og auðvitað þá mest fyrir það, sem hún hefur bezt unnið, þ. e. a. s. utanríkismálin.

Ég treysti því, að jafnpólitískt þroskuð þjóð sem Íslendingar eru sjái í gegnum mest af þeim lygavef. En ég treysti hinu miklu miður, að þjóðin hafi þroska til að standa gegn freistaranum, sem alltaf er að bjóða henni meiri og

betri lífskjör og eykur fagurgalann því meir sem af minna er að taka.

Enginn þykist hafa úr of miklu að moða, og þeir, sem minnst bera úr býtum, hafa það heldur ekki. En einmitt þeim ríður mest á að gjalda varhuga við flærðinni, því að á þeim lenda þrengingarnar fyrst, harðast og lengst, ef atvinnulífið leggst í rúst.

En þessum mönnum, og raunar öllum hættir við að trúa því, sem þeir vilja vera láta. Þess vegna er og verður barátta ábyrgra stjórnmálamanna gegn kommúnistum, eins og nú er háttað högum Íslendinga, erfið og hættuleg. Því verða stjórnarvöldin að gera sér ljóst, að það er þörf sterkrar forustu. Ekkert er jafnhættulegt sem athafnaleysið, úrræðaleysið, moðsuðan, þetta hæga andlát, sem verið er að búa velmegun þjóðarinnar, athafnafrelsi hennar, þrótti, áræði og framtaki.

Íslendingar eru nú ríkari en nokkru sinni fyrr frá landnámstíð. Velsældin er jafnari og almennari en áður eru dæmi um. Afkomuhorfur eru því að þessu leyti bjartari en nokkru sinni áður. En samt sem áður erum við í mikilli hættu staddir. Ef ekki verður spyrnt öfluglega við fótum, ef áfram verður stefnt að því að færa æ meiri hallarekstur yfir æ fleiri og víðari svið atvinnulífsins, blasir glötunin við. Og það verður ekki eitt, sem glatast, heldur allt, fjármunir og frelsi, frelsi einstaklinganna og frelsi þjóðarinnar.

Gegn þessu ber að berjast af ósveigjanlegri hörku. Gegn þessu ber öllum að berjast, sem unna frelsi sínu og sjálfstæði þjóðar sinnar, hvað sem að öðru leyti ber á milli. Sú barátta er háð gegn kommúnistum og öllu þeirra fylgifé, hvort sem það leynist í hjáleigum kommúnista, eins og t. d. Þjóðvarnarhreyfingunni, eða innan sjálfra stjórnarherbúðanna.

Sú barátta er örðug, en endar með sigri, ef forustan er samhent og örugg.

Það er krafa þjóðarinnar til valdhafanna, að þeir geri sér fyllilega ljóst, hvernig sakir standa, við hvað og hverja er að etja, láta hendur standa fram úr ermum, veita leiðsögn og forustu. Þá standa enn vonir til, að þjóðin skilji sinn vitjunartíma, berjist og sigri.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þið heyrðuð í gærkvöld ráð stjórnarfl. við áhyggjum, sem þjaka ykkur vegna launaránsins, atvinnuleysisins og vaxandi dýrtíðar. Ráðið er meiri kaupskerðing, gengislækkun eða annað form fyrir kjararýrnun. Alþfl. er að vísu dálítið feiminn að viðurkenna gengislækkun fyrir kosningar, en verður ófeiminn við það eftir kosningar. Það er sama gamla ráðið, eina ráðið, sem þessir þrír flokkar sjá, hvenær sem þeir mynda samsærisstjórn gegn alþýðu Íslands. Það hét gengislækkun einu sinni, kaupbinding 1939, gerðardómslög 1942, tilraun til lögþvingaðrar kauplækkunar 1944 og vísitölubinding 1947.

Sannleikurinn er, að hvernig sem á hefur staðið á Íslandi, hvort landið hefur verið fátækt eða ríkt, hvort sem við skulduðum erlendis eða áttum þar inni 580 millj., hvort sem vísitalan var 100 eða 300 stig og hvort sem kaupgjaldið var kr. 1.45 eða kr. 8.00 um tímann, þá hafa þessir flokkar aldrei séð nema eitt ráð: kauplækkun, kjaraskerðingu hjá alþýðu manna. Af hverju? Af því að þeir eru fulltrúar auðmannastéttarinnar í þessu þjóðfélagi, ýmist leynt eða ljóst, ýmist vitandi vits eða slegnir blindu, sakir þröngsýnis og ofstækis. Og nú boða þeir þennan boðskap sinn enn — og segja, að allir, sem vinni gegn þeim þegnskap að svelta sig og fjölskyldur sínar, séu erindrekar frá Moskvu. Og hvernig er þjóðfélagsástandið nú? Er þá íslenzkt þjóðfélag og íslenzkt auðvald svona á heljarþröminni eins og þessir ráðherrar vilja vera láta? Hvað segja skattskýrslurnar? Árið 1947 eru heildartekjur Íslendinga yfir 1000 millj. kr. Það þýðir að meðaltali rúml. 36 þús. kr. á 5 manna fjölskyldu. Á þeim tíma býr þorri allra launþega í Rvík við árstekjur, sem eru um 20 þús. kr. og þar undir, og vinnandi fólk úti um land við enn lakari kjör. Af því má sjá, hve gífurlegar tekjur auðstéttarinnar eru, enda voru meðaltekjur 200 tekjuhæstu manna og félaga í Rvík þá 250 þús. kr. að meðaltali. Misskipting teknanna hefur aldrei verið eins ægileg í íslenzku þjóðfélagi og nú. En hvað hefur þessi „umbótastjórn", sem taldi sig vera a. m. k., þegar hún var stofnuð, gert til þess að laga þetta ranglæti? Hún hefur ráðizt á þá fátækustu, lækkað laun almennings með vísitölubindingu og dýrtíðaraukningu, rýrt tekjur launþega með minnkandi vinnu, skapað öryggisleysi með því að leiða vágest atvinnuleysisins aftur inn á íslenzk alþýðuheimili, þveröfugt við það, sem Stefán Jóh. Stefánsson hafði lofað. Hann þekkir auðsjáanlega ekki þann vágest atvinnuleysisins, sem níst hefur alþýðufjölskyldurnar út um allt land í vetur. Nálægt kjötkötlum stj. þekkist hann ekki, vágestur sá. En hvernig hefur svo þessi stj. búið að auðvaldi Íslands, meðan hún heimtaði og heimtar enn fórnir af alþýðunni og tekur þær með valdi, þegar þær eru ekki látnar með góðu? Auðmannastétt Íslands hefur aldrei verið ríkari en nú, sérhagsmunir hennar aldrei betur tryggðir en nú af fyrstu stj. Alþfl. á Íslandi, og ágengni þessara auðmanna gagnvart alþýðu aldrei meiri en nú, eins og gerðir þessarar stj. sýna.

200 ríkustu auðmenn og auðfélög Rvíkur eiga 500 millj. kr. í skuldlausum eignum. Það eru 200 milljónamæringar í Rvík, meðan ekki eru nema 400 milljónamæringar í allri Danmörku. Íslenzk alþýða ber á baki sér eitt ríkasta auðvald heimsins miðað við fólksfjölda, og það er því ekki nema von, að ganga hennar veitist stundum þung. Það vantar að vísu ekki að auðvald þetta og ráðh. þess segist allt vilja fyrir alþýðuna gera — allt, lækna fyrir hana dýrtíðina, losa hana við ótætis kommúnistana, koma henni bæði í Marshall og Atlantshafsbandalagið, allt nema fara af baki. En það er einmitt það, sem hún þarfnast.

Það er peningavald hinna 200 milljónamæringa, sem á þessa ríkisstj., og það með húð og hári, hefur tekið Alþfl. á próventu og svínbeygir Framsókn undir sérréttindaok sitt, þó að

það hrikti í hryggjum sumra íslenzkra bænda og bændaforingja við að verða að bukta sig svo djúpt fyrir peningaaðli Rvíkur. Það er þetta peningavald Rvíkur, sem er leynistjórn vors lands. — En þið hafið sjálfir unnið með þessu auðvaldi, sósíalistar, mundi Eysteinn vilja segja. Já, við sósíalistar höfum unnið með þessari auðmannastétt. En við fengum hana til þess að vinna með okkur hið mesta stórvirki, sem unnið hefur verið í íslenzku athafnalífi, einmitt þegar Framsókn og Alþfl. sáu ekkert nema hrunið fram undan. Og á því stórvirki í nýsköpun atvinnuveganna, sem við unnum þá, tórir þessi hrunstjórn enn, eins og gjaldeyrisöflun nýsköpunartogaranna bezt sýnir. Og ekki nóg með það: Við sósíalistar fengum þessa auðmannastétt til þess að samþ. stórfenglegustu umbótalöggjöf, sem samþ. hefur verið á svo skömmum tíma á Íslandi, eins og alþýðutryggingarnar, skólalöggjöfin, lög um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, stofnlánadeildarlögin, launalögin fyrir opinbera starfsmenn og fleira því líkt ber vott um. En hvað hefur svo þessi stj. gert, sem aldrei þreytist á að kenna sig við umbætur? Þessi stjórn hefur skorið niður umbætur nýsköpunartímabilsins hverja af annarri. Hún hefur frestað framkvæmd aðalumbótanna á alþýðutryggingunum. Hún hefur stöðvað framkvæmd laganna um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hún hefur gert mönnum erfiðara fyrir að byggja, bæði með skriffinnskunni og lánsfjárkreppunni, sem valdhafarnir hafa skapað vitandi vits til að fégletta almenning. Hún hefur eyðilagt réttarbætur opinberra starfsmanna, sem þeir fengu 1945, með vaxandi dýrtíð, vísitölufölsun og vísitölubindingu, og rýrt kjör alls verkalýðs með sömu ráðstöfunum. Og af hverju hafa þessir hræsnisflokkar, sem kenna sig við umbætur, verið að skera niður allar umbætur nýsköpunaráranna og íþyngt fólkinu samtímis með drápsklyfjum álaganna? Af því að þeir hvorki þora, vilja né geta lagt álögurnar á auðmannastétt Rvíkur, og þá heildsalana fyrst og fremst. Það er aðeins eitt vald til hjá þjóð vorri, sem hefur í fullu tré við þessa auðmannastétt. Það er sósíalistísk verkalýðshreyfing Íslands. Sósíalistaflokkurinn og verkalýðsfélögin, það er það afl íslenzku þjóðarinnar, sem afturhaldið óttast og hatar. Þess vegna er söngurinn um Moskvu sunginn af trúðunum, sem töluðu hér í gær, gamli falski söngurinn, sem Hitler brjálaði Evrópu á, söngurinn, sem pólitískt gjaldþrota auðvald alltaf grípur til í örþrifaæði sínu. En íslenzk alþýða veit, að þegar þessir trúðar, eins og Bjarni Ásgeirsson hér áðan, steyta hnefann gegn Moskvu, þá meina þeir vald verkalýðsfélaganna. Þegar þeir bölsótast yfir austrænu einveldi, þá meina þeir verkfallsrétt verkamanna, þá meina þeir, að þeir eigi í friði að fá að koma á vísitölubindingu, gerðardómi, gengislækkun og öllu, sem auðvaldinu megi til gagns verða og alþýðunni til bölvunar. En íslenzk alþýða lætur ekki bjóða sér þetta rán ríkisstj., og þess vegna hefur hún nú ákveðið að leggja út í baráttu til þess að fá bætta þá kjaraskerðingu, sem þessi afturhaldsstjórn hefur valdið henni. Dagsbrún hefur sagt upp samningum með 1296:217 atkv., en árið 1947 var samningunum sagt upp með 937:770 atkv. Svona einróma er fordæmingin orðin á pólitík ríkisstj. á þessum tveimur árum, þar sem tæp 800 verkamanna voru á móti uppsögn fyrir 2 árum, eru nú aðeins rúm 200 á móti uppsögninni. Svona eindreginn er sigurvilji íslenzkrar alþýðu.

Þessir flokkar, eins og bezt heyrðist á ræðu Bjarna Ásgeirssonar, dirfast að kenna sig við lýðræði og þingræði hér í útvarpinu í gærkvöld og nú bera Sósfl. það á brýn, að hann vildi ekki halda leikreglur lýðræðisins, en stjórnarflokkarnir væru þeir einu, sem bær héldu. Hvað segir reynsla íslenzku þjóðarinnar um þetta? Sósfl. er eini þingflokkurinn, sem alltaf hefur starfað á grundvelli lýðræðis og þingræðis. En þessir þrír núverandi stjórnarflokkar hafa, þegar þeim hefur þótt sér henta, brotið þingræðið og stjórnarskrána. 1941 voru það þessir flokkar, sem með skýlausu stjórnarskrárbroti frestuðu lögboðnum þingkosningum um eitt ár, til þess sjálfir að geta setið lengur í stjórn. Þið heyrðuð fagurgala Ólafs Thors hér áðan gegn sósíalistum, en út yfir tók þó, þegar hann bar sósíalistum ofbeldi á brýn, — þetta íhald, sem alltaf hefur beitt verkalýðshreyfinguna ofbeldi, meðan hún var nógu veik og íhaldið nógu sterkt til þess, að það þyrði að níðast á henni. Eða hverjir voru það, sem fluttu forðum formann verkalýðsfélagsins í Keflavík, Axel Björnsson, með ofbeldi til Rvíkur? Íhaldsforkólfarnir. Eða hverjir voru það, sem fluttu Hannibal Valdimarsson með ofbeldi frá Bolungavík til Ísafjarðar 1931? Íhaldsforkólfarnir. Og hver var það, sem ætlaði að fangelsa alla verkalýðshreyfingu Rvíkur eftir 9. nóv. 1932 og gera sundhöllina að fangageymslu, en varð að hætta við það, af því að lögreglustjórinn í Rvík neitaði að hlýða. Það var maðurinn, sem talaði hér áðan um mannhelgi og lýðræði, það var þáverandi dómsmrh., Ólafur Thors. Og hverjir voru það, sem ætluðu eftir fordæmi fyrirmyndar sinnar í baráttunni gegn kommúnistum, Hitlers, að skapa sér þinghúsbrunaátyllu eins og hann til ofsóknar gegn alþýðu Íslands með ofbeldinu, kylfuhöggunum og eiturgasinu 30. marz? Var það ekki íhaldið í einingu andans við Framsókn og Alþýðuflokkinn, með Heimdallarskrílinn í herbergjum Framsóknar og nazistaleiðtogann í lögreglustjóraembættinu sem pólitískt sameiningartákn þessarar þokkalegu þrenningar? Svo dirfast þessir hræsnarar að bera alþýðunni, sem þeir berja til óbóta, ofbeldi á brýn. Fyrr má nú rota en dauðrota.

Stefán Jóh. Stefánsson sagði í gærkvöld, að við sósíalistar hefðum ekki notað rök í þinginu 30. marz. Hverjir voru það, sem kröfðust þess að fá að rökræða Atlantshafssamninginn á Alþingi 30. marz? Það vorum við sósíalistar. Hverjir neituðu um leyfi til að rökræða málið? Ríkisstjórnin. Það var beitt algeru ofbeldi við alþingismenn 29. og 30. marz. Öll þingsköp og þingvenjur voru þverbrotnar. Þm. voru sviptir málfrelsi. Þegar ég t. d. morguninn 30. marz

krafðist málfrelsis og rökræðna, trylltust ráðherrar Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson sérstaklega, og grenjuðu: Kastið honum út. Afgreiðsla Atlantshafssamningsins var alger lögleysa og ofbeldi gagnvart Alþingi Íslendinga. Sjálfur fyrrverandi fors.- og dómsmrh. Íslands, Hermann Jónasson, lýsti því yfir í greinargerð sinni um málið, að meðferð þess öll væri lögleysa. Og svo kemur forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, eftir að hafa framið þessi ofbeldisverk gagnvart Alþingi, neitað stjórnarandstöðunni um málfrelsi og rökræður, og hrópar út yfir landsbyggðina: „Kommúnistar notuðu ekki rök.“ Finnst ykkur ekki, hlustendur góðir, að það þurfi meira en meðalbrjóstheilindi til svona framferðis. Svona tala mennirnir, sem óttuðust og bönnuðu rökræður, óttuðust og neituðu þjóðaratkvæðagreiðslu og óttast nú og skjálfa fyrir þjóðardómi. Þeir vita, að sá dómur verður pólitískur dauðadómur þessara stjórnarherra, sem nú hafa gengið sér til húðar fyrir ameríska og íslenzka auðvaldið.

Stefán Jóh. Stefánsson svívirti borgara Rvíkur, sem hann lét berja og kasta gasbombum á 30. marz, með því að kalla þá skríl hér í gærkvöld. Hann kvað fólkið, sem hann lét hvítliðaskríl sinn berja til óbóta, hafa hrópað að sér að grýta hann. Stefán Jóh. Stefánsson fékk þann kinnhest, sem honum hæfði, frá íslenzkri þjóðarsál fyrir þjóðsvikin 30. marz. En hver á svo að trúa, að forsrh., svo hræddur sem hann þá var, hafi frekar sagt satt í gærkvöld en þegar hann var staðinn að þeim ósannindum hér í þinginu að segja, að stj. hefði ekki Atlantshafssamninginn, daginn eftir að einn ráðherranna las samninginn upp fyrir einum þingmanni flokks síns? Það er víst allt svipaður sannleikur, sem Stefán Jóh. Stefánsson segir, og í gærkvöld, þegar hann sagði, að nýju síldarverksmiðjurnar hefðu verið áætlaðar á 16 millj., en sannleikurinn er, að það var aðeins önnur áætluð á 16 millj. Það er alltaf beitt sömu rökvísinni.

Stjórnarliðið kveinkar sér út af 30. marz, — ekki aðeins út af hinum þunga dómi þjóðarinnar, sem ríkisstj. þegar hefur fengið út af þjóðsvikunum þann dag, heldur líka út af hugsanlegum möguleikum á alhliða rannsókn þess máls. Við sósialistar höfum lagt fram þáltill. í Nd. um skipan 5 manna rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tildrög óeirðanna. Stjórnarflokkarnir mundu hafa 4 menn, en við aðeins einn í slíkri nefnd. Samt þora þeir ekki að skipa hana. Það á að kæfa og hindra alla hlutlausa rannsókn þess máls og stinga sönnunargögnunum um sekt ríkisstj. undir stól.

Bæði Stefán Jóh. Stefánsson og Bjarni Benediktsson gáfu hér mjög skemmtilega yfirlýsingu í gærkvöld. Hátíðlega mæltu þeir: Aldrei, aldrei að eilífu skulum við hafa samstarf við ótætis kommúnistana. Við skiljum, hvað þeir meina. Þeir eru að fullvissa stólkonunginn í Miklagarði nútímans, Washington, um órjúfandi tryggð litla lénsmannsins hér á Íslandi við lénsdrottin sinn í krossferð auðvaldsins gegn sósíalisma, verkalýðshreyfingunni og þjóðfrelsi heimsins. Það má vel vera, að þeim takist að svíkja út nokkrar Marshall-milljónir út á svona yfirlýsingar. En fyrir okkur Íslendinga, sem höfum fylgzt með í stjórnmálabaráttu síðustu áratuga, eru slíkar yfirlýsingar Alþfl. og Íhaldsins hlægilegar.

1936 samþykkti Alþfl. á þingi sínu hátíðlega: Aldrei að eilífu samfylkingu við kommúnista. — Tveimur árum síðar var Alþfl. klofnaður og allir beztu menn hans, forustan úr sterkustu verkalýðsfélögum landsins, höfðu skapað þau órjúfandi samtök sósíalista á Íslandi, sem nú er Sósíalistaflokkurinn. Íhaldið gaf rétt fyrir nýár 1940 hátíðlega bannfæringu á Sósfl., hann skyldi vera óalandi og óferjandi, enginn mætti hafa samstarf við svona vonda menn. Síðan liðu rúm tvö ár, og þá var það Íhaldið, sem var komið í samstarf við sósíalista um gerbreytingu kjördæmaskipunarinnar og varð að samþykkja lögin um að afnema eigið afkvæmi, gerðardómslögin, í ágúst 1942. Hvaða lifandi maður tekur mark á þessum flokkum? Alþýða Íslands hlær að yfirlýsingum þeirra. Hún dæmir þá af reynslunni. En oss sósíalistum þætti vænt um, að yfirlýsingar þeirra væru teknar alvarlega, því að sá flokkur, sem ekki vill vinna með íslenzkum sósíalistum, er dauðadæmdur af íslenzkum kjósendum. Þjóðin hefur þá reynslu af síðustu árum, að í eina skiptið, sem hægt hefur verið að láta Íhaldið vinna þjóðnytjastarf, það var í samstarfi við sósíalista. Og í eina skiptið, sem Alþfl. sveik ekki allt, sem hann lofaði, það var þegar hann var dreginn á hárinu til samstarfs við sósíalista og neyddur til að vinna að umbótum, sem ríkisstj. Alþfl. er nú að eyðileggja. Svo hótar Stefán Jóh. Stefánsson að reka og reka alla hina óþægu, öll handbendi kommúnista, eins og hann orðar það. Stefán Jóhann er auðsjáanlega búinn að gleyma, hvað gerðist, eftir að hann rak Héðin Valdimarsson á árunum, — þá rak hann Reykvíkinga frá Alþfl. Nú ætlar hann að reka Hannibal Valdimarsson. Við óskum honum til hamingju með að reka Ísafjörð og Vestfirði frá Alþfl. Ég vil þó taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að Stefán Jóhann er ekki gerður út af okkur til að eyðileggja Alþfl. Hann tekur þetta upp hjá sjálfum sér. Þá, sem guðirnir vilja tortíma, svipta þeir vitinu. Ofstæki mannsins og ill samvizka, eitt af svikunum við fólkið, valda þessu sjálfskaparviti.

Emil Jónsson sagði um fjárfestinguna á nýbyggingarreikningi, að Alþfl. hefði sett skilyrði um 300 millj. og eins hefði Sósfl. getað sett skilyrði um 500 millj. Hver er sannleikurinn um þetta? Sósfl. var búinn að semja við Sjálfstfl. um, að allar inneignirnar, 580 millj., yrðu lagðar á nýbyggingarreikning. En það var ekki hægt að mynda þá stjórn, nema Alþfl. yrði með, og hann gerði það að skilyrði, að nýbyggingarféð væri minnkað niður í 300 millj., og að því varð að ganga eða sleppa stjórnarmyndun og glata öllum þeim nýsköpunartækifærum, er þá voru.

Það, sem mest hefur borið á í ræðum stjórnarsinnanna í þessum umr., er uppgjöfin, upp-

gjöfin við að stjórna þessu landi. Þegar við Íslendingar loksins eftir 7 alda erlenda kúgun höfum aftur náð valdinu til þess að stjórna einir landi voru, þá koma þessir menn og hrópa: Við getum ekki selt ísfisk, við getum ekki selt freðfisk til Englands, nema ofurselja landið undir vald engilsaxnesku auðhringanna, sem fláðu okkur og féflettu fyrir stríðið. Þeir gefast upp á að stjórna þessu landi, þegar það er betur búið stórvirkum tækjum og auðugra að öllu en nokkru sinni fyrr í sögu þess. Þeir segja: Við verðum að fá ölmusu frá Ameríku til þess að geta lafað við völd. Og þeir hafa gert Íslendinga að styrkþegum, sett Ísland á ameríska hreppinn, og sjálfir eru þeir nú sem hreppstjórar, sem vægðarlaust beita kylfunum gegn öllum þeim, sem ekki vilja Ísland sem herstöð fyrir ameríska auðkýfinga og íslenzku þjóðina sem skákpeð fyrir auðkónga Wall Street.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki notað tíma minn hér til að gera upp reikninga síðustu stjórnar, nema það, sem ekki hefur verið hægt að komast hjá að minnast á í sambandi við þau verkefni, sem núverandi stj. er að glíma við. En það, sem drepið hefur verið á, virðist hafa komið heldur illa við þm. G-K. Hann vill skiljanlega sem minnst um fortíðina tala. Út af því, sem ég sagði áðan, var hann að spyrja, hvort ástandið hafi verið eins slæmt og menn segja. Já, það var sannarlega eins slæmt og menn segja og meira að segja miklu verra. Hann spurði líka: Var gjaldeyririnn búinn? Já, hann var búinn. Enn spurði hann: Var búnaðarráð eins slæmt fyrir bændur og af er látið, og voru fjárlögin 1947 svo voðalega há? Já, búnaðarráðið var ekki viðunandi lausn fyrir bændur, og fjárlögin voru gífurlega há, og er auðvelt að sýna, að hækkunin varð þá 80—90 millj., sem stafaði af aðgerðum fyrrv. stj. Þegar þetta er athugað, er ákaflega eðlilegt, að þm. G-K. vilji sem minnst um fortíðina tala.

Hæstv. fjmrh. var að kvarta undan því í sinni ræðu, að Tíminn hefði sagt, að fjárlfrv. hefði verið afgr. frá fjmrh. með tugmilljóna króna halla. Það, sem blaðið kvartaði um, var það, að ekki hefði verið gert ráð fyrir nauðsynlegum útgjöldum vegna dýrtíðarinnar, sem óhjákvæmileg væru, meðan sömu stefnu væri haldið. Enn fremur sagði fjmrh., að einn flokkurinn, sem stæði að ríkisstj., hefði neitað honum um heimild til að draga úr verklegum framkvæmdum, ef þurfa þætti. Þetta er rétt, og ég vil taka fram, að þetta var Framsfl. Við álítum ekki rétt að heimila niðurskurð á þeim verklegu framkvæmdum, sem ákveðnar væru af Alþingi, þegar komið er fram í mai sama árið og þær á að vinna. Ef Alþingi getur ekki tekið nú ákvarðanir um, hvað á að gera á þessu ári, þá virðist alls ekki hægt að taka ákvarðanir um nokkrar framkvæmdir hjá hinu opinbera, enda algerlega ófært að fara síðar á árinu að skera niður þær framkvæmdir, sem þegar eru hafnar og ef til vill unnar eftir fastri áætlun. Auk þess er það alveg rétt, að Framsfl. var ófáanlegur til að lækka framlag til verklegra framkvæmda.

Þá minntist fjmrh. á skömmtunina og að æskilegt væri, að úr henni yrði dregið. Við framsóknarmenn erum fylgjandi því, að hætt verði að skammta kornvöru, kaffi og benzín, en vegna þess, hvernig högum okkar er háttað nú, sjáum við okkur ekki fært að fylgja fleiri undanþágum frá skömmtun. Hitt höfum við lagt áherzlu á, að skömmtunarseðlarnir væru látnir gilda sem innkaupaheimild, svo að sérhver maður fengi að verzla þar, sem hann fær bezt og hagkvæmust kjör. Þetta höfum við ekki fengið samþykkt, og má það furðu sæta, þar sem svo mikið réttlætismál er á ferðinni, en sérréttindi vissra manna virðast þar vera í veginum, og við þeim má ekki snerta.

Hv. 6. landsk., Steingrímur Aðalsteinsson, vildi deila á Framsfl. fyrir það, að hann hefði ekki barizt gegn verðbólgunni, eins og lofað hefði verið. Það er rétt, að Framsfl. lofaði að berjast gegn verðbólgunni, og það hefur verið gert með þeim aðferðum, sem hægt hefur verið að ná samkomulagi um. Hins vegar er því ekki að neita, að margar till. okkar í dýrtíðarmálunum hefur ekki enn orðið samkomulag um. En það, sem veldur erfiðleikunum nú, er viðskilnaður fyrrv. ríkisstj., og þar átti Sósfl. sinn snara þátt. Það má því segja, að ádeilur 6. landsk. á Framsfl. komi úr hörðustu átt.

Þá sagði 6. landsk., að Framsfl. hefði lofað að koma lagi á verzlunarmálin, en samt væri ástandið aldrei verra en nú, og þess vegna væru till. þær, sem bornar hafa verið fram, ekki annað en málamyndatill. Það er alveg nýtt, ef það er flm. till. að kenna, þó að þær séu felldar af öðrum, og ekki getur Framsfl. gert að því, þótt þm. Alþfl. í Ed. felldu frv. um breytingu á innflutningsfyrirkomulaginu. Annars held ég, að það væri hollt fyrir þm. að minnast þess tíma, þegar kommúnistar voru í ríkisstj., því að þeir gerðu aldrei neinar till. til úrbóta í þessu efni, enda höfðu heildsalarnir aldrei betri aðstöðu en í stjórnartíð þeirra, og ekki er mér kunnugt um, að stjórnarsamstarfið þá hafi strandað á ágreiningi í verzlunarmálunum, — nei, það heyrðist ekki nefnt. Ég tel því hollast fyrir þessa menn að tala sem minnst um sök Framsfl. á verzlunarólaginu. Sannleikurinn er sá, að kommúnistarnir hafa verið þarfasti þjónn auðvaldsins undangengin ár. Síðan þeir klufu Alþfl. hefur ekki verið hægt að mynda stjórn nema með Sjálfstfl., sem heldur í sérréttindaaðstöðu heildsala og annarra auðmanna eins lengi og mögulegt er, en sjálfir eru kommúnistar ekki samstarfshæfir. Þetta er ávöxturinn af þeirra starfi. Út yfir tekur þó, þegar rifjað er upp samstarf þeirra í ríkisstj. með Sjálfstfl., því að þar virðast þeir hafa skilið eftir utangarðs öll sín stærstu baráttumál, eftir því sem þeir lýsa sjálfir. Eða hvernig lýsa þeir hag verkalýðsins í landinu, sem þeir þykjast alltaf vera að berjast fyrir, eftir að hafa sitið við völd með auðmönnunum rúm tvö ár? Sú lýsing er ófögur, þó að ekki sé meira sagt. Svo eru þessir menn að stæra sig af því að hafa átt þátt í að kaupa inn til lands-

ins 30 togara fyrir allan þann auð, sem þjóðin hafði þá úr að spila. En sósialistum láðist að geta þess nú, hvað þeir hefðu knúið Sjálfstfl. til þess að framkvæma mikið fyrir alþýðuna, þegar þeir gengu frá samningum um togarakaupin. Þeir gleymdu því þá, að þessa togara þurftu að eignast fleiri en þeir, sem höfðu nóg af peningum, og urðu þeir að fara til Framsfl., sem var í stjórnarandstöðu, til þess að dreifbýlið gæti einnig fengið einhverja úrlausn. Um þetta sá Framsfl., þó að Sósfl. hafi láðst að geta um það og segi, að Framsfl. hafi verið á móti nýsköpun. — Loddaraleikur kommúnista ríður ekki við einteyming. Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talaði næst á eftir hv. þm. G-K., Ólafi Thors, og byrjaði hann ræðu sína með þessum orðum: „Einn af milljónamæringum Rvíkur var að tala.“ En hvað sagði þessi sami hv. þm. við síðustu alþingiskosningar vorið 1946? Þá kallaði þessi þm. Ólaf Thors foringja hins frjálslyndari hluta Sjálfstfl. og herra Ólaf Thors. Þetta er aðeins lítið sýnishorn.

Kommúnistar hlakka nú yfir því ástandi, sem orðið er í fjárhags- og atvinnumálum landsins. Þeim mun finnast allt hafa gengið eftir áætlun. Þeir voru a. m. k. potturinn, og allir vita hver var pannan í því að koma þessu ástandi á, og sífellt halda þeir áfram að ýta undir allt, sem þeir geta hugsað sér, að geti orðið til þess að gera ástandið enn verra. Síðan standa þeir álengdar og hrópa að þeim, sem leitast við að koma í veg fyrir sárustu afleiðingar af því öngþveiti, sem skapazt hefur, og leita að úrræðum til viðreisnar. Kommúnistar senda tóninn eins og óknyttastrákar, sem framið hafa strákapör, og hælast um í fjarlægð yfir þeim erfiðleikum, sem þeir hafa valdið. Í öllum þeim raunum, sem þeir eiga við að búa vegna berlegrar þjónustu við erlendan málstað og hagsmuni, eygja þeir einn ljósan punkt: Það eru vandræðin, sem að steðja í innanlandsmálum. En er nú víst, að kommúnistar hafi ástæðu til þess að hlakka yfir því? Að sjálfsögðu veltur það mikið á því, með hve miklum manndómi öðrum auðnast að taka á vandamálunum, og þá ekki síður á hinu, hvern skilning almenningur hefur á því, hverjar eru orsakir þess, hversu nú er komið. Kommúnistar hafa tæpast gert sér grein fyrir því, að í augum skynsamra manna leika þeir sama hlutverk og maðurinn, sem hjálpaði til þess að hrinda ofan í fenið og leitaðist síðan við, eftir því sem hann gat, að ýta dýpra og dýpra, gerði síðan óp að björgunarmönnunum og kenndi þeim um ófarir þær og hrakninga, sem af þessu leiddi. Sá maður hlaut ekki virðingu áhorfenda né traust. Á sama hátt mun fara fyrir kommúnistum. Þeir munu hljóta óvirðingu og vantraust þeirra manna, sem sjáandi hafa horft á atburði síðustu ára í þjóðlífi Íslendinga.

Talsmenn kommúnista í þessum umræðum hafa verið að klifa á ágreiningi og jafnvel klofningi í Framsfl. Það er óhætt að segja þessum mönnum, að það er valt fyrir þá að byggja framavonir sínar og valdadrauma á óeiningu í Framsfl. Þeir, sem hnýttir eru á prælaband, skilja ekki, hvernig frjálsir menn vinna í flokki. Þeir skilja ekki, að frjálsir menn, sem vinna að sameiginlegum áhugamálum, þurfa ekki að fara í felur með það, þótt þá greini á um starfsaðferðir eða einstök atriði. Þeir skilja ekki, að þeir, sem berjast fyrir sameiginlegri stefnu og sameiginlegum áhugamálum, geta verið jafnöruggir samherjar, þótt þeir ræði hreinskilnislega og hispurslaust fyrir opnum tjöldum það, sem á milli kann að bera um starfsaðferðir stöku sinnum. Í félagi frjálsra manna er slíkt eðlilegt, vekur enga furðu og er styrkleika- en ekki veikleikamerki. Í prælahúsinu er öðru máli að gegna. Þar verður að byrgja alla glugga, á meðan þrætt er upp á bandið. Þeir, sem þar eiga heima, skilja ekki vinnubrögð og starfshætti frjálsra manna, og þess vegna er þetta barnalega tal um klofning í Framsfl.

Framsfl. veit, hvað hann vill, og hann hefur hagað störfum sínum undanfarið þannig, að landsmenn þekkja hans áhuga- og baráttumál og vita, að honum er óhætt að treysta. Framsfl. hefur gert sér grein fyrir því, á hvað leggja beri mesta áherzlu í baráttunni á næstunni, og framsóknarmenn standa saman um það. Hver einasti framsóknarmaður er sannfærðari um það nú en nokkru sinni fyrr, að það veltur á miklu fyrir íslenzku þjóðina, að Framsfl. verði efldur og sú stefna, sem hann berst fyrir. Fyrir því munu flokksmenn allir berjast og til liðs við þá munu margir koma. — Þetta er sagan um ágreininginn í Framsfl.

Þessar umr. hafa nú staðið tvö kvöld og hafa að mínum dómi sýnt meðal annars: Að kommúnistar hafa ekkert til málanna að leggja annað en það, að Íslendingar slíti öllu sambandi við Vesturlönd, hafni Marshallsamvinnu, fari úr Atlantshafsbandalaginu, verði leppríki Rússa og byggi alla sína pólitík, atvinnu og tilveru á samstöðu og sambandi við Rússa. Að þeir eru svo lítilsigldir, að þeir þora ekki að segja þetta berum orðum, en taka heldur þann kostinn að þvæla hér gersamlega samhengislausar langlokur á móti öllu, sem gert er, sem fyrst verða skiljanlegar mönnum með fullu viti, þegar þær eru botnaðar fyrir þá á þennan hátt. Að kommúnistar eru að burðast við að kalla þessa þjónustu við steinrunnið afturhald austur í löndum, sem byggir á hernaðareinræði, vinstri stefnu og stefnu gegn auðvaldi og sérréttindum, en eru þó sannir að því, að aldrei hefur auðvaldið á Íslandi né sérréttindastéttirnar lifað slíkt dýrðartímabil og þegar kommúnistar voru í stjórn hér um árið. Að kommúnistar voru a. m. k. potturinn í því að koma á því ástandi, sem nú ríkir og hefur ríkt um skeið í þjóðmálum Íslendinga, og eru ráðnir í því, sem vænta mátti, að hafa þau ein afskipti af þjóðmálum á næstunni að hindra nauðsynlegar framkvæmdir til viðreisnar, ef þeir geta. Þá hefur enn fremur verið sýnt fram á, að í tíð núv. stj. hafi orðið stefnubreyting til bóta í landbúnaðarmálum, fjárfestingu og gjaldeyrismálum, — að ekki hefur tekizt að stöðva verðbólguna, en hins vegar að draga mjög úr áframhaldandi vexti hennar, með margvíslegum ráðum, — að ástandið er nú þannig, að svo búið getur ekki staðið, — að

nýjar kauphækkanir hljóti að vekja nýja verðbólguöldu, er krefjist gagnráðstafana svo að segja samtímis, og að leiðin er sú að grípa nú til nýrra ráða, sem auka kaupmátt peninganna, og jafnframt annarra, sem koma á auknu jafnvægi í fjármálum og samræmi milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Það hefur verið sýnt fram á, að nú veltur kannske mest á því, að launastéttirnar beiti afli sínu til þess að knýja fram réttlátar ráðstafanir í þessa stefnu og starfi að því afdráttarlaust með alvöru að setja samræmingarkröfur sínar í samband við slíka jákvæða stefnu. — Loks hef ég leyft mér að undirstrika, að ástandið er svo alvarlegt, að til skarar verður að skríða um það nú í sumar, hvort samstaða er um hagnýtar björgunarráðstafanir eða ekki. Og sú nauðsyn minnkar ekki, heldur vex, ef vorið verður notað til þess að reisa nýja verðbólguöldu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Í upphafi ræðu minnar í gær taldi ég upp nokkrar fjarstæðufullyrðingar kommúnista. Ég leiddi rök að því, hversu haldlaus þessi hrópyrði væru. En ekki dugði það sem aðvörun til hv. 6. landsk., Steingríms Aðalsteinssonar. Hann endurtók áðan, að það væri stefna ríkisstj. að auka dýrtíðina, að húsbyggingar væru stöðvaðar, að atvinnuleysi hefði haldið innreið sína, að stj. hefði hætt við alla nýsköpun, að hún hefði valdið því, að nýsköpunartogararnir hefðu langan tíma verið bundnir við bryggju. Og svo kryddaði hann þessar áður hröktu fullyrðingar sínar með því að segja, að ríkisstj. skriði betlandi að fótum Bandaríkjavaldsins, að þar væri samábyrgð í svikráðum og að landsalan héldi henni saman. Og auk þess vitnaði hann til bragðbætis í greinar Hermanns Jónassonar. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu skrafi. Ég hef í gær í ræðu minni sýnt fram á, að núv. ríkisstj. hefur barizt — og með nokkrum árangri — gegn verðbólgunni, að stutt hefur verið verulega að hagkvæmum húsbyggingum, að sem betur fer hefur tekizt að halda við fullri atvinnu í landinu, að nýsköpuninni hefur verið haldið áfram af miklu kappi, að kommúnistar reyndu með öllu móti að hindra lausn togaradeilunnar og ríkisstj. átti góðan og gildan þátt í lausn hennar. Þannig eru öll árásarstóryrði kommúnista fullkomin öfugmæli. Það, sem þeir finna að, eru syndir þeirra sjálfra. Þeir virtust heldur engan áhuga hafa fyrir umbótamálum innanlands, á meðan þeir voru í ríkistj., en voru þá fjötur um fót margra góðra framkvæmda. En verkefni þeirra var þá og allt annað. Þeir sátu þá fyrst og fremst sem fulltrúar erlends stórveldis, til þess að gæta hagsmuna þess. Og þegar þeir töldu, að þeir gætu ekki hindrað samstarf Íslands við lýðræðisríkin, þá ruku þeir í burtu. Og reynslan af setu þeirra í ríkisstj. var dýrkeypt, en hún verður þó vissulega til þess, að það verður í fyrsta og síðasta sinn, sem íslenzkir lýðræðisflokkar taka höndum saman við slíkan bylting- og ofbeldisflokk.

Þá var hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, eitthvað að tala um feimni við gengislækkun. Það er að vísu satt, að kommúnistar voru ekkert feimnir við að bera fram till. í lok fyrra árs í sambandi við ábyrgð á útfluttum sjávarafurðum, er höfðu í för með sér gengislækkun að verulegu leyti.

Þá var þessi hv. þm. að tala um, að núv. ríkisstj. hefði búið vel að auðvaldinu og að hér hafi komið til sögunnar margir miljónamæringar. En hvernig var það á meðan kommúnistar voru í ríkisstj.? Var búið illa að þeim þá? Urðu þeir ekki flestir til á þeim tímum?

Sami þm., Einar Olgeirsson, talaði um umbætur fyrrv. ríkisstj., svo sem alþýðutryggingarnar, launal., verkamannabústaðina, nýsköpunina. Allt var þetta gert eftir skilyrðum Alþfl., án nokkurs áhuga af hálfu kommúnista. Það eru hrein og bein ósannindi, að kommúnistar hafi sett nokkur skilyrði, önnur en almennan orðaflaum. En nýsköpun kommúnista er fræg hvað snertir byggingu síldarverksmiðjanna nýju, landssmiðjunnar, bátabyggingar o. fl. Þetta er þeirra eina nýsköpun, og hún er fræg að endemum.

Og svo var þessi hv. þm., Einar Olgeirsson, að hrósa sér og flokki sínum af hollustu við lýðræðið, og nefndi þá 30. marz t. d. Fyrr má nú rota en dauðrota. Þjóðin þekkir þessi lýðræðisafrek kommúnista. Í þessu sambandi ræddi hann um till. hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, um rannsókn á atburðunum 30. marz. Saga þeirrar till. er merkileg. Kommúnistar heimtuðu hana á dagskrá og var þá borin fram svo hljóðandi rökstudd dagskrártill.:

„Þar eð alþm. voru sjónarvottar að óspektunum 30. marz s. l. og er því öllum ljóst, hverjir sök áttu á þeim, og málið auk þess er í rannsókn hjá sakadómara, telur neðri deild Alþingis tillögu þessa tilefnislausa og lætur í ljós undrun sína yfir flutningi hennar, og hún átelur málflutning þm. Siglf. í grg. till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Það var vitað, að þessi till. átti víst fylgi allra andstæðinga kommúnista. Hvað skeði þá? Kommúnistar hófu málþóf og þæfðu fram og aftur, til þess að þessi rökst. dagskrá yrði ekki samþ.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talaði um brottrekstur úr flokki og áminningar. En hvað má þá segja um sessunaut hans, hv. 11. landsk., Hermann Guðmundsson. Þegar hann gerðist svo djarfur að vilja ekki hlýða fyrirmælum kommúnista um að beita ofbeldi á síðasta alþýðusambandsþingi, þá stóð til að reka hann úr flokknum, og síðan er hann í algerðri sóttkví í flokki sínum. Það má vera, að þessi járnharði agi kommúnista hér eins og annars staðar verði til þess, að þeir sem ekki játa syndir sínar og biðjast afsökunar, verði að fara úr flokknum.

Þegar eldhúsumræðunum er að ljúka að þessu sinni, er ekki ófróðlegt að staldra við eitt andartak og veita því athygli, hvað þær hafa einkum leitt í ljós. Stjórnarandstaðan, kommúnistar, hafa þar borið fram sífendurteknar fullyrðingar og rakalausar ásakanir í garð ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Kommún-

istar, sem verst, gálauslegast og ábyrgðarminnst hafa farið með fé ríkissjóðs, eins og margsannað hefur verið í þessum umr., saka nú andstæðinga sína um fjárbruðl og fyrirhyggjuleysi. Þessir sömu menn, sem beitt hafa öllu afli sínu til þess að stuðla að vinnustöðvunum, margs konar vandkvæðum í sambandi við framleiðsluna og aukinni dýrtíð og leitazt við að skapa með því öngþveiti, dirfast nú að hefja árásir á aðra fyrir það, að ekki hefur tekizt að ráða bót á verðbólgunni. Ég minntist á það í ræðu minni í gærkvöld, að þar hefur verið við ramman reip að draga fyrir ríkisstj., en hún hefur gert það, sem í hennar valdi hefur staðið, og áfram vinnur hún að því að koma á samkomulagi milli allra ábyrgra aðila, sem hlut eiga að máli, til þess að koma í veg fyrir, að verðbólgan stöðvi framleiðsluna og stofni þannig til atvinnuleysis. Sá hinn sami flokkur, kommúnistar, sem sannanlega fer eftir fyrirskipunum frá erlendum aðilum og fylgir í blindni hinni austrænu utanríkisstefnu, gerist einnig svo djarfur að áfellast aðra, sem unnið hafa að því, að Ísland yrði virkur aðili að viðreisnaráformum Vestur-Evrópu með Marshallaðstoðinni, sem einnig hafa unnið að samtökum hinna sömu þjóða til að verjast yfirgangi einræðisríkja og til styrktar friði og öryggi í heiminum. Ófrið er einungis að óttast frá einræðisríkjum. Það er gömul og ný kenning Lenins og Stalins, að kommúnistar hljóti að leggja til beinnar orustu með vopnavaldi fyrr eða síðar gegn þeim þjóðfélögum, sem standa í vegi fyrir alheimsyfirráðum kommúnista. Auk þess er það eitt af einkennum allra einræðisríkja, sem einnig samkvæmt séreinkennum sínum keppa að útþenslu og valdaaukningu, að fyrr eða síðar ber að þeim brunni, að þau ögra svo friðsömum þjóðum með framkomu sinni, að til beinna átaka getur leitt, eða beinlínis ráðast á þær. Það er öllum kunnugt, hvernig einræðisríkið í austri hefur lagt undir sig friðsöm smáríki allt í kringum sig, bæði með beinu vopnavaldi og einnig með aðstoð þeirra fimmtu herdeilda, sem kommúnistar eru í öllum löndum. Ótti við stríð stafar einungis frá einræðisríkjum og það er sízt að furða, þótt lýðræðisríkin, sem eru friðsöm í eðli sínu, bindist samtökum sér til varnar og til þess að reyna að hindra, að til ófriðar dragi.

Stefna og starfsaðferðir Alþfl. á Íslandi fara eftir sömu höfuðlínum og fylgt er hjá sósíaldemókrötum allra annarra landa, bæði í innanlands- og utanríkismálum. Jafnaðarmenn fara annaðhvort einir með stjórn eða eru þátttakendur í stjórnum allra ríkja Vestur-Evrópu. Kommúnistar eru þar alls staðar utan gátta, því að lýðræðisflokkarnir vilja ekkert hafa saman við þá að sælda um stjórn landsins. Og það er mjög eftirtektarvert, að þau ein ríki hér í álfu, sem hætt hafa öllu samstarfi við kommúnista um stjórn landsins, halda nú fullu frelsi sínu. Alls staðar er stefna jafnaðarmanna og starfsaðferðir í höfuðdráttum á þá lund, að keppzt er við að skapa traustan fjárhagsgrundvöll fyrir framtíðina, auka framleiðsluna og viðhalda nægri atvinnu og svo góðum kjörum vinnandi stétta sem frekast er unnt. Hafa þeir yfirleitt fylgt svokallaðri stöðvunarleið, þ. e. að halda verðlagi og kaupi sem mest föstu. Jafnaðarmenn vinna einnig að því að hindra, að verðbólga kæfi atvinnulífið, því að það yrði fljótlega þungur baggi allri alþýðu manna. Og í utanríkismálum er sú stefna ráðandi meðal allra jafnaðarmanna, að lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu beri að hnappa sér saman, til þess með gagnkvæmri aðstoð að vinna að fjárhagslegri viðreisn, eins og komið hefur í ljós með undirbúningi og framkvæmd Marshalláætlunarinnar. Og til tryggingar friði og frelsi lýðræðisríkjanna hafa jafnaðarmenn yfirleitt gengið fram fyrir skjöldu við stofnun Atlantshafsbandalagsins. Íslenzkir jafnaðarmenn, Alþfl.-menn, hylla sömu hugsjónir og flokksbræður þeirra um heim allan. Skoðanir þeirra eru mótaðar af sama hugmyndakerfi og öll uppistaðan í starfsháttum þeirra er lýðræði. Alþfl. heitir því á alla þá menn á Íslandi, sem sjá það og vita, að það eru jafnaðarmenn, sem beztu og mestu hafa til leiðar komið fyrir almenning, að styðja Alþfl. til aukinna áhrifa í íslenzkum stjórnmálum. Samtímis því er Alþ.-fl. fús á að starfa með öðrum lýðræðis- og umbótaflokkum að viðreisn og framförum og til tryggingar friði, frelsi og farsæld á Íslandi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Af hálfu þeirra, sem voru á móti fyrrv. stj., er því nú haldið fram, að í þessum efnum hafi sannazt sakir á hana. Auðvitað var sú stj. ekki óskeikul fremur en aðrar, en nýsköpunin, sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir, er forsenda þess, að á einu ári jukust útflutningstekjur þjóðarinnar um 36%, eða rúmar 100 millj. Með þessu sannaðist ágæti nýsköpunarinnar svo, að ekki ætti framar að þurfa um að deila. Hitt er annað mál, að sú stj. skildi við ýmiss mál óleyst, eins og allar aðrar ríkisstj. fyrr og síðar hafa gert. Ætíð verður það samt talið kraftaverk, að Ólafi Thors tókst að hemja kommúnista svo um tveggja ára bil, að þeir gerðu þá þó ekki meira tjón en raun bar vitni um.

En náttúran er náminu ríkari, og jafnvel Ólafi Thors tókst ekki til lengdar að halda niðri hinum illu kommúnistisku tilhneigingum þessara manna. Við heyrðum nú, að þeir velja honum nú aðrar kveðjur en þeir áður gerðu.

Einar Olgeirsson kallaði Ólaf Thors, sem aldrei hefur verið ríkari en meðan kommúnistar þjónuðu honum í ríkisstj., þá í hverju orði „herra" með andagtarhreim. Nú kallaði Einar hann „milljónamæring" og taldi það eitt honum ærið til áfellis. Þetta nafn velur Einar Ólafi nú, þótt hann viti, að fyrirtæki Ólafs hafi í tíð núverandi stj. tapað stórfé, einmitt vegna þess, að lífskjörum verkamanna hefur verið haldið uppi á kostnað atvinnurekenda og þeirra betur stæðu í landinu.

Þá kom Einar Olgeirsson með sína gömlu þulu um „milljónamæringana" 200. Í þeirri upptalningu gleymdi Einar að geta þess, að meðal þessara 200 „milljónamæringa" eru félög eins og Kron, undir forustu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, og ýmsar aðrar stofnanir og einstakl-

ingar, sem standa kommúnistum mjög nærri og hafa mikil áhrif á gerðir þeirra og njóta velvildar þeirra og verndar.

Fram að þessu hefur sá verið talinn hér á Íslandi í hópi helztu lygara, sem logið hefur um helming, hvað þá sá, sem logið hefur tífalt. En í kvöld mátti sjá hér í ræðustólnum mann, sem laug hundraðfalt eða meira. Það var landsk. þm., Steingrímur Aðalsteinsson, sem hélt því fram, að kostnaðurinn af „Hæringi" væri 100 þús. kr. á hverjum einasta degi. Sannleikurinn er sá, að kostnaðurinn nær ekki hundraðasta hluta af þessari upphæð, og er þó ekki hægt að telja hann líkt því allan rekstrarkostnað, vegna þess að mikið af honum fer til umbóta á skipinu og ber þess vegna með réttu að telja til stofnkostnaðar.

Nú sakast kommúnistar um það, að lagt hafi verið í kostnað við að undirbúa móttöku vetrarsíldar. Þegar menn heyra það, munu margir minnast þess, að í fyrsta sinn, sem vetrarsíldin kom hér að nokkru marki, svo að menn yrðu varið við, haustið 1946, linntu kommúnistar ekki látunum í ásökunum sínum á bæjarstjórn Reykjavíkur yfir því, að þá skyldi ekki vera til hér síldarverksmiðjur og söltunarstöðvar til að taka á móti og vinna úr þessari síld, sem enginn þá hafði haft hugboð um, að von gæti verið á.

Um „Hæring" er sannleikurinn sá, að með honum var komið upp síldarverksmiðju á tilskildum tíma, á 7—8 mánuðum, þannig að hún hefði verið til, ef vetrarsíldin hefði komið hingað að þessu sinni. Hefur því ólíkt tekizt til um þá framkvæmd eða verksmiðjubyggingar þær, sem Áki Jakobsson beitti sér fyrir. Kostnaðurinn við þessa framkvæmd hefur einnig orðið svipaður því, sem áætlað var, eða hér um bil 8 millj. kr., og er mikill munur á því og framkvæmdum Áka, þar sem allt fór a. m. k. tvöfalt fram úr því, sem ráð hafði verið fyrir gert.

Þó að menn finni nú að ýmsu varðandi „Hæring", mundu aðfinningarnar hafa orðið enn þá meiri og réttmætari, ef hann hefði ekki verið fyrir hendi, hefði svo farið, að síld hefði veiðzt á s. l. vetri.

Er og á það að líta, að allur kostnaður við þessa framkvæmd er aðeins lítill hluti af flutningskostnaðinum einum á síldinni til Siglufjarðar 1947—48. Ef eitthvað verulega hefði veiðzt af síld í vetur, mundi þess vegna strax á þeim fáu mánuðum allur kostnaður við þessa nýju verksmiðju hafa unnizt upp á einum vetri. Það er hins vegar eftir Steingrími Aðalsteinssyni að taka síldarleysið í lið með sér til að ásaka „Hæring". Það fer vel á félagsskap þeirra Steingríms og síldarleysisins; þar hæfir vissulega skel kjafti.

Í ræðu minni í gær sýndi ég fram á, hvernig kommúnistar reyna að eyðileggja fjárhag ríkisins og íþyngja skattborgurum landsins með öllum hækkunartillögum á útgjöldum úr ríkissjóði, en standa á móti raunverulegum sparnaði. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka kommúnistar aðra fyrir, að skattabyrðin sé orðin allt of þung.

Ég sýndi fram á, hvernig kommúnistar vilja reyra allt í viðjar ríkisafskipta og kæfa einstaklingsframtak í skriffinnsku og ofstjórn. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka komúnistar aðra fyrir of mikla skriffinnsku og óþolandi útþenslu ríkisbáknsins.

Ég sýndi fram á, að kommúnistar stefna markvisst að því að gera íslenzka framleiðslu ósamkeppnisfæra sökum verðlags á erlendum mörkuðum. Í stað þess að segja satt til, saka kommúnistar aðra um ódugnað í markaðsöflun, þegar hún hefur tekizt betur en nokkru sinni fyrr.

Ég sýndi fram á, að kommúnistar hafa ekki ró í sínum beinum af ákefðinni í, að hér hefjist sem fyrst víðtækt atvinnuleysi og eymd almennings. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka kommúnistar svo aðra fyrir ýmist að vilja eða hafa komið á atvinnuleysi, þegar sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir óteljandi örðugleika hefur tekizt að halda fullu atvinnulífi í landinu og nær tvöfalt betri lífskjörum almennings en var fyrir stríð.

Ég sýndi fram á, að stefna kommúnista í markaðsmálum einkennist af stjórnmálalegu ofstæki, ofurást þeirra á harðstjórum austan við járntjaldið, en ofsalegu hatri á hinum frjálsu lýðræðisþjóðum í vestri. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka kommúnistar þá, er ná vilja mörkuðum fyrir íslenzkar afurðir sem allra víðast og án tillits til pólitískrar geðþekkni þeirra, sem skipt er við, um, að þeir láti stjórnast af stjórnmálaofstæki í þessum efnum.

Ég sýndi fram á, að kommúnistar vilja ótvírætt gera Ísland háð harðstjórunum fyrir austan járntjald með því að einangra viðskipti landsins sem allra mest við þau lönd, í því skyni að harðstjórarnir öðlist aðstöðu til að segja okkur fyrir um, hvers konar ríkisstj. við eigum að hafa á Íslandi. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka kommúnistar aðra fyrir, að þeir vilji gera Ísland háð erlendum ríkjum í viðskiptaefnum.

Ég sýndi fram á, hvernig kommúnistar fjandskapast við viðreisnaráformin í Evrópu, sem einnig miða að því að efla nýsköpun atvinnutækjanna á Íslandi og bæta lífskjör þjóðarinnar. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, ásaka kommúnistar aðra um fjandskap við nýsköpunina og viðleitni til að níðast á alþýðunni.

Ég sýndi fram á, hvernig kommúnistar á sínum tíma fögnuðu griðarsáttmála Stalins og Hitlers, sem var beinn undanfari heimsstyrjaldarinnar 1939. Í stað þess að segja satt til um þetta hátterni sitt, ásaka kommúnistar aðra fyrir, að þeir séu stríðsæsingamenn.

Ég sýndi fram á, hvernig kommúnistar hamast gegn Atlantshafssáttmálanum, sem nú þegar hefur haft meiri áhrif til friðunar Evrópu en nokkur önnur ein aðgerð áratugum saman. Í stað þess að segja satt til um stefnu sína, æpa kommúnistar um friðarást, jafnframt því sem þeir sjálfir beita ofbeldi og gleðjast yfir vaxandi útbreiðslu borgarastyrjaldarinnar í Kína.

Ég sýndi fram á, hvernig kommúnistar markvisst undirbjuggu ofbeldi og árásina á Alþingi 30. marz s. l. Í stað þess að segja satt til um gerðir sínar, ásaka þeir aðra, einmitt þá, sem héldu uppi röð og reglu og komu í veg fyrir verstu áform kommúnista, um, að þeir hafi stofnað til óspektanna.

Hvernig stendur á þessum fullkomna tvískinnungi, þessu einstaka fláræði, þessari stöðugu viðleitni til sundrungar, niðurrifs og upplausnar í þjóðfélaginu?

Er það eingöngu eða fyrst og fremst vegna þess, að kommúnistar séu svo illa innrættir, af því að þeir séu svo „vondir menn", eins og einn hinna hempuklæddu kallaði þá, þegar hann var að reyna að dylja, hverra erinda hann gengi í fjandskap sínum gegn Atlantshafssáttmálanum?

Nei, út af fyrir sig vilja þessir menn ekki verr en aðrir. Gallinn er sá, að þeir eru þrælar úreltrar og afsannaðrar kenningar um þjóðfélagsvandamál, trúa því, að engar umbætur á núverandi þjóðskipulagi dugi. Allt, sem hér er gert til bóta, horfir þess vegna í þeirra augum til ills. Þjóðskipulagið, fjárhagsfyrirkomulagið, menningin, trúin; allt er þetta feigt, öllu þessu verður að kollvarpa, að þessara manna dómi. Fyrst þegar þetta er komið í rústir, þá telja þeir, að hægt sé að byrja að byggja á ný. Ef þeir tryðu þessu ekki, þá væru þeir ekki sannir kommúnistar.

Að vísu telja þeir sér ekki hentugt í bili að kalla sig kommúnistaflokk. Það er miklu lengra og áferðarfegurra nafn, sem þeir nefna sig. En Áki Jakobsson játaði í fyrra á Alþingi, að hann og aðrir ráðandi menn í flokknum væru kommúnistar. Bæði hann og aðrir, jafnvel ómerkilegustu skriffinnar við Þjóðviljann, sækja öll flokksþing kommúnista erlendis, sem þeir eiga kost á.

Þeim, sem hlýddu á ræðu Brynjólfs Bjarnasonar á dögunum, er hann hótaði okkur sambingsmönnum sínum, að 800 milljónir manna, gráir fyrir járnum, mundu standa vörð á meðan sjálfur hann og flokksbræður hans hér á landi gerðu upp við okkur sakirnar og létu okkur hljóta örlög Quslings, engum, sem á þessi gífuryrði hlýddi, duldist, hvert Brynjólfur þóttist sækja styrk sinn. Hann vill að vísu ekki vita, að þær hundruð milljóna, sem búa í hinum kommúnistisku löndum, eru ofurseldar hinni harðsvíruðustu undirokun og kúgun, sem sagan greinir. Hitt skildi hann rétt, að einræðisherrarnir standa með sínum, hvar sem er í heiminum, hversu vesælir sem þeir eru. Hvarvetna styðja einræðisherrarnir þá, sem ganga erinda hins alþjóðlega kommúnisma. Það var til hins alþjóðlega kommúnisma, sem Brynjólfur Bjarnason sótti styrk sinn, þess kommúnisma, er Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, er einungis lítil deild af. Afstaða Brynjólfs Bjarnasonar gat og engum komið á óvart, eftir að menn höfðu áttað sig á boðskap hans frá 1941, um, að hér á landi mætti „skjóta án miskunnar", aðeins ef það kæmi Rússum að gagni.

Kommúnistar telja, að íslenzku þjóðinni, og raunar einnig völdum sjálfra þeirra, verði þá fyrst borgið, þegar hún sé orðin örlítill hluti af hinu kommúnistiska einræðisríki; þegar Ísland sé orðið hérað í Sóvétríkinu rússneska. Það er þetta, sem þessir menn sækjast eftir. Það er þetta, sem þeir trúa á af ofboðslegu ofstæki. Það er þetta, sem hefur gert þá að mönnum, sem vissulega hafa unnið til hegningar eftir íslenzkum lögum, en þó frekar ber að leiðbeina og hjúkra andlega en refsa.

Umfram allt verður þó að færa íslenzku þjóðinni heim sanninn um, hvað fyrir kommúnistum vakir og af hverju hegðun þeirra er jafnofboðsleg og raun ber vitni.

Þessum umræðum er að verða lokið. Þær hafa, svo sem vonir stóðu til, snúizt í sókn gegn kommúnistum, sókn, sem íslenzka þjóðin mun ekki láta niður falla fyrr en fylkingu þeirra er eytt og enginn flokkur á Íslandi dirfist að halda öðru fram en íslenzkum hagsmunum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. las hér upp áðan frávísunartill., sem kom fram í Nd. í dag, um það, að vísa frá þáltill. um, að d. skipi rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjskr. til þess að rannsaka tildrög óeirðanna 30. marz s. l. Þar var lagt til að vísa till. frá með þeim röksemdum, að þm. hafi verið sjónarvottar að þessum atburðum, og vegna þess að þm. hafi verið sjónarvottar, þá mætti ekki rannsaka tildrög óeirðanna. Finnst ykkur ekki röksemdin góð? Af því að þm. voru sjónarvottar, þá má ekki rannsaka tildrögin. Sem sé, ef menn eru vitni, þá á ekki að kalla þá fyrir. Þokkaleg réttvísi að tarna!

Hæstv. forsrh. talaði um, að við hefðum verið á móti því, að Ísland færi í Atlantshafsbandalagið, þetta friðarbandalag lýðræðisþjóðanna. En hæstv. forsrh. gleymir því, að eitt þessara ríkja, Holland, er brennimerkt sem árásarríki frammi fyrir öllum heimi af sameinuðu þjóðunum.

En hvað veldur annars þessum taugaóstyrk og blindni, þegar ræða á þessa hluti? Er það ef til vill það, að kreppa auðvaldsins kemur nær með hverjum degi og yfirdrottnun Vestur-Evrópuauðvaldsins yfir þeim Asíulöndum, sem það hefur arðsogið, er að hrynja fyrir voldugri sókn alþýðunnar í Austur-Asíu til frelsis og valda?

Hæstv. menntmrh. var að tala um réttlætisbaráttu alþýðunnar í verzlunarmálum, skamma sósíalista og lofa Alþfl. Því fær Eysteinn ekki þennan fína Alþfl. til að vera með réttlætismálinu? — Hæstv. menntmrh. minntist á nýsköpunartogarana. Það var nýbyggingarráð og við sósíalistar, sem knúðum það fram, að bæjarfélögin úti um land gátu keypt 10 nýsköpunartogara, með því að koma fram 75% láni í stofnlánadeildarl. móti vilja Eysteins Jónssonar. Og hvernig gengur nú með 10 togarana, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur keypt? Hæstv. menntmrh. hefur barizt gegn till. Sósfl. um að tryggja bæjarfélögum forgangsrétt að þeim og fengið þær felldar.

Hæstv. atvmrh. ætlaði að verja ráðstöfun

sína á trésmíðaverkstæðinu við Elliðaárvog með því, að þar hefði ekki verið hægt að smíða þá hluti, sem framleiða á í Silfurtúni. Ekki ótrúleg saga! En hann viðurkenndi, að hann hefði ráðstafað bátasmíðastöðinni á sínum tíma, á sama hátt og 8. landsk. þm. hefði sagt. Og hann reyndi ekki að mótmæla því, að þessi geysimikla verkstæðisbygging var skrifuð niður í verði um 600 þús. kr., eða 75%, til þess að láta Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda fá hana fyrir nógu lága leigu. En á þennan hátt er auðvelt að sýna taprekstur. En þannig falla áhugamál þessara manna allra inn í þann samnefnara að koma óvirðingum á fyrrv. atvmrh.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að við sósialistar hefðum lagt til að auka útgjöld ríkisins um 20—30 millj. kr. Hann kvartaði um, að við bentum ekki á tekjustofna upp í slík útgjöld. En ríkið á tekjustofna, sem það alls ekki hefur notað. Amerísku auðfélögin á Keflavíkurflugvellinum og starfsemi þeirra hefðu samkvæmt Keflavíkursamningnum átt að greiða tolla af 9/10 af innflutningi þeirra, skatta af 9/10 af starfsemi sinni. En hæstv. ríkisstj. hefur svikizt um að innheimta nokkuð af þessum tollum og sköttum. Samtímis því sem álögurnar hafa verið þyngdar svo á almenningi, að óbærilegar eru orðnar, þá er hinum amerísku vinum ríkisstj. hlíft við tollum og sköttum. Ameríkanar eru skattfrjáls herraþjóð í landi voru, eins og aðallinn var á einveldistímanum. Þannig framkvæmir ríkisstj. jafnréttið og yfirráð Íslendinga yfir landi sínu.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, talaði borginmannlega um, að kvikmyndirnar frá 30. marz, sem lögreglustjóri hefur bannað að sýna, skyldu verða sýndar seinna. Já, hvenær? Þegar Sjálfstfl. væri búinn að ná þeim og klippa úr þeim allt, sem honum er óþægilegt.

Hlustendur! Veitið því athygli á næstu mánuðum, hvað verður um kvikmynd þá, sem einn starfsmaður lögreglunnar, Sigurður Norðdal, tók 30. marz. Sú kvikmynd átti að leggjast fram sem sönnunargagn í hlutlausri réttarrannsókn, en Sjálfstfl. ætlar sér að komast yfir þessa kvikmynd lögreglunnar og klippa út úr henni og sýna hana síðan þannig afskræmda. Aðeins ykkar eftirlit og þessi orð mín gætu ef til vill hindrað slíka meðferð á sönnunargögnum. Svona er komið með réttvísi kylfunnar á Íslandi 1949.

Hæstv. dómsmrh. reyndi að nota sér mismæli í ræðu Steingríms Aðalsteinssonar. Hann sagði 100 þús. kr. á dag, en ætlaði að segja 100 þús. kr. á mánuði. — Hæstv. dómsmrh. sagði rangt frá, þegar hann talaði um samtöl okkar Ólafs Thors, og sagði, að ég hefði nefnt Ólaf Thors hr. Ólaf Thors. Það var Ólafur Thors, sem kallaði mig hr. Einar Olgeirsson. Hitt er rétt, að ég hef reynt að koma á samstarfi milli auðvaldsins og alþýðunnar, meðan þess hefur verið nokkur von, að til góðs gæti leitt fyrir þjóðina. Ég hef viljað forða þjóðinni frá þeirri harðstjórn og eyðileggingu á atvinnulífinu, sem styrjöld milli þessara ólíku stétta mundi valda. Það hefur ekki tekizt, og nú er það auðvaldsstj., sem hefur ráðizt vægðarlaust á kjör alþýðu og umbætur nýsköpunarstj., og þá er ekki um annað að gera fyrir alþýðuna en að taka vægðarlaust á móti.

Hæstv. samgmrh. talaði um UNNRA og Marshallhjálpina. Hver var munurinn á þessu tvennu? UNNRA var samhjálp allra þjóða, hugsuð og framkvæmd til þess að hjálpa öllum þeim, sem áttu um sárt að binda eftir stríðið. UNNRA byggðist á mannúð eingöngu. Þess vegna fögnuðum við UNNRA. En ameríska auðvaldið drap hana þrátt fyrir mótmæli allra Evrópuþjóðanna. Af hverju drápu Ameríkanar UNNRA? Af því að þeir vildu skapa samtök, sem þeir gætu ráðið og notað einvörðungu til pólitískrar og efnahagslegrar kúgunar. Í slíku skyni sköpuðu þeir Marshallhjálpina. Samkvæmt henni er ekki lengur úthlutað til þjóðanna, sem svelta. Þvert á móti er reynt að nota hungrið til að beygja nauðstaddar þjóðir undir ameríska okið. Þess vegna fá þær þjóðir Evrópu, sem verst urðu úti í stríðinu, enga hjálp. En samkvæmt Marhallaðstoðinni er ekki úthlutað eftir neyðinni, heldur eftir pólitískri þægð ríkisstjórnanna við ameríska auðvaldið. Þess vegna er íslenzka ríkið nú orðið nr. 1 í Marshallaðstoðinni.

Þá töluðu allir ráðh. um, að viss flokkur hlýddi erlendum fyrirskipunum, og Bjarni Ásgeirsson sagði, að hann hefði veraldlegu meðmælin frá Moskvu. Allir vita, að þetta er ósatt. En við vitum hins vegar upp á hár, þ. e. a. s. dollar, hvað ameríska auðvaldið greiddi fyrir verknaðinn 30. marz. Það upplýsti það frammi fyrir öllum heimi sama dag og ráðh. flugu vestur. Það voru 2½ millj. dollara. Ég veit ekki, af hverju Ameríkanar höfðu það ekki 3 milljónir dollara, eina milljón fyrir hvern ráðh., líklega hafa þeir verið að hlífa tilfinningum Framsóknar og reiknað þess vegna eina millj. fyrir Bjarna, eina millj. fyrir Emil og hálfa milljón fyrir Eystein, af því að hann er svo mikið á móti verðbólgunni. Og því verður ekki neitað, að það er gífurleg verðbólga, þegar vitað er, að forðum daga kostaði svona verknaður bara 30 silfurpeninga.

Íslendingar! Allt frá upphafi kynstofns vors hafa stórfenglegustu ljóð vor og sögur varað oss við einni örlagaþrunginni bölvun, er valdið geti tortímingu kynstofns vors. Eins og rauður þráður liggur í gegnum bókmenntir vorar allt frá Fáfnismálum og Völsungasögu til Matthíasar Jochumssonar og Stefáns G. viðvörunin við bölvun gullsins, bölvun þess ógnarauðs, sem safnast á örfáar hendur og veldur spillingu og kúgun, frelsistjóni og fjörs. Bölvun þess auðs, sem safnazt hefur á örfáar hendur, birtist nú í helstefnu þessarar ríkisstj., peningaauðvaldsins, birtist í kúgun hennar og álögum á alþýðu þessa lands, birtist í undirlægjuhætti hennar gagnvart auðdrottnum Ameríku. Bölvun þessa gulls hefur tælt höfðingja þessa lands til að ofurselja land sitt undir amerískt hervald og þjóð vora undir engilsaxneskt arðrán, eins og skefjalaus valdagirnd tældi höfðingja Sturlungaaldar til þess að selja

Ísland undir erlent konungsvald, sem við sluppum ekki undan fyrr en fyrir 5 árum.

„Hið gjalla gull
og hið glóðrauða fé,
þér verða þeir baugar að bana,"

sagði Fáfnir við Sigurð forðum daga, og varð að áhrinsorðum.

Íslenzk alþýða, íslenzk þjóð hefur aðeins eina leið til þess að afstýra söfnun auðsins á örfáar hendur, til að firra sjálfa oss og afkomendur vora frelsis- og fjörtjóni: Að skapa órofa þjóðfylkingu Íslendinga til þess að brjóta hlekki þessarar ríkisstj. og flokka hennar af þjóðinni, reka amerísku yfirgangsseggina burt af þeim Suðurnesjum, er þeir nú svívirða, skapa öryggi alþýðuheimilanna gegn atvinnuleysi og fátækt, leiða þjóðina fram til velmegunar og frelsis, tryggja Ísland fyrir Íslendinga.

Það er þetta, sem Sósfl. vill. Í baráttunni fyrir þessu, í frelsisbaráttu Íslendinga gegn erlendri ágengni og innlendri harðstjórn og auðkýfingavaldi, er Sósfl. viðbúinn til að taka höndum saman við þjóðholla Íslendinga, hvar í flokki sem þeir standa. Gagnvart þeim, sem eru að gera Ísland að fótskör fyrir járnhæl hins ameríska Mammons, sem nú þegar er byrjaður að troðka þjóðmenningu vora í svaðið suður á Reykjanesi, — gagnvart þessu eiga Íslendingar aðeins eitt svar: Einingu um Ísland, frelsi þess og farsæld.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31:8 atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 818).

36. Lántaka handa ríkissjóði.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði [63. mál] (þmfrv., A. 93).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og segir á þskj. 93 í greinargerð fjhn., er frv. þetta flutt samkv. beiðni fjmrh. Eins og kunnugt er, varðar það tilraun til að afla ríkissjóði tekna með svokölluðu happdrættisláni. Á s. l. sumri ákvað ríkisstj. að efna til slíks lánsútboðs, en undirbúningur þess tók nokkurn tíma, sem orsakaðist af vandasamri prentun o. fl. Upplýsinga var aflað hjá nágrannaþjóðunum, sem nokkuð hafa tíðkað þessa aðferð um fyrirkomulag hjá þeim. Lán þetta, að upphæð 15 millj. kr., var síðan boðið út og varð mjög vinsælt, þannig að öll skuldabréfin seldust upp á tæpum mánuði, og hefði verið hægt að selja meira. Fé því, sem inn kom við þetta lánsútboð, var varið til að grynna á skuld ríkissjóðs við Landsbankann og hjálpa til að ríkissjóður gæti staðið við ákvæði fjárlaga. En þrátt fyrir þetta lánsútboð nemur skuld ríkissjóðs við Landsbankann enn hárri upphæð. Allmikið af þessari skuld stafar af venjulegum útgjöldum ríkisins, en mikill hluti hennar stafar af öðrum fjárskuldbindingum ríkissjóðs, einkum ábyrgðum fyrir ýmsar stofnanir. Þess er að vænta, að allverulega grynnist á þessum skuldum um áramótin með inngreiðslu tekju- og eignarskatts. Tollstjóri hefur sagt mér, að óvenjulega háar upphæðir séu enn útistandandi af tekjuskattinum og hugsanlegt, að verði erfiðara að ná honum nú en að undanförnu. En beita verður venjulegum aðferðum til að ná honum fyrir áramót.

Ríkisstj. hefur nú ákveðið að fleyta annarri lántöku þessarar heimildar. Þetta happdrættislán er frábrugðið öðrum happdrættum að því leyti, að stofnfé tapast ekki, heldur er aðeins bundið um tíma, og getur þetta því hjálpað til að binda fé sem sparifé. Vinningarnir jafnast á við, að greiddir væru 5% vextir af láninu. Ætlazt er til, að tilhögun verði svipuð á þessu lánsútboði og hinu fyrra. Með fyrra láninu voru nægar heimildir í lögum, en fjmrn. áleit, að réttast væri að leita til Alþ. með þetta útboð. Mjög er líklegt, að góður sölutími sé nú um áramótin, sérstaklega í desember. Mér hefur verið bent á, að miklar annir séu nú í prentsmiðjunum. Er því nauðsynlegt að hraða frv. sem mest gegnum þingið, svo að hægt sé sem fyrst að hefja prentun skuldabréfanna.

Ég ætla, að ekki sé þörf fleiri orða um þetta mál. Ég vænti þess, að Alþ. veiti þessa heimild, og vona, að hæstv. forseti reyni að hraða málinu.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil fylgja málinu eftir fyrir hönd fjhn. Því er nú svo farið, að málið þarf skjótrar afgreiðslu, og enda þótt þm. hafi óbundnar hendur í þessu máli, er það sameiginleg ósk, að málið gangi fljótt í gegnum þingið, helzt í dag. Og vil ég beina því til forseta, að hann hraði málinu sem mest.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Engum blandast hugur um, að ríkisstj. er þörf á láni. Ég vil því stuðla að því, að ríkisstj. fái heimild til að taka þetta innanríkislán. Ég hefði samt sem áður talið heppilegra að fara aðra leið, t. d. með því að taka skyldulán eins og nýsköpunarstjórnin hafði í hyggju á sínum tíma, þar eð mikill auður er til í landinu og í fárra manna höndum. En fyrir því er enginn vilji í þinginu. Fé því, sem inn kemur af þessu láni, á svo að verja til að greiða lausaskuldir ríkissjóðs. Ég tel ekki rétt, að ríkissjóður leggi hart að sér til þess að greiða skuldir sínar við Landsbankann. Landsbankinn gengur hart eftir skuldum sínum, og ef mikið væri að því gert að afla fjár á þennan hátt, gæti það skert kaupgetu almennings, og er slíkt ekki heppilegt. Og þó að ríkið skuldi Landsbankanum nokkrar milljónir, voru 60—70 millj., en hefur lækkað

allmikið, þá tel ég það engin ósköp, þegar þess er gætt, að þessi stofnun hefur grætt 30 millj. kr. síðustu 2 árin. Annars staðar væri stofnunin látin greiða mikinn hluta þessarar upphæðar til ríkissjóðs, og ef stofnunin væri í einkaeign, mundi hún vera látin greiða mjög háa skatta. Að minnsta kosti ætti ríkisstj. að tryggja sér, að bankinn væri viðráðanlegri með lánveitingar en nú er. Hvað snertir leið þá, sem valin hefur verið til lántökunnar, tel ég hana engan veginn heppilega, þó að háskólinn o. fl. hafi neyðzt til að nota hana. Og eru öll þessi happdrætti að verða hreinasta plága á almenningi, þó að menn í þessu tilfelli tapi ekki stofnfé sínu. Hins vegar vil ég vekja athygli ríkisstj. á því, að það er ekki viðkunnanlegt, þegar hafinn er áróður eins og í sumar, að koma fram með næstum blekkjandi fullyrðingar um gildi peninga, eins og komu fram a. m. k. í einu stjórnarblaðinu, Tímanum, þar sem verið er að segja fólki, að peningarnir verði meira virði eftir 15 ár heldur en nú. En þróunin hefur verið sú í 3 eða 4 síðustu aldirnar, að peningarnir hafa sífellt verið að lækka í verði, að vísu í bylgjum, en samt sem áður alltaf stefnt í lækkunarátt. Ég tel því ekki heppilegt að koma fram með neinar fullyrðingar í þessum efnum. Þá tel ég ekki heppilegt, að ríkið efli spilalöngun almennings til að hagnast á því. Hins vegar er ekki hægt að lá ríkinu, þó að þessa leið verði að velja. Ég mun því greiða frv. atkvæði, enda þótt ég hefði álitið aðra leið heppilegri. — Það er rétt að hraða málinu sem mest í gegnum þingið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist á hæstv. fjmrh., að hann hefði í hyggju að taka þetta lán á sama hátt og gert var í haust, ef samþykki fengist fyrir því. Það er sem sagt um nýtt happdrættislán að ræða. Ég hef ekkert við slíkt lán að athuga. En eitt atriði vildi ég samt minnast á. Hæstv. ríkisstj. ákvað þá, að vinningar skyldu vera undanþegnir öðrum gjöldum en eignarskatti. Ekki er enn séð, hvaða afgreiðslu mál þetta fær í þinginu, og er það enn í Ed., þar sem það kom fram. Ég tel mjög vafasamt að undanþiggja vinningana sköttum. Ríkissjóður greiðir í vinninga upphæð sem svarar til 5% vaxta af láninu, en þessum vöxtum er ekki skilað til allra lánveitenda, heldur aðeins til þeirra, sem eru svo heppnir að hljóta vinning, og finnst mér mjög vafasamt að undanþiggja einmitt þessa menn því að greiða hin venjulegu gjöld. Það mætti þá spyrja hæstv. ríkisstj., hvort aðrir lánveitendur ríkissjóðs ættu ekki eins að vera undanþegnir því að greiða gjöld af vaxtatekjum sínum. Og það er raunar engin ástæða, að aðeins fáir fái þessa vinninga. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra, hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því að reyna að fá heimild Alþ. fyrir þessu.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., 12. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið afgr. frá hv. Nd. og er um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku handa ríkissjóði. Í grg. er skýrt frá því, hvað því veldur, að farið er fram á þessa heimild nú, og þarf ég ekki að fjölyrða um það eða endurtaka það, sem þar stendur. Happdrættislánið, sem reynt var með á þessu hausti, reyndist góð leið, svo langt sem hún náði, til þess að fá lánsfé handa ríkissjóði, en þess er honum næsta mikil þörf. Á þessa leið til lánsfjáröflunar var aðallega bent af þjóðbankanum og þá færð þau rök að því, hve vel þetta hefði gefizt í nágrannalöndum okkar.

Nú er það svo, að þetta annað happdrættislán, sem ríkisstj. hefur ákveðið að biðja um heimild til að taka, þyrfti að vera komið svo fljótt í gang, hvað framkvæmd lántökunnar snertir, að happdrættismiðarnir gætu verið til sölu í desember. En það tekur ákaflega langan tíma að prenta happdrættismiðana. Það er ekki hægt að koma fram prentun þeirra á skemmri tíma en hálfum mánuði, og undirbúningur er talsverður undir það, áður en hægt er að koma af stað prentun miðanna. Ríkisstj. er því mjög hugleikið að biðja hæstv. forseta og hv. þdm. að stuðla til þess, ef hv. þd. vill samþ. þetta frv., að afgreiðslu þess verði hraðað svo, að frv. verði afgreitt héðan í dag.

Mál þetta var flutt af hv. fjhn. í Nd., og þess vegna var því þar ekki vísað til n. Og ég tel, að ef þingvilji er fyrir því, að málið nái fram að ganga, þá sé í raun og veru ekki ástæða til að vísa því til n. hér í hv. d., og væri greiðast, ef það gæti farið til 2. umr. nefndarlaust að lokinni þessari umr. En vitaskuld er það á valdi hv. þdm.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JJós, LJóh, StgrA, BBen, BÓ, BrB, BSt.
nei: PZ.
8 þm. (GJ, GÍG, HermJ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, EE) fjarstaddir.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JJós, LJóh, StgrA, BBen, BÓ, BrB, BSt.
nei: PZ.
8 þm. (HermJ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, EE, GJ, GÍG) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, StgrA, BBen, BÓ, BrB, HV, BSt.
nei: PZ.
8 þm. (SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, EE, GJ, GÍG, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Með skírskotun til þess, sem ég hef áður sagt í sambandi við staðfestingu á bráðabirgðal. um happdrættislán ríkissjóðs, segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 106).

---

37. Eyðing svartbaks.

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu svartbaks [46. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 8. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er ekki alveg nýtt, því að það er flutt til áréttingar eldra frv., sem upphaflega er frá því árið 1936, en var endurbætt 1942. Frv. lætur lítið yfir sér, en hefur þó mikið að segja, því að efni þess er um að halda við varpi æðarfuglsins, en það er einhver ánægjulegasti, skemmtilegasti og ef til vill tiltölulega tekjudrýgsti atvinnuvegur landsmanna. Þar er ekki stefnt að því að drepa alidýrin, heldur nytja þau þannig, að sem allra bezt sé með þau farið og að þeim hlúð, og áherzla lögð á að eyða varginum, sem ásækir hann. Hefði meiri áherzla verið lögð á það undanfarið að vernda æðarfuglinn og hirða varplöndin með nákvæmni, þá væri æðarvarpið margfalt meira og arðbærara en raun ber vitni, en það hefur oft ríkt misskilningur um þetta mál, og þess vegna er nú æðarvarpið að ganga úr sér. Annars hafa þessi lög, sem nú á að framlengja með þessu frv., sýnt sig að hafa nokkur áhrif til að eyða vargi úr varplöndunum, en þau hafa þó ekki orðið nægileg, því að ýmsir landeigendur, sem ekkert varp hafa, eru skeytingarlausir um að eyða svartbaknum, sem fær þá að ala upp unga sína í friði og kemur svo með þá niður í varplöndin. Ýmsir telja hættu á því, að varpið eyðileggist alveg, og víst er um það, að það hefur óskyggilega minnkað. Ég tel því, að landbrn. eigi að sjá um það, að samin verði og sett lög til verndar þessum atvinnuvegi, og ég ítreka það, sem ég minnist lauslega á í grg., að ég tel það ekki vansalaust að eyða 25 þús. kr. til þeirra, sem um varpið eiga að annast, en láta ekki nokkurn hlut eftir sig liggja til gagns fyrir þessa atvinnugrein, og verði ekki nú þegar hafizt handa um þetta atriði og ég fái um það skýr svör, þá get ég ekki rétt upp höndina til þess að samþ. fjárveitingu sem þessa, þar sem mönnum eru greidd laun fyrir störf, sem þeir ekki vinna.
Ég þarf svo ekki að orðlengja þetta frekar. Ég geri ráð fyrir, að hv. d. líti velviljuð á þetta frv. og greiði fyrir því eða að minnsta kosti vísi því til 2. umr. og hv. landbn. Ég hef ekki viljað koma fram með rækilegra frv., vegna þess að slíkt frv. hefur átt nokkurri mótstöðu að mæta, einkum í hv. Nd., og vildi ég þá heldur tryggja það, sem hægt var, þar sem ég tel líklegt, að þessi lög standi, þar til verulegar umbætur verða gerðar með nýjum lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 81).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. d. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Þetta mál hefur áður verið flutt hér á þinginu, þ. e. a. s. sams konar framlenging á þessum l., og einnig reifaði ég málið við 1. umr. hér í hv. d. Ég tel því ástæðulaust nú að teygja lopann um þetta atriði, mönnum er þetta mjög vel kunnugt, og ég geri ráð fyrir

því, að það muni fáir hv. dm. komnir á þá skoðun, að svartbakurinn sé nokkurs konar fósturfé æðarfuglsins og hjálpi til að koma þeim stofni á og halda honum við með drápi sínu. En það vita allir, sem horft hafa á aðfarir veiðibjöllunnar, að hún tekur ekki aðeins þá veiklaðri einstaklinga, heldur er hún yfirleitt tilbúin til að taka fuglinn og drepa hann. Menn ættu að horfa á, þegar æðarkollan labbar með ungahópinn niður að sjónum og svartbakurinn sveimar yfir og steypir sér niður að þeim og gleypir ungana hvern af öðrum og verður ekki meint af, þótt hún hirði 4—5 stykki í einu. — Ég get búizt við því, að það komi fram svipuð skoðun um það, að minkurinn sé nokkurs konar fósturfé hænsnanna. — En ég skal ekki deila um þetta. N. er öll sammála um að samþ. þetta frv. óbreytt, og ég veit, að hugur hæstv. landbrh. mun ekki vera ólíkur þeim hug, sem landbn. hefur í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, BÓ, EE, GJ, BSt.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
7 þm. (LJóh, BBen, BrB, GÍG, HV, HermJ, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi, að atkvgr. um þetta frv. færi fram með nafnakalli. Ég hef aldrei tekið þátt í atkvgr. um þetta mál áður og hef heldur ekki háft ástæðu til þess, en mér finnst, að þetta sé harkaleg aðferð, sem hér er gert ráð fyrir að beita við dráp á svartbak. Mér finnst hér vera mjög ómannúðlega að farið og hef alltaf verið þeirrar skoðunar, og ég mun sitja hjá við atkvgr.

Frv. afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 140).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að það er gamall kunningi, og n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 161).

---

38. Niðursoðin mjólk.

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 frá 29. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk [5. mál] (þmfrv., A. 5).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Í þessu frv. er farið fram á það, að l. verði breytt í þá átt, að einnig verði bannað að flytja inn þurrmjólk. Það má að vísu segja, að þurrmjólk sé niðursoðin mjólk, en l. hafa ekki verið túlkuð þannig, og því hefur þurrmjólk verið flutt inn undanfarin ár. Í grg. er gerð grein fyrir ástæðunni til þess, að frv. er flutt, en hún er sú, að síðan þurrmjólkurstöðin á Blönduósi var reist, hefur hún vafalaust fullnægt eftirspurninni eftir þessari vöru og meira. Fyrir nokkru átti stöðin 40—50 tonn af vörunni — um 400 þús. kr. virði —, en þrátt fyrir það er upplýst, að flutt hefur verið inn jafnmikið og segir í grg. Það er því sjálfsagt, að þetta verði lögfest.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en legg til, að frv. verði vísað til landbn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins beina því til landbn., hvort ekki sé unnt að finna aðra leið til þess að ná því marki, sem frv. stefnir að, en að lögbanna innflutninginn, og jafnframt, að n. athugi, hvort ekki sé hægt að rýmka bannið á niðursoðinni mjólk. Það er svo, að það geta komið fyrir tímabil, þegar innlenda varan er ekki fáanleg, og þá sitja menn uppi tómhentir, ef innflutningur er bannaður með l. Það hefur komið fyrir, að verksmiðja sú, sem framleiðir niðursoðna mjólk, hefur ekki getað fullnægt eftirspurninni. Eitt sinn var það vegna rekstrarstöðvunar, sem þó átti sínar eðlilegu orsakir.
Hv. flm. vísaði til þess, að síðan stöðin á

Blönduósi tók til starfa, hafi verið fært að mæta eftirspurninni. Það er rétt, hvað magnið snertir, en ekki þær tegundir, sem þörf hefur verið fyrir. Undanrennuduft hefur verið til, en ekki mjólkurduft. Það hefur því ekki annað verið hægt en að flytja það inn.

Ég er því samþ., að allt sé gert til þess að greiða fyrir sölu innlendu vörunnar, en það má ekki setja svo strangar skorður, að neytendur verði tómhentir, ef eitthvað kemur fyrir. Ég vil í því sambandi benda á, hve erfitt það er fyrir sjómenn, ef þessari eftirspurn er ekki fullnægt. Það getur verið, að togararnir, sem sigla til Englands, geti birgt sig upp erlendis, en það hjálpar ekki öðrum sjómönnum, sem ekki hafa tækifæri til þess.

Ég tel frv. flausturslega samið og einhliða og vil, að það verði athugað vel.

Pétur Ottesen: Ég vil út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um, að slakað yrði á aðflutningsbanninu á niðursoðinni mjólk, sem verið hefur í gildi alllengi, segja það, að það kann að hafa átt sér stað, að skortur hafi verið á niðursoðinni mjólk örstuttan tíma. Hitt er þó vitað, að búið hefur nú mjög bætt aðstöðu sína til þess að birgja landið fullkomlega. Eins og nú er komið, held ég, að ekki þurfi að verða skortur á þessari vöru. Það ætti ekki heldur að verða skortur á mjólkuraðflutningum til búsins, því að það svæði, sem flytur mjólk til búsins, hefur verið flutt út.

Það leiðir af sjálfu sér, að ef l. eru sett um aðflutningsbann, verður að tryggja það, að innlenda framleiðslan nægi. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh. En ég vildi benda á það, að þó að það hafi áður hent, að skortur hafi verið á niðursoðinni mjólk, er ekki ástæða til að ætla, að það verði nú, eins og búið er að búa í haginn um þetta. Ég vil gefa þessar upplýsingar um leið og ég legg áherzlu á það, að l. varðandi þetta verði ekki breytt.

Einar Olgeirsson: Ég býst við, að þetta frv. geti gefið tilefni til athugunar á því, hvernig stjórn gjaldeyrismálanna hefur verið undanfarið. Íslenzkur iðnaður er nú búinn svo góðum tækjum, að ég held, að þau séu sambærileg við þau tæki, sem iðnaðurinn hefur í nágrannalöndunum. En það er enginn efi á því, að því aðeins getur íslenzki iðnaðurinn staðið sig í samkeppninni, að honum séu tryggð hráefni, annars verður hann kæfður.

Ég er hræddur um, að það, sem kemur fram í grg., sé ekkert einsdæmi. Í tíð nýsköpunarstjórnarinnar svokölluðu var svo og svo miklu af gjaldeyri landsins varið til að reyna að útbúa landið sem allra bezt með framleiðslutæki. Framsfl. hefur nú gert það að umtalsefni — og það er gott, að annar ráðh. hans er hér inni —, að eytt hafi verið ákaflega miklu á þeim tíma. Nú er sú breyt. orðin á stjórninni m. a., að hann á tvo ráðh. í stj. og hefði því getað sýnt í reyndinni áhrif sín til að spara útlendan gjaldeyri á þessu sviði, sem hér um ræðir. Íslendingar hafa lagt fé í mörg framleiðslufyrirtæki og eru að ýmsu leyti vel útbúnir með þau. Nú kemur það sérstaklega í hlut ríkisstj. að sjá um, að þau séu skynsamlega og skipulega hagnýtt, að tryggja hráefni til þeirra og tryggja, að þau hráefni, sem framleidd eru innanlands og notuð í innlendum verksmiðjum, geti komið að fullum notum. Í þessu frv. er um að ræða eitt af framleiðslutækjum bænda. Ég man ekki lengur, hve hárri upphæð var varið á sínum tíma, til þess að hægt væri að framleiða þurrmjólk á Blönduósi og breyta þar með að miklu leyti grundvellinum fyrir landbúnað þess héraðs, sem að liggur. En það er upplýst hér, að þetta fyrirtæki getur framleitt það, sem þarf. Og ég býst við, að að svo miklu leyti sem spursmálið er um að hafa ýmsar tegundir mjólkur á hverjum tíma, þá sé aðeins fyrirkomulagsatriði að reikna það út og láta þurrmjólkurstöðina vita, og mundi hún þá geta fullnægt eftirspurn.

Hins vegar er annað komið upp á teninginn. Nokkrir menn, og sérstaklega einn heildsali hér í Reykjavík, sem virðast eiga upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstjórn, hafa fengið mjög mikil innflutningsleyfi fyrir þessari vöru. Og það væri æskilegt, ekki sízt með tilliti til þess, að lofað var hér í fyrra, að ekki ætti að hvíla sérstök leynd yfir leyfisveitingum, að það væri upplýst, hvernig þessum 128 þús. kr. innflutningi hefur verið skipt á einstaka innflytjendur í Reykjavík og eftir hvaða reglum úthlutað var. Maður skyldi hafa ætlað, að bændur eða samtök þeirra hefðu flutt þetta inn eða verksmiðjan, sem notar vöruna, hefði fengið hana beint. En mér er nær að halda, að það muni hafa verið eitt stórt heildsölufyrirtæki, sem hlaut megnið af þessum innflutningi. Þetta er ekki eina dæmið um meðferðina á innlendum iðnaði. Nýlega var það, að málningarverksmiðjur hér í bænum birtu frétt um það, hvernig þeirra framleiðslu vegnaði. Mig minnir, að þær hafi haldið hátíð og boðið fjárhagsráði, ríkisstj. og fleirum, til þess að sýna þeim fram á, hvernig væri nú háttað um þennan innlenda iðnað. Mér er nær að halda, að veitt hafi verið gjaldeyrisleyfi fyrir hráefni til þessa iðnaðar, sem námu um 600 þúsund kr. En á sama tíma voru aftur á móti fluttar inn fullunnar vörur af sama tagi fyrir 700—800 þús. kr., þó að fyrir lægju upplýsingar um það, að hráefnin næmu ekki nema ⅓ af verðmæti hinnar fullunnu iðnaðarvöru. Hefðu verksmiðjurnar fengið hráefni fyrir þessa síðarnefndu upphæð líka, hefðu þær fyrir hana getað framleitt þrisvar sinnum meira af málningarvörum og náð langt að fullnægja eftirspurn.

Hvernig stendur á þessum hlutum? Og það nú, þegar átti að fara að skipuleggja sérstaklega innflutninginn og eitt ráð hefur valdið. Það er hægt að vita nákvæmlega nægilega fyrir fram, hvað mikið framleiðslufyrirtæki nota hér á landi. Það er til lítils að vera að verja stórfé til að koma upp fullkomnum iðnaðartækjum á Íslandi, ef svo á að neita þessum iðnaðarfyrirtækjum um nauðsynlegan innflutning, en leyfa að flytja inn fullunnar vörur erlendis frá. Maður veit útkomuna. Fyrirtækin geta starfað ⅓ hluta ársins, sem þýðir það, að

þau framleiða dýra vöru og tapa á henni. En ef verksmiðjurnar geta unnið hráefni allt árið, geta þær unnið ódýrar og samt haft ágóða.

Ég vil fá skýringu á þessu frá stjórnarvöldunum, vegna þess að ég veit, að nefndin, sem hefur með þessi mál að gera, er undir handarjaðri ríkisstj., enda lýsti hún yfir, þegar hún lagði fram frv. um fjárhagsráð, að hún mundi skipa í n. sjálf, því að hún vildi geta breytt í n. eftir þóknun. N. þessi starfar því að öllu leyti á ábyrgð ríkisstj. Að öðru leyti var allt vald yfir innflutningnum sameinað í höndum ríkisstj. og hennar nefnda, en ekki á öðrum stöðum, eins og áður var. Ég álít fulla ástæðu fyrir hv. d. að fá upplýsingar um þetta í sambandi við þetta mál, þegar það verður athugað í n. Býst ég við, að fleira sé það, sem ekki veiti af að rannsaka í íslenzkum iðnaði. Um málningarverksmiðjurnar er það yfirvofandi, að þeim verði lokað og starfsfólk þeirra verði atvinnulaust af þeim ástæðum, sem þegar hafa verið nefndar. Og svo er verið að flytja inn útlendar málningarvörur. Þessar aðfarir geta ekki gengið. Þetta er engin stjórn á framleiðslu einnar þjóðar, engin hagnýting á þeim ágætu tækjum, sem búið er að skapa innanlands.

Það má spyrja, hverjum þetta sé til góðs. Það er nokkurn veginn vitað, að það eru sérstakir aðilar, sem hafa áhuga á því að fá innfluttar fullunnar vörur í landið, þótt hægt sé að framleiða innanlands. Í fyrsta lagi eru það þeir heildsalar, sem hafa annazt slíkan innflutning og haft sína álagningu af. Þeir eru oft umboðsmenn fyrir erlendar verksmiðjur, sem keppa við þær innlendu. Í öðru lagi er þar um hagsmunaatriði að ræða fyrir erlendar verksmiðjur, sem máske hafa áður haft markað á Íslandi og líta hornauga til íslenzks iðnaðar. Ekki veit ég, hvaðan sú þurrmjólk, sem hér ræðir um, er innflutt, — ef til vill frá Ameríku og borguð í dollurum. Hitt veit ég, að það er ákaflega mikill áhugi hjá þurrmjólkurframleiðendum í Ameríku fyrir því að geta selt sína þurrmjólk út um allan heim. Og því er vitanlega fylgt mjög fast fram af þeirra hálfu í viðskiptasamningum við hin ýmsu lönd að koma þurrmjólk til viðkomandi landa, jafnvel þó að slíkt gangi út yfir þeirra landbúnað. Þetta stendur máske í sambandi við það, að Bandaríkin gera sérstakar ráðstafanir til þess að hindra útflutning á landbúnaðarverkfærum og einnig áburði, til þess að viðkomandi lönd komist ekki á það hátt stig sem þau þurfa með. Bandaríkjamenn eru sjálfir hræddir um offramleiðslu í sínum landbúnaði og þar með kreppu, og því leitast þeir við að hindra vöxt landbúnaðarins í sínum skattlöndum. Ég skal ekki segja, hvort Bandaríkin hugsi svo langt, hvað þurrmjólkina á Íslandi snertir, enda getur þurrmjólkurmarkaður á Íslandi ekki skipt miklu. Hitt veit maður, að í því volduga landi með þeirri miklu framleiðslugetu er byrjað aftur sama leiða fyrirbrigðið og 1930 og þar í kring, að mjólk sé hent. Og áhugi fyrir því að geta flutt mjólk út er mjög vaxandi þar. Ég held þess vegna, að við Íslendingar þurfum að vera þarna vel á verði. Okkar iðnaður er ungur, og það verður af hálfu innlendra og erlendra afla reynt að vinna á móti því, að hann geti gengið af fullum krafti. Sú viðleitni er nú þegar orðin mjög rík. Þetta er náttúrlega ekkert sérstakt fyrirbrigði, heldur ber mikið á því í mörgum þjóðfélögum. Það eru átökin milli verzlunarauðmagns annars vegar og iðnaðarauðmagns hins vegar. Þeir, sem verzlunarauðmagninu ráða, hafa hagnað af því að hindra vöxt iðnaðarins, því að með iðnaðinum missa þeir af verzluninni. Þetta geri ég að umtalsefni vegna þess, að það er orðin ljós og áberandi sú viðleitni voldugustu stóriðjuríkjanna í heiminum að reyna að kæfa niður iðnað smáþjóðanna. Og hér hefur það sýnt sig, að einstakir heildsalar hafa haft mjög rík áhrif í því efni að tryggja áfram innflutning á framleiðslu erlendrar stóriðju, meðan íslenzk framleiðsla hefur ekki getað fengið nægilegan gjaldeyri fyrir hráefni sín, þó að hún sé búin eins góðum tækjum og hver önnur þjóð. Þetta er beinlínis að láta hagsmuni Íslendinga víkja fyrir hagsmunum erlendra framleiðenda. Um það stendur baráttan, hvort eigi að stöðva þann íslenzka iðnað, sem hefur verið að þróast. En svo hlýtur að fara, ef hann á ár eftir ár að búa við það að vita ekkert, hvort hann fær nokkurn innflutning á efnum. Svo þegar hann situr uppi vörulaus, eru fluttar inn fullunnar vörur til að bæta úr skortinum.

Þegar rætt var um fjárhagsráð á síðasta Alþingi, vakti ég eftirtekt á því, að nauðsynlegt væri, ef vit ætti að vera í okkar áætlunum fyrir þjóðarbúskapinn, að leyfi fyrir hráefnum yrðu látin í té alllöngu áður en ætti að vinna úr þeim vörum, það tæki frá sex mánuðum og upp í ár, frá því að hráefni væri pantað og þangað til það væri hingað komið og búið að vinna úr því. Nú þegar í október þyrfti íslenzkur iðnaður að vera búinn að fá leyfi fyrir því, sem hann þarf á að halda á árinu 1949. Þetta var bent á í fyrra. En þetta hefur ekki verið gert. Það er látið dragast langt fram á árið, sem nota á hráefnið á. Með þessu lendir allt áætlunarkerfið í vitleysu, enda er hér enginn áætlunarbúskapur rekinn. Það er hrein tilviljun, hvernig fer um þær vörur, sem við þurfum á að halda. Ég þykist að vísu vita, að ríkisstj. muni síðar en svo vilja viðurkenna, að hún sé að vinna á móti íslenzkum iðnaði, og það má líka vel vera, að ýmsir af ráðh. hafi þvert á móti mikinn áhuga fyrir innlendum iðnaði. En þá taka bara þeir ekki eftir, að með þessum aðförum er raunverulega verið að stöðva og jafnvel drepa iðnaðinn. Það verður að dæma afstöðuna til iðnaðarins eftir framkvæmdum, en ekki eftir yfirlýsingum. Ég býst við, að fram komi yfirlýsingar um það, að tryggja skuli, að þjóðin geti hagnýtt þessi mjög myndarlegu iðnaðartæki hjá sér. Hins vegar er verið með aðferð viðskiptanefndar og þar með ríkisstj. að vinna þveröfugt við slíka yfirlýsingu. Ef til vill er meiningin að vinna þetta verk á laun, að stöðva þessa þróun. Þetta á ef til vill smátt og smátt að koma þannig fram, að leyfi séu ekki veitt í tíma og verksmiðjur gangi ekki nema part af framleiðslugetu sinni

og svo sé borið við gjaldeyrisskorti, en hins vegar veitt leyfi til að flytja inn fullunnar vörur fyrir meira en sem svarar hráefnunum. En afleiðingin verður sú sama, iðnaðurinn verður lamaður. Það er þess vegna gott, að þetta frv. kom fram. Ég álít, að ekki ætti að vera sérlega erfitt að koma í veg fyrir það, sem hæstv. viðskmrh. var að tala um. Það ætti að vera hægt með samkomulagi við viðkomandi þurrmjólkurstöð að tryggja, að þeir, sem þurfa á þessari framleiðslu að halda innanlands, geti fengið nægilegt af henni á hverjum tíma. Og það er auðséð, að það eina, sem dugar í þessu efni á Íslandi, er að banna innflutning á svo og svo miklu af vörutegundum, sem eru annars fluttar til landsins, því að áhrif þeirra, sem eiga hagsmuni á móti hagsmunum iðnaðarins og Íslendinga yfirleitt, eru svo rík, að þessir menn komast gegnum allar þessar nefndir, sem hlut eiga að máli. Aðeins svo framarlega sem bannað er með lögum, er ekki hægt að gera undanþágur.

Ég vonast til þess, að n., sem fær þetta frv. til meðferðar, geti síðar upplýst hv. d. um það, hvernig þessum innflutningi hefur verið skipt, hverjir það eru, sem hann hafi fengið, og þá megi einnig upplýsa frá viðkomandi mjólkurstöð, hvort hún hafi ekki treyst sér til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem verið hefur eftir þurrmjólk.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. gat þess, að hann teldi það nokkuð varhugavert að hafa innflutningsbann á þurrmjólk, eins og farið er fram á í þessu frv., og vék jafnvel að því, að ástæða væri til að breyta til, að því er snertir innflutningsbann á niðursoðinni mjólk, vegna þess að hún væri alltaf nægilega mikil fyrir hendi. Um það hef ég ekki þekkingu, hvað mikill hefur verið skortur þeirrar vöru. En mér finnst það liggja í augum uppi, að gilda verður sama í þessu efni um niðursoðna mjólk og þurrmjólk. Hvort tveggja varan er framleidd í fyrirtækjum, sem kosta mikið. Og hvað þurrmjólk snertir er hægt að fullnægja eftirspurninni, eins og hún hefur verið að undanförnu. Því var lofað, fyrst af búnaðarráði og síðan af framleiðsluráði landbúnaðarins til handa þurrmjólkurstöðinni á Blönduósi, að reynt skyldi að sjá um, þegar þessi framleiðsla yrði hafin, að ekki yrði flutt inn þessi vara til að keppa við mjólkurstöðina, að því tilskildu, að hún gæti fullnægt eftirspurn. Nú hef ég fengið upplýsingar um það frá forstjóra mjólkurbúsins á Blönduósi, að aldrei hafi verið spurt um þurrmjólk af þeirra hálfu, sem höfðu innflutning þennan á hendi. Sá innflutningur hefur þá farið fram án vitundar framleiðsluráðs landbúnaðarins og einnig án vitundar landbrh.

Um það, að hér sé um aðrar tegundir að ræða, þá eru ekki til af þurrmjólk nema tvær tegundir. Annars vegar þurrmjólk úr undanrennu, og hins vegar úr nýmjólk. Báðar þessar tegundir eru framleiddar á Blönduósi. Og sá innflutningur, sem hér mun hafa átt sér stað, mun vera allur frá Danmörku, og er ekki því til að dreifa, að það sé betri vara, því að hún er framleidd í sams konar vélum og þeim í mjólkurbúinu á Blönduósi. Hér er því aðeins um það að ræða, að viðskiptanefnd hefur leyft innflutning til að keppa við það bú, sem nýlega hefur verið stofnað, og vinna gegn því, að það geti komið út sinni framleiðslu. Enda sýnir það sig, eins og ég gat um áðan, að um leið og flutt hefur verið inn á 18. tonn af þurrmjólk á þessu ári, hefur safnazt upp milli 40 og 50 tonn hjá því mjólkurbúi, sem hefur framleitt þessa vöru og fullnægt þeirri þörf, sem er fyrir hendi. Ég tel þess vegna, að þarna sé um mjög slæma frammistöðu að tala frá hálfu þeirra nefnda, sem hlut eiga að máli.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að hér mundi vera um innflutning frá Ameríku að ræða, þá held ég, að svo sé ekki, heldur allt frá Danmörku. En ég vænti, að það sé nægilega ljóst, hvað hefur hér skeð, til þess að hv. d. taki þessu litla frv. vel og láti það ganga greiðlega gegnum Alþingi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki að hafa um þetta frv. mörg fleiri orð. En ég óskaði eftir því, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugaði alveg sérstaklega, hvort ekki væri nokkuð fast að orði kveðið í ákvæðum frv. og hvort ekki væri rétt að hafa aðra skipun á til þess að ná þeim tilgangi, sem flm. ætlast til. Mér hefur verið flutt þetta mál á þann hátt, að það muni hafa verið skortur á mjólkurdufti því, sem iðngreinar nota hér að staðaldri. Það eru súkkulaði- og kexverksmiðjur og ýmsar aðrar svipaðar verksmiðjur, sem þurfa á þessari vöru að halda. Mér er sagt, að þær þurfi að nota nýmjólkurduft, en ekki undanrennuduft, og það, sem leyfður hefur verið innflutningur á, hefur einmitt verið nýmjólkurduft, sem ekki hefur verið hægt að fá keypt hér. Það er svo fjarri því, að ég hafi verið að vinna á móti þeirri stefnu að styðja innlendan iðnað, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að það var einmitt verið að tryggja það, að til væri hráefni handa viðkomandi verksmiðjum til að vinna úr. Það var ekki um heildsalainnflutning að ræða eða að einhverjir hafi verið að verzla með þessi hráefni. Fyrir mér var það eina atriðið og aðalatriðið, að hér var um að ræða innflutning á vöru, sem ekki var til í landinu, til þess að hægt væri að halda áfram verksmiðjurekstri, sem annars hefði stöðvazt. Mér er líka kunnugt um það, að það kom fyrir í fyrra sumar rekstrarstöðvun hjá mjólkurbúi Borgfirðinga — þetta getur alltaf komið fyrir —, en þá varð mikil neyð ríkjandi meðal sjómanna, af því að niðursoðin mjólk fékkst ekki og ekki mátti flytja hana inn. Ég veit ekki, hvað hv. þm. segja um þetta, en mér finnst löggjöf þessi, sem bannar innflutning, hvernig sem á stendur, á vöru, sem ekki fæst í landinu um lengri tíma, ekki fullkomlega einhlít. Ég tel því, að hér sé ekki með samþ. þessa frv. tryggð nema önnur hlið málsins, þ. e. a. s. sú, sem snýr að framleiðslu mjólkurduftsins. Það er ágætt að tryggja hana, og er ég sízt á móti því. Hvorki ég, viðskiptan. né

fjárhagsráð hafa neinn áhuga fyrir því að flytja inn mjólkurduft, þegar það er til í landinu. En almenningur krefst þess, bæði til neyzlu handa sjálfum sér og til þess að tryggja það, að framleiðslan geti haldið áfram í verksmiðjunum, að það sé hægt að gera einhverjar ráðstafanir, ef innlenda varan er á einhverjum tíma ekki fáanleg. Það er þetta, sem ég óska, að n. taki til athugunar, þegar hún fær málið til meðferðar. Út af fyrir sig álít ég frv. óþarft, þar sem ekki er leyfður innflutningur á þessari vöru, þegar hún er til innanlands, hins vegar gerir ekkert til, þó að lögin séu til, ef þau koma ekki í veg fyrir, að hægt sé að fyrirbyggja neyðarástand, sem orsakast af því, að vöruna vantar.

Hv. 2. þm. Reykv. fór út í almennar hugleiðingar um innflutningsmál og íslenzkan iðnað. Ég ætla ekki að deila við hann um það. Ég er að sumu leyti sammála honum og sumu leyti ekki. Hann minntist á innflutning á málningu, og er sýnilegt, að hann hefur ekki fengið alveg réttar upplýsingar, en ég geri ráð fyrir, að um þessi mál verði frekar rætt einhvern tíma síðar, og þá er ég tilbúinn til þess að ræða þau nánar við hann. Það hefur verið veittur innflutningur þeirri einu verksmiðju, sem hér er starfrækt, fyrir 1½ millj. Það hæsta, sem hún óskaði að fá, eru tæpar 2 millj. Árið er nú ekki liðið enn þá og möguleiki á því að bæta við þetta, svo að ekki verði um mjög tilfinnanlegan skort að ræða, enda hafa þeir gefið mér upp, að 300—400 þús. muni nægja. Það, sem flutt er inn af tilbúinni vöru, er ekki tilbúin málning, heldur fernisolía, krít og kítti, sem fellur undir málningarvöruflokkinn, en verður að flytja erlendis frá og er ekki hægt að vinna hér, og hefur verið veitt samtökum málara í landinu til innflutnings. Þeir hafa fengið að flytja inn talsvert undir þessum málningarvöruflokki. Áður höfðu málningarverksmiðjurnar fengið þennan innflutning til þess að selja, en það, sem skeð hefur, er það, að innflutningur þessarar vöru, sem kom til landsins fullunnin, hefur verið færður frá verksmiðjunum og yfir á samtök málara. Fleira mætti sjálfsagt um þetta segja, en út í hina hærri pólitík og tilhneigingu Ameríkana til eins eða neins í þessu sambandi skal ekki farið í þetta sinn. Það verður sjálfsagt hægt að gera það síðar.

Ég vænti þess, að þessi orð mín verði ekki misskilin á þann hátt, að ég vilji setja fótinn fyrir framleiðslustarfsemi þessa í landinu. Ég vil stuðla að því, að hún verði styrkt og studd eftir því, sem frekast er kostur á, en ég vil ekki binda þetta í svo fastar skorður, að ekki sé hægt, í því tilfelli, að ekkert annað sé fyrir hendi, að fá vöruna annars staðar að til að bæta úr neyðarástandi, sem enginn æskir eftir, að ríki í landinu. Ég vona, að n., sem fær málið til fyrirgreiðslu, taki upp þessa hlið málsins, því að hún er vissulega þess verð, að hún sé athuguð líka.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þau lög, sem hér er farið fram á að breyta, lögin um innflutning á niðursoðinni mjólk, eru búin að gilda í 15 ár, og það er fyrst nú, sem ég heyri það hjá hæstv. viðskmrh., að það sé hættulegt að láta þau gilda áfram. Varðandi þurrmjólkina er, eins og áður er tekið fram, ekki nokkur ástæða til, að um hana gildi önnur ákvæði en um niðursoðna mjólk. Það eina, sem hér um ræðir af því, sem hæstv. viðskmrh. benti á, er það, að vélar bili hjá fyrirtæki, er framleiðir þessa vöru. Það getur komið fyrir undir þeim kringumstæðum, að landbrh. eða viðskmrh. veiti undanþágu, að vélar bili og sú bilun orsaki langa stöðvun.

Þar sem hæstv. viðskmrh. var að reyna að verja þær ráðstafanir, sem hér hafa verið framkvæmdar með innflutningi á þessari þurrmjólk, þá þykir mér leitt, að svo merkur maður skyldi vilja taka að sér að verja þetta, því að það er óverjandi. Frammistaðan er óverjandi. Hvers vegna var ekki leitað álits þeirra aðila, sem hlut eiga að máli? Hvers vegna var ekki beðið um vöruna hjá því fyrirtæki, sem framleiddi hana? Það hefur verið tekið fram, að það er gengið fram hjá framleiðsluráði landbúnaðarins og landbrh. og varan er flutt inn til þess að spilla fyrir markaði hjá hinu nýja fyrirtæki, sem sett er upp til þess að fullnægja þeirri þörf, sem skapazt hefur í landinu hjá efnagerðum, fyrir þessa vöru. Ég vænti þess vegna, að þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn þessu frv., verði ekki til þess, að það fái ekki greiðan gang gegnum hæstv. Alþingi.

Einar Olgeirsson: Ég vonast nú til þess eftir þessar umræður, sem hér hafa farið fram, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, komi til með að rannsaka það, sem hér hefur verið haldið fram, og væri vafalaust tilefni til að rannsaka fleira, er snertir íslenzka iðnaðinn. Það upplýsist hér strax hjá hv. þm. A-Húnv. viðvíkjandi mjólkurduftinu, að það hefur aldrei verið leitað til viðkomandi framleiðslufyrirtækis á Norðurlandi, ekki heldur til framleiðsluráðs landbúnaðarins eða landbrh. Hæstv. viðskmrh. upplýsti hins vegar, að þeir, sem hann hefði talað við, hefðu sagt, að það væri alger skortur á þessari vöru. Þeir virðast ekki hafa haft fyrir því að leita til hinnar innlendu framleiðslu né spyrja framleiðsluráð landbúnaðarins. Þeir hafa aðeins náð eyra hæstv. viðskmrh. og hæstv. ráðh. virðist ekki hafa haft fyrir því að tala við kollega sinn, landbrh., sem líklega er þó í sama húsi. Hæstv. viðskmrh. hefur látið viðgangast, að viðskiptan. gerði þetta, og álítið sjálfsagt að verða við þessu, að öllum líkindum vegna þess, að það hafa verið svo góðir menn, sem hafa farið fram á að fá þessa þurrmjólk innflutta. Ef til vill fæst það upplýst, hverjir það eru. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að einn heildsali hefði flutt þetta inn, en hæstv. viðskmrh. sagði hins vegar, að það væri innlent iðjufyrirtæki. Það er kannske hugsanlegt, að einhver heildsali sé í stjórn innlends iðnaðarfyrirtækis. Það mun koma í ljós, þegar farið er að rannsaka málið. Þegar það er nú upplýst, að upplýsingarnar stangast innan ríkisstj. sjálfrar, þá er ekki undarlegt, þótt eitthvað ofur lítið beri á milli um

fleira, er snertir þessi efni. Ég minntist á málningarvörur og hæstv. viðskmrh. kvaðst hafa aðrar upplýsingar. Ég hef fengið þessar upplýsingar í dag frá viðkomandi málningarverksmiðju, en ef til vill fer það þarna á milli mála, að hæstv. viðskmrh. reiknar með því, að svo framarlega sem innflutningsleyfi sé veitt, þá sé þar með allt fengið. Mér virðast upplýsingar frá ríkisstj. stundum þannig hugsaðar, að ef leyfi sé veitt, t. d. í þessu tilfelli á árinu 1948, að þá sé tryggt, að framleiðslan fari fram á því ári. Því fer oft fjarri. Þó að leyfi sé veitt, þá er það engin trygging fyrir því, að viðkomandi hráefni séu komin til verksmiðjunnar og að unnið sé úr þeim á sama ári. Það er oft talað um, að nefndin sé búin að veita svo og svo mikið af leyfum, á sama tíma sem framleiðslutækin kvarta yfir því að geta ekki fengið meira hráefni til að vinna úr. Ég geng út frá því að geta fengið upplýsingar um þetta mál, þegar það verður rannsakað í nefndinni, og hæstv. viðskmrh. veitir mér þá vafalaust tækifæri til að ræða ýtarlega um það, en á því mun engin vanþörf vera, með því skipulagsleysi, sem á þessum innflutningi er, og sífelldri stöðvun hjá framleiðslufyrirtækjum og sífelldum skorti á vörum, sem við gætum framleitt innanlands, og svo er reynt að bæta úr með því að flytja inn fullunna vöru. Þetta skipulagsleysi veldur stórkostlegri eyðslu á gjaldeyri. Ég mun ekki gera þetta frekar að umtalsefni nú, en æskilegt væri, að í næsta skipti, þegar rætt verður um þetta mál, þá lægju fyrir skýrslur frá viðkomandi nefndum, svo að upplýsingar þyrftu ekki að stangast eins mikið á og nú hefur verið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins geta þess, af því að það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að ég mundi eitthvað vera riðinn við þessar leyfisveitingar og þar hafi komið til minna kasta, að svo er þó alls ekki. Ég hafði ekki hugmynd um, að þetta hefði verið leyft, fyrr en nú fyrir 3—4 dögum, að hv. þm. A-Húnv. skýrði mér frá þessu. Þess vegna hafði ég ekki tækifæri til þess að ræða við framleiðsluráð landbúnaðarins um það. Hv. þm. veit það líka, að megnið af innflutningsleyfum er veitt, án þess að það sé borið undir ráðherra eða ráðuneytið. Þau skipta þúsundum, og þó að ég gerði ekkert annað en að líta á þau, þá kæmist ég ekki yfir þau öll. Það er á valdi viðskiptan., og hún hefur gert það, bæði í þessu tilfelli og öðrum. Hins vegar aðspurð skýrði hún mér frá orsökunum fyrir því, að innflutningurinn var leyfður. Ef það stangast við upplýsingar frá hv. þm. A-Húnv., þá er ekki nema sjálfsagt, að nefndin athugi það og beri saman og láti það sanna koma í ljós.

Hv. þm. A-Húnv. segir, að ef neyðarástand skapist, t. d. ef eitthvað gæti komið fyrir, sem orsakaði rekstrartruflun, eða að verksmiðjan fullnægði ekki eftirspurninni, þá mundu landbrh. og viðskmrh. veita undanþágu. Ég veit ekki, hvar sú heimild er. Það er brot á lögunum. Það hefur orðið að brjóta lögin til þess að firra vandræðum. Það var gert í fyrra, og mig langar ekki til þess, að það þurfi að koma fyrir aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 104).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og fram er tekið í nál. landbn. á þskj. 104, hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Ein aðalbreyt. er sú, að ef í ljós kemur einhverra hluta vegna vöntun á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, geti atvmrh. um stundarsakir veitt undanþágu frá því banni, sem ákveðið er í 1. gr. frv., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því. N. sendi frv. þetta til umsagnar framleiðsluráði landbúnaðarins, Félagi íslenzkra iðnrekenda og viðskiptanefnd, og mæltu allir þessir aðilar með því, að frv. yrði samþ., en óskuðu þó eftir, að þessi undanþáguheimild væri sett inn í l., sem gæti komið til með að verða nauðsynleg, einkum ef fyrir kæmu vélabilanir hjá þeim verksmiðjum, sem framleiða þessa mjólk. — Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það atriði, en skal taka fram, að mér hefur verið bent á það af skrifstofustjóranum, að heppilegra mundi vera að orða 2. lið á aðra leið, og flytur n. í samræmi við það brtt. við till. sína varðandi fyrirsögnina, svolátandi:

„Aftan við frv. bætist ný grein, svolátandi:

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 1933 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk."

Ég leyfi mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt. og vænti þess, að frv. með þessum breyt. fái greiða leið gegnum deildina.

Forseti (BG): Hv. þm. A-Húnv. hefur lýst þeirri skriflegu brtt., sem lögð hefur verið fram af hv. landbn. Afbrigða þarf við, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 111) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að það gæti verið æskilegt að hafa einhverja heimild í l., ef eitthvað kæmi fyrir hina íslenzku framleiðslu á þessu sviði, þannig að möguleikar til innflutnings á þurrmjólk væru ekki algerlega bannaðir. Ég sé nú, að hv. landbn. hefur tekið þetta til greina og sett hér inn í l. undanþáguheimild handa atvmrh. með samþykki framleiðsluráðs landbúnaðarins, ef með þarf. Nú er þetta að vísu nokkuð einhliða ákvarðað, þar sem þetta ráð er einungis sá aðili, sem gætir hagsmuna landbúnaðarins, en ekki látið á vald neinna annarra aðila að vera þar með, sem

hafa þó nokkurra hagsmuna að gæta, t. d. þau iðnfyrirtæki, sem verða að hafa þessa vöru. Ég skal út af fyrir sig ekki gera aths. við þetta, en vildi spyrja hæstv. frsm., hvernig færi t. d., ef ekki væru fáanleg í landinu þau hráefni, sem þessi iðnfyrirtæki þurfa á að halda, hvort þessi undanþáguheimild yrði þá notuð, ef ekki væri hægt að fullnægja eftirspurninni.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Út af fyrirspurn hæstv. viðskmrh. varðandi það, hvað landbn. ætlaðist til, að þessi undanþáguheimild gilti vítt, þá skal ég taka það fram, að n. ætlast til þess, að hún sé notuð, ef ekkert er fáanlegt af þessari vöru, og auðvitað göngum við að því sem sjálfsögðu, að framleiðsluráð landbúnaðarins mæli þá með því undir slíkum kringumstæðum. En eins og tekið er fram í gr., er ekki ætlazt til, að undanþága sé veitt nema um stundarsakir og þá fyrir það takmarkaða magn, sem nauðsynlegt verður að teljast til þess, að iðnaðurinn stöðvist ekki að neinu leyti þeirra hluta vegna. Ég skal taka það fram, að Félag íslenzkra iðnrekenda fór fram á það í till., sem það sendi okkur, að inn í þetta mál væri sett ákvörðun um það, að skylt væri að veita þeim iðnfyrirtækjum, sem nota þurrmjólk, innflutningsleyfi fyrir þeim hráefnum, sem þau þurfa til þess að geta haldið framleiðslunni áfram óhindrað. En landbn. taldi, að ekki væri hægt að taka svo viðtæka kröfu inn í þetta mál, og það heyrði þá undir iðnn., ef áhugi væri á að leggja þetta fyrir Alþingi. En þegar svo miklar innflutningshömlur eru á öllum sviðum sem raun ber vitni, þá er varla hægt, um leið og bannaður er innflutningur á þurrmjólk, að gera þá kröfu, að verksmiðjurnar, sem á þurrmjólk þurfa að halda, geti skilyrðislaust fengið hana innflutta. Það er að vísu æskilegt fyrir verksmiðjurnar, en frá sjónarmiði landbn. var tæpast hægt að lögbjóða þetta í sambandi við þetta mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. A-Húnv., að hann staðfesti, að haga bæri þessari undanþáguheimild eins og ég fór fram á. Tel ég því engan vafa á, að heimildin verði notuð, ef þörf krefur, sem við vonum, að ekki verði.

Umr.(atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 104,1 (2 nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 111 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 104,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 113).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 152).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og fjallar um breyt. á l. um innflutning á niðursoðinni mjólk. Er ekki þörf á að fara um það mörgum orðum.

Þessi lög eru frá 19. júní 1933, en síðan hefur nú risið upp í landinu þurrmjólkurgerð — á Blönduósi, og þennan nýja atvinnuveg er nauðsyn að vernda. Á s. l. sumri voru flutt inn í landið 17,4 tonn af þurrmjólk, og hefur sá innflutningur valdið því, að legið er með mikið af hinni innlendu þurrmjólk, sem erfitt er að selja.

Aðalbreytingin á 1. gr. er sú, að á eftir orðunum „niðursoðna mjólk" er bætt við „og þurrmjólk".

Í 2. gr. laganna skal það aftur tekið fram, að ef vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, geti atvmrh. veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því. — Þetta atriði, að framleiðsluráð landbúnaðarins mæli með því, er vitanlega sett vegna þess, að það ráð hefur mikið með það að gera, hvernig salan gengur á mjólkinni.

Ég vil geta þess, að þó að allir nm. hafi mælt með frv. í aðalatriðum, þá var þó einn nm., hv. 7. landsk., fremur á móti þessu atriði, og gerði hann ráð fyrir að flytja brtt., en ég hef ekki séð, að hún hafi komið hér fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 171).

39. Aðstoð til síldarútvegsmanna.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948 [80. mál] (þmfrv., A. 132).

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er á þskj. 132, er flutt af sjútvn. þessarar hv. d. samkv. beiðni hæstv. fjmrh. Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. eru ráðstafanir, sem gerðar hafa verið með því að taka á fjárlagafrv. 6 millj. kr. fjárveitingu til aðstoðar bátaútvegi landsmanna. En ástæðurnar fyrir þeirri ráðstöfun aftur eru að sönnu kunnar. Þær eru það, að bátaútvegurinn hefur komið af fjórum síðustu síldarvertíðum með stórkostleg töp, og þó urðu rekstrartöpin á síldarvertíðinni á síðasta sumri langsamlega mest og komu þar að auki sérstaklega illa við, sökum þess að sú vertíð var framhald af mjög lélegri vetrarvertíð, þorskvertíðinni 1948. — Hæstv. fjmrh. taldi, að það mundi ekki vera hægt að komast hjá því að gera opinberar ráðstafanir út af þessu ástandi bátaútvegsins, því að menn bjuggust við, og eru kannske ekki vonlausir um það enn, að verða mundi síldveiðivetrarvertíð við Faxaflóa nú í vetur. En það þótti þjóðfélagsleg nauðsyn, að bátaútvegurinn væri þá ekki undir hamrinum í byrjun þeirrar vertíðar, þannig að hún hlyti að farast fyrir. Og í raun og veru, hvernig sem á hefði staðið hlaut ríkisstjórnin að taka þetta mál til alvarlegrar yfirvegunar.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. í heild haft margháttaðar viðræður um það, hvernig þessum málum skyldi bjargað við. Fyrsta fangaráðið var að fá nokkrar stofnanir til þess að leggja menn til ráðagerða og mynda þannig ráðgefandi nefnd fyrir ríkisstjórnina. Bankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, tilnefndu hvor sinn manninn í þessa nefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna þriðja manninn og Fiskifélag Íslands þann fjórða og fjmrh. þann fimmta. Fyrir þessa nefnd var nú lagt það að rannsaka hag útvegsins og sérstaklega þó, hvernig bátaútvegurinn hefði komið frá síðustu síldarvertíð, og gera till. til viðréttingar. Og sérstaklega var lögð áherzla á það í þessum rannsóknum, að till. yrði flýtt vegna væntanlegrar síldarvertíðar í vetur. — Nefndin gat nú ekki starfað með þeim hraða sem æskilegt hefði verið, vegna þess að hún varð að fá skýrslur sínar frá útvegsmönnum sjálfum, en það tekur alltaf nokkurn tíma. Það voru gerðar margendurteknar tilraunir af ríkisstj. í heild til þess að bæta úr bráðustu þörf bátaútvegsins með aðstoð bankanna. En það tókst ekki, sumpart af því að það vantaði rannsókn á þessum málum. En þessi rannsókn, sem nefndin reyndi að flýta eins og unnt var, varð til þess, að skýrslur og reikningar bárust frá eigendum 156 skipa af að mig minnir 260—270 skipum, sem síldveiðarnar stunduðu. Af reikningum þessara fyrirtækja, sem sendu sínar skýrslur til nefndarinnar, kom í ljós, að töp þessara báta á síldarvertíðinni einni voru á fimmtándu millj. kr. og þar af forgangskröfur, lögveðs- og sjóveðskröfur 8 millj. og 600 þús. kr. Ég vil biðja hv. þm. að leiðrétta það um leið, að þessi tala hefur misprentazt í grg. frv., þar stendur: 860 þús. í staðinn fyrir 8.600..000.00. — Þar sem talið var, eins og ég sagði, mest áríðandi að gera bátaflotann færan um að leggja út í næstu vertíð, þá sendi nefndin af þeirri ástæðu ríkisstj. fyrst af öllu skýrslu um forgangskröfur, þar sem vitað var, að bæði vegna kröfuhafa, sem eru yfirleitt fátækt fólk, sem átti þarna sína sumaratvinnu, og líka vegna framhalds á rekstri bátaflotans, þá var þessari skýrslu flýtt, og aðgerðir til þess að bjarga þessum sérstaka þætti við voru látnar ganga fyrir öllu öðru í þessu sambandi. Það héldu svo áfram rannsóknir ríkisstj. og nefndarinnar einnig til þess að komast að raun um það, hvort viðskiptabankar bátaflotans mundu sjá sér fært að leysa þennan vanda. En það reyndist ekki hægt með svo litlum fyrirvara sem bankarnir fengu til þess, og sjálfsagt hafa legið fleiri ástæður til þess. Það varð því fangaráð hæstv. fjmrh., og mér er óhætt að segja í samráði við alla ríkisstj., að setja inn á fjárlagafrv. 6 millj. kr. fjárveitingu, sem sérstaklega var ætluð til þess að leysa forgangskröfur af bátunum. En vitað mál er það, að þessi upphæð er algerlega ófullnægjandi til þess að bátarnir geti búið sig á næstu vertíð, því að eftir fjögurra ára rekstrartöp á síldveiðum og mjög lélega síðustu þorskvertíð, þá er hagur bátanna þannig kominn, að þetta nægir engan veginn. Bæði eru lausaskuldirnar miklu meiri en forgangsskuldirnar, en auk þess eru stofnlánin yfirleitt í vanskilum, bæði um greiðslur vaxta og afborgana. Og sökum þess er það, að bæði nefndin og ríkisstj. halda áfram að leita ráða til þess að leysa þennan vanda og reyna að skapa framtíðarrekstrargrundvöll fyrir bátaútveginn. Ég skal svo ekki fjölyrða um það, því að það er ekki beinlínis viðkomandi þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 132. En ríkisstj. taldi — og það er sjálfsagt alveg rétt —, að ekki væri nóg að setja þessa fjárhæð, sem þó er ófullnægjandi, inn í fjárlagafrv. Það þarf bæði að sjá sjávarútveginum fyrir fé út á þessa fjárveitingu nú þegar og einnig setja reglur um það, hvernig þessi aðstoð verði látin í té. Og frv. þetta hefur að geyma höfuðreglurnar fyrir þessari aðstoð um úthlutun á þessari hjálp til bátanna. Menn taka sjálfsagt eftir því, að þetta frv., sem ríkisstj. hefur látið gera, er sniðið eftir V. kafla dýrtíðarlaganna frá síðasta þingi, og þar er gert ráð fyrir, að þetta verði í lánaformi, en ekki er þar talað um neinar tryggingar fyrir lánunum, sem stafar af því, að fjárhag bátanna er þannig komið, að hjá þeim er sjálfsagt engar tryggingar að fá, sem nokkurs virði mega teljast.

Ég vil taka það fram, að sá dráttur, sem hefur orðið á þessum aðgerðum, hefur orðið

allt of mikill, en mundi ekki hafa orðið til mikils baga, ef annað ólán hefði ekki komið stærra, sem er, að vetrarsíldin hefur ekki látið á sér bæra enn þá. En ýmsir kröfuhafar hafa ekki getað beðið lengur og eru þess vegna þegar byrjaðir að ganga að skipunum með lögveðskröfur.

Ég vil taka fram, að sjútvn., sem flytur þetta frv. fyrir hæstv. fjmrh., hefur ekki gengið frá málinu til fullnustu. Það er áreiðanlegt, að annaðhvort sjútvn. í heild eða einstakir nefndarmenn munu bera fram brtt. við frv. við 2. umr. Þannig standa sakir, að það er mjög óvíst, að eigendur bátanna geti yfirleitt notað sér lántökur. Það er ekki þægilegt fyrir menn eða fyrirtæki, sem eru í miklum skuldum, að skuldbinda sig við ný lán. Og ríkisvaldið getur ekki gengið á undan öðrum í því að láta brjóta þau lög, sem gilda um lántöku. Og þess vegna mun koma fljótt brtt. við þetta frv. um það, að aðstoð þessi við bátaútveginn verði styrkur, en ekki lán.

Ég vil svo loks bæta því við, að það verður að sjálfsögðu farið fram á, að máli þessu verði hraðað mjög mikið í gegnum þingið, og jafnvel þó að það þurfi afbrigði frá þingsköpum til þess. Ég hef ekki orðið var við, að ágreiningur hafi orðið um meginefni frv., þó að svo sé kannske um einstök atriði þess. Og þess vegna getur ekki talizt óeðlilegt, að málið verði afgreitt með meiri hraða en þingsköp gera ráð fyrir. En ef svo skyldi vera, að einhverjir teldu það nokkuð frekt í farið að gera þetta að beinu skilyrði, þá vil ég samt minna á það, að sjávarútvegurinn hefur unnið mikið afrek á undanförnum árum í þágu þjóðfélagsins. Það er vitað mál, að almenningur í þessu landi lifir yfirleitt við góð kjör og miklu betri en þekkzt hefur áður í þessu landi. Það er einnig vitað, að ýmsar stéttir þjóðfélagsins hafa bætt efnahag sinn stórkostlega, og þó að það megi sjálfsagt ekki teljast ríkidæmi, þá er þar mikil breyt. á frá því, sem áður var. Loks má taka það fram, að ríkið sjálft hefur margfaldað fjárhagsgetu sína á síðustu árum, sem hefur að langmestu leyti getað orðið fyrir þau verðmæti, sem fengizt hafa frá sjónum, og þar í á bátaflotinn sinn mikla þátt. En þrátt fyrir þetta allt, sem orðið hefur til umbóta og hagsældar fyrir land og þjóð, þá stendur nú bátaflotinn alveg snauður og er kominn að langmestu leyti í greiðsluþrot. Það er því ekki aðeins þjóðfélagsleg nauðsyn að gera bátaflotann aftur starfhæfan með einhverjum opinberum aðgerðum, heldur er það að sjálfsögðu verðugt vegna þeirra afreka, sem hann á að baki sér.

Ég vil svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. Til n. þarf það ekki að fara, því að n. flytur það.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi taka mjög undir ræðu hv. 5. þm. Reykv. um það, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað sem allra mest. Ég tel, að hv. 5. þm. Reykv. hafi talað þar fyrir munn allrar sjútvn., er hann mæltist til þess, og skal ég ekki tefja þetta mál að neinu leyti. En ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég geri ráð fyrir, að fundur verði haldinn í sjútvn. nú þegar að loknum þessum fundi eða a. m. k. það snemma fyrir mánudagsfundinn, sem væntanlega verður haldinn hér í þessari hv. d., að sú brtt. gæti þá legið fyrir, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur hér boðað. Og í sambandi við þetta vil ég óska þess, að hæstv. forseti taki þetta mál fyrir á næsta fundi, sem haldinn verður í þessari hv. d., sem væntanlega verður þá haldinn á mánudag.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. frsm. sjútvn., að dráttur á þessum málum sé orðinn allt of mikill. Það er orðið mjög tilfinnanlegt, hve þessi dráttur er orðinn mikill, vegna þess að það virðast allir hafa verið á því, frá þeim tíma er séð var, hvernig síldarvertíðin fór, að ekki yrði komizt hjá að veita bátaflotanum einhverja aðstoð. Og vitanlega er tilgangslaust að veita skipum aðra aðstoð en þá, sem getur orðið til þess, að skipin komist af stað á veiðar. Það þarf ekki að veita þeim skipum svona aðstoð, sem hvort sem er komast ekki af stað til veiða. — En þegar allir eru sammála um að veita bátaflotanum aðstoð, þá er ákaflega misráðið að draga þetta svona lengi. Nú er þegar farið að ganga að bátum vegna skulda, en við það fellur aukakostnaður á þessar kröfur, sem á að borga, oft svo skiptir tugum þús. kr., sem hægt hefði verið að komast hjá, ef með festu hefði verið á málum tekið og ákveðið hefði verið strax að vertíðarlokum, hvernig taka skyldi á þessum erfiðleikum. Þótt ekki hefði verið búið að gera annað en að ákveða, á hvern hátt hægt væri að hjálpa bátunum, þá hefðu þeir getað fengið fyrst þá nauðsynlegu hjálp, sem nægt hefði til þess, að þeir gætu komizt hjá, að höfðuð væru á þá mál út af kröfum, sem auka geysimikið kostnað. Og illt er til þess að vita, að þegar þessi hjálp kemur frá því opinbera, þá skuli samt sem áður þúsundir króna fara í þessa milliliði, lögfræðinga og þess háttar, sem alls ekki hefði þurft að greiða, ef á þessum málum hefði verið tekið með meiri festu. — Og það er einn af þeim göllum, sem eru á þessu frv. eins og það liggur fyrir, sem vafalaust verður athugað í sjútvn. síðar, að þessi aðstoð er bundin við það, að fjárlög séu afgreidd. Þetta eru sem sagt till. um ráðstöfun á fé, sem veitt kann að verða á fjárl. Þetta gerir það að verkum, að menn vita ekkert ákveðið, hvað úr þessu verður, fyrr en búið er að afgr. fjárlög. Og þetta er eitt af þeim atriðum í frv., sem þarf að breyta. Þegar Alþ. samþ. nú þetta frv., þá þarf það að vera lög, sem eru ákvörðun um, hvað gera skal fyrir báta, sem eru illa komnir fjárhagslega vegna vertíðarinnar 1948 ofan á þau áföll, sem þeir eru búnir að fá áður.

Svo eru nokkur atriði önnur, sem þarf að taka til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, svo sem það, sem ekki er hægt annað en að hafa fyrir augum, að þegar þarf að veita nú í þriðja skipti á fjórum árum styrktarlán til útvegsins og bátaútvegurinn hafði engar tekjur af síldarvertíðinni í sumar yfirleitt — þegar svona er komið, þá þýðir ekkert annað en

að horfast í augu við þá staðreynd, að styrktarlánin frá 1945 og 1947 til bátanna eru tapað fé og við eigum ekki að leggja á útgerðina að standa undir þeim lánum. Við eigum að horfast í augu við staðreyndir og gefa þessar skuldir eftir, því að það er algerlega séð, að útgerðin getur ekki staðið við að greiða þessi lán, nema eitthvert óskaplega mikið síldarmagn komi, sem útgerðin geti notað sér. En ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að gera þetta, þó að fjöldi báta hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar um greiðslu vaxta og afborgana af þessum styrktarlánum. Samt sem áður hefur ríkisstj. ekki gengið að bátunum vegna vanskila þessara styrktarlánþega. Og ég efast ekkert um, að það sé álit meiri hl. þm., að ekki sé forsvaranlegt að ganga að þeim, sem þessi styrktarlán hafa fengið, en ekki getað staðið í skilum vegna getuleysis, því að allir vita, að þessi styrktarlán voru ekki nema fyrir nokkrum hluta af þeim töpum, sem bátaútvegurinn varð raunverulega fyrir.

Þá er enn eitt atriði, sem þarf að taka tillit til við svona hjálp, það eru ákvæðin um vexti af öllum skuldum útgerðarinnar. Í dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi voru ákvæði um vexti þannig, að meðan þau lög væru í gildi, mætti ekki taka hærri vexti en 4% af þessum lánum. En bankarnir hafa gengið fram hjá þessu ákvæði. Þeir hafa lánað rekstrarlán til þriggja mánaða, og þegar þau hafa ekki verið borguð, þá hafa þau verið framlengd með venjulegum víxilvöxtum, 6½%, þannig að þetta ákvæði um 4% vextina hefur ekki í reyndinni verið nema sáralítil ívilnun gagnvart útgerðinni, sem vitanlega hefur hverfandi áhrif á afkomu bátanna. Hinu ber ekki að neita, að útgerðin er ákaflega skuldug orðin og verður að borga 6½% í vexti af mjög miklum hluta skulda sinna. Og hver maður sér, að slík vaxtabyrði er útgerðinni gersamlega ofviða. Og ég tel, að í þessu sambandi þurfi að ákveða ekki aðeins lækkun vaxtanna framvegis, heldur einnig þurfi að gera bönkunum það að skyldu að greiða útgerðinni nokkurn hluta þeirra vaxta, sem henni hafa verið reiknaðir, til þess að létta af henni skuldum, því að mikill hluti af öllum skuldum útgerðarinnar eru einmitt vaxtaskuldir.

Það væri fróðlegt að fá að heyra, hvað líður þeirri samkomulagsviðleitni, sem hæstv. fjmrh. hefur verið að reyna að koma til leiðar við bankana báða um aðstoð við síldarútveginn. Og mér skilst, að það hafi verið ein af ástæðunum fyrir því, að þetta frv. hefur ekki komið fram fyrr, að hann hafi verið að leitast við að koma þessu samkomulagi á. Mér skilst, að það sé hans meining, að ríkissjóður leggi fram t. d. 6 millj. kr. og síðan legðu bankarnir fram þar eitthvað á móti til þess að greiða úr því, sem er mest aðkallandi fyrir útgerðina. Væri fróðlegt að vita, hvernig þau mál standa nú, því að það getur haft sitt að segja í sambandi við þann hraða, sem þarf að hafa á afgreiðslu þessa máls hér í þinginu, hvernig bankarnir taka á því að gera sitt til þess, að sú framkvæmd, sem kynni að verða samþ. af Alþ. og ríkisstj., komi að gagni, til þess að útvegurinn geti hafið sína starfrækslu á ný.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég ákvað að biðja hv. sjútvn. þessarar d. að taka á móti þessu frv., sem um tíma hefur legið í ráðuneytinu og hefur verið dregið að leggja fram af því, að ekki var vitað um afstöðu bankanna um viss atriði. — Ég heyri, að hv. frsm. sjútvn. boðar brtt. við málið, að því er mér skilst í þá átt, að hér sé breytt til þannig, að þar sem í frv. er talað um, að þessi aðstoð sé skoðuð sem lán, þá verði þessi aðstoð veitt sem styrkur, en ekki lán. Ég skal ekkert leggjast á móti því, að hæstv. Alþ. breyti þessu þannig. Hins vegar þótti mér réttara, að frá ráðuneytisins hálfu væri frv. fram borið í því formi, sem það er, þannig að gert væri ráð fyrir, að þessi hjálp væri afturkræf, ef ástæður leyfa. En það er vitaskuld að öllu leyti í höndum Alþ. að hafa annan hátt þar á. Og skal ég ekki leggjast þar á móti, ef þingvilji er fyrir því.

Hv. frsm. sjútvn. og hv. þm. Ísaf. lögðu áherzlu á það, að þessu máli væri hraðað í gegnum þingið. Ég tel líka, að það sé nauðsynlegt að gera það. Og sá dráttur, sem orðið hefur á að leggja þetta frv. fram á Alþ., stafar einungis af því, að verið var að bíða eftir að sjá, hvort ekki mætti tryggja fleiri atriði varðandi þennan atvinnuveg í leiðinni, og þá einkum tryggja það, að þeir, sem þarfnast hjálpar vegna lögveðs og sjóveðs, yrðu hjálparinnar aðnjótandi, en yrðu ekki látnir standa uppi hjálparlausir með sína útgerð á næstu vertíð. Við höfum í félagi, kreppunefndin, sem skipuð var, og ég, lagt þessa spurningu fyrir bankana, fyrir báðar bankastjórnirnar, sem sé þetta: Viljið þið gefa okkur skýrslu um það, hversu mörgum eða hverjum af þessum ca. 160 bátum þið viljið hjálpa til útgerðar, ef af hálfu ríkisvaldsins verður séð fyrir því að leysa af þeim sjóveð og lögveð. Þessari spurningu er því miður enn ósvarað. En ég álít samt sem áður, þó að henni sé ósvarað af bankanna hálfu, að þetta mál verði nú að koma fram í dagsins ljós og fá staðfestingu Alþ., ef Alþ. er samþykkt þeirri stefnu, sem ég tók upp við samningu fjárlagafrv., að taka hreinlega fjárveitingu inn á frv. í þessu skyni, sem hér er um að ræða. Ég greindi frá því þá, af hvaða ástæðum ég teldi réttara að hafa þennan hátt á heldur en að fá heimild til þess að taka enn á ný lán í þessu skyni, og tel mig ekki þurfa að rekja það öllu meir en þá var gert. Ég sýndi fram á það, að það væri ekki hægt og væri ekki fjármálalega rétt að viðhalda þessari hjálp ávallt með lánum, heldur, þegar maður hefði nú tvö slík kreppulán af því tagi á sér, þá yrði sennilega að taka þetta fé núna af þjóðarbúrekstrinum. Og ég álít þá rétt að skera einhver önnur útgjöld niður, sem minni þörf er á.

Hv. þm. Siglf. kvartaði mikið yfir drætti á þessu máli. Taldi hann þetta misráðið, að hjálp þessi kæmi of seint, o. s. frv. Það er nú svo. En hv. þm. hlýtur að gera sér það ljóst — hann er það greindur maður —, að þó að á

árinu 1945 væri ákaflega létt verk að grípa upp 5 milljónir króna, til þess þá að aðstoða þessa sömu síldarútvegsmenn, er það dálitið annað í dag. Hann bar það fram á þingi, að kreppuhjálpin væri styrkur. En það eru margir, sem draga í efa, að rétt hafi verið á því tímabili að fara að stað með kreppuhjálp til síldveiðibátanna. En það var gert. Svo kom árið 1947, og þá þurftu útvegsmenn aðrar 5 milljónir. Fjárhagsástæður í landinu hafa mjög breytzt til hins verra á þessu tímabili síðan. Til þess hefur ýmislegt hjálpað. Alþ. hefur séð svo fyrir með margháttaðri löggjöf, að útgjöld ríkisins hafa mjög vaxið. Hins vegar hefur gjaldgeta sjávarútvegsins minnkað. Allt þetta hefur skapað vandræði fyrir þá, sem hafa á höndum að útvega peninga fyrir land og þjóð, líka fyrir ríkisstj., þó að hún gjarnan vilji fá lánsfé, eins og í þessu tilfelli, þegar nauðsyn er á að hlaupa undir bagga með síldarútvegsmönnum. Þess vegna má ekki einblína á það, að dráttur hefur orðið hér á hjálpseminni, ef menn vilja sanngirni viðhafa, heldur líka á, hvaða ástæður fyrir hendi eru. Væri það ekki annað fyrir ríkisstj. og þyrfti hún ekki annað að gera eða beita sér öðruvísi en að rétta upp hendina til þess að geta fengið fé til þess að deila út til bátanna til þess að losa af þeim lögveð og sjóveð, þá væri vandinn lítill.

Svo kom hv. þm. Siglf. að því, sem við, kreppunefndin og ráðuneytið, fyrir löngu komum auga á, sem hann sagði, að nauðsynlegt væri að athuga, sem ég og hef talað um, að þeim, sem ríkið vill veita hjálp og aðstoð, verði einnig hjálpað af bankanna hálfu, a. m. k. á næstu vertíð. Og þessi hv. þm. tók fram, að þýðingarlaust væri að hjálpa þeim bátum, sem hvort sem er gætu ekki gert út á næstu vertíð. Ég er mikið til á sama máli í þessu efni og hef lengi haft þá skoðun, að þetta tvennt yrði að tryggja undir eins. En við erum ekki búnir að fá nein svör hjá bönkunum einmitt um þetta atriði. — Ég get af þeim ástæðum heldur ekki orðið við þeim tilmælum að gefa upplýsingar um afstöðu bankanna, en á það minntist hv. þm. Siglf. í sinni ræðu, að æskilegt væri, að ég gerði, því að ráðuneytið hefur ekki fengið þær upplýsingar enn frá bönkunum.

Að því er snertir greiðslufrest á öllum skuldum útgerðarinnar, þá væri mjög æskilegt, að hægt væri að koma því við, að útgerðin fengi þau friðindi. En það er ekki alveg vandalaust mál að fást við. Ég geri ráð fyrir, að margir, sem eiga hjá útgerðinni, hafi líka sínar skuldbindingar, sem þeir verða að standa við gagnvart sínum lánardrottnum. Og eins og skuldir útgerðarinnar eru nú vaxnar, þá er ekki eins auðvelt að koma því fram með skaplegu móti að veita útgerðinni slíkan greiðslufrest eins og það hins vegar er auðvelt að kasta því fram, að æskilegt væri að geta gert það. Hitt má vel vera, að hér þurfi einhverra miklu stærri átaka við en ákvæði um felast í þessu frv. Og ég hef heldur aldrei haldið því fram, að hér væri í þessu frv. fram kominn einhver allsherjarlæknisdómur til lækningar á því neyðarástandi, sem þjáir nú bátaútveginn, heldur hef ég takmarkað þetta frv. við það, sem ég taldi, að ugglaust væri, að ríkisvaldið gæti ráðið við í bili, sem sé að forða útgerðarmönnum frá upptöku eigna sinna með því að leysa lögveð og sjóveð af bátunum.

Svo skal ég aðeins minnast á eitt atriði, sem kom fram hjá hv. þm. Siglf. Hann sagði, að menn yrðu að horfast í augu við þá staðreynd, að það, sem lánað hefur verið af hálfu ríkisins til þess að hjálpa útveginum vegna aflaleysis 1945 og 1947, væri tapað fé og væri bezt að gefa það eftir. Má vel vera, að það sé tapað fé. Þó vildi ég óska þess, að það þyrfti ekki endilega að líta þeim augum á það. Ég vildi óska þess, að útgerðin ætti ekki svo dökka framtíð fyrir höndum, að svo yrði endilega að líta á lánin frá 1945 og 1947 þegar á þessari stundu, að þau væru töpuð, og það jafnvel þó að ég fallist á, að þriðja lánið nú, 1948, sem hér eru till. um í frv. þessu, verði þá frekar litið á þannig, að breyta beri til og veita þessa hjálp nú sem styrk, eins og fram hefur komið nú hjá hv. frsm. sjútvn. En sú tilhugsun er ákaflega ömurleg fyrir ríkisvaldið, að þurfa að horfast í augu við það eiginlega fyrir fram, að slíka hjálp til útgerðarinnar megi raunverulega fyrir fram afskrifa. — Hitt tók hv. þm. Siglf. líka fram, sem rétt var, og taldi að mér skildist það ríkisstj. til gildis, að við hefðum ekki beitt okkur fyrir því að koma mönnum í vandræði núna eða ganga að veðum fyrir þessum skuldum, þó að það hefði mátt eftir laganna hætti. Nei, það höfum við ekki gert. Við höfum ekki viljað auka á vandræði skuldugra útgerðarmanna á þann veg. En það þarf ekki með því að slá því föstu, að þetta fé sé algerlega tapað, því að ef síldarútvegsmenn, sem hér eru verst staddir, fá einu sinni verulega góða síldarvertíð, þá mætti með miklum rétti vonast til þess, að þeir veltu af sér þessu fargi og mörgum öðrum, sem á þeim hvíla.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál. Ég vonast til þess, að það verði látið ganga fljótlega til 2. umr., og ég tek undir þau ummæli, sem fram hafa komið um að afgr. það fljótt í gegnum þessa hv. þd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, 150, 179).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Brtt. á þskj. 179 eru, eins og frv. sjálft, fluttar af sjútvn. fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. Í fljótu bragði gæti virzt, að þetta væri eiginlega nýtt frv. En við samlestur till. á þskj. 179 og frv. sjálfs kemur í ljós, að brtt. binda í sér efni frv. að miklu leyti. Tvær höfuðbreyt. felast þó í brtt. og báðar undir tölul. 1. Í fyrsta lagi það, að ríkissjóður æskir sér að fá rétt til þess, samkv. stafl. a, að innleysa forgangskröfur útgerðarinnar, þ. e. sjóveðs- og lögveðskröfur, og jafnframt halda rétti þeim, sem þessar kröfur veita handhafa. Hitt atriðið, sem

er meginbreyting, er það, að gefinn er greiðslufrestur um rúmlega hálft ár frá þessum degi á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem hvíla á þessum sömu aðilum, útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. — Ég skal taka það fram, að sakir standa svipað nú eins og þegar frv. var til 1. umr., að okkur er það alveg ljóst flm., eins og að sjálfsögðu hæstv. ríkisstj. líka, að það fé, sem ætlað er á fjárl. til þess að standast þennan kostnað ríkisins, það er náttúrlega ekki fullnægjandi til þess að útgerðin geti af eigin rammleik komizt á næstu vertíð. Það hefur verið miðað fyrst og fremst eða eiginlega eingöngu við forgangskröfur, sjóveðs- og lögveðskröfur, og það án þess að fullnægjandi rannsókn væri á því, hvort það mundi einu sinni hrökkva fyrir þessum kröfum. — Önnur hjálp til útgerðarinnar, svo að hún geti haldið áfram, er ekki að vænta að komi, nema frá Landsbankanum. Og um það hafa staðið nokkuð langar viðræður milli landsbankastj. annars vegar og ríkisstj. hins vegar, hvað landsbankastj. sæi sér fært að gera til þess, að bátaflotinn kæmist á veiðar, ef ríkið léti af mörkum það, sem hér er tilgreint og veitt er í fjárlögum.

Síðasta atriðið, um greiðslufrestinn, er beinlínis fram komið fyrir tilmæli bankanna, einmitt í sambandi við þá væntanlegu hjálp, sem um er að ræða og samningaumleitanir hafa staðið yfir um milli ríkisstj. og bankanna. Og sjútvn. telur sér skylt að styðja þetta mál, bæði með flutningi sínum á því og með atkv. sínum.

Um brtt. að öðru leyti sé ég nú ekki mikla ástæðu til þess að fjölyrða. Ég veit, að hv. þm. hafa gert sér ljós ákvæði þeirra með samanburði á þeim við frv. En ég vil taka sérstaklega fram, vegna brtt. hér á þskj. 150, sem sjútvn. flytur, að fyrir tilmæli, sem n. hefur fengið, þá mun hún taka þessar brtt. aftur til 3. umr. En það hefur ekkert fram komið hjá n., sem gefi tilefni til neinnar yfirlýsingar frá hennar hálfu um frekari frestun á þessum brtt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Þessar brtt. á þskj. 179 eru fluttar af sjútvn. samkv. tilmælum ríkisstj., þ. e. sjútvmrh. Og það náttúrlega þýðir ekki að neita því, að þrátt fyrir það að ástandið sé erfitt hjá sjávarútveginum, þá eru hér gerðar till. um hluti, sem virðast benda til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér ekki fært að gera neitt verulegt fyrir bátaútveginn í bili, því að það er varla hægt að hugsa sér meiri bráðabirgðaráðstafanir en hér er um að ræða. Í fyrsta lagi ætlar ríkisstj. að leysa það atriði, að mörg skip liggja föst og geta ekki farið á veiðar vegna sjóveða, með því að leysa sjóveðin til sín — ekki að leysa þau af skipunum. En það segir sig sjálft, að þeir, sem eiga kröfur á skip, eru mjög órólegir út af því, þegar skip eru lengi með sjóveðskröfur, sem ganga á undan samningsbundnum veðum. Og ríkisstj. ætlar að leysa þessi sjóveð, sem á skipunum hvíla, til sín, og það hlýtur að vera meiningin með því að láta skipin sigla með sjóveðskröfum, það segir sig sjálft, að það er það, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. Það má segja sem svo, að með þessu móti fáist skipin út á veiðar strax um áramót. En óneitanlega er þetta ákaflega losaralega á málunum tekið og lítið fram í framtíðina hugsað, vegna þess að ofan á alla örðugleika, sem útgerðarmenn eiga nú við að stríða, þá er það ekki ánægjulegt, þó að það sé betra en að láta skipin liggja, að þurfa að gera sín skip út með sjóveði, þannig að hver einasti maður, sem lánaði þeim peninga, væri sem sagt með lífið í lúkunum um það, að hann tapaði öllu þessu, sem hann hefði lánað þessum skipum. Hæstv. ríkisstj. virðist gera sér ljóst, að þetta mundi skapa óróa hjá kröfuhöfum. Og þess vegna eru ákvæði c-liðar 1. tölul. á brtt. 179 sett inn, um það, að útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1948 og aðstoð frá samkv. 2. gr. frv., hafi greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar, sem sagt fái þá aðstöðu, að ríkisstj. leysi út sjóveðin, sem hvíla á bátum þeirra. Þetta ákvæði er í sjálfu sér rökrétt afleiðing af því fyrra, af því að þegar skipin væru farin að sigla með sjóveðum, mætti búast við, að kröfuhafar ókyrrðust svo, að þeir reyndu að fá heimild til þess að ganga að skipunum og þar með þá gera útgerðina ófæra, svo að þetta er ekki óeðlileg till. í sambandi við hitt, sem hér er gert ráð fyrir, að innleysa sjóveðin. — En ég vildi óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gerði nokkru nánari grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér framtíð útgerðarinnar á Íslandi, ef búið er að samþykkja með lögum hálfs árs greiðslufrest á skuldum þessum. Mörg fyrirtæki þannig sett, að þau eru nærri gjaldþrota og verða það kannske, ef útgerðin verður gjaldþrota. Og útkoman yrði sú, ef skipin sigla með sjóveðum, að hver maður, sem innir af höndum einhverja þjónustustarfsemi fyrir útgerðina, neitar að lána slíkum skipum nokkuð, heldur verður hann að fá allt borgað strax, bæði kol, olíu, viðgerðir á skipum og veiðarfærum o. s. frv., allt út í hönd. Þetta getur kannske komið sér vel nú á allra næsta tíma, sem hér er gert ráð fyrir, fyrir útgerðina, að ríkissjóður leysi sjóveðin til sín. En það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þeim miklu örðugleikum, sem þetta skapar útgerðinni. Ég lít þannig á, að þær ráðstafanir, sem gerðar væru, yrðu að miðast við að skapa heilbrigðan rekstur hjá útgerðinni, en að þær mættu ekki verða þannig, að þær settu beinlínis fót fyrir áframhaldandi rekstur. En þegar svo er komið, að ekkert útgerðarfyrirtæki getur fengið lán hjá nokkurri stofnun, sem kemur nærri því að selja til útgerðarinnar vörur eða annast þjónustu fyrir útgerðina, svo sem viðgerðir á vélum skipa, viðgerðir á skipum og veiðarfærum, — eftir að ástandið er orðið svo, að ekkert slíkt fyrirtæki getur lánað nokkuð til útgerðarfyrirtækja, þá er bókstaflega ómögulegt eða a. m. k. illmögulegt að reka útgerð skipanna á eftir. Það er yfirleitt hvert einasta útgerðarfyrirtæki á landinu, sem hefur skapað sér lánstraust. Lánstraust útgerðarinnar er nú mjög lamað. En verða þessar ráðstafanir, sem

hér koma fram till. um, til þess að rétta það við aftur? Það getur verið, að þessar ráðstafanir bjargi í bili við útgerðarmöguleikum einhverra skipanna. En ég er sannfærður um, að fyrir útgerðina í heild er þetta feikilega alvarleg braut að fara inn á.

Mér fannst ekki hægt að láta þetta mál fara áfram hér án þess að benda á þetta. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að neita því, jafnvel þó að aðgerðir ríkisstj. kunni að vera til bóta í bili í þessu efni, að ef þær hafa þau áhrif í framtíðinni, að þær gera eðlilegan rekstur útgerðarinnar erfiðari, þá erum við að skapa peningalegan skaða með ráðstöfununum. Og þá er spurningin, hvort við gerum ekki betur í því að stíga skrefið stærra og leysa alveg af sjóveðin hjá þeim bátum, þar sem tryggt er, að viðkomandi bátar geti haldið áfram útgerð, t. d. á vetrarvertíð, þannig að ríkisstj. sleppti forgangskröfum, sem fólgnar eru í sjóveðum, og síðan væri með aðstoð ríkisvaldsins leitazt við að fá fyrst og fremst bankana til þess að veita gjaldfrest á lánum og skuldum og á þeim grundvelli verði svo menn aðstoðaðir við það að leita samkomulags við sína viðskiptamenn og viðskiptafyrirtæki, sem selja útgerðinni nauðsynjar og ýmsa þjónustu. Ég held, að það *sé ákaflega hættuleg braut að fyrirskipa svona* almennt svona hluti eins og hér er gert um gjaldfrest á skuldum bátaútvegsins, þó að það sé ekki nema eðlileg afleiðing af því, að ríkisstj. vill halda áfram sínum forgangsrétti um skuldakröfur á skipin, nefnilega sjóveðunum.

Eins og frv. er, virðist vera gert ráð fyrir því, að bátaútvegsmönnum verði veitt til allt að 10 ára með 5% vöxtum lán til þess að komast út úr kröggum þeim, sem þeir komust í á síðustu síldarvertíð. Þó að ríkissjóður leggi fram í bili þá upphæð, sem þarf til þess að leysa inn sjóveðin, virðist vera ósamræmi á milli loforðanna, sem eru í frv. á þskj. 132, og þeirrar tryggingar, sem ríkisstj. virðist vilja fá fyrir það að leysa til sín sjóveðin, sem ég get ekki séð annað en að sé aðeins hluti af aðstoðinni. Fyrir þann hluta af aðstoðinni vill ríkisstjórnin *hafa sjóveðið, en þegar hún heldur* áfram á þeirri braut að hjálpa bátaútveginum, skilst mér, að það séu almenn veð frá útgerðinni, sem hún fær fyrir þeirri hjálp, og mér skilst, að þau veð muni vera þannig, að ákaflega litlar líkur séu til, að þau reynist verulega haldgóð.

Sjútvn. er þeirrar skoðunar, eins og kemur fram í brtt. á þskj. 150, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að horfast í augu við þær staðreyndir, að það er tilgangslítið að vera að lána útgerðinni þetta fé, sem nú er hugsað að verja henni til hjálpar, en það verði að veita útgerðinni aðstoð, án þess að nokkur trygging sé fyrir því að fá það endurgreitt. Og það er þá jafngott að viðurkenna það strax og veita það fé sem styrk til útgerðarinnar. — Jafnframt vill sjútvn. gefa ríkisstj. heimild til að gefa eftir kröfur, sem hún á í skipum vegna síldveiðilánanna 1945 og 1947, þar sem hún telur við eiga, og þetta staðfestir líka þá skoðun sjútvn., að það verði ekki gengið öllu lengra í að skylda útgerðina til þess að standa undir þeim áföllum, sem hún varð fyrir á síðustu síldarvertíð. En þessar till., að ríkisstj. vill láta framselja sér sjóveðin, koma í bága við það, sem ég nú minntist á, að væri skoðun sjútvn. Og þessi skoðun kemur heim við það, sem hæstv. fjmrh. mun hafa sagt við 1. umr. málsins, þó að hann segði það ekki ákveðið, að svo mundi verða gert, nefnilega að fara inn á þá braut, sem n. hefur farið inn á í brtt. á þskj. 150. En það er nokkuð mikið annað, sem hér er um að ræða að gera, að leysa inn sjóveðin og fyrirskipa á þann hátt almennan greiðslufrest á skuldum útgerðarinnar.

Í samræmi við þetta, að ríkisstj. fer þannig að hlutast til, meira og minna, um rekstur hvers einasta báts, þá er breytt verkefni nefndarinnar, sem skipa á samkv. 5. gr. frv., sem fyrir liggur. Og það er ekki annað sjáanlegt en að þessi nefnd eigi bókstaflega að fylgjast með öllum rekstri útgerðarinnar. M. ö. o., *jafnframt* því sem útgerðarmenn eiga að njóta þessarar réttaraðstöðu, að ríkið leysi inn til sín sjóveðskröfur, haldandi sjóveðunum — sem sagt geri hlut, sem ekki nokkur fjárhagsleg áhætta er í — þá fær ríkisstj. rétt til þess að hafa skarpt og mjög náið eftirlit með útgerðinni, sem ég býst við, að útgerðarmenn sjái ekki neitt athugavert við. En þetta er ósamræmi, að ríkisstj. við það að leysa til sín sjóveðin fái meiri rétt til þess að hafa eftirlit með útgerðinni en þeir hafa, sem eiga þessar kröfur nú, því að það er ekki nein hætta á, að þessar skuldir tapist, sem sjóveðin eru fyrir, því að skipin eru í margföldu verði fyrir sjóveðskröfunum, sem þarna er um að ræða. En gagnvart því þarf hæstv. ríkisstj. að gæta sín vel, ef farið er inn á þessa braut, að þessi eftirlitsnefnd verði ekki eitt skrifstofubákn með höfuðstöðvum í Reykjavík og svo deildum úti um allt land, kannske eitt af okkar dýrustu skrifstofubáknum. Það yrði lítill vandi á grundvelli þessara ákvæða að gera þetta að geysilegu ríkisfyrirtæki. Og þá vil ég segja, að þeir peningar, sem til slíks skrifstofubákns færu, sem þannig væri sólundað, væru betur komnir beint til útgerðarinnar heldur en í slíkt skriffinnskubákn. Þetta ákvæði frv. er á þessa leið: „Lánveitinganefnd skal sannprófa, eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum.“ — Ef ríkisstj. hefði sérstaka reynslu fyrir því, að útgerðarmenn væru einhverjir óheiðarlegir menn, sem væru alltaf að plata um sína afkomu, þá væri ástæða til þess að hafa þetta ákvæði. En ég býst við, að það séu ekki nokkrir aðrir menn í þessu þjóðfélagi, sem verða eins að gera grein fyrir hverjum hlut í sínum rekstri eins og útgerðarmenn. Og svo á að skipa nefnd, sem á að „sannprófa, eins og unnt er“, hvort um skjalafalsanir eða lognar upplýsingar sé að ræða frá þessum mönnum. Á grundvelli þessara ákvæða væri hægt að fyrirskipa lögregluransókn hjá þessum mönnum í sambandi við þeirra atvinnurekstur. Og ég sé ekki, að það sé hægt að sannprófa í þessum efnum, ef það á að vera öðruvísi en að fram fari lögreglu-

rannsókn. Það er naumast, að útgerðin á einu sinni að vera undir eftirliti hjá hæstv. ríkisstjórn! — Og þetta er gert af því, að ríkisstj. ætlar að leysa inn sjóveð, en á þessar kröfur vísar samt sem áður, því að þær verða borgaðar, hvað sem fyrir kemur.

Ég verð að segja, að skilningur á þörfum útgerðarinnar er ekki allt of mikill hjá hæstv. ríkisstj. Við höfum skaðað okkur og ríkissjóð peningalega um margfalda þá upphæð, sem það kostar að leysa út þessar sjóveðskröfur, með því stoppi, sem þetta hefur valdið. Þetta hefur einnig orsakað stórkostlegt gjaldeyristap, og verða menn að gera sér það ljóst, að þetta hefði verið hægt að koma í veg fyrir, ef bátarnir hefðu verið leystir og getað farið á veiðar. Það er enginn sparnaður að þessu og eina leiðin til að fá úr þessu bætt er að leysa það strax, svo að útgerðin geti haldið því lánstrausti, sem hún hefur, og ekki þurfi stöðugt að hafa hana undir ríkiseftirliti. Það er ömurlegt að vita, hvernig komið er fyrir útgerðinni, og illt til þess að vita, að enn skuli vera reknar atvinnugreinar með gífurlegum hagnaði, sem byggja gróða sinn á tapi útgerðarinnar. Höfuðástæðan fyrir því, hvernig nú er komið fyrir útgerðinni, er ekki sú, hve illa hefur gengið á síldarvertíðum nú undanfarið, þó að ég vilji engan veginn gera lítið úr þeim áföllum og að þá hafi fyrst keyrt um þverbak við þau óhöpp, heldur er orsakanna að leita í því ranglæti, að útgerðin er neydd til að afhenda gjaldeyrinn til ríkissjóðs, sem afhendir hann aftur mönnum, sem ekkert hafa lagt fram til að skapa hann. Flest skipa þeirra, sem nú liggja undir sjóveði, væru ekki í vandræðum nú, ef þau hefðu fengið að verzla með þann gjaldeyri, sem þau öfluðu. Eitt skip, sem er sennilega bráðum komið undir hamarinn í kjördæmi hv. fjmrh., er búið að tapa stórfé, líklega 200—300 þús. umfram það, sem þeir áttu, en það hafði skapað gjaldeyri, sem græðzt hefur annað eins á og þeir eru búnir að tapa. Þetta sýnir, að ekki er hægt að koma útgerðinni á þann grundvöll, að hún geti staðið undir sér, með öðru móti en því, að hún fái gróða af innflutningsverzluninni. Útgerðin heldur áfram að sökkva og sökkva meðan gjaldeyririnn, sem hún hefur aflað, er tekinn og afhentur öðrum, sem ekki hafa aflað hans. Viss öfl vilja ekki viðurkenna þetta, en þetta verða stjórnarvöldin að sjá. Útgerðin þarf að geta grætt til að geta staðið undir atvinnulífi þjóðarinnar. Það er ömurlegt til þess að vita, að eftir að hæstv. ríkisstj. hefur athugað þessi mál síðan í vertíðarlok, skuli aðrar eins káktillögur sem þessar koma fram. Hve langan tíma þarf hún til þess að koma með till., sem horfa í rétta átt, því að enn horfir niður á við. Ég mun ekki ræða þetta frekar, en vona, að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir, hvað hann hugsar sér um varanlega lausn þessa vandamáls. En með þessu er verið að keyra útgerðina niður í botnlaust skuldafen.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er mjög undrandi yfir þessari tillögu, sem hér liggur fyrir. Meiningin er að taka útgerðina til gjaldþrotaskipta, og þetta er pólitísk gjaldþrotayfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. Hún treystir sér ekki til að ráða fram úr þessum málum, eins og kom greinilega fram hjá hæstv. frsm. Hún ræður ekki við þá aðila, sem hún þarf að semja við. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvert stefnir. Mér finnst, að of lítið örli á hugsun um skyldur við útgerðina. Grundvöllur vandræðanna þarf að koma fram, og það þarf að bæta úr því, sem miður fer. Gjaldeyririnn hefur verið tekinn með valdi af útgerðinni og afhentur bönkunum. Bankinn er fyrst og fremst sá aðili, sem fær gjaldeyrinn, en hann selur hann síðan öðrum aðilum. Landsbankinn verzlar með gjaldeyri og ekki ódýrt, það geta þeir borið um, sem hafa þurft yfirfærslu. Og skýrsla Landsbankans ber með sér, að hann hefur árið 1946 grætt 15 millj. kr. á þessum gjaldeyri og annarri veltu sinni, og 1947 græddi hann 16 millj. Tap síldarútvegsins í ár er hér talið 14 millj. kr. Allt tap síldarútvegsins á þessari hrapallegu vertíð er ekki eins mikið og gróði Landsbankans á einu ári. En það eru ekki bankarnir einir, sem græða á þessum gjaldeyri. Hann er síðan seldur til heildsalanna, og það er ekkert smáræði, sem þeir græða á honum. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur staðið í langvinnum samningum um, hvað lánsstofnanirnar sæju sér fært að greiða, og hefur hangið mánuðum saman sem beiningamaður á Landsbankanum, hvort hann sæi sér fært að gera eitthvað fyrir sjávarútveginn, þrátt fyrir það, að hún hefur fyrir sér reikninga Landsbankans, sem sýna, að hann hefur grætt 15 millj. kr. 1946, 16 millj. kr. 1947, og varla verður gróðinn minni nú í ár. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að fara að sýna sig mynduga gagnvart þessari stofnun. Það er óhætt að spyrja þessa herra, þegar þeir stjórna þannig, að þeir eru að drepa sjávarútveginn, hvar þeir stæðu, ef þeir fengju engan gjaldeyri. Ég veit, hvernig þeir eru, þegar hagsmunir útgerðarinnar eru annars vegar og hæstv. fjmrh. veit það eflaust líka. Og hvert er svo ráð það, sem Landsbankinn gefur ríkisstj.? Það er það, að Alþ. á að lýsa því yfir, að hver einasti maður, sem hefur lánað útgerðinni, eigi að lána áfram án þess að vera viss um að fá það aftur. Það á að skylda alla til að láta laun standa inni áfram. Verkamaður, sem á að fá laun sín vikulega, á að lána laun sín til lengri tíma. Allir aðilar eiga nú að fara að lána til þess að hlífa helztu gróðastofnun landsins, Landsbankanum, við að lána eins árs gróða. Og ef þetta verður nú samþ. í dag eða á morgun og útgerðarmenn verða að svíkja lánardrottna sína, hvernig fer þá eftir hálft ár? Ætli Landsbankinn láni þá? Væri ekki nær að skylda Landsbankann til að leggja fram svo sem 15 millj. til útgerðarinnar, svo að hægt væri að halda henni gangandi. Ég hef séð og oft gert það að umtalsefni, að fyrr eða síðar kæmi að því, að gera yrði upp við sig, hvort útgerðin, sem allt byggist á hér, skuli sett nr. 1 eða hvort verzlunarvaldið og bankarnir skulu skipa það sæti. Bankarnir og verzlunarvaldið hafa alltaf verið að græða,

en útgerðin að tapa. Þetta getur ekki gengið. Ef útgerðin væri skynsamlega rekin, mundu menn vilja leggja fé sitt í hana. Það verður að setja fjármagnið þar, sem það er þjóðinni fyrir beztu, og því verður útgerðin að hafa möguleika til þess að græða. Þegar dýrtíðarlögin voru sett, vöktum við athygli á því, að gefa yrði útgerðinni kost á því að græða. Ég gerði þá fyrirspurn um það, hvort öruggt væri, að vextir yrðu einnig bundnir. Hæstv. ríkisstj. svaraði þessu ekki. Ég hafði fengið upplýsingar um, að Landsbankinn ætlaði að hækka vextina, og það gerði hann. Og á sama tíma og hann hækkar vextina, skipar hann ríkisstj. að koma fram með þessar till., að gera flesta landsmenn að lánveitendum í stað sjálfs sín. Með þessu lagi er aðeins tímaspursmál, hvenær útgerðinni verður siglt í strand. Það verður að horfast í augu við erfiðleika útgerðarinnar og létta einhverju af henni, svo að hún sligist ekki undir öllu saman. Útgerðin er nú eins og klár, sem þrír feitir karlar sitja á bakinu á: bankavaldið, verzlunarvaldið og skrifstofubáknið. Þetta bákn tútnar út, en allur gróðinn, sem það fær, er frá útgerðinni, sem dregst saman og brotnar að síðustu niður undir þessum þunga, ef ekkert verður að gert. Alþ. hefur vald til að láta Landsbankann lækka vextina og lána útgerðinni og einnig að minnka skrifstofubáknið, en ekkert slíkt felst í þeim till., sem liggja hér fyrir. Ég neita því ekki, að ef til vill hafi verið rætt um skynsamlega lausn málanna, en allar hafa þær verið kæfðar af hinni afturhaldssömu stjórn, sem ræður Landsbankanum. Hún reyndi að spilla fyrir því, að nýsköpunarstjórnin keypti 30 togara til landsins, og setur sig nú á háan hest og vill ekki láta svo mikið sem eins árs gróða til þess að bjarga útgerðinni, sem bankinn hefur þó fengið mest af gróða sínum frá. Ég tel ástæðulaust fyrir Alþ. að beygja sig svo fyrir embættismönnum sínum að samþ. slíka till., sem áreiðanlega verður ekki til þess að halda útgerðinni gangandi, því að þetta er sama sem að gera hana ómynduga. En gjaldeyrir sá, sem útgerðin aflar, er tekinn og afhentur bönkunum. Ef gjaldeyrisverzlunin væri frjáls, þá væri útgerðin ekki í vandræðum. Frá þessari deild ætti ríkisstj. frekar að fá stuðning til þess að knýja bankavaldið, sem ætlar að sliga útgerðina, til þess að veita henni stuðning. Ég held því, að ekki eigi að samþ. þessa till., heldur samþ. till. um það, að Landsbankinn skuli snara út 14 millj. kr. til þess að bjarga útgerðinni. Ef til vill hugsa þeir þá betur um, hverjir eigi að stjórna fjármálum okkar.

Hæstv. ríkisstj. á ef til vill ofurlitla sök á þessu sjálf vegna þess, hvernig hún ráðstafar vörum þeim, sem útgerðin aflar. Í janúar til ágúst nam útflutningur á síldarolíu 56—57 millj. kr. Ég veit, að meginið af þessari olíu, eða 21 þús. tonn, voru seld á um það bil 100 sterlingspund tonnið, eða um 30 pundum pr. tonn undir sannvirði. Ef útgerðarmenn hefðu sjálfir selt olíuna og skilað andvirðinu til bankanna, þá hefðu þeir fengið 30 pundum meira pr. tonn, eða minnst 18 millj. kr. meira en fékkst. Það, sem haft er af síldarútveginum með sölusamningi ríkisstj. við England bara af síldarolíunni, nemur meiru en allt tap síldarútvegsins. Þrátt fyrir hin ægilegu töp vegna aflabrestsins í Hvalfirði í vetur hefði síldarútvegurinn staðið óstuddur í ár, ef síldarolían hefði aðeins verið seld með réttu verði. Því fer því fjarri, að útgerðin standi sem beiningamaður gagnvart bönkunum og verzlunarvaldinu. Það er því skylda þeirra, sem taka vöruna og gjaldeyrinn, að taka þannig á móti útgerðinni, þegar hún á í erfiðleikum, að ekki sé gefin út slík gjaldþrotayfirlýsing sem hér er gert. — Ég vil segja það, að ef þessi till. verður samþ., þá þarf að tryggja, að kaupi verkamanna, sem greiða á vikulega, verði ekki skipað undir hálfs árs greiðslufrestinn. Það munu koma brtt., ef hæstv. ríkisstj. vill ekki hverfa af þeirri vandræðabraut, sem hún nú er að fara inn á.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ríkisstj. bað hv. sjútvn. að taka að sér þessar till. til flutnings, sem eru brtt. við frv. það, sem hér er til umræðu, og þakka ég hv. nefnd fyrir að hafa lýst þeim till.

Þegar, eins og hér horfir nú við, útgerðin er á ný í enn þá stórkostlegri vandræði rötuð vegna taps ár eftir ár, og ríkisstj. eða ríkisvaldið og Alþ., sem hefur ekki haft bein afskipti af athöfnum útvegsins, sem ekki er að vænta, á að finna ráð til að leysa þessi vandræði, þá er ekkert líklegra en að eitthvað sé hægt að finna að þeirri tilraun til lausnar vandanum, þegar svo er komið, að margir bátar eiga ekki fyrir skuldum, vantar veiðarfæri og skulda kaup sjómanna. Mér er vel kunnugt um, hve vandræði útgerðarinnar eru mikil og margþætt, bæði er mér það kunnugt í gegnum þær upplýsingar, sem trúnaðarmenn ríkisstj. hafa fengið hjá útgerðarmönnum, og af ótal viðtölum við útgerðarmenn og fulltrúa útvegsins. Og þegar svo er, þurfa menn ekki að ætla, eins og fjárhagsástandið er og verðbólgan hér á landi, að þetta verði allt læknað í einni svipan, svo að ekkert sé hægt að að finna. Og það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að stjórnarandstaðan breiði sig út yfir þá agnúa, sem finna má á þessari tilraun til aðstoðar, sem miðar þó að því í heild sinni að bjarga við rekstri bátanna, fyrst og fremst á þessari vertíð, það er að segja þeirra báta, sem ekki eru svo illa komnir, að þeir geta ekki haldið áfram.

Það var verið að tala hér um heilbrigðan grundvöll. Ójá, heilbrigður grundvöllur. Ja, hver sem gæti nú farið til tunglsins. Það gengur barnaskap næst, þegar maður heyrir fullorðna menn, sem þekkja, hvernig dýrtíðin er, halda því fram eins og í alvöru, að hægt sé að kippa atvinnulífinu á heilbrigðan grundvöll í einu vetfangi eins og útgerðin er komin.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði mikið um það, hverjar skyldur ríkisvaldið hefði gagnvart útgerðinni, og skal ég sízt draga úr því sem gamall útgerðarmaður. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að ríkið ætti miklar skyldur að rækja við útgerðina. En þegar svo er komið, að út-

gerðarmenn geta ekki boðið ríkinu annað en að taka við tapinu ár eftir ár, án þess að ríkið hafi önnur afskipti af atvinnurekstrinum, þá verður maður að viðurkenna, að útgerðin hefur líka vissar skyldur við ríkið. Ég hef ekki haft kynni af neinni ríkisstj., sem ekki hefur haft fullan hug á því að búa í haginn fyrir útveginn á ýmsum sviðum, og sama er raunar að segja með landbúnaðinn. Mér hefur virzt, að allar meyjar vildu með Ingólfi ganga, þegar um bætta aðstöðu þessara atvinnuvega hefur verið að ræða, eða svo hefur almennt verið látið. En nú er ástandið mjög breytt, því miður, frá því sem var fyrir nokkrum árum, því að þótt margt blési áður í móti útgerðinni, þá kastar þó fyrst tólfunum nú. Skuldir útgerðarmanna eru svo stórkostlegar, erfiðleikarnir svo miklir, að þessi atvinnuvegur stendur geigvænlega tæpt, hvað sem út af ber. Og af hverju? Af því, að þjóðarbúskapurinn er ekki rekinn á heilbrigðum grundvelli. Og þá liggur beint við að spyrja þá, sem heimta, að honum sé komið á heilbrigðan grundvöll í einni svipan, hvað þeir hafi sjálfir gert til að draga úr verðbólgunni og dýrtíðinni í landinu, því að það er verðbólgan í fyrsta lagi, verðbólgan í öðru lagi og verðbólgan í þriðja lagi, sem mestu veldur í þessu efni, samhliða aflabresti á síldveiðum síðustu árin. Mér er satt að segja ekki kunnugt um það, að kommúnistar hér á Alþ., eða sá flokkur yfirleitt, hafi á nokkru sviði í nokkurt skipti komið með nokkrar raunhæfar tilraunir til að minnka verðbólguna í landinu. Þeir hafa snúið geiri sínum í ýmsar áttir eftir sínum pólitíska áttavita í það og það skiptið og miklað og blásið upp ógn þess, er þeir börðust við og hömruðu á í hvert sinn, hvort sem það hafa nú verið kaupfélögin, Landsbankinn eða heildsalarnir. En að þessi flokkur eða þingmenn hans hafi nokkru sinni gert sig líklega til að létta af þjóðinni böli verðbólgunnar eða losa myllusteininn af hálsi útvegsins, hefur aldrei komið fyrir. Þeir hafa því manna sízt ástæðu til að varpa svo þungum steini að þessari tilraun til úrlausnar, sem hér á að reyna, sem ég skal að vísu játa, að ekki er veigamikil á þessu stigi málsins, en þó tilraun til bjargar.

Hv. þm. Siglf. breiddi sig mjög út yfir það í ræðu sinni, hve rangt og óviðeigandi, skildist manni, það væri að breyta 2. gr. í þá átt, að í stað þess að lána beint, þá leysi ríkið til sín sjóveð. Hann virtist telja ríkið ætla að koma þar fram eins og harðsvíraðan „prokurator", sem ætlaði að ná í veð fyrir skuldum, og veifa síðan sverði laganna yfir skuldunautunum. En það er svo fjarri því, að skilningur þessa löglærða manns á málinu sé réttur. Það er engin hætta á, að ríkið hlaupi í veg fyrir menn til að stöðva þá í atvinnurekstri þeirra. Það hafa ótal menn leitað til mín og sjútvmrn. í tíð núverandi stjórnar viðvikjandi því, hvort þoka mætti til hliðar veðrétti ríkisins til þess að greiða fyrir öðrum lánum, sem þessir menn hafa verið að leitast við að fá, og þessu hefur aldrei verið neitað mér vitanlega, það hefur alltaf verið hliðrað til með veðrétt ríkisins, þrátt fyrir það að það kunni að vera skakkt út frá einstrengingslegu lögfræðilegu „prokúrators"-sjónarmiði. Ég skil ekki mitt hlutverk svo, og það hafa fyrirrennarar mínir heldur ekki gert, að ríkið ætti, þótt það hefði lögveð, að leggja stein í götu útgerðarinnar af þeirri ástæðu, að það hefði vald til þess.

Þá fannst hv. þm. Siglf. ákvæði 4. gr. um, að lánveitinganefnd eigi að rannsaka skýrslur frá útgerðarmönnum, nærri því móðgandi fyrir þá. Þarna er líka um misskilning að ræða. Ég get sagt það eins og er, og það er ekkert til að hneykslast á eða vera móðgaður af, að þær skýrslur, sem útgerðarmenn hafa gefið, eru nokkuð mismunandi, sumir reikna einn póst í ósamræmi við það, sem áður hefur verið reiknað, sumir reikna fyrningar óeðlilega, sem vel getur komið fyrir, o. s. frv., og það er ekki nema sjálfsagt, að lánveitandi kynni sér þessar skýrslur, það er sízt móðgandi. Það er ekki fyrirhuguð nein réttarrannsókn, heldur blátt áfram, að lánveitinganefnd kynni sér, hvort hagur viðkomandi útvegsmanna er eins og hann er sagður vera í skýrslunum.

Þá minntist hv. þm. Siglf. á seinlæti ríkisstj. í því að leysa höft af bátunum í vetur. Ríkið hefur skaðazt stórkostlega vegna þess, að bátar hafa legið og ekkert aðhafzt í haust. En ég minni á, að einmitt í haust hafa Norðlendingar, og ég held Austfirðingar yfirleitt og menn við Ísafjarðardjúp, stundað fiskveiðar með óvenjugóðum árangri. Þessir bátar hafa ekki legið við hafnarbakkann í Reykjavík eins og margir stórir bátar haf gert og mundu hafa gert, þótt engin sjóveð hefðu hvílt á þeim, blátt áfram af því, að hin stærri síldveiðiskip eru ekki þannig, að það borgi sig að gera þau út á þorskveiðar, nema vel veiðist og ekki þurfi langt að fara. Í haust hafa verið óvenjumiklir fiskflutningar úr Eyjafirði, og einhverjir hafa orðið að veiða þann fisk, og yfirleitt er það fjarri sanni, að sjóveðið hafi hindrað menn í að gera út, þar sem menn gátu og vildu fiska. Aftur á móti verður að segja það eins og er, að það hefur verið sorglega lítil veiði í Faxaflóa í vetur, svo að fólk hefur naumast haft í soðið hér í Reykjavík, en að sjóveðið hafi komið í veg fyrir, að menn gerðu út, er mest í huga hv. þm. Siglf. Hitt er vitað mál, að það er ekki gert að gamni sínu að leysa ekki sjóveð og lögveð fyrr, það stafar af þeim erfiðleikum, sem eru á því að fá fé til þessara hluta. En ríkisstj. hefur verið velviljuð í þessu efni, það er víst. Mest hefur staðið á því að fá fé til að leysa veðin.

Hv. 2. þm. Reykv. segir nú, að Alþ. eigi að fyrirskipa Landsbankanum að verja gróða sínum til að greiða það 14—15 millj. kr. tap, sem varð á síldarvertíðinni s. l. sumar, og þetta verkar eins og skot að áliti hans. En „i Morgen er der atter Dag" sagði Valdimar Atterdag. Skyldi það ekki koma dagur eftir morgundaginn, skyldi það ekki geta þurft að hjálpa útgerðinni síðar, ef illa fer, oftar en í þetta eina sinn? Landsbankinn stendur beinlínis undir langmestu af lánveitingum til útgerðarinnar og stendur að mestu leyti straum af því fé, sem Útvegsbankinn lánar í því skyni. Það er því

varhugaverður háttur, sem þessi hv. þm. benti á.

Ég held, hvað greiðslufrestinn snertir, að engin ástæða sé til að hafa neitt á móti honum. Hann er ekki nema eðlilegur, þegar athugað er, hve mörg spjót standa á útvegsmönnum, og hér er aðeins um stutt tímabil að ræða, en á meðan fá bátarnir tækifæri til að vinna sig upp. Í öðru lagi er þetta tímabil hugsað af ríkisstj. hálfu til að fara lengra og dýpra í sakirnar en þetta frv. gerir ráð fyrir, ef með þarf, og reyna að losa útvegsmenn úr skuldafjötrunum á ýmsum sviðum. Því er ástæðulaust að hafa á móti þessum gjaldfresti, sem þýðir friðun um skuldakröfur á þessum atvinnurekstri, á meðan fresturinn er. Varðandi kaupgreiðslur til sjómanna er mér ekki kunnugt um annað en þeir, sem vinna við bátana, hafi fengið greitt eftir hendinni, eins og rétt er að lögum.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að ríkisstj. ætti að fyrirskipa bankanum að lækka rekstrarvexti til útgerðarinnar. Það er nú svo. Við höfum nú oft um þetta talað, en ég veit ekki til, að nein stjórn hafi gert þetta nema núverandi ríkisstj. s. l. vetur; þá steig hún þetta spor af illri nauðsyn. Hvað um það, það var gert. Ég lái engri fyrrv. stjórn, þótt það væri ekki gert fyrr, frekar en ég hrósa núverandi stjórn fyrir að hafa gert það. En staðreyndin er sú, að engin önnur stjórn hefur farið út á þessa braut, og ef það er vert gagnrýni að hafa forsómað að fara þessa leið, þá verður hv. 2. þm. Reykv. að beina þeirri gagnrýni annað en í garð núverandi stjórnar, sem hefur einmitt gert þetta.

Ég kem þá loks að gjaldeyrismálunum, sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. ræddu báðir um. Það er nú löng saga, og þykir mér ekki fyrir, að þau mál séu rædd. Ég hef oft verið á þeirri skoðun, að útvegsmenn væru ekki á allan hátt rétt með farnir í því efni. Það mun hafa verið 1930, að gjaldeyriseftirlit var fyrst sett á stofn. Og frá þeim tíma hef ég oft komizt í hóp þeirra manna, þar sem um það var rætt, að raunverulega væri það ekki að öllu leyti réttlátt, að útgerðarmenn, sem legðu til mestan hlutann af gjaldeyrinum, þyrftu að leggja hann allan fram öðrum til afnota, sem flyttu svo inn fyrir hann og græddu á, á sama tíma og útgerðin væri e. t. v. rekin með stórtapi. En gjaldeyririnn gengur í gegnum bankana, og það, sem mestu varðar raunverulega í þessu máli gagnvart útvegsmönnum og öðrum, sem framleiða fyrir erlendan gjaldeyri, er það, að framleiðendurnir fái réttlátt verð fyrir gjaldeyrinn, að verðskráningin sé réttlát og í samræmi við verðskráningu annarra þjóða. Ef svo er ætið, er þetta böl ekki eins tilfinnanlegt og ella, því að í öllum þjóðfélögum viðgengst stétta- og verkaskipting, sumir gera út og selja bönkunum gjaldeyrinn, aðrir kaupa gjaldeyrinn af bönkunum og greiða með honum innfluttar vörur, sem þeir síðan selja, o. s. frv. Þess vegna er það ekkert undarlegt, þó að til séu í þessu þjóðfélagi útflytjendur og innflytjendur eins og annars staðar. Og ef við svo gætum að því, sem þessir menn halda fram, að það hé rangt að taka gjaldeyrinn af útgerðarmönnum og selja hann öðrum, þá vaknar fyrst og fremst þessi spurning: Er skrásetningin rétt, fá útvegsmenn hér á Íslandi útlenda mynt fyrir sínar afurðir svo sem þeim ber samkvæmt réttri skráningu? Það er ástæða til að spyrja þessa hv. þm., hvort þeir álíti, að svo sé, og vil ég sérstaklega leggja þá fyrirspurn fyrir hv. 2. þm. Reykv., sem er mestur bankafræðingur hér á þingi af okkur leikmönnum og talar mest um bankamál. Og við hv. þm. Siglf. vildi ég segja það, að ég er honum ekki ósammála um það, að útvegsmenn ættu skilið að fá hluta af sínum gjaldmiðli að einhverju leyti, og hef ég meira að segja gert lítils háttar tilraun, og hana heppnaða á þessu sviði síðan ég kom í ráðun. og tók við sjávarútvegsmálum. Það var svokallaður frjáls gjaldeyrir fyrir sölu á hrognum, sem útvegsmenn fengu í byrjun þessa árs, og mér er tjáð, að þeir hafi haft af því talsverð þægindi, a. m. k. ýmsir þeirra. Hv. þm. Siglf. var sjútvmrh. í nokkur ár á undan mér, og vil ég því spyrja hann: Hvað gerði hann til þess, meðan hann var í ríkisstj., að rétta þetta böl, sem hann telur nú vera og ég vil ekki segja, að eigi sér ekki stað? Hvaða athafnir hafði hv. þm. í frammi, meðan hann var ráðh., til þess að láta útvegsmenn ráða yfir sínum gjaldeyri? Ég ætla að bíða átekta þangað til þessir hv. þm. hafa svarað báðum þessum spurningum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar ríkisstj. fyrir 2 árum settist á laggirnar, lýsti hún yfir, að svo að segja hennar aðalmark og mið væri að koma atvinnulífi landsins á heilbrigðan grundvöll og afnema verðbólguna. Nú er ríkisstj. búin að starfa í 2 ár að því að láta verðbólguna hjaðna og losa þjóðina við þessa óvætti og að því að koma atvinnulífinu á heilbrigðan grundvöll, og hæstv. fjmrh., sem er mjög raunhæfur maður og þekkir fjármálaástand landsins, kvað í sinni ræðu upp þann dóm, að það, að vera að tala um heilbrigðan grundvöll fyrir fjármála- og atvinnulíf Íslendinga, sé eins og að tala um ferð til tunglsins. Það er mjög gott að fá þennan dóm frá þeim ráðh., sem bezt af öllum ráðh. þekkir fjármála- og atvinnuástand landsins. Hann kveður upp dóm yfir því, hve gersamlega ríkisstj. hefur mistekizt með það, sem hún setti sér, þannig að í staðinn fyrir að halda sér við jörðina hefur hún verið á leið til tunglsins. Ég held, þó að ríkisstj. hafi tekizt þetta svona hrapallega í þessi 2 ár, þá þurfi Alþ. ekki að örvænta um það, að ekki sé hægt að koma þessu á heilbrigðan grundvöll, ef unnið er að því af einhverju viti. Hæstv. ríkisstj. er eftir þessi tvö ár ekki enn þá farin að koma fram með nokkra uppástungu, hvað þá að hún sé sjálf sammála um að gera nokkuð til bóta til frambúðar á þessu sviði, enda tek ég eftir því, að ráðh., sem sitja í stólunum með hæstv. fjmrh., flýja um leið og farið er að ræða einhverjar alvarlegar ráðstafanir. Og viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. kom að, að þessi vandamál út-

gerðarinnar væru verðbólgunni að kenna, þá álít ég, að það sé ekki rétt. En var það ekki verðbólgan, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að lækna, og hvað hefur ríkisstj. verið að gera þessi tvö ár, við hvað hefur hún verið að dunda? Hefur hún verið að dunda við það að athuga, hvort hún gæti ekki komið sér saman um einhverjar till. viðvíkjandi verðbólgunni, og að lokum komizt að þeirri niðurstöðu, að hún hefði ekki neinar till. viðvíkjandi verðbólgunni? Og hæstv. fjmrh. kvað upp þann dóm yfir þessum tilraunum ríkisstj., að það væri ekki von, að hún hefði neitt gert í þessu, því að við sósíalistar hefðum ekki komið með neinar till. Sem sé, ríkisstj., sem samanstendur af þremur flokkum, er búin að leitast við að finna einhverja leið þessi tvö ár og skellir svo skuldinni á okkur, að við höfum ekki bjargað henni, við höfum ekki komið fram með till. þessi tvö ár og þess vegna sé ómögulegt að gera nokkurn skapaðan hlut. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir fyrir ári síðan, að ríkisstj. væri búin að bjarga þessu öllu saman. Ríkisstj. flutti þá till. og sagði, að samkvæmt þeim væri loks fundið út, að þrátt fyrir að sósíalistar væru ekki með, væri hægt að bjarga þjóðinni. Var þá ákveðið, að verkalýðurinn skyldi fórna og vísitalan bundin við 300 stig, og þar með lýsti forsrh. yfir, að vísitalan, sem var í kringum 320, þegar l. voru samþ., mundi vera komin niður í 315 strax eftir að búið væri að samþ. l. og mundi svo á nokkrum mánuðum komast niður fyrir 300, og það áleit ríkisstj., að mundi nægja. Nú er komið ár síðan, og hvað er vísitalan? Ég held, að hæstv. ríkisstj. gerði bezt í því, þegar hún eftir tveggja mánaða þingsetu kemur fram með einhverjar till. fyrir þingið, sem snerta atvinnu- og fjármál, að sýna sig ekki í þinginu, flýja og reyna ekki að ræða þessi mál. Það er ekki hægt að ljúka upp munni um fjármála- og atvinnuástand þjóðarinnar án þess, að það verði fordæming á ríkisstj. og öllum hennar verkum.

Hæstv. fjmrh. sagði, að útgerðarmenn hefðu ekki annað að gera en að bjóða ríkinu að taka við tapinu og ríkisstj. væri þess vegna í hálfgerðum vandræðum, hún þyrfti að taka við þessu, án þess að ríkið hefði afskipti af rekstrinum. Þetta er ekki rétt. Ríkið hefur haft, eins og hæstv. ráðh. veit, mjög mikil og áberandi afskipti af rekstrinum vegna þess, að það er ríkið, sem tekur allan gjaldeyri, sem útgerðarmenn framleiða, og ekki aðeins gjaldeyrinn, heldur líka allar vörur, og rekur hvort tveggja. Það, sem er aðalatriðið í sambandi við reksturinn, eru afurðirnar, sem þeir framleiða, og þeim fá útgerðarmenn ekki að ráða yfir nema að því litla leyti, sem hæstv. ráðh. gat um, að honum hefði tekizt að bjarga í hrognum. Ríkisstj. tekur af þeim vöruna og selur hana við því verði, sem henni þóknast, og afhendir bönkunum gjaldeyrinn. Ég held, að það sé þess vegna fjarri því, að ríkið hafi engin afskipti af útgerðinni. — Hæstv. ráðh. kom síðan inn á það, að þeir bátar, sem stundað hefðu þorskveiðar á ýmsum stöðum, hefðu borið sig vel og það sýndi sig þar, að það væri ekki verðbólgan, sem eyðilegði útgerðina, ef hún fengi sæmilegt verð fyrir fiskinn, sem hún framleiðir. En ég sýndi í minni fyrri ræðu fram á, að það sama gilti um síldarútgerðina og svo framarlega sem ríkisstj. ekki sjálf hefði tekið með valdi alla síldarolíuna, 21000 tonn, til ágústloka 1948 og selt hana undir fáanlegu verði, þá hefði bara rétt verð á síldarolíu gefið útgerðinni á þessu tímabili 18 millj. kr. meira en átti sér stað. Það er þess vegna alveg gefið, að það eru þau opinberu afskipti, sem valda þessu tjóni að mjög miklu leyti.

Þá beindi hæstv. ráðh. þeirri spurningu til mín, hvort ég áliti rétta skráningu á gjaldeyrinum nú, og vildi álíta, að ef bara væri rétt verð á gjaldeyrinum, þá gerði ekkert til, þó að hann væri tekinn af útgerðinni. Nú er rétt fyrir okkur að athuga, þegar við setjum fram þá spurningu, hvað sé rétt skráð verð á gjaldeyri, að það er í rauninni þjóðfélagslegt atriði, hvaða verð við viljum skrá. Það getur vel verið, að okkur þyki t. d. henta að skrá lægra verð á gjaldeyri þeim, sem framleiddur er, vegna t. d. dýrtíðar, heldur en viðkomandi framleiðendur mundu geta fengið fyrir hann á frjálsum markaði, vegna þess að slíkt kynni að vera nauðsynlegt með tilliti til þjóðarheildarinnar, en það losar okkur ekki undan þeirri skyldu að hlynna að þessum mönnum á öðrum sviðum, t. d. að láta aðra ekki græða á þeim vegna þess, að okkur er nauðsynlegt að skrá þennan gjaldeyri eins og við gerum. Og svo framarlega sem menn álíta þjóðfélagslega nauðsyn á því að stöðva gjaldeyri íslenzkra framleiðenda, þá verður vel að gæta þess, að það er ekki síður nauðsyn, að ríkisstj. láti l. ganga jafnt yfir alla í landinu og sjái um, að það sama gildi um útlendinga, sem hér dvelja. Það er vitað, að verð á frjálsum Keflavíkurmarkaði á gjaldeyri er, eins og bent hefur verið á hvað eftir annað, fyrir dollar frá 15—25 kr. En það eru eingöngu Ameríkanar, sem selja fyrir þetta verð til Íslendinga, án þess að ríkisstj., þótt hún viti af þessum svarta markaði, reyni að hindra það. Meðan þess vegna ríkisstj. sjálf ekki álítur þjóðfélagslega heppilegt að skrá gjaldeyrinn með hærra gengi en nú er gert, ber henni, þegar slíkt er gert vegna þjóðfélagsins, skylda til að sjá um, að þeir, sem gjaldeyririnn er tekinn af, verði ekki hart fyrir barðinu á þjóðfélaginu þess vegna, og fyrsta skuldbindingin er sú, þegar verðið er skráð á þennan hátt, að bankarnir séu ekki látnir græða stórkostlega á skráningunni, en útgerðin tapi. Ég hef á það bent, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera í sambandi við þetta, en ríkisstj. hefur engar ráðstafanir viljað gera, og ég vil benda á það, að nú er ástandið þannig, að útgerðin verður að ganga á milli stofnana og biðja um gjaldeyri fyrir veiðarfærum. Það væri strax munur, ef hún réði yfir gjaldeyri til kaupa á veiðarfærum, þótt ekki væri á neinn hátt breytt um skráningu. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að það liggur ríkisstj. nær en að hugsa um skráningu að losa eitthvað um þau höft, sem á útgerðinni eru, því að það er ekki aðeins gjaldeyririnn, sem tek-

inn er af henni, heldur líka vörurnar, og ef útgerðin ræður yfir sinni vöru, þá gerbreytir það hennar afstöðu, vegna þess að það skapar henni möguleika til að selja betur en ríkisstj. gerir. Til þess að geta sannað, fyrir hvaða verð hægt sé að selja íslenzkar útgerðarvörur, verður að gefa þessa verzlun frjálsa og leyfa íslenzkum útgerðarmönnum að sanna, hvað þeir geta fengið fyrir sínar vörur. Ég held því t. d. fram, að hægt hefði verið að selja síldarolíu fyrir 130 sterlingspund í staðinn fyrir 95—100.

Þá vil ég viðvíkjandi þeim praktísku hlutum, sem hér liggja fyrir, beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvernig farið verður að með þessi sjóveð. Verða öll þessi sjóveð jafnrétthá, og ef sjómenn þurfa sjóveð eftir Hvalfjarðarvertíðina, verða þau þá rétthærri eða réttlægri en sjóveð ríkisstj., og ef ríkið á að hafa sjóveðin, hvernig fer þetta þá, verður þá ekki sjóveðsrétturinn einskis virði, ef þetta er endurtekið nokkrum sinnum?

Ég efast ekki um, að hæstv. fjmrh., eins og hann lýsti yfir, mundi vilja gera allt þetta mjög sanngjarnlega og velviljuglega gagnvart útgerðarmönnum og sjómönnum. En í fyrsta lagi er ekki gefið, að núverandi hæstv. fjmrh. sitji alltaf í þessu sæti, það getur komið annar maður, sem ekki er svo velviljaður útgerðinni, og þess vegna er lítil skuldbinding í slíkum yfirlýsingum eða slíkum velvilja. Í öðru lagi gæti þetta orðið óviðráðanlegt, og með þessari aðferð er verið að fara inn á að skapa svoleiðis glundroða í allri þessari aðstoð og öllum þessum verzlunar- og viðskiptamálum útgerðarinnar, að það finnur enginn maður neitt út úr þessu. Hæstv. fjmrh. taldi mjög varhugavert þetta, sem ég sting upp á, að skylda Landsbankann til að borga þetta. En ég veit ekki, hvort þetta er nokkuð varhugavert. Hvað er mikið af þessum 14 millj. í Landsbankanum, og er hann ekki skyldugur til að lána eitthvað af því með þessu móti, og er þetta þá nokkuð varhugavert, er þá hitt þau ósköp, að það mundi muna sérstaklega mikið um það að taka á sig þá viðbót, er það nokkuð varhugaverðara en að segja Pétri og Páli að eiga þetta hjá útgerðinni? Ég held ekki. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, þó að þetta sé samþ., þegar búið er að gefa fordæmi eins og þetta, að menn, sem koma hingað til Reykjavíkur, fái lánaða matvöru. Ég er hræddur um, að þetta sé ekki einu sinni tjaldað til einnar nætur hvað vertíðina snertir og reynist síðan óhæft til að búa við. Mér skilst, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. vilji gjarnan fá einhvern tíma til þess að hugsa þessi mál betur. Náttúrlega er það ákaflega gleðilegt, ef hæstv. ríkisstj. er allt í einu komin inn á það að ætla að fara að hugsa. Það hefur farið mjög lítið fyrir því hjá hæstv. ríkisstj. undanfarin tvö ár. En ég er hræddur um, þótt hún færi að hugsa og tæki til þess nokkra daga eða nokkrar vikur, að árangurinn yrði ekki meiri en hann hefur verið þessi tvö ár, því að hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að í verðbólgunni hefði ekkert verið gert, en það var það eina, sem ríkisstj. ætlaði að gera. Ég sé ekki, að hæstv. ríkisstj. geti setið yfir svona málum til lengdar, og ég held, að ríkisstj., sem kemur fram með svona till., þar sem ekkert er til frambúðar, eigi að segja af sér. Ég þykist vita, að hæstv. fjmrh. sjái í rauninni alveg dóminn, sem hann kveður upp yfir ríkisstj., en fái hina ráðh. ekki til að sansast á þetta, þeir vilja sitja áfram. Og meðan þeir sitja hlaða þeir þunganum meir og meir á útgerðina, sem endar með því að útgerðin brotnar undan þunganum, og það eru fyrstu brestirnir, sem eru að koma í ljós í þessu frv. Það er svo langt frá því, að það sé verið að skaffa þarna undirbyggingu, að það er þvert á móti. — Ég skil hæstv. ráðh. þannig viðvíkjandi verkamannakaupinu, að hann áliti, að það komi alls ekki þarna inn, vegna þess að verkamenn eigi ekki kaup hjá útgerðinni. Væri rétt að bæta slíku skilyrði inn í 4. gr., og ætti ráðh. ekki að setja sig þar í móti.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það fór eins og mig hafði grunað, að þessar till., sem bornar eru hér fram af sjútvn. að beiðni ráðh., eru ekki liður í neinu ákveðnu plani, en hreint fálm út í myrkrið. Nú eru allar aðvaranir mínar í þá átt, að hættulegt sé að fara inn á þessa braut. Með því væri verið að kaupa stundarfrest, en ekki að taka með festu á vandamálinu, og virðist þetta vera gert til þess að reyna að komast undan að taka á vandanum. — Út af þeim athugasemdum, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni hér, sagði hæstv. ráðh., að það kynni að vera, að menn kynnu góð ráð síðar meir, og það kæmi dagur eftir þennan dag. Ég held nú, að ráðh. væri nær að svara því, til hverra ráða útvegsmenn eiga að grípa eftir 2. júlí 1949 til þess að halda útgerðinni áfram. 2. júlí 1949 munu víxlarnir falla, og ég sé ekki hver ráð verða fyrir útvegsmenn, ef þeir eiga að borga þá upp, auk verzlunarskuldanna. Flest skipin hafa ekki getað staðið í skilum með samningsbundnar afborganir, og 2. júlí eiga svo allar kröfurnar að verða gjaldkræfar. Hvað gerir ríkisstj. þá? Ber hún kannske fram frv. til brbl., að frestur inn verði framlengdur fram yfir sumarvertíðina? En jafnvel þótt vel aflaðist á síldveiðunum næsta sumar og nú í vetur, þá yrðu útvegsmenn þrátt fyrir það illa á sig komnir. Það er hægt að semja um skuldir, en er allir „kreditorarnir" koma á sama tíma, þá liggur ekki annað fyrir en gjaldþrot. Ég býst við, að hæstv. ráðh. láti sér ekki detta í hug, að vetrarvertíðin bæti ástandið svo um muni, og ef þetta eru ráðstafanir, þá er gallinn við þær, að þetta er lögbundinn greiðslufrestur, og kemur hann ekki til af öðru en að hæstv. ríkisstj. vill kaupa sér einhvern frest í úrræðaleysi sínu, en ég hafði þó hugsað mér, að hún væri ekki svo aum, að hún gæti ekki eitthvað lagt af mörkum til málanna. — Hæstv. fjmrh. hefur með ræðu sinni sagt það, að ríkisstj. finni enga leið, sem sé fær út úr vandræðunum, nema þessa, og þá upp á von og óvon. Þannig kemur ríkisstj. fram gagnvart útvegsmönnum. Þannig er þetta, að ríkisstj. kemur hér fram fyrir okkur þm.

svo ráðalaus, að við sjáum, að hún hefur gefizt upp.

Ég neita ekki, að þetta sé erfitt mál — því fer alls fjarri, og það er síður en svo, að það megi laga þetta með einu pennastriki. En ef ekki er hægt að leysa þennan vanda, þá er það auðsætt mál, að ekki er hægt að lifa á Íslandi. En öll þjóðin veit, að það er hægt. Í landinu er stór hópur manna, sem ekki vill, að breytingar verði gerðar til þess að úr rætist fyrir útveginum. Þessi hópur manna hefur það að atvinnu að eyða þeim gjaldeyri, sem útgerðin aflar, og hefur það verkefni að flytja inn vörur frá útlöndum. Vegna þessara manna vill ríkisstj. engar breytingar gera í bjargræðisáttina. Hæstv. ráðh. spurði, hvort gengið væri rétt að verki, ef fara ætti að svipta verzlunarstéttina þeim rétti, sem hún hefur. Ég veit, að það eru hópar manna, sem enga breytingu vilja gera á verzlunarmálunum, og eina till., sem þessir menn hafa fram að færa, er gengislækkun. Það væri úrlausn í bili, en eftir nokkra mánuði værum við komnir út í sama öngþveitið á nýjan leik. Þá hefur það nokkuð dregizt inn í umr., að nauðsynlegt væri að halda réttu gengi. En hvernig hefur gjaldeyrinum verið ráðstafað? Sjávarútvegsmenn afla hans, en honum er svo eytt af þeirri stétt manna, sem hefur innflutningsverzlunina með höndum, og ættu þeir að geta tekið einhvern hlut í því að standa straum af útgerðarkostnaðinum. Þó að gengið yrði fellt um helming, þá mundi fljótt fara í sama farveginn aftur, — framleiðslan mundi tapa, en hinir, sem eyða gjaldeyrinum, áhættulaust safna auði. Það er bókstaflega verið að reyna að hvolfa bátnum, er svo er um hnútana búið, að mestur gróði virðist vera af því að vinna ómerkilegustu störfin í þjóðfélaginu. Slíkt ástand mun haldast svo lengi sem slíkri sníkjustétt er haldið uppi með þeim hætti, sem verið hefur. Það er engin lausn að breyta genginu. Hennar er að leita annars staðar. Ríkisstj. hefur nokkuð rætt um þetta, og ef af því yrði, væri það ekki til annars en að lækka lífskjör almennings. Ríkisstj. lét það í veðri vaka, að hún mundi vinna að því að lækka dýrtíðina í landinu, en það hefur nú heldur lítið verið að því unnið s. l. tvö ár. En hvaða ráð var það nú, sem hún taldi ráðlegast að framkvæma í því augnamiði? Jú, — lækka kaup launþeganna í landinu með því að stýfa kaupgjaldsvísitöluna niður í 300 stig. En hvað hefur þetta komið útveginum að miklu gagni? Engu — alls engu. Þessi launaskerðing hefur ekki komið útveginum að neinu haldi. Hann hefur ekkert munað um það. Nú, ef við tökum aðrar atvinnugreinar. Hvað hefur að segja varðandi festingu vísitölunnar? Jú, húsabyggingar hafa aldrei verið dýrari en einmitt nú, og hús hafa aldrei verið í hærra verði en einmitt s. l. ár. Nei, það er sama, hvernig hæstv. fjmrh. snýr sér og hæstv. ríkisstj., vandinn liggur í því, hvernig gjaldeyrismeðferðin er. Ég segi: Útvegurinn á að fá aðgang að þeim taumlausa gróða, sem innflutningsbraskararnir taka af innflutningsverzluninni. Ég veit, að heildsalarnir í Reykjavík munu snúast harðvítuglega gegn slíkum ráðstöfunum, því að þeir vilja halda gróða sínum óskertum, og munu reyna að beina málinu inn á aðrar brautir, sem ekki geta náð tilgangi sínum, að létta undir útgerðinni. Ég veit, að heildsalar og kaupmenn viðurkenna þessa staðreynd, að allar aðrar ráðstafanir munu renna út í sandinn og verða til einskis. Dýrtíðin mun halda áfram að vaxa, meðan þetta ástand helzt, að heildsölum og alls konar bröskurum líðst að leika með innfluttu vöruna með sama hætti og hingað til. Menn leika það að setja upp heildsölu, flytja inn vefnaðarvöru og taka þar stórsölugróða sinn, setja upp smásölu og bæta á smásöluálagningu, setja upp saumastofu og selja henni úr smásölunni og leggja svo að lokum framleiðsluprovision ofan á allt saman. Svona er gangur þessara mála, og er ekki að undra, þótt innflutta varan hækki í verði, þegar svona er farið að.

Hæstv. fjmrh. segir, að útgerðinni verði tryggður mikill gjaldeyrir, og spurði um leið, hvað ég hefði gert til að tryggja útgerðinni gjaldeyri, þegar ég fór með sjávarútvegsmálin. Já, það var út af hrognunum, að það varð að tryggja þeim mönnum verð, er vildu kaupa hrogn og salta þau. Ef ég hefði ekki stutt það, að hrognin kæmust í verð, hefði ekki annað legið fyrir en að þeim hefði verið hent í sjóinn. Það hefði komið útgerðinni að litlu haldi. Ríkisstj. valdi þá þá leið að tryggja útvegsmönnum ákveðið verð fyrir afurðir þeirra, en ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að þetta skref er hvergi nærri nægilegt, og er í rauninni engin lausn. Lausnin felst í því, að gróði innflutningsverzlunarinnar verði hagnýttur í þágu útgerðarinnar. Hér er lagt til, að útgerðinni verði gefinn 6 mánaða skuldaskilafrestur, en hvaða lausn er það á vandamálum útvegsins? Vitaskuld kæra innflytjendur sig ekkert um það, að hinn mikli gróði þeirra sé skertur. — Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að þessu verzlunarfyrirkomulagi hafi ekki verið komið á fyrir hans tilverknað. Þessu fyrirkomulagi var komið á haustið 1932 og 1934. En þá, sem stóðu að því að koma þessu verzlunarfyrirkomulagi á, hefur varla grunað, að þróunin mundi verða í þá átt, að þetta fyrirkomulag er að kalla öngþveiti yfir þjóðina. Hver sú ríkisstj., sem þarf að glíma við fjárhagsörðugleika þjóðarinnar, verður að gera sér það ljóst. En innflytjendur — stétt heildsalanna — hafa svo mikil ítök um afkomu fólksins, að þeir eru að sliga aðalatvinnuveg landsmanna. Svo eru þessir sömu menn að tala um frjálsa verzlun, um leið og þeir hrifsa gjaldeyrinn af útveginum, án þess að hann fái nokkuð í staðinn. Já, það er heldur hjákátlegt að heyra þessa karla vera að tala um frjálsa verzlun. En mér er óhætt að fullyrða, að það er margt óskyldara þjófnaði en þetta, sem talið er til þjófnaðar. Heildsalarnir vilja ekki sleppa þessum forréttindum. En ég hefði haldið, að það væri meiri nauðsyn, að skipunum verði gert fært að starfa. — Ef nú á að fara að veita lán út á sjóveð, sem ganga eiga fyrir öllum öðrum kröfum, fyrir parti af lánunum, þá er það aðeins til þess að koma slæmum truflunum á veið-

arnar, og hætta er á, að ekki verði hægt að friða kreditorana, þegar fyrst er lánað út á sjóveð, einu trygginguna, sem útvegsmenn geta boðið, og svo eiga samningsbundin veð að koma á eftir. Þetta getur valdið því, að illmögulegt verður fyrir skipin að starfa. Það væri hentara að reyna að koma málum þannig fyrir, að bátarnir geti verið sem lengst úti. Ég veit um báta, sem fóru tvo túra með fisk sinn til Englands, og hafa forráðamenn þeirra sagt mér, að þeir hafi fengið mjög viðunandi útkomu af þeim ferðum. Ýmsir aðrir bátar hefðu getað farið svipað að, en þeir áttu þess ekki kost, sökum þess að rekstrarfé var ófáanlegt. Hæstv. ráðh. sagði, að núverandi stjórn hefði gert meira fyrir útveginn en undanfarandi stjórnir, en hvað hefur hún gert til þess að lækka útlánsvexti bankanna til útvegsins, sem eru að sliga útgerðina? Ég sé nú ekki, að stjórnin hafi mikið gert til þess að létta þessu fargi af útveginum, en ég vil aftur á móti benda á, fyrrv. ríkisstj. til verðugs lofs, að henni tókst þrátt fyrir harða mótspyrnu landsbankavaldsins að þröngva niður vaxtafætinum, þegar l. um stofnlánadeildina voru samþ. hér á Alþingi, eða niður í 2½%. Samkv. dýrtíðarfrv. í fyrra var gert ráð fyrir, að vextir lækkuðu úr 5,5—6% niður í 4%. Slíkar voru þær ráðstafanir. En ef framlenging á sér stað, fara vextirnir aftur í 6,5%. Bankarnir innleiddu þetta fyrirkomulag. Hins vegar vil ég benda hæstv. fjmrh. á það, að engin ríkisstj. hefur rýrt eins mikið tekjur almennings og núverandi ríkisstj. Fögur loforð án efnda og framkvæmda munu heldur aldrei koma útgerðinni á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið Marshall-lán til þess að reyna að koma sér út úr öngþveitinu, en hefur jafnframt reynt að skella skuldinni yfir á herðar verkalýðnum og fjargviðrazt mikið um, að kaup launþeganna sé of hátt. Nei, hæstv. stjórn á ekki að komast undan með slíkum útúrsnúningum. Það liggur skylda á herðum hæstv. ríkisstj. að leysa þessi mál, og mér virðist það vera tvennt hjá ráðherra, sem fyrir vakir með þessu frv., gjaldfrestur fyrir það fyrsta og lækkun vaxta, og fæ ég ekki annað séð en að því sé sáralítil bót. Nei, því að það er nú orðið þannig búið um hnútana hjá útgerðinni í landinu, að hún getur ekki hreyft sig orðið. Útvegsmenn fá aðeins að senda skipin út á veiðar og láta þau leggja upp afla sinn, meðan hraðfrystihúsin segja ekki stopp. Jafnskjótt og bankarnir stöðva greiðslur sínar, er allt stopp. Fiskábyrgðarlögin eru með þessu gerð óvirk. Þegar útvegsmenn hafa lagt afla sinn á land, þá ráða þeir engu meira, en afurðasalan verður brask. Það má segja, að gott verð fáist fyrir fiskinn í Þýzkalandi núna, en hann er seldur langt undir meðalverði. Síldarlýsi er selt fyrir tveimur pundum minna verð tonnið til þess að fá markað fyrir ísfiskinn. Með þessu er verið að skerða hlut smábátaútvegsins, en það skyldi allra sízt taka það af honum. Útvegsmenn voru ekki of sterkir, þó að ríkisstj. fari ekki að gera þá að betlurum og beiningamönnum, en það gerir hún svo sannarlega ef hún ætlar að fara að vera með þessar loddarakúnstir um lánið.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á að hraða ekki þessu máli um of eftir þessa umræðu og leggja það ekki fram fyrr en eftir helgi, en nota helgina til að ráðgast við útvegsmenn og athuga hvaða ráð tryggi þá bezt. Hann ætti að nota helgina til þess að athuga, hvort ekki væri önnur leið betri. Það þarf að setja fast ákveðið verð fyrir síldina, og það á ríkisstj. að gera en ekki verksmiðjurnar. Það er óforsvaranlegt, að útvegsmenn standi uppi varnarlausir gagnvart verksmiðjunum. Um þetta á ríkisstj. að taka ákvörðun. Þess vegna bendi ég hæstv. ráðh. á að taka meira tillit til útvegsmanna og athuga, hvort ekki sé önnur leið betri, en bíða fram á mánudag með að lögfesta þetta.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það fór sem mig varði, er ég spurði hv. 2. þm. Reykv. um það, hvort gjaldeyrisskráning væri réttlát. Þeir fóru báðir, hann og flokksbróðir hans, í kringum það eins og litið húsdýr, sem við þekkjum, fer í kringum grautarskál. Það var spurt, hvort skráningin væri réttlát gagnvart útvegsmönnum. Þeir telja sér ekki fært að svara þessu, en um leið og þessu fer fram, þá fordæmir hann, þm. Siglf., þá till., sem fram kom á þingi Landssambands útvegsmanna nú í haust. Á þann hátt mætti ráða nokkra bót á verðlaginu, án þess það yrði til fjárhagslegrar byrði fyrir ríkissjóð. Líka þessi leið, sem útvegsmenn bentu á, virðist ófær, — því að ætlast hann þá til, að útgerðarmenn gerist heildsalar eða kaupmenn?

Hv. þm. hefur haldið hér á lofti lögfræðilegum teoríum út af ákvæðum frv. En það er nú þannig með þeirra hugsanagang, hann gengur meira út á teoretiskar kenningar heldur en raunveruleikann. En það er ástæðulaust með öllu að vera með bollaleggingar um það, að með þessu ákvæði sé verið að stofna útvegsmönnum í hættu. Ég vil nú ekki tefja lengur hér að ástæðulausu, þó að ræða hv. þm. hafi gefið tilefni til þessara athugasemda.

Hv. 2. þm. Reykv. bölsótaðist hér yfir því, að lýsi hefði verið selt héðan fyrir neðan það verð, sem hægt var að fá á öðrum stöðum. Þó að hægt sé að benda á einhverja sölu á litlu magni, sem hærra verð hefur fengizt fyrir en það, sem selt er Bretum, þá er ekki hægt að selja allt lýsið við háu verði.

Það hefur verið bent á það, að framleiðendurnir sjálfir sæju um sölu afurðanna, en á því eru ýmsir annmarkar, eins og dæmi sýna glögglega, en s. l. ár ætluðu einkafabrikkur að selja afurðir sínar sjálfar, en það gekk heldur treglega. Fyrst var byrjað með yfirspenntu verði, eftir einhverjum agentum úti, en að lokum kom þó að því, að ríkisstj. varð að hlaupa undir bagga með þessum aðilum og komst þá ekki að eins góðum kjörum og hún hafði áður fengið. Ég er sjálfur sammála hv. þm. um það, að framleiðendurnir ættu að hafa meiri afskipti um útflutta vöru en þeir hafa nú. En hann virðist ekki sjá neitt annað ráð en að taka alla verzlun úr höndum þeirra, er nú hafa hana, og fá hana í hendur útvegsmönnum. En

ég er hræddur um, að það yrði mikið vatn runnið til sjávar áður en það næði fram að ganga.

Ég ætla ekki að tefja lengur við þetta, en sný mér að frv. því, sem stjórnin hefur lagt fram og er einn liður til þess að ráða bót á því ástandi, sem nú í bili er í útvegsmálum okkar, en það er engan veginn álitlegt. En ég sé enga ástæðu til þess að vera að bölsótast yfir þessum eina lið frv. En það er hægast að leggja öðrum orð í munn, því að það gerði hv. 2. þm. Reykv. með því að taka hálfa setningu, svo að hún brenglaðist öll við það. — Ég gat ekki skilið flokksbróður hans, hv. þm. Siglf., þegar hann var að gefa ríkisstj. vitnisburð. Hann sagði í því sambandi, að við hefðum lagt á mikla skatta. Við höfum notað þá til þess að halda niðri verðbólgunni. Hvaða vísitala væri hér nú, ef þetta hefði ekki verið gert? Þó játa ég, að árangurinn er ekki eins mikill og við var að búast. En það liggja fyrir aðrar krófur. — Það er bezt að láta hér staðar numið af minni hálfu. En hann er einkennilegur háttur þingmanna sósíalista hér á þinginu. Þeir hafa alltaf sama hljóð í munni. Það er engu líkara en að þeir fari alltaf eftir línu, sem þeir aldrei bregða út af. Þeir segja: Það er aðeins ein stétt, sem veldur öllu böli, heildsalar. — Þetta minnir mig á einn gáfaðan mann, sem ég þekkti, þegar ég var drengur. Þessi maður var alltaf að flytja kvæði og hafði gaman af að láta menn heyra, og menn komust ekki hjá því að hlusta á hann flytja sína list. Þau byrjuðu jafnan vel, en enduðu alltaf á óbótaskömmum um presta. Það er sama hjá sósialistum. Hjá þeim endar kvæðið alltaf á þá leið, að allt böl komi frá heildsölunum. — Hv. þm. Siglf. gaf mér ráð um, hvað ég ætti að gera fyrir útvegsmenn. Ég hef ekki verið daufur fyrir ráðum útvegsmanna, sem ég sat á fundi með í nótt. Svo hefur ríkisstjórnin haft nefnd fulltrúa þeirra til þess að ræða við. En meðan hann var sjálfur sveinstauli og saug túttu, þá var ég starfandi við útgerð og þá jafnframt við sölu afurða. (*EOl:* Og þá réðuð þið gjaldeyrinum.) Það er að vísu satt, að við höfðum hann fyrst í stað, en svo kom það tímabil, er það þótti þjóðarnauðsyn að taka hann af að nokkru. En gjaldeyrismál útvegsins og vandræði útvegsins verða ekki leyst, ef engin ákvörðun er tekin um það efni, en í þess stað verið með alls konar útopíur, sem miða að því að bola öðrum stéttum frá því, sem þær hafa mesta þekkingu til að inna af hendi og eru hæfastar til. — Það er skakkt hjá hv. þm. Siglf. að kenna heildsölunum og innflytjendum um svarta markaðinn. Hins vegar er ég sammála honum um það, að það er hin mesta ófremd að því að breyta dúkum og öðrum hlutum til þess að geta lagt meira á vöruna, eftir að búið er að vinna úr henni, en útiloka þar með fjöldann, en það er bara ekki sú stétt, sem hann sparkar mest í, sem sekust er í þessum efnum.

Áki Jakobsson: Hæstv. ráðh. tók það fram, að við hefðum ekki bent á nein ráð til þess að leysa þau vandamál, sem hér er um að ræða, en í þess stað hefðum við bara vegið að heildsölunum. Ég hef bent á, að tvöfalt gengi mundi hafa í för með sér áframhaldandi verðbólgu, sem mundi auka erfiðleika útvegsins verulega. Hins vegar er ég með því, að útgerðin yrði meira aðnjótandi og hefði meiri þátttöku í ráðstöfun þess gróða, sem útvegurinn skapar. Með því móti gætum við rétt útveg okkar við. Það á að taka hlut af þeim, sem skiptir hundruðum milljóna á hverju ári. — Þessi tillaga hefur komið frá þeim, sem hag hafa af því, að það fyrirkomulag, sem nú ríkir, haldist. — Ég er ekki að kenna heildsölum um þetta ástand, heldur þeim sem stjórna. (*Fjmrh.:* Hvað gerði þm. til þess að útrýma þessu ástandi, þegar hann var ráðh?) Það var engin leið að komast hjá þessu ástandi, því að það hafði verið að skapast allt frá því 1932.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 179,1 (3 nýjar gr., í stað 2. gr., verða 2.—4. gr.) samþ. með 21:2 atkv.

— 179,2 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 179,3 (ný 4. gr., verður 6. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 179,4 (ný 5. gr., verður 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 179,5 samþ. án atkvgr.

6. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 179,6 (ný 8. gr., verður 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 179,7 samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 150 tekin aftur til 3. umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Sjútvn. tók aftur eftir beiðni hæstv. ríkisstj. brtt. við frv. þetta á þskj. 150 til 3. umr. Fyrir þessari brtt. hefur hv. frsm. n. áður gert nokkra grein. En hún var á þá lund, að ríkisstj. væri heimilt, að fengnum till. lánveitinganefndar, að ákveða, að fé það, sem veitt yrði með þessum lögum, yrði veitt sem óendurkræfur styrkur, og jafnframt væri ríkisstj. heimilað að gefa eftir lán, sem veitt voru til útgerðarinnar vegna aflabrests á sumarsíldveiðunum 1945 og 1947, ef í ljós kæmi, að slíkt greiddi fyrir hlutaðeigandi vélbátaeigendum um að halda rekstri sínum áfram. Nú er það svo, að sú rannsókn, sem gerð hefur verið á hag vélbátaútvegsins, sýnir að hann er ákaflega bágborinn. Eins og hv. þm. er kunnugt, aflar vélbátaflotinn um það bil

¾ af því hráefni, sem fer til þeirra vara, sem útfluttar eru úr landinu á ári hverju. Það er þess vegna þjóðarnauðsyn, að þessi útvegur sé rekinn á heilbrigðum grundvelli og að hann sé fullnýttur til framleiðslunnar. Á þessu er orðinn mikill misbrestur. Bæði er það, að fjarri fer því, að þau tæki, sem flutt hafa verið til landsins fyrir vélbátaflotann, séu fullnýtt, og eins hitt, að svo er komið um hag vélabátaútvegsins, að hann er miklu verri en hagur flestra annarra atvinnuvega í landinu. Og ég hygg reyndar, að enginn annar atvinnuvegur standi eins höllum fæti eins og vélbátaútvegurinn. Þær skýrslur, sem nefnd sú, sem ríkisstj. skipaði á síðasta hausti til þess að rannsaka hag vélbátaútvegsins, hefur aflað, sýna það, að 140 vélbátar, sem reikninga sendu, skulda um 79 millj. kr., og er þá sleppt að telja til skuldar hlutafé og stofnfé þessara fyrirtækja, sem nemur 10,5 millj. kr. Af þessum skuldum, þessum 79 millj. kr., eru samningsbundin lán hjá lánsstofnunum um 59 millj. kr., en aðrar skuldir um 20 millj. kr. Það má gera ráð fyrir, að veðskuldir og víxilskuldir þessara fyrirtækja séu um 59 millj. kr., en samningsbundnar skuldir um 20 millj. kr., og er þá búið að afskrifa allt hlutafé og stofnfé, sem til þessara fyrirtækja hefur verið lagt, eða um 10 millj. kr. Þetta samsvarar því, að þessi 140 skip skuldi til uppjafnaðar rúmlega 550.000 kr. En vaxtabyrði af þessum skuldum á ári mun nema um 30 þús. kr. Og sjá allir, sem eitthvert vit hafa á útgerð, í hvert óefni hér er stefnt. — Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, eru skuldir þessara fyrirtækja umfram eignir um 25 millj. kr., þegar hlutafé og stofnfé er talið til eigna, en um 15 millj. kr., þegar það er talið tapað. Nú er það svo, að þessi skip eru mjög misjafnt metin. Sum þeirra er búið að afskrifa mjög mikið, en önnur eru skráð með því nær fullu kaupverði og því dýra kaupverði, sem þau voru keypt á á stríðsárunum. Ég skal ekki rekja þá sögu lengri. — En sjútvn. var alveg ljóst, að til þess að þessi atvinnuvegur geti haldið áfram, þarf að gera mjög miklar umbætur, og þá nægir vitanlega ekki að bjóða vélbátaútveginum þær sex millj. kr., sem áætlun var um upphaflega frá hæstv. ríkisstj., sem lán, meðfram vegna þess, að allflest þessara fyrirtækja hafa bókstaflega engan rétt til þess að fá fé lánað vegna gjaldþrotalaganna, þar sem þau eiga ekki fyrir skuldum. Fyrir því flutti sjútvn. þessa brtt., sem ég gat um áðan, á þskj. 150. — Hæstv. sjútvmrh. hefur nú mætt á fundi hjá sjútvn. og óskað eftir því, að n. tæki þessa brtt. aftur, ekki til þess að hún félli niður, heldur af þeirri ástæðu, að ríkisstj. mun hafa með höndum frv. um aðstoð við vélbátaútveginn, og mundi þá taka till. þess efnis, sem ég hef getið hér um, upp í það frv. Í því trausti, að þetta frv. komi fram nú allra næstu daga og væntanlega verði afgr. áður en þm. fara í jólafrí, hefur sjútvn. heitið hæstv. sjútvmrh. því að taka þessa brtt. aftur, og væntir þess, að hann gefi yfirlýsingu um þetta mál nú á þessum fundi. — Ég vildi svo geta þess, að hæstv. sjútvmrh. fór fram á það við sjútvn., að hún flytti brtt. við þetta frv., við 5. gr., þannig, að í staðinn fyrir „þriggja manna nefnd“ kæmi: fimm manna nefnd — þ. e. til þess að hafa á hendi þau störf, sem ákveðin verða í lögunum samkv. þeirri gr. Meiri hl. sjútvn., eða fjórir nm., hafa fallizt á að flytja þessa brtt., og er hún þess efnis, að fyrir „þriggja manna nefnd“ í 5. gr. komi: fimm manna nefnd. Vil ég leyfa mér að leggja þessa brtt. fyrir hæstv. forseta. Hv. þm. Siglf. hefur nokkra sérstöðu í þessu máli. Hefur hann fallizt á það með okkur hinum í n. að taka aftur brtt., sem ég gat um, í sambandi við yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið n. og væntanlega flytur hér í hv. þd. En að öðru leyti hefur hv. þm. Siglf. sérstöðu, og ég held út af tveimur eða þremur gr. í þessu frv., sem hann mun gera nánari grein fyrir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir að hafa fallizt á þau tilmæli mín að taka endanlega aftur, hvað þetta frv. snertir, brtt. á þskj. 150, sem frestað var til þessarar umr. Og í tilefni af því og með hliðsjón af ræðu hv. þm. Ísaf. vil ég segja, að ríkisstj. hefur ákveðið að leggja fram á næstunni vegna vandamála bátaútvegsins frv. og taka inn í það frv. heimild til þess að gefa eftir fé það, sem lagt kann að verða fram samkvæmt þessu frv., og lán þau, er veitt voru vegna aflabrests á síldveiðum sumarið 1945 og 1947. — Þá vil ég líka þakka hv. meiri hl. n. fyrir að hafa tekið til greina tilmæli mín um það að hafa nefndina, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., skipaða fimm mönnum í stað þriggja, eins og nú stendur í frv.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa hér um mörg fleiri orð. Mér er það ljóst og ríkisstj., á svipaðan hátt og hv. sjútvn., að vandræði útvegsins eru mikil og að neyta verður allra bragða til þess að fá eitthvað úr þeim rétt. Það verður nú ekki hægt að ætla sér þá dul, að öll þau vandræði megi í einu vetfangi leyst verða. En þó er það einlægur ásetningur okkar að reyna á þessu þingi að stíga spor til þess, að réttur megi verða nokkuð hagur útvegsins.

En að því er snertir efni þeirrar brtt., sem nú hefur verið tekin aftur af hv. sjútvn., og þetta frv. sjálft, þá er um það í raun og veru ekki skoðanamunur að efni til, sem hefur valdið því, að inn í þetta frv. yrðu ekki felld þau ákvæði, er um ræðir í brtt. á þskj. 150, heldur miklu fremur, að það þykir hentara að hafa þau í sambandi við aðrar tilraunir til lausnar sömu vandamála. En sjálfu frv., sem felur í sér greiðslufrest á vissum skuldum, þarf af þeirri ástæðu, þótt ekki væru aðrar ástæður fyrir hendi, að hraða gegnum þingið, til þess að menn hlaupi ekki til um að krefja inn þessar skuldir, áður en frv. er orðið að lögum, skuldir, sem annars yrðu að bíða samkvæmt því, ef það væri orðið að lögum. Og þess vegna vil ég vænta þess, að þetta sérstaka mál fái nú greiðan gang gegnum þessa hv. d. og áfram í hv. Ed.

Forseti (SB): Leita þarf afbrigða fyrir skrifl.

brtt., sem forseta hefur borizt frá hv. meiri hl. sjútvn., en hv. þm. Ísaf. lýsti áðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég féllst á það með öðrum hv. nm. í sjútvn., að dregin sé til baka brtt. á þskj. 150 á grundvelli yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér í hv. þd., sem ég skoða þannig, að hann muni, áður en þingið hættir störfum fyrir jól, leggja fram þessa till. í öðru frv., því að ég er ásamt öðrum nm. á þeirri skoðun, að það beri að taka á málunum á þann hátt, sem í brtt. greinir.

Ég vil í samræmi við það, sem ég kom að í ræðum mínum við 2. umr. málsins, flytja nokkrar brtt. Í fyrsta lagi tel ég ástæðulaust, að ríkisstj. leysi til sín sjóveðin, ef hún ætlast til, að sjóveðin verði ekki til fyrirstöðu um, að bátarnir verði gerðir út. Þetta, að leysa til ríkisins sjóveðin, en láta þau samt sem áður hvíla á útgerðinni, mundi verða til erfiðleika við allan rekstur bátanna, sem sjóveðin hvíla á, vegna þess að þeir, sem einhverra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við útgerðina, verða órólegri við það, að bátarnir starfi áfram með sjóveðum áhvílandi, vitandi það líka gagnvart þeim, sem veð hefðu í skipunum, að það getur komið viðbótarsjóveð á bátana vegna Hvalfjarðarútgerðar eða annars, sem líka kemur með forgang móti hinum veðunum, enda er ákvæði í frv. þessu um að gefa almennan greiðslufrest. Það verður því vafasamur gróði — og það verður hæstv. ríkisstj. að gera sér ljóst —, þó að leyst séu til ríkisins sjóveðin á bátunum, vegna þess óróa, sem það skapar að framlengja sjóveðin. Sjóveðin eru yfirleitt til eins árs. Og það er liðið á þann tíma nú þegar, frá því munstrað var af skipunum, þ. e. frá því í september s. l., það eru liðnir sem sagt þrír mánuðir. En með þessum lögum, ef þetta ákvæði verður samþ., verða sjóveðin framlengd um eitt ár, frá því að ríkisstj. leysir þetta inn, sem getur orðið í janúar eða febrúar n. k. — Ég hef ekki enn séð tilgang í því að fara þannig að um sjóveðin eins og ætlað er af hæstv. ríkisstj., vegna þess að hæstv. ríkisstj. ætlar sér, eftir því sem ráðið verður af frv., sem fyrir liggur og sjútvn. flutti samkv. beiðni ríkisstj., að veita lán, sem ekki verða betur tryggð en það, að fyrir þeim verða tekin veð hjá útgerðinni á eftir þeim veðum, sem búið er að setja á skipin. Nú er vitanlegt, að í langflestum tilfellum er þetta engin trygging, heldur munu þessi lán verða lánuð út á væntanlega betri afkomu en verið hefur hjá útveginum. En þá kemur þessi bráðabirgðaráðstöfun, sem er gerð með svona harðhentum aðferðum, að ríkisstj. vill leysa inn til sín sjóveðsréttinn, til þess að hafa forgang fyrir öllum samningsbundnum veðum á skipunum, — til þess að halda þessum rétti nokkurn tíma og gefa hann svo eftir, þegar gengið er endanlega frá þessum lánum. Ég sé engan tilgang í svona starfsaðferðum. En það er alveg augljóst, að þetta kemur til með að valda útgerðinni miklum óþægindum og spilla fyrir henni í mörgum tilfellum. Þess vegna flyt ég brtt. um, að í staðinn fyrir ákvæðin um innlausnina á veðunum komi svo hljóðandi breyt. á 2. gr. frv. „Í stað 1. og 2. mgr. kemur: Ríkisstjórninni er heimilt f. h. ríkissjóðs að lána útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1948, upphæð, sem nægi til þess, að þeir geti leyst af skipunum allar lögveðs- og sjóveðskröfur, hvort sem lögveð eða sjóveð hefur verið á lagt eða skipunum verið forðað frá því með bráðabirgðalánum, sem útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki hafa tekið, og þeim ella væri kleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni 1948." — Og í samræmi við þessa brtt. er till. um, að 3. gr. frv., eins og það er nú, verði felld niður.

Þá flytur meiri hl. hv. sjútvn., þ. e. 4 nm., brtt. um það, að í stað þriggja manna komi fimm manna nefnd, sem í 5. gr. frv. er talað um. Ég vildi ekki vera með í flutningi þeirrar brtt. vegna þeirrar grg., sem þessari brtt. fylgdi frá hæstv. ráðh. Mér skilst, að það sé meining hans að skipa í n. fulltrúa frá Landsbankanum og Útvegsbankanum til viðbótar hinum fyrri þremur mönnum, sem í n. eiga samkv. frv. að vera. Þó að þessi n. ætti að hafa samráð við bankana, tel ég, að ekki verði við það unað á nokkurn hátt, að bankarnir hafi beinlínis fulltrúa í n., og að það verði ekki til þess að bæta starfsemi n. Og ég hygg, að þetta verði ekki til neins gagns, að bæta þessum fulltrúum í n. Bankarnir eru búnir að hafa fulltrúa í n., sem hefur verið að rannsaka þessi mál, og hafa aflað sér upplýsinga á þann hátt. Þeir hafa þess vegna fulla aðstöðu til þess að fylgjast nákvæmlega með og gera aths. um það. Ef þeir teldu fjárhag útgerðarinnar lakari en rök standa til, þá hafa þeir þegar aðstöðu til að fylgjast með öllum gögnum, sem fram eru lögð, og gera sínar aths. Hins vegar er ég með því að auka fjölda nefndarmanna í fimm og að þeir séu kosnir af þinginu. Það er mikill smásálarskapur að útiloka stjórnarandstöðuna. Hæstv. ráðh. leitar uppi allar mögulegar nefndir, sem hann getur látið skipa í nefndina, og segir síðan, að hann hafi aðeins útilokað ábyrgðarlausa gasprara. Ég fór fram á það við hæstv. fjmrh., að hann skipaði einn mann frá Sósfl., en mér skildist, að hann gæti það ekki, hann má það kannske ekki. Það er óskaplegur taugaskjálfti í sambandi við þetta. Ég vil leggja þessar tillögur fram til að lofa þm. að skera úr um það, hvort þeir vilji, að stjórnarandstaðan sé útilokuð úr öllum nefndum. Ég veit ekki til, að þessi hæstv. ríkisstj. hafi nokkru sinni skipað mann úr stjórnarandstöðunni í nokkra nefnd eða stjórn, nema í stjórn fiskimálasjóðs, en nú er verið að drepa það fyrirtæki, og sennilega kemur nú bráðum till. um að fella hann niður. Það er gott og blessað að fá úr því skorið, hvort stjórnarandstaðan eigi að vera útilokuð, gott að fá úr því skorið, hvort þingræðislegt sé að hafa þetta svona, og þetta skapar fordæmi og kvartar þá varla neinn yfir því, þó að þetta verði svo hjá

næstu ríkisstj., því að varla verður þessi stjórn eilíf í landinu. Ég tel þetta brot á þingræði, brot á lýðræði og smánarlegan smásálarskap og öfuguggahátt. Þess vegna vil ég gefa Alþ. tækifæri til að marka stefnuna í þessu efni.

Ég flyt till. við 6. gr., að 1. málsl. eða orðin: „Lánveitinganefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum“ falli brott. Í greininni næst á undan, 5. gr., eru ákvæði um það, að nefndin geti aflað sér allra nauðsynlegra skýrslna, og ef hún fær þær ekki, getur hún útilokað viðkomandi útgerðarmann frá lántökunni. Og ætti það að vera ærið nóg til að knýja fram skýrslu. Og síðan á að sannprófa, hvort skýrslur þessar séu réttar. Ef þetta ákvæði er ekki bara sett út í loftið, er helzt að skilja, að hvert plagg verði að rannsaka vandlega til að ganga úr skugga um, hvort það sé ekki falsað. Með þessu eru útgerðarmenn settir á sérstakan bekk sem menn, sem hæpið sé að treysta, og er þetta smán við þá, og vil ég leggja til, að þessi setning falli burt. — Og loks í 7. gr., að innlausn sjóveða falli burt í samræmi við 1. till. — Þannig eru mínar brtt., og mun ég ekki fjölyrða frekar um þær.

Forseti (SB): Hv. þm. Siglf. hefur nú lýst skrifl. brtt., sem hann ber fram, og vil ég leita afbrigða um þær allar í senn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mál þetta hefur legið alllengi hér í þinginu, var látið bíða í nefnd og lítið sinnt þar til nú, að það er allt í einu tekið fyrir á aukafundi, og verða þm. að hafa sig alla við, ef þeir eiga að vita af fundum, og má telja slíkt undarlegt með svo mikilvægt mál. Ég hef fylgzt með málinu, en vissi ekki af fundinum í gær, þegar málið var til 2. umr., fékk enga tilkynningu um það og má teljast heppinn að missa ekki líka af 3. umr. með þessum aðferðum. Málið er nú hér til 3. umr., en þar eð ég missti af 2. umr., mun ég nú ræða það í fyrstu almennt. — Mál þetta er þess eðlis, að það varðar alla landsmenn, og hefur verið beðið lengi eftir lausn á því. Sú till., sem kom í upphafi fram, að ráðstafa 6 millj. kr. á svipuðum grundvelli og áður, er frambærilegri en þetta, sem nú virðist ofan á í brtt., sem var hespuð í gegn. Þessar brtt. eru með öllu óviðunandi fyrir þá, sem þetta varðar, og ég skil ekki, að þeir, sem að þessu stóðu, hafi ráðfært sig við þá, sem vit hafa á þessum málum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að sjóveðs- og lögveðskröfur verði yfirteknar af ríkinu. Síðan er gert ráð fyrir, að ríkið hafi sjóveðin, og svo á að reka útgerðina undir áhvílandi sjóveði ríkissjóðs. Hvernig verður þá með áframhaldandi sjókröfurétt skipverja á bátunum? Nú geta komið nýjar sjóveðskröfur, og fá þeir þá sjókröfur fyrir sínu kaupi næst á eftir ríkissjóði? Ég geri ráð fyrir, að sjómenn verði hræddir við að ráða sig á slík skip. Þetta atriði er algerlega vanhugsað og getur ei svo verið og bjargar engu. Þetta er líka tilgangslaust vegna þess, að margir hv. þm. hafa látið í ljós, að vonlaust verði að innheimta þennan stuðning og því óþarfi að yfirtaka kröfurnar og halda þeim, heldur verði að gefa þær upp. Er þetta þá bara gert til þess, að menn þori ekki að ráða sig á skipin? Ég geri ráð fyrir, að því verði haldið fram, að kaupþegi haldi áfram sjóveðskröfurétti, þó að búið sé að leggja eitt sjóveð á áður og það gangi fyrir.

En svo er annað atriði öllu fráleitara, en það mælir svo fyrir, að ákveða skuli gjaldfrest á öllum öðrum skuldum útgerðarinnar til 1. júlí n. k. Ef ætti að framkvæma þetta, yrðu alger vandræði í öllum útgerðarbæjum. Til hægðarauka skal ég lýsa ástandinu á Norðfirði, þar sem ég er kunnugastur, en ég gæti einnig nefnt aðra staði þar sem eins er ástatt. Þar hafa útvegsmenn stofnað samvinnufélag og reka verkstæði og dráttarbraut. Hver bátur skuldar nú slippnum 20—50 þús. kr., og er nú beðið eftir stuðningsláni. Slippurinn skuldar vinnulaun og efni og færi á hausinn, ef lög þessi kæmu til framkvæmda. Slippurinn mundi því ekki setja neitt skip á flot, fyrr en hann fengi skuldir sínar greiddar. Skipin yrðu svo að dúsa þarna þangað til í júlí næsta sumar. Slippurinn er í samningsbundinni skuld við stofnlánadeild sjávarútvegsins og verður að greiða þangað 1% á mánuði eða 12% á ári og mundi þá komast í vanskil með þetta vegna aðgerða Alþ. Þetta fyrirtæki er ekkert sérstætt, svona er því háttað með slippa og vélaverkstæði annars staðar, þau geta ekki þolað þetta. Bankinn neitar að lána og heldur, að hann geti snúið sig út úr erfiðleikunum með því að láta bláfátæk fyrirtæki lána í sinn stað. Á Norðfirði var einnig myndað olíusamlag, og kaupa útgerðarmenn alla olíu sína í gegnum það, og skulda útgerðarmenn því nú 20—30 þús. kr. og fái útgerðarmenn nú gjaldfrest til næsta sumars, verður það sennilega að hætta störfum. Og það sama verður upp á teningnum, ef aðrar aðstæður eru athugaðar. Útgerðin skuldar verzlunum fyrir kost, og á Norðfirði er samvinnufélag um veiðarfæraverzlun. Það á ekki heldur að fá neitt greitt. Þetta er allt óframkvæmanlegt og helber vitleysa. Bátarnir skulda fátækum frystihúsum beitu og þurfa ekki að greiða hana fyrr en í júlí n. k., og kemur það mjög í bága við samninga frystihúsanna við sína lánardrottna. Þetta er að stinga höfðinu í sandinn. Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur einungis farið út í þetta af því, að bankarnir hafa neitað að lána nægilegt fjármagn til útgerðarinnar. En eðlilegast væri að fá lán hjá þeim, en þeir þrjózkast við, og það er verkefni Alþ. að fá þá til að veita þetta lán. En hitt, að láta einhvern fátækling standa undir þessu með því að fá ekkert kaup, er að víkja sér undan erfiðleikunum. Eina lausnin á þessu er sú, að enginn fari eftir þessu og bátarnir fái rekstrarlán og borgi skuldir sínar og geti haldið áfram útgerðinni, en ég býst við, að bank-

arnir segi, að þeir þurfi ekki að borga skuldir sínar, því að þeir hafi gjaldfrest á þessum skuldum. En ef þetta er afsakað með því, að það sé ekki framkvæmanlegt, þá er þetta allt saman helber vitleysa og leysir ekkert. — Svo er hitt, hvernig það fer með útgerðarmenn og útgerð þeirra. Útgerðin verður álitin vandræðarekstur, sem bezt sé að hafa engin afskipti af, því að allt verður ef til vill gefið upp einhvern daginn. Ef þeir skipta við aðra, fá þeir greiðslu þegar í stað, en ef þeir skipta við útgerðina, fá þeir ef til vill hvítt plagg, sem hvergi gildir. Það er ekki álitlegt að eiga von á slíku. En hvað er að segja um bæina, sem byggja allt á útgerðinni? Hvaða þýðingu hefði það fyrir Vestmannaeyjar, Norðfjörð, Ísafjörð o. fl., ef þetta kæmi til framkvæmda? Það mundi þýða dauðadóm, fjöldi fyrirtækja settur á höfuðið og atvinnulífið hneppt í fjötra. Þessi atvinnurekstur verður að greiða sín gjöld til bæjanna, en hann gerir það eðlilega ekki fyrr en í júlí næsta ár, ef þetta nær fram að ganga, og þá er komið að því að greiða nýtt útsvar. Allt þetta hlýtur að stuðla að vandræðum fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli. Þeir, sem lifa á verzlun og fá embættislaun, taka gróða eftir öðrum leiðum og hafa það gott eftir sem áður. Það, sem gera átti og hæstv. fjmrh. vissi, þó að strandaði á bankanum, var að samþ. lánveitingu og útvega lán til að létta á skuldum þeim, sem hvíla á útgerðinni, og auk þess viðbótarlán til að greiða brýnustu útgjöld, og um leið að semja um, að fastaskuldir og vextir og afborganir af þeim mættu bíða fyrst um sinn. Þá gat komið til greina að fresta vaxtagreiðslum til lánsstofnana stofnlánadeildarinnar, en hjá öðrum viðskiptastofnunum er það óhugsandi. Ég geri ráð fyrir, að olíufélögin muni segja við báta, sem skulda 15—20 þús.: „Við seljum bara ekki olíu, þegar svona lög eru samþ., og við getum alltaf átt von á slíku“ — og þá verða útgerðarmenn annaðhvort að greiða skuldina eða stöðva útgerðina.

Svo er hitt atriðið, sem óupplýst er, að nú er allt þetta bundið því skilyrði, að tryggður sé áframhaldandi rekstur útgerðarinnar í vetur. En hvað segja bankarnir um þetta? Ég veit ekki betur en að þeir hafi gefið upp, að þótt útgerðin fengi þessar 6 millj. kr., eða sem því nemur að greiða sjóveðs- og lögveðskröfur, þá mundi t. d. Landsbankinn ekki halda áfram að veita rekstrarlán til nema um það bil helmings þeirra báta, sem við hann skipta. Hefur nokkuð verið úr þessu bætt? Veitir bankinn rekstrarlán þrátt fyrir þessi lög? Nú neitar hann öllum um rekstrarlán til áframhaldandi útgerðar. Sé það ekki tryggt, að Landsbankinn ætli að lána áfram, svo að flestallir útgerðarmenn geti haldið áfram, þá leysir þetta frv. engan vanda. Það skiptir mestu máli, hvort bankarnir ætla að veita ríflegri rekstrarlán en áður eða hvort þeir ætla að draga úr rekstrarlánum frá því, sem verið hefur. Það getur vel verið, að bankarnir geti sagt, að þeir hafi þegar lánað svo mikið, að þeir eigi erfitt með að lána það, sem hér þyrfti að koma til. En þá er líka útilokað, að einstaklingar eða einstök fyrirtæki geti lánað, og ég held þá, að Alþ. verði að glíma við að hækka þessa upphæð úr 6 milljónum í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Og það er hægt, það verður að skera niður önnur útgjöld, þegar forgangsnauðsyn krefur, þegar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er í húfi.

Ég vildi nú heyra frá hæstv. sjútvmrh., hvað hann segði við þessu, sem ég hef verið að tala um, og sérstaklega leikur mér hugur á að vita, hvort hann gæti gefið nokkrar upplýsingar um það, hvort Landsbankinn heldur áfram að lána svipað eða meira en áður, eða hann hættir að veita um helmingi þeirra báta, sem við hann skipta, rekstrarlán. Ef bankinn lánar ekki áfram, er gersamlega þýðingarlaust að samþykkja þetta frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. kvartaði undan því, að hann hefði ekki getað verið hér við 2. umr. þessa máls, og það liggur við, að ég sjái líka eftir því, að svo var ekki, vegna þess að flest af því, sem hann hefur nú sagt, er talsvert þrautrætt á milli mín og tveggja flokksbræðra hans við 2. umr., og ég sé ekki ástæðu til að tefja málið með því að endurtaka neitt af því. Ég vil aðeins benda á það, að jafnskýr maður og hv. þm. S-M. veit vel og skilur, að eftir því sem þessi kreppuhjálp endurtekur sig oftar, til viðbótar því, að fjármálaástand ríkisins er stórum breytt frá því, að þessi hjálp var fyrst veitt, þá er ýmislegt, sem verður að taka tillit til af illri nauðsyn. Þá var fleira, sem menn gátu farið léttara yfir en nú er unnt.

Við 1. umr. vorum við hv. þm. Siglf. og fleiri, ég held öll sjútvn., sammála um það, að þessi hjálp, sem miðuð er við ríkjandi vandræðaástand, væri ekki nema partur af því, sem þarf að gera, og að hún væri samt sem áður jafnvel tilgangslaus, ef ekki væri um leið reynt að sjá fyrir því, að þeir, sem hjálpina eiga að fá, fengju jafnframt rekstrarfé til áframhaldandi útgerðar á næstu vertíð. Og í þeim anda hef ég einmitt reynt að starfa að þessum málum ásamt kreppunefndinni gagnvart bönkunum, í viðtölum við útgerðarmenn, o. s. frv. Og það hefur margt komið til greina. M. a. var það talin nauðsyn af hálfu þjóðbankans, og því var mjög haldið fram, að friða þyrfti bátana um takmarkaðan tíma fyrir öðrum kröfum en þeim, sem um getur í frv.

Ég þarf ekki að fara um þetta miklu fleiri orðum, en vil þó benda á, að oft hafa fyrirsvarsmenn útgerðarinnar minnzt á kröfur annarra en ríkis og banka, talið t. d. viðgerðarkostnað of háan o. s. frv. Og þar sem mér virðist, að búast megi við, að aðrar og frekari aðgerðir í skuldamálum útvegsins þyrfti e. t. v. að gera á næstunni, t. d. með niðurfærslu skulda, virðist mér ekki óframbærilegt að hafa um nokkurt skeið friðun á þessu sviði. Ég veit og skal viðurkenna það, að þetta getur valdið einhverjum óþægindum undir vissum kringumstæðum, en þó ekki eins og hv. 2. þm. S-M. vildi vera láta. Ég skal þó taka varlega upp í

mig um það, því að vandræði útvegsins hafa verið svo ótrúlega mikil og fjölþætt í haust og í vetur, — því hef ég kynnzt af ótal viðtölum við útgerðarmenn, — að mér hefur oft nálega fallið allur ketill í eld yfir þeim kröfum, sem þeir segjast þurfa að gera um hjálp og aðstoð. Ég er ekki að segja, að þessar kröfur séu ekki að einhverju leyti á rökum reistar, og ég er heldur ekki að segja, að þeir, sem verst eru settir, mikli nokkuð erfiðleika sína. En hins vegar gefur auga leið, að ríkið og bankarnir eiga því erfiðara um vik að hjálpa, þegar farið er að margendurtaka hjálpina.

Hv. þm. Siglf. talaði hér allmikið, og skal ég ekki fara langt út í ræðu hans. En hann brýndi sérstaklega raustina þegar hann kom að upphafi 6. gr., þar sem segir, að lánveitinganefnd eða skilanefnd skuli sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær hjá útgerðarmönnum. Nú vita allir, að þessi skjöl fjalla um fjárhagsástand viðkomandi útgerðar. Hv. þm. taldi þetta ákvæði og orðalag smán gagnvart útgerðarmönnum. Hann spurði, hvort það væri meiningin að láta þá ganga undir réttarrannsókn, og virtist ekki eiga nógu sterk orð til að lýsa því, hvílíka lítilsvirðingu ríkisstj. eða ég sýndi útvegsmönnum með þessu og hvernig þeir væru settir skör lægra en aðrir þegnar þjóðfélagsins með þessum orðum. Ég vildi nú benda hv. þm. Siglf. á, að ég hef hér lög um aðstoðarlán til síldarútvegsins fyrir árið 1945. Þau lög voru borin fram og samþykkt að tilhlutan hans sjálfs, meðan hann var ráðherra sjávarútvegsmála, og í þeim lögum, 4. gr., standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt.“ Hvernig stendur nú á því, að það, sem hv. þm. Siglf. leyfði sér að fá lögfest 1945 og taldi þá víst ekki meiðandi fyrir útgerðarmenn, að hann hellir sér nú yfir sama orðalag í þessu frv. og fer um það öllum þeim orðum og gefur þær ófögru lýsingar, sem hann gerði í síðustu ræðu sinni og raunar líka í gær? Það er alveg óþarfi að ræða þennan óskapagang, það liggur skjallega fyrir, að hann hefur sjálfur staðið fyrir því að láta lögfesta nákvæmlega sama orðalag. Ég er ekki að átelja, að þetta var sett í lögin 1945, þetta orðalag var sjálfsagt þá, eins og það er sjálfsagt nú.

Annars teldi ég, að heppilegast væri að reyna nú að koma þessu máli í gegn, til þess, ef unnt væri, að koma í kring þeirri hjálp, sem hugsað er að reyna að veita.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður mjög, en ég get ekki látið 3. umr. málsins fara svo fram hjá, að ég vari ekki við að ganga inn á þá braut, sem hér er verið að marka. Það er ekki hægt að segja með sanni, að stjórnarandstaðan hafi verið sérlega andstæð stjórninni, þegar hún hefur viljað láta afgreiða fjárveitingar, við höfum yfirleitt afgreitt þau mál fljótt og vel með stjórninni. En ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, hvert verið er nú að stefna. Fyrir nokkru afgreiddum við lög um 15 millj. kr. happdrættislán á einum degi. Við tókum ekki afstöðu á móti því máli, þó að við vöruðum við því að ýmsu leyti. Ég vil leggja áherzlu á, hvernig það lán er til komið. Það er runnið undan rifjum Landsbankans, tekið til að minnka skuldirnar við hann. Fólk tekur sparifé sitt út úr öllum sparisjóðum, og síðan eru skuldir við Landsbankann borgaðar með þessu fé, þ. e. a. s. það fer allt til hans. Stjórnin hefur þarna gengið erinda Landsbankans og ráðizt á aðrar lánsstofnanir um land allt til þess að soga peningana frá þeim til Landsbankans, svo að hann hafi betri aðstöðu til að einoka alla lánsfjárstarfsemi í landinu. Því næst gerist það, að Landsbankinn segir við fjmrh., að hann skuli fara í aðrar lánsstofnanir, t. d. Tryggingastofnun ríkisins, og síðan er róið í þeim dag eftir dag til þess að næla í nokkrar milljónir frá þeim. Við sósíalistar höfum ekkert sérstaklega amazt við þessu hér. En nú er mælirinn fullur. Nú vill Landsbankinn halda öllum sínum fríðindum gagnvart útveginum, reyta af honum allan gjaldeyrinn, en leggja ekkert rekstrarfé fram til að halda þessum aðalatvinnuvegi okkar gangandi. Og Landsbankinn segir stjórninni að fara til Alþ. og láta það skuldbinda alla, sem treyst hafa útgerðarmönnum og lánað þeim í því trausti, til að lána þeim áfram, þótt þessum aðilum sé lífsnauðsynlegt að fá greitt það, sem þeir eiga inni hjá útvegsmönnum. Það er m. ö. o. verið að reyna að koma á algeru einræði Landsbankans um alla lánsfjárstarfsemi, ganga á stofnanir og einstaklinga, sem lánað hafa útvegsmönnum, til þess að hlífa Landsbankanum við að láta af hendi það fé, sem helzt ætti að verja til hjálpar útveginum. Það er verið að hlífa þeirri stofnun, sem hefur grætt mest af öllum stofnunum þjóðfélagsins og grætt á útveginum. Það er verið að binda um úlnliðinn, svo að blóðrásin stoppist.

Það er til skammar, þegar ríkisstj. og Alþ. ætla að láta nota sig eins og sendisveina fyrir eina stofnun til þess að hún fái einokunaraðstöðu varðandi lánsfjárstarfsemina, það er verið að koma á fjármálaeinræði nokkurra manna með þessum aðferðum. En ýmsum stofnunum og einstaklingum hér á landi, sem hafa verið að leitast við að halda útveginum gangandi og lánað honum, þeim er refsað fyrir stuðning sinn við þennan atvinnuveg. Hjá Landsbankanum hefur útgerðin hins vegar mætt nálega fjandskap og því meiri fjandskap sem meira hefur verið reynt að gera. Hæstv. núverandi fjmrh. ætti að kannast manna bezt við þann fjandskap frá þeim tíma, er hann stóð fremstur í flokki við að gera það mesta átak til eflingar útgerðinni og atvinnulífinu yfirleitt, sem gert hefur verið hér á landi. Hvort er hann minnugur hins nálega algera skilningsleysis Landsbankans í sambandi við það átak? Þá bar Alþ. gæfu til að segja þessum herrum í Landsbankanum og sýna þeim, að þeirra húsbóndi sæti við Austurvöll. Þjóðin þakkaði Alþ. þá, er það tók ráðin af þessum fjármáladrottnum, og þeirrar röggsemi nýtur hún nú á svo

mörgum sviðum þjóðlífsins. En svo skeður það, að þessir herrar í Landsbankanum senda ráðh. til að tæma allar lánsfjárstofnanir að lánsfé nema Landsbankann, svo að þetta fjandsamlegasta vald útgerðinni hafi öll ráð hennar í hendi sér. Ég vil ekki vera með í þessum leik, láta nota mig þannig, og því er ég á móti þessu frv., og er þó örðugt að vera á móti því af þeirri ástæðu, að 1. gr. frv. er nauðsyn. Ég tel það ekki vansalaust fyrir Alþ. að láta hafa sig þannig, og ég veit, að ýmsa þingmenn, eins og hæstv. fjmrh., mun svíða undan að fylgja þessu fram, eins og það er, og ganga erinda Landsbankans. Einhverntíma verður Alþ. að segja stopp við herrana þar, það hefur borið gæfu til þess áður, og nú er kominn tími til þess öðru sinni, áður en blóðrásin stöðvast alveg í þjóðarlíkamanum. Það væri hægt að skilja þessa yfirdrottnun Landsbankans, ef hann væri í einkaeign. En meðan Landsbankinn er til vegna laga frá þessu þingi, meðan ráðherra hefur heimild til að setja bankastjóra frá hvenær sem er, þá er þessi undirlægjuháttur við Landsbankann óskiljanlegur. Við skulum hugsa okkur, að við lifðum á því að flytja út saltkjöt til Noregs, SÍS flytti út allt saltkjöt og það væru l., sem skylduðu SÍS til að afhenda allan gjaldeyri til Landsbankans og þessi gjaldeyrir færi til heildsalanna í Reykjavík frá Landsbankanum. Við skulum hugsa okkur, að Jón Árnason væri fjmrh., sem hefði valdið yfir bönkunum. Við getum verið alveg vissir um, hvað svoleiðis maður mundi gera, ef Landsbankinn ætlaði að fara að haga sér eins og hann gerir nú gagnvart útgerðinni. Ég er hræddur um, að Jón Árnason sem ráðh. setti hnefann í borðið og segði: Þið fáið ekki meira inn gjaldeyri til Landsbankans, ef þið ætlið að haga ykkur svona, — og ég er hræddur um, að það yrði gugnað fyrir þeim hnefa. Það er sannarlega engin ástæða fyrir Alþ. eða sjávarútveginn að fara eftir því, hvað einhver embættismaður segir. Þetta vildi ég aðeins segja í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. minntist á, vandræði útvegsins. Ég held, að mestu vandræðin séu jafnvel sú skammsýna og fjandsamlega stjórn, sem ræður yfir aðalbankastofnun landsins og hefur einokunarvald í fjármálum landsins. Það er þetta vald, sem er að drepa atvinnuvegi landsins, svo framarlega sem þetta heldur svona áfram. Það er margt, sem ég vildi ræða frekar, en vegna þess að þetta er aðalatriðið í brtt., sem þarf að höggva á, ef við ætlum ekki að láta þetta allt fara í vitleysu, þá vil ég leggja aðaláherzluna á þetta í umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel, þrátt fyrir það að það sé rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að mínar skoðanir og skoðanir Landsbankans falli ekki alltaf saman, í fyrsta lagi, að þurfi að vera nokkur takmörk fyrir því, hvað stofnanir og einstakir starfsmenn þjóðfélagsins eru dregnir inn í umr. á Alþ. á þennan hátt. Í öðru lagi vildi ég segja það, og tel ég mér það skylt vegna þess, að ég gegni þessum störfum, störfum fjmrh., að ég veit það með vissu, að sú mikla fjárþörf ríkissjóðs, t. d. á þessu ári, sem nú er að líða, og þær miklu skuldir, sem ríkissjóður hefur komizt í við Landsbankann, hafa óneitanlega bakað þessari lánsstofnun, Landsbankanum, mikil vandræði, og það verður maður að hafa í huga, þegar maður athugar afstöðu bankans til hinna ýmsu krafna, sem bæði ríkisstj. og Alþ. gera til hans og til bankanna yfirleitt. — [Fundarhlé.]

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru nú harla fáir mættir, og er e. t. v. ætlunin að halda fund með mér einum og hæstv. forseta. Að minnsta kosti er lítið af hæstv. ríkisstj. sjáanlegt. E. t. v. á að afgreiða málið svo, að venjulegur grundvöllur málsmeðferðar fáist eigi, og e. t. v. á að komast hjá umr. um málið. Fyrst og fremst er það tekið fyrir á aukafundi og síðan séð um, að enginn sé mættur í fundarbyrjun.

Ég hef gert aths. við frv., eins og það er nú, og hef bent á galla þess. Ég sýndi með dæmum, að frv. þetta væri gallagripur og stefndi vandamálum útvegsins í voða. Ég beindi og fsp. til hæstv. sjútvmrh., en hann svaraði henni engu. Ég bað um upplýsingar í málinu, en fékk þær ekki heldur. En eitt kom fram, sem er svo merkilegt, að ég vil undirstrika það, því að það sýnir, hversu unnið hefur verið að málinu, en það er það, að eina afsökunin fyrir því að veita gjaldfrest á öllum skuldum útvegsins fram á mitt næsta sumar, er sú, að til standi, eins og margar raddir hafa heyrzt um, að gera víðtækar ráðstafanir með allsherjar niðurfærslum á skuldunum og rétt sé því að festa nú þegar og láta núverandi skuldir bíða uppgjörs. Þetta er nú heldur en eigi uppbyggilegt. Sett eru ákvæði um, að skuldirnir eigi ekki að falla í eindaga fyrr en á næsta sumri, en tilkynnt er um leið, að til standi að strika útgerðarskuldirnar út í ríkum mæli. Hins vegar bólar lítið á slíkum aðgerðum á öðrum sviðum, þegar minnzt er á, að draga þurfi svolítið úr kostnaðinum við ríkisbáknið. Þá koma háværar raddir fram, svo að allt ætlar um koll að keyra, og þykir sjálfsagt að eyða og spenna til ríkisrekstrarins. Hitt er lítið á sem eðlilegan hlut að setja félagssamtök umsvifalaust á höfuðið. — Einn hæstv. ráðh. er nú í hv. d. Vegna þess að ég veit, að þessi hæstv. ráðh. hefur þótt standa framarlega í sínum flokki í sjávarútvegsmálum og hefur skrifað um félagssamtök útgerðarinnar og viljað greiða götu þeirra, þá vil ég spyrja hann að því sem stuðningsmann aðgerðanna, hvort hann hafi, þegar yfirlýstrar stefnu hans er gætt, þá verið orðinn þátttakandi í setningu þessara l. til að steypa fyrrgreindum samtökum á höfuðið. Það þarf eigi að villast um afleiðingarnar af því, þegar félagssamtök útgerðarinnar hafa komið sér upp fyrirtækjum, t. d. bátaslipp, síðan koma skyndileg lagaákvæði um, að bátarnir þurfi ekki að borga um tiltekinn tíma, en fyrirtækin sjálf hins vegar skylduð til að standa í skilum um rekstrarkostnað, bæði vinnulaun og efni. Verður ómögulegt að bjarga þessu við, ef byrjað hefur verið á annað borð. Ég spyr hæstv. ráðh., hvort hann er af frjálsum vilja með þessu. Eða hvern-

ig er það með olíusamlög útgerðarmanna? Er það ætlunin að koma þeim á höfuðið, þegar þau eru rétt að byrja? Það er vitað mál, að án aðstoðar bankanna geta þau eigi staðizt. Eða hvernig fer með þau félög, sem kaupa eiga veiðarfæri til útgerðarinnar? Óar hæstv. ráðh. ekki við þessum afleiðingum? Ég veit um marga útgerðarbæi, þar sem þessi verzlun og stofnanir í þágu útvegsins eru reknar með takmörkuðu fjármagni og fá eigi nauðsynlegar greiðslur. Er ætlunin að frysta hina réttmætu eign þeirra og segja, að fyrirhuguð sé ein allsherjar niðurfærsla? En hver verður svo afleiðingin fyrir bátaútveginn sjálfan? Hver þorir að skipta við útvegsmenn, þegar vitað er um niðurskurð á þessum skuldum skv. frv., eiga yfirleitt nokkur skipti við þá? Hvert eiga útgerðarmenn að fara? Ég býst við, að allir mundu kippa að sér höndum — með þeim afleiðingum fyrir rekstur bátaútgerðarinnar, sem allir vita. Því verður eigi á móti mælt, að þetta ákvæði, er mælir fyrir um gjaldfrest varðandi allar vörur til útgerðarinnar, stefnir henni, ef framkvæma á það að öllu leyti, út í algert öngþveiti. Ég býst við, að reynt verði að halda því fram, að bankarnir muni veita svo rífleg lán, að bátarnir geti greitt olíuskuldir sínar, viðgerðarkostnað o. fl. og þurfi því eigi að grípa til ákvæða frv. En vegna þess að ég hef engar upplýsingar fengið, ályktа ég af reynslunni, að bankarnir muni halda í rekstrarlánin og segja sem svo: Þið hafið heimild til að fá gjaldfrest á upphæðunum, og við veitum ykkur ekki lán. Og reynslan er sú með bankana, þó að þeir veiti svo sem 50—70 þús. kr. lán, að þá heimta þeir háar tryggingar. Þeir hafa látið veðsetja sér 60% af aflanum. Þessa veðsetningu taka bankarnir þvert ofan í allar reglur og ganga með því freklega á hlut þeirra, er á bátunum eru. Þetta lánsfé er því tryggt í afla skipshafnarinnar, en vegna hrunsins á veiðunum hefur þessi trygging eigi hrokkið til. Um 50 þús. kr. voru veittar til vetrarvertíðarinnar, og bankinn hefur fengið mikið inn af þeirri upphæð. Ef upphæðirnar minnkuðu enn, þá er ekki hægt að búast við, að útgerðarmenn geti borgað skuldir útgerðarinnar, og er hún þar með bundin. — Mér hefur ekkert svar borizt um, hvernig málið er hugsað, þegar sagt er, að ríkið leysi til sín sjóveðskröfurnar í skipum. Það er augljóst mál, að skipshöfnin mun eigi geta haft sjóveðsrétt fyrr en á eftir 1. sjóveðsrétti, þegar ríkissjóður hefur þessar kröfur. Ákvæðin munu verka svo, að menn munu dauðhræddir við að ráða sig á þau skip, sem sjóveðskröfur hvíla á. (*Menntmrh.:* Ekki, ef ríkið leysir þær til sín.) Það er vitanlegt mál, að kröfur skipshafnarinnar hljóta að koma næst á eftir þeim rétti. Kemur þetta því í bága við forgangsrétt skipverja, ef kaup er eigi greitt. Ég held líka eftir ummælum hæstv. ráðh., að líklegt sé, að þessum lánum verði breytt í algeran styrk, því sé þetta ákvæði óþarft og jafnvel til spillis eins. Hæstv. ráðh. ætti því að fella þetta ákvæði brott, sem er gagnslaust, en kemur sér illa fyrir bátana.

Þá er það eitt atriði enn, sem hefur ekki verið minnzt á, en deilur hafa staðið um, þær er stöðva kunna allan síldveiðireksturinn í vetur, en það er það, hvert verð eigi að vera á veiðinni. Álít ég, til þess að tryggt megi telja, að bátarnir geti haldið áfram, að þá beri nauðsyn til að auglýsa fast lágmarksverð á síld, og þarf að bæta við í frv. ákvæði um fast verð á síldinni. Og um þetta þarf ekki að halda áfram togstreitu. Sumarverðið á síld var s. l. vertíð bundið með l., og það hefur ævinlega verið gert áður í reyndinni af ráðh. Annað aflaverð er einnig bundið með l. Þar eð enn hagar svo til í vetur, þá er rétt að bæta þessu ákvæði við til að losa um bátaútgerðina. En nú getur hver einkaverksmiðja ákveðið verðið sjálf, og eigendur bátanna eru óánægðir með það oftsinnis. Er því eigi ástæða til annars en ákveða fast verð. Ég flyt því skrifl. till., að bætt verði við nýrri grein um þetta ákvæði, svo hljóðandi:

Á eftir 10. gr. komi ný gr. (11. gr.), svo hljóðandi: Ríkisstjórnin skal nú þegar auglýsa fast lágmarksverð á vetrarsíld, sem nemi 40 kr. fyrir hvert síldarmál (135 kg), miðað við afhendingu síldarinnar á Faxaflóahöfnum.

Ég veit, að verðlagsráð bátanna fór fram á 42 kr. á málið. En verksmiðjurnar vilja lægra verð, og ein þeirra hefur auglýst 35 kr. á málið, en það verð vilja útgerðarmenn með engu móti sætta sig við. Tel ég því eðlilegt, að verðið sé 40 kr., svo að allt lendi eigi í öngþveiti. Og þar eð eigi hefur náðst samkomulag um meginatriði rekstrarins, þá vil ég leggja fram þessa till. og mun afhenda hana hæstv. forseta. — Ég vil loks óska þess, að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um þessi atriði, er ég hef nefnt: um sjóveðskröfurnar og gjaldfrestinn, hvernig búast megi við þessu í framkvæmd varðandi bátaútvegsmenn, sem hljóta að verða hart úti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 196) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að tala við þessa umr. málsins, en úr því að hv. 2. þm. S-M. hefur gert mér þann greiða að varpa fram spurningum til mín, þá vil ég gera honum það til geðs að segja hér nokkur orð.

Það má segja um þá flokksbræður hv. þm., þingmenn Sósfl., að þeir hafa tileinkað sér eiginleika kamelljónsins og umhverfast allir í málflutningi sínum. Ekki reka þeir giftusamlega mál sitt hér, og er sumt svo fáránlegt, að slíkt hefur ekki heyrzt í langan tíma hér í þessum sölum. — Ég ætla aðeins að svara því, er hv. þm. beindi til mín.

Þingmenn sósíalista eru óánægðir með það tvennt, að gjaldfrestur skuli veittur til útgerðarinnar og að einhverjir lánardrottnar útgerðarinnar slaki til. Út af þessu ætla þeir alveg að ærast, og 2. þm. S-M. telur það skyldu sína að hamast hér yfir því, að gjaldfrestur skuli vera veittur og lánardrottnar slaki til á skuldum, sem annars mundu tapaðar. — Með þessu er hins vegar gerð tilraun til að leysa málið, en ef farið yrði að vilja sósíalista, þá blasir ekkert við nema öngþveiti. En með því að fara þá leið,

sem hér er valin, þá er ríkisstj. fengið nokkurt vald og getur hagrætt málinu svo, að útgerðin hafi þess sem mest not. Þetta hlýtur hver heilvita maður að koma auga á. En nú hefur það orðið hlutskipti 2. þm. S-M. að deila á menn fyrir að ganga í skrokk á útgerðarmönnum. — Hann talar um, að Landsbankinn eigi að borga töp útgerðarinnar, en svo er hann með írafár yfir því, ef aðrir aðilar kynnu að taka þátt í töpum hennar, og ætlar þá alveg að ærast.

Út af því, að samvinnufyrirtæki væru lánardrottnar, vil ég spyrja: Er hann alveg viss um, að úrslitin yrðu betri, ef öðruvísi væri að farið? Er hann alveg viss um, að þessir lánardrottnar væru fúsir að leggja 6 millj. fram. Og ætli útkoman yrði ekki verri, ef þannig væri farið að, heldur en eftir tillögum ríkisstj.? Ég held, að 2. þm. S-M. ætti að endurskoða afstöðu sína til þessa máls, áður en hann tekur endanlega ákvörðun.

Áki Jakobsson: Það var svo að skilja á orðum hæstv. menntmrh., að þessi gjaldfrestur væri fyrsta skref til þess að reyna að bjarga útgerðinni, og mér skildist á orðum hans, að hann óskaði, að einmitt þeir menn, sem kröfu eiga á hendur henni, væru tilvaldir til þess að rétta hana við. — Ég verð að segja, að þetta er á allan máta mjög óheppilegt, því að þá lenda kvaðirnar á aðilum, sem eru alls ekki færir um þær, og óhyggilegt, að þeir geri það einir, en þeir, sem langsamlega mestar skyldur hafa að bera gagnvart útgerðarmönnunum, þeir sleppa alveg.

Þá er það sýnilegt af ræðu ráðh., að tillagan um innlausn sjóveða er fálm út í loftið. Það er sýnilegt, að þeir menn, sem að henni standa, eru ekki búnir að hugsa dæmið, og því til sönnunar eru orð menntmrh., þar sem hann sagði, að með þessu væri gerð tilraun til þess að leysa málið. Ég held að ríkisstj. ætti að gera tilraun til þess að skilja málið, en af ræðu ráðh. má vel sjá það, að hann skilur ekki málið.

Ég hef nú þrisvar sinnum spurt hæstv. fjmrh., hvers vegna stjórnin er að innleysa sjóveð? Ég hef ekkert svar fengið við þeirri spurningu og er þess fullviss, að hann veit það ekki sjálfur. Þeir hafa heyrt talað um sjóveð og finnst það sjálfsagt, að stjórnin hafi þá líka sjóveð. En þetta er hrópandi rangsleitni við útveginn, að stjórnin taki lögveð, og hrein misnotkun sjóveðsréttar að fara þessa braut. Hér er um alvarlegt mál að ræða. Það er verið að setja útveginn í klípu, sem erfitt verður að komast úr, er þeir eru að gera tilraun til þess að ráða við málið. En ég get fullvissað ríkisstj. um, að hér fer allt á annan veg en hún ætlast fyrir um, og það er verið að gera málið erfiðara og margfalt erfiðara. Hæstv. menntmrh. ætti að vita að ýmis samvinnufélög útgerðarmanna standa uppi algerlega fjármagnslaus, þegar inneignir þeirra eru allt í einu frystar inni í hálft ár. Það getur sett þau alveg á höfuðið. Þessi greiðslufrestur er bjarnargreiði við útgerðina, og það ber vott um það hyldýpis öngþveiti, sem útgerðin er komin í, ef hún verður að taka við þessum gjaldfresti. — En sem sagt, þessi setning menntmrh., að með þessu sé gerð tilraun til þess að ráða við málið, lýsir vel allri stefnu stjórnarinnar og hvernig henni hefur farizt í flestum málum. Hún lagði hundrað milljón króna skatt á íbúana, lækkaði kaupið, ætlaði að lækka dýrtíðina í landinu, lækkar kaupvísitöluna og lögfestir í 300 stigum. Hún er búin að sökkva þessum 100 milljónum í hafið, en er alveg jafnlangt frá takmarkinu. Hún er að gera tilraun til að ráða við málið. Það á fólkið að sætta sig við.

Hæstv. fjmrh. hefur sneitt fram hjá þeim fyrirspurnum, sem ég hef borið fram bæði í gær og í dag um, hvers vegna halda beri í sjóveð. Ég hef heyrt, að þetta væri ráð til þess að fá Landsbankann til þess að taka að sér lánin. Fjmrh. sækir fast á að vita, hverjir eiga fé. Honum er sagt, að tryggingastofnunin geti ráðið við þetta. Hún vísar á Landsbankann og Landsbankinn aftur á Hverfisgötuna. — Því var hvíslað í eyra mér af stuðningsmanni stjórnarinnar, að sjóveðið væri töfrabragð á Landsbankann. Það getur verið rétt, en það er þá svo djúpt hugsað, að venjulegir menn geta ekki áttað sig á því. Þetta eru skrýtin vinnubrögð. Ég er ekki að álasa fjmrh., en mér finnst það furðulegt, að ríkisstj. skuli ekki koma saman og athuga lánshorfur bankanna og þörf útvegsins með tilliti til ástæðna bankanna. Ef sú leið ekki tekst, þá er að koma til þingsins, og þá ætti að vera möguleiki á að fá bankana til að veita lán. Það er vitanlega til mestu háðungar að vera með þessi hlaup fram og til baka, og eru ekki nein dæmi um slíkt fálm. (*Fjmrh.:* Hv. þm. gaf sjálfur út ávísanir á ríkissjóð, þegar hann var ráðherra.) Ég gaf ekki út ávísanir nema þær, sem greiddar voru. 4 millj. kr. lánið útvegaði Pétur heitinn Magnússon. Hann var sjálfur á móti því, þegar það var til umræðu, en hann útvegaði það lán samt. — Þá talar fjmrh. um ósamræmi hjá mér, þar sem ég vilji nú fella niður ákvæðið um sannprófun, en ég vil benda á, að ég samdi ekki það ákvæði í l., og þingið fór sínar götur. (*Fjmrh.:* Var það ekki á ábyrgð ráðherra?) Ég viðurkenni það, að ég samþykkti það til þess að hraða því í gegnum þingið, — en það hafði verið þar í meðförum frá því í október og fram undir jól, — þar sem ég vildi ekki eiga frekari frest á hættu. En ekki yrði afstaða mín önnur, þó að þessi setning væri látin standa. — Ég beindi einnig þeirri spurningu til fjmrh., hvort hann sæi sér ekki fært að verða við þeirri eðlilegu kröfu um, að fulltrúi sósíalista taki sæti í þessari nefnd, og finnst mér ekki ósanngjarnt, að svo sé.

Hæstv. fjmrh. hefur látið í það skína, að hann sé að undirbúa almenn lög og hann hafi ákveðnar tillögur til ráðstöfunar útveginum, en ég vildi sérstaklega spyrja hann, hvort hann hyggist að setja ákveðið fast verð fyrir síldina og ákveðið fiskverð og ákveða fiskábyrgð fyrir næsta ár. — Annars er erfitt að standa í orðakasti við ráðh., hann virðist vera okkur sammála, en er þó ekki. Þessi till.

er engin lausn, varla skref og tæpast tilraun. Ég hef ekki komið auga á nema eina hugsun hjá ráðh., það er tvöfalt gengi, en það er engin lausn á gengi sjávarútvegsins, þó að gjaldfrestur fáist fram yfir síldarvertíð. Ef farið verður á þessa braut, þá verður haldið áfram að framlengja gjaldfrestinn að verulegu leyti. Ég vil þá loks spyrja hæstv. ráðh., hvort taka eigi tvöfalt gengi og hvort tillögur verði bornar í þá átt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Siglf. varðandi nefndarskipunina vil ég taka það fram, að nefndin er ekki pólitísk og ekki kosin af þingi, heldur skipuð af ráðh. Þetta er gert á ábyrgð ráðh., sem fyrir því gengst. Ekki er það nema eðlilegt, að hann verði látinn ráða. Ætla ég að þetta sé nægilegt svar við spurningunni. Um síldarprísa og fiskiprísa ætla ég, að sé óþarft að ræða við afgreiðslu þessa máls. Hef ég látið álit mitt í ljós við útvegsmenn sjálfa. Álít ég hentugt, að kaupendur og seljendur komi sér saman, en verksmiðjurnar eru allar einkafabrikkur, en ekki eign ríkisins. Ég býst ekki við, að það hafi neina þýðingu að fara að ræða hér um ábyrgðarverð á fiski og m. fl., sem hv. þm. hefur verið að spyrjast fyrir um, nema það væri tilgangur hans, sem virðist vera, að hv. þm. sé að reyna að tefja fyrir því, að þetta frv. fái afgreiðslu út úr hv. d. í kvöld. En ég vil á engan hátt hjálpa honum til þess að tefja þannig fyrir frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. menntmrh. sagði. Hann er nú ekki sjáanlegur hér í d. Ég hefði frekar óskað eftir því, að hæstv. forseti gerði tilraun til þess, að hæstv. ráðh. mætti vera hér innan veggja.

Það hefur komið glöggt í ljós við þessar umr., að hæstv. menntmrh. er ekki umhugað að vera við þessar umr. hér um þetta mál. (*Menntmrh.:* Ég var hér áðan.) Já, um tíma. En hæstv. menntmrh., sem hefur þótt vera einn helzti málsvari sjávarútvegsins hér á þingi, sagði við þessa umr., að hann hefði ekki ætlað sér að blanda sér inn í þessi mál nú. Hvað er það, sem gerir það að verkum, að hann ætlar sér ekki að blanda sér í þessi mál? Hvað er það, sem tefur þennan sérfræðing Framsfl. í sjávarútvegsmálum í því að láta ljós sitt skína, þar sem líka er hér að ræða um mál, sem snertir kjördæmi okkar beggja. Það er það, sem að lokum kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að hann veigrar sér við því að koma í umr. nærri þessu máli, sem hér liggur fyrir. Hann vill ekki ræða það. Hæstv. ráðh. býr aðeins til nokkrar setningar um það, hvað ég vilji gera í þessu máli, þvert ofan í það, sem hv. þm. hafa heyrt mig tala um, hvað hér yrði að gera. Svo leggur hann út af því. Hann bætir svo við nokkrum orðum frá sjálfum sér um það, að þetta sé tilraun til þess að ráða við málið, og talar svo ekki frekar um þær ráðstafanir. Hæstv. ráðh. segir, að ég sé mjög andvígur því, þegar slaka á á skuldakröfum hjá útgerðinni. Hver skyldi hafa heyrt mig vera á móti því, ef hægt væri á raunhæfan hátt að létta ranglátum skuldabyrðum af bátaútveginum? Ég veit, að enginn hefur nokkru sinni heyrt þetta frá mér. Ég er reiðubúinn til þess að athuga tillögur til þess að létta þann þunga skuldabagga, sem nú hvílir á bátaútveginum. En þegar á að gera það á þennan hátt, að það á að steypa um koll þeim samtökum útvegsmanna, sem þeir hafa komið sér upp í sambandi við sinn rekstur og eru þeim nauðsynleg, þegar á að fara þannig með skuldir nokkurra bátaútvegsmanna, að segja við þá, nú skuluð þið láta bíða að borga ykkar samtökum, olíusamlagi, veiðarfæraverzlunum og viðgerðarverkstæðum, sem þið hafið komið upp, og nú skuluð þið láta þessi félög ykkar lána ykkur, og svo skuluð þið steypa þessum félögum á hausinn, þá segi ég, að þetta séu ekki till. til lausnar á vandamálum sjávarútvegsins. Og þetta veit ég, að hæstv. menntmrh. skilur og veit, og ég veit, að hann kvíðir fyrir að ræða um þetta við menn í okkar kjördæmi, sem hann hefur eggjað lögeggjan um og styrkt í þessu. Hæstv. ráðh. veit, að hann muni ekki fá þá menn til þess að samþ. þessar aðgerðir. Hann veit, að skuldabyrðar, sem hvíla á bátaútveginum, eru hjá bönkum landsins, t. d. í stonflánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, og að þessar skuldir er hægt að geyma og veita gjaldfrest á þeim og slaka til með afborganir á þeim. Þetta er hægt að gera. Af hverju er það ekki gert? Lausnarorðið er að veita gjaldfrest á skuldum, sem hvíla á útgerðinni í sambandi við nauðsynjakaup hennar, sem hún kaupir í mörgum tilfellum af sínum eigin samtökum.

Þá heldur hæstv. ráðh. því fram, að ég sé á móti því, að útgerðin fái gjaldfrest. Ég er ekki á móti því, að hún geti fengið raunverulegan gjaldfrest, og ég vildi gjarnan fara þá leið, að henni yrði hjálpað, eins og stundum áður þegar illa hefur tekizt til með veiði, til þess að fá lán til þess að létta af sér nokkrum af þeim þús. kr., sem nú hvíla svo þungt á henni. En það er með öllu þýðingarlaust að ætla að snúa staðreyndunum svona við og reyna að vinda sig út úr þessu alvarlega máli með því að segja, að ég sé á móti því, að útgerðinni sé veittur gjaldfrestur, þegar hún þarf á að halda. En ég held því fram, að slíkar ráðstafanir þurfi að vera á annan veg, til þess að þær komi að raunverulegum notum og eyðileggi ekki þá uppbyggingu, sem hún hefur haft með höndum í sambandi við sína framleiðslu. Svo stendur hæstv. menntmrh. upp og segir, að við sósialistar viljum aðeins leysa inn þetta lögveð og láta svo allt eiga sig. Hver hefur heyrt þetta frá okkur? Við höfum sagt þvert á móti, að það muni þurfa meira en 6 millj. kr. til þess að leysa þessar lögveðskröfur. Og ég sagði, að ef þessi upphæð dygði ekki, yrði hæstv. Alþ. að horfast í augu við það, að hafa þessa fjárveitingu nokkru rýmri. Ég hef áður bent á, að það er auðvelt að lækka ýmsan kostnað í rekstri útgerðarinnar, sem útgerðinni er mjög nauðsynlegt, að verði gert. Mér er það fullkomlega ljóst, að það þarf að rétta

útgerðinni hjálparhönd fram yfir það að leysa lögveðin, en hitt er síður en svo til bóta.

Þá sagði hæstv. menntmrh., að þeir vildu fyrirbyggja, að hver og einn gæti gengið að útgerðinni og gert hana upp. Ég er nú líka alveg fullviss um það, að hæstv. ráðh. þekkir það mikið til þessara mála, að hann veit, að hér er um hreina vitleysu að ræða. Heldur kannske hæstv. ráðh., að þeir, sem eiga hjá útgerðinni olíuskuldir, veiðarfæraskuldir og viðgerðarskuldir af bátum, að þeir mundu láta leggja sér út bátana til greiðslu á veðum, sem hvíla á bátunum? Nei, þeir eru fáir. Hitt væri auðvelt að setja ákvæði um, að heimilað væri til 1. júlí næsta sumar, að ganga megi ekki að nokkrum bát og gera hann upp án þess að setja gjaldfrest gagnvart þeim aðilum, sem ég hef gert að umtalsefni. — Þó að hæstv. ráðh. talaði um, að þessar till. væru tilraun til þess að ráða við málið, þá ráða þeir í raun og veru ekkert við það.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ég beindi þeirri einföldu spurningu til ráðh., hvort hann hefði gert sér grein fyrir þeirri hættu, sem steðjaði að samtökum útvegsmanna og öllum þeim félögum og rekstri, sem eiga viðskipti við útgerðina, ef þetta frv. yrði að l. Ráðh. svaraði henni á þá leið, sem ég hef lýst, og svo geta menn gert upp við sig, hvort þetta svar var fullnægjandi hjá hæstv. ráðh.

ATKVGR.

Brtt. 194,1 felld með 21:5 atkv.

— 194,2 tekin aftur.

— 194,3 felld með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, ÁkJ, LJós.

nei: SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HÁ, HB, JóhH, JG, JS, ÓTh, PO.

SK, StgrSt, HelgJ, PÞ, BG greiddu ekki atkv.

10 þm. (SB, SEH, EOl, GÞG, HermG, IngJ, JPálm, JJ, JörB, KTh) fjarstaddir.

Brtt. 195 samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HÁ, HB, JóhH, JS, ÓTh, PO, SK.

nei: SkG, ÁkJ, HelgJ, JG, LJós, PÞ, SigfS, SG.

StgrSt, BG greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOl, GÞG, HermG, IngJ, JPálm, JJ, JörB, KTh, SB, SEH) fjarstaddir.

Brtt. 194,4—5 felldar með 20:4 atkv.

— 196 felld með 20:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 197).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Útbýtt er nú þskj. 197, sem er frv., sem hér liggur. Ég skal taka það fram um þetta þskj., að það er í raun og veru sama þskj. eins og þskj. 190, en hefur verið leiðrétt skriflega, samkvæmt því, sem því var breytt við 3. umr. í hv. Nd., og er því þannig útbýtt hér nú í hv. þd., eins og frá því var gengið í hv. Nd., en breyt. er ekki annað en að í 5. gr. koma fimm í stað þriggja.

Ég vildi nú óska þess, af því að kvöld er komið, án þess að ég ætli að beita þar neinu forsetavaldi, að menn gætu sætzt á það að láta nú málið ganga greiðlega til n. og tækju þá til óspilltra málanna frekar að ræða málið, þegar n. hefur athugað það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil gjarna verða við ósk hæstv. forseta um það að gera það, sem ég get, til þess að mál þetta gangi greiðlega til n. Og með því að umr. hafa nú orðið í hv. Nd. um þetta mál og mörgum, ef ekki öllum, hv. þdm. hér hefur gefizt kostur á að heyra þar um málið rætt og frv. í sjálfu sér liggur afar ljóst fyrir, tel ég ekki þörf á að hafa hér neina sérstaka framsögu, ef ekki verður tilefni gefið af öðrum til þess, að ég skýri einstök atriði málsins. Ég tel það bezt vinnubrögð, að málið komist sem fyrst í nefnd, og vildi mælast til þess, að því yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og d. er kunnugt, var þetta mál afgr. til sjútvn. Ed. í nótt, og tók n. það þegar fyrir á fyrsta fundi sínum. N. hefur einnig haldið fund um málið í morgun, og hafa verið til umr. 3 brtt., sem komið hafa fram við frv. Má segja, að nokkurn veginn sé samkomulag um tvær af þessum till., en um þá þriðju hefur ekki náðst samkomulag, og hefur n. því ekki getað skilað nál. fyrir þennan fund, en meiri hl. hennar er sammála um að láta málið ganga þannig til 3. umr. og taka það fyrir milli 2. og 3. umr. og gefa þá út nál., annaðhvort sameiginlega eða hvor hluti fyrir sig.

Forseti (BSt): Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. n., hvenær hún býst við að geta haft nál. tilbúið.

Gísli Jónsson: Ég býst ekki við, að það geti orðið í dag. Það þarf helzt að ræða þetta við ríkisstj., og veltur á því, hvort hún getur það eftir þennan fund. Ef það verður hægt, mun n. kalla saman fund og ganga þá frá málinu, en ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. hafi samráð við a. m. k. meiri hl. n., áður en málið verður afgr.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. Barð., form. sjútvn., hefur tek-

ið fram, hefur n. ekki enn þá afgr. þetta mál frá sér, og liggur ekki fyrir nál. Ég vil aðeins taka fram, að ég er andvígur ýmsum meiri háttar atriðum í frv. eins og það liggur fyrir. En í trausti þess, að takast megi að ná samkomulagi í n. og við hæstv. ríkisstj., mun ég ekki fara að ræða þann ágreining, sem fyrir hendi er, við þessa umr., en geymi mér það til 3. umr. eða get sparað mér það, ef samkomulag næst um einstakar brtt.

Hannibal Valdimarsson: Ég stóð ekki upp til þess að ræða málið, en vildi spyrja hæstv. forseta, hvort það sé ekki nokkuð fágæt málsmeðferð á Alþ. að taka fyrir mál til 2. umr., án þess að nokkurt nál. liggi fyrir, að maður ekki tali um, þegar um jafnstórt og þýðingarmikið mál og þetta er að ræða. Það kann að vera, að fyrir þessu finnist einhver fordæmi, en mér finnst slík málsmeðferð ákaflega einkennileg og óeðlileg og skil ekki, hvað vinnst með því að taka málið til 2. umr. nefndarálitslaust, þar sem það lítur þá út fyrir, að slík umr. verði alveg þýðingarlaus, hafi n. ekki lokið störfum.

Forseti (BSt): Ég skal taka fram, að það eru til fordæmi fyrir því, að 2. umr. um mál fari fram án þess, að nál. liggi fyrir, og það um þýðingarmikil mál. Og það hefur meira að segja farið fram 2. umr. um mál — og það þýðingarmikil mál — þannig, að aðeins hefur legið fyrir skriflegt nál. (*HV:* Það er þó í áttina, en hér er því lýst yfir af n., að hún muni bíða með að leggja fram nál. þangað til við 3. umr.) Það hefur stundum liðið skemmri tími milli umr. en nú. Málinu var vísað til n. fyrir miðnætti í gærkvöld, svo að mér skilst, að hér sé ekki beinlínis um tímaleysi að ræða, — náttúrlega má segja, að það sé tímaleysi, — heldur hitt, að hv. n. ætlar að ræða við hæstv. ríkisstj., áður en hún gefur út nál. sitt, og n. hefur sjálf beinlínis tilkynnt, að hún muni hafa þessa starfsaðferð, að gefa út nál. milli 2. og 3. umr., og úr því að n. hefur ákveðið þetta, sé ég ekkert við það að athuga. (*HV:* Hvað vinnst við þetta?) Það vinnst tími.

Gísli Jónsson: Út af fyrirspurn hv. 3. landsk. vil ég leyfa mér að upplýsa, að það er ósk hæstv. ríkisstj. sjálfrar, að þessi umr. fari fram hér í dag. En ég skal út af þessu gefa þær upplýsingar, að vegna þess að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, taldi n. skyldu sína að nota heldur tímann til þess að fá samkomulag um þýðingarmestu atriði frv. en að hafa kannske þýðingarlausar umr. um málið í stað þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það hefur ekki unnizt tími til þess að komast að þessari niðurstöðu, því að þetta var afgr. á síðustu nóttu, og töldum við þessa aðferð betri. Úr því að þurfti að hraða svo málinu, þurfti nauðsynlega að hafa 2. umr. í dag. Ég vil benda hv. 3. landsk. á það, að þótt komið hefði verið nál. og síðan veigamiklar brtt. bornar fram við 3. umr., hefði málið staðið á sama stigi og þótt þessu hefði öllu verið frestað til 3. umr. Þetta er ástæðan fyrir því, að n. hefur ekki viljað skila klofnu áliti, meðan von væri um að fá samkomulag um veigamestu atriðin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 197, n. 205, 206).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 206. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og skýrt var frá hér við 2. umr. þessa máls, hafði n. ekki haft tíma til að ganga frá brtt. sínum við þá umræðu, og varð samkomulag um að bíða með þær til 3. umr. og athuga málið jafnframt nánar þangað til. Mér þykir þá rétt, áður en lengra er farið, að geta þess hér í stórum dráttum, hvernig afkoma þessa hluta útvegsins hefur verið að undanförnu.

Samkvæmt gögnum, sem fyrir liggja, eru samanlagðar skuldir 140 vélbáta, sem hér um ræðir, umfram eignir, báta, sem stundað hafa síldveiðar á undanförnum árum með stöðugu tapi, samtals 25226000 kr. Tap þessara báta á sumarsíldarvertíðinni 1948 nemur samkvæmt skýrslunum 14.104.133 kr. Alls voru tekjur þeirra á þessari vertíð 11.138.822 kr. en rekstrargjöldin 25.242.955 kr. Það er því bert af þessum gögnum, að það er ekki að ófyrirsynju, að fram er komið frv. um að veita þessum flota nokkra aðstoð. Þeir bátar, sem hér um ræðir, eru mikið til sömu bátarnir og veitt var 5 millj. kr. lán 1945 og aftur 5 millj. kr. lán 1947, og munu sárafáir þeirra hafa getað endurgreitt nokkuð af þessum lánum, sem ekki er furða. Rekstrarafkoman hefur sumpart átt rætur sínar að rekja til aflabrestsins undanfarin ár, allt frá 1945, en þó verður ekki sagt, að heildaraflinn á þessu tímabili hafi einn gefið tilefnið til þessarar afkomu, heldur koma þar og aðrar ástæður til greina. Hins vegar varð fullkominn síldarbrestur s. l. sumar, er rak smiðshöggið á verkið og leiddi til þess fjárþrots og öngþveitis, sem nú ríkir, enda var það ekki nema lítill hluti af skipunum, sem fiskaði fyrir tilkostnaði í sumar, eða líklega um 25%. Það er því ekki deilt um það, að þessarar hjálpar er þörf. Um hitt eru fremur skiptar skoðanir, á hvern hátt eigi að hjálpa útveginum, og þá, hvort þetta frv. nægi til þess að koma útgerðinni á eðlilegan rekstrargrundvöll eða bæta svo fjárhag hans, að annað og meira þurfi ekki til, og er það viðurkennt af flestum, að þessar aðgerðir einar nægi ekki. Ég tel vafasamt, að þetta mál eigi að vera annað en hlekkur í keðju, og hefði talið heppilegra, að það væri leyst í sambandi við frekari aðstoð.

Ég hef átt sæti í nefnd til að rannsaka, hve hátt fiskverðið þyrfti að vera, til þess að þessir bátar beri sig á þorskveiðum í Faxaflóa í vetur og síldveiðum í Hvalfirði, ef síldin kemur þangað. Áætlanir um þetta frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna voru lagðar fyrir þessa nefnd, og sýndu þær, að þorskverðið þyrfti að vera 88 aurar pr. kg. til þess, að bátarnir gætu stundað þorskveiðarnar hallalaust í vetur. Ef þessar áætlanir væru réttar, væri samt ekki hægt að greiða neinar skuldir með þessu verði á fiskinum, sem ég nefndi, og virðist því svo, að sú aðstoð, sem hér er talað um, þyrfti a. m. k. að ná svo langt, að verðið gæti orðið 88 aurar pr. kg. til þess, að bátarnir gætu stundað þorskveiðarnar hallalaust í vetur. Ef þessar áætlanir væru réttar, væri samt ekki hægt að greiða neinar skuldir með þessu verði á fiskinn, sem ég nefndi, og virðist því svo, að sú aðstoð, sem hér er talað um, þyrfti a. m. k. að ná svo langt, að verðið gæti orðið 88 aurar, ef fyrirbyggja á sams konar fjárhagslegt öngþveiti bátaflotans innan mjög skamms tíma. Í þessu 88 aura verði er reiknað með 11,2 millj. kr. vaxtabyrði, en afborgunum er þar ekki reiknað með, og eru þær þó 4—12 þús. kr. á bát. Það er því auðséð, að þetta frv. getur á engan hátt dugað eitt til að greiða úr þessum málum. Væri nú horfið að að tryggja 88 aura verð jafnframt þessu frv., mundi það samt sem áður kosta ríkið 38 milljónir auk uppbóta, eða samtals um 50 millj. kr. fyrir allan flotann. Hér er því um 50 milljónir að ræða eða þar um bil auk þeirra 6 milljóna, sem tilteknar eru í þessu frv. Og þessi upphæð, um 50 milljónir, gildir þó ekki nema fyrir þorskveiðarnar 1949, síldveiðarnar eru þar fyrir utan. Samkvæmt áðurnefndum áætlunum LÍÚ er gert ráð fyrir 42 kr. verði pr. mál af þeirri síld, sem veiðist í Hvalfirði, og á þá að verða aðeins um 1000 króna rekstrarafgangur yfir vertíðina, ef reiknað er með þessu verði fyrir síldina. Með tilvísun til þessa tel ég, að til þess sé full ástæða að halda því fram, að það sé í fyllsta máta eðlilegt að taka öll þessi mál til athugunar í einu, en kippa ekki þessu einu úr samhengi.

Eins og ég gat um áður, þá eru menn á eitt sáttir um, að svona sé nú hag útvegsins komið, og enn fremur eru allir á eitt sáttir um, að eitthvað verði að gera til þess að bæta úr. En á hitt eru menn ekki eins sáttir, hvernig fara beri að því. Ég fer ekki dult með það, að það er álit mitt, að það sé rangt að fara þá leið, sem hér er valin. Ég álít, að það eigi að taka málið til athugunar að nýju, og við þá yfirvegun er rétt að beina skeytum að öðrum aðilum en ríkisstj.

Það hefur verið bent á tvöfalt gengi. Ég tel þá leið of lítið athugaða. Ef þessi leið er farin, þá er það sjáanlegt, að verðmæti útflutts fisks nemur 100 millj. kr. Ef taka ætti þessar 100 milljónir og selja á hærra gengi, þá þyrfti að hækka um 50% til þess að ná 50 millj., eins og þyrfti. En það þarf enginn að halda því fram, að hægt sé að leggja 50 milljónir á 100 milljónir. Eins og innflutningsáætluninni er nú háttað, þá er slík hækkun ekki möguleg nema með mjög mikilli röskun. Væru síldarafurðir teknar og taldar gefa 100 milljónir, þá þyrfti ekki nema 15% til þess að standa undir rekstrarhallanum. En þessi braut er erfið, og alls ekki hættulaus. Það er athyglisvert, sem fram hefur komið í n., að til þess að hækka aflann svo að bátarnir beri sig, þá þarf hlutur sjómanna að vera 16000 kr. og mundi það verða með 80 aura verði. Það segir sig sjálft, að ef það þarf að tryggja sjómenn með 16000 kr. í 4½ mánuð, þá mundi það velta af stað nýrri verðbólgu. Það dettur engum í hug, að það sé hægt að tryggja með 16000 kr. fyrir 4—5 mánaða vinnu. En það hefur verið skýrt fyrir okkur í n., að þó að þessir menn væru tryggðir með þessari upphæð, þá væru sjómenn samt verr settir en þeir, sem vinna við frystihúsin. Þess vegna er ekki hægt að fá menn á bátana, þegar þeir bera minna úr býtum en þeir, sem vinna að aflanum í landi. Ég er fullkomlega sammála, að þeir, sem hafa lengstan og verstan vinnutíma, vinna hættulegustu störfin og bera mesta áhættu, þeir eiga að hafa mest kaupið. En þegar þeir, sem í landi vinna, frétta, að hinir hafi meira en þeir, þá gera þeir kröfu til að fá meira og meira en framleiðendurnir þola. Ég er ekki að ráðast á kaupgjald manna í landinu. En er það ekki þjóðin sjálf, sem fyrir þessu verður? Er þá ekki sama, hvort greidd eru minni laun eða að öðrum kosti lagðir á hærri skattar? Ég hygg nú, að svo sé komið að menn séu farnir að sjá, að þessi loddaraleikur getur ekki staðizt öllu lengur. Það hefur sýnt sig, að málið er komið á það stig, að útvegurinn þarf að fá stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði, ekki aðeins einu sinni, heldur hvað eftir annað. Mér hefur verið tjáð, að bráðlega sé von á nýjum lagafrv., þar sem þessi mál verði tekin til meiri og gaumgæfilegri athugunar. Ég tel heppilegast, að þetta sé látið bíða þangað til, vegna þess að þetta er svo fléttað hvað inn í annað.

Það hefur, reyndar ekki í þessari d., en við umræður um frv. í Nd., verið deilt harðlega á bankana í sambandi við þetta mál, einkum á Landsbankann, og hann sakaður um hina mestu afturhaldssemi gagnvart bátaútveginum. En ég vil leyfa mér að benda á, að menn mega ekki gleyma því, að Alþ. fyrirskipaði bönkunum að lána útgerðinni gegn 4% vöxtum, eða 2% lægra en venjulegt er, og ½% lægra en bankarnir greiða sparifjárinnlánendum. Þetta er stór fórn, og það er mikið vafamál, hvort það geti talizt eðlilegt, að Alþ. skipi þjóðbankanum að lána með slíkum kjörum, en þetta er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. Það má heldur ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að flest verðbréf Landsbankans eru með 3½% vöxtum, eða ½% lægri en lánin til útvegsins. Hins vegar er það ljóst, að ríkisstj. hefur orðið að knýja á dyr hjá Landsbankanum með stærri lánaupphæðir en hollt er. Hv. þm. hafa haldið því fram, að bankarnir væru ríkisstofnanir, sem Alþ. gæti skipað fyrir verkum, en bankalögin mæla svo fyrir, að bankarnir eigi að vera óháðar stofnanir. Það er líka mjög varhugavert

að rýra svo mjög sjálfsákvörðunarrétt bankanna, því að fjárhagslega sterkur þjóðbanki er sterkasta stoðin fyrir allt athafnalíf. Stjórnin verður því að gera aðrar ráðstafanir en veikja þjóðbankann fjárhagslega.

Að svo búnu mun ég ræða hér þær brtt., sem sjútvn. leggur hér fram. Eins og þskj. 205 ber með sér, þá hefur n. mætt á 3 fundum. Rætt hefur verið við forsrh., fjmrh. og formann Landssambands ísl. útvegsmanna um þær brtt., sem komið hafa frá nm. Var n. sammála um, að nokkrar brtt. væru til bóta, og var n. óklofin um fyrstu þrjár greinarnar. Hins vegar fékkst ekki samkomulag um 4. gr., og skrifuðum við tveir nm., hv. 5. landsk. og ég, undir nál. með fyrirvara.

1. brtt. á þskj. 205 er við 2. gr. frv. og er svo hljóðandi, að aftan við 2. mgr. bætist: „Hafa þau lán sama forgangsrétt fyrir öðrum skuldum sem þær lögveðskröfur og sjóveðskröfur, er inn kunna að verða leystar skv. 1. mgr. þessarar greinar." Þ. e. a. s., það er heimilt að lána fleiri aðilum, sem hafa getað fengið lán, til þess að leysa sjóveðs- og lögveðskröfur út, en n. leggur það til, að þessi lán hafi sama gildi, sama forgangsrétt og lögveðskröfur. Það er vitanlega ekki hægt að leysa út lögveðskröfur og láta um leið haldast sem forgangskröfur og koma aftur fyrir veðbundnar kröfur. Þess vegna þótti rétt að setja þessa brtt. inn.

2. brtt. er um það, að aftan við 3. gr. bætist: „Lögveðskröfur og sjóveðskröfur, sem kunna að myndast eftir gildistöku þessara laga, hafa þó alltaf forgangsrétt fyrir hinum innleystu kröfum samkv. 2. gr." Það hefur þótt rétt að taka af öll tvímæli hér um, og var gr. því sett inn. N. var sammála um, að rétt væri að tryggja þessar kröfur.

Um 3. og 4. tölul. brtt., að í stað „lánveitinganefnd" komi: skilanefnd — er það að segja, að það er gert til að samræma við væntanlegar lagagreinar síðar.

Eins og sést af nál. hef ég skrifað undir það með fyrirvara, og vil ég nú snúa mér að þeim atriðum, er snerta fyrirvara minn, og skírskota ég til grg. brtt. á þskj. 206, við 4. gr. Sú fyrri er um það, að í stað „1. júlí" tvisvar í greininni komi: 1. okt. Skv. þskj. 190 er gert ráð fyrir greiðslufresti til 1. júlí. Ég tel, að frestur þessi sé allt of skammur, ef ætlazt er til þess, að útvegurinn geti sjálfur reist sig við og starfað þessa vertíð, og ekki aðeins þessa vertíð, heldur áframhaldandi. Það er staðreynd, að 1. júlí er mikill hluti bátaflotans að búa sig undir síldveiðarnar fyrir Norðurlandi, sem er rauðan í egginu hjá útgerðinni. Ef bátarnir gætu ekki farið á síld vegna þess, að allt væri í sama horfinu og nú er, þá efast ég um, að nokkur vildi taka á sig það ómak að fara á veiðar og leggja mikið fé í undirbúning þeirra, ef fresturinn væri útrunninn 1. júlí. Með tilvísun til þessa þykir mér rétt, að fresturinn sé lengdur til 1. okt. Ég tel það ákaflega vanhugsað að halda, að útvegurinn geti á þeim tíma, sem er til 1. júlí, greitt vexti og afborganir og rekstrarkostnað vegna síldveiðanna. Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái sér fært að breyta frestinum með tilvísun til þessa.

Eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er greiðslufrestur veittur, lögboðinn á skuldum útgerðarmanna, á öllum skuldum, þar með taldar lausaskuldir. Þetta tel ég vera mjög ranglátt, því að þeir aðilar, sem í góðri trú hafa lánað útgerðarmönnum í von um, að vel veiddist, þeir eru alveg tryggingarlausir, en þeir, sem hafa samið um lánin, hafa þó alltaf einhverja tryggingu. Ég tel þetta rangt af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að fyrir því er engin trygging, að hagur útvegsins verði betri 1. júlí og að einmitt þá sé hægt að greiða þessar skuldir og hægt sé að fá lán út á væntanlegar síldveiðar. Hins vegar tel ég þetta verða mjög til að veikja traust viðkomandi aðila til útgerðarmanna og geti orðið til þess, að þeir hætti að lána þeim fé. Ég er viss um, að ef þessi ákvæði verða samþykkt hér, þá fer á annan veg en stjórnin ætlast til, og ég tel það óviðeigandi, að Alþ. skuli þurfa að bjóða, að það skuli vera gjaldfrestur, eða með öðrum orðum, að skuldunautar skuli ekki greiða. Það hefur verið viðurkennt af stjórninni, að þetta ákvæði skuli ekki ná til þeirra, sem hafa haldsrétt, það er að segja til veiðarfæra, sem eru í viðgerð, ekki til þeirra hluta, sem vélsmiðjur hafa til viðgerðar o. s. frv. Eftir að þessi viðurkenning liggur fyrir, tel ég óhæft að útiloka aðra aðila, sem hafa í góðri trú lánað þessum mönnum, að þeir geti ekki samið um þessar skuldir. Þess vegna hef ég orðað mína till. þannig, að þetta nái ekki til lausaskulda, en ekki megi gera fjárnám í eignum útgerðar til 1. okt. 1949 til tryggingar þeim skuldum, þótt ekki hafi náðst samkomulag um greiðslu. Þetta orðalag er haft beinlínis vegna þess, að ég vil ekki heldur gefa þessum mönnum rétt til að stöðva útgerðina vegna þessara skulda.

Þessi hjálp, sem hér á að gera og er samkvæmt þskj. 190 6 millj. kr., er til að losa þau sjóveð og lögveð, sem hvíla á bátunum. Þau eru beinlínis til að tryggja það, að bátaútvegurinn fari aftur til starfa. Það má segja, að hjálpin nái ekki lengra, því að komi ekki önnur hjálp í viðbót, þá verður hún ekki önnur en þetta, en þetta er helzti hængurinn á, að þeir geti tekið til starfa. En ég álít, að þessi fyrirmæli 4. gr., að lögbinda, að lausaskuldir skuli ekki greiða upp fyrr en 1. júlí, torveldi það svo mjög, að flotinn geti tekið til starfa á þessari vertíð, að hann geri það ekki í mörgum tilfellum bara fyrir það atriði, og þá tel ég verr farið en heima setið, að kasta út úr ríkissjóði 6 millj. kr., án þess að trygging sé fyrir, að það takmark náist, sem til er ætlazt með því að greiða þessar 6 milljónir. Hitt er annað atriði, eins og ég hef áður skýrt frá, hvaða ráðstafanir eigi að gera um önnur atriði, svo sem hvernig útgerðinni verði skapaður öruggur rekstrargrundvöllur. Það er atriði, sem er miklu meira aðkallandi en að leysa þessi veðbönd, sem hér er um að ræða, því að ef rekstrargrundvöllurinn er ekki gerður tryggur, getur Ísland ekki starfað eða lifað. Það

getur ekki starfað, nema heilbrigður rekstrargrundvöllur sé fyrir aðalatvinnuveg landsins, en ef það mál væri leyst, þyrfti ríkissjóður ekki að kasta út 6 milljónum til að leysa þessi veðbönd, því að það kæmi af sjálfu sér.

Ég legg mjög eindregið til, að þessar brtt. á þskj. 206 verði einnig samþ., þó að þær séu aðeins frá tveimur nm. og hinir tveir hafi ekki getað fallizt á þær. — Ég skal geta þess, að einn nm., hv. 1. þm. Reykv., var erlendis og gat því ekki verið á fundum n.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sjútvn. segir, að þessar till., sem hér eru fram komnar, hafa verið ræddar við ríkisstj. af hálfu n., og eins og hann segir, þá getur ríkisstj. fallizt á brtt. á þskj. 205. Vil ég sérstaklega geta þess að því er snertir lögveðskröfur og sjóveðskröfur, sem kunna að myndast eftir gildistöku þessarar löggjafar, að þær hafa ávallt forgangsrétt fyrir hinum innleystu kröfum samkvæmt 2. gr., en það eru þær kröfur, sem hugsað er, að ríkissjóður leysi til sín með því fjármagni, sem um hefur verið talað, að yrði að ræða í þessu skyni. Þetta var alltaf hugsað þannig, þó að það sé sjálfsagt eins gott að segja það berum orðum. Þó segja þeir lögfræðiráðunautar, sem voru við samningana á þessu orðalagi, að það segi sig sjálft, og þess vegna var þetta ekki tekið beinum orðum fram. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þessar brtt., en aðeins lýsa yfir, að þetta var alltaf tilgangurinn, eftir að brtt. komu inn í frv. í Nd.

Eins og kunnugt er, hefur málið tekið talsverðum stakkaskiptum frá því, sem ég lagði það upphaflega fyrir. Það verður svo jafnan, þegar farið er að leita eftir víðara verkahring en upphaflega var til stofnað, að till. manna ganga mjög í ýmsar áttir. Mín upphaflega hugmynd með þessu frv. var vitanlega smávaxin, en hún var einföld. Hún var sú að fara þá sömu leið í þessu efni og gert var 1945 og 1947 og veita þessa hjálp í sama formi. Aðeins hafði ég aðra fjárútvegunarleið í huga en þá, sem hér hefur verið farin. Það var sem sé tekið lán í bæði skiptin til þess að mæta kostnaðinum, en mér virtist ekki hægt að halda slíku áfram og því réttast að taka þetta sem rekstrarútgjöld. Nú var öllum ljóst, þegar fram í sótti, — það er langt síðan þetta frv. var smíðað, — að þetta var ekki sú hjálp, sem dygði til allra hluta. Það var mér ljóst. Þá var þó ekki búin að fara fram sú rannsókn á þessum atvinnuvegi, sem síðar hefur farið fram. En það, sem ég hafði í huga, var að losa af bátunum þau höft, sem venjulega eru talin þeim einna erfiðust, sem sé lögveðin og sjóveðin. Mér var ljóst um leið, að hér þurfti meiri aðgerða við, en kannske ekki alveg á sömu stund. Annað takmark, sem ég sá í minum huga, var það að reyna að gera eitthvað til þess að kröfuhafarnir, í þessum tilfellum sjómenn, þyrftu ekki að bíða allt of lengi eftir þessari úrlausn. Maður veit, að í mörgum tilfellum er um réttláta kröfuhafa að ræða, og í öðrum tilfellum eru menn, sem maður getur vel skilið, að eigi erfitt með að fá ekki sitt sumarkaup. Þetta voru sem sagt tveir áfangar, sem ég upphaflega hafði fyrir augum. En inn í þetta, síðan málið kom fram, hefur blandazt meira af því almenna ástandi en manni virtist þá, að þyrfti að koma inn í þetta mál.

Þegar undirbúningur málsins fór fram, átti ég tal við bankana, og ekki aðeins ég, heldur aðrir menn, sem bæði fyrir ríkisstj. tilstilli og eins af áhuga vildu stuðla að því, að bankarnir snerust vel við í þessu efni. Áttum við því mjög ýtarlegt tal við þá, hvort þeir í fyrsta lagi vildu ekki taka út úr bátaflotanum þann hóp, sem þeir gætu á bankastarfsgrundvelli bjargað frá sjóveðum og lögveðum, án þess að stj. og þing þyrftu að því að koma. Þetta var það fyrsta, sem bankarnir voru beðnir um. Í framhaldi af þessu voru þeir beðnir, þegar ríkisvaldið réðst í að leysa lögveðin og sjóveðin af einhverjum bátum, að hjálpa bátunum að öðru leyti með það þá fyrir augum, að þeir kæmu til rekstrar á næstu vertíð. Lengra eða hærra var ekki stefnt þá í bili.

Ég veit, að það klingir iðulega við hjá ýmsum, sérstaklega hjá mjög áhugasömum bátaútvegsmönnum, og það kom síðast fram í ræðu hv. frsm., að það eina, sem hjálpi í þessu efni, sé að skapa þessari starfsemi það, sem menn kalla heilbrigðan atvinnurekstur. Ég ætla, að það sé vísast að tala varlega um svona hluti, því að ég hef orðið var við, að orð, sem ég hef sagt í sambandi við heilbrigðan atvinnurekstur, hefur verið afflutt af einu stjórnarblaðinu á opinberum vettvangi. Ég tek undir, að æskilegast væri, ef hægt væri að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan rekstrargrundvöll. Það getur verið, að ég sé þeim mun úrræðaminni eða lítilsigldari en aðrir, sem halda fram, að þetta megi gera, en ég fæ ekki séð, eins og allar aðstæður eru, dýrtíð, verðbólga og alls konar kröfur, að hægt sé með einni löggjöf eða jafnvel einu þingi að kippa því í lag. Það hefur þess vegna verið reynt að finna leiðir til að mæta þeim erfiðleikum, sem við blasa hverju sinni, og vísast er það rétt, sem hv. frsm. segir, að sumar þeirra hafa ýmsa vankanta. Hv. frsm. segir t. d., að bátarnir muni ekki fara af stað fyrir minna en 88 aura verð, enda þyrftu þeir þess. Hann reiknaði út, að það væru margar milljónir, sem þyrfti af hálfu þess opinbera til að standa undir slíku. Hefur hann þá fyrir augum óbreytt ástand í landinu að öðru leyti. Og það er einmitt þetta óbreytta ástand í landinu, sem er annar þröskuldurinn og hann svo stór, að ekki er hægt hann að yfirstíga. Hinn dragbíturinn er sá slóði af skuldum, sem þessi bátafloti dregur eftir sér vegna margra ára taps.

Nú er það svo, að þegar menn eiga annars vegar undir högg að sækja með að reyna að gera ráðstafanir til framdráttar einum eða öðrum atvinnuvegi og hins vegar verður að taka tillit til þeirrar löggjafar og starfsreglna, sem þær lánsstofnanir hafa, sem bæði almenningur og ríkisvaldið verður að snúa sér til í þessu efni, þá er ekki hægt að reka hnefann

í borðið frá einni hlið og segja: Þetta viljum við hafa. Við viljum fá það, sem hér er stefnt að: aðstoð bankanna til að hjálpa bátaútvegsmönnum áfram með rekstrarlánum. Svo viljum við líka hafa þetta, að jafnvel þó að kröfur bankanna séu settar á langinn og í hættu, þá megi annarra manna kröfur hafa forgang. — Það er þetta, sem ég treysti mér ekki til að ganga inn á, en það finnst mér felast í brtt. á þskj. 206.

Svo vil ég aðeins benda á, að það frv., sem ég flutti, var ákaflega einfalt, en er nú orðið mikið breytt, og einmitt breyt., sem menn settu inn í það, valda nú öllum deilunum. Og þá þykir mér illt, ef breyt. og deilurnar út af breyt. eiga að verða til þess, að þetta frv., sem ég hafði hugsað mér, að ætti aðallega að verða til að leysa höftin af bátunum og um leið hjálpa sjómönnum, sem eiga sínar kröfur, á nú að stöðvast, sem mér skildist á hv. frsm., að væri hans vilji, en ég vil ekki að óreyndu trúa, að d. vilji fallast á. Ég vil þvert á móti vona, að frv. nái næstu daga lögfestingu, helzt ekki síðar en á morgun, til að flýta fyrir því, að unnt verði fyrir bátaútveginn að gera skil til sinna manna. Það má deila um þetta atriði, sem hv. þm. Barð., frsm., ræddi sérstaklega í sambandi við brtt. á þskj. 206, það má deila um það, og það sakar ekki. En það sakar þó, ef deilur verða um það, sem tefja þetta frv.

Hv. þm. fór réttmætum viðurkenningarorðum um starf bankanna í landinu og það, þó að mönnum þætti ekki alltaf blása sem byrlegast hjá þeim, þá yrði maður að viðurkenna, að bankarnir hefðu alltaf sínar reglur og l. að fara eftir. Ég er honum sammála í því. Hann sagði líka, að bankarnir hefðu látið bátaflotann fá það rekstrarfé, sem þeir hefðu þurft. Ég býst við, að þetta sé að mestu leyti rétt, því að allt meginfé til rekstrarins hafa bátarnir fengið hjá bönkunum, og ef það væri ekki, þá væri það ákaflega undarlegur áhugi, sem fyrst á hverri vertíð, ekki aðeins á haustin, heldur endranær hefur sýnt sig hjá bátaútvegsmönnum, sem hafa knúið fjarskalega fast á með það, að ríkisstj. stuðli að því, að bankarnir færu að veita rekstrarlán og þau heldur rífleg. Þetta sýnir líka út af fyrir sig, hvernig þessar peningastofnanir standa undir rekstrarlánunum, og til þess eru þær líka, enda er það ekki nema sjálfsagt, það er þeirra hlutverk, enda geri ég ráð fyrir, að langmestur hluti af skuldum bátanna sé hjá peningastofnunum.

Innsetning breyt. frá 1. júlí til 1. okt. er ekki ýkja þýðingarmikil, því að þessum l. eins og öðrum l. verður breytt, ef það kæmi í ljós, að þessi greiðslufrestur stæði því verulega fyrir þrifum, að bátarnir gætu búið sig út á síld, því að þá geri ég ráð fyrir, að hvaða stj. sem situr teldi sér skylt að aka þessu til eftir því, sem nauðsyn bæri til á hverjum tíma, og gefa þá út bráðabirgðal., ef brýn nauðsyn krefði. Þessi tiltölulega stutti greiðslufrestur er settur inn í frv. með það fyrir augum, að það sé tekið til þess strax að ná samningum fyrir bátana við hina ýmsu lánardrottna. Ef takmarkið er sett allt of langt fram á næsta ár, þá eru minni líkur fyrir því, að menn álíti þörf til að vinna ötullega að þessu máli. Annað eða verra held ég, að mönnum hafi ekki gengið til með þessari dagsetningu inn í frv. Hitt er algert aukaatriði, hvort fresturinn er settur nú til 1. okt. eða l. verður breytt, ef nauðsyn krefur síðar meir á árinu. Að sjálfsögðu má hafa það svipað um annað atriði, sem hv. þm. taldi, að mundi verða svo stór trafali á að koma bátunum út, en það er þessi flokkun kröfuhafanna í tvennt, eins og þar er gert ráð fyrir, en það sýnir sig bráðlega, hvort þetta atriði verður örlagaþrungið fyrir bátaflotann, en ég trúi ekki, að svo sé. Ég hef átt tal um það atriði við menn, sem eru þessum málum kunnugir, t. d. sem standa framarlega í stjórn Landssambandsins, og þeir segja, að það sé ekki orðið um að ræða báta, svo að nokkru nemi, sem geti lifað á lánstrausti Péturs og Páls til sins rekstrar. En vitaskuld getur verið um það að ræða, að bátar standi með einhverjar ógreiddar skuldir ýmist frá gömlum tímum eða þurfi að stofna til einhverra skulda nú, sem ekki eru í bönkum. Eini bankastjórinn, sem ég hef talað við um þetta mál, sagði við mig út af þessu atriði, að sér sé vel ljóst, að með tilliti til greiðslufrestsins yrðu tryggingalánin að vera rífari en endranær. Þetta var í beinu sambandi við þær mótbárur, sem komið hafa fram í Nd. og eru svipaðs eðlis og þær, sem hafa valdið því, að tveir hv. þm. þessarar d. hafa borið fram brtt. á þskj. 206. Að þessu athuguðu finnst mér, að það geti ekki orðið neinn stór skaði, þó að ekki sé farið að rugla þessu gjaldfrestsatriði nú, með því líka, að enn mun vera almennt skilið svo, að ekki sé gengið í þessu efni á rétt neins frá lögfræðilegu sjónarmiði, heldur vil ég staðhæfa, að það sé aðeins skilið svo, að gjaldfresturinn sé aðeins „moratorium", eins og það er nefnt. Hitt held ég sé ekki reglan og ekki samkvæmt réttri hugsun, að veittur sé greiðslufrestur, þar sem einhverjir aðilar eru teknir út úr. Ég held það sé of mikið sagt hjá hv. frsm., þegar hann segir, að mönnum sé bannað að greiða nokkra skuld. En sé maður orðinn svo skuldugur, að hann eigi ekki fyrir skuldum, þá má fara varlega í að greiða einstakar skuldir, þegar búið er tekið til skipta, því að þá má segja, að einum eða öðrum aðila hafi verið veitt forréttindi. Ég vil því ekki taka undir það, að með þessu frv. sé bannað að greiða upp í lausaskuldir. En með því að greiðslufresturinn snertir allar skuldir, þá er stefnt nær því, sem menn hafa látið sér detta í hug, að útgerðin geti fengið nokkuð alhliða eftirgjafir á skuldum í sambandi við fyrirhugaða eftirgjöf ríkissjóðs á kreppulánunum frá 1945 og 1947 og þessu væntanlega láni, eða samtals um 15 millj. kr.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í þetta. Ég hef reynt að skýra afstöðu ríkisstj. og vil leggja sérstaka áherzlu á, að mér finnst ærinn tími til kominn, að Alþ. afgreiði þetta frv. með þeirri hjálp, sem í því er fólgin, því að hægara

er að stiga skrefin smátt og smátt en taka allt málið til einnar höfuðúrlausnar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Mér sýnist, að mál það, sem hér liggur fyrir, beri á ýmsan hátt dálítið undarlega að hér á Alþingi. Þegar í lok ágúst, er séð var, að síldarvertíðin mundi bregðast, þá var bollalagt um það, að nauðsyn væri opinberra ráðstafana til aðstoðar útvegsmönnum, sem harðast höfðu orðið úti undanfarnar vertíðir. Var þá sett á laggirnar opinber nefnd, sem safnaði skýrslum um fjárhag útvegsmanna. Síðan var beðið eftir því að fá að vita, í hverju hjálpin ætti að vera fólgin, en langt var liðið á þing áður en nokkuð kæmi fram í því efni. Þá flytur hv. sjútvn. Nd. eftir beiðni hæstv. fjmrh. frv., sem ber heitið: Frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Í þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að ótilgreindri fjárhæð skuli varið til að lána viðkomandi útvegsmönnum, þannig að þeir losnuðu úr mestu vandræðunum. Nokkru síðar flytur svo hv. sjútvn. Nd. gagngerar brtt. við þetta fyrirkomulag, og veit ég ekki betur en öll n. hafi verið sammála um, að aðstoðin ætti að vera óafturkræfur styrkur. Þegar þetta er í deiglunni, þá koma enn fram skv. beiðni frá hæstv. fjmrh. alveg gagngerar brtt. við hvort tveggja hið fyrra, og það er það frv., sem nú liggur fyrir. En aðstoðin, sem felst í þessu frv., er ekki önnur en sú, að ríkissjóður tekur að sér að innleysa sjóveðin, sem á bátunum hvíla, svo að þeir geti farið á stað, ef þeir fá nokkra fjárhagsmöguleika til þess. Mér finnst allur þessi undirbúningur bera vott um það, að of lauslega hafi verið á málunum tekið, og allar þær breytingar, sem sífellt eru gerðar, sýna það, að stefnan er ákaflega óákveðin, svo að það virðist sem hæstv. ríkisstj. viti varla, hvað hún vill gera, og útgerðarmenn vita ekki, við hverju þeir mega búast. Þetta vildi ég segja um undirbúning málsins, og þó að frv. feli ekki í sér róttækar úrbætur, þá ber þó að fagna því, að eitthvað er gert, og vil ég ekki verða í vegi fyrir því, að frv. nái fram að ganga, en þó eru á því veigamiklir agnúar, svo að nauðsynlegt er að breyta ýmsum atriðum, t. d. ákvæðum 4. gr. Eins og frv. er nú, eru aðalatriði þess tvö. Í fyrsta lagi leysir ríkissjóður inn til sín sjóveðskröfurnar, sem á skipunum hvíla, og fær heimild til að lána þeim útgerðarmönnum, sem leyst hafa af sér kröfurnar af eigin rammleik. Í öðru lagi er útgerðarmönnum svo veittur gjaldfrestur á öllum skuldum til tiltekins tíma. Ég skal ekki fjölyrða um fyrra atriðið, til þess að tefja ekki umr., enda hefur hv. frsm. skýrt málið, en um síðara atriðið vildi ég ræða nokkuð, því að það er þýðingarmikið, og held ég, þrátt fyrir allar umr., sem fram hafa farið um málið, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki enn gert sér grein fyrir afleiðingunum, sem af ákvæðum 4. gr. mun leiða. Þetta lítur að vísu vel út á pappírnum, þar sem látið er líta svo út, að þetta sé greiði við útvegsmenn, svo að þeir geti starfað í friði, en málið er bara ekki svo einfalt. Til dæmis bendi ég á það, að þótt gjaldfrestur sé lögboðinn, þá upphefur hann ekki þann haldsrétt, sem sumir aðilar hafa gagnvart útgerðinni. Ef bátur er í slipp og á þeim bát liggur krafa, sem ekki er greidd, þá er hægt að fastsetja bátinn í slippnum, og sá bátur verður ekki gerður út. Því hefur verið haldið fram, að þetta muni aðeins verða í örfáum tilfellum, en ég held þau geti orðið þónokkuð mörg. Skip þurfa mjög oft upp í slipp, og ég held, að á hverjum tíma séu fleiri eða færri af bátunum, sem kröfur hvíla á. Það þarf ekki meira en að stykki úr vél sé til viðgerðar í verksmiðju. Því er líka hægt að halda föstu. Það geta því orðið mörg tilfelli, þar sem þetta ámæli yrði til þess, að skipin sætu jafnföst eða fastari, svo að þessi gjaldfrestur er ekki mikill greiði við útgerðina, nema gert sé ráð fyrir því, að ákvæðið verði brotið, og þá er þýðingarlaust að setja það í l. Haldsrétturinn gildir einnig um síldarnætur, og menn vona, að hér veiðist síld í vetur, en fjöldi síldarnóta er á netaverkstæðum, og á mörgum þeirra liggja vafalaust kröfur. Ef það á að banna mönnum að greiða viðgerðarkostnaðinn, þá sitja næturnar fastar. Ég held því, að ef menn vilja gera sér grein fyrir, hvernig þetta ákvæði verki, þá hljóti menn að komast að sömu niðurstöðu og við í brtt. okkar á þskj. 206 og sjá, að bátarnir sitja enn fastari en áður, ef frv. verður ekki breytt frá því, sem nú er. Við þetta bætast svo önnur tilfelli, sem verka eins og um haldsrétt væri að ræða. Það er í ýmsum viðskiptum, t. d. olíukaupum. Vitað er, að ýmsir bátar skulda olíu hjá olíufélögum eða olíusamlögum. Það er alveg gefið, að ef bátarnir greiða ekki skuldir sínar frá fyrri vertíð, þá verður torvelt fyrir þá að fá keypta olíu í vetur og framvegis, en enginn bátur verður gerður út án þess að fá olíu. Alveg sama gildir um verzlunarskuldir, sem bátarnir eru í fyrir vistir og veiðarfæri. Ef bátarnir eru í vanskilum og þau vanskil lögboðin, þá verður erfitt fyrir þá að fá keyptar þessar nauðsynjar. Ég held sem sagt, að grundvallarskilyrði fyrir því, að útgerðin haldi áfram, sé það, að hún haldi áfram að standa í skilum með ósamningsbundnar skuldir. En í staðinn fyrir að reyna það, þá er með frv. þessu verið að lögbjóða vanskil, og það mun sýna sig, að þetta bitnar á útgerðarmönnum. Þá kemur það og til greina, að í ýmsum tilfellum eru skuldirnar, t. d. fyrir olíu, veiðarfæri, viðgerðir og annað, við samtök útgerðarmanna sjálfra. Þeir hafa sums staðar komið upp olíusamlögum og dráttarbrautum, og enn fremur er til, að útgerðarmenn hafi viðgerðaverkstæði og innkaupasamlög. Þessi samtök munu flest vera nýlega stofnuð, og þau hafa ekki annað veltufé en samningsbundið lánsfé, og ef bátarnir geta ekki greitt skuldir sínar til þeirra, þá geta þau heldur ekki staðið í skilum og verða að hætta starfsemi sinni. Það er því ekki greiði við þá útvegsmenn, sem hér um ræðir, að lögbjóða gjaldfrest við þeirra eigin fyrirtæki. Það mundi þvert á móti eyðileggja fyrirtæki þeirra. Öll þau atriði, sem ég hef nú nefnt, hníga að því að sýna fram á, að gjaldfrestsákvæðið tor-

veldar í öllum atriðum rekstur útgerðarinnar, og því verður ekki komizt að annarri niðurstöðu en þeirri, að það brjóti í bága við yfirlýstan höfuðtilgang frv. Hins vegar væri það sjálfsagt og raunverulegur greiði við útgerðina, ef veittur væri gjaldfrestur á föstum, samningsbundnum lánum. Þar er ekki um vanskil að ræða, því að þetta eru yfirleitt lán til langs tíma. Það er ekkert höfuðatriði, þótt langur gjaldfrestur sé framlengdur um eitt ár, og er það annars eðlis en að veita gjaldfrest á lausaskuldum, sem engin trygging er fyrir. Það er nauðsynlegt að greina á milli þessara tveggja tegunda skulda, eins og við höfum gert í okkar brtt., og það mun sýna sig, er til framkvæmdanna kemur, ef frv. verður ekki breytt, að þá mun ríkisstj. reka sig á, að hún verður að gera nýjar ráðstafanir gegn afleiðingum þessa frv. — Nokkur atriði hafa komið fram í umr., en ég held ég hafi ekki ástæðu til að fara út í að ræða þau að svo komnu máli, enda vil ég halda mig við höfuðatriði málsins, en eitt það allra þýðingarmesta er aðgreiningin á föstu og lausu skuldunum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Mér þykir hlýða, að við, sem erum annar hluti að ágreiningnum innan sjútvn., gerum nokkra grein fyrir ágreiningnum og afstöðu okkar til till. á þskj. 206. Áður vildi ég þó segja um ræðu hv. frsm., að sumt af því, sem hann sagði, verður að skrifast á hans eigin reikning. Sumt af því, sem hann kom fram með, er ekki talað fyrir hönd n., og sumt hefur ekki verið rætt í n. og n. í heild því ekki tekið afstöðu til þess. Ég get hins vegar getið þess, að ég tel ýmsar þær upplýsingar, sem hann flutti um hag útgerðarinnar, réttar, en þó að við báðir, og hv. þm. N-Þ., teljum þær réttar í höfuðatriðum, og í samræmi við skýrslur og greinargerðir þær, sem liggja fyrir Alþ., skal ég ekki segja, hvað tæmandi þær eru eða hvort þær eru 100% réttar. Ég vildi segja þetta út af ræðu hv. frsm.

Í raun og veru er ekki um ágreining að ræða um málið í heild. Hér er um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, sem fela það í sér, að ríkið innleysi lögveðs- og sjóveðskröfur á hendur útgerðarmönnum og fyrirtækjum, er stunduðu síldveiðar sumarið 1948. Þetta er það sama og gert var 1945 og 1947, með þeim skilyrðum, sem í frv. felast. Þó er reiknað með nokkru hærri upphæð, 6 millj. kr., og er gert ráð fyrir því, að þessi upphæð verði tekin inn í fjárlög næsta árs. Áður voru veittar 5 millj., og var það kallað hallærislán eða kreppulán. Ég hafði ástæðu til að fylgjast með ástandi útvegsins á þeim tíma, því að ég var riðinn við þá úthlutun, sem þá fór fram, en nú er ástandið enn ömurlegra, og hagur útgerðarinnar hefur ekki verið réttur í einu né neinu. Mér er ljóst, enda hefur það nú komið fram, að þeir verða fleiri og fleiri, sem þarfnast hjálpar. Árin 1945 og 1947 töldust um 100 bátar þurfa hjálpar við, en nú eru þeir fleiri. Í frv. er að vísu talað um lánveitingarnefnd, — áður var talað um skilanefnd, en sá stigmunur er á, að með skyldi koma á móti þeim styrk, sem áður var úthlutað, en nú hefur verið litið svo á, að þess verði ekki krafizt, heldur er um beinan styrk frá ríkinu að ræða. Það er sá stóri munur á þessu.

Ég skal játa, að ég hefði óskað, að þetta mál hefði verið fyrr á ferð, því að þær lágu tekjur, sem síðasta síldarvertíð gaf í aðra hönd, hefði þurft að greiða fyrir löngu. Það er erfitt fyrir marga, sem ekki hafa fengið þessar greiðslur. Þetta segi ég vegna þess, að þótt málið sé nú seint á ferð, tel ég ekki, að tefja megi tímann, heldur verði að afgreiða það sem fyrst.

Um ágreininginn milli okkar hv. þm. Barð. og hv. 6. landsk. get ég sagt það, að hann er í raun og veru um greiðslufrestinn, sem um getur í 4. gr. Þeir vilja draga úr, svo að þessi ákvæði *nái ekki til hinna lausu skulda.* Ég verð að segja, að ég tel þetta lauslegt hugtak. Teljast allar aðrar skuldir en veðskuldir lausaskuldir? (*StgrA:* Ekki víxilskuldir.) Nei, ekki við bankana, en það geta legið tryggingarvíxlar fyrir eitthvað af matarskuldum og skuldum fyrir viðgerðir og olíu. Ég hef ekki átt kost á því að kynna mér þetta, en slíkir víxlar eru ekki óvenjulegir og þá heyra þeir undir bundnar skuldir. En ef svo er ekki, er rétt að geta þess, sem hæstv. fjmrh. einnig nefndi, að í 4. gr. frv. stendur: „skulu hafa greiðslufrest." Það er á valdi hvers einstaks, hvort hann notar sér þetta. Ef það er aðkallandi, er hverjum einum heimilt, sem hefur getu til þess, að greiða lausaskuldirnar. Frv. hindrar það ekki. Ég skal geta þess, að í sambandi við kreppulánin 1947 var ekki sett inn „moratorium." Lánunum skyldi varið til greiðslu lögveðs- sjóveðskrafna, áfallinna tryggingariðgjalda og vaxta af stofnlánum. Þá var ekki ætlazt til, að greiddar væru svokallaðar lausaskuldir. Ég *man*, að kröfur komu fram frá smáverzlunum, er lánað höfðu fæði, en n. gat ekki tekið þær til greina. Sama er nú, þessar skuldir verða að lúta því sama. Veðskuldirnar hafa forgangsrétt, stofnanir eins og fiskimálasjóður og bankarnir, en hinn, er lánar af góðsemi, ef svo má segja, er réttindalítill gegn stóru veðhöfunum. Annars held ég, að of mikið sé gert úr því, hvað farið sé illa með þessa aðila, og því ekki eins mikil ástæða til þess að undanskilja þá sérstaklega og þessir tveir hv. þm. telja. Það hefur verið skýrt af hæstv. fjmrh., að ef um „moratorium" er að ræða, þá er ekki hægt að ívilna einum frekar en öðrum. Þetta mun vera regla, og þannig höfum við hv. þm. N-Þ. skilið það. Sami skilningur kom fram í Nd., í n. og utan hennar, og þannig er þetta túlkað af hæstv. ríkisstj.

Þá er hitt atriðið, sem hv. frsm. beindi til okkar. Hann skildi ekki, að við vildum hafa greiðslufrestinn einungis til 1. júlí. Ég hef sagt við hv. frsm., að mér finnist nokkur rök fyrir lengri fresti, en frestur til 1. júlí virðist nægilegur til þess, að séð verði, hvort hægt er að fá samkomulag og fleyta skipunum áfram. Ef hins vegar þessi frestur reynist ekki nógu langur, er það á valdi Alþ. eða stj. að framlengja hann og því auðvelt að bæta úr því. Ég er sammála hv. frsm. um það, að þessar ráðstafanir verða til einskis, ef skipin stöðvast einmitt þegar þau eiga að fara út á síldveiðar.

Annars held ég, að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh., að minna megi vænta, ef fresturinn er langur. Það er nú einu sinni svo, menn bíða ætíð fram á síðustu stund.

Í sjútvn. var ágreiningur bara um þessi tvö atriði, og ég tel brtt. óþarfa. Tímann má brúa, og hitt atriðið tel ég, að ekki þurfi að vera til trafala. Það er sagt, að þeir, sem ekki hafa tryggt lán sín með veði, muni ekki veita frekari lán, nema eldri lán séu greidd. Það kann svo að vera um einstöku útgerð, en hæstv. fjmrh. hefur svarað því til, eftir að hafa rætt við bankamenn, að það muni þýða meiri rekstrarlán en áður voru veitt.

Loks eru það matarskuldirnar, en þær hafa verið taldar í flokki lausra skulda. Þegar krafizt er sjóveðs, er miðað við brúttótekjur og hundraðshluta af afla, en af þessu á að greiða fæði, og hlutur fæðisins í tekjunum hlýtur því að verða greiddur. Ég hygg, að það sé rétt hjá mér, að sjóveðskröfur reiknist eins og hundraðshluti af afla. Ég skal ekki fullyrða, hvort svo er, en ég held, að þetta sé rétt hjá mér í meginatriðum. Sá ótti, sem komið hefur fram í þessu sambandi, þurrkast því út að nokkru.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rökræða þetta frekar. Við hv. þm. N-Þ. álítum brtt. á þskj. 206 óheilbrigða, og ég skal benda á það, að ég er ekki viss um, hvað Nd. gerir, ef þessi brtt. verður samþ. Ég legg því til, að hún verði ekki samþ.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég gleymdi því, þegar ég talaði hér áðan, að auk þeirra breyt., sem ég minntist á þá, hefur sjútvn. gert smávegis breyt. í sambandi við skipun þeirrar n., sem ætlað er starf samkv. þessu frv. Þeirrar breyt. var að vísu getið af frsm., en hún felur í sér það, að í staðinn fyrir að heita lánveitinganefnd skuli n. heita skilanefnd. Mér skilst, að þetta þýði það, að þessari n., þó að það komi ekki beinlínis fram hér í frv., sé ekki aðeins ætlað það verkefni, sem felst í þessu frv., heldur muni henni einnig vera ætlað annað verkefni samkvæmt öðru frv., sem von sé á frá ríkisstj. nú á næstunni, þ. e. a. s. að henni mun auk þess vera ætlað að annast það almenna uppgjör á bátaflotanum, ef svo mætti að orði komast. Þetta þýðir hins vegar það, að starf þessarar n. verður miklu víðtækara en gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frv. út af fyrir sig. Þess vegna álít ég, að það sé enn brýnni nauðsyn fyrir það en þó var áður, að Alþ. sjálft kjósi þessa n., en að það sé ekki aðeins ráðh., sem skipar hana. Í tilefni þess ber ég fram brtt. við 5. gr. um það, að í staðinn fyrir upphafsorðin „Sjávarútvegsmálaráðherra skipar" komi: — Alþingi kýs. Það var flutt brtt. við þetta atriði í Nd., en fékkst ekki samþ. Höfuðrökin, sem voru færð fyrir henni, voru þau, að það væri eðlilegt, að stjórnarandstaðan fengi einnig aðstöðu til að fá mann í n. og þar með aðstöðu til þess að hafa áhrif á þá starfsemi, sem n. á að hafa með höndum, þ. e. a. s. aðstoðina við útvegsmenn. Ég tel það fullkomlega ástæðu, þegar n. á til viðbótar við það, sem þetta frv. felur í sér, að fá í hendur miklu víðtækara starf, að stjórnarandstaðan eigi að fá möguleika til þess að koma sinni skoðun fram, og enn fremur, að eðlilegt sé, að Alþ. sjálft kjósi n., þegar um svona umsvifamikið starf er að ræða. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en leyfi mér að leggja þessa skriflegu brtt. fram og mun afhenda hæstv. forseta hana.

Það er í raun og veru ekki ástæða fyrir mig að fjölyrða um þetta mál, sízt að svo stöddu, því að hæstv. ráðh. vék af fundi, þegar hann hafði lokið máli sínu, og var ekki einu sinni inni meðan ég hélt ræðu mína. Þess vegna hafa ekki verið færð hér fram nein rök til þess að hnekkja þeim rökum mínum og hv. þm. Barð., sem við höfum fært fyrir brtt., sem við flytjum við frv. og eru að mínu áliti höfuðatriðið í þessu máli. Þó vil ég aðeins minnast á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, fyrst hann er staddur hér í hv. d., atriði, sem hv. 1. landsk. þm. tók upp eftir honum og notaði sem sína höfuðröksemd eða einu röksemd gegn till. okkar. Hæstv. ráðh. fórust orð á þessa leið, í sambandi við sundurgreiningu okkar á föstu og lausu skuldunum, að það væri almennt skilið svo, að „moratorium" eða slíkur gjaldfrestur, sem hér um ræðir, yrði að gilda jafnt fyrir allar skuldir, í þessu tilfelli jafnt fyrir þessar samningsbundnu skuldir og einnig fyrir lausaskuldirnar. Hins vegar segir hann jafnframt, að þó að þetta ákvæði sé óbreytt í frv., að gjaldfresturinn skuli einnig vera fyrir lausaskuldirnar, þá sé ekki þar með bannað að greiða þessar lausaskuldir, eða eins og hv. 1. landsk. þm. orðaði það, að það væri á valdi hvers einstaks manns að greiða skuldirnar, ef hann teldi sig geta það, þrátt fyrir ákvæði frv. Sjá nú ekki þessir hv. ræðumenn þá mótsögn, sem felst í þessu, annars vegar það, að greiðslufresturinn verði að gilda fyrir hvorar tveggja skuldirnar, jafnt fyrir allar skuldir, að það sé almennur skilningur um þetta efni, sem menn verði að halda sig við, og hins vegar, að þó að gjaldfresturinn sé veittur einnig fyrir lausaskuldum, þá megi samt sem áður greiða þær? Í löggjöfinni verður sama ákvæðið að gilda um hvorar tveggja skuldirnar, en í framkvæmdinni þarf það ekki að gilda þrátt fyrir ákvæði laganna. Þetta er alger mótsögn. Auk þess er verið af formælendum þessa ákvæðis að halda því að viðkomandi mönnum, að þeir þurfi ekki að telja sig bundna af ákvæðum l. og að þeir geti haft þetta eftir eigin geðþótta, sem mundi leiða til þess, ef menn færu eftir þessum ráðleggingum — og ég geri ráð fyrir því, að í framkvæmdinni leiði til þess, að menn verði að fara eftir þeim —, að þeir kölluðu yfir sig mjög ströng viðurlög, ef svo færi fyrir þeim, sem vel gæti orðið, meðan þetta uppgjör allt er óbundið, að þeir yrðu gjaldþrota, þá hefðu þeir með því að fara eftir þessum ráðleggingum leitt yfir sig þung viðurlög fyrir að hafa mismunað sínum kreditorum. Ég held, að þetta ákvæði sé algerlega rangt í frv. og ætti ekki í því að vera. Það mun koma að því, að ríkisstj. og aðrir, sem eru formælendur þessa á-

kvæðis, munu reka sig á, að þeir munu ekki geta framkvæmt það, þegar til kastanna kemur. Eins og ég sagði áðan, að vegna þess að af hálfu þeirra, sem eru andvígir okkar brtt., hafa engar röksemdir aðrar en þessi, sem ég hef hér rætt um, komið fram, hef ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar eins og sakir standa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að svara nokkrum aths., sem hér hafa komið fram við frv. þetta, og einkum í sambandi við brtt., sem ég og hv. 6. landsk. þm. berum hér fram við það. Hæstv. ráðh. gat þess fyrst, að þetta frv. væri í raun og veru komið fram til þess, að sjómennirnir þyrftu ekki að bíða lengur eða of lengi eftir sínum greiðslum, og hv. 1. landsk. þm. undirstrikaði þetta mjög í sinni ræðu. Eftir þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, er mér það ljóst, sem ég ekki vissi fyrr og ekki kom fram í sjútvn., að frv. er fram komið til þess eins, að hægt sé að greiða sjóveðskröfurnar þeim mönnum, sem hafa haft litlar tekjur og hafa orðið að bíða svo lengi eftir þessu. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Ég er ekki á móti því, að það sé gert, en því verður þá heldur ekki neitað, að þá hefði þetta átt að koma miklu fyrr — og segi ég það ekki sem ásökun — og hins vegar hefði frv. þá ekki átt að hafa þá fyrirsögn, sem það nú hefur. Þá er það ekki lengur frv. til l. um aðstoð við útvegsmenn o. s. frv., heldur hjálp til þeirra manna, sem bíða eftir þessum greiðslum, sem þeir eiga fulla tryggingu fyrir. Ég hygg, að hægt hefði verið að koma þessu fyrir á annan hátt, að hægt hefði verið að taka þetta atriði út úr frv., ef þetta eitt hefur vakað fyrir ríkisstj., og mér skilst, að engin önnur rök séu til fyrir því, að þetta frv. sé tekið út úr hinni almennu hjálp til sjávarútvegsins, en þau, sem ég hef hér nefnt. Ég tel það heldur illa farið, að mál þetta var ekki leyst á annan hátt. — Út af þeim ummælum hæstv. ráðh., að frv. yrði tafið, eins og frsm. hefði ætlazt til, þá vil ég leiðrétta það, þar sem ég gaf ekkert tilefni til þeirra orða. Hinu hefði ég búizt við, að hæstv. ráðh., eftir að hafa heyrt þau rök, sem hér hafa fram komið, mundi telja það heppilegra að leysa þetta mál með öðrum vandamálum, sem væntanlega eiga að leysast hér nú næstu daga, en sé það hans skoðun, að það sé ekki heppilegra, þá er það síður en svo, að ég vilji gera tilraun til þess að tefja málið.

Hæstv. ráðh. upplýsti einnig, að hann teldi ekki rétt, þegar verið væri að gera kröfur til bankanna um frekari lán, að þessar kröfur væru settar til hliðar, þ. e. lausaskuldirnar, og þess vegna væri hann mótfallinn breyt. Ég vil út af þessu benda hæstv. ráðh. á það, að mér finnst tæplega ástæða til að óska eftir því, að bankarnir eða aðrar peningastofnanir, sem eiga tryggar kröfur með veðrétti, að þær setji til hliðar sinar kröfur, þegar ríkið tekur að sér 6 millj., sem eru fyrir framan þessar kröfur. Það eitt væri nægilegt til þess að komast að samkomulagi um greiðslufrestinn, sem verið er að gera, ekki eingöngu vegna útgerðarinnar, heldur sérstaklega vegna þjóðarinnar, og í öðru lagi til þess að koma bátunum af stað til þess að afla nýrra verðmæta fyrir þjóðina, nýrra tekna fyrir bankana. Mér finnst ekki þurfa að kaupa þá því verði að taka þá áhættu, sem því fylgdi að binda þá einnig lausaskuldirnar. Og nú má vel segja, að betra sé að krefja lausaskuldirnar vegna þeirrar aðgerðar, að það hvíli 6 millj. krónum minna á fyrirtækjunum, og þess vegna verði þær einnig færðar um þær upphæðir fram móts við það sem þær eru í dag. Þá er því til að svara, að ef til vill mætir útvegurinn þeim skakkaföllum, að þær verði engu betur settar 1. júlí en í dag, þó að þessar 6 millj. væru greiddar. — Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, eru þessar skuldir ekki tryggðar með neinum veðrétti og eru því í alveg lausu lofti í sambandi við þessi mál gagnstætt því, sem er með veðbundnu skuldirnar. En það er ekki þetta sérstaklega, sem vakir fyrir mér, en hitt miklu frekar, að ekki sé stofnað til vandræða fyrir útveginn sjálfan, að hann fái ekki með þessari lagasetningu enn meiri erfiðleika af þessum málum en hann hefur í dag. Hæstv. ráðh. vildi ekki gera neitt úr þessu atriði. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að lesa upp erindi til sjútvn., sem n. hefur rætt. Með leyfi hæstv. forseta segir svo:

„Mótmælum þeim hluta frumvarps, sem fjallar um festingu viðskiptaskulda, og viljum benda á afleiðingar, ef samþykkt verður. Fyrirtæki, sem hafa lánað útgerðinni í góðri trú um endurgreiðslu á vanalegan hátt, verða útilokuð að standa í skilum við sína lánardrottna og mundu verða gjaldþrota, ef ekki kemur fullkomin trygging á greiðslu skuldanna.

Samvinnufélag útgerðarmanna, Olíusamlag útvegsmanna, Dráttarbrautin h.f."

Það má segja, að þetta sé ekki nein yfirlýsing um það, hvað koma skal. Þetta er snertandi álit útvegsmanna sjálfra. Eins og hv. 6. landsk. þm. benti á, eru það hér þeirra eigin skuldir, sem skapa þeim þá erfiðleika, sem hann hefur lýst. Það er komið hér inn annað erindi, sem sýnir líka, að erfiðleikarnir geta af þessu stafað, og ég tel sjálfsagt að lesa hér upp. Erindi það, sem áðan var lesið upp, er aðeins frá einum aðila, mismunandi fyrirtækjum útgerðarmanna á einum stað. Hér er svo erindi frá miklu sterkari aðilum, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Vér undirrituð vátryggingafélög viljum harðlega mótmæla 4. gr. frumvarps til laga nr. 197 um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Teljum vér vafasamt, að Alþingi hafi heimild til með venjulegum lögum að meina mönnum að innheimta venjulegar skuldir, sem stofnað er til á löglegan hátt. Vátryggingafélögin hafa oft veitt útgerðarmönnum gjaldfrest á vátryggingariðgjöldum yfir lengri eða skemmri tíma, og þar með aðstoðað þá til að geta stundað veiðar. Ef lög

þessi öðlast gildi, verður að sjálfsögðu að taka fyrir alla slíka starfsemi, og teljum vér vafasamt, að útvegsmönnum sé þá gerður greiði með samþykki þessarar lagagreinar.

Sjóvátryggingafélag Íslands, Almennar Tryggingar."

Ég tel, að þegar sé komin á daginn sú spá mín, að þessi grein, eins og hún er orðuð, muni valda margvíslegum erfiðleikum, sem ríkisstj. verður að mæta, ef frv. verður samþ. svona óbreytt. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði sagt í framsöguræðu minni, að bankarnir hefðu lánað bátunum öll nauðsynleg lán. Það er fjarri því, að ég hafi sagt það. Hæstv. ráðh. hefur misskilið það, sem ég sagði, en það var þetta, að öll nauðsynleg lán, sem bankarnir hefðu lánað til útvegsins og rekstrarlán, hefðu verið lánuð með 4% vöxtum. Bankarnir hafa ekki lánað bátunum öll nauðsynleg lán, því að ef þeir hefðu gert það, þá væri ástæðulaust að bera fram þetta frv., sem hér er til umr. Það er einmitt vegna þess, að bankarnir hafa ekki talið sér fært að lána bátunum nauðsynleg lán, að svo er komið sem komið er. Þá segir hæstv. ráðh., að ríkisstj. muni breyta þessu ákvæði með brbl., þannig, að í staðinn fyrir 1. júlí komi eitthvað annað, ef það þætti nauðsynlegt á þeim tíma. Ég hygg, að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. bendi til þess, að hann sé í raun og veru á sama máli og ég, að ekki sé skynsamlegt að miða við 1. júlí. Ég vil svara því til, að ég tel mjög óheppilegt, að það sé verið að setja l. á Alþ., sem má svo búast við, að ráðun. sjálft þurfi að gefa út brbl. um breyt. á jafnskjótt og Alþ. er hætt störfum. Ég tel, að það leiki svo mikill vafi á um lagasetningu þá, sem hér um ræðir, og hvort hún fái staðizt yfirleitt í sambandi við okkar stjórnarskrá, að eðlilegt sé, að ríkisstj. láti þá ábyrgð hvíla á Alþ., en taki hana ekki á sig. Það er sannarlega þörf á því, að Alþ. allt standi sameiginlega bak við slíka löggjöf, sem hér er verið að setja og er alveg óvenjuleg. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að þetta tímamark væri sett með það fyrir augum að semja nú þegar um skuldirnar. Þá er komið að kjarna málsins. Þetta frv. er ekki fram komið til þess eingöngu að hjálpa útgerðinni til þess að halda áfram að starfa og sem hjálp til sjómanna, að þeir geti fengið sína peninga, heldur spor í áttina til þess að gera hér alger skuldaskil. Og eftir að heyra þá yfirlýsingu, þá verð ég að segja það, að minn hugur stendur miklu minna til fylgis við þetta frv. en áður var. Ég tel gersamlega óframbærilegt að vera að kasta út í dag 6 millj. kr. og segja þjóðinni, að það sé gert til þess að koma bátaflotanum á stað, en viðurkenna á sama tíma að það er ekki markmiðið, heldur gera bátaflotann upp, ná samkomulagi um skuldir og eftirgjöf á skuldum og þá væntanlega bæði lausaskuldum og veðbundnum skuldum. Ég vil benda á, að þegar aðili er kominn í greiðsluþrot, verður hann að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Svo er nú komið, að 25 menn eiga minna en eign, og ætti að vera búið að gefa þá upp sem gjaldþrota. En hér grípur Alþ. fram fyrir hendur mönnum. Þeim er gefin syndakvittun og síðan hvattir til að halda áfram, en styrktir til þess gegn gildandi l. Til hvers er verið að gera þetta? Ég hélt, að það væri réttlætt með því að fá fiskinn á land og meiri tolla inn. Aðalmarkmiðið mun vera að semja um eftirgjöf á skuldunum, og það er eigi frambærilegt. Það er bezt að gera bátana bara strax upp, en það á að hjálpa þeim til að gera sig út áfram og hjálpa þeim eina þorskvertíð enn og aðra á síld — til 1. okt. 1949. Það er engan veginn stætt að kasta til þess 6 millj. kr. og segja síðan, að nú eigi að knýja fram eftirgjöf á skuldum, en láta hitt e. t. v. óleyst að koma bátaútveginum á hagstæðan rekstrargrundvöll.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að hann hefði ekki lengur lánstraust hjá Pétri og Páli. Hversu margir ætli þeir verði, Pétrarnir og Pálarnir, sem munu koma? Það verður eigi um auðugan garð að gresja. Er það sannarlega margra milljóna króna virði að eyðileggja tryggingar þeirra manna, sem Pétur og Páll hafa fengið lán hjá. Bankarnir hafa eigi talið rétt að hjálpa útvegsmönnum um lán til alls, og allir hafa oft orðið að leita til Péturs og Páls. Þessari leið er nú lokað með þessu frv., ef till. okkar verða felldar. Hæstv. fjmrh. hefur sagt — og hv. 1. landsk. líka, að þessum mönnum sé eigi bannað að greiða skuldir sínar. En skýrt hefur og verið frá því, að ætlazt er til, að sett verði „moratorium," gjaldfrestur. En ef svo er, þá varðar við l., ef greiða á sumum aðilum fremur en öðrum. Hér ber og að gæta annars: að hæstv. ríkisstj. verður þá að setja hreina skilanefnd yfir allan reksturinn. Þá má vitanlega eigi reka útgerðina á núverandi grundvelli, heldur af þessari skilanefnd. Allt annað er brot á landslögum. Það á þá að setja þessa skilanefnd yfir útgerðina til að reka hana eða selja eignir hennar. Getur ekki staðizt að leyfa mönnum að galsa og valsa með eignirnar. Það verður að setja reksturinn undir allsherjarstjórn, þar til er málin hafa verið gerð upp. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera það ljóst, að hvort sem um er að tala þrotabú eða nauðasamninga, þá verður að fara að l., en eigi þessa leið, sem getið er í frv. Hér er hugsað að gefa eftir um 100% af fé ríkissjóðs, en það fer ekki eftir l. um skuldaskil. Því er ekki unnt að segja, að hér sé um gjaldþrotabú að ræða, og er eigi rétt að láta lausaskuldirnar fylgja með eins og fram kemur í ráðleggingum hæstv. sjútvmrh. og tveggja hv. nm. í sjútvn.

Í sambandi við ummæli hv. 1. landsk. vil ég benda á að gefnu tilefni, að aðeins sum fyrri orð mín voru sögð á ábyrgð n., og þóttist ég hafa tekið það fram, að ég ætlaði að ræða málið almennt, og hafði í huga, að ummæli mín yrðu sögð á mína eigin ábyrgð. Varðandi orð, er ég hafði við um reksturinn, og þau, sem ég sagði varðandi ráð til úrbóta, þá lýsti ég þessu í frumræðu minni og vildi ekki gera aðra hv. þdm. meðábyrga. En tækifæri gafst til að ræða þetta í sambandi við annað mál.

Hæstv. ráðh. sagði, að útvegurinn væri áfram kominn, — og þarf eigi að deila um það. En hann benti ekki á ástæðurnar fyrir þessu,

og e. t. v. er ekki ástæða til að ræða það mál nú. Hann gat þess og, hversu ástatt hefði verið á fyrri árum í svipuðum efnum: að árin 1945 og 1947 hefðu lán verið veitt vegna fyrirliggjandi trygginga, en nú væru engar tryggingar. Ég hygg hann hafa mismælt sig hér. Þá voru 10 millj. kr. veittar á veikum tryggingum, en nú eru sterkar tryggingar fyrir hendi, því að þær eru nú forgangur fyrir framan alla veðrétti. Hið eina, sem fram kemur hér, eru hinar nýju sjóveðskröfur, og skýtur því nokkuð skökku við. — Ég hef í svari mínu til hæstv. ráðh. útskýrt það, hvers vegna hraða ætti greiðslum til sjómanna. En í sambandi við það, hvað væru lausaskuldir og hvað ekki, þá mun rétt að taka það fram, að lausaskuldir eru þær skuldir, sem stofnaðar eru án bindandi samninga. Víxlar eru það ekki, því að þeir eru samningsbundnir og búið að greiða þá skuld með nýrri skuldbindingu. Því er hér um að ræða ósamningsbundnar skuldir vegna veiðarfærakostnaðar, viðgerðakostnaðar o. fl. þess háttar, og hér er eigi um stórkostlegar fjárhæðir að ræða. Þessi Grýla er því öldungis ástæðulaus. Hann gat þess, að fæðisskuldirnar væru greiddar, en það getur ekki haft mikil áhrif á þetta mál.

Það eru miklu fleiri örðugleikar á varðandi samþ. frv. nú en menn gera sér almennt ljóst. Hæstv. ráðh. gat þess, að árin 1945 og 1947 hafi sá háttur verið á hafður, að lán þau voru greidd upp, er veitt voru til greiðslu á lausaskuldum. En í fyrsta lagi var ekkert ákvæði í l. um það, til hvers féð skyldi renna. Voru lán veitt þeim til aðstoðar, sem eigi voru færir um að standa við skuldbindingar sínar. Nú á að vera aðalatriðið að koma bátunum af stað. Nú eru bátarnir tilbúnir að fara á veiðar. Þess vegna má ekki torvelda bátunum að komast af stað. Ég sé eigi ástæðu til að ræða frekar aths. frá hv. 1. landsk., mundi það verða endurtekning á því, er kom fram í svari mínu áðan. En ég vil geta þess varðandi fram komna brtt., að till. þessi kom ekki fram í n. Ég legg því á móti henni og get eigi heldur lið henni mitt fylgi.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 1. landsk. hefur skýrt málið frá sjónarhóli okkar tveggja nm., sem höfum eigi orðið samþykkir nefndarfélögum okkar um afgreiðslu málsins. Hef ég litlu við orð hans að auka. En vegna tveggja síðast haldinna ræðna og þar eð fram kom í þeim höfuðmisskilningur á þessu máli, þá sé ég ekki annað en ég verði að leggja hér orð í belg. Þessir hv. þm. hafa margsinnis talað um brtt. sína við 4. gr. frv. og talið voða hreinan fyrir útgerðina, ef sú gr. verður samþ. óbreytt. Hafa þeir flutt þessa brtt. sína til að bæta úr því tjóni, er að öðrum kosti mundi orsakast af núverandi ákvæðum 4. gr. Þetta álit sitt styðja þeir þeirri röksemd, að með gr. sé útgerðarmönnum bannað að greiða lausaskuldir sínar. En ég held, að þetta sé nú misskilningur. Í 4. gr. segir, að þeir, sem aðstoðar njóti, skuli hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnaðar hafi verið vegna útgerðarinnar. Þarna er þeim veittur réttur til að fá gjaldfrest til þessa tiltekna dags. Hins vegar er þeim síðar en svo bannað að borga, ef þeir geta. Á þessum misskilningi byggja þeir hv. þm. Barð. og hv. 6. landsk. rök sín. Get ég trúað, að eitthvað af því, sem þeir hafa látið uppi um öll vandræðin, sé rétt, ef skilningur þeirra er réttur. En m. ö. o. álít ég þetta misskilning hjá þeim. Þeir blanda þessu hér saman við það, ef maður tekur að greiða „kreditorum" sínum, en eigi öllum jafnt. Og rétt er, að þung viðurlög liggja við þessu. Ef maður rýrir rétt kröfuhafa á einhvern veg, þá varðar það við lög. En á hinn bóginn gegnir það allt öðru máli, ef „moratorium" er veitt. Liggur engin refsing við því, ef ekkert það er fyrir hendi, sem sýni, að hlutaðeigandi aðili eigi ekki fyrir skuldum. Ég held því, þegar litið er á málið út frá mínum rökum, að þá sé brtt. á þskj. 206 við 4. gr. frv. algerlega óþörf og í henni komi ekki annað fram en er í frv. sjálfu. Hún tekur ekki til 1. mgr., og í henni stendur svo: „Þetta ákvæði nær þó ekki til lausaskulda. Hins vegar má ekki gera fjárnám í eignum útgerðar til 1. október 1949 til tryggingar þeim skuldum, þótt ekki hafi náðst samkomulag um greiðslu." Í þessu er ekkert annað sagt en er í frvgr. Því álít ég, að hv. flm. hljóti að sannfærast. Lögfræðingar segja, að moratorium sé eigi fólgið í neinu banni við að greiða skuldir sínar. Það er leið, sem er alltaf opin, ef maður á ekki fyrir skuldum. Hins vegar má aðili ekki mismuna kröfuhöfum. — Þessir hv. þm. hafa nú haldið langar ræður og alið á svartsýninni. Þess vegna ættu þeir að athuga, hvort þeir muni ekki geta fallizt á þetta. Ættu þeir og að spyrja lögfræðingana, og síðan ættu þeir að geta tekið brtt. sína aftur og látið vera að berjast fyrir henni. — Ég mun nú annars eigi orðlengja frekar um mál þetta, því að mörg ummæli hafa verið viðhöfð um það, bæði með og á móti. Ég tel frv. vera mikla hjálp fyrir útveginn, en ekki geta orðið útgerðarmönnum að tjóni.

Frsm. (Gísli Jónsson): Vegna ummæla hv. þm. N-Þ., þar sem hann talaði um, að misskilningur væri, að bannað sé að greiða skuldirnar, — og þetta kom einnig fram í ræðu hæstv. fjmrh., — þá vil ég bara spyrja: Mega þá útgerðarmenn nota það fé, sem kostur er á að fá, ríflega til rekstrar fiskibátanna? Mega þeir þá nota það fé, er þeir fá frá bönkunum, til að greiða lausaskuldir sínar? Þrír hv. þm. hafa sagt, að það sé eigi lagt bann við því að greiða skuldirnar, þó að frv. verði samþ. svona. Mega þá útgerðarmenn taka rekstrarlán hjá bönkunum og byrja með því að nota hluta þess til að greiða þessar skuldir? Ef svo er, því er þá yfirleitt verið að hafa þennan gjaldfrest í frv.? Ef hægt er að nota t. d. viðbótina við lánin, má þá nota þessa viðbót til greiðslu á lausaskuldum? Þá get ég tekið brtt. aftur. En til hvers er þá verið að setja þetta í l.?

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil segja hv. 6. landsk. það, að ég var að verða of seinn að mæta á mikilvægum fundi, og hvarf ég því úr salnum. En þar sem ég var þá búinn að reyna að svara hv. frsm., þá sá ég eigi lengur fært að þrjózkast við því að gegna fundarkallinu, þó að ég á hinn bóginn gjarnan hafi viljað heyra rök hv. þm. fyrir máli sínu. Nú, ég býst við, að hann hafi sömu rök fram að færa og hv. frsm. Hv. 6. landsk. lýsti því yfir og boðaði brtt., sem hefur nú fengið samþykki d., að upp megi bera, en hún er varðandi breyt. á skipun n. Ég er búinn að taka afstöðu til þessa máls í Nd., og rök hv. þm. hafa eigi sannfært mig um réttmæti breyt. Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sagt, að hann vildi tefja málið. En ég sagði alls ekki, að hann vildi tefja fyrir. Hitt er annað mál, að hann kvað nauðsyn til bera að fresta málinu. (*GJ:* Ég skaut því nú svona til hæstv. ráðh.) Hv. þm. sagði, að ég hefði gefið tvenns konar yfirlýsingar um tilgang málsins. Þetta er ekki rétt, því að ég lýsti aðeins því, hver minn tilgangur væri með málinu, en síðan hafa spunnizt inn í það ýmsar breytingar, sem gera það miklu víðtækara en í upphafi var ætlað. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um greiðsluskylduna eða greiðslubann, sem hér hefur verið þráttað um, ég sagði mína skoðun á því áðan og stend enn við, að það sé reginmunur á því, hvort gefinn er greiðslufrestur með lagaboði, og hinu, að ekki sé heimilt að greiða. Þm. Barð. beindi til mín fyrirspurn þess efnis, hvort heimilt væri að greiða skuldir með rekstrarlánum. Ég er nú ekki lögfróður, en venjulega munu rekstrarlánin vera nokkurs konar samningslán, og sýnist mér því, að það væri samkomulagsatriði við viðkomandi bankastjóra. — Ég ætla svo ekki að lengja umr. frekar. Hv. d. hefur málið nú prentað, og er það á valdi þm., hvort þeir senda málið til Nd. eða samþ. það óbreytt. Ég tel, að brtt. sjútvn. séu vel í mál takandi, en hins vegar get ég ekki fallizt á að greiða brtt. þm. Barð. og 6. landsk. atkvæði mitt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. lengi, en vil gera nokkrar athugasemdir út af síðustu ræðum. — Hv. þm. N-Þ. hélt því fram, að till. okkar þm. Barð. væri fram komin af misskilningi, og fullyrti, að mönnum væri ekki bannað að greiða lausaskuldir, þó að greiðslufresturinn væri lögfestur á þennan hátt. Út af þessu spurði þm. Barð., hvort greiða mætti lausaskuldir af rekstrarfé, en því skaut hæstv. ráðh. sér undan að svara og sagðist líta á það sem samningsatriði milli viðkomandi lántakanda og bankastjórans, sem lánið veitti. Ég tel, að með þessum orðum ráðh. sé komið skýrt fram, hvers vegna þetta er sett í frv., en það er sýnilega að tilhlutun Landsbankans, svo að hann geti sagt án þess að hika: Þið fáið ekki lán til þess að greiða þessar skuldir. — Af þessu verður ráðið, að menn fá ekki leyfi til að greiða lausaskuldir eða samningsbundin lán fyrr en aðstæðurnar knýja svo á, að ekki verður undankomu auðið og að því rekur, en hins vegar gerir þetta útvegsmönnum erfiðar um vik, um leið og það skapar bönkunum aðstöðu til að neita um lán til að greiða skuldir. — Þá sagði þm. N-Þ. að þessi till. okkar breytti engu. Þetta er alger misskilningur, því að í 4. gr. er það meginregla að greiða ekki þær skuldir, sem brtt. fjallar um, en hjá okkur er meginreglan að greiða þessar skuldir. Till. okkar grundvallast á því, að ekki verði lögfest ákvæði, sem torveldi áframhaldandi útgerð, en það gerir þetta ákvæði frv., ef því verður ekki breytt.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með því að hæstv. ráðh. hefur ekki séð sér fært að lýsa yfir, að útvegsmenn megi greiða lausaskuldir með lánum þeim, er þeir kunna að fá í bönkunum til rekstrar útgerðar sinnar, þá leiðir það af sér, að þessar skuldir verða ekki greiddar, og fyrst svo er, tel ég ekki hægt að taka brtt. til baka. — Afstaða þm. N-Þ. í þessu máli byggist á misskilningi eins og afstaða hans í fleiri málum, því að hann greiðir atkvæði og túlkar málin eins og honum er skipað af sínum flokki.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast við þm. Barð., þó að hann sendi mér hnútur. Það er eins og vant er hjá þessum hv. þm., hann getur yfirleitt aldrei talað svo í nokkru máli, að hann ekki sendi persónulegan skæting um leið. Ég get fullvissað hann um, að ég hef engar fyrirskipanir frá mínum flokki um afstöðu mína, hvorki í þessu máli né öðrum. — Hv. 6. landsk. telur, að ýmis ákvæði þessa frv. torveldi áframhaldandi útgerð, en að brtt. sín og þm. Barð. geti mikið bætt úr. Ég tel hins vegar, að þessi brtt. hafi ekki neina þýðingu og að röksemdir og ræður flm. byggist á einum allsherjar misskilningi á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 205,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 205,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 206,a felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BrB, EE, GJ.

nei: JJós, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BK, HV, BSt.

5 þm. (PZ, BBen, BÓ, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 206,b felld með 8:4 atkv.

— 217 felld með 8:4 atkv.

— 205,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 205,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JJós, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, BrB, EE, GJ, BSt.

5 þm. (HermJ, PZ, BBen, BÓ, GÍG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Steingrímur Aðalsteinsson: Þrátt fyrir það að brtt. sú, sem ég flutti hér með þm. Barð., hafi verið felld, þá vil ég ekki tefja þann stuðning, sem þessu frv. er ætlað að veita bátaútveginum, og þar sem ég vænti líka, að til-

gangur brtt. okkar náist við framkvæmd þessara væntanlegu laga, segi ég já.

Gísli Jónsson: Ég tel, að 4. gr. frv. torveldi það, að bátaflotinn geti tekið til starfa, en tilgangur frv. er fyrst og fremst sá, að tryggja það, að bátaflotinn geti þegar farið til veiða. Í trausti þess, að ríkisstj. leysi þann vanda, sem 4. gr. frv. hlýtur að skapa, svo að bátaflotinn stöðvist þá eigi af þeim ástæðum, segi ég já.

Frv. endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A 218).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 223).

---

40. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1949.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1949 [103. mál] (þmfrv., A. 212).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður um þetta frv. Þar sem sýnilegt er, að fjárlög geta ekki orðið afgr. fyrir nýár, og bráðum komið að þinghléi, ef það verður, þá er nauðsynlegt, ef halda skal áfram löglegum fjárgreiðslum úr ríkissjóði, að fá til þess bráðabirgðaheimild frá Alþ. Ég vil því óska eftir því, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn. — Ég bið afsökunar. Frv. er flutt af fjhn. og þarf því ekki að fara til n. aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, BrB, GJ, HV, BSt.

StgrA greiddi ekki atkv.

7 þm. (HermJ, JJós, LJóh, BBen, BÓ, EE, GÍG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt það sé til skammar fyrir hæstv. ríkisstj. að þurfa að láta leggja þetta frv. fyrir þingið og til skammar fyrir meiri hl. Alþ. að samþ. það í fyrra, að þingið skyldi ekki koma saman fyrr en 11. okt., svo að ekki væri hægt að afgr. fjárl. fyrir nýár, þá held ég, að ég verði samt sem áður að neyðast til þess að segja já, eftir að komið er í það óefni sem nú er.

Forseti (BSt): Ég held, að það séu óviðeigandi ummæli um Alþ. að segja, að ákvarðanir þess séu til skammar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég vil ekki gera hæstv. ríkisstj. skömm, þegar hún er ekki viðstödd, og greiði ekki atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Enda þótt ég telji þau vinnubrögð, sem hafa leitt til þess, að nauðsynlegt sé að setja þessi l., alveg óviðunandi, þá sé ég samt sem áður, að ekki verður hjá því komizt að samþ. þetta frv., og segi já.

Bernharð Stefánsson: Þegar þingsetningardagurinn var ákveðinn, var þegar auðséð, að ekki yrði hægt að afgr. fjárl. fyrir áramót. Einu sinni var Alþ. sett 1. okt. og þá tókst að afgr. fjárl. fyrir áramót, en það er það stytzta raunverulega þing, sem ég hef setið á. Ég lít því svo á, að þessi ákvörðun hafi verið tekin, þegar þingsetningardagurinn var ákveðinn í fyrra, og segi já.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að ræða þetta mál, en vegna ummæla hv. þm. N-M. í sambandi við afgreiðslu fjárl. finnst mér rétt að taka það fram, að fjárl. voru send til fjvn. að mig minnir eftir miðjan okt. í haust, og hefur fjvn. unnið að þeim eins og venja er til. En vegna upplýsinga frá hæstv. ríkisstj. um það, að ekki verði hægt fyrir áramót að koma sér að fullu saman um úrlausnir ýmissa mikilsverðra vandamála, sem hljóta að kosta ekki aðeins smáupphæðir, heldur tugi millj. kr. fyrir ríkissjóð, þá er ekki hægt fyrir n. að ljúka störfum. Ég vil því mótmæla þeim ummælum, sem fram hafa komið um, að fjvn. eigi sök á þessum drætti, enda vita hv. þm., að ýmsar utanaðkomandi ástæður hafa valdið því, að þetta mál hefur dregizt.

Páll Zóphóníasson: Í ummælum mínum áðan fólust engin ámæli til fjvn. En ég sagði, að það væri til skammar fyrir stj. og meiri hl. Alþingis í fyrra að þurfa að leggja þetta mál fyrir nú. Ég skal rökstyðja þetta. Þegar við komum saman í haust, hafði stj. engin mál tilbúin. Hvar voru fjárl.? Hvað var þingið búið að sitja lengi, þegar fjárl. komu fram? Undirbúningurinn af hendi stj. var enginn, og það er henni til skammar, og það er líka til skammar fyrir þann meiri hl., sem samþ. á þinginu í fyrra, að þing kæmi ekki saman fyrr en 11. okt., því að hvernig gat hann hugsað sér, að fjárl. yrðu afgr. fyrir jól með því móti. Ég tel það líka til skammar fyrir hann. Ég var ekki í þeim meiri hl. En hefði ekki verið betra, að stj. hefði látið vinna vel að undirbúningi fjárl., svo að ekki hefði þurft að koma til að leggja þetta frv. fyrir þingið. Var henni það ekki nær en siðlaus veizluhöld og snattferðir til annarra landa að því er virtist að óþörfu. Ég er ekki að álasa fjvn. Mér er ókunnugt, hvernig hún hefur unnið. Hitt veit ég, að málið var óundirbúið af hendi stj. Það var því ekki við öðru að búast en svona færi. Samkomudagur þingsins er ekki ákveðinn fyrr en 11. okt., og síðan verður að bíða langa stund eftir fjárlfrv. Því er haldið fram, m. a. af tveimur ráðh., að það væri vel hægt að afgr. fjárl. fyrir jól, ef undirbúningur væri góður. En þennan undirbúning vantaði, og því segi ég það, sem ég segi, að það er stj. til skammar að þurfa að leggja þetta frv. fyrir. (*Forseti:* Það væri æskilegt að nota önnur orð, þó að merkingin væri svipuð. — *SÁÓ:* Hann kann ekki annað.) Ég sé enga ástæðu til að klípa utan af því.

Gísli Jónsson: Það er aðeins stutt aths. — Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að þegar fjárlfrv. kom eftir miðjan okt., þá var það óvenjulega vel undirbúið. Hins vegar hafa komið upp mörg vandamál, sem ekki hefði verið hægt að undirbúa, þó að þingið hefði verið kallað saman fyrr. Þetta eru vandamál, sem hæstv. stj. á enga sök á, og það hefur ekki unnizt tími til að leysa þau fram að þessu. Að lokum vil ég benda hv. þm. á það, að hæstv. stj. hefði vitanlega enn síður haft tíma til að undirbúa fjárlfrv., ef þing hefði verið kallað saman í ágúst eða september, eins og hann vildi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

---

41. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna [104. mál] (þmfrv., A. 213).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta er eins og málið næst á undan flutt af fjhn. að beiðni fjmrh. Þessi beiðni hefur verið endurtekin ár eftir ár síðan löggjöfin var sett 1941 um heimild til ýmissa ráðstafana vegna erfiðleika atvinnuveganna. Þarna er ríkisstj. heimilað að lækka um vissan tíma toll á kornvöru. Þótti rétt að halda þessari heimild við, og þar sem þarf að endurnýja þessa heimild árlega, fór ríkisstj. fram á endurnýjun einu sinni enn þá. Málið var flutt af fjhn. og getur því gengið nefndarlaust áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál fara út úr d. án þess að benda á, hvað óskaplega flaustursleg og óviðeigandi afgreiðsla þess er í alla staði. Hér er um að ræða að framlengja álag, sem búið er að breyta, t. d. er hér verið að samþ. 50% ofanálag á innlendar tollvörur, en nýlega er búið að samþ. 35%. Ef nokkur vinnubrögð væru á þessu, þá væru þessar breyt. felldar inn í l., sem verið er nú að breyta á ýmsa vegu. En til þess hefur hvorki verið hugsun eða vilji. Það er þýðingarlaust að samþ. þetta frv., það verður dauður bókstafur, því að öllum þeim ákvæðum, sem í frv. eru, er verið að breyta annars staðar á þessu þingi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Út af hinni mjög svo villandi ræðu hv. þm. N-M. vil ég taka fram, að rök hans byggjast á misskilningi. Það er aðeins 3. gr. l. nr. 98 frá 1941, sem hér er um að ræða, en þar er ríkisstj. heimilað að fella niður toll af kornvöru og lækka að helmingi toll af sykri og svo hitt, sem minna hefur að segja, að hækka toll af áfengi og tóbaki. Þetta hefur það frv. inni að halda, sem hér er til afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Því er svo háttað með þetta mál og eins það, sem áður var afgreitt til 2. umr., (frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1949) að ekki er hægt að vera á móti þeim, en það, að þessi mál skuli þing eftir þing vera samþykkt svona á síðustu stundu, sýnir, hver óstjórn er orðin á fjármálum ríkisins. Frv. til fjárlaga er kastað fram fyrst í október, en síðan er ekkert gert, og ríkisstj. veit ekki, hvað hún ætlar að gera, og þingið bíður og nú er liðið að jólum. — Hér er um að ræða framlengingu á eldri heimild, og er frv. reyndar ákaflega óglöggt, en þó, eins og ég sagði áðan, er ómögulegt að vera á móti því, en ég get ekki látið hjá líða í sambandi við afgreiðslu þessa máls að láta í ljós óánægju mína um meðferð fjármálanna í heild.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi taka það fram út af ræðu hv. 2. þm. Reykv., að það er vissulega slæmt, að afgreiðsla fjárlaganna dragist, og er ástæða til að kvarta yfir því, þótt það sé varla tímabært enn. Fjárlagaafgreiðslan verður þeim mun erfiðari, sem um hærri tölur er að ræða, og er því mjög erfið nú. Þessi heimild, sem hér um ræðir, hefur verið í lögum síðan 1941 og alltaf framlengd, og er hægurinn hjá fyrir alla að slá upp í stjórnartíðindunum og sjá, hvað um er að vera. Hér er ekki á ferðinni neitt nýtt eða óþekkt mál. Það er náttúrlega ákaflega æskilegt að hafa fjárlög afgreidd í ársbyrjun, en það virðist vera hart að því ómögulegt. Ekki svo að skilja, að ég hafi um að hælast í þessu sambandi, því að afgreiðsla fjárlaga dróst mikið á síðasta þingi, en menn verða að líta með sanngirni á erfiðleikana, sem á því eru að koma fjárlögunum saman, og þeir erfiðleikar eru nú meiri en nokkru sinni fyrr, eins og ég benti á í upphafi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af afsökunum hæstv. fjmrh. á drætti fjárlaganna. Það er að vissu leyti rétt, að afgreiðsla fjárlaga er með erfiðasta móti nú. Ég held, að höfuðerfiðleikarnir stafi af því, að ríkisstj. kemur sér ekki saman um, hvað gera skuli, því að innan hennar gætir mjög mismunandi sjónarmiða, og allur tíminn fer í samninga, og þingið bíður aðgerðalítið á meðan. Þannig er ástandið í raun og veru. Það er vafalaust hægt að leysa vandamálin, sem að steðja, en núv. hæstv. ríkisstj. virðist ekki fær um það. Hins vegar verður að samþykkja þetta frv., því að halda verður ríkisrekstrinum gangandi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. veit, að það er ekki nýtt, að ríkisstj. sé saman sett af mönnum með ólíkar skoðanir. Það er stundum erfitt að ná samkomulagi, en það verður þó að reyna hér og annars staðar, þar sem lýðræðisfyrirkomulag er, að menn með ólík sjónarmið leitist við að leysa vandamálin sameiginlega. Þetta er svo sem ekki nýtilkomið. Í síðustu ríkisstj. voru menn með ekki síður ólík sjónarmið, og þennan ágalla, ef ágalla skyldi kalla, verða lýðræðisþjóðirnar að sætta sig við. Hitt er svo líka til, að einn flokkur, einn vilji ræður öllu, þar sem einræði er, og þar er hægt að gera hlutina hraðar, og þarf ekki að skýra þetta fyrir hv. 2. þm. Reykv., því að hann er fróður maður um þjóðfélagsmál.

Höfuðvandinn varðandi afgreiðslu fjárlaga er nú allt það, sem snertir dýrtíðar- og verðbólgumálin, en slíkt þekktist ekki fyrir nokkrum árum, að ég tali nú ekki um hitt að reyna að tryggja gang atvinnuveganna. Alþ. og ríkisstj. hafa ekki fyrr en fyrir stuttu þurft að glíma á þann hátt við þau mál sem nú. Ég skal ekki lýsa því, hve mikill tími fer í þessi afskipti, því að hv. samþingismenn mínir vita það vel.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins viðvíkjandi þeim orðum hæstv. fjmrh., að fyrrv. ríkisstj. hafi verið samansett af mönnum með ólíkustu sjónarmið, þá er það rétt, en hún var engu síður starfhæf og afgreiddi fjárlög fyrir nýár. Ef samsteypustjórn veit, hvað hún vill, þá koma menn sér saman, en núv. hæstv. ríkisstj. veit það ekki og kemur sér því ekki saman um neitt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Máltækið segir, að fjarlægðin geri fjöllin blá. Ég þarf ekki að endurtaka það, að skoðanamunur er eðlilegur innan samsteypustjórnar. Ég held og núv. ríkisstj. þoli enn þá samanburð við hina, a. m. k. hefur enginn flokkur í núv. ríkisstj. neitað að mæta á fundum ríkisstj., en það hygg ég, að flokkur hv. 2. þm. Reykv. hafi gert og hafi neitað að tala við sína félaga í ríkisstj. um nokkur mál. Að öðru leyti ætti það að vera skýrara fyrir augum hv. 2. þm. Reykv. og hans manna en margra annarra, að eins og hér er stefnt með sífellt vaxandi afskiptum ríkisins af atvinnuvegunum, þá hljóta verk ríkisstj. og Alþ. að fara vaxandi, því að ekki fer saman, að afköstin aukast ekki í hlutfalli við það, hvað mikið er færzt í fang. Það er því skiljanlegt, að störf þings og stjórnar krefjist meiri tíma en áður, þegar afskipti hins opinbera af atvinnuvegunum síaukast. Ég veit enga heitari boðbera þeirrar stefnu en flokksmenn hv. 2. þm. Reykv., og þessir menn ættu að gera sér ljóst, að með þessu er stefnt að því, að ríkisstj. sé með nefið ofan í hvers manns dalli. Afskipti ríkisvaldsins flýta ekki fyrir afgreiðslu mála, enda eru þau fyrst og fremst áhugamál hv. 2. þm. Reykv. og hans fylgifiska.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að ráðherrar sósíalista í fyrrv. ríkisstj. hefðu neitað að mæta á fundum ríkisstj. Ég lýsi þetta hrein og helber ósannindi og vænti þess, að fyrrv. forsrh. leiðrétti þetta. Það er aumingjalegt af hæstv. fjmrh. að grípa til slíkra ósanninda. En það er von, að hann verði aumingjalegur. Tvisvar sinnum hefur hann lagt fram fjárlög, og í bæði skiptin var ekki hægt að afgreiða þau á réttum tíma, og finnst engin haldbær afsökun fyrir því. Við skulum bara bíða og sjá, hvað samráðherrar hans segja, þegar núv. hæstv. ríkisstj. rofnar. Þá mun koma í ljós, að hann er einhver sá mesti slóði, sem nokkurn tíma hefur setið í sæti fjármálaráðherra á Íslandi. Það er fyrst og fremst sök fjmrh., að svo seint gengur með afgreiðslu fjárl. Það er ekki hægt að ásaka fjmrh., sem situr meðan stjórnarkreppa er og tekur við, þegar sá tími er útrunninn, sem fer venjulega til þess að afgreiða fjárlfrv. En fjmrh., sem hefur 42 þm. af 52 að baki sér, hefur enga afsökun fyrir því að hafa ekki fjárlfrv. fyrr til. Ég sé ekki, að neitt hafi komið fram frá í haust og fram að þessum tíma, sem geti verið rök fyrir því að tefja svo mjög og draga afgreiðslu fjárl., svo sem þessi ríkisstj. hefur gert. Fjmrh. kemur svo með ósannindi um fyrrv. ríkisstj., til þess að afsaka sinn eigin slóðaskap.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér virtist hv. þm. Siglf. vera reiður eða svona ergilegur, og var hann að tala um ósannindi í sambandi við framkomu hans flokks síðasta mánuðinn, sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Ég held, að það, sem hann lýsti sem ósannindum og vildi halda fram, að ekki hefði verið, það líktist dálítið því, sem haft er eftir dönskum þingmanni um árið, þegar því var haldið að honum, að þetta og þetta væri staðreynd. Þá sagðist þessi þingmaður bara neita staðreyndum. Ég er hræddur um, að þessi ósannindayfirlýsing hv. þm. Siglf. eigi eitthvað skylt við það, að það sé sama sem og að segja: „Ég neita staðreyndum!" Annars hefur fyrr á þessu þingi borið á góma „strækuna", sem þessir félagar settu á ríkisstjórnarstörfin þetta fræga haust. Ég man ekki betur en að þeir hafi sagt frá því opinberlega, af hverju þeir hafi gert hana. Það er ekki einu sinni svokallað opinbert leyndarmál, það er alveg opinbert og þýðir þess vegna ekki fyrir hv. þm. Siglf. að vera að reisa sig og tala um ósannindi. Fyrir sitt leyti þá gerði þessi flokkur á sínum tíma það, sem hann gat, þegar ókyrrðin hljóp í þeirra blóð, til þess að gera stjórnina óstarfhæfa. Um það, sem hann að öðru leyti sagði, ætla ég ekki að fjölyrða. Það á sjálfsagt fyrir mér að liggja að fá vitnisburð fyrir það, sem ég hef gert, bæði slóðaskap og annað. Það getur glatt þennan hv. þm., að dómar um mín störf eru smátt og smátt að birtast í einu stjórnarblaðanna. Og skal þetta honum til huggunar sagt. Ég er ekkert kvikusár fyrir því, og ég býst við, að það fari um mig eins og aðra, að sumt sé satt og sumt ósatt, sem um þá er sagt. En þau almennu rök, sem ég færði fyrir þeim töfum á að afgreiða fjárl. nú, samanborið við það sem áður hefur verið, standa algerlega óhögguð þrátt fyrir þessa gusu hv. þm. Siglf.

Áki Jakobsson: Það stendur fullyrðing gegn fullyrðingu hjá mér og hæstv. fjmrh. Ég tek það fram, að það er algerlega tilhæfulaust, að við, hv. 4. landsk. þm. og ég, höfum nokkurn tíma neitað að mæta á ríkisstjórnarfundum til umræðna um mál, sem þar voru rædd. Hitt er annað mál, að þegar stj. rofnaði 1946, var af eðlilegum ástæðum rætt um möguleika á því að mynda nýja stjórn. Þannig lá í málinu. Það kom líka fram í seinni ræðu hæstv. fjmrh., að hann greip til þessara fullyrðinga til að afsaka sig og þann slóðaskap, sem hefur verið á afgreiðslu fjárl. Þetta kemur ekki sízt fram, þegar hæstv. fjmrh. er að færa það fram sem rök fyrir þessum óskiljanlega drætti, að sósíalistar hafi þá stefnu að hnýsast í hvers manns dall. Ég vil í sambandi við þessi ummæli hans um stefnu sósíalista segja honum það, að það hefur aldrei verið stjórn á Íslandi með annað eins nefnda- og leyfafargan og nú á sér stað. Það virðist alltaf gengið lengra og lengra á þeirri braut, enda er þessi málafærsla hæstv. ráðh. fram borin til þess að afsaka vinnubrögð

hans. Við höfum setið starfslausir á Alþ. frá í haust, fjvn. hefur ekki getað starfað vegna þess, að ekki hefur verið vitað, hvernig þessum málum skyldi fyrir komið, allt vegna þess, að fjmrh. hefur látið dragast svo mjög að ganga frá fjárl. Svo er nú á síðustu stundu komið fram frv. um dýrtíðarráðstafanir, sem á svo að rubba í gegn á 2 dögum. Svo kemur aftur hlé eftir áramótin, en síðan verður fjárlfrv. rubbað í gegn á vikutíma, áður en þingi er lokið. Svona eru vinnubrögðin nú og í fyrra, og þetta er fyrst og fremst slóðaskap hæstv. ráðh. að kenna, að reka ekki fastar á eftir afgreiðslu fjárl.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð, sérstaklega í tilefni af orðum, sem féllu hjá hv. þm. Siglf. í fyrri ræðu hans, þar sem hann vildi halda því fram, að við starfsbræður fjmrh. mundum verða manna fúsastir til þess að gefa honum slæman vitnisburð, þegar samstarfinu væri lokið. Að vísu er það svo, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að hjá stjórn, sem skipuð er af þremur allólíkum flokkum, hljóta að koma fram ólík sjónarmið í mörgum málum. Og þegar þessi stjórn rofnar, og það verður hennar endir eins og annarra stjórna, má vel vera, að eitthvað verði rifjað upp, sem fulltrúar flokkanna í ríkisstj. voru ekki sammála um, en það er alveg víst, að við, sem starfað höfum með fjmrh. í þessari stj., munum ekki bera honum þau orð, sem félagi hv. þm. Siglf. bar honum, að það hefði verið einkennandi fyrir hann, að hann hefði umgengizt ríkissjóð eins og versta óvin sinn. Þau orð verða aldrei sögð um núverandi fjmrh.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

---

42. Ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur [102. mál] (þmfrv., A. 211).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða lögum, sem afgr. voru s. l. ár til eins árs í senn, og fjallar um mjög takmarkaðan rétt Færeyinga til fiskveiða hér við land. Ég legg mjög eindregið til, að þetta leyfi verði veitt, og tel það hyggilegt varðandi ýmis atriði í samningum Íslendinga og Dana, sem nú standa yfir og ekki er ástæða til í svipinn af Íslendinga hálfu að ýta á eftir að ganga endanlega frá. Eins og málin standa, höfum við ekki hag af því. En meðan á þessum samningum stendur, hefur eiginlega orðið samkomulag um, að Færeyingar héldu þessum réttindum frá ári til árs.

Pétur Ottesen: Það er vissulega alvarlegt mál fyrir Íslendinga að ljá máls á því að leyfa erlendum þjóðum not af landhelginni hér. Við erum bundnir samningum um takmörk íslenzkrar landhelgi, sem Danir gerðu við Englendinga á sínum tíma að Íslendingum forspurðum. Þessir samningar hafa orðið okkur ákaflega þungir í skauti, og því þyngri sem tímar hafa liðið fram, og enn hefur okkur ekki reynzt kleift að létta af okkur þessu oki. En vonandi líður nú brátt að leikslokum í þessu efni, því Íslendingar herða nú sóknina um rýmkun landhelginnar og alfriðun á fjörðum og flóum fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðar. Því varhugaverðara er þá að ljá máls á því að opna þessa þröngu landhelgi eins og hér er gert. Það er að vísu rétt, að hér eru nokkrar skorður settar, þar sem heimildin miðast eingöngu við handfæraveiði, sem þó bæði nær til stærri og minni skipa og viðlegu í landi, þegar því er að skipta.

Þetta mál hefur fleiri hliðar, ég vil t. d. benda á (fyrir utan fordæmið, sem með þessu er gefið), að í ár hefur allt til þessa horft uggvænlega með beitu til þorskveiðanna í vetur, nokkuð hefur þó rætzt úr þessu, en ekki fullnægjandi. Síld, sem fryst var fyrir norðan s. l. sumar til beitu, var nær öll seld Færeyingum samstundis, en þeir stunduðu veiðar jöfnum höndum innan og utan landhelgi. Vegna þessarar sölu til Færeyinga hefur orðið að kaupa síld frá Noregi handa ísl. veiðiflotanum til nota á vetrarvertíðinni, miklum mun lakari beitu. Það er vitað mál, að aðstaða Færeyinga á þilskipum er allt önnur, af því að þeir hafa afnot af íslenzkri landhelgi. Ég vil því eindregið vara við þessu fordæmi. Þó að þessi veiðiréttindi séu takmörkuð, eru þau þó

allveruleg og stundum jafnvel beint til tjóns Íslendingum.

Mér skildist á hæstv. utanrrh., að hann óskaði ekki að öðru leyti eftir umræðum nú í sambandi við uppgjör vegna skilnaðar Íslands og Danmerkur, þó að þetta mál sé við skilnaðinn tengt í fyrirsögn frv. Ég vil því ekki að þessu sinni fara nánar út í þau mál, þótt það væri t. d. freistandi að spyrja, hvað liði endurheimt skjala og verðmætra íslenzkra gripa úr dönskum söfnum. En ég skal ekki fara út í það, ef hæstv. ráðh. álítur heppilegra að ræða það undir öðrum kringumstæðum, né krefja hann svars um þessi atriði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég get sagt hv. þm. Borgf. það varðandi þau mál, sem hann var að tæpa á síðast í ræðu sinni, að unnið er að framgangi þeirra mála Íslandi í vil eftir þeim leiðum, sem líklegastar eru. Ég get ekki sagt um það að svo stöddu, hve miklar líkur eru til þess, að viðunandi málalok náist eftir þeim leiðum, en það get ég sagt, að ekki eru meiri líkur til þess eftir öðrum leiðum. Annars bjóst ég sízt við andstöðu gegn þessu máli af hálfu hv. þm. Borgf., sem hefur verið manna áhugasamastur um, að við fengjum fiskveiðaréttindi við Grænland. Ég fullyrði, að við höfum hag af, að samningar dragist á langinn um þetta, þar til búið er að skera úr um það, hvort við eigum réttarkröfur til Grænlands, því að ef við verðum ekki taldir eiga tilkall til Grænlands, sem hv. þm. Borgf. telur þó, að við eigum, þá er langlíklegast, að við getum samið þar um einhver fiskveiðaréttindi við Dani í sambandi við frágang sambandsslitanna og þá einhver fiskveiðaréttindi Færeyinga hér við land. Það er því talið beint áhugamál Íslands, að þessum samningum í sambandi við skilnaðinn sé ekki lokið um sinn, því að það mundi veikja réttarkröfur okkar til Grænlands, ef við semdum um skipti á fiskveiðaréttindum þar og hér, áður en úrskurður félli um kröfur okkar til Grænlands. En samninga um þau skipti yrðum við að taka upp áður en þær kröfur væru til lykta leiddar, ef við vildum knýja þessi mál í gegn strax. Það er því bezt að láta þessum málum ólokið eins og stendur, og því hefði ég ekki búizt við, að hv. þm. Borgf. beitti sér gegn þessu máli, sem hér liggur fyrir. Ég þori að ábyrgjast, að þessi takmörkuðu veiðiréttindi Færeyinga hér við land verða ekki til þess að draga úr möguleikunum á rýmkun landhelginnar. Það er annað og óskylt mál, að þessi réttindi spilla engu í því efni. En þótt þau séu takmörkuð, eru þau vitanlega einhvers virði, ella væri ekki sótzt eftir þeim. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm., þótt mér sé hins vegar ókunnugt um, að þau hafi bakað Íslendingum beint tjón.

Ég hafði alltaf hugsað mér að fá einhver fiskveiðaréttindi við Grænland í skiptum fyrir þessi réttindi Færeyinga hér við land, ef svo færi, að við teldumst ekki eiga tilkall til Grænlands. En það dugar ekki að fara á flot með slík skipti, á meðan talið er, að við munum fá Grænland.

Pétur Ottesen: Það er ekki mín sök, þótt dregizt hafi að fá skorið úr um rétt Íslands til Grænlands. Ef mínum tillögum hefði verið fylgt, væri búið að skera úr því máli. Ég hef borið það þrisvar fram á Alþingi.

Mér hefur aldrei komið til hugar, að farið væri að semja við Dani um fiskveiðaréttindi Íslendingum til handa við Grænland, á meðan við gerum kröfur til landsins sjálfs og ekki hefur fallið dómur um réttmæti þeirra krafna. Það kemur vitanlega ekki til mála.

Afgreiðsla þessa máls nú er því ekkert háð því, hvort búið er að ganga frá Grænlandsmálinu eða ekki. Óskin frá Dönum byggist á þörf Færeyinga, og hún er söm, hvernig sem Grænlandsmálið fer. Hitt er rétt, að við eigum ekki að ganga til neinna samninga við Dani um Grænland, áður en skorið er úr um rétt Íslendinga til Grænlands, sem vér gerum kröfu til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Það er að vísu ágætt, að ráðherrastólarnir tómir geti veitt samþykki til afbrigða, en þeim gengur illa að halda framsöguræðu fyrir máli. (*BrB:* Það eru beztu ræðurnar.) — Nú langar mig til að vita, hvað líða mundi því, sem skýrt er frá 1. gr. þessa frv., hvort vonir standi til þess, að þeim viðræðum verði lokið á árinu, og hvaða mál í sambandi við skilnaðinn milli Íslendinga og Dana verði tekin með í þeim samningum.

Forseti (BSt): Þetta er nú 1. umr. málsins, og ég býst við, að hægt verði að fá þessar upp-

lýsingar á seinna stigi málsins. En ef hv. þm. heldur fast við það að fá þær upplýsingar nú við þessa umr., mun ég ekki sjá mér annað fært en að taka málið af dagskrá. (*HV:* Ég ætla að lifa í voninni, að þær upplýsingar komi síðar.)

Gísli Jónsson: Ég skal fylgja þessu frv. til 2. umr. og n., en ég óska, að þegar þetta mál kemur úr n. og verður rætt við 2. umr., verði hæstv. utanrrh. viðstaddur, vegna atriða, sem ég vildi hreyfa í sambandi við frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 7:3 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (BSt): Of skammt er liðið frá 1. umr. málsins. Enn fremur liggur hér fyrir skrifl. nál. um frv. og er á þessa leið: „Allshn. hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt. Alþingi, 16. des. 1948. Þorst. Þorsteinsson frsm., Lárus Jóhannesson fundaskr., Hermann Jónasson.“ Til þess að málið geti komið hér til umr. nú, þarf að leyfa afbrigði um þessi tvö atriði.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er um frv. þetta það að segja, að allshn. hefur ekki haft mikinn tíma til þess að athuga það, en þeir þrír undirritaðir nm. töldu samt, að ekki væri um annað að gera en að leggja til, að þetta frv. væri samþ.

Um frv. sjálft get ég verið fáorður, þar sem líka hæstv. utanrrh. er hér sjálfur viðstaddur í hv. þd. En ég vil geta þess, að þó að það standi ekki í nál., þá óskaði einn nm. að hafa óbundnar hendur um frv. En þeir nm., sem hér eru undirritaðir á nál., voru sammála um að leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt. Og mér er kunnugt um hv. form. n., að hann er sömu skoðunar og leggur þetta til, jafnvel þótt hann hafi ekki mætt hér í dag og geti ekki gert grein fyrir atkv. sínu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér er sagt, að hv. þdm. hafi spurzt fyrir um það hér í gær, þegar þetta mál var hér til 1. umr. — en þá gat ég því miður ekki verið við hér á fundi, af því að ég var á stjórnarfundi — , hvað liði samningum þeim, sem hér um ræðir um nokkur atriði í sambandi við alger sambandsslit við Danmörku. Formlega séð er ekki ýkja mörg atriði að semja um. Og af Íslands hálfu skiptir það tiltölulega litlu máli, hvernig formlega verður frá þessu gengið, þar sem þegar hefur verið tekin afstaða til þess, sem mest var ágreiðandi, nefnilega um það, hvernig færi með gagnkvæman ríkisborgararétt milli landanna og þá þeirra Dana, sem hér hafa öðlazt jafnrétti við Íslendinga í skjóli sambandslaganna. Í Danmörku er það aftur á móti þannig, að Danir telja sambandslögin enn þá formlega í gildi og Íslendingar þar njóta hlunninda samkvæmt því. Þetta eru nú að mínu viti leifar af fyrra ástandi, sem ekki eiga lengur við. En ef Danir kjósa að hafa þann hátt á, þá þeir um það. Við vitum, að sá samningur, sem felst í sambandslögunum, er niður fallinn. Og varðandi innri löggjöf Dana viðkomandi Íslandi, þá hefur hún ætíð verið svo, að Íslendingar hafa ekki átt gott með að skilja hana frá sínu sjónarmiði, og þá einnig þetta nú, að Danir álíta sambandslögin enn í gildi. En þeir um það. Það er þeirra að ákveða, hvenær þeir telja sambandslögin formlega niður felld.

En það eru sérstaklega tvö atriði, sem valda því, að ég hef ekki talið neinn vinning að ýta á eftir því, að þessum samningagerðum væri lokið. Annars vegar það, að enn þá er óafgert, hvernig verður með íslenzku handritin hin fornu, sem eru í Danmörku og Íslendingar hafa gert kröfu til. Það er að vísu vitað, að þau fást nú ekki með neinum beinum samningum í sambandi við þessi sambandsslit. Það er vonlaust. Ef Danir eiga að fást til að afhenda þau, þá verður það ekki nema einhliða ákvörðun, sem á sér stað af þeirra hálfu, án þess að þeir telji neina skuldbindingu á sér hvíla til þess. Það er eina vonin, að þeir geri þetta af frjálsum vilja. En fyrr en formlega er gengið frá samningunum um sambandsslitin, hef ég ekki séð ástæðu til að reka neitt á eftir með það, að við fáum handritin. E. t. v. þykir það óeðlilegt af Íslendinga hálfu, að samið sé um sambandsslitin, án þess að vikið sé að handritamálinu. En það er vitað, að það er útilokað, að handritin fáist þann veg með samningum. Hitt er svo annað atriði, sem Íslendingar hafa haldið fram, að ef Danir, þ. e. a. s. Færeyingar, ættu að fá nokkurn rétt til fiskveiða í íslenzkri landhelgi, þá verði Íslendingar þar á móti að fá einhver fiskveiðiréttindi við Grænland eða einhvers konar aðstöðu þar. Á því hafa Danir talið mikil vandkvæði, fyrst og fremst vegna þess, að almennir danskir borgarar hafa ekki fiskveiðiréttindi við Grænland. Svo blandast í þetta ákvæði um beztu-kjara-samninga, o. s. frv. En áður en gengið er of langt í því að athuga, hvort hægt er að fá einhvern rétt við Grænland fyrir okkur Íslendinga í skjóli þess réttar, sem Færeyingum yrði fenginn til frambúðar hér við land til fiskveiða, svipað og í þessu frv. eru ákvæði um um stundarsakir, eða þá á einhvern annan veg — og er ég þó ekki sérstaklega trúaður á, að slík skipti yrðu fáanleg —, en áður en úr skugga yrði um það gengið, hvort þau væru fáanleg eða ekki, hefur mér þótt nauðsynlegt, að úrslit yrðu á því, hvort Íslendingar ættu að krefjast Grænlands alls eða ekki. Nú hefur hver nokkuð sína skoðun á því, hvort líkur séu til þess, að Íslendingar fái viðurkenndan forráðarétt yfir Grænlandi öllu, sem yrði þá undirstaða m. a. undir fiskveiðiréttindum fyrir okkur við Grænland. Þetta er umdeilt mál, og um það hefur verið rætt í sam-

einuðu þingi, og skal ég ekkert um það segja hér. En meðan till. um þetta liggja fyrir hæstv. Alþ. og ætla má, að einhver verulegur hluti þjóðarinnar trúi á, að þessi möguleiki sé fyrir hendi, þá hef ég ekki talið fært að knýja á um það, að gengið væri úr skugga um það, hvort við gætum fengið fiskveiðiréttindi við Grænland eftir öðrum leiðum, t. d. í skiptum í sambandi við fiskveiðiréttindi Færeyinga hér við land, því að slík skipti yrðu afneitun á rétti okkar yfir öllu Grænlandi. Við þyrftum ekki að fara í slík skipti, ef við ættum þann meiri rétt yfir Grænlandi, sem dr. Jón Dúason og aðrir með honum halda fram, að við eigum. Ég er þess vegna hræddur um, að erfitt muni vera að ganga frá framtíðarsamningum við Dani um þessi efni, nema því aðeins, að við annaðhvort féllum frá kröfu okkar til alls Grænlands eða misstum úr hendi okkar þann e. t. v. veika möguleika, sem við kynnum að hafa á því að geta skipt á fiskveiðiréttindum Færeyinga hér við réttindi okkur til handa í Grænlandi. Þær ástæður hafa orðið til þess, að ég hef ekki séð neina ástæðu til þess að reka á eftir því, að þessum samningum yrði hraðað. E. t. v. má líta svo á, að hvor tveggja þessi mál, handritamálið og fiskveiðiréttindi okkur til handa við Grænland, séu nú meir óskamál heldur en að það sé þannig, að raunverulegir möguleikar séu til þess að koma þeim fram. En a. m. k. vil ég ekki verða til þess, að óskir Íslendinga í þessum efnum eigi lengra í land með að rætast heldur en áður var. Og þess vegna held ég, að það sé rétt að láta þetta mál vera nokkuð óljóst nú um hríð. Og að því styður ósk mín, sem er í samræmi við ósk dönsku stjórnarinnar, um það, að þessi fiskveiðiréttur Færeyinga verði framlengdur um eitt ár, en málið að öðru leyti látið liggja í bili.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær ágætu upplýsingar, sem hann hefur gefið um þetta mál, en vildi þá mega spyrja um, hvort það sé út af fyrir sig nokkur ástæða til að binda þessi tvö mál saman, hin endanlegu sambandsslit og fiskveiðiréttindi Færeyinga hér við land. Gæti það ekki hugsazt, að gengið yrði frá sambandsslitunum, þó að Færeyingar héldu þessum rétti, m. a. á þeim grundvelli, sem hæstv. ráðh. talaði um, að ekki yrði afsalað sér að fullu rétti til Grænlands, með því t. d. að hafa það mál óafgert. Ég er ekkert að andmæla þessu frv., sem hér liggur fyrir. Síður en svo. Og ég mun greiða atkv. með því. En mér datt þetta bara í hug, vegna þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir, að þetta sé kannske ekki svo mjög bundið við sjálft málið, hvort um fiskveiðiréttindin sé samið síðar meir, því að mér skilst á hæstv. ráðh., að ekki mundi vera hægt að semja um fiskveiðiréttindi Færeyinga hér við land og fiskveiðiréttindi okkar við Grænland gagnkvæmt, ef endanlega væri ekki búið að ganga frá málum okkar gagnvart Grænlandi.

Ég vildi einnig gera nokkra fyrirspurn út af því, sem hæstv. ráðh. tjáði okkur hér, að Danir teldu sambandslögin enn í gildi og hefðu þau sem lög hjá sér, hvort það sé rétt, sem frétzt hefur hingað, að heiti konungsins í Danmörku sé þannig, að hann kalli sig konung Danmerkur og Íslands o. s. frv. Þetta út af fyrir sig hefur ekki mikla þýðingu, hvernig heiti þessa konungs er látið vera. En ef þetta er rétt, sem heyrzt hefur, væri gott að fá um það upplýsingar. Kæmi það þá heim við það, sem hæstv. ráðh. upplýsti hér, að Danir telji sambandslögin enn í gildi.

Þá vildi ég enn fremur spyrja hæstv. dómsmrh. um, hvort nokkuð frekara hafi verið gert í þeim málum, sem minnzt var á hér í sameinuðu þingi, um dánarbætur fyrir Íslendinga þá, sem drepnir voru í Danmörku saklausir, sem vitað er um tvo, og bætur til þeirra manna, sem haldnir hafa verið þar í fangelsi í fjölda mörg ár. Mér er kunnugt um, að hæstv. dómsmrh. hefur lagt mikla vinnu í það og orðið mikið ágengt í því að fá þessa menn leysta úr fangelsi fyrir þann tíma, sem ákveðinn var með dómum, að þeir skyldu lausir látnir. — Nú vil ég spyrja um, hvort það hefur verið minnzt á þessi mál í sambandi við sambandsslitin eða hvort hugsað er að gera þau mál upp eða hvort hugsað er af hæstv. utanrrh. að gera ekkert í þeim málum frekar. Ég hef frétt í dag, að í Sviþjóð sé hafinn málflutningur út af sömu ástæðum, út af a. m. k. einum aðila sænskum, sem hafa vakið mjög mikla athygli í Danmörku. Og í þeim fréttum, sem ég hef fengið um þetta, sem ég vil ekki segja, að séu ábyggilegar, er mér tjáð, að öll líkindi séu til þess, að Danir tapi því máli. — Vildi ég gjarnan fá að að heyra álit hæstv. dómsmrh. um það atriði, sem ég hef nefnt hér, um leið og ég vil þakka honum fyrir það mikla starf, sem hann hefur unnið í sambandi við þessi mál, sumpart sjálfur og sumpart látið aðra gera allmikið til þess að lina þrautir þeirra manna, sem hnepptir voru í fangelsi og tóku oft út miklar þrautir í fjölda mörg ár.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég óskaði við 1. umr. þessa máls að fá upplýsingar, sem þá var ekki unnt að fá, sökum þess að hæstv. utanrrh. var þá ekki viðstaddur í hv. d. Mig langaði til þess að vita um, hvers konar samningar hefðu farið fram, því að í 1. gr. frv. er talað um samninga, sem nú standi yfir. Hefur nú hæstv. ráðh. skýrt frá því og gert grein fyrir, hvers vegna hann hafi farið sér hægt um þá samninga. Ég skil vel þær aðstæður og tel eftir atvikum rétt, að ekki hefur verið kapp á það lagt að ljúka samningum um þetta eina atriði. Fyrir mér var þetta því upplýsing, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan, að Danir viðurkenndu ekki sambandsslitin. Og vil ég þá út af því spyrjast fyrir um það, hvort íslenzkir þegnar, sem nú eru í Danmörku við nám og eitt og annað, notfæri sér þá enn þá jafnréttisákvæði sambandslaganna og séu þá í skjóli þeirra og njóti þannig þeirra hlunninda, sem við nutum áður, er sambandslögin voru í fullu gildi, og hvort hæstv. ráðh. telur ekki, að slíkt geti veikt okkar rétt gagnvart

Dönum, hvað þetta mál snertir, samninga viðkomandi sambandsslitunum milli Íslands og Danmerkur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Menn hafa nú misskilið mig að því leyti, að ég ætlaði a. m. k. ekki að segja, að Danir hafi ekki viðurkennt sambandsslitin, því að þau hafa þeir viðurkennt, sem glögglega kemur fram í því, að þeir hafa útnefnt tvo sendiherra til hins íslenzka lýðveldisforseta, hvern á fætur öðrum, og auk þess tekið á móti fulltrúa íslenzka lýðveldisins í opinberri heimsókn til lands síns og ekki á nokkurn hátt seilzt til afskipta af málefnum Íslands, sem þeir áttu að fara með samkvæmt sambandslögunum, eins og utanríkismálum, og eins látið sér vel líka, að Danir hefðu ekki jafnrétti við Íslendinga hér á landi lengur samkvæmt sambandslögunum, nema eftir þeim reglum, sem Íslendingar voru að mestu búnir að setja áður, en kynnu að öðru leyti að hafa komið sér saman um í sambandi við þessa samninga. Þeir hafa því bæði í orði og verki viðurkennt sambandsslitin, á því er ekki vafi. Af einhverjum ástæðum, mér óskiljanlegum, hafa þeir hins vegar enn þá formlega sambandslögin í gildi hjá sér sem dönsk lög, eða það ætla ég, að sé rétt, og mér skýzt þá illa, ef þetta er ekki svo. Þessi lög eru einungis sem lög í þeirra landi. Og það verkar þá einkanlega varðandi réttindi Íslendinga þar, og nær eingöngu eins og sakir standa. Og viðkomandi því, sem vikið var að, hvort það geti verið hættulegt, þá held ég, að það geti ekki verið það, vegna þess, sem ég hef greint, og einnig hins, að menn eru búnir að koma sér saman um, hvað eigi að koma í staðinn, þó að ekki hafi endanlega verið formlega gengið frá því, af því að við höfum ekki sérstaklega gengið eftir því, að þessum samningum lyki. Það hefði sjálfsagt verið hægt fyrir rúmu ári að ganga endanlega frá þessu. En við vildum doka við, sumpart af því, að við vildum athuga það, og sumpart vegna þess, að það sýndist dálítið hæpið, ef það er vilji þingsins að gera einhverjar réttarkröfur viðvíkjandi Grænlandi, án þess að gera einhvern fyrirvara um það. Nú hefur það aldrei verið ákveðið ætlunin að gera þessar kröfur, og hefur aldrei komið fram fyrr en í þeirri þáltill., sem hv. þm. Borgf. hefur verið með. En ef það kynni að vera einhver hugsanlegur möguleiki til þess, að þessar kröfur yrðu af okkur teknar upp, mundum við veikja mjög okkar aðstöðu í því efni, ef við gengjum endanlega frá sambandsslitunum, án þess að hreyfa þessu Grænlandsmáli. Þess vegna hef ég talið óráðlegt af okkar hálfu að vera að ýta á eftir þessum samningum á þessu stigi. Og ég held, að við getum ekki glatað neinum rétti, þó að um þetta verði dokað við, sem ég nefndi, vegna þess að Danir hafa í einu og öllu viðurkennt sambandsslitin, nema varðandi þetta, sem þeir nánast gera sér til gamans, að láta sambandslögin enn þá vera í gildi sem dönsk lög, sem að ég hygg eru leifar af þeirri gremju, sem var hjá þeim á vissu tímabili, þegar þessum málum var ráðið til lykta hér hjá okkur, án þess að við þá væri talað.

Varðandi heiti Danakonungs, þá man ég ekki betur en Friðrik IX. hafi sleppt Íslandi úr konungsheiti sínu. Kristján X. mun hafa haldið því í heiti sínu, meðan hann lifði, en hans sonur og eftirmaður sleppti Íslandi úr konungsheiti sínu. Annars skiptir þetta sáralitlu máli. Konungur Dana hefur enn þá mörg lönd í heiti sínu, sem ekki hafa tilheyrt hans yfirráðum öldum saman. Þetta er líkt eins og menn hafa gaman af að ganga með orður, að konungurinn hefur gaman af að skreyta sig með landanöfnum, sem tilheyra aðeins fortíðinni gagnvart hans yfirráðum. Hvort tveggja þetta er meinlaust gaman og ekki til þess beinlínis að setja út á, en tiltölulega þýðingarlítið. Þetta er nú konunglegur siður og eitt af því, sem maður á erfitt með að skilja til hlítar.

En varðandi fyrirspurn, sem fram kom um það, hvort ekki mætti ljúka þeim samningum, sem eftir er að ganga frá við Dani út af sambandsslitunum, án þess að gera um leið út um það atriði, sem leiðir af sambandsslitunum og taka þarf afstöðu til, sem er réttur Færeyinga hér, þá er auðvitað hægt að veita Færeyingum á eftir þennan rétt, þó að fyrst gert sé út um hitt, það er rétt. En það er gefinn hlutur, að Danir mundu í sambandi við þessa samninga sækja nokkuð fast eftir viðurkenningu á þessum réttindum Færeyinga um nokkurt árabil og ekki aðeins fyrir eitt ár. Og ég hafði talið, að einmitt í sambandi við það að líta á óskir þeirra yrði óhjákvæmilegt að gera tilraun um að fá einhver réttindi fyrir Íslendinga við Grænland. Ég hef ekki mikla trú á því, að það takist. En óverjanlegt er annað en að gera þá tilraun af Íslendinga hálfu. Og ég á erfitt með að átta mig á, hvernig hægt mundi vera að gera það svo, að að gagni gæti orðið, meðan við erum með þá hugmynd um að gera kannske enn frekari kröfur til Grænlands. Ég hygg þess vegna, að það mundi vera erfitt að koma því fram að gera formlega út um það atriði, um réttindi Færeyinga við Ísland, án þess að þetta meira eða minna blandaðist þar inn í. Þess vegna álít ég réttara, að réttarkröfur okkar til Grænlands lægju ljósar fyrir en þær gera í dag, áður en þessum samningum er lokið. Ef Danir vilja pressa okkur til þess að ljúka þessum samningum, eigum við erfitt með annað að gera en að ganga að því að ljúka samningunum. En mér virðist ekki vera beinlínis ástæða fyrir okkur til að hraða því að ljúka þessum samningum, af þeim ástæðum, sem ég hef greint.

Hv. þm. Barð. spurði mig svo um bætur fyrir miska gerðan Íslendingum í Danmörku í stríðslokin. Það efni er nú þessu máli, sem hér liggur fyrir, óskylt, og er auðvitað ekki hægt að taka það upp í sambandi við þessa formlegu samninga út af sambandsslitunum. Hitt verð ég að segja sem mína skoðun og hef sagt áður við einstaka aðila, sem til mín hafa leitað, um sum af þessum málum a. m. k., að bezt teldi ég að erfa sem minnst að hægt er í þeim málum. Og í því eina tilfelli, þar sem leitað var nú til mín um bótakröfur á hendur danska

ríkinu fyrir fangelsun, sem íslenzkur maður þoldi í Danmörku á stríðstímanum, þá taldi ég málið allt svo hæpið, að ég taldi ekki geta komið til mála, að ríkisstjórn Íslands skipti sér af því á þá lund að taka upp málið gagnvart danska ríkinu. Ég átti þátt í því, að sá maður var losaður úr fangelsi. En mér duldist ekki, að maðurinn hafði verið dæmdur með formlegum dómi í Danmörku. Ég skal ekkert segja meira um það mál hér, en ég hafði ekki trú á því, að það yrði þessum manni til vinnings eða Íslandi til sæmdar að hreyfa málinu frekar. En maðurinn mátti kalla sig góðan að sleppa úr því fangelsi, sem hann var í, og bezt teldi ég að erfa sem minnst í þeim efnum. — Hitt er svo annað mál, þar sem um það var að ræða, að íslenzkir menn voru þar vegnir. Gagnvart öðru tilfellinu er það svo, að aðstandendur mannsins eru í Danmörku, að því er ég bezt veit, og hafa ekki um þetta mér vitanlega leitað aðstoðar íslenzkra stjórnarvalda. Enda mun nú sannleikurinn vera sá, að þó að sú fjölskylda hafi að ýmsu leyti verið illa leikin, þá var þó linaður dómur, að menn töldu, á einum fjölskyldumeðlimnum vegna þeirra hörmunga, sem yfir fjölskylduna höfðu dunið. Og sannleikurinn er sá, að erfitt hefur verið að tala um þau mál af skynsemi í Danmörku og erfitt að komast að rótum þeirra. — Varðandi hitt tilfellið, sem hv. þm. Barð. er því miður allt of kunnugt um og alla okkur tekur sárt, er á það að líta, að það hefur verið fyrir þennan vegna mann, sem féll fyrir morðingjahendi, verið greiddur styrkur úr ríkissjóði fram á þennan dag. En nú er einhver tregða um þessa yfirfærslu. En ég sé ekki ástæðu til að afturkalla þann lífeyri, sem ekkjan hefur haft. Og ég hef talið, að á meðan sá lífeyrir er tekinn af aðila, þá væri ekki grundvöllur fyrir frekari aðgerðir í þessu efni. Þetta er mjög viðkvæmt mál, ekki sízt þegar manni blandast ekki hugur um, að að vissu leyti á sér stað ofnæmi í þessum málum. Danir líta ekki á þessi mál með því hlutleysi og dómgreind, sem sú mjög menntaða og ágæta þjóð að öðru leyti gerir í flestum málum, og það er vegna þess, að þetta er of samtvinnað hennar hörmungasögu, og hún á þess vegna erfitt með að gera sér fulla grein fyrir því hlutlaust, hvað gerzt hefur í þessum efnum. Ég segi þetta ekki Dönum á neinn hátt til óvirðingar, heldur sem skýringu á þeim fyrirbrigðum, sem þar hafa gerzt, m. a. í sambandi við þessi mál, sem hv. þm. Barð. drap á. Og varðandi góða framtíðarsambúð við Dani, sem ég vil vinna að — þó að ég hafi jafneindregið verið með skilnaði við þá á sínum tíma — þá hef ég talið, að varlega bæri að fara gagnvart Dönum í þessum þeim mjög svo viðkvæmu málum, meðan þeirra sár eru að gróa, svo að ekki yrði fjandskapur úr — en við mundum þó e. t. v. engu fá framgengt — og þá ýfðust sár Dana svo, að þeim yrði erfiðara að komast í rétt hugarfar gagnvart Íslendingum og komast yfir þær meinsemdir, sem stríðslokin höfðu í för með sér fyrir þjóðlíf þeirra sjálfra.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar. Ég ætlaðist ekki til þess, að máli því, sem hann síðast ræddi, væri blandað í þetta mál, sem fyrir liggur, þó að ég gerði þessa fyrirspurn. Skal ég ekki ræða það frekar. Það gefst e. t. v. tækifæri á öðrum vettvangi til þess að gera út um það í sambandi við gögn, sem fram hafa komið um þessi mál yfirleitt, og skal ég ekki frekar blanda því í þessar umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hygg, að flestum hv. þm. muni vera það næsta óljóst, hvað hefur gerzt frá því á árinu 1944 og fram til þessa í samningamálum milli Íslands og Danmerkur út af sambandsslitunum. Ég minnist þess ekki, að nokkur opinber skýrsla hafi komið fram um málið. Ég held, að rétt sé, að Alþ. hafi ekki átt þess kost að fá yfirlit yfir þessi samningamál. Ég hef hins vegar eitthvert hugboð um það, að samninganefnd muni vera starfandi af Íslands hálfu, en svo fróður er ég ekki, að ég viti, hverjir Íslendingar skipa þessa samninganefnd, og því síður veit ég, hvort þeir hafa starfað á fleiri eða færri samningafundum. Ég veit eiginlega ekki heldur, hvort Danir hafa gengið til slíkra samninga og tilnefnt menn af sinni hálfu til þeirrar samningagerðar, svo að fyllileg viðurkenning sé af þeirra hendi um það, að hér sé fyrir hendi milliríkjasamningagrundvöllur. Aftur á móti er mér kunnugt, að Danir hafa sérstaka nefnd í handritamálinu, og virðast þeir vilja taka það mál til úrlausnar af sinni hendi án sambands við önnur þau mál, sem snerta sambandsslit milli Íslands og Danmerkur. Og þykir mér líklegt, að það sé heppilegra, að fjallað sé um þau mál út af fyrir sig heldur en í sambandi við önnur mál þeirrar þjóðar.

Það er rétt, að hæstv. ráðh. orðaði það svo, sem hann upplýsti um sambandslögin, að Danir teldu sambandslögin enn þá formlega í gildi, og er þá spurningin, hvort þeir telja þau að öllu leyti í gildi eða aðeins að nokkru leyti fallin úr gildi. Og mér er, eins og um fleiri atriði, alveg óljóst, hvaða atriði þeirra laga þeir þá telja í gildi. Ýmis höfuðatriði þeirra laga þykist ég vita, að þeir telji ekki lengur í gildi. En viðvíkjandi því, sem ég sagði áðan, mundi ég telja mjög óviðkunnanlegt, ef Íslendingar hafa frá árinu 1944 og fram til þessa dags notfært sér ýmis réttindi, sem íslenzkum þegnum bar eftir sambandslögunum, ef Íslendingar notfæra sér þau friðindi enn þá þrátt fyrir sambandsslitin. Ég get vel skilið, að Danir telji sér skylt að veita Íslendingum jafnrétti, t. d. um styrkveitingar úr dönskum sjóðum, þegar Íslendingar eru þar í landi við nám, ef þeir líta þannig á, að sambandslögin séu í gildi. En óviðkunnanlegt virðist mér, ef Íslendingar notfæra sér þennan rétt enn þá á þessum grundvelli. Vafalaust líta Danir svo á, að réttindi og skyldur samkvæmt sambandslögunum séu jafnt í gildi, og vilja þá sennilega fá fullnægt sömu kröfum eftir sömu lögum á hendur Íslendingum, þegar Íslendingar vilja notfæra sér réttindi samkvæmt þeim.

Hér var um það spurt, hvort Ísland væri enn

þá í heiti konungs Dana, og lét hæstv. utanrrh. það í ljós, að svo mundi ekki vera nú, og ég hygg, að það sé rétt. En ef það væri, þá væri það ámóta skraut í konungstitlinum eins og hin danska kóróna er enn þá sem skraut yfir íslenzka dómsm.- og utanrrh. hér í þessari hv. deild.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hv. 3. landsk. þm. segist ekki vita, hvort Danir hefðu skipað nefnd til þess að semja við okkur um þau mál, sem eru afleiðingar sambandsslitanna. Það er nú vitað mál, að strax á árinu 1945 voru skipaðar nefndir af báðum þjóðunum til slíkrar samningagerðar. Í n. áttu sæti af Íslendinga hálfu Jakob Möller, nú sendiherra, sem varð sendiherra einmitt um sama leyti í Danmörku, Stefán Jóh. Stefánsson, nú forsrh., Eysteinn Jónsson, nú menntmrh., og Kristinn Andrésson, þáverandi alþm. Þessir menn eru í n. af Íslands hálfu, og hefur einmitt verið haft nokkurt samráð við þá um það, sem frekar hefur gerzt í málinu. Þessir menn fóru út sumarið 1946 og höfðu með sér a. m. k. einn sérfræðing, Ólaf Lárusson, og hófu samninga og komust þá að niðurstöðu um það, sem mestu máli skipti í þessu, þ. e. a. s. um það, hvernig færi með rétt þeirra danskra og íslenzkra borgara, sem búsettir væru í hvoru landinu fyrir sig utan síns heimalands og höfðu áður notið jafnréttisákvæða sambandslaganna. Íslendingar hafa síðan lögfest þessi fyrirmæli hjá sér, en Danir munu enn þá hafa formlega í gildi sambandslögin, eða þeir hafa haft þau lög í gildi a. m. k. til skamms tíma. — Aftur á móti er það einnig vitað, að Danir skipuðu nefnd til þess að semja við þessa Íslendinga. Ég man ekki til hlítar, hverjir voru í henni af Dönum. En í henni voru direktør Mohr, Halvdan Hendriksen og Hans Hedtoft, og einhverjir fleiri voru í nefndinni. Og ég man, að þeir komu hingað til áframhaldandi samningagerðar 1946, en danska nefndin óskaði svo eftir, að íslenzka nefndin gengi til samningagerðar við Danmörku 1947. Mest voru þetta þó veizluhöld árið 1946, sem við urðum að endurgjalda í Danmörku. En þá hafði nú svo skipazt, að tveir nefndarmannanna íslenzku voru ráðherrar og áttu ekki heimangengt, en Kristinn Andrésson sjúkur, svo að af þeim ástæðum var ekki farið til Dana um þetta þá. Og er það ein ástæðan fyrir því, að dregizt hefur að ganga endanlega frá þessu.

Það er ekki nokkur vafi á, að Danir hafa margviðurkennt sambandsslitin, sem m. a. kemur fram í því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, er beinlínis flutt samkvæmt óskum dönsku stjórnarinnar. Ef Danir héldu fram, að sambandslögin væru í gildi sem samningur gagnvart Íslandi, þá mundu þeir ekki óska eftir þessu, því að þá mundu þeir halda fram, að Færeyingar mættu fiska hér án sérstakrar löggjafar nú af okkar hálfu. Nú er óskað eftir því eftir diplomatiskum leiðum, að við samþykkjum þetta nú, nánast af greiðasemi, þangað til endanleg skipun verður fengin um það. Og það er bein viðurkenning og yfirlýsing þess, sem aldrei hefur verið efazt um frá því 17. júní 1944, að Danir viðurkenna, bæði að lögum og í framkvæmd, sambandsslitin. Hinu ráðum aftur á móti við ekki, hvaða rétt Danir veita svo íslenzkum borgurum í Danmörku — alveg eins og við gætum, ef við vildum, veitt t. d. Dönum, Kínverjum eða ýmsum öðrum mikinn rétt hér á Íslandi, án þess að nokkra samninga þyrfti við þeirra ríkisstjórnir að hafa um það. Það væri mál, sem við gætum gert upp á okkar eigin spýtur. Eins geta Danir veitt okkar mönnum í Danmörku meiri rétt en íslenzka stjórnin út af fyrir sig óskaði eftir. Og það væri beinlínis óviðeigandi af íslenzku ríkisstj. að setja út á frekari réttarveizlu af þeirra hálfu til okkar manna en þeir eru skyldugir til. En ég hygg þó, að Danir hafi séð um það að gera sjálfum sér ekki tjón í þessum efnum, þannig að það verði þeim til skaða. — Annars hefur verið bezta samvinna um þessi efni við Dani og fullrar góðvildar þar að mæta af hálfu danskra stjórnarvalda.

Hv. 3. landsk. þm. taldi óviðeigandi, að mér heyrðist, að kóróna væri yfir þessum stóli, sem ég sit í, og kannske þá líka á alþingishúsinu. — Mér er sagt, að á Spáni sé það siður, að þegar byltingar verða, þá sé dreginn strigapoki yfir kórónuna á konungshöllinni, til þess að hún sjáist ekki, meðan lýðveldið varir. — Nú hef ég ekki séð sérstaka ástæðu til þess að beita mér fyrir því, að belgur væri dreginn yfir kórónuna, hvorki á alþingishúsinu né þessum stóli, eða hún söguð af, vegna þess að t. d. á alþingishúsinu og dómkirkjunni og á þessum ráðherrastólum líka er þetta, kórónan, og annað, sem minnir á konunginn, tákn þess, hvenær þessir hlutir voru gerðir, sem merki um það t. d., að þetta hús var reist í tíð ákveðins konungs og að dómkirkjan var endurbyggð í tíð ákveðins konungs og annað slíkt. En með því að taka þessi tákn burt væri verið að reyna að dylja það, sem ekki er ástæða til að dylja, að þessir hlutir eru frá vissu tímabili í sögu Íslendinga. Og okkar lýðveldi er alveg jafnöruggt þrátt fyrir þessi gömlu merki. Og þess vegna finnst mér ástæðulaust að amast við þessu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að kórónan á ráðherrastólunum sé ekkert annað en sögulegar minningar, sem ég tók fram, að ég sjái ekki nokkra minnstu ástæðu til að amast við, enda hélt ég því ekki fram í ræðu minni áðan, að þessi tákn beri að afnema. Ég tel, að slíkar sögulegar minningar eigi einmitt ekki að afnema. Ég mundi síður en svo vilja láta taka kórónuna af framhlið þessa húss og afnema hana út af þeim misskilningi, að hægt væri að slá með því striki yfir þá staðreynd, að Íslendingar hafa lotið Danakonungi. — En það hefur þegar borið nokkuð á slíkri tilhneigingu til þess að afnema ýmsa þætti úr sögu Íslands. Mér virðist, þegar legsteinn Páls Stígssonar er tekinn úr Bessastaðakirkju, að þar sé um tilraun að ræða til þess að fjarlægja minninguna um hinn óviðkunnanlega þátt úr menningarsögu staðarins. Ég hefði talið, að legsteinn Magnús-

ar Gíslasonar og legsteinn Páls Stígssonar hefðu báðir átt að vera kyrrir á Bessastöðum til minningar um þær dekkri og bjartari hliðar þessa sögustaðar. Sama segi ég um þær minningar, sem eru á þessu húsi um hið danska konungsvald hér á landi, að ég held ekki, að hin minnsta ástæða sé til þess að hagga við þeim.

Í því, sem hæstv. ráðh. sagði um það atriði ræðu minnar, að ég teldi óviðkunnanlegt, að Íslendingar sæktu um viss hlunnindi í Danmörku, sem þeir hefðu notið samkvæmt sambandslögunum, virtist mér hann leggja áherzlu á það í sínu svari, að hann héldi, að Danir mundu ekki veita slík réttindi sér í skaða. Það var alls ekki hagur Dana, sem ég bar fyrir brjósti, heldur hitt, að mér fyndist ekki sæmandi Íslendingum að sækja um fyrirgreiðslur samkvæmt lögum, sem þeir teldu sjálfir úr gildi fallin. Það er kannske ekki hægt fyrir íslenzk stjórnarvöld að standa í vegi fyrir slíku. En mín skoðun er, að þetta sé óviðkunnanlegt, eftir að Íslendingar líta þannig á, að sambandslögin séu ekki í gildi, hvorki einn né neinn stafur í þeim.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

---

43. Almannatryggingar (frv. meiri hl. heilbr.- og félmn. Nd.).

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar [83. mál] (þmfrv., A. 141).

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 141, 142).

Frsm. (Helgi Jónasson): Þetta frv. hér á þskj. 141 er flutt samkvæmt ósk hæstv. félmrh. og var sent til heilbr.- og félmn. Nd. fyrir skömmu. N. varð ekki sammála um flutning þess, og einn nefndarmaður, hv. 2. landsk., tekur ekki þátt í flutningi frv. og skilar sérstöku nál. á þskj. 142.

Þetta frv. er mjög skylt því frv., sem flutt var á síðasta Alþ. á sama tíma árs, og fer það fram á að fresta framkvæmd III. kafla almannatryggingalaganna, um heilsugæzlu og heilsuvernd. Og frv. þetta má heita óbreytt frá því frv., sem flutt var um þetta efni í fyrra og var samþ. á því þingi. Aðeins eru tvær breyt., sem eru nýmæli í þessu frv., þ. e. 4. tölul. í 1. gr. frv., sem er á þá leið, að ríkisstj. er heimilt að ákveða, að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra. Í lögunum er gert ráð fyrir, að einungis þeim giftum konum, sem vinna utan heimilis, verði veitt þessi fríðindi, en ekki giftum konum, sem vinna á heimilunum. Hér er gert ráð fyrir, að sömu reglur verði látnar gilda um allar konur í þessu tilliti, meðan lögin gilda, sem frv. er um. — Í 6. gr. er einnig sú breyt. gerð, að þar er ákvæði um, að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að fella niður af iðgjöldum atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943. Iðgjöld atvinnurekenda voru á árinu 1947 miðuð við fjölda vinnuvikna 1946, iðgjöld 1948 miðast við vinnuvikur 1947 o. s. frv. Þykir rétt, að þau atvinnufyrirtæki, sem hætta atvinnurekstri, fái endurgreitt sem því svarar, sem þau greiddu á árinu 1946 í slysatryggingaiðgjöld.

Svo er ákveðið í 14. tölul. 1. gr., að heildarendurskoðun almannatryggingalaganna skuli lokið fyrir 1. okt. 1949. — Eins og kunnugt er, hefur verið sótt mjög fast á með það að fá endurskoðun þessara laga fram, og á því er full þörf. Sú endurskoðun er nú hafin. Og ákveðið er með þessu frv., að henni skuli vera lokið fyrir 1. okt. 1949.

Aðrar sérstakar breyt. er hér ekki um að ræða. Skýringar eru hér í grg. um efni frv., sem hv. þm. geta kynnt sér, og hef ég því ekki fleiri orð um þetta frv., en óska þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. Það er flutt af meiri hl. nefndar, og því er ekki ástæða til að vísa því þangað aftur að umr. lokinni. Ég vil óska þess, að hæstv. forseti hraði afgreiðslu þessa máls svo sem unnt er gegnum hv. þd., því að það þarf að fá staðfestingu sem lög fyrir jólaleyfið.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 142 ber með sér, gat ég ekki fylgt hv. samnefndarmönnum mínum að málum, að því er snertir flutning og fylgi við þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. eða félmrn. hefur óskað, að heilbr.- og félmn. flytti. Allir nefndarmenn, að mér undanskilinni, féllust á að flytja þetta frv. og mæla með samþykkt þess. Ég varð frv. andvíg sem heild, þ. e. a. s. fyrsta lið þess, sem er megintilgangur þess, eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat um áðan, en það er frestun á III. kafla almannatryggingalaganna, um heilsu-

gæzlu og heilsuvernd. Og það er það atriði, sem andstaða mín gegn frv. byggist á. — Um aðra liði þess er það að segja, að flest af því er til bóta, og mun ég, ef svo fer, að 1. liðurinn verður samþ., greiða öllum hinum liðunum atkv. mitt, að undanskildum 8. lið, sem ég mun greiða mótatkv., en 8. liður 1. gr. frv. er á þá leið, að iðgjöld skuli innheimt með hærri vísitölu heldur en lög mæla fyrir, sem ég tel óviðfelldið og óeðlilegt. (*HelgJ:* Það er skylda að greiða ellí- og örorkulífeyri með 315 stiga álagi.) Hækkunin er fest með dýrtíðarlögunum, þó að þessi liður yrði felldur niður.

Þá er 4. tölul. 1. gr. frv., sem mælir svo fyrir, að tryggingastofnuninni skuli vera heimilt að greiða giftum konum sjúkrabætur, þótt þær vinni ekki utan heimilis. Að þessu er mikil réttarbót, því að oft er það svo, ef húsmóðirin veikist, þá neyðist maðurinn til þess að vinna heimilisstörf og annast barnagæzlu og hjúkrun, auk þess sem það er mjög ósanngjarnt að vanmeta svo störf húsmóðurinnar, að þau séu ekki bótaskyld í veikindum. En þessa réttarbót og margar aðrar, sem í frv. felast, er mjög auðvelt að lögfesta án þess að fresta um leið framkvæmd III. kaflans, og það alveg jafnt, þó að Tryggingastofnunin hafi ávallt mjög eindregið mælt gegn öllum breyt. á lögunum, þannig að gerðar yrðu breyt. á þeim áður en heildarendurskoðun færi fram. Og sú afstaða Tryggingastofnunarinnar hefur vafalaust valdið mestu um það, hversu lítið hefur verið gert að því að flytja frv. um breyt. á lögunum og umbætur á þeim. Og þetta ógeð Tryggingastofnunarinnar á breyt. á l. hefur verið svo mikið, að þeim, sem ekki væri kunnugt um upptök að frestun III. kafla laganna og ekki vissi, að þetta er frá Tryggingastofnuninni og ríkisstj. komið, hefði getað dottið í hug, að 4. liður 1. gr. frv. væri þangað settur til þess að menn freistuðust frekar þess vegna til þess að fylgja því ákvæði, sem er megintilgangur með frv. að setja, frestun III. kafla laganna, um heilsugæzlu. Og þeirri hugsun verður varla varizt, að svo hafi verið. Og það er víst, að þessi heimild í 4. liðnum gerir frv. miklu aðgengilegra en ella. En ákvæði 4. tölul. 1. gr. er auðvelt að lögfesta, þótt ekki sé frestað framkvæmd heilsugæzlukaflans, en á því frestunarákvæði byggist einmitt, eins og ég sagði áðan, andstaða mín við þetta frv., og það jafnt fyrir því, þó að ég fyrir ári síðan hafi stutt umyrðalaust áþekkt frv., sem einmitt hafði að geyma þessa sömu frestun um eins árs skeið. En það var vegna þess, að ég bjóst þá við, að fyrirmælum laganna yrði sinnt og lögin endurskoðuð í heild og að það mundi leiða til endurbóta og breyt. á heilsugæzlukaflanum. Þeirri endurskoðun er, sem kunnugt er, ekki lokið enn, og óvíst, hvort hún er hafin. (*HelgJ:* Hún er hafin.) A. m. k. eins og frv. barst nefndinni var ekki einu orði að því vikið, hvenær þeirri endurskoðun yrði lokið. Það voru nefndarmenn í hv. heilbr.- og félmn., sem settu inn í frv. þetta ákvæði um, að endurskoðuninni skyldi verða lokið fyrir 1. okt. 1949. (*HelgJ:* Það var till. frá ríkisstj., að endurskoðuninni yrði lokið fyrir árslok 1949.) Ég bið afsökunar. — Nú fer því víðs fjarri, að ég sé ekki enn sem fyrr sannfærð um nauðsynina á endurskoðun og endurbótum á heilsugæzlulögunum. Hvort tveggja er óhjákvæmilegt, því að á þessu eru miklir annmarkar, og til þess að lögin komi að fullum notum, verður að endurbæta þennan kafla l. Auk þess verður að koma skipulagi á þau mál, sem sé meir í samræmi við bolmagn sveitarfélaga og ríkisheildar heldur en gert er í löggjöfinni, eins og hún nú er. Þegar þau lög voru sett, var víst meira hugsað um að flaustra af lagasetningu, sem gæfi fyrirheit um heilsufarsleg hlunnindi, en minna hugsað um, hvernig fara ætti að því að standa við þau fyrirheit, þegar til efndanna kæmi. Og síðan hefur af ríkisstj. hálfu lítið orðið vart áhuga á endurskoðun heilsugæzlukaflans, að því undanteknu að skipa Sigurð Sigurðsson yfirlækni heilsugæzlustjóra, sem er hinn mesti ágætismaður, sem ég treysti manna bezt til að hafa þetta starf með höndum, svo framarlega þó, að eitthvað verði aðhafzt annað en slá því máli á frest og taka ekki mark á till. Sigurðar Sigurðssonar. Ég er andvíg því að fresta frá ári til árs framkvæmdum þessa kafla, vegna þess að ég er yfirleitt á móti þeim vinnubrögðum að setja lög og framkvæma þau svo ekki, þegar frestunin er að ástæðulausu, því að ekki sé ég neitt, sem mælir með slíkum aðförum, en margt mælir því í gegn að rjúfa fyrirheit, sem fólki hefur verið gefið með lögum frá 1946 og almenningur hefur greitt fé fyrir. Og því síður er ástæða til að fresta framkvæmd þessa kafla laganna, ef áframhaldandi aukakostnaður er í sambandi við þetta, sem frestað er, sem er ekki mikill, en þó það, sem fólk munar nokkuð um, 210 kr. á ári fyrir hjón og nokkru minna fyrir einhleypt fólk, og sveitarfélög hafa kostað til vegna þessa kafla um 2 millj. kr. Og fjármagn Tryggingastofnunarinnar mun vera talsvert, eftir því sem stendur í grg. frv. . . . En 8. lið er ætlað að jafna þann halla með vísitölu í 310 stigum. Þá tel ég og varhugavert að hika við framkvæmdir af ótta við erfiðleikana, sem hljóta að mildast, en þeir minnka bara ekkert við biðina. Hér vantar allt til að framkvæma l. Það vantar nægilega marga lækna og hjúkrunarkonur. Og væri fróðlegt að vita um hjúkrunarkvennaskólann varðandi heilsugæzlulögin. — Skattalöggjöfin er ósanngjörn í garð giftra kvenna. Þegar tekjur þeirra bætast við tekjur mannsins, verða úrslitin þau, að þau bera minna úr býtum. — Þá þurfa að koma heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar, og í l. frá 1946 er gert ráð fyrir því, að þeim sé komið upp fyrir árið 1951. Það er þó eigi skýrt tekið fram. Er ólíklegt, að þær framkvæmdir verði hafnar, ef framkvæmd III. kaflans verður enn frestað. Auk þess þarf líka að breyta l. um styrk til sjúkrahúsabygginga, ef sveitarfélögin eiga að geta færzt þetta í fang. Verður fróðlegt að heyra úrslitin um mál hv. þm. A-Húnv. Eini kaflinn, sem hægt er að hefja framkvæmdir á, er um sjálfa sjúkrahjálpina. Hitt er mikilsverðara, að heilsugæzlan taki sem fyrst til starfa. Nú er engan veginn lítið úr því ger-

andi að hjálpa sjúkum mönnum og draga úr þjáningum þeirra, en hitt ætti að telja mikilvægara, að menn haldi heilsunni. Lokatakmarkið ætti að vera að skapa þau skilyrði, að fólk geti verið heilbrigt, en því verður eigi til vegar komið að fullu nema í ríki sósialismans. Hvað sjálfa heilsuverndina snertir, þá væri hægt að halda áfram á svipaðan hátt og hingað til, þó að l. kæmu til framkvæmda þegar þ. 1. jan., en heilsugæzlustarfsemin að öðru leyti gæti gert mikið gagn. Það er t. d. á allra vitorði, að berklavarnastarfið hefur komið miklu til leiðar. Allar líkur benda til, að ef III. kaflinn kæmi strax til framkvæmda, væri mjög hægt að draga úr berklasýkingarhættunni. Berklavarnastöðin mun eigi ná til allra fyrr en heilsugæzlulögin koma til framkvæmda, þó að hún geri nú gagn. Þá hefur ungbarnaverndin eigi síður gert mikið gagn í 20 ár. Á hún vafalaust mikinn þátt í, að Ísland hefur þrisvar sinnum haft lægstan ungbarnadauða í veröldinni. Það er þó mjög hætt við því, verði frv. þetta samþ., að svo fari, að sveitarfélögin hiki við að leggja út í þær byggingar, er um ræðir. — Ég er m. ö. o. á móti 1. liðnum og þeim 8., en er samþykk öllum hinum liðunum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég vekja athygli á því, að þ. 23. marz s. l. var samþ. þingsályktun á Alþingi um lækkun áhættuiðgjalda til Tryggingastofnunar ríkisins, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerð frá 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl., samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, þannig að iðgjöld lækki að mun í þeim áhættuflokkum, þar sem reynslan hefur þegar leitt í ljós, að þau eru óeðlilega há, og komi lækkun þessi til framkvæmda við innheimtu þessara gjalda á árinu 1949."

Ég leyfi mér nú að beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl. n., hvort búið sé að breyta þessari reglugerð. Mér skilst, þar eð hún á að gilda frá ársbyrjun 1949, að þá hljóti þetta að verða gert fyrir áramót. Nú er kominn desembermánuður. Ætti þá að vera búið að semja þessa reglugerð. Ég fékk þær upplýsingar í haust, að á árinu 1947 hafi samanlögð upphæð áhættuiðgjalda fyrir árið 1947 numið 5—6 millj. króna skv. 113. gr. l. 1946. En tekjuafgangur hjá deild þeirri, sem með þetta fer, mun um 4 millj. kr. Af þessu sést, sé þetta rétt, að þá hefði orðið töluverður ágóði, jafnvel þótt iðgjöldin hefðu verið helmingi lægri. Ég vil því óska, að hv. frsm. meiri hl. n. gefi upplýsingar um þetta, ef hann getur.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég er sammála því, að æskilegt hefði verið að koma l. í framkvæmd um heilsugæzluna. En hlálegt þykir mér, að þessi hv. þm. (2. landsk.) skuli vera að tala um þetta. Það stóð í grg. frv., að eigi hefði náðst það samkomulag við hlutaðeigandi aðila, sem þörf væri á. Svo mikið bar á milli, að talið hefur verið því sem næst ókleift að tala við þá. En játa skal, að nú fari að verða hægt að ræða málin, þegar Sigurður Sigurðsson er orðinn aðili í málinu. Læknarnir eiga því sinn þátt í því, að erfiðlega hefur gengið um heilsugæzluna.

Það hefur mjög verið rætt um það, að l. væru flausturslega úr garði gerð. Vil ég geta þess að gefnu tilefni, að ég benti á það árið 1946, hve l. væru hirðuleysislega samin, og yrði að bíða með framkvæmd þeirra og endurskoða þau nánar. Þetta er hv. þm. kunnugt, sessunaut mínum. Allt var fellt, er til úrbóta horfði, og eru l. því stórgölluð, þó að fari í rétta átt. Þau hafa og verið átalin. Það er ólíklegt, hversu mjög var reynt s. l. ár að sníða ágalla l. af og vinna sigur á misréttinu. En hlutur tryggingaráðs er þó eftir enn. Ég játa, að þetta hefði verið æskilegt, en langt er í frá, að það sé hægt, og heilsugæzluna skortir starfskrafta. Í gær var því og lýst yfir, að starfslið vantaði við fæðingardeildina. Þó að ríkissjóður gæti komið upp byggingum, þá er ekki hægt að starfrækja þær sökum skorts á hjúkrunarkonum og e. t. v. líka læknum, sem heilsugæzlan krefst. Það eitt er því næg ástæða til frestunar. Margt er það, sem athuga þarf. Og ég játa, að þetta hefði vissulega verið til bóta, en ástæður verða bara að vera fyrir hendi að koma stofnununum upp.

Þá minntist hv. þm. á vísitölu í 310 stigum við útreikning iðgjalda, en skv. l. er gert að skyldu að greiða lífeyri með 315 stiga álagi. Veit hv. þm. þetta ekki? En raunar verður að heimta iðgjöldin inn með hærri vísitölu en 315, þó að hér sé aðeins farið fram á 310 stig. Það er því eigi hægt að greiða með fleiri vísitölustigum, og getur það svo til gengið í um það bil 1 ár.

Ég man nú ekki eftir, hvort taka þarf fleira fram varðandi ræðu hv. 2. landsk. Þetta mun vera aðalinntakið.

Skv. ræðu hv. þm. V-Húnv. um reglugerðina, þá er rétt, að verið er að undirbúa hana, en eigi er hún fullsmíðuð enn. Álögð iðgjöld árið 1947 voru 4,7 millj. króna, og búast má við, að eitthvað af þeirri fjárhæð komi ekki inn. En í dag er búið að greiða bætur, sem nema um 1.35 millj. króna. Tekjuafgangur verður því ca. 3.4 millj. króna — á pappírnum. En slíkar bætur eru lengi að berast, og skýrslur utan af landi geta verið lengi á leiðinni. Er t. d. ekkert afgr. fyrir árið 1948. Fjöldi manns veit heldur eigi fyrsta árið, hvernig á að haga sér til að biðja um bætur. Gera má því ráð fyrir, að stórar upphæðir eigi eftir að bætast við, og getum við áætlað eitthvað, t. d., að afgangurinn 1947 verði tæp milljón króna. Við verðum að gá að því, að eftir 1 ár er ekki unnt að gera áætlun til langs tíma. Lagt var fyrir Alþ. í fyrra frá hv. allshn. yfirlit um tekjur og gjöld um 20 ára skeið. Iðgjaldatölurnar eru þar mjög mismunandi, sum árin 70—80% af tekjum, en önnur árin lægri. En árið 1947 hafa iðgjaldavikurnar verið betur taldar fram. Áður var það svo, að atvinnurekendur gáfu upp viknafjöldann. Urðu ýmiss konar vanhöld á í því efni. En síðustu árin hefur verið farið eftir skattaframtölum, og það hefur reynzt betur. Í sambandi við það eru gjaldaákvæðin of há. Núna mun óhætt að segja, að ákveðið sé að lækka iðgjöld trygging-

anna. Eigi er hægt að segja til um, hversu miklu lækkunin komi til með að nema á hvern flokk, en heildarlækkunin verður um 25%. Um sjúkratrygginguna er það að segja, að hún hefur mjög staðið í járnum. Við vitum, að áraskipti eru að því, hversu tryggingunum vegnar. Og nauðsynlegt er að eiga gilda sjóði til að mæta erfiðleikunum, er að höndum ber, þótt á hinn bóginn sé vitað mál, að á meðan atvinna er næg í landinu og fólk fær ýmisleg störf á hendur í stað annarra, sem það missir eða getur eigi innt af hendi, þá mæðir ekki mjög á tryggingunum. En allt verður erfiðara, þegar að þrengir. Undanfarandi ár hefur verið hér mikið góðæri, næg vinna fyrir gott kaup. Hefur þá verið minna sótzt eftir smávægilegum bótum. En þetta getur breytzt, og verður því að gæta hófs um lækkun iðgjaldanna.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd eða leiðrétting, sem ég vildi koma á framfæri, leiðrétting á slæmri missögn, sem hv. 1. þm. Rang. varð á að grípa til sem varnarraka fyrir frestun heilsugæzlulaganna. Í fyrri ræðu sinni sagði hv. þm. það, sem rétt var, að frv. væri flutt skv. ósk félmrn., en gaf ekki frekari skýringar á því, hvað þeirri ósk ylli. En í síðari ræðu hv. þm. kom það á daginn, að það var Tryggingastofnun ríkisins, sem þar stóð á bak við, og ástæðan til þess, að ekki væri hægt að hefja framkvæmd heilsugæzlulaganna, átti að vera sú, að ekki hefðu náðst samningar milli Tryggingastofnunarinnar annars vegar og mín og minna stéttarbræðra hins vegar. Hv. þm. hefur víst í svipinn gleymt, að hann var sjálfur meðlimur í þessum félagsskap. Hann hefur aðeins munað, að hann varð að finna einhverja frambærilega ástæðu til frestunar á framkvæmd þeirra l., sem hann að vísu sagði, að mundu koma ýmsu góðu til leiðar, þótt þau væru flausturslega samin og sett, og er ég honum sammála um það atriði. En það er ekki til fyrirmyndar að setja góð lög og fresta svo framkvæmd þeirra að ástæðulausu, því að ástæður hv. þm. eru ekki til. En þeir misstíga sig oft, sem aftur á bak ganga, og ef til vill er það ástæðan til skrökvarna hv. þm. Tryggingastofnunin hefur ekkert við okkur lækna talað, og það var hv. þm. fullkunnugt um, en þegar liða tók að því, að framkvæmdir skyldu hefjast skv. heilsugæzlulögunum, þá skrifuðu læknar tryggingaráði og sendu því uppkast að samningstilboði. Því bréfi hefur ekki verið svarað, og yfirleitt hefur tryggingaráð ekki viljað við lækna tala. Heimild í l. frá 1946 um, að heilbrmrh. geti sett læknum gjaldskrá, ef ekki næst samkomulag, hefur heldur ekki verið notuð, og það var að heyra á hv. þm., að það væri ekki heldur áformað að nota þá heimild, og skýringin á því var sú, að nú hefði Sigurður Sigurðsson verið skipaður heilsugæzlustjóri, svo að hann með vinsældum sínum gæti unnið bug á óbilgirni stéttarbræðra okkar. Mér er nú nær að halda, að Sigurður Sigurðsson hafi fremur verið skipaður í þetta embætti vegna áhuga síns og kunnáttu á þessum málum, og ég held enn fremur, að hann líti á heilsugæzluna sem sitt aðalviðfangsefni, og ég efast ekki um, að Sigurður Sigurðsson gangi með lipurð og kurteisi til samninga við hvern sem er, en það er meira en hægt er að segja um tryggingaráð. Ég áfellist ekki tryggingaráð sem heild, þótt einn meðlimur þess skýri rangt frá staðreyndum, en ég áfellist það fyrir að svara ekki skrifum, sem miða að því, að góð samvinna náist milli þess og lækna, þegar heilsugæzlulögin taka gildi. Reyndar var á hv. 1. þm. Rang. að heyra, að engar líkur væru á því í bráð. Hann taldi upp fjölda atriða, sem skorti, til þess að svo mætti verða, svo sem skort á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og hjúkrunarliði. Og það er rétt, að l. verða ekki framkvæmd, svo að í lagi sé, ef þetta vantar, en það er hægt að hefja framkvæmdirnar nú þegar, og það er spor áfram, en hitt er spor aftur á bak að hika og ganga á gefin loforð um framkvæmd laganna.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við byrjun þessarar umr. og gat því ekki hlustað á, hvað þá var fram flutt af hv. félmn., en hún er, eins og fram hefur komið, klofin um málið, þar sem meiri hl. vill samþ. frv., en minni hl., hv. 2. landsk. þm., vill fella það. Ég veit ekki gerla, hvað fram hefur komið í umr., en mér þykir rétt að gera grein fyrir aðdraganda málsins, þar sem það heyrir undir það ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu.

Eins og kunnugt er, var samþ. á síðasta þingi að fresta til ársloka þessa árs heilsugæzlukafla tryggingal., og voru hv. þm. almennt um það sammála. Það, sem meðal annars olli því, að frestað var framkvæmd l. síðast, var það, að örðugt reyndist þá að ná samkomulagi milli Tryggingastofnunar ríkisins og félagsskapar lækna um taxta, sem læknar færu eftir við framkvæmd l. Ég geri því ráð fyrir því, að það, sem hefur valdið því, að hv. 1. þm. Rang. taldi þetta ástæðu til frestunar á framkvæmd l., eigi að verulegu leyti rætur sínar að rekja til þeirrar reynslu, sem fékkst í fyrra. Hitt er rétt hjá hv. 2. landsk., að varla hefur verið leitað hófanna um þetta í ár. Þótt ástæða sé til að ætla, að örðugt muni reynast að ná samkomulagi milli þessara aðila, þá mátti hugsa sér að fara þá leið, að heilbrmrh. gæfi út taxta í stríði við læknana. En um það vil ég engu spá, hvort samkomulag næst eða hvort ráðh. mundi gefa út taxta í átökum við læknana. En vel minnug þess og með hliðsjón af því, sem gerðist í fyrra, þá óskaði ríkisstj. að fresta framkvæmd þessa kafla l. um eitt ár enn. Eftir að ég hafði rætt um málið við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og hann taldi örðugt að ná samkomulagi við lækna, þá var málið aftur rætt af mér, heilbrmrh. og fjmrh. við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, Sigurð Sigurðsson tryggingayfirlækni og formann tryggingaráðs, Gunnar Möller. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú,

að við töldum rétt að fresta framkvæmd l. um eitt ár enn, og skrifaði félmrn. Tryggingastofnuninni bréf og óskaði þess, að tryggingaráð undirbyggi frv. til l. um þessa frestun. Tryggingaráð samþykkti einróma, að þótt það kysi helzt, að l. kæmu til framkvæmda um þessi áramót, þá vildi það starfa að undirbúningi þessa lagafrv., og samdi síðan frv., sem hér var svo flutt af heilbr.- og félmn. Þetta er forsaga málsins, sem ég taldi rétt að skýra hér frá og hefði gert það þegar í upphafi umr., ef ég hefði átt þess kost að vera viðstaddur þá.

Um málið almennt vildi ég segja það, að æskilegast væri, að l. gætu sem fyrst komið til framkvæmda, en ég álít það rétt, sem fram hefur komið hjá hv. 1. þm. Rang., og raunar hv. 2. landsk. líka, að framkvæmd l. komi ekki að tilætluðum notum fyrr en fleiri sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar eru í landinu heldur en nú er, því að eins og alkunnugt er, er á þessu mjög mikill hörgull, sérstaklega þó hér í höfuðborg landsins. Að þessu er stefnt og á að stefna að mínu viti, og vænti ég þess, að langur tími líði ekki, áður en hægt verði að byrja á framkvæmdum í þessum efnum. Þetta er sú framtíðarlausn, sem lá til grundvallar III. kafla alþýðutryggingalaganna, kannske að verulegu leyti, og höfuðeinkenni þess kafla er að hrinda í framkvæmd nýjum sjúkrahúsum og heilsugæzlustöðvum, svo að hægt verði að hafa heilsugæzluna í landinu miklu fullkomnari en nú er. Á því er áreiðanlega mikil þörf. Hitt er aftur á móti spurning, þegar litið er á afstöðu einstaklinganna til gjalda þeirra fyrir tryggingarnar, eins og nú er, og það, sem einstaklingarnir fá í aðra hönd fyrir gjöldin, hvort affarasælla er, miðað við ástandið eins og það yrði framkvæmt samkvæmt III. kafla laganna eða ástandið, sem nú er í þessum efnum. Á það er að sjálfsögðu litið af hálfu ríkisstj., að með framkvæmd heilsugæzlukaflans hefði ríkið orðið að leggja af mörkum 3½ millj. kr. í auknum fjárframlögum, sem á þeim tímum, sem nú eru, er talsvert örðugt viðfangsefni fyrir ríkissjóð. Hins vegar hefðu sparazt útgjöld af hálfu sveitarsjóðanna, sem hefðu numið rúmlega 2 millj. kr., við framkvæmd þessa kafla, en aukinn kostnaður á opinberu fé hefði alltaf orðið rúmlega 1 millj. kr. Þessi auknu útgjöld voru að sjálfsögðu mjög þung röksemd af hálfu ríkisstj. En þegar á það er litið, eins og ég drap á áðan, hvernig ástandið er með réttindi og skyldur einstaklinganna í landinu snertandi sjúkratryggingar og aðrar tryggingar yfirleitt, þá er vafasamur hagnaður einstaklingsins, þó að um yrði breytt. Eins og það er nú, miðað við Reykjavík, greiðir ógiftur maður í tryggingagjöld 350 krónur á ári og í sjúkrasamlagsgjald eftir taxta sjúkrasamlagsins í Reykjavík 15 krónur á mánuði, eða á ári 180 krónur, og nemur því upphæðin, sem hann greiðir, alls 530 krónum. En ef heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda, mun hver einstaklingur þurfa að borga til trygginga 445 krónur á ári. Sparaðist þá, hvað gjöld snertir, fyrir hvern einhleypan mann, miðað við Reykjavík, 85 krónur á mánuði. Þessi yrði sparnaðurinn í beinum útgjöldum eða fjárframlögum til trygginganna sjálfra. Svo er önnur hlið á þessu máli, sem breytist nokkuð, þegar heilsugæzlukaflinn kemur til framkvæmda. Áður en ég vík að því, skal ég geta þess, að þar sem sjúkrasamlagsgjöldin eru ekki meira en 8—9 krónur á mánuði, þá yrði sparnaðurinn fyrir hvern einstakan enginn, miðað við það, þó að heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. Það, sem má líta á líka í sambandi við aðra hlið málsins, er þetta, að eftir reglum sjúkrasamlagsins í Reykjavík er venjuleg læknishjálp, og á ég þá við læknishjálp, sem ekki er sérfræðileg, greidd að fullu nú af sjúkrasamlaginu, en yrði ekki greidd nema að ¾ hlutum, þegar heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. Maður, sem verulega yrði að leita til venjulegra lækna, yrði ef til vill að greiða hærra en áður hefur verið, þegar heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. Þá má líta á það líka, að eftir reglum sjúkrasamlagsins í Reykjavík fær hver meðlimur greidda frá sjúkrasamlaginu ¾ hluta af venjulegum meðulum, en eftir að heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda, ekki nema helming. Miðað við nokkuð verulega meðalanotkun, yrðu því útgjöld einstaklingsins út af þessum málum talsvert hærri, ef þessi heilsugæzlukafli kæmi til framkvæmda, en nú er, miðað við starfsemi sjúkrasamlagsins í Reykjavík. Ég vildi benda á það, þegar umræður eru um þetta mál, að það er ekki víst, að þeir, sem verulega þurfa að leita lækna hér í Reykjavík, hafi aukin útgjöld, þó að þessar tryggingar starfi í tvennu lagi, annars vegar Tryggingastofnun ríkisins og hins vegar sjúkrasamlagið. Það er mikið vafamál og fer eftir heilsufari manna og því, hvort þeir þurfa mikið að leita læknis og kaupa meðul, hvort nokkur peningalegur ávinningur er að því, að heilsugæzlukaflinn komi til framkvæmda. Hitt er höfuðatriðið frá mínu sjónarmiði og hinn mikli tilgangur III. kafla tryggingalaganna, að hrinda í framkvæmd öflugri heilsugæzlu í landinu með byggingu heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa, sem yrði til þess að bæta heilbrigðisástand þjóðarinnar. Þetta er að sjálfsögðu höfuðatriðið, og þetta er tilgangurinn með III. kafla þessarar löggjafar. Ég mun því sannarlega ekki, þegar til þess kemur og að svo miklu leyti, sem ég eigi um það að fjalla, draga úr því, að svo fljótt sem nokkur kostur yrði á yrði framkvæmdur III. kafli tryggingalaganna yfirleitt. En ég held, að það sé ekki ástæða til þess á þessu stigi málsins, eins og högum er háttað, að telja það, þó að þessu sé frestað á árinu 1949, að tekin séu lögleg réttindi af fólkinu í landinu. Þegar öllu er á botninn hvolft, er óvíst, hvað þau bráðabirgðaréttindi, sem fengjust með heilsugæzlulöggjöfinni, yrðu meiri í framkvæmdinni en réttindin eru, miðað við núverandi ástand. Það mun einnig hafa verið litið svo á, að þörf væri fyrir það, áður en til þessara framkvæmda kæmi, að fá meiri skilning læknastéttarinnar á Íslandi fyrir því, að þennan kafla þyrfti að framkvæma á þann veg, að honum yrði ekki ofþyngt með óeðlilega háum kröfum þessarar stéttar. Ég vildi mega vænta þess, að hv. 2.

landsk., sem telur sig hafa mikla félagshyggju, vildi að því vinna, að kollegar hennar í læknastéttinni vildu reyna að líta á málið með sem mestri sanngirni, og að sá tími, sem kynni að líða þangað til komið yrði í framkvæmd heilsugæzlukaflanum, yrði notaður vel til þess að ná viðunandi samningum út af taxta þeirra í sambandi við hina nýju skipan málanna. Ég hef heyrt það, að hv. 2. landsk. hafi í upphafi, þegar málið kom fyrir í félmn., ekki verið sérstaklega andvíg því, að þessi frestur yrði með framkvæmd laganna á árinu 1949, en þá hafi önnur öfl, sterkari en hv. 2. landsk., beitt þar áhrifum sínum.

Ég sé aðeins ástæðu til þess að skýra þetta með þessum almennu orðum og afstöðu ríkisstj. og þeirra ráðnuneyta, sem standa sérstaklega að þessum málum, skýra ástæðuna til þess, að stj. taldi rétt, eins og málið lægi fyrir, að fresta framkvæmd þessa kafla löggjafarinnar um eins árs skeið. Hitt vil ég svo benda á, að eins og tekið er fram í nál. minni hl. félmn. eru í 1. gr. frv. að finna aukin réttindi, sem áður voru ekki í tryggingalöggjöfinni. Ætti þetta þá að vera í augum þeirra manna, sem bæta vilja tryggingalöggjöfina og önnur ákvæði hennar en þau, er snerta heilsugæzlukaflann, nokkru ráðandi um afstöðu þeirra til þessara mála. Það er líka í frv., í niðurlagi 1. gr., ákvæði um, að reglulegri endurskoðun á allri löggjöfinni skuli vera lokið fyrir 1. okt. 1949, og tel ég það ekki óeðlilega ástæðu að fresta framkvæmd III. kafla laganna, þangað til fullnaðarendurskoðun hefur farið fram á allri löggjöfinni, endurskoðun, sem þá mundi einnig beinast að þessum kafla löggjafarinnar eins og öðrum köflum hennar, og mætti þá svo verða, að þessi kafli yrði eitthvað betur umbættur, áður en hann í fyrsta sinn kæmi til framkvæmda. Ég vil eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þar sem þetta mál þarf að vera afgr. fyrir 1. janúar. Ég vænti þess, að það þurfi ekki að vera mjög lengi í d., og það ætti að flýta fyrir því, að félmn. beggja d. hafa rætt málið, áður en það var lagt fram hér í d.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í upphafi þessarar umr. bar ég fram fyrirspurn um það, hvort búið væri að ákveða lækkun áhættuiðgjalda til Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 113. gr. l., samkvæmt því, er fyrir var lagt í ályktun síðasta Alþ., 23. marz s. l. Frsm. meiri hl. félmn. svaraði þessari fyrirspurn á þá leið, að enn væri ekki búið að setja nýja reglugerð um þessi áhættuiðgjöld. Hins vegar gat hann þess, að það mætti gera ráð fyrir, að lækkunin næmi, að því er mér skildist, 25% að meðaltali. Nú var mér það ekki alveg ljóst af orðum hans, hvort búið væri að slá þessu föstu, að lækkunin næmi nákvæmlega þessu að meðaltali, en ekki meiru. Vildi ég því óska eftir því, ef þetta er ákveðið, að það komi fram nú þegar við 1. umr. málsins. Hins vegar, ef þetta er ekki alveg ákveðið enn þá, vildi ég eindregið óska eftir því, að upplýsingar um þetta liggi fyrir við 2. umr., og ef unnt væri, að hægt væri þá að fá vitneskju um, hvað líði sjómannatryggingunum sérstaklega og hvort gera mætti ráð fyrir, að lækkun áhættuiðgjaldanna næmi þessum 25%, eða hvort lækkunin yrði meiri eða minni. Ég get búizt við því, að það fari eftir því, hvaða svör verða gefin við þessu, hvort hér verða bornar fram brtt. við þetta frv. um að ákveða einhverja lækkun í lögum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þegar rætt var um breyt. á lögum um almannatryggingar hér á Alþ. í fyrra, var því lofað, að endurskoðun laganna skyldi verða lokið áður en þetta Alþ. kæmi saman, sem nú situr. Þetta hefur ekki orðið eins og lofað var, enda er sagt hér í þessu frv., að heildarendurskoðun skuli hraða svo, að niðurstöður hennar verði afgreiddar til ríkisstj. fyrir 1. okt. 1949. Þetta þykir mér nokkuð langur dráttur og sérstaklega vegna þess, að það er vitað, að ýmsir vankantar eru á löggjöfinni, sem þarf að sníða af. Það hefur verið rætt um það á öllum fundum og mannamótum, þar sem þetta mál hefur verið til umræðu, hvað miklir vankantar séu á tryggingalöggjöfinni, og þess vegna er það alveg dæmalaust, hvað þessi dráttur er langur á því, að heildarendurskoðun fari fram á þessari löggjöf. Það er vitanlegt, að fyrst þetta ákvæði er sett hér inn í frv., að endurskoðun skuli ekki verða lokið fyrr en 1. okt. 1949, að lítið hefur verið að henni unnið fram að þessum tíma. Um þetta þýðir ekki að sakast. Ég tók eftir því við umr. hér um daginn, að það var talað um, að ársreikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1947 væru ekki enn komnir út, en þó að reikningarnir séu ekki til enn þá, þá hlýtur stjórn Tryggingastofnunarinnar að vita nokkurn veginn, hvaða útkomu árið 1947 gefur. Og mér þætti vænt um að fá svör við því, helzt við þessa umr., hvort ekki væru möguleikar á því að lækka iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. um meira en 25% á árinu 1949. Ég man það, að útkoman hvað þetta snerti fyrir árið 1946 var sérstaklega góð og mikill afgangur, og væri útkoman fyrir árið 1947 ekki lakari, þá ætti að vera fært að lækka þessi iðgjöld um allt að 40%, að mér skilst. Ég geri ráð fyrir því, að frsm. meiri hl. félmn. geti gefið upplýsingar um það, hvernig útkoman hefur verið á árinu 1947. (*HelgJ:* Ég gerði það á föstudaginn.) Þá er hér í 8. lið 1. gr. frv. lagt til, að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. skuli á árinu 1949 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig. Mér finnst þetta einkennilegt, þar sem alltaf er miðað við 300 vísitölustig í öllum kaupgreiðslum. Mundi það ekki nægja í þessu tilfelli einnig að miða við 300 stig, og mundi þá ekki einnig möguleiki til þess að lækka grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna, sem er tilfinnanlegt, eins og allir vita. Þetta þætti mér gott að yrði tekið til athugunar, og helzt vildi ég fá einhverjar upplýsingar um þetta atriði við þessa umr. málsins, ef þess væri kostur. Það er vitanlegt, að margir hafa í hyggju að flytja brtt. við frv., en hætta

við það, ef sannanir fást fyrir því, að raunverulega sé ekki hægt að genga lengra en gert er í frv. að öðrum ástæðum óbreyttum. Eins finnst mér það einkennilegt, að löngum tíma skuli vera eytt til þess hér, að svo komnu máli, að ræða um, hvort fresta skuli framkvæmd III. kafla laganna eða ekki. Ég hélt, að öllum væri það ljóst, að eins og nú standa sakir, er enginn möguleiki á því að láta þann kafla koma til framkvæmda. Þetta vildi ég taka fram um þessi efni og eins og áður er tekið fram helzt fá upplýsingar nú þegar.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal að þessu sinni ekki tefja umræðurnar mikið frá því, sem orðið er, því að ekki hefur neitt nýtt komið fram undir umræðunum, auk þess hefur hæstv. forsrh. tekið margt fram af því, sem ég vildi sagt hafa. Ég skal þá fyrst svara þeim, er síðast talaði, hv. samþingmanni mínum. Hann var með ýmsar fyrirspurnir til mín, en hann hefði að raunalausu getað sparað sér þær að mestu leyti, því að um flest það, sem hann spurði um, gaf ég upplýsingar um fyrr við umr. þessa máls, fyrir 2 dögum. Hv. þm. spurði um það og fannst það mjög óeðlilegt, að innheimta iðgjalds samkvæmt 107. gr. skuli vera með 310 vísitölustigum, en ekki með 300 stigum, eins og lögbundið er. Þá er því til að svara, eins og ég gat um í síðustu ræðu minni, að í dýrtíðarl. frá 1947 er Tryggingastofnuninni gert að skyldu að greiða elli- og örorkulífeyri með vísitöluálagi 315 og auk þess heimilað að innheimta gjöldin með sama vísitöluálagi, en Tryggingastofnunin taldi sér fært nú á næsta ári að lækka vísitöluálag gjaldanna um 5 stig, og skil ég varla, að hv. þm. lasti það. Hitt má öllum hv. þm. vera ljóst, að hjá Tryggingastofnuninni, ekki síður en öðrum fyrirtækjum, þá verða tekjurnar, ef vel á að fara, að hrökkva fyrir útgjöldunum. En Tryggingastofnunin vildi lækka innheimtukostnaðinn um þessi 5 stig og gerir sér vonir um, að það muni vera fært. Þá virðist hv. þm. vera undrandi yfir því, að reikningar Tryggingastofnunarinnar fyrir 1947 skuli ekki liggja fyrir enn þá. Það er nú svo, að alla, sem eitthvað skynbragð bera á slíkan rekstur, undrar slíkt ekki, því að þessu er þannig varið, að enn þá eru að berast svo að segja daglega til Tryggingastofnunarinnar ýmsir stórir útgjaldaliðir víðs vegar að af landinu og munu hada áfram að berast eitthvað fram á næsta ár. Tryggingarnar eru svo nýjar hjá okkur, að fjöldi fólks er ekki farinn að átta sig á því til fulls, og það dregst svo ótrúlega lengi, að fólk sendi nauðsynleg skilríki viðvíkjandi ýmiss konar bótum, sem það á rétt á samkvæmt l. En Tryggingastofnunin áleit ekki fært að vera mjög ströng í þessum efnum í byrjun og hefur því tekið til greina umsóknir, þótt þær kæmu miklu seinna en æskilegt er og l. gera ráð fyrir. Og hv. þm., sem vita, hvernig það gengur með ríkisreikningana, ætti ekki að undra, þótt reikningar Tryggingastofnunarinnar fyrir s. l. ár liggi ekki fyrir enn þá. — Sami hv. þm. var eitthvað að tala um svik í sambandi við endurskoðun tryggingalöggjafarinnar. Hann hélt því fram, að lofað hefði verið að ljúka endurskoðun l. fyrir það þing, er nú situr. Þetta er alrangt. Í viðaukal., sem samþ. voru á Alþ. fyrir ári síðan, var tekið fram í 1. gr., 12. tölul., að heildarendurskoðun l. skuli hafin á síðari hluta ársins 1948. Þetta hefur verið gert. Endurskoðun l. er hafin, en vitanlega ekki lokið því lokið enn þá, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að endurskoðuninni verði lokið fyrir 1. okt. 1949. — Viðvíkjandi líkum á því að lækka áhættuiðgjöldin á næsta ári, þá er því að svara, að ég lýsti útkomunni á árinu 1947, eins og unnt er að áætla hana, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, fyrr við umr. málsins, og vísa ég til þess, og hv. þm. hefði getað sparað sér þessa fyrirspurn eins og hinar, hefði hann haft tíma til þess að hlusta á umr. þær, er þó fóru fram hér í þessari hv. d.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. skal ég taka það fram, að Tryggingastofnunin hefur fullan hug á því að lækka áhættuiðgjöldin í iðntryggingunni. Hefur verið rætt um það í iðntryggingaráði að lækka iðgjöldin að jafnaði um 25%. Þetta er ekki afgert enn þá. Það er til umræðu, og vænti ég þess, að áður en frv. verður afgr. úr þessari hv. d., þá liggi það endanlega fyrir, hvað iðgjöld hvers einstaks áhættuflokks verða lækkuð.

Ég skil ekkert í því, að kollega minn, hv. 2. landsk. þm., skuli vera að gera tilraun til að færa mál mitt til verri vegar. Ég bjóst hreint ekki við, að hún færi að snúa út úr orðum mínum. Maður er nú samt farinn að þekkja hana dálítið að því, að hún er ekki svo ákaflega nákvæm í málfærslu sinni. Henni hættir til að láta menn segja það, sem hún vildi sjálf, að þeir hefðu sagt, til þess að geta ausið úr skálum reiði sinnar yfir þá. Það er óþarfi fyrir þennan hv. þm. að bera mér á brýn eða tryggingaráði, að við séum sérstaklega vondir við læknana. Ég vildi biðja hv. þm. að kynna sér gang þeirra mála og athuga, hvað læknarnir bera úr býtum, til þess að sjá það sjálf, hvort við höfum verið vondir við þá. Læknar þurfa að sýna þessari löggjöf fulla sanngirni, því að hún getur verið góð, bæði fyrir okkur og þjóðina. Við ættum heldur að taka höndum saman til þess að hafa áhrif á okkar stéttarbræður, svo að þeir sýni þessari stofnun fulla sanngirni. Ég er alveg ófeiminn við að taka það fram hér, að mér hafa oft þótt læknar of ósanngjarnir í viðskiptum sínum við þessa stofnun. Hv. þm. hættir við rangfærslum og þarf hún eigi að bregða mér um hið sama. Og ég held, að henni væri hollt að kynna sér allan gang málanna. Við vitum bæði, að reynt var að komast að samningum milli heilbrigðisstj. og lækna á síðastliðnu hausti. Hv. þm. veit vel, hvernig fór: að svo mikið bar á milli, að engin von var til þess, að samningar tækjust. En hv. 2. landsk. hlýtur að vita, að til þess að hægt sé að framkvæma III. kafla l., þarf fyrst og fremst að ná samkomulagi við læknastéttina. Frá læknunum hefur engin ósk komið til Tryggingastofnunarinnar um áframhaldandi samninga á þessu ári. En vel má vera, að nú

megi komast að samningum við læknana. Ég sagðist vona, að þar eð Sigurður Sigurðsson væri nýr starfsmaður hjá Tryggingastofnuninni, þá mundi hann hafa bætandi áhrif á læknana. Og við skulum báðir vona, að III. kafli l. geti orðið til gagns með nýjum heilsuverndarstöðvum, sjúkrahúsum og lækningastöðvum. En við vitum líka, að þá er rætt var um annað mál, sem sé fæðingardeildina, hér á hæstv. Alþ. fyrir fáum dögum, þá var því lýst yfir, að hún gæti m. a. ekki tekið til starfa nú vegna skorts á hjúkrunarfólki. — Þarfnast mál þetta undirbúnings, og er tekið fé frá til þess á hverju ári, svo að milljónum króna nemur. Verður að framkvæma kaflann smám saman, eftir því sem fært þykir. Skulum við vona bæði, að hann nái fram að ganga. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., sem hann tók fram hér áðan, að einstaklingar á 1. verðlagssvæði bera síður en svo skarðan hlut frá borði, þó að iðgjöld þeirra séu hærri, því að þeir fá önnur friðindi í staðinn, því að þeir verða að borga fjórðungsgjöld til lækna, þegar III. kafli kemur til framkvæmda, og fá lyfin ekki greidd nema að hálfu leyti. Hér er því eigi um það að tala, að þeir séu persónulega beittir óréttlæti.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að taka til máls, þar eð ég er fulltrúi hv. þm. í tryggingaráði og hef fjallað um þetta mál. Ég vil í fyrsta lagi geta þess, að málið var fyrst rætt á 278. fundi tryggingaráðs, sem haldinn var þ. 13. okt. 1948. Vil ég með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa upp bókunina:

„Forstjóri skýrði frá því, að hann ásamt formanni tryggingaráðs og Sigurði Sigurðssyni hefði þ. 8. okt. 1948 átt viðræður við ríkisstjórnina um framkvæmd heilsugæzlukafla laganna og ríkisstjórnin hefði tjáð þeim, að hún mundi leggja til við Alþingi, að viðaukalögin frá 1947 yrðu framkvæmd í aðalatriðum, og hún óskaði þess, að tryggingaráð tæki til athugunar, hverjar breytingar það telur að þurfi að gera á þeim lögum.

Af því tilefni samþykkti tryggingaráð eftirfarandi:

„Enda þótt tryggingaráð hefði talið æskilegt, að unnt hefði verið að láta III. kafla almannatryggingalaganna koma til framkvæmda um næstu áramót, fellst ráðið á að framkvæma athugun þá á viðaukalögunum, sem um var rætt."

Tryggingaráð samþykkti að skýra stjórnum sjúkrasamlaga frá þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar."

Þetta var nú þ. 13. okt., og eins og samþykktin ber með sér, hefur hæstv. ríkisstj. tjáð forstjóranum, formanni tryggingaráðs og Sigurði Sigurðssyni, að hún mundi leggja til við hið virðulega Alþ., að viðaukalögin yrðu framlengd í aðalatriðum. En tryggingaráð telur æskilegt, að III. kaflinn verði látinn koma til framkvæmda. Um það var enginn ágreiningur fyrir hendi. Hér er því um það eitt að ræða, hvort hið æskilega sé framkvæmanlegt. En sú staðreynd lá fyrir tryggingaráði, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að leggja til, að III. kafli l. yrði ekki framkvæmdur. Næsti fundur ráðsins, þar sem þetta var tekið fyrir, er svo haldinn þ. 3. nóv. 1948. Er þá gerð svohljóðandi bókun:

„Forstjóri lagði fram uppkast að frumvarpi til viðaukalaga við almannatryggingalögin, og er fyrsta grein frumvarpsins í 15 liðum.

Liðirnir samþykktir með samhljóða atkvæðum, nema 2. liður var samþykktur með 2 atkvæðum gegn 1. (Sigf. Sigurhjartarson.)" Ég vil taka það fram til skýringar, að þessi liður liggur nú eigi fyrir Alþ. Taldi hæstv. ríkisstjórn, að ekki væri rétt að leggja hann fyrir það. Síðan heldur áfram: „Helgi Jónasson skýrði frá því í síma, að hann einnig væri samþykkur liðunum. Frumvarpið í heild samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

Helgi Jónasson lýsti sig samþykkan frumvarpinu í heild.

Sigfús Sigurhjartarson ítrekaði þá fyrri afstöðu sína, að ástæðulaust sé að fresta framkvæmd á III. kafla laga um almannatryggingar, þó að hann efnislega geti fallizt á frumvarpið, ef um frestun verður að ræða."

Er ég nú hef haft þennan formála og skýrt frá þessu, þykir mér rétt að meta það og vega, hvort auðið megi telja að láta III. kafla l. koma nú þegar til framkvæmda eða nauðsyn knýi hið virðulega Alþ. til að slá framkvæmd hans á frest um sinn. Hver eru þá helztu rökin, sem færð eru fyrir frestinum? Í fyrsta lagi er haldið fram, að þunglega hafi sótzt að semja við læknana á grundvelli III. kaflans. Furðar mig stórlega á því að heyra þetta hér á Alþ. Fyrir ári, þ. e. 1947, var leitað samninga við lækna á grundvelli þessa kafla l., en í ljós kom, að þeir stóðu fast við kröfur sínar. Kom þetta engan veginn á óvart, enda hef ég ekki vitað til annars en bæði launþegar og vinnuveitendur reyndu að standa sem fastast við sitt mál. En það, sem ágreiningnum olli, var furðulegt atriði. Eins og kunnugt er, er það ákvæði tekið upp í III. kafla l., að sjúklingar skuli greiða læknishjálp, er þeir fá utan sjúkrahúss við læknisvitjanir, eftir gjaldskrá heilbrigðisstjórnarinnar, er miðuð sé við það, að hún svari til að meðaltali ¼ af hæfilegri greiðslu. Komst þetta inn sökum óskar læknanna. Töldu þeir, að þetta mundi leiða til verulegs sparnaðar. Enn fremur litu þeir svo á, að það hefði töluverð áhrif á tekjur sínar. Við samningaborðið vildu þeir ekki taka tillit til fjórðungsgjaldanna. Þetta var ágreiningsefnið, og var aldrei reynt til þrautar að ná samkomulagi, heldur voru samningarnir látnir renna út í sandinn, án þess að fullreynt væri, hvort unnt væri að ná þeim eður eigi. Það er líka ástæða til þess að minna á, að svo er ráð fyrir gert í l., að verða megi, að samningar takist ekki. En þá mælir löggjafinn fyrir um, hvernig á skuli haldið. Nú, þess ber að gæta, að þetta var árið 1947. En samningar hafa alls eigi verið reyndir á árinu 1948. Því er það helber bábilja, að af þessari ástæðu þurfi að

slá framkvæmd III. kaflans á frest. Þá er það 2. atriðið. Sagt er og með réttu, að enn sé ekki búið að reisa heilsuverndarstöðvar þær, sjúkrahús og lækningastöðvar, er ráðgerðar eru í III. kaflanum, og er langt frá, að svo sé. En staðreyndin er sú, að aldrei var gert ráð fyrir að stöðvarnar stæðu þegar tilbúnar, er til lagaframkvæmda drægi, heldur var algerlega gagnstætt ætlað, að þær yrðu reistar eftir efnum og ástæðum. Hér er því síður en svo neitt nýtt á ferðinni. Munu stöðvarnar reistar síðar smám saman. Ég er sannfærður um, að við færðumst ekki hóti nær markinu, þó að frestað væri framkvæmd III. kaflans um 1 ár, og mun svo ganga koll af kolli. Er átaksins fyrst að vænta, þegar komið er að því að framkvæma gildandi lög. Og þetta eru reyndar ekki raunverulegar ástæður. Finnst mér kynlegt, að eigi skuli hreinlega vera spurzt fyrir um ástæður fyrir frestuninni. Þær eru fjárhagslegs eðlis, og þá staðreynd verður að viðurkenna og meta, hvort hún sé réttmæt. Tryggingaráði var falið að gera tvenns konar fjárhagsáætlun: a. á grundvelli laganna í heild og b. á þeim grundvelli, að frestað yrði framkvæmd III. kaflans, heilsugæzlunnar. Innti ráðið af hendi þessa skyldu sína, og eru niðurstöður þess raktar í höfuðdráttum í þessum skjölum, er ég hef með höndum. Þykir mér ástæða til að gera þessa frásögn enn fyllri með því að lesa upp úr grg. tryggingaráðs fyrir ályktunum sínum til ríkisstjórnarinnar með leyfi hæstv. forseta:

„Framlög ríkissjóðs vegna almannatryggingalaganna eru samkvæmt fyrri áætluninni samtals áætluð kr. 30.5 millj., en samkvæmt hinni síðari kr. 17.3 millj. til tryggingasjóðs og kr. 3.4 millj. til sjúkrasamlaga, samtals 20.7 millj. eða kr. 9.8 millj. lægri. Frá þeirri upphæð má draga kr. 6.3 millj., sem er áætlaður kostnaður ríkissjóðs á árinu 1949 vegna hælisvistar berklasjúklinga og annarra sjúkra manna og örkumla samkvæmt áætlun ríkisframfærslunnar 11. þ. m. Mismunurinn er því kr. 3.5 millj." Þetta er mergurinn málsins. Fleira þarf þó að athuga. Þessi 3½ milljón er ekki ný útgjöld, heldur tilfærsla á gjöldum, því að síðar segir: „Stafar hann (þ. e. mismunurinn) fyrst og fremst af því, að framlög sveitarfélaganna í heild lækka mjög verulega frá því, sem þau eru nú, (Ég bið hv. þm. að taka eftir þessu: lækka mjög verulega. Því næst sjáum við, hverju miklu lækkunin nemur.) ef heilsugæzlan kemur til framkvæmda, þar sem áætluð framlög þeirra til sjúkrasamlaga, kr. 3.4 millj., og til ríkisframfærslu, ca. kr. 1.6 millj., falla þá niður, en framlag þeirra til tryggingasjóðs hækkar aðeins um kr. 2.7 millj. Nemur því þessi lækkun um kr. 2.3 millj." M. ö. o. lækka framlög sveitarfélaganna sem þessu nemur, þegar ríkissjóður tekur á sig hækkun útgjaldanna, um kr. 1.2 millj. Eru þetta þá ný útgjöld? Nei, fjarri fer því, því að útgjöld hinna tryggðu lækka. Það er vissulega rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að þessar lækkanir eru eigi bundið fé. Réttindi þeirra verða að vissu leyti minni en vera ættu samkvæmt l. Hins vegar er ég sannfærður um, að hin sérstöku réttindi manna samkvæmt heilsugæzlukaflanum koma ekki til með að svara til þess, sem lagt er á einstaklinginn. Ég hef og ástæðu til að ætla, að lækkunin á einstaklingunum muni nema meira fé en hækkunin á ríkinu. Hér er því um það að ræða, að ríkið taki á sig hallann, þessa 3½ milljón. En þessi útgjöld vill það ekki taka á sig. Og svo er borið í vænginn, að eigi sé unnt að komast að samkomulagi við læknana og stöðvarnar og sjúkrahúsin séu eigi komin upp enn og erfitt sé að reisa þau! Við skulum athuga þetta ofurlítið nánar. Allir vita, að þegar alþýðutrygginga- og sjúkratryggingalögin féllu úr gildi við samþykkt og gildistöku núgildandi l. um almannatryggingar, þá átti Tryggingastofnunin kr. 50 millj. í sjóði, og við þessu fé tóku almannatryggingarnar. Er ætlazt til, að sjóði þessum verði varið til að greiða fyrir byggingu þeirra stofnana, er getið er í kaflanum um heilsugæzlu. Tryggingastofnunin veltir árlega um 70 millj. króna, en hefur auk þess um 30 millj. króna í reiðufé. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn komið auga á þessa sjóði — auk lausafjárins, og er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur, að aldrei er svo fundur haldinn í tryggingaráði, að eigi berist bænakvak frá ríkisstjórninni um fé til láns. Hefur hæstv. fjmrh. upplýst það, að Tryggingastofnunin hefur lánað ríkinu um 9 milljónir króna, — og ævinlega er beðið um meira. Það fylgir einnig með, að ríkisstjórnin segir sem svo, þegar stofnunin kveðst fjárþurfi til þeirra framkvæmda, sem getur í III. kaflanum: Það verður ekki gert á þessu ári. Þetta er dálagleg svikamylla. Stj. heimtar frestun á löggjöf, sem er til hagsbóta öllum almenningi. Hún færir það sér til afsökunar, að fé vanti til framkvæmdanna. Hins vegar fer hún fram á fé til láns æ ofan í æ og segir, að eigi verði byggt á þessu ári hvort eð er. Leiðinlegt er, að mál skuli ekki vera hægt að ræða á réttum forsendum. Stj. þarf að halda á bæði sjóðum og reiðufé. En þannig er því einnig farið um heilsugæzluframkvæmdirnar.

Að endingu vil ég svo benda hinu virðulega Alþ. á alvarlega staðreynd. Í ársbyrjun 1946 eru sett l. um almannatryggingar (l. nr. 50 7. maí 1946). Því er eigi að leyna, að löggjafinn hefur státað af þessari löggjöf, og að vísu er hún merk. Kerfið er mjög skynsamlegt, svo að telja má það á meðal hins bezta í heimi sinnar tegundar. Vel má vera, að ýmsa agnúa megi finna á l., en jafnljóst er hitt, að árið 1946 var sett geysimerk löggjöf, sem lofaði miklu og var enda mikils af vænzt. Er vonandi, að agnúana megi sníða af, eftir því sem reynslan segir til um. En hæstv. Alþ. ber að vita, hvað það er að gera. Í þessu máli virðist alvöruna hafa skort. Sömu mennirnir, sem samþykktu þennan mikla lagabálk, vilja nú fresta mesta og merkasta nýmælinu. Því var frestað í fyrra. Var ég á meðal þeirra, sem álitu, að eðlilegt væri, að tvö ár þyrfti til undirbúningsins. Nú á enn að auka frestinn. Er það bundið við, að endurskoðun l. skuli lokið á næsta hausti. Það er ekki meiningin að skera alla smáagnúa

af löggjöfinni, heldur er það meining mjög margra hv. þm. að gerbreyta lögunum á þann veg að létta þessum þremur og hálfri millj. kr. af herðum ríkisins, sem ríkið á lögum samkv. að greiða vegna III. kafla laganna, og sennilega létta meiru af ríkinu í sambandi við þessa löggjöf. Það mun vera meiningin að hefja árás á þessi merku lög, sem hæstv. Alþ. setti árið 1946, nefnilega að ganga aftur á bak. Þess vegna segi ég það, að það er meir en hæpið fyrir hv. þm. að samþ. fyrst stórmerka löggjöf og samþ. síðan ár eftir ár frestun á framkvæmd hennar að verulegu leyti og ætla sér að endurskoða hana með gerbreytingar í huga, áður en framkvæmd eru merkustu ákvæði laganna. Mér er ekki launung á því, að sú hugsun er mjög hátt á lofti hjá ýmsum, sem fjalla um endurskoðun þessara laga, að gerbreyta III. kafla þeirra um heilsugæzlu og leggja til, að sjúkrasamlögin verði látin starfa áfram. Nú má segja, að þetta væri kannske ekki svo alvarlegt fyrir Alþ., ef þetta væri eins dæmi — enda þótt einsdæmin séu stundum verst — en þetta er, því miður, ekki einsdæmi. Á sama þingi sem lögin um almannatryggingar voru sett voru sett önnur mjög merk lög, um opinbera aðstoð til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þar var safnað saman í einn lagabálk öllum ákvæðum, sem áður giltu um verkamannabústaði og samvinnubyggingar, og þau voru að mörgu leyti endurskoðuð og endurbætt. En það var þá líka III. kafli í þeim lögum, eins og þessum, sem hér er frv. um að fresta framkvæmd á, og var merkasti kafli laganna um þessa opinberu aðstoð við byggingar íbúðarhúsa. Þar var um nýmæli að ræða, og það var kaflinn um það að ganga að því á skipulagsbundinn hátt að útrýma heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum, og þar hét ríkið ákveðinni aðstoð til handa kaupstöðum og kauptúnum til þess að framkvæma þennan vilja löggjafans að útrýma þessu heilsuspillandi húsnæði á fjórum árum. Þetta er hið glæsilegasta loforð, sem gefið hefur verið í húsnæðismálum Íslendinga og af ekki ómerkari aðila en löggjafanum á Íslandi. Þetta hátíðlega loforð er svo tekið aftur á síðasta þingi. III. kafla þeirra laga er frestað, eins og III. kafla laganna um almannatryggingar, kaflanum um heilsugæzlu. — Ég vildi biðja hv. þingmenn að hugsa um þetta mál fyrir alvöru, hugsa um það, hvort þeir vilja höggva þannig nokkuð nærri gerðum hæstv. Alþ. með því að samþ. hvern geysimerka lagabálkinn eftir öðrum, sem lofa þegnunum miklu, og rjúka svo til að ári liðnu og segja: Þetta var til að sýnast, bara til að glamra um það í þingsölunum, en nú ætlum við að sjá um, að ekkert verði framkvæmt af því.

Nú vil ég taka það fram, út af því frv., sem fyrir liggur, að í tryggingaráði var ég samþykkur öðrum liðum í 1. gr. en fyrsta liðnum, ef um frestun væri að ræða og fyrsti liðurinn samþ. Og einn liðurinn, sem fjallar um sjúkrapeningagreiðslur til húsmæðra, er til verulegra bóta. En hins vegar greiði ég hér eins og í tryggingaráði atkv. gegn 1. lið, gegn frestuninni. Og ég vil benda á það að gefnu tilefni í blaðaskrifum, að það er hægt að rétta hlut húsmæðranna án þess að fresta framkvæmd III. kafla laganna. Til þess þarf aðeins einnar línu breytingu á einni gr. laganna, og því er auðvelt að koma í gegn, þó að ekki sé farið að fresta III. kafla laganna. Ég vil vænta þess, þegar til atkvgr. kemur, að borinn verði upp 1. liður 1. gr. sérstaklega, þannig að það komi greinilega fram, hverjir það eru, sem vilja fresta framkvæmd þessa kafla laganna, og hverjir vilja, að staðið sé við gefin loforð Alþ. í þessu efni og öðrum frá árunum 1945 og 1946.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú tekið alveg af mér ómakið með sinni ýtarlegu ræðu og tilvitnunum í gerðir tryggingaráðs, bæði viljayfirlýsingu þess, að tryggingaráð hefði helzt kosið, að III. kafli laganna yrði framkvæmdur, og að það er fyrir tilmæli ríkisstj., að svo er ekki gert, og hann hefur einnig skýrt það mjög glöggt með tilvitnunum, að það, sem ég hélt áðan fram um samningagerðir milli lækna og tryggingaráðs, var rétt. Samningar þessir voru ekki reyndir til hlítar árið 1947 og alls ekki 1948. Það kemur því dálítið undarlega fyrir að heyra bæði hæstv. forsrh. og hv. frsm. vera að biðja mig um að hafa áhrif á stéttarbræður mína, þannig að þeir séu ekki óbilgjarnir í samningum. Þeir, sem fram á þetta hafa farið, ætlast líklega til þess, að læknar selji tryggingunum sjálfdæmi. Það ætti að vera óþarfi, þar sem lögin eru þannig, að þær geta haft það, ef samningar takast ekki.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það væri rangt, að hann væri vondur við stéttarbræður sína. — Ég veit ekki til, að það séu sérstaklega merki um gæði að bera á menn ósannar sakir og halda þeim til streitu. — Þá fóru þeir báðir fram á, þessi hv. þm. og hæstv. ráðh., að ég beitti mér fyrir því, að læknar sýndu kurteisi. Þeir hafa sýnt kurteisi, en það er tryggingaráð, sem sýndi ókurteisi með því að svara ekki. — Hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, og var það ekki heldur við fyrri hluta þessarar umr. Hann vissi því ekki, að ég hafði lýst yfir, að ég væri fylgjandi öllum liðum 1. gr. nema 1. tölul. og svo 8. liðnum, sem felur í sér ákvæði um, að iðgjöld skuli greidd með 310 stiga vísitöluálagi. Það fannst mér óeðlilegt og get ekki fallizt á það. Hæstv. ráðh. heyrði þess vegna ekki, því að hann var ekki viðstaddur, að ég gerði grein fyrir því, að ég var ekki andvíg sams konar ákvæðum í fyrra, og það var af því, að ég bjóst við, að endurskoðun sú, sem ákvæði um felst í 12. lið bráðabirgðaákvæða laganna, mundi leiða til bóta á III. kafla laganna. Hins vegar veit ég ekki, hvaðan hann hefur það, að ég hafi verið hlynnt þessu frv. fyrst í haust. Þetta frv. kom í haust til nefndarinnar. Ég fékk þá varla að sjá það, en lýsti yfir, að ég væri algerlega á móti frestuninni á heilsugæzlukafla laganna. En af því að ég hafði ekki séð frv., orðaði ég það svo, að ég væri á móti frv. í heild.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta, og sérstaklega sé ég ekki ástæðu til þess, þar sem hæstv. forsrh. er hér ekki viðstaddur. En það var á honum að heyra, að það væru mikil hlunnindi fyrir fólkið, að þessi heilsugæzlukafli kæmi ekki til framkvæmda, sem hann þó sagði í öðru orðinu, að hefði verið settur sem stórt spor fram á við, ef hrundið hefði verið í framkvæmd. Átti hann þar víst við fjórðungsgjaldið vegna sérfræðinga, næturlækna og helgidagalækna. Það munar lítið um, þótt fjórðungsgjaldið sé innheimt, og hv. 1. þm. Rang. veit, að það er ekki gengið eftir því, en tekið, þegar það er boðið fram. En þeir segja það, hv. þm., að það sé nauðsynlegur hemill, til þess að fólk sé ekki með of mikla rellu við læknana. En fólkið á að rella við læknana, vegna þess að það eru læknarnir, sem eiga að skera úr um það, hvort eitthvað sé að heilsu manna, sem óttast beri.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta lengur. Hv. 6. þm. Reykv. hefur hrakið allar þær óhróðurslegu staðhæfingar, sem hv. þm. hafa hér haft um læknastéttina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. gerði hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. ráð fyrir því að geta við 2. umr. gefið nánari upplýsingar um það, hve vænta mætti mikillar lækkunar á áhættuiðgjöldum samkv. 113. gr. laganna, og vil ég leyfa mér að óska frá honum upplýsinga um það mál.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að ég gaf vilyrði fyrir því, að við 2. umr. mundu liggja fyrir nánari upplýsingar um það, sem hann talaði um. En ég bjóst ekki við því í gær, að þetta mál yrði tekið á dagskrá í dag. En ég vissi, að fundur yrði í tryggingaráði á miðvikudag, og mun hann væntanlega ganga frá þessu. Það er búið að senda gæzlustjóra Tryggingastofnunarinnar tilmæli um það að leyfa lækkun á iðgjöldum um 25% að meðaltali. Um sjómannatrygginguna er ekki búið að taka að þessu leyti ákvörðun enn þá. En það verður sennilega tekið fyrir á fundi í tryggingaráði á morgun. Og hef ég ekki meira að segja um þetta að svo komnu máli.

ATKVGR.
1. gr., 1. tölul. samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SkG, BG.
nei: EOl, KTh, SigfS, SG.
12 þm. (ÁkJ, EmJ, GTh, GÞG, HermG, JóhH, JJ, LJós, ÓTh, SB, SEH, SK) fjarstaddir.
1. gr., 2.—14. tölul. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, BÁ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, BG.
nei: LJós, EOl, KTh.
SigfS, SG greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÓTh, SB, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GTh, GÞG, HermG, JóhH, JJ, SK) fjarstaddir.

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, EmJ, EystJ, FJ, BG.
nei: KTh, SigfS, EOl.
JóhH, SG, SK greiddu ekki atkv.
10 þm. (HermG, IngJ, JJ, LJós, ÓTh, SB, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, GTh) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BrB, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, ÞÞ, ÁS, BSt.
7 þm. (BÓ, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, StgrA, BBen) fjarstaddir.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 210 og 215).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var breytt lögum um almannatryggingar, og með þeim lögum frestað framkvæmd III. kafla þeirra laga, um sjúkratryggingu og heilsugæzlu. Þetta frv. er í meginatriðum sama eðlis og frv. í fyrra, um frestun á III. kafla laganna. Þessi frestun stafar meðal annars af því, að ekki náðist samkomulag við læknana, og ýmsu öðru, t. d. á skorti á undir-

búningi á sjúkrahúsunum o. fl. Er því nauðsynlegt að fresta framkvæmd laganna um 1 ár, þar til frekari undirbúningur hefur farið fram. — Þetta er nokkru ýtarlegra í frv. en þeim l., sem nú eru í gildi. — 1. tölul. 1. gr. er óbreyttur frá því, sem var, svo og 2. liður, en í 2. lið er lagt til, að heimild sú, sem Tryggingastofnun ríkisins var veitt í 2. lið 1. gr. viðaukal. frá 1947, verði framlengd til ársloka 1949. — Á 3. lið voru gerðar nokkrar breyt. Gert er ráð fyrir, að hann verði framlengdur til ársloka 1949, en jafnframt rýmkaður svo, að lagt er til, að styrkja megi sjúkrasamlög, sem verða fyrir óvenjulegum kostnaði vegna læknisvitjana og sjúkraflutninga og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Þetta er frávik frá gildandi lögum. — 4. tölulið er nokkuð breytt frá því, sem nú er, og er Tryggingastofnuninni nú heimilað að greiða giftum konum, þó að þær vinni ekki utan heimilis síns, sjúkrabætur samkv. 92. gr. gildandi laga, en það er aðeins, ef nauðsyn krefur að dómi læknis. En hér er full heimild til að greiða sjúkrabætur, sbr. 92. gr. — 5. liður fjallar um, að iðgjöld atvinnurekenda á II. verðlagssvæði skuli á árinu 1949 vera 25% lægri en gr. ákveður. Og er þetta framlenging á gildandi lögum. — 6. liður fjallar um það, að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt að fella niður iðgjöld þeirra atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943. Þetta er nýtt ákvæði, sem er sett hér inn og talið nauðsynlegt vegna fenginnar reynslu. Iðgjöld atvinnurekenda 1947 voru miðuð við fjölda vinnuvikna 1946, og er jafnan miðað við árið á undan. En þeir, sem hættu atvinnurekstri 1948, eiga að greiða slysaiðgjöld 1949. Það þykir því rétt að heimila Tryggingastofnuninni að fella niður þessi iðgjöld allt að því, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld 1946. — 7., 8., 9., 10., 11. og 12. liður eru framlengdir. Þó vil ég geta þess með 8. lið, að 1949 er gert ráð fyrir að innheimta iðgjöld með vísitölu 310 stig, og kemur það til af því, að Tryggingastofnunin hefur ákveðið að greiða ellilaun og örorkubætur með 315 stiga vísitölu, þó að aðrar launagreiðslur séu bundnar við 300 stig. Kemur þetta til af því, að þetta eru álitnar lágmarkstekjur til að lifa af fyrir þá, sem ekki hafa aðrar tekjur til að framfleyta lífinu á. Þykir því ekki rétt að skerða þetta, og er því lagt til, að þetta ákvæði gildi 1 ár enn. — 13. liður er um, að sjúkrasamlagsiðgjöld og iðgjöld samkvæmt almannatryggingalögunum vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og skuli ganga fyrir öllum veðum nema lögveðum til ríkissjóðs, hið sama gildir um iðgjöld vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja. Þetta er hið sama og er í núgildandi lögum, en fellur niður um áramót, ef það er ekki tekið upp aftur. — 14. liður fjallar um það, að heildarendurskoðun laganna verði hraðað svo, að niðurstöður hennar verði afgreiddar til ríkisstj. fyrir 1. okt. 1949. N. var þeirrar skoðunar, að sjálfsagt væri að setja inn í lögin nú, að endurskoðun þeirra verði lokið fyrir 1. okt., svo að unnt verði að lögfesta þær breyt., sem gerðar verða á l., áður en bráðabirgðalögin ganga úr gildi. — Tveir þm., ég og hv. 1. þm. N-M., vildu gera viðtækar breyt. á l. nú í stað þess að framlengja fyrri ákvæði, en féllum frá þeirri kröfu með því skilyrði, að endurskoðunin væri bundin við 1 okt., og var fallizt á það af Tryggingastofnuninni. — Málið var rætt í sameiningu af heilbr.- og félmn. Ed. og Nd. áður en það var borið fram í Nd., en ekki náðist fullt samkomulag milli allra nefndarmanna, og samþ. meiri hl. að fylgja því óbreyttu, en minni hl., hv. 4. landsk., gat ekki fallizt á þetta og skilaði séráliti á þskj. 215 og leggur til að frv. verði fellt. Meiri hl. leggur hins vegar til, að frv. verði samþ. án nokkurra breytinga.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það var ætlun mín að beina fyrirspurn til hæstv. félmrh., ef hann væri viðstaddur. Þetta frv. er satt að segja nokkuð óákveðið um endurskoðunina. Þar stendur, að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að hraða endurskoðun laganna svo, að henni verði lokið fyrir 1. okt. 1949. Það er heimild fyrir því, að henni verði lokið þá, og nú vil ég spyrja hæstv. félmrh., hvort ekki megi treysta því, ef frv. verður að lögum, að þá hraði hæstv. ríkisstj. svo endurskoðuninni, að frv. geti legið fyrir næsta haustþingi. Það væri mjög æskilegt, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu hér í þinginu. Ég hafði ætlað mér að koma fram með brtt. við það, en til þess að trufla ekki gang málsins, mun ég falla frá því, ef tryggt er, að endurskoðun verði hraðað. En annars mun ég koma fram með brtt. við það eða nýtt frv., sérstaklega við 109. gr. og víðar, og er mjög óskað eftir því af okkur þm., að við komum fram breyt. á l. — Ég vildi svo heyra frá hæstv. ríkisstj., hvort hún muni ekki nota sér heimildina, svo að endurskoðun verði lokið næsta haust.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Dal., hvort ríkisstj. muni leggja kapp á að framfylgja 14. lið 1. gr. að hraða svo endurskoðun laganna, að niðurstöður þeirra rannsókna verði komnar til ríkisstj. fyrir 1. okt. n. k., þá mun ég leggja á það mikla áherzlu, að næsta þing fái að fjalla um breyt. á tryggingalögunum eftir þessa endurskoðun. Ég vona því, að þetta sé fullnægjandi svar við fyrirspurn hv. þm. Dal.

Ég vil nú með örfáum orðum víkja að frv. og ástæðum þeim, sem liggja til þess, að ríkisstj. hefur frestað framkvæmd III. kafla laganna. Eins og menn muna, var sams konar frestun samþ. á síðasta þingi. Aðalorsökin var sú, að ekki náðist samkomulag milli lækna og Tryggingastofnunarinnar um taxta við framkvæmd heilsugæzlukaflans. Þegar sýnt þótti, að ekki mundi nást samkomulag, var um tvennt að velja, að fresta framkvæmd kaflans eða framkvæma hann og heilbrmrn. setti læknunum taxta. Og það var ekki hvað sízt af þeim

ástæðum, að frestað var framkvæmd heilsugæzlukaflans. Að þessu sinni var ekki reynt til þrautar að ná þessu samkomulagi, en allt virtist þó benda til þess, að afstaða lækna og Tryggingastofnunarinnar væri svipuð og verið hafði og djúpt bil milli þessara aðila. Ég segi ekki, að það sé frágangssök að setja taxta af heilbrmrn., og ef til vill fer svo, að það verður að gera það, en óneitanlega verður framkvæmdin erfiðari í vöfum, ef læknarnir standa á móti og ráðuneytið verður að þvinga þá. Ég held því, að reyna verði til þrautar að ná samkomulagi við þá, og held ég, að gildi svipuð rök nú og á síðasta ári fyrir því, að fresta verði framkvæmd þessa kafla.

Það er talað um það með réttu, að því hafi verið lofað í lögunum frá 1946, að kaflinn um heilsugæzlu kæmi til framkvæmda 1948, en svo væri fólk svikið um þetta í 2 ár. En þá er rétt að líta á það, að meðan ekki eru byggðar fleiri heilsuverndarstöðvar en nú er gert, þá verður hagnaður almennings af framkvæmd III. kaflans vafasamur.

Þá var það þungt á metunum hjá ríkisstj., að ríkissjóður þurfti að leggja fram 3½ millj. og létta af sveitarfélögunum 2 millj. Þetta var því þungt á metunum, þegar erfitt var að afgreiða hallalaus fjárlög. En ég sagði það áðan og skal færa fyrir því nokkur rök, að engin vissa er fyrir því, að fólk bíði nokkurt tjón við það, þó að frestað verði framkvæmd þessa kafla um eins árs skeið til viðbótar. Og það má geta þess, að það eru jafnríkar ástæður til þess að hika ekki við að gera það, sem unnt er með aðstoð Tryggingastofnunarinnar, til að byggja ný sjúkrahús, bæta við þau, sem fyrir eru og leggja grundvöll að því að byggja nýjar heilsugæzlustöðvar, sem að mínu viti er kannske þungamiðjan í framkvæmd heilsugæzlukaflans, þó að hann verði ekki framkvæmdur á árinu 1949. Einnig má minna á það, að gróðinn er ekki einsýnn fyrir almenning, þó að heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. Ef miðað er við núverandi iðgjöld einhleyps manns í Reykjavík til sjúkrasamlagsins, sem hefur 15 kr. iðgjöld á mánuði, og við þau tryggingagjöld, sem hver einstaklingur þarf að greiða til almannatryggginganna, þá mundi framkvæmd heilsugæzlukaflans aðeins létta örlítið af hverjum einstaklingi hvað snertir árlegar greiðslur vegna tryggginganna. Þótt það yrði um 100 kr., sem létti á einstaklingi hér í Reykjavík, miðað við það, sem iðgjöld eru hæst, en yrði ekkert sums staðar annars staðar, þar sem iðgjöld eru t. d. 8 kr. á mánuði, þá kemur annað til greina, þar sem almenningur missir nokkur réttindi við framkvæmd heilsugæzlukaflans, þ. e. bæði það, að þá á hver einstaklingur að greiða ¼ af læknishjálp til almennra sjúkrasamlagslækna og þá á hver, sem leitar til læknis, að greiða ¼ af því, sem læknisvitjun hefur í för með sér. En nú greiðir hver einstaklingur ekki neitt við slíka læknisvitjun. Þegar heilsugæzlukaflinn kemur til framkvæmda, þarf hver maður, sem þarf lyf, að greiða helming lyfjakostnaðar, en nú eftir reglum, sem gilda hjá sjúkrasamlaginu hér í Reykjavík, þá á hver einstaklingur að fá greitt ¾ af lyfjum. Það er því ekki unnt að segja um það með nokkurri vissu, það fer eftir því, hvað mikið menn leita til lækna og kaupa lyf, hvort það er nokkuð dýrara, þótt frestað sé framkvæmd heilsugæzlukaflans. Ég vildi benda á þetta atriði, af því að í því leynast tilraunir, sem gerðar eru til þess að ófrægja þessa frestun, en það hefur verið þagað yfir þessu atriði, sem er þó nokkurs virði og rétt að benda á.

Það má einnig benda á það, að þar sem til stendur allsherjar endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, sem vonazt er eftir að verði lokið við fyrir 1. okt., svo að breyt. á löggjöfinni í heild gæti verið gerð í samræmi við þær till., sem fram kynnu að koma á næsta reglulegu Alþ., þá styður það einnig það, að rétt sé að fresta um eins árs skeið framkvæmd III. kafla tryggingarlöggjafarinnar. Ég vildi aðeins taka fram, af því að ég stóð upp til að svara fyrirspurn hv. þm. Dal., þessi almennu orð, vegna þess að ég var ekki viðstaddur, þegar málið kom til 1. umr. hér í d.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Þetta er í rauninni í þriðja skiptið, sem lagt er til, að framkvæmd III. kafla, heilsugæzlukaflans, verði frestað. Það var í fyrsta skipti, þegar l. voru sett, þar sem ákveðið er í l. sjálfum, að þessi kafli skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en ári síðar en l. gengu í gildi, 1. jan. 1948. Í annað skiptið var framkvæmdinni frestað með sérstökum l. í fyrra enn um eitt ár, eða til 1. jan. 1949, og loks er nú lagt til, að enn verði þessum kafla frestað um eitt ár, eða til 1. jan. 1950. Þegar þessi frestun var samþ. í fyrsta skipti, þá má segja, að það hafi ekki verið óeðlilegt, að frestur var gefinn til nauðsynlegs undirbúnings, og í fyrra mátti telja það afsakanlegt að taka gilda þessa röksemd um frekari undirbúning, áður en kaflinn gengi í gildi. En þegar slík till. er komin fram í þriðja skipti, þá er ekki lengur hægt að fallast á, að ekki hafi gefizt nægur tími til undirbúnings.

Rökin fyrir því, að hæstv. ríkisstj. leggur þetta frv. fram, komu nú fram í ræðu hæstv. forsrh., og þau voru tvenn. Í fyrsta lagi, að það hafi engir samningar verið gerðir við læknana. Við skulum taka þetta til athugunar. Það hefur iðulega komið fyrir áður, að það hefur gengið mjög treglega að ná samkomulagi við læknana. Samkvæmt því, ef þessi röksemd hæstv. forsrh. er tekin gild, hefði átt að draga af því þá ályktun, að nauðsynlegt væri að fresta tryggingal. sjálfum, þ. e. a. s. sjúkratryggingunum, fella þær úr gildi, þangað til samkomulag hefði náðst við læknana. En það hefur engum dottið þessi lausn í hug fyrr. Þegar um það hefur verið að ræða, að treglega hefur gengið að ná samkomulagi við læknana, þá hefur aldrei komið annað til greina en það yrði látið koma til framkvæmda það ákvæði l., sem kveður á um það, hvernig að skuli farið, þegar slíkt samkomulag ekki næst. Það hafa báðir aðilar reynt að ná samkomu-

lagi, og hefur því aldrei komið til greina, að þurft hafi að grípa til slíkra neyðarráðstafana, og ég held, að engin ástæða sé til að ætla, ef gengið hefði verið að því með fullri alúð að ná þessu samkomulagi, að slíkt samkomulag hefði ekki einnig náðst í þetta skipti. En sannleikurinn er sá, að á þessu ári hefur ekkert samkomulag verið reynt við læknana, það var reynt í fyrra og gekk treglega, og það var einmitt ein af höfuðástæðunum fyrir því, að sams konar frv. um að fresta framkvæmd heilsugæzlukaflans kom fram og var samþ. í fyrra. En á þessu ári er engin tilraun gerð til að ná samkomulagi, þannig að hér er um hreina tylliástæðu að ræða. Ef það hefði verið unnið að því allt þetta ár að ná slíku samkomulagi, þá er í fyrsta lagi mjög sennilegt, að náðst hefði árangur, og í öðru lagi, ef enginn árangur hefði náðst, þá eru líkur til, að slíkt samkomulag mundi frekar nást á næsta ári. Þessari röksemd er því ekki hægt að halda fram.

Þá er hin ástæðan, sem hæstv. forsrh. minntist á í sinni ræðu, það var það, að gróðinn af því að framkvæma heilsugæzlukaflann væri ekki einsýnn, eins og hann orðaði það, þar sem ekki væri komið neitt áleiðis um að tryggja þær heilsuverndarstöðvar, sem þó væri gert ráð fyrir í þessum kafla. Þar til er því að svara, að hér er ekki aðeins um að ræða heilsuverndarstöðvar, heldur mjög mikilvægt skipulagsatriði. Það var alls ekki gert ráð fyrir því í upphafi, þegar þetta mál var lagt fyrir Alþ., að heilsugæzlukaflinn skyldi ekki koma til framkvæmda fyrr en svo og svo margar heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar yrðu byggðar víðs vegar um landið. Það er gert ráð fyrir því, að þessar stofnanir skuli reisa samkvæmt ákvæðum þeim, sem í III. kafla l. felst. En svo er að athuga það, hvernig stendur á því, að ekkert þokast áleiðis með að koma slíkum stofnunum upp. Hver er ástæðan? Ástæðan er sú, að ríkisstj. hefur ekki aðeins látið undir höfuð leggjast allar framkvæmdir, heldur hefur hún beinlínis hindrað þær. Það vita allir, að það er ekki auðvelt að fá fjárfestingarleyfi fyrir neinum slíkum stofnunum, og það er ekki auðvelt að fá fjárfestingarleyfi fyrir sjúkrahúsum, og ekki nóg með það, heldur hefur ríkisstj. lagt allt kapp á að tæma sjóði Tryggingastofnunarinnar. Það hefur varla verið haldinn sá fundur í tryggingaráði, að ekki hafi verið til meðferðar tilmæli frá ríkisstj. um lán, sem sé tilmæli í þá átt að tæma sjóði Tryggingastofnunarinnar, sem til þess eru ætlaðir að byggja þessar stöðvar. Það er þess vegna ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, að koma í veg fyrir, að þessum stofnunum sé komið upp, og nota það síðan sem röksemd fyrir því, að heilsugæzlukaflinn er ekki framkvæmdur. Það er heldur ekki hægt að koma fram fyrir Alþ. og segja eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, að það sé eins hægt að vinna að því að koma upp þessum stofnunum á næsta ári, enda þótt framkvæmd III. kaflans verði frestað. Þetta er ekki annað en innantóm orð, og það á sama tíma sem ríkisstj. leggur alla stund á að tæma þá sjóði, sem til þess eru ætlaðir að koma þessum stofnunum upp, þannig að því miður er ekki hægt að gera neitt við þetta fyrirheit hæstv. forsrh.

Við höfum þá séð, að þessar röksemdir, sem fram hafa verið bornar af ríkisstj. fyrir því að fresta framkvæmd þessa kafla l., bær duga ekki og það hlýtur ríkisstj. að vera ljóst. Það hljóta þess vegna að vera einhverjar aðrar ástæður, sem valda því, að þetta frv. er fram borið. Í grg. eru engin rök færð fyrir nauðsyn þessara ráðstafana, en það er í rauninni auðskilið, hver tilgangurinn er. Tilgangurinn er í fyrsta lagi sá að spara ríkinu fé og í öðru lagi að bíða eftir endurskoðun l., sem ákveðið er, að fram skuli fara, og til ætlazt samkvæmt frv., að lokið verði fyrir 1. okt. 1949. Hvort tveggja þetta kom líka fram í ræðu hæstv. forsrh., og ég hygg, að það sé rétt, að hér sé að finna ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram borið, og þess vegna er rétt að taka einmitt þessar ástæður, sem eru áreiðanlega hinar raunverulegu ástæður, til nokkurrar athugunar. Tryggingastofnunin hefur samið 2 áætlanir fyrir árið 1949. Í annarri er gert ráð fyrir framkvæmd heilsugæzlukaflans, en í hinni, að hann komi ekki til framkvæmda, og þessar áætlanir báðar eru í bréfi, sem Tryggingastofnunin hefur skrifað ríkisstj. Þessar tvær áætlanir eru gerðar vegna þess, að þá hafði þegar komið fram frá ríkisstj. till. um það, að kaflanum um heilsugæzlu yrði frestað á ný, og Tryggingastofnunin vissi ekki, hvort hún gæti gert ráð fyrir því, að hann yrði framkvæmdur eða ekki, og þurfti þess vegna að gera tvenns konar áætlanir, í því tilfelli, að hann yrði framkvæmdur og einnig að honum yrði frestað. Og samkvæmt þeim áætlunum lítur dæmið þannig út: Miðað við, að heilsugæzlukaflinn hefði komið til framkvæmda, verða útgjöldin 3½ millj. kr. hærri en ella. Hins vegar lækkar stofnkostnaður bæjar- og sveitarfélaga um 2,2 millj. kr. Hvorar tveggja þessar tölur nefndi hæstv. forsrh. í sinni ræðu, þannig að útkoman yrði þá útgjaldaaukning, sem nemur 1,3 millj. kr., af hálfu hins opinbera, ef kaflinn yrði framkvæmdur. En við þetta bætist svo það, að samkvæmt þessu frv. verða iðgjöld miklum mun hærri en þau yrðu, ef heilsugæzlukaflinn yrði framkvæmdur, og ég hef hér tölur yfir það eins og það yrði í Reykjavík, ef l. kæmu til framkvæmda eins og þau voru samþ. 1946. En þetta gildir alls staðar þar, sem sjúkrasamlög með nokkuð almennum útgjöldum eru starfandi. Ég ætla að nefna tölurnar eins og þær eru í Reykjavík. Þær eru þannig samkvæmt þessu frv., ef heilsugæzlukaflinn er ekki framkvæmdur: Iðgjöldin fyrir hjón 210 kr. hærri á ári heldur en ella, þ. e. iðgjöldin mundu lækka um 210 kr., ef III. kaflinn yrði framkvæmdur. Fyrir einhleypan karlmann mundi iðgjaldið lækka um 98 kr., og fyrir einhleypar konur munar þetta 116 kr. á ári, svo að við sjáum, að hér er um að ræða geysilega hækkun á iðgjöldum, sem vissulega þóttu nægilega há og mönnum óx mjög í augum, þegar l. um alþýðutryggingar voru sett. Ég skal taka það fram, að það er rétt, sem hæstv. forsrh. tók fram, að sam-

kvæmt l., sem nú gilda, fá hinir tryggðu nokkru meiri hlunnindi en þeir mundu fá, ef heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda og gömlu ákvæðin felld úr gildi. Þeir fá borgaðan stærri hluta af lyfjakostnaði og enn fremur alla sjúkrahjálp í staðinn fyrir ¾ samkvæmt nýju l. Í hinum nýju l. felst því nokkur réttarskerðing gagnvart hinum tryggðu að þessu leyti. En þetta er á engan hátt hægt að leggja til jafns við þann mikla mun, sem er á iðgjaldagreiðslunum. Þegar við athugum þetta, þá lítur hin fjárhagslega hlið málsins þannig út: Ríkið sparar 3½ millj. kr. á kostnað bæjar- og sveitarfélaga og iðgjaldagreiðenda, þ. e. a. s., það er lítilfjörlegur sparnaður fyrir ríkissjóð, en vissulega ekki fyrir þjóðina. Ríkissjóður er m. ö. o. að velta nokkurri fjárhagsbyrði yfir á aðra. Hvað hitt atriðið snertir, að rétt sé að bíða eftir heildarendurskoðun l. áður en kaflinn kemur til framkvæmda, þá tel ég það alveg fráleitt. Það nær ekki nokkurri átt að taka upp þau vinnubrögð, að Alþ. samþykki gagnmerka löggjöf og láti hana síðan aldrei koma til framkvæmda, og það með þeirri röksemd, að fyrst skuli gerbreyta henni, áður en hún kemur til framkvæmda, þ. e. a. s. áður en nokkur reynsla er fengin um hana, áður en nokkuð skeður, sem breytir viðhorfinu. Slíkt er ekkert annað en blekking gagnvart þjóðinni, enda þykist ég hafa nokkrar ástæður til þess að óttast, að uppi séu till. um að gera gagngerða breyt. einmitt á heilsugæzlukaflanum og það til hins verra, og ef það næði fram að ganga, þá komi heilsugæzlukaflinn aldrei til framkvæmda í þeirri mynd, sem hann var samþ. 1946, og ýmsir eru þeirrar skoðunar, að það sé einmitt þessi hugsun, sem felist á bak við hinar endurteknu frestunartillögur. — Ég tel heilsugæzlukafla alþýðutryggingal. eitt merkilegasta nýmæli í l. frá 1946, og þess vegna legg ég áherzlu á, að ekki sé dregið lengur, að hann komi til framkvæmda, og ég legg einnig áherzlu á, að staðið sé gegn öllum fyrirætlunum, sem stefnt er gegn honum eða miða að því að draga úr gildi hans. Þess vegna legg ég til, að frv. verði fellt. Hins vegar eru atriði í þessu frv., sem eru til bóta, og þar á ég við ákvæðið í 4. lið, um heimild til að greiða giftum konum sjúkrabætur, þó að þær vinni eigi utan heimilis. En þeirri réttarbót er hægt að koma fram, ef þingvilji er fyrir því, enda þótt þetta frv. verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég vil leyfa mér að geta þess að gefnu tilefni frá hv. þm. Dal., að það er í rauninni yfirsjón þar sem stendur í 14. lið, að það sé hugsað sem heimild fyrir ríkisstj., því að þetta atriði var rætt í n. á sameiginlegum fundi og það gert beinlínis að skilyrði, að endurskoðun fari fram án nokkurrar tafar fyrir 1. okt., og skal ég lofa því að athuga þetta fyrir 3. umr. Það þurfti ekki að gefa ríkisstj. heimild til að endurskoða l. vegna þess, að því var lofað, þegar brbl., sem nú gilda, voru samþ. á síðasta þingi, að þessari endurskoðun skyldi hraðað eins og unnt væri, og nú er sett það skilyrði, a. m. k. frá meiri hl. n. í Ed., að þessu skuli lokið fyrir 1. október. Vil ég benda á, að það er ekki einasta 109. gr., sem þarf að athuga, eins og hv. þm. Dal. réttilega tók fram, heldur einnig margar aðrar gr., og það er komin svo mikil reynsla á þessi l. nú, að það ætti ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að vera búið að endurskoða l. og gera till. um varanlegar úrbætur fyrir 1. okt. Það má t. d. benda á það, að það hefur verið sótt mjög fast á um breyt. á 64. gr., vegna þess að hún er svo þung byrði fyrir allan bátaútveginn í landinu, að hann fær tæplega undir risið. Ég verð að segja það, að verði ekki lagðar fyrir næsta þing endurskoðaðar till. og frv., er ætla má, að verði varanlegt, þá býst ég við, að hver, sem situr á því þingi, taki upp alvarlega baráttu fyrir því, að ekki verði lengur gefinn frestur, eins og gert hefur verið undanfarin tvö ár.

Í sambandi við það, sem hv. 4. landsk. sagði hér áðan, þarf ég víst ekki að svara miklu, enda hefur ráðh. skýrt frá því, hvers vegna kaflanum um heilsugæzlu hefur verið frestað. Ég verð að segja, að ég er sammála í því, að við svo búið megi ekki standa, að þessi kafli komi ekki til framkvæmda ár eftir ár, vegna þess að ekki takast samningar við lækna, þeir verða að beygja sig. En það vil ég segja hv. 4. landsk., að þetta hafa læknar lært hjá Alþýðusambandinu, þeir hafa smitazt af því. Ég er ekki sammála í því, að þarna eigi að skerast í leikinn hæstiréttur og ekki stéttarvald og ekki peningavald, heldur er það sanngirnin, sem þarna á að ráða á hverjum tíma. Þess vegna er það óverjandi, að læknar eða önnur stéttafélög geti komið í veg fyrir, að jafnþýðingarmikil mál sem þetta nái fram að ganga. — Ég mótmæli því algerlega, að stjórnin hafi á nokkurn hátt hindrað eða gert nokkuð til þess að koma í veg fyrir framkvæmd laganna, því að eins og kunnugt er og hv. þm. mun vera ljóst, þá hefur bæði það, sem af er þessu ári, og s. l. ár verið varið mjög miklu fé til varanlegrar fjárfestingar. Það er ein ástæðan til þess, að við höfum orðið að þola biðraðir við búðardyrnar, að við höfum tekið óvenjulega mikið fé í fast kapital, á svo skömmum tíma, og það er höfuðástæðan fyrir ástandinu.

Í grg. var ekki gerð nein greinargerð fyrir sjálfum drætti heilsugæzlukaflans, en hins vegar vísað til grg. þeirrar, sem fylgdi frv. til viðaukalaganna 1947, þskj. 155 og 228 það ár. Hins vegar var því lýst af ráðh., hverjar væru helztu ástæður fyrir drættinum. Í sambandi við útreikninga hv. þm. um það, að Tryggingastofnunin hefði átt að greiða 3½ millj., en hefði greitt 2⅛ millj., þá sagði hann, að mismunurinn væri byrði, sem ríkissjóður væri að velta yfir á þegnana. En eru það ekki einmitt þegnarnir, sem eiga að bera þessa byrði? Ríkið verður að taka þetta fé, annaðhvort með beinum iðgjöldum eða þá að taka það með sköttum. Þm. benti á, að fram hefðu komið hugmyndir um að breyta III. kaflanum. Það er alveg rétt, um það geta komið og hafa komið till. En það er ekki ástæðan fyrir því, að heilsugæzlukaflinn er ekki kominn til framkvæmda, til þess liggja aðrar ástæður og þar ekki sízt ósam-

komulag við lækna. En það hefur ekki þótt gerlegt að leggja út í beina baráttu við lækna, með því að samningaleiðin hefur ekki verið talin óviðeigandi. En það er mjög hæpið að láta nokkur stéttasamtök verða hindrun svo mikilsverðra framkvæmda sem hér um ræðir.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Ég hefði ef til vill getað sparað mér að taka nokkuð til máls. Það var ekki neitt nýtt í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann sagði, að aðalástæðan til þess, að frv. hefði verið fram borið um frestun heilsugæzlukaflans, hefði verið ósamkomulag við læknastéttina, en jafnframt virðist honum, að þessa ástæðu sé ekki hægt að taka til greina. Nú skil ég ekki, hvernig hann getur ekki tekið aðalástæðuna til greina, en jafnframt lagt til, að frv. verði samþykkt, það virðist vera meira en litið ósamræmi í þessu hjá hv. þm. En út af því, að sett yrði gjaldskrá með valdboði handa læknum til þess að fara eftir, til þess að fresta ekki framkvæmd laganna vegna ósamkomulags við lækna, þá er ég þeirrar skoðunar, að til þess beri ekki að grípa. Ég er ekki fylgjandi því, að menn séu látnir vinna þvingunarvinnu og allra sízt læknar. En þarna er þó ekki um neina þvingunarráðstöfun að ræða, því að læknar geta náttúrlega, þrátt fyrir það að gjaldskrá yrði sett og gjöld fyrirskipuð fyrir þeirra þjónustu, ég er þeirrar skoðunar, að þeir geti sett upp hvaða gjald sem þeir kæra sig um þrátt fyrir það. Nei, það kemur niður á sjúklingunum, því að þeir verða að greiða taxta þann, er læknarnir setja upp, og fá svo endurgreitt það gjald, sem er samkvæmt lögboðna taxtanum, en sjálfir þurfa sjúklingarnir að greiða mismuninn. Nei, ég vildi, að ekki yrði gripið til þessarar heimildar fyrr en í síðustu lög. En það hefur ekki verið gerð tilraun til samkomulags við lækna í heilt ár.

Þá sagði hv. þm., að það væri ekki sök ríkisstj., að ekki væru komnar upp þær stofnanir, sem lögin gerðu ráð fyrir, því að það væri ekki ríkisstj., heldur fjárhagsráð, sem veitti fjárfestingarleyfi. En hann þarf ekki að halda því fram, að þetta leyfi mundi ekki hafa verið veitt, ef það hefði verið lagt fyrir ráðið. En þetta var bara ekki stefna stj. Nei, stj. hefur lagt allt kapp á að tæma þá sjóði, sem safnazt hafa hjá Tryggingastofnuninni, svo að það kæmi ekki að notum fyrir þessar stofnanir, enda er það í samræmi við stefnu stj., að þeim verði ekki komið upp. Það er því hreinasti óþarfi fyrir hv. þm. að vera að mótmæla því, að stj. ætti sök á því, að þessar stofnanir væru ekki komnar upp.

ATKVGR.

1. gr., 1. tölul. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HV, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK, BSt.

nei: StgrA, ÁS, BrB.

7 þm. (GÍG, HermJ, JJós, LJóh, BBen, BÓ, EE) fjarstaddir.

1. gr., 2.—14. tölul. samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GJ, HV, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt.

BrB, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

7 þm. (BÓ, EE, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, BBen) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Ég er samþykkur sumum atriðum þessarar greinar, en öðrum ekki og greiði því ekki atkv.

2. gr. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HV, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK, BSt.

nei: BrB, StgrA, ÁS.

7 þm. (EE, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, BBen, BÓ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK, GJ, HV, BSt.

nei: StgrA, ÁS, BrB.

7 þm. (HermJ, JJós, LJóh, BBen, BÓ, EE, GÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Hannibal Valdimarsson: Með tilliti til þeirrar heildarlausnar, sem felst í frv. í heild, og þess skýlausa skilyrðis, að endurskoðun verði lokið 1. okt. 1949, segi ég já.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 141, 225).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og sjá má á þskj. 225, hefur meiri hl. n. leyft sér að bera fram tvær brtt. Er sú fyrri á þá leið, að 14. tölul. 1. gr. falli niður, en sú síðari er þess efnis, að á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. og orðist svo: Heildarendurskoðun laganna skal hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulega Alþingi, þegar það kemur saman. — Er þetta í samræmi við það, sem lýst var yfir við umr. hér í gær, að þetta yrði leiðrétt í n. Legg ég til, að þessar brtt. verði samþ. og frv. afgr. þannig.

ATKVGR.

Brtt. 225 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 227).

Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

44. Dýrtíðarráðstafanir (frv. fjhn. Ed.).

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir [106. mál] (þmfrv., A. 224).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, þar sem ég hef stýrt fundum fjhn. þessarar d., að þetta mál er flutt af fjhn. Ed. Það er prentvilla á þskj., og var það lagt þannig inn á skrifstofuna. Þar sem hæstv. fjmrh. er ekki við, vil ég segja örfá orð um málið, annars ber grg. það með sér, hvað um er að ræða. Enn hefur ekki unnizt tími til að vinna úr gögnum varðandi skattinn vegna þess, hve seint þau bárust. Í 1. stendur, að á árinu 1948 skuli leggja á eignaraukaskatt, en það hefur ekki verið gert enn, og því verður að framlengja tímann fyrir framtalsnefnd. Af þessum ástæðum taldi fjhn. sjálfsagt að verða við óskum hæstv. fjmrh., og vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. Til n. þarf ekki að vísa því, þar sem það kemur frá n. Á frv. stendur Nd., en á að vera Ed., og vil ég biðja hv. þm. að breyta því.

Forseti (BSt): Ég vil benda á, að skrifstofunni hefur verið það ljóst, að þetta var mál Ed., því að á dagskránni stendur Ed. Ég ætla því, að þetta geti varla talizt formgalli, heldur tiltölulega meinlaus prentvilla.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 254).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 264).

45. Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Ed.).

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [113. mál] (þmfrv., A. 284).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef beðið hv. allshn. d. að taka mál þetta að sér til flutnings. Mér er ljóst, að það ber að með óvenjulegum hætti, en fyrir því eru auglýsar ástæður, sem þarf eigi að lýsa fyrir hv. þdm. mjög ýtarlega. Mun þeim vera þetta kunnugt flestum. Ástæða þess, að dr. K. M. H. Metzner sé veittur ríkisborgararéttur, er sú, að ég hef öðlazt þá sannfæringu, að geti maður þessi óhindraður flutt sig, starfsemi sína og þekkingu til landsins, þá muni það verða fiskiðnaðinum í landinu sérstaklega til mikils framdráttar. Og með fiskiðnaði er ekki aðeins átt

við þann vísi að þess háttar iðnaði, er fyrir er í landinu, heldur hvers konar vinnslu úr hráefnunum, þá er vísindin hafa þegar fundið eða eiga eftir að finna. Dr. Karl Metzner er mjög vel þekktur vísindamaður, og meðmæli Háskóla Íslands liggja fyrir til þess, að hann fái þau borgararéttindi, að hann geti starfað hérlendis. En ástæðan fyrir því, að þörf er á að hraða þessu, er sú, að hann þarf að fara utan fljótlega varðandi eignauppgjör og önnur fjármálefni sín og telur sig eigi geta horfið aftur til landsins, nema þetta form verði haft á. Ég endurtek það, að afskipti mín af þessu máli byggjast á þeirri sannfæringu minni, að við höfum þörf fyrir hæfileika dr. K. Metzners og þekkingu, og í öðru lagi, að hér sé um valinkunnan mann að ræða, er reynast muni vel, og þjóðin komi til með að njóta góðs af hæfileikum hans.

Ég á eftir að bæta því við, að hér er um fleira fólk að ræða, konu doktorsins og einn son hans. Svo er aðstoðarmaður hans, Bernhard Wiencke að nafni, sem mér er tjáð, að dr. K. Metzner hafi sagt, að væri sér ómissandi. Hafi doktorinn lagt áherzlu á, að verði sér veittur ríkisborgararéttur, þá verði hann eigi við sig skilinn. Síðan er það kona aðstoðarmannsins og stjúpbörn hans.

Ég vildi svo vona skv. þessu, að hv. d. sæi sér fært að afgreiða málið nú, ef hún fellst á það, því að fullnægja þarf vissum formum, svo að pappírarnir komist í lag. Má hér engan tíma missa. Þetta er í sjálfu sér fyrsti dagurinn eftir þinghlé, sem hægt var að taka málið fyrir. Þótti eigi hlýða að gefa út brbl. um þetta efni, heldur var álitið rétt að bíða þess, að Alþ. kæmi saman að nýju.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (ÞÞ): Ég get tekið það fram nú, að við 1. umr. málsins var ekki borið undir hv. d. að vísa því til n., enda er frv. flutt af n., og kom því eigi til mála að vísa því aftur til n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BÓ, BrB, EE, GÍG, HermJ, JJós, SÁÓ, ÞÞ.
GJ, StgrA greiddu ekki atkv.
6 þm. (BBen, HV, LJóh, PZ, ÁS, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég tel þessi réttindi meira virði en svo, að verjandi sé að hafa þennan hátt á afgreiðslu málsins, og litinn sóma Alþ. af þessari meðferð þess. Mun ég því sitja hjá við atkvgr.

Frv. afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og mörgum er kunnugt, bauð Háskóli Íslands þýzkum vísindamanni, dr. Metzner, hingað til lands á s. l. hausti til þess að flytja hér fyrirlestra. Nafn dr. Metzners var talsvert þekkt hér áður vegna þekkingar hans á fiskiðnaði, og sömuleiðis hefur danskur fræðimaður á þessu sviði lokið miklu lofsorði á hæfni og þekkingu dr. Metzners. Háskólinn hefur nú sent ríkisstj. bréf, þar sem mælt er með dr. Metzner sem vísindamanni á þessu sviði og talið mjög til bóta, ef hann settist að hér. Út af þessu og viðtali við ýmsa áhrifamenn hef ég öðlazt þá sannfæringu, að það gæti orðið okkar fiskiðnaði, sem enn er á frumstigi, mikils virði að fá þennan mann til starfa hér, og ekki hvað sízt vegna þess, að vitað er, að við eigum einhver beztu hráefni, sem fyrirfinnast til þessa iðnaðar. Dr. Metzner hefur látið svo um mælt, að hann vilji flytja hingað til Íslands og vinna hér að íslenzkum hagsmunum, ef hann fengi íslenzkan ríkisborgararétt. En það, að þetta mál liggur þannig fyrir og nauðsynlegt er að veita honum svo skyndilega ríkisborgararétt, hefur verið skýrt fyrr hv. þm., að ég hygg, og mun ég ekki fara langt út í að ræða það. Hitt er vitað, að sá háttur hefur verið á hafður nú eftir ófriðinn í ýmsum löndum, að náð hefur verið í hæfileikamenn frá Þýzkalandi og þeim veittar alls konar undanþágur til þess að eignast ríkisborgararétt. Nú hefur dr. Metzner fjölskyldu, og óskar hann eftir því að koma með fjölskyldu sína með sér. Hann er nálægt fimmtugu. Hann hefur og lagt hina mestu áherzlu á það, að aðstoðarmaður hans, Wiencke að nafni, sem hefur einnig fjölskyldu, yrði ekki frá sér skilinn, þar sem hann hefur verið hans önnur hönd, og varð ekki að öðru komizt en að leggja til, að báðum þessum mönnum yrði veittur ríkisborgararéttur. Ég leitaði mjög eftir því við dr. Metzner, hvort það kæmi ekki í sama stað niður, þótt minni hraði yrði hafður á

þessu máli, en hann hefur skýrt mér frá sínum ástæðum og segir, að þetta sé mjög nauðsynlegt fyrir sig til þess að geta átt afturkvæmt til Íslands, að fá nú ríkisborgararétt hér. Ég hef síðan rætt um þetta við samstarfsmenn mína í ríkisstj., og ég þykist vita, að þeir muni hafa rætt það utan þingsins, og álít ég ekki þörf að ræða öllu meira hér um þetta mál. En það eru allra síðustu forvöð vegna formsins, sem þarf að fullnægja, að fá þetta nú lögfest, því að þessi maður þarf af sérstökum ástæðum að fara út fyrir mánaðamótin, og þarf helzt að ganga frá þessu máli fyrir 28. þ. m. Þessi maður er, eftir því sem hann sjálfur segir, talsvert efnaður, og hefur hann farið fram á, að hann fengi að flytja eigur sínar hingað til landsins, en það er annað atriði. Ég hef skýrt viðskmrh. frá þessari ósk hans, og geri ég ráð fyrir, að tillit verði tekið til hennar, ef fallizt verður á að veita honum ríkisborgararétt. Þetta er meginatriði málsins. Loks liggur fyrir skrifleg og vottfest yfirlýsing frá dr. Metzner um það, að ef hann fengi ríkisborgararétt hér, skuldbindi hann sig til þess að hafa aðsetur hér á landi að minnsta kosti í 5 næstu ár, og sömuleiðis, að hann sé reiðubúinn, ef þess er óskað, að gerast ráðunautur íslenzku ríkisstj. í fiskiðnaðarmálum.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Ég mundi alls ekki hafa haft forgöngu um þetta mál, ef ég væri ekki þeirrar skoðunar, að íslenzku atvinnulífi á sviði fiskiðnaðar gæti orðið hið mesta happ í því að fá slíkan mann hingað til landsins, en vitaskuld get ég ekki gefið þá sannfæringu öðrum, öðruvísi en að skýra frá því, sem hér liggur fyrir.

Ég mun ekki á neinn hátt setja mig á móti því, að þetta mál fari til hv. allshn., ef þess verður óskað, en mundi þá aðeins biðja um fljóta afgreiðslu, þannig að málið gæti komið fyrir á fundi aftur í dag, því að það, sem er stefnt að, er að ljúka málinu nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 287).

---

46. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1949.

Á 60. fundi í Nd., 9. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1949 [124. mál] (þmfrv., A. 321).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og segir í grg., sem fylgir þessu frv., er það flutt að beiðni minni hl. allshn., og þarf ekki að rökræða frv. Það er öllum ljóst, að þingi því, sem nú stendur yfir, verður ekki lokið 15. febr., og þarf þess vegna vegna ákvæða stjskr. að setja ákvæði um frestun á samkomudegi reglulegs Alþ. 1949, og er því lagt til, að það verði gert með líkum hætti og verið hefur undanfarin ár, á þann veg, að reglulegt Alþ. 1949 koma saman fyrsta dag okt., ef forseti Íslands tiltekur ekki annan samkomudag. Það hefur orðið sú reynd á seinustu ár, að þurft hefur að fara inn á þetta form, að fresta reglulegu Alþ., þar til liðið er á árið. En þess er að sjálfsögðu að geta, eins og ákvæði 1. gr. frv. ber með sér, að það er auðvelt að kalla saman Alþ. miklu fyrr, ef þörf krefur, svo að þetta er aðeins síðasti dagur, sem ákveðið er, að þingið sé kvatt saman, ef þetta verður samþ. — Það er alltaf nokkurt spursmál, hvaða dag eigi að velja sem síðasta dag til þess að Alþ. komi saman. Á ferðinni mun vera brtt. frá einhverjum hv. þm. um að ákveða daginn nokkru síðar, og er það Alþ. að úrskurða það; ég hef ekkert um það sjálfur að segja, hvaða dag menn vilja telja heppilegastan.

Ég vildi beina því til hæstv. forseta að sjá um, að frv. þetta, sem væntanlega þarf ekki langar eða miklar umr., gangi fljótt í gegnum hv. d., því að frv. verður að komast gegnum Alþ. á þessari viku, svo að búið sé að staðfesta l. fyrir 15. febr. Frv. er flutt af hv. allshn. og þarf því ekki að fara til n.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vona, að hæstv. forseti amist ekki við því, að ég minnist á brtt., sem ég mun flytja við þetta frv. ásamt 2. þm. Eyf. og er um það, að eindaginn færist fram til 11. okt. Það er mönnum mikil þægindi, kannske þeim sérstaklega, sem búa úti á landi og hafa þar störfum að sinna, að þingið komi ekki saman fyrr. Ég vona, að það þurfi engin áhrif að hafa á þingstörfin, þannig að hægt sé að ljúka þeim fyrir hátíðar. Ég vænti, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt. Mér hefur skilizt á forsrh., að af hans hálfu vilji hann alls ekki bregða fæti fyrir slíka ákvörðun. Ef

þannig skipast, að stj. þurfi að kalla þing saman fyrr, skiptir það engu máli, þótt eindaginn á samkomunni sé færður til 11. okt. — Ég vænti, að hæstv. forseti láti málið ekki koma til atkvgr. fyrr en við getum verið viðstaddir við 2. umr., með því að við þurfum að bregða okkur frá.

Forseti (SB): Það mun verða orðið við ósk hv. þm. Hins vegar mun reynt að hraða málinu, eftir ósk hæstv. forsrh., eins og unnt er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, 323).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki sem meðlimur allshn. viljað skorast undan að vera meðflm. að þessu frv., enda þótt komið sé í óefni með, hve seint Alþingi afgreiðir fjárlög. Ég viðurkenni, að það séu óþægindi hjá sumum þm. að koma til þings 1. okt. og nokkur þægindi að fá frest til 11. okt., en hins vegar má slíkt ekki ráða, ef hagsmunir almennings líða tjón við það. Öllum er ljóst, að það hlýtur að vera mjög óheppilegt fyrir allan rekstur ríkisins, að fjárl. séu ekki afgr. fyrr en komið er fram í marz eða apríl það ár, sem þau eiga að gilda fyrir. Einkum veldur þetta erfiðleikum í sambandi við allar framkvæmdir ríkisins og gerir þær í mörgum tilfellum miklu dýrari. Að vísu er stj. heimilt að kveðja saman þing, en reynslan hefur sýnt, að það er aldrei gert fyrr en í síðustu lög. Ég álít, að Alþ. þyrfti að setja sér það mark að afgreiða fjárl. fyrir áramót og snúa með því af þeirri óheillabraut, sem farin hefur verið nú undanfarið.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég mælti nokkur orð með þessari brtt. við 1. umr. og þarf ekki að endurtaka þau. En eins og þm. vita, er till. borin fram vegna þess, að það er allmiklu þægilegra, einkum fyrir þm. utan af landi og þá sérstaklega bændur, að koma til þings 11. okt. en 1. okt., eins og gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar held ég, að þessir dagar milli 1. okt. og 11. okt. ráði engu um það, hvort fjárl. verði afgr. fyrir áramót. Það fer eftir því, hvernig undirbúningur fjárl. gengur og hvernig málin liggja fyrir þinginu. Eins og hv. þm. Ísaf. sagði, þá eru fjárl. nú ekki samþ. fyrr en 2—3 mánuðir eru liðnir af árinu, og má af því ráða, hvort 10 dagar ráða nokkru um, hvort fjárl. eru afgr. fyrir áramót eða ekki. En þó að þessir dagar séu ekki margir, þá er það sá tími, sem margt er að snúast, einkum þó úti á landsbyggðinni, og því mikil þægindi fyrir marga þm. að þurfa ekki að koma til Alþingis fyrr en 11. okt. — Ég vona því, að hv. þm. geti fallizt á þessa till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég man ekki betur en að fyrir nokkrum árum hafi komið till. frá framsóknarmönnum um, að Alþ. kæmi saman 1. sept. Þá var ekki talið erfitt fyrir bændur, sem sæti áttu á þingi, að koma til þings. Ég held því, að ef sami áhugi er enn hjá bændum að vinna að þjóðmálunum, þá sé ekki ástæða til, að Alþ. komi saman síðar en 1. okt. Það er farið að hringla mjög óviðeigandi með samkomudag Alþingis, og úr því að ekki er hægt að láta Alþ. koma saman á sínum lögákveðna degi skv. stjskr., þá held ég, að heppilegast sé að halda sig við 1. okt., enda ætti með því að vera nægilegur tími til að afgr. fjárl. fyrir áramót, ef sæmilega er undir það búið af hálfu ríkisstj. Ég legg því til, að frv. verði samþ. eins og það upphaflega kom frá allshn.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég viðurkenni fyllilega, að ýmsar persónulegar ástæður mæla með því, að 11. okt. sé þægilegri samkomudagur Alþ. en 1. okt. Hins vegar tel ég alveg óviðunandi fyrir þá, sem eiga að sjá um framkvæmdir fyrir ríkið, að vita ekki fyrr en komið er fram á árið, hvaða framkvæmdir verði leyfðar. Með slíku fyrirkomulagi hljóta allar framkvæmdir að verða miklu verr undirbúnar og auk þess miklu dýrari. Það má vel vera, að 10 dagar ráði ekki miklu, en þá tel ég, að samkomudagurinn ætti að vera fyrr, ef tíminn frá 1. okt. nægir ekki til að afgr. fjárl. fyrir áramót, t. d. 1. eða 15. sept. — Það verður að gera greinarmun á því, hvort um persónulegt hagræði nokkurra manna er að ræða eða hag landsins í heild.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er vitanlegt öllum þm., að ríkisstj. getur kvatt saman Alþ. hvenær sem er, ef hún telur þess þörf. Ég viðurkenni fúslega þau orð þm. Ísaf., að það kæmi sér betur fyrir þá, sem eiga að starfa að framkvæmd fyrir ríkið, að vita, hvað þeim er heimilt að gera, svo að þeir geti hafið undirbúning að þeim störfum. En þessi munur, sem hér um ræðir, breytir bara engu um það.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að Framsfl. hefði einu sinni verið þess hvetjandi, að þingið kæmi saman 1. eða 15. sept. Það er rétt. En þessum hv. þm. er það ekki ríkt í huga, af hverju Framsfl. kom með slíka till. Það var þá svo ástatt um mál bændastéttarinnar, að hún var gersamlega háð lögum frá Alþ. um ákvarðanir um kaup og kjör stéttarinnar, svo að ég viðhafi kaupstaðarmálið, ef ég mætti það, þannig að það var gersamlega háð ályktunum þingsins fyrir komandi ár, hvað gerðist í þeim málum. Það varðaði því miklu, að þingið, sem lét mjög til sín taka um þetta mál, kæmi saman áður en það tímabil væri út runnið, á hverju gilti áður ákveðið verð á afurðum bændastéttarinnar. Ég ætla, að ég muni það rétt, að það tímabil hafi talizt til 15. sept. Og þó að þessi samkomudagur væri þeim mönnum, sem heima áttu úti á landi, óhentugur, af því að þeim var óþægilegt og undir mörgum kringumstæðum mjög óþægilegt að koma

saman á þingi til starfa á þeim tíma, þá horfðum við framsóknarmenn ekki í það að leggja þau óþægindi á nokkra menn, þar sem svo mikið var í húfi fyrir heila stétt og reyndar miklu fleiri, það fólk, sem átti afkomu sína undir því, hvernig búið var að þessari stétt. Og ég ætla, að hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki farið að minnast á þetta, ef svo hefði staðið á fyrir þeirri stétt, sem hann telur sig fulltrúa fyrir, í sambandi við þennan samkomudag Alþ. á áminnztum tíma, eins og þá stóð á fyrir bændastétt landsins.

Ég vænti, að hv. þm. sýni þá sanngirni þessu máli, — því að það er ekki annað en sanngirnismál og varðar engu um afgreiðslu fjárl., þó að það muni þessum dögum, hvenær þingið kemur saman, — að þeir samþ. þessa brtt., hafandi það í huga, að ef ríkisstj. þykir þurfa að kalla þingið saman fyrr á árinu en í brtt. er gert ráð fyrir, þá geri hún það, því að hún getur það alveg eins þótt þessi brtt. verði samþ., og þá verður ekki horft í það, þó að það kunni að verða eitthvað óþægilegt fyrir nokkra þm., því að sé um alþjóðar hagsmuni að ræða, mega ekki hagsmunir einstakra hv. þm. sitja þar í fyrirrúmi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það sé óverðskuldað last í garð fulltrúa íslenzkrar bændastéttar, sem hv. 1. þm. Árn. lét sér um munn fara hér áðan, þegar hann vildi segja, að sökum þess, að hagsmunir bændastéttarinnar sem slíkrar hefðu sérstaklega snert það, hvenær samkomudagur Alþ. hefði verið ákveðinn hér áður fyrr, þá hefðu fulltrúar bændastéttarinnar fundið ástæðu til að berjast fyrir því, að þingið kæmi saman 1. eða 15. sept. En nú, þegar það er ekki sérstaklega bændastéttin, heldur alþýða manna öll, sem kemur það við, að lag komist á afgreiðslu fjárl. og þjóðarbúskapinn í heild, þá vill hv. 1. þm. Árn. láta það sitja í fyrirrúmi, að tekið sé tillit til þess, að fulltrúum bændastéttarinnar er ekki þægilegt að koma til þings fyrr en 11. okt. Nefnilega svo framarlega að það sé ekki nema um alþjóðarhagsmuni að ræða, þá telur hann, að það sé ekki ástæða til að leggja á þessa hv. þm. þau óþægindi að koma til þings fyrr en 11. okt. Ég held, að þetta sé óverðskuldað last um íslenzka bændastétt og bændafulltrúa á þingi, því að ég held, að bændastéttin hafi viljað taka tillit til alþjóðarhagsmuna. Ég álít því, að þessi brtt., þó að hún virðist ekki veigamikil, um að færa samkomudaginn frá 1. okt. til 11. okt. eingöngu vegna þessara sérhagsmuna, sé ástæðulaus, þegar fulltrúar bændastéttarinnar hafa sýnt, að þegar þeir hafa álitið hagsmuni bændastéttarinnar í veði, þá hafa þeir viljað láta þingið koma saman 1. eða 15. sept. Ég held, að það væri meir í samræmi við stefnu bændastéttarinnar hér á landi í íslenzkri pólitík, að þingið kæmi saman heldur fyrr en seinna.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi seilzt nokkuð langt til raka með þeirri ræðu, sem hann var að enda, því að rétt þegar ég settist niður, lagði ég á það áherzlu, að ef þjóðarhagsmunir krefðust þess, að þingið kæmi saman jafnvel fyrir 1. sept., þá væri sjálfsagt að fara eftir því og láta það koma saman þá. En ef það að öllu leyti væri meinfangalaust, að þingið kæmi saman tíu dögum síðar en gert er ráð fyrir í frv., þá skildist mér, að menn gætu ekki haft á móti því, að þessi ákvörðun væri tekin samkv. brtt. Svona röksemdir, eins og komu fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., eru ekki berandi á borð fyrir nokkurn mann. Hv. þm. hafa heyrt, hvað okkur hv. 2. þm. Reykv. og mín hefur farið á milli hér um þetta mál, og hvernig ég hef rökstutt mitt mál, og sömuleiðis hafa áheyrendur heyrt það. Þess vegna er það ekki rétt af hv. 2. þm. Reykv. að gera sig svona skyni skroppinn eins og kom nú fram í ræðu hans, að það komi fram, að hann viti ekki betur deili á málinu en svo, að hann skuli leyfa sér að bera það fram í ræðu, sem hann hefur nú gert. Og þegar við þekktumst í gamla daga og ég var að leggja grundvöllinn að menntun hans, minnist ég ekki þessa hæfileikaleysis þessa hv. þm. um að bera skyn á mál.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að gera grein fyrir atkv. mínu um einstök mál, en ég vil gera það nú.

Ég geri ekkert upp á milli þess, hvort lögskipað verður, að samkomudagur Alþ. verði í síðasta lagi 1. eða 11. okt. Ég get mjög vel fallizt á þá brtt., sem fyrir liggur, um að samkomudagurinn þurfi ekki að vera fyrr en 11. október, og það aðeins af þeirri ástæðu, að ég hygg, að það hafi engin áhrif á það, hvort hægt er að afgr. fjárl. fyrir áramót, hvor dagurinn er ákveðinn af þessum tveimur. En í sambandi við þetta er ekki hægt að ganga fram hjá því, sem hv. þm. Ísaf. drap á, að Alþ. er komið út á alveg óhæfa braut með því að afgreiða aldrei fjárlög fyrr en komið er verulega fram á fjárlagaárið. Og ég álít, að ekki verði hjá komizt að gera eitthvað til þess að reyna að kippa þessu í lag aftur. Og þá er um tvær leiðir að ræða, virðist mér, annaðhvort að ákveða samkomudag Alþ. fyrr en 1. okt., t. d. 1. sept. eða 15. ágúst, og þá sé helzt gengið að því eins og sjálfsögðu, að fjárl. verði afgr. fyrir áramót, eða í öðru lagi verði reynt að ráða bót á þessu ólagi með því, að fjárlagaárinu verði breytt þannig, að það sé ekki almanaksárið, heldur miðað við annan dag og þá að vorinu, með það fyrir augum að kalla þá Alþ. saman upp úr áramótunum, til þess að hægt væri þá að afgr. fjárl. áður en fjárhagsárið ætti að byrja, sem þau fjárl. giltu fyrir. Og ég vil beina því ákveðið til hæstv. ríkisstj., að þó að hún fái þessi lög samþ., — og mér er sama, hvort í þeim er gert ráð fyrir 1. eða 11. okt. sem samkomudegi Alþ., — þá taki hæstv. ríkisstj. það mjög til athugunar, hvort ekki væru líkur til þess, að hægt væri að afgreiða fjárl. fyrir næstu áramót með því að kalla þingið saman fyrr til starfa, til þess þá að vinna að því ákveðið, að fjárl. fyrir 1950

gætu orðið afgreidd fyrir 1. janúar það ár. Og ég greiði þessu frv. atkv. mitt í því trausti, að ríkisstj. athugi þetta eða undirbúi beinlínis, að breytt verði um fjárhagsárið þannig, að það fari ekki saman við almanaksárið, og að sá háttur verði tekinn upp sem allra fyrst, að fjárlög verði afgreidd áður en fjárhagsárið er liðið hið næsta á undan því, er viðkomandi fjárlög eiga að gilda fyrir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. ýmsir hafa talað um það hér, að svo geti það ekki lengur til gengið, að það sé langt komið fram á fjárhagsárið áður en fjárlög fyrir það ár eru afgreidd, og er ég þeim sammála um, að það sé slæmt, að svona gangi þetta til. Og þessi háttur hefur verið á þessu af illri nauðsyn á undanförnum árum. Og ég er sammála um það einnig, að um annað tveggja sé að ræða í þessu efni, annars vegar að þingið komi saman það snemma og sé búið að undirbúa fjárlög í það tækan tíma, að unnt sé að afgreiða fjárl. fyrir áramót, eða þá hins vegar að breyta til um fjárhagsárið. En sérstaklega út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að ég álít það skyldu ríkisstj. að athuga það, að svo miklu leyti sem hún kynni með þau og önnur málefni að fara, hvort möguleikar væru á að undirbúa fjárlög á þennan hátt og kalla saman þingið svo snemma, að skynsamlegar líkur væru til þess, að fjárlög yrðu afgreidd fyrir áramót. Hins vegar hefur það verið svo undanfarin ár, að atburðir ýmsir og atvinnuhættir og fjármálin og allt ástand í fjármálunum hefur verið í svo mikilli óvissu, að örðugt hefur þótt að undirbúa fjárlög til afgreiðslu í tækan tíma áður en nýtt fjárlagaár hefur byrjað. Hvort eitthvað breytist um ástandið innanlands að þessu leyti, læt ég ekkert um sagt nú, þó að ég telji það óvíst. En ég álít það skyldu ríkisstj. að reyna eftir mætti, hvort hægt verði að koma því til leiðar, að fjárlög verði afgreidd fyrir nýár, að óbreyttu fjárhagsári, eða að fjárhagsárinu verði breytt.

Finnur Jónsson: Ég get verið ánægður með þær undirtektir, sem aths. mín um afgreiðslu fjárl. hefur fengið, bæði hjá hv. 1. þm. Skagf. og eins hjá hæstv. forsrh. Ég vildi þó láta í ljós í sambandi við þau ummæli, sem fram hafa komið í sambandi við breyt. fjárhagsársins, að ég tel, að slík breyt. mundi varla verða til bóta. Ef við tækjum til dæmis, að fjárhagsárið yrði sett frá 1. apríl, mundi verða það sama upp á teningnum og nú, að þeir, sem þurfa að standa fyrir framkvæmdum ríkissjóðs, hefðu enga vitneskju um, hvað þeir ættu að framkvæma á þeim tíma, sem aðalframkvæmdir ríkissjóðs ættu að fara fram á, fyrr en svo seint, að þeir gætu ekki komið við nauðsynlegum undirbúningi. Ég held þess vegna, að við verðum að gera ráð fyrir, að við höldum áfram að hafa fjárlagaárið þannig, að það fylgi með almanaksárinu, en verðum að leggja alla áherzlu á að afgreiða fjárlög fyrir áramót á hverju ári vegna þess, sem ég hef áður minnzt á, að undirbúningur undir verklegar framkvæmdir ríkissjóðs getur áreiðanlega ekki verið minni en sem svarar tímanum frá því um áramót og þangað til fram í maí eða júní, er verklegar framkvæmdir þurfa að hefjast.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er sammála sumum þeim, sem talað hafa, um það, að óviðunandi sé í alla staði og óviðfelldið, að Alþ. afgreiði ekki fjárlög áður en fjárlagaárið hefst, sem þau eiga að gilda fyrir. Því miður hefur það komið fyrir, bæði nú og áður, að það hefur ekki tekizt. En ég vil benda á það, að hvort þetta tekst eða ekki, að afgreiða fjárlög fyrir byrjun ársins, sem þau eiga að gilda fyrir, það fer ekki eingöngu eftir því, hvort Alþ. er kallað saman mánuði fyrr eða seinna, heldur og ekki síður eftir því, hvort ríkisstj. hefur fjárlagafrv. tilbúið, er þingið hefst. Og í haust, þó að þingið kæmi ekki saman fyrr en 11. okt., þá hafði ríkisstj. hæstv. fjárlagafrv. ekki tilbúið er þingið kom saman. Það mun ekki hafa verið lagt fram fyrr en um mánaðamótin október og nóvember. Nú virðist mér ekki eðlilegt að láta Alþ. sitja lengi yfir litlum störfum og láta það þá bíða eftir því, að ríkisstj. leggi fyrir þingið stærsta málið, sem það þarf að afgreiða, eins og t. d. fjárlagafrv. Og ég tel, að ef fjárlagafrv. væri tilbúið og lagt fyrir þingið í þingbyrjun, ætti að vera auðvelt að afgreiða fjárlög fyrir lok ársins, þó að þingið væri ekki kvatt saman fyrr en í október, hvort sem væri 1. eða 11. dag mánaðarins. Þetta tel ég stórt atriði í málinu, að ríkisstj. hafi fjárlagafrv. tilbúið í þingbyrjun, svo að þm. séu ekki látnir vera hér lengi yfir litlum störfum framan af þingtímanum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það voru nú um tuttugu dagar liðnir af þessu þingi, þegar hv. þm. fengu fjárlagafrv. það, sem liggur fyrir þessu þingi nú, í hendur, og ollu þó veikindi mín því, að það var ekki a. m. k. hálfri annarri viku fyrr lagt fram. Þá komu hljóð úr horni, því sama sem nú, þ. e. a. s. úr sama flokki, um það, að það væri eiginlega ónýtt verk að leggja fram fjárlagafrv. þannig, að það vantaði starfsmannaskrá ríkisins. Það er nú verið að vinna að henni. En þegar um það er að ræða, að fjárlagafrv. var ekki lagt fram fyrr en fyrstu daga nóvember fyrra árs, er það ekki eingöngu sök ríkisstj., að það varð ekki fyrr. Að hinu leytinu hlýtur mönnum að vera það augljóst, að eftir því sem ríkið vefst í fleiru og skiptir sér af fleiri málum, svo sem atvinnumálum, þá er erfiðara um ýmis mál og þar með undirbúning fjárlaga en áður var. Fjárlfrv. getur min vegna verið afgr. hvaða dag sem er. Till. mínar liggja fyrir í frv., eins og það liggur fyrir, og hv. þm. þurfa ekki að eyða fleiri vikum en komnar eru til þess að koma með till. fram í þinginu. — Þetta vil ég taka fram, þegar talað er um það, hvaða óheillir stafi af því, hvað fjárlfrv. kemur seint fram. En það er ekki aðeins innan þingsins, sem orsakirnar er að finna til þess, hve fjárlög eru seint afgreidd, heldur eru stofnanir

okkar orðnar svo margar, sem þarf að leita til um upplýsingar vegna fjárlfrv., að það er með herkjubrögðum, að hægt er að koma fjárlfrv. frá stjórnarráðinu á þann veg, sem forsvaranlegt þykir, tveim til þrem vikum eftir að þing kemur saman.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka fram út af ræðum, sem hér hafa komið fram um það, hvenær þingið komi saman og þýðingu samkomudags þingsins, að sú hliðin, sem snýr að Alþ., er að ákveða í l., hvenær þingið skuli koma saman. En það, að ríkisstj. getur kvatt þingið saman fyrr en Alþ. tiltekur, er ekki frá okkur þm. Það er ekki rétt af okkur þm. að kasta þessu lagaatriði og þessu valdi upp á ríkisstj. og segja: Þið getið kallað þingið saman fyrr en l. ákveða. — Ég álít því, að við með því að taka ákvörðun um samkomudaginn í þessum lögum 1. eða 11. okt., séum að taka ákvörðun um, hvort við viljum hraða störfum um þetta, sem liggur á milli þessara daga. Ég álít því, að við eigum að óska þess frekar, að þ. komi saman 1. okt. Og þegar ríkisstj. leggur til, að þingið verði kallað saman í síðasta lagi 1. okt., þá álít ég, að það sé ekki okkar þm. að segja: Við viljum, að það komi ekki saman fyrr en 11. okt.

Það hefur verið regla, sem hefur verið samkv. lagafyrirmælum, að fjárlfrv. hafi verið fyrsta þskj., sem útbýtt hefur verið á þingi. Og þetta er regla, sem ég trúi, að við álítum þm., að eigi að hafa í gildi. Og ef Alþ. vildi ákveða að Alþ. kæmi saman 1. okt., þá eru þm. að leggja til, að fjárlfrv. eigi að koma fram á þ. heldur fyrr en seinna, eða 3. til 4. okt. Hitt er annað mál, hvort þessi lög eru haldin. Það er ekki hlutverk Alþ. sem stofnunar að gera annað en að setja lög viðvíkjandi þessu. Alþ. gerir þannig ráð fyrir, með því að ákveða, að þing komi saman 1. okt., að fjárlfrv. verði lagt fram þá rétt á eftir. En það er á ábyrgð stuðningsflokka ríkisstj., hvort ríkisstj. stenzt gagnvart þessu lagafyrirmæli, hvernig hún sem framkvæmdastjórn vinnur þessi verk. Það er mál, sem stjórnarflokkarnir geta deilt um innbyrðis. Ég álít fjarri lagi, þegar ríkisstj. leggur til, að Alþ. verði kallað saman ekki síðar en 1. okt. og vill skapa sér aðhald um að leggja fjárlög fram ekki síðar en á fyrstu dögum októbermánaðar, að alþm. fari að segja: Við viljum ekki, að Alþ. verði kallað saman fyrr en 11. okt. Ég held, að þetta sé mjög fjarri lagi.

ATKVGR.

Brtt. 323 samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO.

nei: SG, EOl, EmJ, FJ, GÞG, HÁ, HermG, KTh, SigfS.

SK, StJSt, ÁÁ, ÓTh, BG greiddu ekki atkv.

10 þm. (SEH, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EystJ, GTh, HB, JJ, LJós, SB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 333).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (BG): Borizt hefur skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf. við 1. gr. frv., og er hún svo hljóðandi: „Fyrir „ellefta dag októbermánaðar" kemur: fimmtánda dag septembermánaðar." — Afbrigði þarf fyrir till., þar sem hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 334) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég ætlaði bara að vekja athygli á því, að hér er farið kynlega að. Fyrir nokkrum mínútum var samþ. hér brtt., þar sem samkomudagur næsta reglulegs Alþingis er ákveðinn 11. okt. Og þvert ofan í hana og nær í sömu andránni og hún er samþ. kemur hér fram brtt. í þá átt, að gengið sé til baka til 15. sept. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að þetta riði í bága við þingsköp, en þetta er vægast sagt undarlega að farið.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég heyrði á ræðu hv. 1. þm. Árn., að hann taldi vafasamt, að unnt yrði að afgr. fjárl. í tíma, hvort sem Alþingi kæmi nú saman 1. eða 11. okt., a. m. k. skildi ég hann svo. Hins vegar verður því varla neitað, að með því að færa samkomudaginn til 15. sept. hefur Alþingi rúma 3 mánuði til þess að afgr. fjárl., svo að segja má, að þetta sé þó tilraun í þá átt að koma lagi á afgreiðslu fjárl. Mér skildist, að þeir, sem samþ. að binda samkomudaginn við 11. okt., hafi gert það með það fyrir augum, að tíminn væri þá svo naumt skammtaður, að ekki yrði unnt að afgr. fjárl. fyrir áramót. Tillaga mín er því sett fram sem prófsteinn á það, hvort þm., sem annars lýsa yfir í orði kveðnu óánægju sinni með seina afgreiðslu fjárl., vilji í raun og veru, að þau séu afgr. fyrir áramót. Og ég fyrir mitt leyti væri til með að fylgja því, ef einhver kæmi fram með þá till. að færa enn samkomudaginn til 1. sept. Það er því alveg fráleitt, að ekki megi ganga til atkv. um þessa till. Sú till., sem samþ. var hér áðan, bindur ríkisstj. ekki nema í þá átt, sem alls ekki kemur í bága við þessa till.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er gersamlega úr lausu lofti gripið, að ég hafi sagt nokkuð um, hvort unnt yrði að afgreiða fjárlög, hvort sem samkomudagur Alþingis yrði 1. eða 11. okt. Ég sagði aðeins, að það væri allt eins hægt, þó að hann yrði ekki fyrr en 11. okt. Þar er mest komið undir því, hvernig fjárl. hafa verið undirbúin, og því viðhorfi, sem er til fjármála og viðskiptamála. Ég ímynda mér, að það séu allir sammála um, að

stefna beri að því, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót. En mér finnst það of langt gengið að bjóða þm. upp á að hverfa svo algerlega frá samþykkt, sem gerð var fyrir 5 mínútum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að sú brtt., sem hv. þm. Ísaf. hefur lagt hér fram, sé í fullu samræmi við öll þau orð, sem hér hafa verið töluð um nauðsyn á tímabærri afgreiðslu á fjárl. Allir hafa látið þá skoðun í ljós, að fjárl. verði að afgreiða fyrir nýár. Í beinu samræmi við þær óskir gerir till. ráð fyrir, að Alþ. komi saman eigi síðar en 15. sept. Þetta er líka það eina, sem Alþ. getur gert til að láta ótvírætt í ljós þá skoðun, að fjárl. beri að afgreiða fyrir nýár. Hins vegar er samþykkt þeirrar brtt. að færa samkomudaginn til 11. okt. í hróplegu ósamræmi við allt, sem sömu menn og að henni stóðu hafa talað hér. Og ef það ætti að vera eitthvert samræmi á milli orða og gerða hér á Alþ., þá á að samþ. þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 334 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, SigfS, SG, SK, EOl, EmJ, FJ, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, HelgJ.

GÞG, BG greiddu ekki atkv.

7 þm. (JJ, LJós, SEH, StgrSt, ÁkJ, GTh, HB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., 11. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt af hv. allshn. Nd., eftir minni beiðni og er á þá leið, eins og það ber með sér, að reglulegt Alþ. 1949 komi saman 11. okt., eins og nú stendur í frv. Eftir stjskr. á Alþ. að koma saman 15. febr. ár hvert, en þessu má breyta með l. Það er sýnilegt, að Alþ. verður ekki lokið fyrir miðjan þennan mánuð, og þótti því einsýnt, að breyta þyrfti ákvæðunum um samkomudag Alþ. Ríkisstj. lagði til, að samkomudagurinn yrði 1. okt., en því var breytt í 11. okt. í meðferð hv. Nd. Ég lýsti því þá yfir, að ég áliti mig það engu skipta, hvor þessara daga yrði valinn, enda er það eðlilegt, að þm. sjálfir ákveði samkomudaginn eftir því, sem þeim þykir bezt henta. Hins vegar gildir það, að Alþingi má kalla fyrr saman, ef ríkisstj. óskar þess. En þar sem l. um þetta efni þurfa að verða samþ. fyrir miðjan mánuð, geri ég ráð fyrir, að málið fái greiða göngu gegnum hv. d., og flyt ég þá ósk til hæstv. forseta, að meðferð málsins verði hér lokið á þessum degi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mig undrar þetta frv. Mig undrar, að hæstv. ríkisstj. skuli viljandi og vísvitandi langa til að viðhalda því ófremdarástandi, sem við höfum búið við undanfarin ár, sem sé því að láta landið vera fjárlagalaust nokkurn hluta úr árinu. Með þessu frv. er, eins og öllum hv. þm. er vitanlegt, lagt til, að Alþingi komi saman 11. okt., en áður hafði ríkisstj. lagt til, að samkomudagurinn yrði 1. okt. Við atkvgr. um málið í hv. Nd. sat hæstv. forsrh. hjá, og finnst mér það ekki sýna mikinn áhuga hæstv. ríkisstj., en ég tel með öllu óviðeigandi, að landið sé fjárlagalaust hluta úr árinu, en að því tel ég stefnt með þessu frv. Það er sem sagt enn lagt til, að þingið komi saman að haustinu, en slíkt hefur undanfarið orðið til þess, að fjárlög hafa ekki verið afgr. fyrir nýár. Hugsanlegt er náttúrlega, að fjárlög verði afgreidd frá 1. okt. til áramóta, en þá þarf ríkisstj. að hafa undirbúið fjárl. rækilega að sumrinu, hvað ekki hefur verið gert undanfarið, og samstæður þingvilji að vera til staðar. Haustið er þó yfirleitt ekki hentugur tími til þinghalds. Ef þá slitnar upp úr stjórnarsamvinnu, verða vetrarkosningar, og er þá allra veðra von, og hygg ég, að allir vilji losna við þær, en vetrarkosningar eru alltaf yfirvofandi, þegar þingið situr að hausti og fyrri part vetrar. Það er vandræðatími, sem þarf að losna við sem þingtíma, en ég býst við, að horfið hafi verið að því að velja þennan tíma vegna þess, að menn hafi þótzt vita of lítið um reynslu síðustu ára og sjá of lítið um gang málanna það ár, sem fjárl. áttu að gilda fyrir, 15. febr., þegar hinn reglulegi samkomudagur þingsins er að lögum. En leiðin til að koma þessum málum í rétt horf er að breyta fjárhagsárinu og miða ekki við áramót, heldur t. d. 1. júní, enda eru aðalframkvæmdir sumarsins þá ekki byrjaðar, eða þá að kveðja Alþingi saman svo snemma hausts, að nokkurn veginn sé tryggt, að fjárlög verði afgreidd fyrir áramót, og til þess hefur ríkisstj. vald, hvaða samkomudagur sem í þessu efni verður samþ. hér á Alþingi. Varðandi það að miða fjárhagsárið við 1. júní, þá má náttúrlega benda á, að það geti verið erfitt og að undirbúningur hafnargerða og lendingabóta og annarra framkvæmda verði slæmur og afleitt að fá ekki að vita fyrr en rétt áður, í hvaða framkvæmdir fé er veitt. En ég geri ekki mikið úr þessu, því það liggur tiltölulega snemma fyrir, og fyrr en síðustu daga þingsins, hvaða höfuðframkvæmdir það eru, sem leggja á í, svo að undirbúningur þeirra ætti af þeim sökum að geta orðið sæmilegur. En mig langar til að heyra það hjá hæstv. forsrh., hvort ríkisstj. hafi hugsað sér að breyta til í þessum efnum og miða t. d. fjárhagsárið ekki við áramót, og ef svo er, þá skal ég ekki vera á móti frv. eins og það nú er. Ef ríkisstj. aftur á móti ætlar að hafa almanaksárið áfram sem fjárhagsár, þá tel ég það skyldu hennar að kveðja Alþingi svo snemma saman og undirbúa fjárlög það vel, að nokkurn veginn sé tryggt, að þau séu afgreidd fyrir nýár, og losa okkur þannig við það ófremdarástand, sem

verið hefur, er landið hefur verið fjárlagalaust tímum saman, en það krefst þess, að hún verji ekki sumrinu í frí, heldur undirbúi setningu nytsamra laga og þá einkum fjárl., þannig að á þeim undirbúningi megi byggja. Með samkomudegi um miðjan september og mikilli vinnu ríkisstj. að sumrinu er hægt að afgreiða fjárlög fyrir áramót, en að því er sýnilega ekki stefnt með því að leggja til, að samkomudagurinn verði 11. okt. Og mig langar til að heyra hjá hæstv. ríkisstj., hvort hún muni ætla að breyta fjárhagsárinu, og ef það er, þá get ég sætt mig við frv., en ef á að hafa sama fjárhagsár og áður, þá er frv. óverjandi og til skammar að samþ. það.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég skal játa það með 1. þm. N-M., að ástandið er óheppilegt, þegar nokkuð líður framan af fjárhagsárinu án þess að fjárlög séu afgreidd. En eftir svo hraðfara breytingar, sem orðið hafa í atvinnulífi okkar Íslendinga nú síðari árin, þá var sýnilegt, að ógerningur var að afgreiða fjárlög mörgum mánuðum áður en fjárhagsárið byrjaði, og því var horfið að því að afgreiða fjárlög á haustþingum. Nú má segja, að annað tveggja sé fyrir hendi, að nægur tími sé frá samkomudegi þingsins til áramóta, svo að fjárlög megi verði afgreidd á þeim tíma, eða breyta fjárhagsárinu. Út af spurningu hv. 1. þm. N-M., þá get ég ekki svarað henni á þessari stundu, því að ríkisstj. hefur ekki rætt málið, og þar yrði fyrst og fremst hæstv. fjmrh. að leggja á ráðin, en ég vil benda á, að hvort sem samkomudagurinn er ákveðinn 1. eða 11. okt., þá hefur ríkisstj. vald til að kalla Alþingi saman fyrr, ef hún sæi þá, að hægt væri að afgreiða fjárlög fyrir nýár. Nú hafði ríkisstj. lagt til, að samkomudagurinn yrði 1. okt. Mikill meiri hluti þm. vildi heldur hafa hann 11. okt. en 1. okt., og stóðu einkum að því bændaþm. og þm. utan af landi. Mér fannst eðlilegt, að þeir ákvörðuðu daginn sjálfir og að ríkisstj. ætti ekki að beita áhrifum sínum í þessu máli, einkum þar sem hún getur kallað þingið fyrr saman, ef þörf krefur. En þær almennu yfirlýsingar get ég gefið, að ég tel sjálfsagt, að annaðhvort verði að haga svo undirbúningi fjárl., að líkur — ég segi líkur — séu til, að þau verði afgr. fyrir áramót, þótt lögð séu fram á haustþingum, eða þá að breyta fjárhagsárinu, því að ég er sammála hv. 1. þm. N-M. um það, að núverandi ástand er óheppilegt og má ekki vera, og að því vildi ég vinna, að ef fjárhagsárinu yrði ekki breytt, þá reyndi ríkisstj. að undirbúa svo fjárlög, að þau yrðu afgr. fyrir áramót. Ég held, að ráðherrarnir vinni fullkominn vinnutíma allt árið og hafi yfirleitt ekki stuttan vinnudag. E. t. v. eru þeir sú stétt í landinu, sem hefur einna lengstan vinnudag. Það er því engin ástæða til að hafa þær dylgjur í frammi við stj., að ráðh. vinni ekki.

Að öðru leyti mun ástæðulaust að fjölyrða frekar um þessi mál. En af tilefni þeirra ummæla hv. þm., að mál, sem stj. leggur fyrir þ., séu illa undirbúin, vil ég geta þess, að eigi er undir stj. einni komið, hversu vinnubrögðum er háttað. Veit ég til, að stjfrv. hafa legið hjá n. vikum og jafnvel mánuðum saman.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. forsrh. áðan skal ég upplýsa, að mér er ekki kunnugt um, að neitt stjfrv. liggi hjá þeim n., sem ég er í. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort rétt sé hermt, það er spurzt hefur til fjvn., að hann hafi sagt í hv. Nd., að afgreiðsla fjárl. væri að kenna n. Ég hefði nú kosið, að orð þessi hefðu heldur verið látin falla hér í þessari hv. d., þar eð ég sem form. fjvn. á hér sæti.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Barð. skal ég geta þess, að ég minntist ekki einu orði á fjárl. eða afgreiðslu þeirra í Nd.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil slá fastri þeirri túlkun hjá hæstv. forsrh., er ég tel mig hafa fengið, í fyrsta lagi, að hæstv. ríkisstj. vilji taka til athugunar, hvort eigi beri að færa fjárhagsárið til, og í öðru lagi tel ég hann hafa lýst því yfir, að hæstv. stj. vilji reyna að leggja fjárlfrv. vel undirbúið fyrir næsta Alþ. og kalla þ. svo snemma saman, að líkur geti orðið til þess, að afgreiðslu fjárl. megi ljúka fyrir áramót. Og megi líta svo á ummæli hæstv. ráðh. sem ég hef skilið þau og skilið rétt, að ég hygg að óviðeigandi sé að vera fjárlagalaus mikinn hluta úr árinu, þá vil ég mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. reyni að vinna að því, að afgreiðslu fjárl. geti orðið lokið fyrir áramót, auk þess að hún hafi þau vel undirbúin og kalli þ. snemma saman. Ef þetta er skilið rétt, mun sama á standa, hver dagurinn er hinn síðasti, því að ég veit, að hæstv. ráðh. fer ekki eftir honum. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. kalli þ. snemma saman og standi við orð sín.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil segja það vegna ummæla hv. 1. þm. N-M., að rétt er, að ég hafi verið sammála honum um, að eigi gæti gengið svo til lengdar sem undanfarið og annaðhvort yrði að breyta fjárlagaárinu eða kosta kapps um að afgreiða fjárl. fyrir nýár. Nú er ævinlega talað um, hve langan tíma þurfi til að afgr. þau. Heyrt hef ég marga hv. þm. segja, að auðvelt mundi vera að afgr. fjárl. á 2 mánuðum, ef þau væru lögð fyrir þ. í þeim búningi, að hægt yrði. Ég man ekki vel, hvaða hv. þm. sagði það, að mikilvægt málsatriði væri, hve þ. og stj. þyrftu langan tíma til þess, færi það eftir atvinnu- og fjármálaástandinu í landinu, hversu langur hann yrði. En hitt fer einnig eftir sama ástandi, hvenær stj. telur rétt að kalla saman þ. og hafa þá tilbúin fjárlög. Nefna má t. d. síldarútveginn, en sagt er, að eigi sé gott að leggja fjárlög fyrir þ. fyrr en vitað er um afkomu hans. Fer það eftir þessum og öðrum atvikum, hve snemma stj. vill leggja fjárl. fyrir Alþ., en það vill hún ekki gera nema þau séu vel undirbúin. Þetta raskar þó eigi hinu, að

annað tveggja verður að gera, breyta fjárlagaárinu eða afgreiða l. fyrir nýár. Verður að athuga, hvort ekki muni rétt að breyta fjárlagaárinu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það er nú að vísu verið að ræða um samkomudag reglulegs Alþ., en hér hafa nú komizt inn umr. um afgreiðslu fjárl. Ég tel rétt að segja skoðun mína um þetta mál.

Sumir kalla það nú vandræðaástand að draga afgreiðslu fjárl. fram á fjárlagaárið. En það er eigi eingöngu nú, að slíkt á sér stað, heldur hefur það orðið á betri tímum, stríðsárunum, þegar allt virtist leika í lyndi fyrir okkur. En ef taka á þetta ár sérstaklega fyrir, — ég man nú ekki glöggt, hvaða dag fjárl. voru lögð fyrir þ., en hitt veit ég, að allmargir dagar liðu til þess frá þingsetningu. Ég ætla þó eigi að sakast um, að frv. varð svo síðbúið. Ég hygg, að því hafi sá undirbúningur valdið, er þörf var á. Yfirleitt tel ég mjög vendilega frá frv. gengið á marga lund og margar þarflegar athuganir vera í því. En hins vegar væri æskilegt, að eitt af hinum fyrstu frv., sem væru lögð fyrir þ., væru fjárl. Ég býst við því, að tíminn, sem hv. fjmrh. hafði til umráða, hafi verið allverulega skemmri nú en stundum áður. En það, er ég hygg hafa ráðið mestu um það, að ógerlegt var fyrir hv. n. að afgr. l. fyrir áramót, var afgreiðsla dýrtíðarmálanna rétt fyrir jólin í vetur, og hlaut það að kosta mikla fyrirhöfn að komast að sameiginlegum niðurstöðum. Ég beini þessu til hv. þm. N-M., og með allri virðingu fyrir dugnaði hans, a. m. k. í talfærunum, býst ég við, að ekkert vit hefði verið í því að afgr. fjárl. fyrir jól. Ef taka á reynslu undanfarandi árs til samanburðar, verður að ætla hv. fjvn. a. m. k. tvo mánuði til að skila áliti sínu. Stafar það af því, hve ríkisbáknið er orðið umfangsmikið og stórt. Það er ekki lítil vinna fólgin í því hjá hv. fjvn. að fara vandlega í gegnum gjaldapóstana til að leita með logandi ljósi, hvar draga megi úr útgjöldunum. Sú vinna hv. n., sem leiðir af viðleitni hennar að kafa eins djúpt og hægt er niður í einstaka liði, ef hækkun megi koma við, gerist eigi á skömmum tíma, vegna nauðsynlegrar samvinnu við margar stofnanir. Ég bendi á þetta, því að lítillar þekkingar og enn minni góðvildar hefur orðið vart hjá þeim mönnum, er eigi hafa hlotið það hnoss, sem þeir kalla svo, að komast í fjvn. Alþ. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að tvennt geti komið til greina, svo að afgreiða mætti fjárlög fyrir jól. Annaðhvort að þ. komi saman þann 1. sept. eða hitt, að fjvn. sé kölluð saman mánuði áður en þ. sjálft er kallað saman. Það hefur verið gert og er lögum samkvæmt leyfilegt. Á hinn bóginn er mér ljóst, að afgreiðsla fjárl. veldur því, að þ. eru svona löng. Ég segi, að sé Alþ. kallað saman þann 1. sept., þá eru 3½ mánuður framundan, sem það getur starfað. Ég reikna með, að það sitji til 15. des. Og hin leiðin er sú, að flokkarnir tilnefni menn til að vinna að fjárl. áður en þ. kemur saman. — Ég bendi á þessar leiðir sem færar til þess að kippa í lag því vandræðaástandi, að fresta þurfi afgreiðslu fjárl. Hins vegar vil ég ekki breyta fjárhagsárinu. Það er svo margt hjá okkur, sem þarf að vera alveg ákveðið um varðandi fjárveitingar, hve mikið fé skuli veita til þessa eða hins. T. d. þarf að hafa fyrirvara um efniskaup, svo að framkvæmdir geti hafizt þegar eðlilegt þykir, vegalagningar svo sem þegar snjóa leysir af fjöllum, vinna við hafnargerðir og lendingarbætur, er tækifæri gefst, o. s. frv. Margt fleira styður og að því, að sá háttur um þetta mál, er hafður hefur verið, hafi við full rök að styðjast.

Að lokum vil ég taka það fram, að ég hef ekki hugsað mér að bera fram till. um samkomudag Alþ. Mér er kunnugt um, að frv. var samþ. í hv. Nd. með aðeins tveggja atkv. mun. Rétt er, að það eru fulltrúar byggðanna úti um land, sem vilja draga samkomudag þ. fram á haustið. En hæstv. ríkisstj. hefur í hendi sinni, hvort hún vill kalla það saman þann 1. eða 11. okt. Fer það að sjálfsögðu eftir því, hversu farið er um undirbúning mála. Sé það eigi talið rétt, hef ég bent á þessar tvær leiðir: að breyta samkomudeginum eða kalla fjvn. saman fyrir þingsetningu. En hér er þó aðeins um ábendingu eina að ræða af minni hálfu.

Forseti (BSt): Það leiðir af eðli málsins og öllum aðstæðum, að því verður að ljúka með einhverjum hætti hér í hv. d. í dag, sérstaklega ef frv. verður sent aftur til hv. Nd. Án þess að ég vilji á neinn hátt takmarka málfrelsi manna, vil ég þó óska þess, að hv. þdm. hafi þetta í huga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð nú bara að segja það, að mér finnst síður en svo óeðlilegt, að hv. d. taki sér nægan tíma til að ræða mál þetta. Er það e. t. v. eitt af aðalmálum þ., þ. e. varðandi afgreiðslu fjárl. — Ég bar fram fsp. til hæstv. ráðh., og kvaðst hann aldrei hafa látið þau orð falla, er ég nefndi. Ég þakka hæstv. ráðh. En þá vil ég ræða málshliðina sjálfa.

Síðan árið 1945 hef ég verið form. fjvn. Þá var frv. lagt fyrir þ. í októbermánuði, og þann 18. okt. var því vísað til n., sem skilaði áliti sínu þann 5. des., og gekk frv. þá til 2. umr. Það var síðan afgr. fyrir jól, þann 20.—21. des. En þá ber að athuga, að á þessum tíma voru annars vegar eigi slíkir örðugleikar sem nú og ekki núverandi hömlur í viðskiptalífi þjóðarinnar, en hins vegar var ríkjandi sáralítill ágreiningur innan þáv. ríkisstj. um afgreiðslu fjárl. almennt. Í sambandi við fjárlagafrv. nú minnir mig, að því hafi verið vísað til n. um svipað leyti og þá, og verð ég að segja, að ekkert fjárlagafrv. hefur verið eins vel undirbúið. Eins og hv. 1. landsk. tók fram, eru núna margar nytsamar upplýsingar í grg. frv., þær er hæstv. stj. eru til sóma. Hitt atriðið er það, að aðrir erfiðleikar eru nú á veginum og þeir helzt, sem valdið hafa því, að hæstv. fjmrh. hafði nú sett 33 millj. kr. á 19. gr., til dýrtíðarráðstafana. En þetta gerbreyttist. Fyrir jól voru samþ. l., sem kröfðust hvorki meira

né minna en 27 millj. kr. á hina frægu 19. gr. fjárl. Á móti þessu þurfti að afla tekna með sérstökum l. og í samræmi við það breyta fjárl. á mörgum stöðum. Ofan á þetta skapaðist svo það ástand, að í stað 27 millj. kr. hagstæðs greiðslujafnaðar er hann núna eigi nema 8 millj. kr. En þá er hæstv. fjmrh. í þeim vandræðum, að engan veginn er hægt að afgr. frv. með hagstæðum greiðslujöfnuði. Þó er þetta aðeins ein hliðin á málinu. Samfara þessu koma erindi hæstv. ríkisstj. til hv. fjvn. frá tveimur rn., um kröfur útgerðarmanna, sem allar teljast nauðsynlegar. Hér er vandi á ferðum fyrir hv. n., ef eigi er hægt að mæta þeim. En hæstv. ráðh. sér enga aðra leið til þess en skattaálögur í viðbót. Fjvn. á á hinn bóginn enga sök á afgreiðsludrættinum. Það er ástandið í landinu, sem hefur valdið honum. Ég vil benda á, að hæstv. ríkisstj. gerði sér allt far um að undirbúa frv. sem bezt, svo að afgreiða mætti það fyrir jól. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því, að n. yrði kölluð saman þann 6. jan., en úr því varð ekkert. Komu þar til mikilvæg atriði, sem ná þurfti samkomulagi um. Fjvn. hefði getað verið komin lengra í störfum sínum, ef eigi hefðu orðið umr. um hin stóru mál, sem haft hafa mikil áhrif, t. d., hversu mikið skera skuli niður af verklegum framkvæmdum eða í hve ríkum mæli draga skuli úr hinum opinbera ríkisrekstri. Mikil og einstæð vinna var lögð í þetta, að finna, hvar koma mætti þessu við, enda lýsir hún sér í frv. sjálfu. Og þetta er ein ástæðan til þess, að eigi var unnt að afgr. l. fyrr en raun bar vitni. Ég tel hins vegar mjög vafasamt, hvort heppilegt sé að afgr. fjárl. fyrr en í þinglok. Ég tel óeðlilegt, að þ. haldi áfram störfum við önnur mál, þegar fjárl. hafa verið afgr.

Sú krafa er orðin hávær, að mark sé tekið á afgreiðslu fjárl., svo að þau séu ekki 200 millj., en ríkisreikningurinn 300 millj. Tel ég, að eigi megi auka útgjöldin, þó að afgreiðsla l. dragist mánuðum saman. Saman verður að láta fara þetta tvennt, fjárlagaafgreiðsluna og önnur störf þ. Á síðustu stundu dynja oft yfir ýmis erindi. Þá er ekki skemmtilegt fyrir n. að leggja til, að greiddar séu fjárhæðir, svo að milljónum nemur, vegna þessara erinda.

Ég vil benda á varðandi ummæli hv. 1. landsk., að ég tel ekkert unnið við, að fjvn. sé kölluð saman fyrir þingsetningu. Samvinna nm. er engin trygging í því efni. Árið 1945 bar fjvn. t. d. fram róttækar till. um niðurskurð á útgjöldunum, en þær voru allar koldrepnar. Hvað þýddi þá, að fjvn. útbyggi slíkar till., þær er eigi mæta samúð þingsins? — Langstærsta atriðið í málinu er þó það, að hæstv. ríkisstj. taki sjálf að reyna að ná innbyrðis samkomulagi um afgreiðslu fjárl., svo að þau sjónarmið komi eigi fram hjá hæstv. fjmrh., sem andstæð eru sjónarmiðum annarra hæstv. ráðh. Það kom fram eitt sjónarmið frá fjmrh. og svo gersamlega allt annað sjónarmið frá öðrum ráðh., sem kannske eru í miklum meiri hluta í rn. og knýja fram með sínum meiri hluta og þingfylgi það, sem er þvert ofan í vilja fjmrh. Þetta hefur miklu meiri þýðingu um afgreiðslu fjárl. en það, hvort fjvn. kemur saman einum degi fyrr eða síðar, því að meiri hl. fjvn. er skipaður með sama styrkleika í þinginu og sá meiri hluti er, sem stendur bak við ríkisstj. Og ef fullt samkomulag er innan ríkisstj. innbyrðis og þeirra flokka, sem styðja stj., þá á það ekki að tefja afgreiðslu fjárl., þótt einhverju mjög litlu muni um það, hvenær fjvn. tekur til starfa. Og ég vil tilkynna hæstv. ríkisstj., að fjvn. er tilbúin til að vinna nótt og dag og á sunnudögum líka að afgreiðslu fjárl., ef þess gerist þörf og ef hún fær fullkomið samkomulag um vandamálin frá hæstv. ríkisstj.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál allmikið í báðum d., og er því ekki ástæða til að bæta þar miklu við. En örfá orð vil ég segja um málið, sérstaklega ef það fer ekki til n.

Svo virðist sem svo að segja allir hv. þm., sem talað hafa, séu sammála um, að þetta ástand, sem síðustu árin hefur verið hér, að fjárlög hafa ekki verið afgr. fyrr en einn fjórði eða einn þriðji hefur verið liðinn af fjárhagsárinu, sé slæmt ástand. Og þá finnst mér því undarlegra, að bæði var í fyrra gerð og nú í hv. Nd. er búið að gera þá breyt. á frv. ríkisstj. að færa samkomudaginn aftur frá því, sem ríkisstj. ætlaðist til um hann bæði þessi ár. Því verður ekki neitað, að þetta ástand kemur sér mjög illa, eins og tekið hefur verið fram hér, sérstaklega gagnvart mörgum stofnunum ríkisins og verklegum framkvæmdum, þar sem vitað þarf að vera nokkrum mánuðum fyrir fram, hversu mikið fé er ætlað til þeirra. Einhver hv. þm. minntist á það áðan, að nokkuð löngu fyrir fram þyrfti að gera áætlanir um verklegar framkvæmdir, því að við vitum, að það tekur nokkra mánuði afgreiðslufresturinn á ýmsum hlutum, sem þarf til hafnargerða, brúarbygginga o. þ. l. Þess vegna fæ ég ekki séð, að þetta mál verði leyst með því að breyta fjárhagsári ríkisins og láta það byrja t. d. 1. júní og miða svo við það, að fjárlög séu ekki afgr. fyrr en rétt um það leyti, að fjárhagsárið á að fara að byrja, sem viðkomandi fjárlög eiga að gilda fyrir. Nú kemur það líka fram í sambandi við verklegar framkvæmdir, að ýmis mistök verða á þeim, og fjvn. og Alþ. hafa komizt í kynni við að þurfa að borga skakkaföll, sem kennd eru því, að ekki sé hægt að byrja á framkvæmdum fyrr en svo seint, eins og t. d. hefur átt sér stað um hafnargerðir. Hvernig á t. d. að framkvæma hafnargerðir, þegar ekki er búið að fá efni til þeirra fyrr en komið er fram á mitt ár og þeim á svo að vera lokið, þegar haustveður byrja? Þegar tillit er tekið til þessa og annars hliðstæðs, finnst mér það nægilegt til þess að sanna, að lausn á þessu óviðunandi ástandi verður ekki fengin með því að færa til fjárhagsár ríkisins til 1. maí eða 1. júní. Ég sé ekki betur en að lausnin á þessu verði bezt með því að láta þingið koma saman fyrr á árinu en síðustu ár og fyrr en gert er ráð fyrir í frv. hæstv.

ríkisstj. og eins og það er komið frá hv. Nd., þar sem því var breytt í Nd. þannig, að færa samkomudaginn til 11. okt. Allt fram að síðustu árum hefur tekizt að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir jól, a. m. k. í nokkur ár, þó að þingið hafi byrjað 1. okt. Hins vegar býst ég við, að færa megi rök fyrir því, að ýmsir erfiðleikar meiri séu á því nú en áður, og því þurfi eitthvað lengri tíma. Þess vegna fæ ég ekki betur séð en að eðlilegast væri að færa samkomudag þingsins til 1. sept., um einn mánuð fram frá því, er hæstv. ríkisstj. hafði hugsað sér. Og mér þykir ákaflega einkennilegt, að það skuli koma fram hér á Alþ. sú skoðun frá fjölda mörgum hv. þm., að í raun og veru sé þetta ástand, sem ríkt hefur hér síðustu ár um afgreiðslu fjárl., gersamlega ófært, en samt sem áður staðfestir þingið í fyrra og hv. Nd. nú í gær þá viljayfirlýsingu sína, að í raun og veru sé þetta fært til hins lakara með því að seinka samkomudeginum enn þá meira fram yfir það, sem ríkisstj. hefur ætlað um hann. — Ég mun þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. við frv. um þetta, að í staðinn fyrir, að samkomudagurinn sé tiltekinn 1. okt., eins og nú er í frv., þá verði hann 1. sept.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Síðan haustið 1946 að ég kom fyrst á þing, þá hefur þetta alltaf verið á dagskrá um þetta leyti árs, að fresta fundum næsta reglulegs Alþ., af því að fundum yfirstandandi þings væri ekki lokið, og það yrði að búa við það, að fjárlög yrðu ekki afgr. fyrir næsta ár fyrr en komið væri fram á fjárhagsárið, því að það hafa menn horfzt í augu við, þegar þeir hafa gengið frá þessari breyt. á samkomudeginum. En þetta ástand er búið að vera miklu lengur en síðan 1946, ef ég man rétt. Og allir, sem um þetta hafa talað öll þessi ár, hafa talið þetta óviðunandi og að þetta væri í sjálfu sér ófremdarástand, að geta ekki gengið frá fjárl. áður en það fjárhagsár, sem þau eiga að gilda fyrir, byrjar. Og það má segja, að það megi komast af án fjárl. til að stjórna ríkisbúskapnum yfir einn fjórða eða einn þriðja hluta ársins. Og því þá ekki að gera ráðstafanir til þess að kippa þessu í lag um afgreiðslu fjárl., þegar mönnum ber saman um, að ástandið, sem nú ríkir í því efni, sé ekki viðunandi? — Það er tvennt, sem hefur farið úrskeiðis í þessu efni. Það er, að Alþ., sem á að koma saman 15. febr. ár hvert, kemur ekki saman fyrr en síðari hluta ársins, og hitt, að fjárlög, sem eiga undir öllum kringumstæðum að vera fullgerð áður en fjárhagsár það byrjar, sem þau eiga að gilda fyrir, hafa að undanförnu ekki verið fyrir hendi fyrr en langt hefur verið komið fram á viðkomandi fjárhagsár. Þessu tvennu þarf því að gera ráðstafanir til þess að kippa í lag. Eftir ákvæðum stjskr. á reglulegt Alþ. 1949 að koma saman að örfáum dögum liðnum, eða 15. febr., og þá er auðvitað tilætlunin, að reglulegt Alþ. 1948 sé löngu búið að ljúka störfum. Það ætti því að vera hlutverk þess reglulega þings fyrir 1949, sem kæmi saman þann 15. febr., að afgr. fjárlög fyrir 1950. Það mætti búast við, að það yrði ekki seinna en í marz eða aprílmánuði, skulum við segja, og að þá fyrst gæfist tóm til þess að undirbúa allar framkvæmdir, áætlanir og efnispantanir og annað þess konar, sem nú þarf freklegri tíma til en á normal tíma.

Þegar þessar umr. voru að byrja, lagði ég inn hjá hæstv. forseta d. till., þar sem lagt er til, að samkomudagur næsta reglulegs Alþ. 1949 verði 1. sept. Það hefur nú komið fram í ræðu tveggja hv. þdm., að ef það ætti að takast að kippa því í lag, að fjárlög gætu orðið afgreidd fyrir byrjun þessa árs, sem þau eiga að gilda fyrir, þyrfti þingið að koma saman ekki síðar en 1. sept. Það hefur komið fram hjá hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) og hv. 8. landsk. (ÁS). Ég tel, að það sé öruggt, ef sæmileg vinnubrögð eru höfð að því er snertir afgreiðslu fjárl., að ríkisstj., fjvn. og Alþ. eigi að takast að afgr. þau á fjórum mánuðum. Og ekki er rétt að gera ráð fyrir því, að þingsetan sé yfirleitt lengri en fjórir mánuðir og í mesta lagi fimm mánuðir. Með því að ákveða samkomudaginn 1. sept., held ég, að örugglega væri hægt að kippa því í lag að afgr. fjárlög fyrir áramót. Í öðru lagi þurfum við að kippa því í lag, að reglulegt Alþ. geti byrjað á þeim tíma, sem til er tekinn í stjskr., sem sé 15. febr. Og væri hægt að ljúka næsta þingi fyrir áramót, væri hægt að láta þar næsta þing koma saman 15. febr. o. s. frv.

Ég held, að það sé hégómaástæða, að þessi frestun á þinghaldinu þangað til í óefni er komið með afgreiðslu fjárlaga sé gerð til þægðar nokkrum þm. utan af landi. Ég er utan af landi, og er þetta ekki mín þægðin, og ég held, að þeir mundu vera fleiri þm. utan af landi, sem vildu láta þingið byrja 1. sept., svo að hægt væri að kippa því í lag í þessu efni, sem um hefur hér verið rætt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var fjarri því, að ég gagnrýndi störf fjvn. Ég minntist bara á þessa staðreynd, að ekki hefur verið búið að afgr. fjárlög fyrir jól. Hins vegar virðist mér hv. 1. landsk. vera að því. En hvað segir svo reynslan? Eftir að hv. 1. landsk. er búinn að segja, að fjvn. geti lokið störfum á tveimur mánuðum, kemur hann með munnlega till. um, að þingið verði látið hefja störf 1. sept. Hvað á þá fjvn. að gera það sem fram yfir er tvo mánuði af þeim tíma til áramóta, ef hún þarf ekki nema tvo mánuði til að afgreiða fjárlfrv.? Það er hann, þessi hv. þm., sem er með þessu að skamma fjvn., en ekki ég, með því að segja, að fjvn. geti unnið sitt verk á tveimur mánuðum, en vill ætla henni fjóra mánuði til þess, en ekki tvo, sem virðist mega skiljast þannig hjá hv. þm., að hann leggi þetta til af því, að hann áliti, að fjvn. vinni illa. En mér er hins vegar ljóst, að fjvn. þarf meira en tvo mánuði til að vinna á hverju þingi.

Hæstv. forsrh. var að tala um fríin. Ég sagði þetta um fríin af þeirri ástæðu, að það er sagt, að einn og annar hefði verið í frí, svo að ekki hefði verið hægt að ná í þá yfir sumarið. (*Forsrh.:* Af starfsmönnum stjórnarráðsins.)

Já, eru þeir ekki að undirbúa fjárlögin, má ég spyrja? Það er ekki ríkisstj. ein, sem gerir það.

Hæstv. forsrh. fór að draga í land í sinni síðari ræðu, og skildist mér þá, að hann ætlaði ekki að kalla þing saman fyrr en ákveðið væri í frv., því að hann talaði þá um það, að það væri misjafn skilningur manna á því, hve langan tíma þyrfti til þess að afgr. fjárl., sem átti að gera enn meir óákveðið það, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu, þegar hann sagðist vilja, að þingið kæmi svo snemma saman, að hægt væri að afgr. fjárlög fyrir áramót. Þetta hefði gefið mér tilefni til þess að koma með brtt. En ég tel, eftir því sem ég þekki vinnubrögð fjvn., að þó að Alþ. kæmi saman 1. sept., væri ekki hægt að afgr. fjárlög fyrir áramót fyrir því, nema betur væri unnið eða samstilltari meiri hl. stæði að fjárl. en enn er til á Alþ.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þegar sams konar mál hefur verið á döfinni á undanförnum þ., hef ég gert aths. við þau, sem gengið hafa í svipaða átt og hér hefur komið fram, að ég hef viljað leggja áherzlu á það, að fjárlög yrðu tilbúin á áramótum og enginn tími ársins liði svo, að ekki giltu fjárlög. Ég hef því talið það, að varlegra væri að hafa samkomudag þingsins, þegar haustþing er á annað borð, heldur fyrr en síðar. Og einmitt vegna þessarar afstöðu minnar, sem ég hef látið í ljós á undanförnum þingum, þá hef ég nú kvatt mér hljóðs. Því að það er nefnilega þannig, að þó ég liti svona á, þá álít ég, að í sjálfu sér geti komið annað verra fyrir en það, að einhver tími af árinu liði án þess að hafa fjárlög, og það er að hafa á þingi hér 52 þm. og allt það starfslið, sem því fylgir, aðgerðalaust eða sama sem það, e. t. v. dundandi við það að ræða um hálfgerð hégómamál. Þess vegna er það, að ég get alveg fallizt á það sjónarmið, sem mér finnst hafa komið fram frá hæstv. ríkisstj., að ekki sé í raun og veru ástæða til að kalla þingið saman fyrr en líkur eru til, að fjárlfrv. sé undirbúið. Og eftir því sem verið hefur undanarin ár, þá sé ég nú ekki líkur til, að fjárlfrv. verði undirbúið fyrr en a. m. k. kæmi fram að mánaðamótum sept. og okt., sem er í samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. lagði nú til í fyrstunni viðkomandi samkomudeginum. Náttúrlega skiptir litlu um þessa tíu daga, sem brtt. hefur verið samþ. um í hv. Nd. Þetta hefur nú gengið svona síðan 1942, að fjárlög hafa oft ekki verið afgr. fyrir áramót, þó að svo væri á því þingi, sem hv. þm. Barð. nefndi, 1944. Á flestum öðrum þingum síðan 1942 hefur það dregizt fram á næsta ár að ljúka afgreiðslu fjárl., árið sem fjárl. áttu að gilda fyrir. Og ástæðan hefur m. a. verið sú, — það hafa verið fjórar stjórnir síðan eða a. m. k. þrjár, — að það hefur reynzt svo, að fjárlagafrv. hefur alls ekki verið tilbúið, þegar þing hefur komið saman. Stundum hefur að vísu verið lagt fram fjárlagafrv. í þingbyrjun, en tekið aftur og svo borið fram nýtt frv.

Þó að ég leggi því mjög mikla áherzlu á það, að afgreiðsla fjárl. verði lokið fyrir áramót og þingi þar með slitið fyrir áramót, því að ég kann t. d. mjög illa við, að við skulum nú á árinu 1949 vera að halda þingið 1948, þá hef ég nú samt sem áður ákveðið að greiða atkv. með því frv., sem hér liggur fyrir, og eins og það liggur fyrir. En ég vil taka það fram, sem er önnur ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, að ég geri það með þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj. og í trausti þess, að hún geri það, sem hún getur í því efni að hraða undirbúningi fjárlaga eins og hún getur og kalli þingið saman, þrátt fyrir ákvæði l., svo fljótt sem hún hefur lokið undirbúningi fjárlagafrv. Og þá sé ég ekki, að neinu sé sleppt, þó að frv. sé samþ., því að það flýtir í raun og veru ekki neitt afgreiðslu fjárlaga að hafa Alþ. hér starfandi, ef nauðsynlegur undirbúningur undir fjárl. hefur ekki farið fram, og er öllum til leiðinda í sjálfu sér að hafa hér aðgerðalaust þing.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er mikið af því, að hv. þm. geri grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls, frv. um samkomudag Alþ., og byggjast þær á aths. um afgreiðslu fjárl., sem hefur verið með áður óvenjulegum hætti á undanförnum nokkrum árum, þar sem við nú t. d. erum að halda þingið fyrir 1948 á árinu 1949 og erum á þeirri sömu stundu, sem við erum að afgr. fjárlög fyrir árið, búnir að stjórna landinu fjárlagalaust nokkuð á annan mánuð. Þetta getur vitanlega komið fyrir af óviðráðanlegum ástæðum, að ekki sé hægt að afgr. fjárlög áður en það ár hefst, sem fjárl. eiga að gilda fyrir. En að það verði að venju, að slíkt ástand riki í einu landi, er ekki ógeðfellt eða óeðlilegt, eins og hér hefur verið sagt; það er óþolandi. Og það er vegna þess, að fjárl. eru það atriði í löggjöf þingsins, sem langsamlega rammbyggilegast er búið um af stjórnarskrárgjafanum, og það er vegna þess, að stjórnarskrárgjafi sá, sem hefur sett þinginu reglur, telur, að setning þessara laga hafi mest gildi allra laga. Sama máli gegnir um það, að það eru sett ákvæði, sérstaklega ströng, um tekjuöflun fyrir ríkið. — Nú er það meira að segja svo, að þar, sem þingræðið hefur verið í miklum vanda statt, eins og t. d. í Frakklandi, þar ganga þeir svo langt, ef það munar nokkrum mínútum, að þeir geti ekki afgr. fjárlög á réttu ári, að þá stöðva þeir heldur klukkuna þær mínútur eða þá klukkutíma, sem þarf, til þess að láta það ekki koma fyrir, að klukka löggjafarþingsins sýni annan tíma en þann, að fjárlög hafi verið afgr. á réttu ári. Svo miklu þykir þeim þetta skipta, að þeir nota svo einfalda brellu, ef ekki er búið að afgr. fjárl. á réttum tíma, og vitum við þó, að á ýmsu hefur gengið þar í landi um stjórn og stjórnleysi. — Ég segi þetta sem almennar hugleiðingar, án þess að ég ætli hér að fara að hefja neinar deilur, því að af ásetningi ætla ég undir þessum kringumstæðum að sneiða fram hjá þeim. En eins og ég sagði áðan, tel ég rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og þá sérstaklega vegna þess, að við þessa umr. eru komnar fram brtt., sem ég vil

gera grein fyrir afstöðu minni til, og mundi ég hafa gert það við seinni umr. þessa máls, ef till. hefðu ekki komið fram við þessa umr., og þá hefði ég sennilega borið fram brtt. í svipaða átt eða eins og þær, sem hér eru að koma fram frá tveimur hv. þm.

Í raun og veru er það svo, að þó að menn færi hér fram ýmsar ástæður fyrir því, hvernig fjárlagaafgreiðslan gengur, þá eru ástæðurnar, sem liggja til þess, hvernig fjárlagaafgreiðslan er, í raun og veru miklu einfaldari en hv. þm. vilja vera láta. Sums staðar er það svo á þingum, að menn mega ekki koma með till. um brtt. á útgjaldaliðum fjárl., nema þeir komi jafnframt með till. um það, hvernig eigi að afla tekna fyrir þeim hækkunum á útgjöldum, sem gerðar eru till. um. Svo mjög er fjárlagaafgreiðslan í þeim löndum bundin og það í þeim lögþingum, sem kannske að sumu leyti standa fremst. En þó að þetta sé ekki svona bundið hjá okkur, þá er eitt a. m. k., sem verður að telja lágmark, og það er, að þau fjárlög, sem koma frá ríkisstj. á hverjum tíma, séu þannig úr garði gerð og af svo mikilli einingu frá hennar hendi, eins og hv. þm. Barð. benti hér á, að útgjöld og tekjur séu ákveðin í fjárl. og þau tekjuaukafrv., sem kann að þurfa á hverjum tíma að flytja, séu lögð fram í byrjun þingsins í samræmi við þau útgjöld, sem fram koma till. um í frv.formi. Þetta hefur einatt verið regla hér, enda mönnum auðsætt, ef hv. þm. og aðrir hafa hugsað um það mál, að með öðru móti er ekki hægt að hafa sæmilega afgreiðslu á fjárl. Þetta leiðir svo aftur af sér það, að þm. og fjvn. geta ekki gert breyt. á frv. eins og það liggur fyrir, eða ef þær eru gerðar, verða þær eðlilega innan mjög þröngra takmarka. En nú er þetta hins vegar komið í það horf, að fjárl. eru þannig, þegar þau koma til Alþ., að útgjöldin eru nokkurn veginn ákveðin, þó að þau séu óákveðin um ýmsa liði, eins og t. d. um verklegar framkvæmdir, sem fjvn. er falið að ganga frá. Og það vantar enn fremur í fjárl., eins og gengið hefur verið frá þeim á síðustu árum, áður en þau hafa verið lögð fram, að gera grein fyrir því, hvernig á að afla tekna til þess að standast útgjöldin, sem ekki voru ákveðin í fyrstu á frv. Það hefur nú upp á síðkastið verið þessi mikli losarabragur á þessu, að fjárl. eru raunverulega samin af fjvn., en ekki ríkisstj. Og þetta hygg ég, að sé losaralegasta fyrirkomulag, sem til er í löggjafarsamkundu einnar þjóðar. Meðan svona er og eins og nú hefur átt sér stað t. d., að það er ekki búið að koma sér niður á það fyrr en nokkrum klukkustundum fyrir jól, hvernig eigi að afla stórkostlegra tekna, tekna, sem nema tugum milljóna kr., í stað þess að á venjulegum löggjafarsamkundum er þetta lagt fram í byrjun þingsins, — meðan svona fer fram, eins og á undanförnum þingum, er útilokað annað en að það taki svo langan tíma að afgr. fjárlög, að það verði aldrei gert fyrr en á síðustu stundu og þegar komið er langt fram yfir þann tíma, er fjárl. eiga að taka gildi. Ef það er þannig, að ríkisstj. getur ekki komið sér saman um fjárlög, sem hún leggur fyrir Alþ., og í aðalatriðum þá tekjuöflun, sem þarf til þess að standa undir þeim framlögum, sem í fjárl. eru tiltekin, þá er sú stjórn óstarfhæf, og á erfiðum tímum er hún óstarfhæfust allra stjórna. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort svo er um þá ríkisstj., sem nú situr hér, að hún geti ekki komið sér saman um þessi atriði, eða aðrir ágallar eru á vinnubrögðum í þessu efni, það læt ég hér liggja á milli hluta. En til þess að gera langt mál stutt, mál, sem ástæða væri til að ræða ýtarlega hér á þessari samkundu, þá vil ég segja, að meðan þessi vinnubrögð verða viðhöfð, þá er 1. sept. sem samkomudagur þingsins vitanlega engin trygging fyrir því, að afgreiðslu fjárlaga verði lokið fyrir áramót hverju sinni. En það mætti þó hugsa sér þá breyt., að samkomudagurinn væri ákveðinn 1. sept., vegna þess að með því móti er þó meiri trygging fyrir því, að fjárlög verði þá afgr. á réttum tíma. Það mætti líka hugsa sér að gera þá breyt. á frv. að ákveða þar, að þingið skuli koma saman 11. okt. eða svo snemma, að ríkisstj. telji öruggt, að fjárlög verði afgr. fyrir áramót, sem yrði þá matsatriði ríkisstj., eftir því sem hún hefði komið sér vel saman um fjárlög yfirleitt, bæði gjaldaliði og tekjustofna. Því að ef hún gæti gert það og lagt slíkt frv. fyrir Alþ. í byrjun þess, þá þykir mér sennilegt, að samkomudagurinn 11. okt. væri nægilega snemma á árinu. En með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, og vegna þess að ég geri varla ráð fyrir því, að fjárlög verði miklu betur undirbúin næst heldur en þau hafa verið til þessa, þá sé ég mér ekki fært annað en að greiða atkv. með 1. sept. sem samkomudegi, vegna þess að ég tel meiri tryggingu í því til þess að fjárlög verði afgr. á réttum tíma en tímaákvörðun frv. eins og það er. Og þeir, sem greiða atkv. með öðrum degi en 1 sept., þeir greiða atkv. að því leyti til samþykkis því, að það ástand haldi áfram, sem verið hefur um afgreiðslu fjárlaga, hve seint þau hafa verið afgr. Og ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með því, að það ástand haldi áfram. Ég mun því greiða atkv. með 1. sept.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í þeim umr., sem hér fara fram um þetta mál og ganga út á það öðrum þræði, að fjárlög séu það seint og illa undirbúin, að ekki sé við hlítandi o. s. frv., þá virðast hv. þm. gleyma því eða ekki kæra sig um að muna eftir því alveg óvenjulega ástandi, sem skapazt hefur hér síðustu árin vegna dýrtíðarinnar og þeirra ráðstafana, sem hún sérstaklega kallar á, ráðstafana, sem grípa óhjákvæmilega inn í afgreiðslu fjárl. og jafnvel undirbúning þeirra. Það eru, sem betur fer, ekki nema fá ár síðan stjórnarvöld landsins og Alþ. hafa átt að mæta slíkum kröfum á það opinbera, sem hafa verið hafðar í frammi, bæði frá hálfu landbúnaðarins og frá hálfu sjávarútvegsins nú undanfarið. Þessar kröfur hafa í för með sér svo stórfelld fjárútlát fyrir ríkið og þegnana í landinu, að það er ekki undarlegt, þó að einhvers staðar gæti þess mjög, að bollaleggingar og rannsóknir ríkisstj. og annarra til að komast fram úr því

og finna lausn tefji nokkuð fyrir afgreiðslu og undirbúningi þessa máls. Meðan hér var ekki vandinn annar — eins og t. d. í stjórnartíð þess hv. þm., er síðast talaði — en að stilla upp greinum yfir æðstu stjórn ríkisins, samgöngumál, póstmál, símamál, menntamál og því um líkt, sem hafa legið frá öndverðu í nokkuð föstum formum, og ekkert sérstakt tillit þurfti að taka til óvenjulegra ástæðna í landinu, þá ætla ég, að það hafi verið ólíku hægurinn nær að hafa þessi fjárlög bæði tilbúin í tæka tíð samkv. kröfum stjskr. og líka að gera þau í því formi, að hvorki ríkisstj. né aðrir þyrftu að vera mjög á öndverðum meiði í nokkrum verulegum atriðum um slík fjárlagafrv., eða jafnvel fjárlög, þegar þau hafa verið afgreidd.

Nú hefur það að vísu alltaf verið talið sjálfsagt, að þingið hefði sitt orð að segja um fjárl., og menn hafa í ýmsum greinum flutt fram brtt. við þau á ýmsum stigum afgreiðslu þeirra, eins og vitað er. En ég held, ef hv. þm. vildu athuga þær aðstæður, sem núverandi ríkisstj. sérstaklega hefur átt við að búa í þessum efnum, þá mundu þeir geta séð, — hvort þeir vilja sjá það, skal ég ekki um segja, en mundu geta séð, að hér er ólíku meiri vandi á ferðinni og erfiðara að finna lausn, sem geti birzt í staðgóðum till. fjárl. frá Alþ. en áður hefur verið. Síðastliðið haust sátu útvegsmenn t. d. yfir Alþ. og ríkisstj. með kröfur um alls konar hluti, sem snerta fjárreiður þjóðarinnar, alla tíð fram að hátíðum. Og eins og kunnugt er, þá voru þau viðurlög af þeirra hendi, a. m. k. í orði kveðnu, að atvinnuvegurinn mundi stöðvast, ef ekki fengist sá grundvöllur eða sú lausn, sem þeir fóru fram á. Til þessa varð svo að taka tillit. Og þó að það gengi ekki allan veg þann, sem útvegsmenn óskuðu, þá fór það nú svo, að ríkisstj. og Alþ. komu sér saman um lausn. Ég er ekkert að leggja dóm á það, hvort sú lausn var heppilegust eða óheppilegust af öllum lausnum, sem til mála komu. Það þýðir ekkert héðan af, en það var komið sér saman um lausn, sem þessir menn undu við í bili. Og á annarri greininni var svo hitt, að finna leiðir til þess að dýrtíðarvísitalan kæfði þetta ekki allt saman niður. Og þingið hefur ekki fundið enn annan veg en þann, að það snertir ákaflega mikið fjárreiður ríkisins. Allar þær milljónir, sem fara til þess að greiða fyrir landbúnaðarafurðir eða útflutt kjöt, verða ekki gripnar úr loftinu. Hv. þm. Str. hafði ekkert slíkt vandamál á sínum herðum, þegar hann var ráðh. og stýrði hér ríkisstj., og getur þess vegna kannske talað valdsmannslega um óviðunandi vinnubrögð eða stjórnarsamstarf, þó að hann byrjaði á því að segja, að hann ætlaði ekki að vekja deilur. Nei, það var það ekki, ekki að vekja deilur, heldur svona í leiðinni að láta þess getið, að vinnubrögð þingsins væru óviðunandi og stjórnarsamstarfið ófært o. s. frv. — Það eru þessi dýrtíðarmál, sem standa mest í vegi fyrir því, að hægt sé að koma sér saman um að finna leiðir til þess að hægt sé að hafa til frambærileg fjárlög í tæka tíð.

Þegar fjárlagafrv. það, sem fyrir þessu þingi liggur, var borið fram í haust, var það nú ekki nema 20 dögum eftir að þingið settist á rökstóla. Og hefði ég ekki sökum veikinda verið frá bagaður hér um bil í tvær vikur, hefði frv. verið sennilega þeim tíma fyrr fram borið. Og fjárlagafrv. var þá í haust lagt fram í því formi, sem ég taldi farsvaranlegt og rétt. Það var lagt fram með 27 millj. kr. tekjuafgangi og þar með reynt að fara inn á heilbrigðari brautir, að því er snertir uppsetningu frv., en áður hafði verið. Það var gert ráð fyrir að minnka stórlega niðurgreiðslurnar á kjöti og hverfa að því leyti frá því ófremdarástandi, sem er kannske mesta ófremdarástand af öllum niðurgreiðslum, þegar við erum að borga fólkinu úti um allar sveitir kjöt, sem það alls ekki étur, sem hefur leitt til þess, að sumir alþingiskjósendur á Ströndum og annars staðar hafa drepið sínar fáu rollur, til þess að verða aðnjótandi kjötstyrksins á manntalsþingi. Þetta vildi ég afnema. Og fjárlagafrv. er þannig fram sett, að að því er stefnt. Sömuleiðis lýsti ég yfir því í fjárlagaræðunni, að ég teldi, að úr fiskuppbótum mætti mikið draga, að því er snertir framlög úr ríkissjóði, með því að fara inn á aðrar leiðir, a. m. k. að nokkru leyti.

Ég tel þess vegna, að hvað fjmrn. áhrærir, þá hafi legið fyrir að þessu leyti algerlega heilbrigðar till. í þessu máli. Hv. form. fjvn. gat þess og, sem ég að vísu hef áður fengið staðfestingu á frá annarri hlið, en mér þykir mjög vænt um að fá um það yfirlýsingu þessa embættismanns þingsins hér, að fjárlagafrv. hefði nú verið ólíkt vandaðra að frágangi öllum en átt hefði sér stað að undanförnu.

Hæstv. forseti þessarar d., 1. þm. Eyf. (BSt), gat þess, að það væri að vísu gott, að fjárlagafrv. væri til í tæka tíð, en mér skildist á orðum hans, að hann teldi það þó mest varða, að fjárl. yrðu skynsamlega afgr., bæði að frv. væri skynsamlega undirbúið og fjárlagaafgreiðslan færi vel úr hendi, en að hitt væri ekki höfuðatriðið, hvort það væri deginum fyrr eða seinna. — Ég veit það vel, að þingið breytti mjög aðstöðunni í þessum málum, þegar frv. kom hér til meðferðar. Og það á eftir að sjást, hversu frv. lítur út, þegar þingið endanlega gengur frá því, og hverjir þá fást til þess að taka að sér framkvæmd á því. En hitt er víst, að það hafa verið gerðar af hálfu rn. alveg óvenjulega miklar ráðstafanir til þess að fá fram komið niðurskurði á ýmsum útgjaldaliðum. Og það er undir hv. þm. og þar með hv. þm. Str. komið líka, hvort tekið verður þannig á sparnaðartill., sem ríkisstj., og fjmrn. fyrir þess hönd standa að, að þær verða látnar gilda, eða ekki verður tekið í þær. Ef þingið endilega vill halda áfram sömu stefnu, sem á undanförnum árum hefur gilt við afgreiðslu fjárl., og með því að kúga fram nýjar álögur á landsfólkið, þá verður vitaskuld þingviljinn að ráða.

Ég vildi sem sagt vekja athygli á því, að í þessu mikla umtali um afgreiðslu fjárl. og aðfinnslum um það, að þau hefðu verið seinna lögð fram og væru seinna afgr. en áður var, þá virðast allir hv. þm. hafa komið sér saman um að gleyma því, að í viðbót við þau venjulegu útgjöld og í viðbót við að reyna að finna

jafnvægi í ríkisbúskapnum á hinu venjulega sviði hans, sem alveg fram að síðustu árum hefur verið breytingalítið í prinsípinu, þá hefur þetta nú á síðustu árum bætzt inn í, að það er verið með sligandi þungar byrðar á fjárhag ríkisins, til þess að bæta upp landbúnaðarafurðirnar, til þess að borga niður það, sem fólkið étur af þeim, til þess að bæta upp fiskinn, sem fluttur er úr landi. Og það eru ekki nein undur, að á meðan þessu er haldið áfram og siglt fullum seglum þá leið, að það vefjist fyrir ýmsum að finna bæði heppilegar leiðir til lausnar og að afgr. fjárlög, sem mæti þessum kröfum öllum að fullu og tryggi hag ríkissjóðs. — Þessar aths. vil ég láta koma hér fram, úr því að umr. eru nú farnar að snúast á þann veg, sem hv. þm. Str. sneri þeim, að ásaka ríkisstj. um undirbúningsleysi í þessum efnum. Fjárl. út af fyrir sig eru aðeins loftvogin, sem sýnir, hvernig veðráttan er hjá þinginu og þjóðinni í þessum efnum. Og þeir, sem fjalla um afgreiðslu þeirra, hvort sem það er heldur ríkisstj. eða fjvn., þeir eru alveg óhjákvæmilega settir í þann vanda, oft á tíðum móti vilja sínum, að finna oft aðrar lausnir á vandamálunum en þeir sjálfir vildu helzt kjósa.

Að því leyti svo, sem snertir samkomudag Alþ., þá verð ég nú að segja, að ég hef ekki trú á því, að það flýti í raun og veru neitt fyrir afgreiðslu fjárl., þó þingið komi saman 1. september. Ég ætla, að það munu flestir þekkja það, hvernig skrifstofuvinnubrögð ganga nú orðið hér að sumri til, bæði á opinberum skrifstofum og öðrum, og ekki hvað sízt á opinberum skrifstofum. Það getur verið, að það komi svo duglegur húsbóndi á það heimili, — og væri það mjög æskilegt, — sem gæti breytt því. En mér er sem ég sjái það, að hinar ýmsu deildir og stofnanir, sem eiga að leggja efnivið í fjárlagafrv., taki nú þann fjörkipp frá því, að yfir þeim hefur orðið að liggja vikum saman fram á harða haust, oft með hótunum, til þess að fá út frá þeim áætlanir og gögn önnur til ríkisstj., — mér er sem ég sjái, að þessar stofnanir fyrir einn pennadrátt hér á Alþ. taki þann fjörkipp og leggist það fast á sveifina í störfum, að þær skili svo fljótt frá sér því, sem þær þurfa að gera, til þess að hægt verði að leggja fram fjárlagafrv. svo að sæmilegt sé, 1. sept. eða um það leyti. Ég verð að segja, að ég hef ekki trú á þessu, og byggi það á þeirri persónulegu reynslu, sem ég hef fengið af þessum efnum þann stutta tíma, sem ég hef fylgzt með því, hvernig þetta gengur, af því að ég hef þurft að fá þetta upplýst, sem rn. verður að fá til þess að undirbúa fjárlagafrv., en getur hins vegar ekki gleypt alveg hrátt, heldur verður líka að leggja vinnu í að vinna úr þessum upplýsingum.

Þegar fjárlagafrv. var lagt hér fram nú síðast, þá var, sérstaklega af hálfu Framsfl. og þá hv. þm. Str., talið alveg óhæfilegt, að frv. fylgdi ekki starfsmannaskrá ríkisins. En það var þá ekki á það minnzt, þó að þetta fjárlagafrv. væri óvenjulega undirbúið hvað aths. snertir, sem hv. form. fjvn. hefur nú staðfest. En hitt var aftur á móti minnzt mikið á, að það væri ógurlega mikil forsómun af fjmrh. að hafa ekki látið starfsmannaskrá fylgja því. Ég tók þetta til athugunar þann veg, að þessa sömu daga bað ég starfsmenn fjmrn. að ganga nú strax að því að heimta frá öllum stöðum og öðrum rn. starfsskráruppl ýsingar, þannig að þessari kröfu gæti nú orðið fullnægt. Og ég held, að mér sé óhætt að segja, að ég hafi í hverri viku síðan tekið þá menn tali, sem hafa það með höndum í fjmrn. að draga þetta saman, og ýtt á þá að kalla saman þessar upplýsingar, og það virðist a. m. k. ekki vera neitt létt verk, því að það eru nú liðnar þessar vikur síðan. Og það er unnið að þessu verki, og mér er sagt, að það sé von á þessari skrá nú um helgina, eða ég setti það upp, og svo geta hv. þm. séð, hversu létt það verk er fyrir þá, sem standa á hverjum tíma í forsvari og draga þarna saman efnivið í starfsmannaskrá ríkisins og í annað, sem snertir afgreiðslu þessara mála, hversu létt verk er að gera það á skömmum tíma. Sem sagt, á meðan fjárl. voru í sínu gamla formi og pósturinn „vegna dýrtíðar" var ekki til, heldur aðeins „administrativir" póstar, svo sem hafnargerðir, vegabætur, menntamál, landbúnaður o. s. frv., þá var öldin öll önnur. Þá þurfti ekki að vera að grúska í tekjuöflunarleiðum til að mæta þeim geipilegu útgjöldum, sem verðbólgan hefur í för með sér.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram, úr því að þessi mál hafa verið dregin hér inn í umr. af öðrum. Og ég vildi láta í ljós þá ósk, að þeir, sem eiga að fara með fjármál ríkisins í framtíðinni, losnuðu við að þurfa að leita að tekjustofnum til að láta í dýrtíðarhítina. Það mundi áreiðanlega flýta fyrir æskilegri afgreiðslu fjárlaga.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það hafa spunnizt hér umr. út af þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, og hæstv. fjmrh. hefur talað um, að ég hafi gert árás á ríkisstj. út af afgreiðslu fjárl. En þótt honum finnist ég hafa gert árás, þá vil ég leyfa mér að benda á, að ég hef ekki minnzt á annað en þær staðreyndir, sem fyrir liggja. Það, sem ég sagði, var það, að þar, sem lag væri á fjármálastjórn, væri það sums staðar svo að minnsta kosti, að þm. mættu ekki bera fram brtt. til hækkunar á fjárl., nema gera jafnframt till. um samsvarandi auknar tekjur á fjárlfrv. eða sjá fyrir tekjum. Ég sagði enn fremur, að þetta hefði verið gert hér á landi fyrr á árum, eða þannig var það praktiserað, en á því hefði nú orðið breyting, og á síðasta ári vantaði nokkra milljónatugi í tekjuhlið fjárlfrv., er það var lagt fram, sem þurfti að afla vegna dýrtíðarráðstafana. Þegar frv. var lagt fyrir Alþ., vantaði 35 millj. kr., sem afla þurfti, en ríkisstj. benti ekki á sérstakar leiðir í því efni, og við það sat þingið þar til rétt fyrir jól. Ég sagði aldrei neitt um það, hvort það stafaði af ósamkomulagi innan stj., það lét ég ósagt, en ég sýndi fram á, að það er ekki lag á afgreiðslu fjárl., og það kannast raunar allir þm. við.

Ég hef ekki gert annað en draga fram stað-

reyndir, en ég bendi aðeins á eitt dæmi, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. sjálfum og er miklu alvarlegri ádeila á ríkisstj. en það, sem ég benti á. Hann sagði, að í byrjun þings hefðu verið heimtaðar af honum starfsmannaskrár, og hæstv. ráðh. upplýsir, að þó að hann hafi gengið eftir þessum skrám svo að segja á hverjum degi síðan, þá nái hann þeim ekki. Hvað hefði hann sagt, ef ég hefði komið fram með þessa ádeilu? Ég talaði ekki um, hvaða orsakir lægju til þess, að fjárlfrv. var lagt þannig fyrir þingið sem raun ber vitni, en þegar hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að hann þurfi 4—5 mánuði til að ná í skrár yfir það starfsfólk, sem hér á hlut að máli, þá þarf ég ekki eftir slíka yfirlýsingu að fara lengra út í umræður um þetta. Allar staðreyndir, sem ég benti á, verða skiljanlegar, þegar búið er að færa þetta fram.

Ég vil út af því, að hæstv. ráðh. talaði hér um kjötstyrkinn og úthlutun hans og deildi á mig og Framsfl. í því sambandi, segja það, að Framsfl. hefur alltaf verið til með að breyta þeim reglum. En eigin flokksmaður fjmrh. setti þessar kjötstyrksreglur, sem eru þannig, að menn geta alltaf borðað kjöt og grætt á því, af því að þeir má meiri styrk en kjötkaupunum nemur. Ég veit, að ef hæstv. fjmrh. rifjar það upp, þá man hann, hvaða ráðh. setti þessar reglur undir stöðugri ádeilu af hálfu framsóknarmanna. Það er því alveg óþarfi að beina þessu til mín, og ekki heldur hefur ræða mín gefið tilefni til annarra orða, sem hér hafa fallið í minn garð, þó að ég sé ekkert að kvarta undan því, að til mín hefur verið talað.

En ég kem þá líka að öðru. Hæstv. ráðh. segir, að nú séu mjög óvenjulegir tímar og því sé eðlilegt, að fjárl. verði seint fyrir. Ég er alveg á öfugri skoðun, og ég er alveg undrandi, hvað sem stj. og samvinnu hennar líður, að jafngreindur og glöggur maður og hæstv. fjmrh. er á ýmsa lund skuli láta slík orð falla, því að það er vitað mál, að einmitt á erfiðum tímum má sem minnstu skakka í sambandi við fjárlög, þau þarf að gera með fastri áætlun og fastri stefnu, ekki sízt á slíkum tímum, enda er þetta höfuðeinkennið hjá þeim þjóðum, sem lent hafa í mestum erfiðleikunum á síðustu árum og eru að vinna að viðreisn sinni. Einmitt á svona tímum er allra verst að kasta fjárlfrv. óundirbúnu fyrir þingið. Og þegar hæstv. ráðh. lét svo um mælt við afgreiðslu dýrtíðarl. fyrir jólin, að hann skyldi engan dóm á það leggja, hvort þar væru farnar hinar beztu leiðir, sem hægt væri að finna og fara, þá eru það slík ummæli, að ég hefði aldrei leyft mér að hafa þau um dýrtíðarmál íslenzka ríkisins eða ætla honum ekki meiri stefnufestu og úrræði, því að þetta sýnir, að stefnan er ekki algerlega föst og íhuguð til hins ýtrasta. Það er ríkisstj. á hverjum tíma að íhuga gaumgæfilega fjármálastefnu sína og segja að athuguðu máli: Þetta er yfirveguð stefna stjórnarinnar. Ef þingið treystir sér ekki til að fylgja henni í aðalatriðum, þá förum við, við treystum okkur ekki til að bera ábyrgð á öðru. — Í öðrum löndum er það algengt og mjög eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisstjórnir leggi fram stefnu sína í höfuðdráttum og leggi við tilveru sína, að hún sé framkvæmd. Og það er aldrei meiri háski en nú að kasta fjárlögum illa undirbúnum inn í þingið. Nú segir hæstv. fjmrh., að stefna hans hafi raunverulega verið sú að hætta niðurgreiðslum vegna dýrtíðarinnar, og því hafi vantað þessar 35 millj. En þessi yfirlýsing sýnir ekkert annað en það, að stj. hefur verið algerlega ósammála um öll fjármál ríkisins, er fjárlfrv. var lagt fyrir þingið. Stj. hefur verið svo gersamlega ósammála í þessu efni, að hæstv. fjmrh. vill hætta niðurgreiðslunum, en hin stefnan verður ofan á í stj. og hæstv. ráðh. situr samt hér. Hvar er eiginlega fjármálum okkar og dýrtíðarmálum komið? Er engin stefna til í þeim, en er það bara það, sem verður hér ofan á nokkrum dögum fyrir jól? Í ræðu minni leyfði ég mér ekki að fara eins djúpt í þessi mál og hæstv. ráðh. hefur sjálfur gert. En það er svo sem ekkert undarlegt, þótt þessi mál beri á góma, þegar það sýnir sig, að það er ekki til stefna hjá ríkisstj. í fjármálum. Fjárlfrv. er kastað óundirbúnu inn í þingið, fjvn. semur svo fjárl. og yfir þessu situr svo þingið.

Ég ætla svo ekki að segja meira um þetta. En hæstv. fjmrh. minntist á það hér að tilefnislausu, að það hefði nú verið annað og auðveldara að semja fjárlög þegar ég átti sæti í ríkisstj., þá hefði eingöngu verið fastir liðir að fást við. Ég hef nú sýnt fram á, að það er aldrei meiri þörf á því en nú, að undirbúningur fjárlaga sé tekinn föstum tökum og að fjármálastefnan sé föst, þegar fjárl. eru lögð fyrir þingið. En ég get líka sagt hæstv. fjmrh., að gefnu tilefni, frá aðstöðunni og vinnubrögðunum, er ég kom í stjórn, og það get ég sagt af því, að ég átti ekki aðalþáttinn í þeim vinnubrögðum, heldur þáv. fjmrh. fyrst og fremst. Þá tókum við við 5 millj. kr. skuld, er ríkið varð að borga eftir nokkra daga. Þá var hér hálfur afli í mörg ár miðað við meðalafla, þá brást síldin algerlega eitt árið, eins og hún gerði í sumar, og þá fékkst ekki nema hálft verð fyrir fiskinn miðað við það, sem áður hafði verið, og margs konar erfiðleikar aðrir voru þá. En samt var það svo, og einmitt sérstaklega nauðsynlegt vegna erfiðleikanna, að fjárlög voru lögð fyrir þingið fyrsta eða annan daginn eftir að það kom saman. Og fjárl. voru vel undirbúin og ákveðin stefna bak við þau, og þá var hægt að segja og var sagt: Svona vill ríkisstj. hafa þetta í aðalatriðum, þetta er hennar stefna, sem hún hefur yfirvegað og hvikar ekki frá. — Þáv. fjmrh. sat iðulega á fundum fjvn. langt fram eftir nóttu og sagði: „Ég tek ekki við þeim“, ef lagðar voru til hækkanir án tilsvarandi lækkana, sem hann gat ekki sætt sig við. Ég man t. d. eftir því einu sinni, er rætt var um 300 þús. kr. fjárveitingu til vegarins um Siglufjarðarskarð, að hann sagði, þegar hann var búinn að greiða þrisvar atkvæði á móti þessari fjárveitingu: „Ég skal greiða atkvæði gegn þessu með nafnakalli í fjórða sinn, ef þess gerist þörf, ríkið þolir ekki meiri útgjöld en búið er að samþykkja, og ef þetta verður samþ., þá

förum við." Þar sem ég átti hér ekki hlut að máli, heldur annar ráðh. úr þeirri stjórn, sem ég sat í, þá get ég gjarnan rifjað þetta upp. Það er langt frá því, að ég vilji draga úr því, að ríkisstj. eigi nú við erfiðleika að etja, ég dreg ekki úr því. Ég deildi ekki á annað en staðreyndir, sem liggja fyrir. En það kemst ekki lag á fjármál ríkisins fyrr en ríkisstj. kemur, leggur fjárlfrv. fyrir í upphafi þings og segir: Þannig vil ég hafa það innan vissra takmarka, sem fjvn. starfar innan. Þetta er höfuðstefnan, og ef henni er ekki fylgt, þá fer stjórnin.

Það ríður ekki á öðru meir fyrir ríkið en hafa góðan framkvæmdastjóra, sem gerir till. sínar með fullkominni ábyrgð og gerir þá líka að fráfararatriði, sé ekki farið eftir þeim í megindráttum. Það ríður ekki á öðru meir en ríkið hafi góðan og traustan framkvæmdastjóra, það er ríkisstj. eða fjmrh. En það er ekki auðvelt verk að stjórna ríkisbúinu vel, og það felst ekki í orðum mínum, að þetta verk sé nú létt unnið, en fyrr en það verður gert, eins og ég hef lýst, leiðréttist þetta ekki. Á meðan ekki verður stungið við fótum og leiðrétt það, sem aflaga fer um samningu og afgreiðslu fjárl., þá heldur þetta áfram þangað til ekki verður erfitt, heldur ómögulegt að semja fjárl. Sé ekki stefnt að leiðréttingu á þessu og algerri stefnubreytingu, dregur að því innan stundar, að ekki sé hægt að semja fjárlög fyrir íslenzka ríkið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þetta er falleg og gagnleg kenning, sem hv. þm. Str. hefur komið hér með, byggð á hans eigin reynslu náttúrlega. Væri allt þingið sammála um að létta undir með stj. að viðhalda heilbrigðu fjármálalífi, þá gegndi nokkuð öðru máli. En þegar formaður fjár- og kröfufrekasta flokksins talar þannig, ja, þá er létt fyrir hann að tala. Þegar á aðra hlið stjórninni er látið svo sem menn vilji spara og spara og hrópað á sparnað, en á hinn bóginn eru gerðar þrálátar kröfur um fjárveitingar úr ríkissjóði og lögfest og lögákveðin útgjöld æ ofan í æ, sem ekki er hægt undan að komast, þá er ég nú ekki svo skapi farinn að ég verði mjög hrifinn af kenningu hv. þm. Str. Það hefur sí og æ kveðið við í málgagni hans, að fjármál ríkisins væru í óreiðu og að ég bæri ábyrgð á því, en á hinn bóginn að kröfur bænda og landbúnaðarins væru helgur dómur. Ég man t. d. eftir ögrunarræðu þeirri, sem hv. þm. Str. hélt hér yfir ríkisstj. fyrir ári síðan eða svo, er eitthvað þótti dragast að framkvæma lög um landnám og ræktun, er höfðu í sér fólgnar 5 millj. kr. kröfur á ríkið. Það voru ekki lítil frýjunarorð sem stj. voru valin þá, ef hún stæði sig ekki og borgaði þetta ekki út. Henni var þá vísað sömu leið og nú, að fara, bara fara, ef hún gæti ekki innt þessar greiðslur af hendi. Sem sagt, það má segja um ræður hv. þm. Str. eins og stendur í vísunni:

Eina heyrði ég vísu, Ari sat á steini,
aðra heyrði ég vísu, Ari sat á steini.

Það er alltaf sami inngangurinn og útgangurinn hjá þessum hv. þm.: Ef stjórnin ræður ekki við þetta og þetta, ef hún getur ekki annað og hitt, þá á hún að fara, og búið. — En það er ekki verið að slá á þá strengi, að stéttir og flokkar færi niður kröfur sínar á hendur ríkinu, svo að auðveldara sé að koma fjármálalífinu á heilbrigðari grundvöll og flýta afgreiðslu fjárl. Nei, það er komið fram með fullu prókúrasjónarmiði, þegar ríkisfjárhirzlan er annars vegar, þrátt fyrir allar fallegar kenningar.

Hv. þm. Str. sakaði stj. um, að hún hefði enga stefnu í fjármálum. Það er rangt. Hinu skal ég þó ekki neita, að ágreiningur hefur verið um leiðir, en höfuðsefnan er þó sú, — og hún er glögg og enginn ágreiningur um hana, — að fjárl. verði að afgreiðast greiðsluhallalaus, og ég hygg, að öllum hv. þm. beri skylda til að stuðla að því. Þegar svo er athugað, hvaða leiðir eigi að fara, þá hefur orðið ofan á að gera ráðstafanir til að fara niðurfærsluleiðina, heldur en að leggja á nýja skatta.

Ég minntist á það áður, að í fjmrn. hefði farið fram athugun og rannsókn í sambandi við sparnað, og hefur n. gert ýmsar till. til sparnaðar. Ég vænti þess nú, að þeir, sem bera hag ríkisins mest fyrir brjósti, eins og t. d. hv. þm. Str., finni skylduhvöt hjá sér til að styðja þær till. og yfirleitt stuðla að því, hver eftir sinni getu, að fjárl. verði samþ. skammlaust. Ég vona þetta a. m. k. á meðan ég reyni ekki annað. En reynslan sýnir, að draga verður ályktanir af viðhorfinu á hverjum tíma. Það þarf engan að undra, þó að nokkur seinagangur verði og vanhæði hljótist af, þegar horfa þarf á mikla erfiðleika um fjárhagsafkomu þjóðarinnar. En það þurfa allir að leggjast á eitt með að komast yfir þennan vanda. Ég fór ekki langt út í þetta við samningu fjárlagafrv., en ég benti á nauðsynina að draga úr útgjöldum ríkisins og að fundnar yrðu aðrar leiðir til viðreisnar en að taka sífellt fé úr ríkissjóði. Enn sem komið er hefur Alþ. haldið áfram á sömu leið, en það verður áreiðanlega að hverfa frá þeim ráðum fyrr eða síðar. Verði ekki hægt að finna örugga tekjustofna fyrir ríkissjóð til að standast undir þeim miklu byrðum, sem á hann eru lagðar, þá verður ekki komizt áfram skaðlaust, þegar til lengdar lætur. Ég veit, að það hafa verið erfiðir tímar á Íslandi fyrr en nú, og ég skal ekkert draga úr þeim erfiðleikum, sem ríkissjóður átti við að stríða í ráðherratíð Hermanns Jónassonar, hv. þm. Str. En ég held, að það hljóti að vera nokkuð erfitt að bera þá tíma saman við þá tíma, sem nú eru. Margt af því, sem nú er krafizt greiðslu á úr ríkiskassanum, var ekki minnzt á á þeim tíma. Það datt engum í hug árið 1934. En nú skoða menn þetta sem sjálfsagða hluti, sem sjálfsagt og skylt sé að gera. Eitt gleggsta dæmið er frá því í vetur, að bátaútvegurinn neitaði að fara á sjó nema stórfé yrði greitt úr ríkissjóði vegna þeirrar starfsemi. Það hefði sjálfsagt verið reynt að afgreiða fjárl. fyrir jól, hefði slíkt verið unnt. Það er hefð að reyna það. En viðhorfið var nokkuð annað í

þetta skiptið. Við reiknuðum með mikilli Hvalfjarðarsíld. Nú leið, og ekki varð neitt af veiði. Var því ekki að furða, þó að nokkuð yrði beðið og séð, hvernig fara mundi um þennan tekjustofn. Það skapaði mikla erfiðleika, og varla er nema von, að einhver bið verði á afgreiðslu fjárl., þegar svona horfir og svona fer. En að þessu öllu slepptu er ekki nema skynsamlegt að reyna að afgr. fjárlög í tæka tíð.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég stend hér upp til að svara hv. 1. þm. N-M. (PZ). Allur tónn ræðu hans var um slæm vinnubrögð hjá fjvn. Hann hefur innleitt þessar umr. Það er ekki hægt að ásaka fjvn. fyrir það, að fjárlfrv. hafi ekki verið afgr. fyrir hátíðar. Ástandið í landinu hefur skapað þetta, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. En hér er verið að ræða, hvenær eigi að kalla þingið saman. Ef hægt hefði verið að afgr. fjárlfrv. fyrir jól, hefði þingið þurft að koma fyrr saman. Sá minnsti tími, sem færi í það að undirbúa og afgr. fjárlög, mundi vera 2 mánuðir. En þá segir hv. 1. þm. N-M., að allt sé búið. En Alþingi þarf lengri tíma við 2. og 3. umr., með öllum þeim aragrúa brtt., sem þm. leggja fram. Ég held, að það sé ekki sagt út í loftið, að lágmarkstíminn er 3½ mánuður. Nú upplýsir hæstv. fjmrh., að vart sé hægt að ganga frá frv. fyrr en 1. sept. Ég skal nú taka þau rök, sem þar að liggja, og athuga málið. — Á tímabilinu júlí— ágúst er margt af starfsfólki rn. í sumarfríum, og öll vinna gengur þar hægar. Það er ekki hægt að taka af fólkinu orlofsréttinn, þó að þessi hv. þm. vilji taka þann rétt frá þessu fólki og mönnum yfirleitt. Þessi rök eru þung á metunum, og það verður að sætta sig við það. En ekki gengur annað en að fjárlög verði í framtíðinni til fyrir fram fyrir það ár, sem þau eiga að gilda fyrir. En ég hefði nú haldið, að það hefði mátt standa 1. okt. í frv. í stað þess, sem nú er. Það mundi þó muna um 11 daga. Að ákveða samkomudaginn 1. sept. mundi ekki ná samþykki þingsins, og það yrði til lítils, ef litið er á þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf um ástandið í ráðuneyti sínu um orlofstímann. — Ég get svo lokið máli mínu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. forseti d., hv. þm. Eyf., sagði í ræðu sinni áðan, að það væri að vísu illt, ef stj. hefði ekki fjárlfrv. tilbúið, er þing kæmi saman, en annað væri þó enn verra, og það er, ef þm. eiga að sitja aðgerðalausir um lengri tíma. Virtist mér það vera skoðun hans, að ef brtt. mín yrði samþ., fengi þingið ekkert að starfa um lengri tíma, eftir að það hefur komið saman. Þetta þyrfti þó ekki svo að vera. Það er skýrt ákveðið í þingskl. og hefur enda verið venja, að fjárlfrv. þurfi að leggja fram í þingbyrjun. Það er lagabókstafur fyrir því. Ég er ekki að draga það í efa, að hæstv. ríkisstj. telur sér skylt að taka við fyrirmælum Alþ. og láta haga svo störfum að undirbúningi fjárl., að þau geti verið til, þegar þing kemur saman eða í þeirri viku, sem þing kemur saman. En það fær enginn mig til þess að trúa því, að ekki sé hægt að koma undirbúningnum til leiðar með góðri samvinnu, þó að þing komi saman svolitlu fyrr. Nei, vinnubrögðin eru nú þannig, að það er ekki reynt að hefjast handa um undirbúning fyrr en mánuði áður en þing kemur saman. En ef þingið ætti að koma saman mánuði fyrr, þá er ekki um annað að gera en hefja bara undirbúninginn mánuði fyrr.

Mér þykir það leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, því að ég hefði viljað víkja ögn að orðum hans. Hann afsakaði þann drátt, sem orðið hefði á afgreiðslu fjárlfrv., og sagði, að það stæði á upplýsingum frá einni ríkisstofnun og innan rn. stæði á skýrslu frá starfsmönnum þess. Er það nú svo komið, að starfsfólkið á að fara að stjórna rn.? Er það Alþ., sem á að gefa ríkisstj. fyrirskipanir, eða eru það ríkisstofnanir, sem eiga að stjórna? Svona virðist þetta vera, eftir því sem ráðh. upplýsir. Ef þessu er þannig varið, er sannarlega kominn tími til þess að breyta um, en ég vil ekki trúa því, að það sé svona. Það á ekki að vera á valdi póstsins eða símans eða áfengisverzlunarinnar, hvenær þingið á að hefjast og fjárlög að leggjast fram. Það er ekki boðlegt handa þm. að segja, að starfsfólkið hafi ekki hlýtt ráðh. og af þeirri ástæðu sé ekki hægt að afgr. fjárlög, þess vegna ekki hægt að fullnægja ákvæðum um afgreiðslu fjárl. og ekki heldur ákvæðinu um, að Alþ. komi saman 14. febr. Ég held, að hæstv. ráðh. verði að taka þetta alvarlegri tökum, því að mér finnst nú skörin vera farin að færa sig upp á bekkinn, ef hann heldur, að hann geti borið þetta fram hér á Alþ. og ætlast til þess, að það hafi áhrif á þm.

Hermann Jónasson: Ég átti hér í orðakasti við hæstv. fjmrh. og ætlun mín var að beina orðum mínum til hans, en þar sem hann er nú ekki viðstaddur núna, verð ég að stytta mál mitt, en vona þó að það berist honum til eyrna.

Ræða hæstv. ráðh. gefur tilefni til ýmissa aths. Hann talar um fjárfrekasta flokk þingsins og á þar við Framsfl. Ég er svo aldeilis hissa á hæstv. ráðh. Mig minnir, að það hafi verið aðrir flokkar en Framsfl., sem lögfestu kröfurnar á ríkið. Mig minnir, að þau l. hafi verið sett af öðrum en Framsfl., sbr. launalög, tryggingalög og skólal., fræðslul. o. fl. o. fl. Það er alveg rétt, að framsfl.menn greiddu atkv. með sumum af þessum l., en þar fyrir var ekki vafi á, hver hafði forustuna, og er þetta því kostulega og einkennilega til orða tekið hjá hæstv. ráðh.

Hann segir, að ég hafi haldið ögrunarræðu og hótað afarkostum, ef ríkið greiddi ekki, en svo sé ég að tala um eyðslu í hinu orðinu. Það var ekkert annað, sem ég fór fram á, en að fá lögboðnar greiðslur, það voru bara lögboðin tillög til Búnaðarbankans. En það er nú orðið aumt ástandið í fjármálunum, þegar ríkissjóður greiðir ekki lögboðin tillög, en það er engin fjármálastefna hjá hæstv. ráðh. Ef stj. treystir sér ekki til þess að greiða lögboðin tillög, á

hún að afnema þau. Ég er hissa á því, að fjmrh. skuli vera undrandi á því, að ég kom hér fram til þess að krefja lögboðinnar greiðslu. Hann segir, að ég hafi sagt, að fjmrh. beri ábyrgð á öllu. Ég sagði það nú ekki beint, en þetta er rétt, fjmrh. er ábyrgur aðili.

Þá segir hann, að ég hafi sagt, að stj. hefði enga stefnu í fjármálunum. Ég hefði gaman að fá að vita, hver sú stefna er. — Hann segir, að hann vilji láta hætta öllum niðurgreiðslum. Hvar sést það, að hann vilji hætta niðurgreiðslunum? Hefur ekki þvert á móti orðið, að niðurgreiðslur hafa aukizt og aukizt hafa álögur á menn? Ég held, að menn hafi þegar orðið varir við það. Það hefur þess vegna komið í ljós, þó að ég minntist ekki á það, sem ráðh. gerir mér upp orð um, að ríkisstj. hefur enga stefnu í fjármálum. Eða finnst hv. þm. það ekki undarlegt, að það sé stefna sín að hætta niðurgreiðslum úr ríkissjóði og lækka álögur, en snýr þessu svo alveg við? Ég spyr hvern þm.: Hvar í veröldinni er þetta fyrirbrigði til? Hvar, þið sögufróðu menn? Er það til í veraldarsögunni, að fjmrh. eins ríkis geri annað eins? Nei, það var ekki ég, sem álasaði ríkisstj. mest. Það voru orð hæstv. ráðh. sjálfs. (*Fjmrh.:* Ég sagði, að það hefði orðið ágreiningur um leiðir innan stj.) Ég hélt nú, að stefna og leiðir væru nú nokkuð svipað. (*Fjmrh.:* Satt er það.) Jæja, það er gott, að við erum sammála um það. En þetta minnir mig á annað, sem ég hef að vísu bent á og valdið hefur allri skæðadrífunni, sem á mér hefur dunið, og tek ég því með þökkum. Ég sagði, að þegar fjárlfrv. væri lagt fram, þyrftu að liggja fyrir skýrslur um tekjur og tekjuöflunarmöguleika. En nú kemur hv. þm. Barð. og segir, að það sé ekki fjvn. að kenna, að fjárl. eru ekki afgr. á öðrum mánuði ársins 1949, það ár, sem lögin eiga að gilda fyrir. Í byrjun þings á samkv. stjskr. að leggja fram áætlun um tekjur og gjöld ríkisins, og þetta þarf að afgreiða áður en liðið er á það fjárhagsár, sem lögin eiga að gilda fyrir. Þetta er stjórnarskráratriði. Og nú kemur þm. Barð. og lýsir því yfir, að það standi ekki á fjvn. að afgr. fjárl. En hafa þm. tekið eftir því, að öðrum mánuði þess árs, sem fjárl. eiga að gilda fyrir, er ríkisstj. ekki búin að koma sér saman um afgreiðslu þeirra? Það er víst voðaleg goðgá af þm. Str. að vera að álasa stj., þegar á eftir koma fram þær upplýsingar, að ríkisstj. sé ekki enn búin að leggja fram áætlun um möguleika til öflunar tekna! Ég skal svo ljúka þessu, ég hef ekki leyfi nema til stuttra aths. En ég get ekki stillt mig um að segja þetta að lokum: Hæstv. fjmrh. segir, að það sé stefna sín að hætta niðurgreiðslum og fara sem skemmst í að auka álögur. En það er farin öfug leið. Hann segir, að það sé þingið, sem heldur áfram þessa sömu leið, það verði haldið áfram, þangað til siglt verði í strand, þjóðin verði að sigla sig í strand. (*Fjmrh.:* Það sagði ég ekki. Ég sagði, að það yrði að sýna sig, að þetta gæti ekki verið til frambúðar.) Já, það er þjóðin sem á að taka stefnuna, þegar það er búið að sýna sig! — Já, ég hef ekki haft mikið vit á fjármálum. Það stendur líklega í þingtíðindum, en ég verð að segja það, að ég skil ekki þessa fjármálapólitík.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að hæstv. forseti veiti mér leyfi til að svara hér ofurlitlu hv. þm. Str., að gefnu tilefni, í sambandi við starfsmannaskrá. Ég hygg, að hv. þm. viti ekki, hvernig liggur í málinu. Það hefur raunverulega legið fyrir skrá yfir hvert fyrirtæki, svo að þannig sést, hvað mikil laun starfsmönnum eru greidd. Þetta hefur fylgt fjárlfrv. öll árin, og þannig sést, hve mikið fer til starfsmanna. En nú er það oft svo, að sami maður hefur laun frá fleiri en einum stað, og það, sem nú er óskað eftir, það er skrá yfir það, hve mikið hver þessara manna hefur samanlagt í laun frá ríkinu. Það er rétt hjá ráðh., að það er ekki auðvelt að gera þessa skrá, en eftir að búið er að semja hana, verður hún til mikilla þæginda. Ég skal nú nefna dæmi. Við menntaskóla eða gagnfræðaskóla, t. d. gagnfræðaskólann á Ísafirði, er sérstök skrá yfir kennarana. Það er skrá höfð yfir laun föstu kennaranna, en nú er greitt svo og svo mikið, segjum 10 þús. kr., fyrir stundakennslu, og þá er ekki gott að vita nema þessir sömu fastakennarar, sem hafa ákveðinn stundafjölda á viku, fái einnig laun af þessum peningum, sem varið er til stundakennslu. Það er vissulega kostnaðarsamt og gífurlega mikið verk að gera slíka skrá, þar sem tína þarf saman launagreiðslur alls staðar af landinu, svo að það er ekki af vanrækslu eða af því að ráðh. ráði ekki við starfsmenn þá, sem að þessu vinna, heldur af því, að það er mjög erfitt að tína þetta allt saman. Síðan hefur n. óskað eftir, að þessi skrá verði saman eftir stafrófsröð, af því að það hefur komið í ljós og hefur fjvn. rekið sig á, að margir menn eru á háum launum á fleiri en einum stað. Einn maður hefur t. d. 30 þús. kr. hjá einni stofnun, 8—10 hjá annarri og 3 þús. hjá þeirri þriðju o. s. frv., og tínist þetta kannske upp í 60—80 þús. á ári. Það er erfitt að koma þessari skrá saman, því að þessir menn, sem þar er getið, vilja standa eins og múrveggur kringum hana. — Mér fannst rétt að láta þetta koma fram, af því að mér hefur skilizt, að menn áliti, að þetta stafaði af einhverri kergju hjá starfsmönnum þeim, er að þessu vinna. En menn gera sér ekki ljóst, að hér er um erfitt viðfangsefni og umfangsmikið að ræða.

Í sambandi við það, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Eyf., um að það væri ekki allt undir því komið, hvenær þingið kæmi saman, heldur hvenær fjárl. væru tilbúin til afgreiðslu. 1946—47, þegar stjórnin sat til bráðabirgða áður en önnur tæki við, var fjvn. búin að ganga frá frv., þegar stjórnin tók við. Þá byrjaði hún að gera till., sem kröfðust aukinna útgjalda. Ég gekk þá sem form. n. á milli allra ráðh., til þess að fá þá til að falla frá kröfum sínum, og voru þeir yfirleitt allir mjög samvinnuþýðir og fúsir til, en einn þeirra, núv. menntmrh., sló einn í borðið og sagði: „Nei, ég slaka ekkert til á mínum kröfum.“ Ég get

vel sagt, hvert það fé rann, sem hann kúgaði í gegn hjá fjvn., og ég veit líka, að hv. þm. vita það allir.

Þá vil ég einnig benda á, hvernig það gekk til með fjárl. í fyrra. Þegar búið var að ganga frá frv., kemur fram breyt. í þinginu frá viðskmrh., svo að að það varð að semja það allt upp á nýjan leik. Svo að það er að því leyti rétt, sem hv. þm. Eyf. (BSt) sagði, að það væri ekki allt undir því komið, hvaða dag þingið kæmi saman, heldur hvenær fjárl. væru tilbúin til afgreiðslu. (*HV:* Það er þá ekki hægt að ganga frá fjárl. fyrr en á gamlárskvöld.) Hv. 3. landsk. veit, að það er stefnumunur á lífsskoðunum þm., og þarf því ekki að furða sig á, þó að átök verði í ýmsu.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Str. sagði, þá vil ég lýsa því yfir hér með, að þau ummæli eiga ekki við um fjvn., því að þótt ágreiningur hafi verið í ýmsum málum innan n., hefur aldrei verið neinn ágreiningur innan hennar um að koma saman til starfa á hvaða tíma sem kallað er, og hygg ég, að það séu ekki aðrar n., sem mæta betur, og fyrir það er ég mjög þakklátur. — Svo að það er ekki henni að kenna, heldur eru ýmis vandamál, sem þarf að leysa, en n. á enga sök á þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Meðan á 1. umr. stóð, voru mér afhentar tvær skrifl. brtt., sem ég skal nú lýsa. Fyrst er brtt. við frv. frá Hannibal Valdimarssyni, svo hljóðandi: „Við 1. gr. Fyrir orðin „ellefta dag októbermánaðar" kemur: fyrsta dag septembermánaðar." Og frá hv. 8. landsk. þm. (ÁS) hefur mér borizt brtt. alveg samhljóða þeirri, sem ég nú hef lýst. Brtt. frá hv. 3. landsk. kom fyrr fram og verður borin fyrr upp. En fyrst þarf að leita afbrigða fyrir þessari brtt., hún er of seint fram komin og þar að auki skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 342) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Óskar hv. 8. landsk., að brtt. hans sé borin upp líka? (*ÁS:* Nei).

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil bara gera grein fyrir atkv. mínu. Í ræðu sinni sagði hv. þm. Str. meðal annars, í fyrri ræðunni um þessa brtt., sem þá var búið að segja frá, að þeir, sem greiddu atkv. á móti henni, væru um leið að lýsa ánægju sinni yfir því, að ástandið, sem nú hefur verið í afgreiðslu fjárl., héldist áfram. Ég andmæli þessu, því að ég ætla að greiða atkv. á móti þessari brtt., en ástæðan til þess er langt frá því að vera sú, að ég sé ánægður með það, að afgreiðsla fjárl. dragist langt fram yfir þann tíma, er fjárlög eiga að koma til framkvæmda. Hins vegar sé ég enga tryggingu fyrir því, að fjárlög verði afgr. frá þinginu fyrir áramót, þó að þingið kæmi saman 1. sept. Það hlýtur að fara eftir öðru, hvort slíkt tekst eða ekki, svo sem því, hversu vel tekst undirbúningur fjárlfrv. og hvort sérstök vandamál grípa inn í við afgreiðslu fjárl., eins og nú á síðasta ári, sem hljóta að tefja fyrir því, að fjárlög verði afgr. fyrir áramót. Ef slík vandamál koma ekki til greina og ef fjárlfrv. er vel undirbúið, þá hygg ég, að þó að tíminn til að afgr. þau sé ekki lengri en frá 1. okt., og þó að hann sé ekki lengri en frá 11. okt., sem þingið situr, þá ætti að vera hægt að afgr. fjárlög samt sem áður fyrir áramót. Og ég vitna í þessu efni til þess, sem hv. þm. Barð. sagði hér fyrr í dag við 1. umr. þessa máls, að árið 1945 var, ef ég man rétt, ekki byrjað að starfa í fjvn. fyrr en 20. okt., en samt sem áður tókst þá að afgr. fjárlög fyrir jól. Svo að ég tel þetta hreint ekki útilokað. Ég vil að sjálfsögðu, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að fjárlagaafgreiðslu sé lokið fyrir áramót. En ég hef ekki neina trú á því, að það sé tryggt, að slíkt takist með því að ákveða samkomudaginn 1. eða 15. sept. Og þess vegna vil ég ekki stuðla til þess með atkv. mínu, að stj. sé gert að skyldu að kalla saman Alþ. svo snemma, jafnvel þó að ég væri alveg vonlaus um eða teldi mjög litla von um að fjárlög yrðu afgr. fyrir áramót þrátt fyrir það. Hins vegar fylgi ég frv. óbreyttu, í því trausti, að ríkisstj. muni gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að fjárlagaafgreiðslu verði lokið fyrir áramót, og fyrir því höfum við eiginlega fyrirheit hæstv. forsrh. — Þetta vildi ég taka fram út af ummælum hv. þm. Str.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég fer nú dálítið að efast um, að mönnum sé það eins mikið áhugamál að kippa því í lag, sem þeir þó flestir eða allir, sem talað hafa, hafa kallað ófremdarástand, að fjárlög séu afgr. fyrir áramót, eins og þeir hafa viljað vera láta, en ekki þegar einn fjórði eða einn þriðji hluti er liðinn af fjárhagsárinu, sem fjárl. eiga að gilda fyrir. Því að ef mönnum fyndist þetta verulegt ófremdarástand, þá held ég, að sjálfsögð afleiðing af því væri það, að menn vildu færa samkomudag Alþingis fram, svo að ætla mætti, að það væri nokkurn veginn tryggt eða alveg öruggt, að fjárlagaafgreiðslu yrði lokið fyrir jól eða fyrir byrjun þess tíma, sem fjárl. eiga að gilda fyrir. Ef ekki þætti nógu snemmt að hafa samkomudag þingsins 1. sept., til þess að fjárlagaafgreiðslu væri lokið fyrir áramót, því þá ekki að ákveða samkomudaginn fyrr, segjum 1. ágúst, til þess að kippa þessu í lag? Þá hefði Alþ. fimm mánuði fyrir sér til þess að vinna að undirbúningi og afgreiðslu fjárl., svo að afgreiðslu þeirra mætti verða lokið áður en fjárhagsárið, sem þau eiga að gilda fyrir, byrjar.

Ég vék að því áðan, í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh., að ég vildi ekki fallast á, að hægt væri af fjmrh. að bera fyrir sig, að það

stæði á stofnunum um að skila gögnum, sem nauðsynleg væru, til þess að geta undirbúið og lagt fjárlagafrv. fyrir Alþ. á réttum tíma, svo að ekki þyrfti að brjóta ákvæði stjskr. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að gangur málanna væri þessi og þess vegna væri frv. þetta lagt fyrir Alþ., að Alþ. hefði rétt til þess að ákveða samkomudag þingsins og ríkisstj. tæki svo við þeirri ákvörðun og gæfi fyrirskipanir til starfsmanna stjórnarráðsins í samræmi við ákvörðun þingsins og fyrirmæli til stofnana, sem á hefur staðið við afgreiðslu á störfum sínum að þessu leyti, með tilliti til þess, sem Alþ. hefði ákveðið. En ég hef ekki staðið í þeirri meiningu, að starfsmenn ríkisstofnana segi starfsmönnum stjórnarráðsins fyrir verkum og þeir síðan ráðh. og ráðh. síðan þinginu og síðast yrði svo að brjóta stjskr. og hafa engin fjárlög til að stjórna landinu eftir svo og svo mikinn hluta af árinu. Af því að ég hélt, að þetta ætti að ganga svona, eins og ég sagði áðan, þá hélt ég, að þingið ætti að taka ákvörðun um samkomudaginn nógu snemma til þess að afgr. fjárlög á réttum tíma. Ég hygg, að dráttur á undirbúningi fjárlagafrv. hafi að undanförnu stafað af því, að ekki hafi verið byrjað á undirbúningi fjárlagafrv. fyrr en einum eða tveimur mánuðum áður en þing á að koma saman. Ef byrja á þingið segjum einum mánuði fyrr á árinu en gert hefur verið ráð fyrir, þá yrði að fyrirskipa þeim opinberu starfsmönnum, sem vinna að undirbúningi fjárlagafrv., að hefja þann undirbúning og gera þann undirbúning fyrr, og það held ég, að væri hægt, því að tíminn er nægur fyrir hendi. En það eru einhverjar duldar ástæður, sem eru fyrir því, að menn vilja ekki kippa þessu í lag. Það er ófremdarástand, að fjárlög eru ekki til, þegar fjárhagsárið byrjar, og að þingið, sem byrjar árið áður, standi langt fram yfir þann tíma, er þing yfirstandandi árs á samkv. stjskr. að hefjast og taka til starfa. Og það er ófremdarástand, að þingið fyrir 1948 skuli nú standa yfir, þegar komið er langt fram í annan mánuð ársins 1949 og komið er rétt að þeim degi, þegar þingið 1949 átti að hefjast samkv. stjskr., það þing, sem afgreiða ber fjárlög fyrir árið 1950. Þetta er ekki viðunandi ástand, en svona er þetta búið að ganga síðan árið 1942, að einu ári undan teknu, eftir því sem upplýst er, þar sem þá hafi á því eina ári tekizt það vel með störf fjvn., að þá var hægt að pressa afgreiðslu fjárlaga af fyrir jólin.

Hv. þm. N-Þ. sagði, að hann greiddi atkv. á móti till. um að færa samkomudag þingsins til 1. sept. af því, að þó að sú brtt. væri samþ., þá væri alls ekki trygging fyrir því, að fjárl. yrðu afgr. fyrir áramót. En því þá að tylla á svo tæpt vað? Væru ekki líkur til þess, að unnt væri að kippa þessu ófremdarástandi í lag um fjárlagaafgreiðsluna, ef þingið hefði fjóra mánuði til starfa? En ef menn teldu hæpið, að þingið gæti lokið við fjárlagaafgreiðsluna á fjórum mánuðum, því þá ekki að ætla Alþ. t. d. fimm mánuði til þess að koma fjárlagaafgreiðslunni í lag og úr því ástandi, sem verið hefur og er til vansæmdar?

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. En það, sem mér finnst skorta á í þessum umr., þegar talað er um að færa samkomudag Alþ. fram á árið, þá er eins og menn horfi á það eitt, hvað embættismenn í stjórnarráðinu þurfa að gera áður til þess að undirbúa fjárlög og hvað þingið þurfi langan tíma til þess að afgr. fjárl. En það er eitt stórt atriði, sem líka þarf að taka með í reikninginn, sem sé á hvaða tíma unnt sé fyrir fjmrh. að undirbúa fjárlagafrv. svo, að vel sé og að gagni komi til fljótrar afgreiðslu í þinginu. Eftir reynslu undanfarinna ára er mjög hæpið, að hægt sé að undirbúa vel fjárlög fyrir 1. sept., þá er ekki búið að sjá marga hluti, sem ríkisstj. þarf helzt að sjá áður en fjárlög eru undirbúin. En það eru meiri líkur til þess, að þetta verði séð fyrir 1. okt. Og ég tel, að alveg eins miklar líkur séu til þess, að hægt sé að afgr. fjárlög fyrir áramót með því að byrja þingið 1. okt. eins og þótt það sé byrjað 1. sept., því að það er það stóra atriði í málinu, að ríkisstj. og sérstaklega fjmrh. geti haft nóga yfirsjón yfir framtíðina, með tilliti til síðasta árs, til þess að undirbúa fjárlögin vel. Þess vegna tel ég eðlilegt, að samkomudagur þingsins sé 1. okt., því að með því móti væri hægt að afgr. fjárlög fyrir 1. jan. næsta ár, ef svo ber undir og ef ekkert kemur annað til athugunar, sem blandast inn í fjárlagaafgreiðsluna, og þá er líka hægt fyrir ríkisstj. að læra af reynslunni og horfa fram á veginn til þess að geta undirbúið fjárlög fyrir næsta ár.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki gert að því, þótt samvizkubit hv. 1. landsk. þm. geri það að verkum, að hlustunartæki hans eru í því ástandi, að hann heyrir einhvern tón í því, sem mælt er, sem er eitthvað annað en orðanna hljóðan. — Það hafa nú talað hér meira en helmingur þdm., og allir, sem hafa talað, eru sammála um það, með mismunandi sterkum orðum, að það sé óviðunandi ástand, sem hér hefur ríkt og ríkir, að við á árinu 1949 sitjum hér á Alþ. 1948 og erum að semja fjárlög fyrir árið 1949, sem í raun réttri eiga að vera fyrir alllöngu tilbúin og búin að gilda í sex vikur. Allir eru sammála um þetta, hver einasti þm. Sumir segja, að þetta sé ófremdarástand, aðrir, að þetta sé óviðunandi. Allir viðurkenna, að því lengri tíma sem Alþ. hefur til þess að semja fjárlög, því meiri líkur séu fyrir, að þau fáist afgr. í tæka tíð. Þó kemur hæstv. forsrh. með það sjónarmið, að það sé hæpið, að ríkisstj. geti verið búin að semja fjárlagafrv. eins vel til að leggja það fyrir þingið í byrjun þings, ef það kemur saman 1. sept. eins og ef þingið kemur ekki saman fyrr en 1. okt. Mér skilst, þó að hann nefni það ekki, að hann áliti þetta vegna þess, að þá, 1. sept., sé kannske ekki útséð um síldveiðar, og þess vegna séu líkur fyrir, að tekjuvonir ríkisins séu gleggri, með tilliti til innflutnings og þeirra skatta og tolla, sem fást í sambandi við hann, þegar kemur fram að 1. okt. en þegar 1. sept. Ég vil ekki mæla alveg á móti þessari staðreynd. Þó vil ég fullyrða,

að um mánaðamótin ágúst og september er það orðið nokkurn veginn ljóst, hvernig síldarvertíðin verður, þannig að miklu getur ekki skeikað, og þetta sjónarmið getur þess vegna ekki ráðið fyrir fjöldanum, sem vill hafa samkomudaginn seinna. Hvað er það þá, sem er í veginum? Það er ekkert annað en persónuleg sjónarmið hv. þm. sjálfra, sem vilja hafa samkomudaginn seinna á árinu. Þeim finnst sér koma það að einhverju leyti verr að fara á þing 1. sept. en 11. okt. En til hvers eru menn að taka að sér verk, ef menn eru ekki tilbúnir að vinna það þegar þörfin er fyrir að vinna það og þegar mestar líkur eru til þess, að hægt sé að vinna það sæmilega? Þeir menn, sem láta slík sjónarmið ráða, sem ég nú lýsti, eru algerlega á rangri hillu. Þeir eru ekki nema hálfir menn, þeir eiga ekki að sitja á þingi. Það verk, sem maður tekur að sér að vinna, verður maður að vinna hvenær sem er, nótt eða dag, þegar kallað er eftir, að það sé unnið, og engar privattafir eiga að vera því til fyrirstöðu, að verkið sé unnið þegar þörf er á því að gera það. Þess vegna er það sjónarmið, að einhverjum komi það illa, að Alþ. komi saman vissan dag og þeir láti það sjónarmið ráða um fylgi við ákvörðun um samkomudag þingsins, að þeir vilji ekki fara heiman að frá sér fyrr en á einhverjum vissum tíma árs, það sjónarmið á engan tilverurétt, ekki nokkurn. Ef allir eru sammála um, að það sé ekki viðeigandi og nánast sagt til skammar að vera að halda Alþ. 1948 á árinu 1949 og vera að semja fjárlög eftir að þau eiga að réttu lagi að vera búin að gilda í nokkrar vikur, vera þá að baksa við þau, — ef menn eru sammála um þetta, þá eiga menn ekki að láta persónulegar ástæður verða þess valdandi, að þeir leggist í gegn því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að lagfæra það ófremdarástand, sem ríkt hefur og ríkir í þessu efni, annaðhvort með því að færa byrjun fjárhagsársins yfir á vorið, annaðhvort til 1. maí eða 1. júní og byrja þá þingið í janúar og vera búinn með fjárlög áður en nýtt fjárhagsár byrjar og koma þá ekki saman næsta haust fyrr en 11. okt. og semja þá fjárlög fyrir part af árinu — og með því væri komizt hjá þeirri hengingaról, sem af því gæti spunnizt, ef slitnaði upp úr stjórnarsamvinnunni á vetrarþingi— eða þá hins vegar með því að láta Alþ. koma fyrr saman síðari hluta ársins en gert hefur verið og gert er ráð fyrir í þessu frv. og reyna að klára Alþ. fyrir áramót. Þá geta þó alltaf vofað yfir haustkosningar, ef upp úr stjórnarsamvinnunni slitnar. Hinir hv. þm., sem vilja koma saman á Alþ. einhvern tíma rétt fyrir jólin, þegar þeir telja sjálfum sér bezt henta, og vilja láta afgreiðslu fjárl. ganga eins og nú er, þeir hafa áreiðanlega ekki skilið rétt það hlutverk, sem þeir hafa tekið að sér, þ. e. að vinna fyrir þjóðina sem þm., en ekki fyrir sjálfa sig eina.

ATKVGR.
Brtt. 342 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, StgrA, ÁS, HV, HermJ.
nei: ÞÞ, BBen, BK, GJ, GÍG, JJós, LJóh, BSt.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
3 þm. (BÓ, BrB, EE) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég skaut þessari hugmynd fram hér í umr., án þess að gera till. þar um. Hins vegar hafa undir umr. komið fram fullgild rök hjá hæstv. fjmrh. um það, að litlar líkur eða engar væru til þess, að ríkisstj. geti haft fjárlagafrv. til vel undirbúið fyrir 1. sept., og af þeim ástæðum greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Atkv. mitt í sambandi við þessa brtt. ber ekki að skoða sem samþykki mitt á því ástandi, sem nú er í því efni, að fjárlög séu ekki afgr. fyrir áramót á hverju ári og þá fyrir byrjun þess fjárhagsárs, sem þau eiga að gilda fyrir. Og með því að ríkisstj. hefur það í hendi sér, þó að þessi brtt. verði felld og frv. samþ. óbreytt, að kalla saman Alþ. hvenær sem hún telur heppilegast eða eðlilegast til þess að geta afgr. fjárlög á réttum tíma, þá segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til þess, sem hv. þm. Barð. sagði nú síðast og fleiri hafa tekið fram, og enn fremur með tilvísun til þess, að nú á seinustu árum hefur Alþ. tvisvar verið kallað saman 1. sept. og ekki afgr. fjárlög þau ár fyrir áramót og ég þar af leiðandi sé enga tryggingu fyrir því, að fjárlög verði afgr. fyrir áramót, þó að þingið sé kallað saman 1. sept., en tel hins vegar meiri tryggingu í því fólgna, að fjárlög séu vel undirbúin, áður en þau verða lögð fyrir þingið, þá segi ég nei.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, ÞÞ, BBen, BK, GJ, GÍG, BSt.
HermJ, PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, HV greiddu ekki atkv.
3 þm. (BÓ, BrB, EE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég hef áður lýst yfir, að ég tel óviðunandi, að Alþingi komi svona seint saman. En sá meiri hluti, sem hér er til staðar, ber auðvitað ábyrgðina, og er bezt, að hann beri hana einn og óskorað. Ég greiði því ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 343).

---

47. Kirkjugarðar (frv. BÓ).

Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða [74. mál] (þmfrv., A. 120).

Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í byrjun ársins 1944 voru 6 söfnuðir starfandi í Rvík. Samkvæmt lögunum um kirkjugarða eiga að vera í kirkjugarðsstjórn 5—7 menn, og ef 6 söfnuðir eru starfandi, skipar ráðherra 7. manninn í kirkjugarðsstjórn. Þetta var gert 1944, og varð það að samkomulagi, að fulltrúi frá Bálfarafélagi Íslands fengi sæti í kirkjugarðsstjórninni. Nú eru aðeins 5 söfnuðir starfandi í Rvík, og þá er samkvæmt lögum ekki heimilt að hafa nema 6 menn í stjórn. En eins og kunnugt er, hefur verið reist hér bálstofa, að miklu leyti fyrir fjárframlög frá Bálfarafélagi Íslands. Hefur félaginu verið afhent til umráða og skipulagningar nokkuð stórt svæði, er nota skal sem duftgarð. Nú er kirkjugarðsstjórnin því fylgjandi, að Bálfarafélagið fái fulltrúa í stjórninni, enda eðlilegt, þegar því hefur verið falin umsjón með vissum hluta kirkjugarðsins. Og verði þetta að lögum, verður að sjálfsögðu af ráðherra skipaður 7. maður í kirkjugarðsstjórnina.
Ég tel það fulla sanngirniskröfu, að þetta nái fram að ganga, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr., og geri ráð fyrir til félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 282, 283).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál hefur legið dálítið hjá félmn. Hún var búin að ræða það fyrir þinghléið og sendi þá biskupnum það til umsagnar og bað hann bæði að segja sitt álit um frv. og einnig, ef hann teldi ástæðu til þess, að gera frekari breytingar á lögunum, sem n. þá einnig vildi athuga. Svar biskups barst n. nokkru fyrir þinghléið, dagsett 13. des., og þar leggur hann til, að gerð verði á frv. ákveðin breyting, og gerir grein fyrir henni. Biskup segir:
„Ég get fallizt á, að eigi sé ósanngjarnt, að Bálfarafélag Íslands eða væntanlegar deildir þess úti um land, þar sem bálstofa starfar, eigi fulltrúa í kirkjugarðsstjórn. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að binda tölu fulltrúa í kirkjugarðsstjórn við 5 eða 7. Vel getur svo farið, að söfnuðir í Reykjavík verði áður en langt líður 7 eða fleiri, er allir noti hinn sama kirkjugarð, og mælir þá öll sanngirni með því, að hver þeirra hafi rétt til þess að velja sinn fulltrúa í kirkjugarðsstjórnina. Þar sem hins vegar aðeins tveir eða þrír aðilar sameinast um kirkjugarð, virðist ástæðulaust að hafa fulltrúa fleiri en þrjá. Ýmislegt mælir með því, að tala fulltrúa í kirkjugarðsstjórn sé oddatala (3, 5, 7 o. s. frv.) Þar sem svo stendur á, að tala fulltrúa verður jöfn (2, 4, 6 o. s. frv.), virðist mér heppilegt, að hlutaðeigandi sóknarnefndir kysu á sameiginlegum fundi oddamann í kirkjugarðsstjórn.
Fyrir því leyfi ég mér að leggja til eftirfarandi breyt. á frv.:
1. Á eftir orðunum „kjósa hver úr sínum hópi" komi „einn fulltrúa" í stað „fulltrúa".
2. Síðari hluti gr. orðist svo: Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið og einn til vara. Kirkjugarðsstjórnin kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum að öðru leyti.
Út af fyrirspurn n. um það, hvort ég telji fleiri breyt. á kirkjugarðsl. æskilegar, leyfi ég mér að senda n. frv. um breyt. á þeim l., sem ég hef nýlega sent kirkjumrn., er fjallar um takmörkun á leyfum til upptöku heimagrafreita, en hin öra fjölgun þeirra horfir til vandræða og óreiðu."
Þeir þrír nm., sem mættir voru á fundi, — einn nm., 3. landsk., var ekki kominn til þings, og annar nm., þm. Seyðf., var ekki viðstaddur, — voru sammála um að leggja til að samþ. frv., en n. tók hins vegar ekki afstöðu til till. biskups. N. sýndist hún þýðingarlítil út af fyrir sig, en ég tók hana upp og flyt hana hér, til þess að d. skeri úr því, hvort hún vill hafa það fyrirkomulag, sem biskupinn leggur til, að á sameiginlegum fundi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna skuli kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans, eða hvort d. sýnist betra, að hann verði settur af dóms- og kirkjumrn. eftir sérstökum reglum, eins og lagt er til í frv. frá þm.
Um hina spurninguna, sem við spurðum biskup, hvort ástæða væri til að breyta fleiru í stjórn kirkjugarða, svarar hann með bréfi, þar sem hann sendir till. um meiri breyt. á l., og hníga þær að því að takmarka mjög rétt manna til þess að koma upp heimagrafreitum. Nú er það svo, að þeir, sem það vilja, sækja til kirkjumrh. í gegnum biskup um að koma upp slíkum reitum, og biskup hefur yfirleitt ekki getað staðið á móti því að veita mönnum leyfi til þess að hafa heimagrafreiti, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru þar um. Nú vill biskup þrengja þetta og leggur til, að breytt sé 33. gr. kirkjugarðsl. á þá lund, að sóknarprestur og viðkomandi prófastur skuli báðir koma til sögunnar og senda álit sitt til biskups og að einungis megi veita slík leyfi á ættaróðulum. Þessa till. sá n. sér ekki fært að taka upp, en ég taldi skyldu mína að segja frá henni, ef einhver hér vildi taka upp till. biskups, og er þá hægt að fá hana hjá mér, en n. flytur till. ekki, en eins og ég tók fram áðan,

flyt ég hina till. biskups við frv., og ég vænti þess, að hún verði samþ., enda þótt sú breyt. geri ekki neinn höfuðmun.

Björn Ólafsson: Ég þakka n. fyrir það að hafa lagt til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég verð að segja, að ég sé ekki frekar en síðasti ræðumaður, að sé mikill munur á þessum till., sem hér er um að ræða. Að mínu áliti verður ekki í náinni framtíð þörf fyrir breyt. á þessum ákvæðum, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þess að söfnuðum fjölgi í Reykjavík. Hins vegar má segja, að sú tilhögun verði trygging fyrir því, að þetta verði árekstralaust, ef til þess kemur síðar. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með frv. eins og það er, ef þdm. samþ. það breytingalaust, en til vara mun ég greiða atkv. með þeirri till., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 283 samþ. með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, KG, BK, BÓ, HV, HermJ.
nei: ÞÞ, BrB, GJ.
SÁÓ, StgrA, EE, GÍG greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJós, LJóh, ÁS, BBen) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 320).

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, er hér liggur fyrir, er komið frá Ed. og var afgreitt þar eins og það liggur fyrir á þskj. 294.
Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til athugunar og varð sammála um að leggja til, að það verði samþ., eins og nál. sýnir.
Sú breyting, sem hér um ræðir, er í sambandi við bálstofu þá, sem gerð hefur verið í Rvík. Í sambandi við bálstofuna hefur Bálfararfélagi Íslands verið falið að hafa umsjón með hluta af kirkjugarðinum í Fossvogi. Út af þessari breytingu er hér svo farið fram á, að Bálfarafélagið fái fulltrúa í kirkjugarðsstjórn. Þetta sýnist vera réttlætismál, og tel ég því óþarft að hafa um það lengri framsögu, þar sem Ed. hefur líka afgr. það án nokkurs ágreinings.
Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 346).

---

48. Umboð þjóðjarða.

Á 50. fundi í Ed., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 54 31. maí 1927, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða [116. mál] (þmfrv., A. 290).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og kunnugt er, var með l. nr. 54 31. maí 1927 gerð sú breyting um umboð þjóðjarða, að hin gömlu umboð voru flest úr gildi felld, öll nema aðeins tvö. Nú hefur sú breyting orðið, að annar umboðsmaðurinn, sem eftir var samkvæmt hinu gamla fyrirkomulagi, hefur sagt af sér þessu umboði. Kom þá til mála að skipa annan nýjan í hans stað, en það var litið þannig á í rn., að eðlilegt væri, að öll umboðin lytu sömu l. Það eru lögreglustjórar, sem fara með þessi umboð fyrir hönd ríkisins, hver í sínu umdæmi. Þetta frv. fjallar ekki um annað en það sama verði látið gilda eftirleiðis um Múlasýslur eins og nú gildir um önnur umboð landsins. Ég vonast til, að hv. d. taki þessu máli með skilningi, og þar sem landbn. hefur tekið að sér að flytja málið, sé ég ekki ástæðu til að vísa því til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og fram er tekið í grg. þessa frv., hefur um skeið verið hafður nokkur annar háttur á um umboð þjóðjarða í Múlasýslu en annars staðar á landinu sökum þess, hvað það er stórt og víðáttumikið umboð, og var því skipaður sérstakur umboðsmaður fyrir Múlasýsluumboð, en annars staðar á landinu er þessu þannig skipað, að hreppstjórinn á hverjum stað fer með þetta lögum samkvæmt. Sá maður, sem um langt skeið fór með þetta umboð fyrir ríkið, hefur nú gefið það frá sér sakir vanheilsu, og var þá tekið til athugunar, hvort ástæða væri til að skipa nýjan mann yfir þetta umboð eða láta meðferð þessa máls fara í sama farveg og tíðkast í öðrum umboðum landsins, og varð úr að óska eftir því, að lög um þetta efni, nr. 54 31. maí 1927, yrðu úr gildi felld og sami háttur á þessu hafður þarna og annars staðar á landinu.
Ég óska svo, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 326).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef ekki annað að segja um þetta mál en það, að landbn. er einhuga um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 347).

---

49. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um framlengingu á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands [99. mál] (þmfrv., A. 198).

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 198, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, er í raun og veru gamall gestur hér í hv. d. og á Alþ. Með l. nr. 33 frá 7. maí 1928 var Eimskip veitt skattfrelsi og þá fyrir tvö ár, 1929 og 1930, þó þannig, að það greiði útsvar til Reykjavíkur, 5% af nettó-ágóða. Síðan hafa l. þessi ávallt verið framlengd fyrir 2 ár í senn, nú síðast með l. nr. 76 5. júní 1947 fyrir árin 1947 og 1948.
Eimskip hefur varið öllu fé, sem því hefur hlotnazt, til samgöngumála, fyrst og fremst til þess nú síðast að láta smíða 4 stór og fullkomin skip. Eitt þeirra, m.s. Goðafoss, er komið í notkun, annað, m.s. Dettifoss, verður fullsmíðað í næsta mánuði, hið þriðja verður sjósett 5. næsta mánaðar og hið fjórða á næsta ári. Auk þessa hefur félagið lagt fram stórfé til stuðnings flugmálum landsins. Þar hefur það lagt fram hlutafé til Flugfélags Íslands að upphæð kr. 1.500.000.00 og veitt sama félagi lán að upphæð kr. 3.500.000.00, eða samtals kr. 5.000.000.00.
Með þessum ráðstöfunum til almenningsheilla hefur félagið notað að fullu allt handbært fé sitt, sem ekki er bundið fast í rekstri félagsins.
Þrátt fyrir nokkra hækkun nýlega á flutningsgjöldum á vörum í Ameríkusiglingum eru flutningsgjöld fyrir matvöru svo lág, að flutningar þessir bera sig ekki. Meðan stríðið stóð var mögulegt að vinna þetta upp með hærri flutningsgjöldum á öðrum vörum, en nú er hvort tveggja, að innflutningur slíkra vara hefur minnkað að miklum mun, og að því er snertir flutninga þeirra frá Evrópu, hafa nú útlend félög hafið hér mjög tilfinnanlega samkeppni við Eimskip. En þau félög hafa mjög miklu ódýrari rekstur á sínum skipum, þar sem sérstaklega kaup skipshafna er miklu lægra en Eimskip borgar á sínum skipum.
Á síðari tímum hefur orðið mjög tilfinnanlegt rekstrartap á eigin skipum Eimskip, t. d. árið 1947 ..... kr. 3.521.223.70

árið 1946 ..... kr. 1.715.178.54
árið 1945 ..... kr. 3.154.386.98
eða samtals síðustu 3 reikningsárin eftir að stríðinu lauk kr. 8.390.799.22.

Ég hef aðeins drepið hér á einstök atriði, ég tel ekki ástæðu til þess við þessa umr. að fara neitt ýtarlega út í þetta mál. Það er líka svo þrautrætt hér á hæstv. Alþ. og allri þjóðinni eiginlega svo kunnugt um þetta fyrirtæki. En ég vona, að þetta frv. mæti velvilja og skilningi hér í hv. d. og það fái fljóta og góða afgreiðslu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá frsm. meiri hl. fjhn., að þetta mál er gamall gestur hér á Alþ. Það er svo margt, sem hefur verið rætt í sambandi við þetta skattfrelsi Eimskipafélagsins, sem búið er að vera lengi. Ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á því, að fyrir utan ýmsar aðrar mótbárur, sem oft hafa verið settar fram hér gagnvart þessu skattfrelsi Eimskips, þá er svo komið, að það eru fleiri eimskipafélög, sem rekin eru hér á landi en Eimskipafélag Íslands. Það er vitað, að samvinnufélögin hafa hér eimskipafélag og 2—3 einstaklingsfélög eru starfandi hér í Reykjavík og hafa fengið sér ný skip. Það er þess vegna mjög athugavert fyrir Alþ., hvort eigi ekki að gera þessum félögum jafnhátt undir höfði. Við verðum að gera okkur ljóst, út á hvaða braut er verið að fara í þessum efnum. Við erum að gera þegnunum misjafnlega hátt undir höfði með því að skapa réttindi handa einstökum mönnum, en leggja aftur byrðar á aðra. Þegar á að heita, að hér geti verið frjálst atvinnulíf í landinu, og menn eiga að geta fengið að keppa um það, hvernig þeir geti rekið skipaútgerð á sem hagkvæmastan hátt, þá er ekki rétt, að einn aðili fái önnur eins sérréttindi og þessi, sem hér er um að ræða, en hinir ekki. Það virðist sízt ástæða til þess að veita slík sérréttindi einmitt gagnvart þeim aðilanum, sem sterkastur er allra þeirra aðila, sem slíka útgerð reka. Það er vitað, að Eimskipafélag Íslands er eitthvert ríkasta hlutafélag hér á landi. Það virðist því frá því sjónarmiði ekki vera sérstök ástæða til þess að veita því sérréttindi, borið saman við þá keppinauta þess, sem hafa minna fjármagn og ekki hafa notið neinna sérréttinda fram að þessu. Með slíkum forréttindum er verið að skapa einokunaraðstöðu til handa einu sérstöku félagi Ég vil vekja athygli á því, að þótt Alþ. hafi gert margt og mikið, til þess að hægt væri að koma upp myndarlegum skipastól, og hafi lengi vel þannig stutt Eimskip, þá má það ekki ganga út á þá braut að beita aðra þegna þjóðfélagsins órétti með því hins vegar. Lengi vel þurfti ríkið að vísu mikið til Eimskip að sækja vegna strandferðanna og þarf þess að vissu leyti enn þá. En ríkið hefur nú komið sér upp allstórum skipastól til þess að hafa sjálft hinar útgjaldafrekustu ferðir.

Það hefur verið fært fram sem rök fyrir skattfrelsi Eimskips, að það væri í raun og veru þjóðareign, og upphaflega var það svo. Þegar Eimskipafélagið var myndað, var það eitt af allra beztu og stærstu átökum, sem þjóðin hefur gert til þess að skapa sjálfstætt atvinnulíf í landinu. Á því átaki og á þeirri sameiningu þjóðarinnar, sem kom fram gagnvart Eimskip þá, hefur það lifað hvað vinsældir snertir, og á þeim hefur það byggt þá siðferðislegu sérréttindaaðstöðu, sem það hefur notið. Hins vegar er svo komið, að Eimskipafélagið kemur ekki fram sem slíkt þjóðarfélag. Eimskipafélagið hefur sýnt sig, þegar það hefur átt í viðskiptum við landsmenn, t. d. verkalýðssamtökin, að vera hið harðvítugasta í viðskiptum við meiri hl. þjóðarinnar og alls ekki hikað við að láta einkahagsmuni nokkurra auðmanna hér í Rvík sitja fyrir hagsmunum þjóðarinnar. Enn fremur hefur það sýnt sig, að það raunverulega vald í Eimskipafélaginu er ekki lengur hjá þjóðinni, eins og að mörgu leyti var upphaflega, þegar hlutabréfin voru upp á 25 kr. og þar fyrir ofan. Það er vitað, að það raunverulega vald í h/f Eimskip er í höndum nokkurra auðmanna í Reykjavík, sem ráða algerlega í þessu félagi, þannig að þeir halda fund til þess að ákveða, hvernig því skuli stjórnað, þannig að hlutahafafundirnir eru ekki nema til málamynda.

Ég hef lengi álitið, að ef ríkið vill halda áfram á þeirri braut að gefa eftir skattana, þá ætti ríkið heldur að semja við Eimskip þannig, að það yrðu gefin út hlutabréf fyrir sköttunum og þeir borgaðir með hlutafjárframlagi og að ríkið eignaðist smátt og smátt stóra hluti í Eimskipafélagi Íslands. Það er eina ráðið til þess að gera Eimskipafélag Íslands h/f að því, sem það einu sinni var í meginatriðum, að raunverulegri eign þjóðarinnar.

Þegar Eimskipafélagið var myndað hér, þá var þjóðin það fátæk og enn lítið til af auðmönnum hér á Íslandi, að Eimskipafélagið gat verið, þótt það væri hlutafélag og hlutabréfin í einstakra manna höndum, á vissan hátt sem eins konar samtök þjóðarinnar. Nú, eftir að myndað er á Íslandi hlutafélag sterkasta auðvalds í Evrópu, kannske að undanskildu Englandi, þá er ekki ástæða til þess að láta þeirra félag, Eimskipafélagið, njóta slíkra sérréttinda sem hér er farið fram á. Ég álít þess vegna, að það sé ekki hægt að ganga inn á þetta skattfrelsi án a. m. k. frekari samninga við Eimskip. Það getur ekki gengið, að ríkið haldi áfram að gefa einu félagi af mörgum, sem starfa að slíkri skipaútgerð sem það rekur, forréttindi, en tryggja sér ekkert vald á móti. Ríkið getur búizt við því hvenær sem er, að Eimskipafélagið segi sem svo: Ef ekki verður leyfð hækkun á farmgjöldum eða flutningsgjöldum, stöðvum við reksturinn. — Þjóðin hefur heldur enga tryggingu fyrir því, að Eimskipafélagið eða stjórn þess segi ekki einn góðan veðurdag: Svo framarlega sem launin verða ekki lækkuð um þetta eða þetta, stöðvum við reksturinn. — Þjóðin á því undir högg að sækja, þar sem Eimskipafélagið er, eins og stjórn þess er nú. Ég held þess vegna, að þetta frv. ætti að athugast betur í fjhn. Það er meiri hl. hennar, sem flytur það, en ég álít, að heppi-

legra væri, að það væri athugað betur af n. sem heild og séð, hvort hægt væri að ná nokkru samkomulagi um þetta frv. Að halda áfram að veita Eimskipafélaginu forréttindi sem einkafélagi, það álít ég mjög varhugavert og vil alveg sérstaklega skírskota til þeirra manna, sem segjast vera fylgjendur frjáls atvinnulífs og frjálsrar samkeppni, hvernig þeir hugsi sér að framkvæma þá frjálsu samkeppni í skipaútgerðinni hér á Íslandi, ef þeir menn, sem leggja hlutafé í önnur fyrirtæki en Eimskipafélag Íslands, eiga að borga skatta og útsvar, en þeir, sem ráða Eimskipafélagi Íslands, þurfa ekki að borga það. Ég held, að það sé nú eftir þau 20 ár, sem félagið hefur notið þessara réttinda, hægt að líta svo á, að þjóðin og ríkið séu búin að gera mjög vel við þetta félag, — búin að gera því mögulegt að græða svo mikið, að það er nú vafalaust orðið ríkasta hlutafélag landsins og búið að koma sér upp myndarlegum skipastól, þannig að það ætti nú að geta keppt við önnur eimskipafélög landsins.

Ég hef ekkert á móti því, að þetta gangi áfram til 2. umr., en legg til, að fjhn. fái það aftur til umr.

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Hv. 2. þm. Reykv. kom hér með nokkrar aths. í sambandi við þessi tilmæli, en ég veit ekki, hvort ástæða er til að ræða það frekar á þessu stigi, því að mér skildist, að hv. þm. vildi gjarna ræða þetta frekar í fjhn., og mundi ég sízt hafa á móti því. En ekki get ég látið þess ógetið, að mér fannst hv. 2. þm. Reykv. tala af miklum ókunnugleika um þetta fyrirtæki og afstöðuna í heild, því að það hefur nú verið þannig með þetta félag frá því fyrsta, að ég veit ekki betur en það hafi hér um bil í einu og öllu farið eftir vilja hverrar þeirrar ríkisstj., sem setið hefur að völdum, og lagt áherzlu á það að reyna að leysa þau vandkvæði og vandræði, sem hafa verið á ýmsum tímabilum. T. d. á árunum þegar félagið var stofnað var það rekið með svo nánu sambandi við ríkisstj. sem nokkurt félag gat verið rekið. Og ég vil halda því fram, að ef fara ætti út í þá sálma að draga þetta út í tölur og samanburð, mundi þetta koma enn skýrar í ljós, því að allt þetta stríð hefur félagið bókstaflega í samráði við ríkisstj., fyrrv. og núv., reynt að haga þessu eins og það var forsvaranlegast.

Annars ætla ég ekki að segja meira um þetta á þessu stigi málsins. Ég hef sízt á móti því, að þetta verði athugað betur. Annars eru meðnm. hér til staðar, og láta þeir kannske orð falla um það, hvernig þeir líta á þetta, t. d. hv. *form.*

Ásgeir Ásgeirsson: Fundurinn er nokkuð þunnskipaður, og það er nokkur ágreiningur í þessu máli, sem að vísu er ekki alveg nýtt. Við þekkjum það allir, um hvað er deilt í þessu máli. Ég var að hugsa, hvort ætti að biðja að taka málið af dagskrá. En þar sem ágreiningnum er svo háttað sem komið hefur fram vegna ummæla eins þess nm., sem tók ekki þátt í flutningi frv., tel ég enga hættu að láta frv. ganga til atkv., svo að það verði samþ. til 2. umr. Í n. verður haldinn fundur um málið, þó að ekki komi ósk nema frá einum nm.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn., þ. e. a. s. þremur nm. Ég vildi ekki gerast meðflm. að þessu frv., sökum þess að ég tel ekki rétt að framlengja þessi lög, er nú gilda um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Ég hef hér í höndum síðustu reikninga þessa fyrirtækis. Samkvæmt þeim virðist mér, að gróði Eimskipafélagsins á árinu 1947 hafi numið nokkru meiru en einni millj. kr., — rúmlega einni millj. og eitt hundrað þús. kr., að því er mér virðist, samkv. rekstrarreikningi félagsins.

Rétt er það, sem haldið er fram af hv. flm. frv., að samkvæmt reikningunum þá hefur orðið nokkur halli á rekstri eigin skipa félagsins árið 1947. En hins vegar hefur gróði á rekstri leiguskipa félagsins það ár orðið meiri en sem nemur tapinu á eigin skipum þess. — Nú er á fleira að líta í þessu sambandi. Eimskipafélag Íslands mun hafa fengið leyfi yfirvaldanna á þessu ári til þess að hækka verulega farmgjöld á aðfluttum vörum þrátt fyrir þessa góðu rekstrarafkomu 1947. Og þó að mér sé ekki kunnugt enn um afkomu félagsins á þessu ári, sem nú er bráðum liðið, þá liggur það í augum uppi, að einmitt þessi farmgjaldahækkun, sem félagið fékk samþ. nú á þessu ári, hlýtur að bæta verulega fyrir félaginu hvað reksturinn snertir árið 1948.

Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og ég áður hef sagt, að framlengja þessi lög. Eimskipafélag Íslands er, eins og þegar hefur verið tekið fram og öllum er kunnugt, ákaflega vel á vegi statt fjárhagslega. Samkv. reikningum þess á það nú um síðustu áramót fimm skip, sem bókfærð eru á 5 þús. kr. hvert. Húseignir þess hér í Reykjavík eru bókfærðar allar á aðeins sjö þús. kr., og áhöld, bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn, á einar tvö þús. kr. En þrátt fyrir þetta, að þessar miklu eignir eru taldar í reikningum félagsins með aðeins þessum lágu upphæðum, þá eru eignir félagsins umfram skuldir um síðustu áramót 49,7 millj. kr.

Ég fæ heldur ekki séð, að það mundi verða til hnekkis starfsemi félagsins, þó að það nú væri látið greiða skatta, ef það hefði einhvern ágóða, með svipuðu fyrirkomulagi og önnur fyrirtæki. Með tilliti til þess, hve félagið er vel efnum búið, virðist ekki ástæða til þess, að það taki svo mikil farmgjöld, að ár hvert verði mikill gróði á rekstrinum. En einmitt þetta skattfrelsi, það getur, virðist mér, orðið til þess m. a. að hvetja félagsstjórnina til þess

að hafa farmgjöldin hærri heldur en ella mundi verða, þar sem allur gróðinn er skattfrjáls.

Þá vil ég benda á það, eins og áður hefur verið gert í umr. um þetta mál, að þetta eru óeðlileg forréttindi, sem þetta fyrirtæki hefur fram yfir önnur fyrirtæki, sem hafa svipaða starfsemi með höndum.

Öllum hv. þm. er þetta mál kunnugt, bæði að fornu og nýju. Og ég sé ekki ástæðu til að eyða frekar tíma fundarins í umr. um það, nema tilefni gefist. Ég vildi aðeins láta vitnast, að ég var ekki í þeim meiri hluta fjhn., sem stendur að þessu frv., og mun því greiða atkv. gegn því.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér skildist á umr., sem fóru fram í gær um þetta mál, að það hefði verið samkomulag um það á milli hv. 2. þm. Reykv. og hv. frsm. þessa máls, að málið yrði athugað nokkru nánar í n. Nú er hv. 2. þm. Reykv. ekki viðstaddur hér, og ég vildi aðeins spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm., hvort þetta samkomulag hafi farið fram, og ef svo er ekki, hvort ekki væri rétt að fresta málinu, svo að sú athugun geti farið fram um málið, sem um var rætt hér í gær.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. muni bera fram þá ósk, að þetta mál verði aftur tekið upp til athugunar í nefnd, svo sem kom fram við 1. umr. Hins vegar hefur sú ósk ekki komið fram enn þá. En þó að málið sé nú látið ganga í gegnum 2. umr., þá er sama tækifæri til slíks nefndarfundar milli 2. og 3. umr. Og þess vegna hef ég ekki borið fram ósk um að taka málið af dagskrá nú, þó að það reyndar væri tekið á dagskrá án sérstakrar beiðni minnar. Ég tel skylt að fullnægja beiðni hv. 2. þm. Reykv. í þessu efni, þó að atkvgr. fari fram nú við 2. umr. um frv., og mun þess vegna láta þetta atriði afskiptalaust, hvort málið verður látið ganga áfram nú.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 13:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:4 atkv.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SG, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, HB, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, ÓTh, PO, BG.

nei: SkG, StgrSt, ÁkJ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS.

4 þm. (BÁ, GTh, JS, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 4. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 198, n. 297).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. forseti tók það fram, að ég væri frsm. þess hluta fjhn., sem skilað hefði áliti. Ég veit nú ekki betur en öll n. hafi skilað áliti, og er tekið fram í nál., hver afstaða einstakra nm. sé til frv. Af undirtektum hv. meðnm. minna mætti skilja, að vel gæti brugðið til beggja vona með afgreiðslu málsins hér í hv. d., en ég vona, enda þótt ég sé sá eini af nm., sem beint leggur til, að frv. verði samþ., að frv. nái þó samþykki hv. d. Þetta er ekki nýtt mál. Þau fríðindi, sem gert er ráð fyrir að Eimskipafélag Íslands verði aðnjótandi, hefur félagið haft frá stofnun, og hafa fríðindin venjulega verið veitt til tveggja ára í senn. Þessi fríðindi hafa verið veitt með því skilyrði um rekstur félagsins, að hluthafar fengju ekki greiddan nema 4% arð. Þetta hefur verið framkvæmt svo frá byrjun, og hluthafarnir hafa aldrei fengið nein fríðindi úr félaginu fram yfir þessa litlu úthlutun. Félagið hefur verið rekið sem almenningseign og litið á það sem slíkt, enda hefur félagið í samræmi við þetta varið öllum arði til almenningsheilla, þ. e. a. s. til þess að auka og bæta samgöngur innan lands og utan. Ég vil sérstaklega benda hv. d. á þetta. Meðan félagið vinnur undir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir skattfríðindunum, þá er það í raun og veru almenningseign. Ef fríðindin væru hins vegar tekin af því, þá yrði það venjulegt hlutafélag, og í stað þess, að nú standa bréf félagsins í tiltölulega lágu verði, þá mundu þau þegar stórhækka í verði, því að þá hafa hluthafar óbundnar hendur um ráðstöfun á eignum félagsins, svo að ef hv. d. vill, að félagið verði rekið sem almenningseign, þá er ekki annað en veita því fríðindin, ef það vill taka við þeim. Því er ekki að neita, að með þeim l., sem undanfarið hafa gilt, þá hefur félagið getað safnað miklum sjóðum, en þennan eignarauka hefur félagið líka notað til þess að stuðla að auknum samgöngubótum. Félagið hefur eignazt ný skip, en ef fríðindin eru tekin af því, þá hafa hluthafarnir óskoraðan rétt yfir þeim. Ég efast ekki um, að hv. þdm. sjá þetta, og skýtur hér nokkuð skökku við það, sem þeir menn hafa haldið fram, sem alltaf hafa viljað skóinn ofan af Eimskipafélaginu,

því að þeir hafa talið, að félagið væri einkafélag hluthafanna, en það hefur það alls ekki verið eins og ég hef bent á, vegna þeirra l., sem gilt hafa. Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni, en vildi fara fram á það við hv. þdm., að þeir létu málið ganga til 3. umr., þótt þeir fylgdu því ef til vill ekki út úr d., því að hæstv. fjmrh. er veikur, og ég tel ekki sanngjarnt, að frv. séu felld, ef veikindi hamla mönnum frá að mæta í d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 9. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BK, BÓ, ÞÞ.

nei: BrB, HV, PZ, StgrA, ÁS, KG.

2 þm. (GÍG, HermJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 58. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 18. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

---

50. Fyrningarafskriftir.

Á 66. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir [139. mál] (þmfrv., A. 360).

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 411).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. L. um sérstakar fyrningarafskriftir frá 1946 kveða svo á, að hlunninda þeirra afskrifta skuli þær eignir njóta, er teknar eru í fyrsta skipti í notkun á árunum 1944—48. Er þar um að ræða „fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir." M. ö. o. þau tæki, sem talið var réttmætt, að fengju hærri afskrift en venjulega. Nú er það svo, að sumt af þessum tækjum var ekki komið til landsins fyrir árslok 1948, svo að nauðsynlegt er að breyta l. þannig, að ákvæði um sérstakar fyrningarafskriftir verði einnig látin ná til eigna, er teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950. Því er komið hér fram frv. um, að í stað ársins 1948 skuli koma 1949 og 1950. Hv. n. var sammála um að mæla með þessu, þegar hún hafði frv. til athugunar. Er sjálfsagt, að umrædd tæki geti komið undir ákvæði l., þau er njóta eiga þessara fyrningarafskrifta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

51. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Á 51. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga [117. mál] (þmfrv., A. 298).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar deildar hefur borið fram það frv. til laga, sem hér liggur fyrir á þskj. 298. Hefur n. með því orðið við tilmælum, sem henni hafa borizt um að flytja frv., en einstakir nm. áskilja sér vitaskuld rétt til að koma fram með brtt., ef þörf þykir, og fylgja öðrum, er fram kynnu að koma og þeir teldu til bóta.

Með frv. þessu er farið fram á það, að S.Í.B.S. verði veitt leyfi til að stofna vöruhappdrætti og reka um 10 ára skeið, þar sem dregið yrði einu sinni á ári. Sambandið hefur rekið happdrætti undanfarið, en orðið að fá leyfi í hvert skipti sérstaklega, en með því að tryggja slíkt leyfi í lögum til langs tíma þykir sem þetta mundi verða öruggari tekjustofn fyrir sambandið.

Ég skal nú ekki fara mörgum orðum um þjóðnytjastarf það, sem unnið hefur verið til útrýmingar berklaveikinni hér á landi. Eins og öllum er kunnugt, er þar um hinn skæðasta sjúkdóm að ræða og skipuleg barátta hefur verið háð gegn honum hérlendis síðan um aldamót. En þrátt fyrir ágætt starf hinna nýtustu manna er það þó enn svo, að berklahælin eru ofhlaðin og það er ekki unnt að veita öllum sjúklingum þá aðhlynningu sem skyldi, og þeir fá ekki að dveljast nógu lengi á hælunum, en verða að hverfa þaðan of fljótt út í lífið, þar sem margvísleg barátta reynir um of á þeirra veiku krafta. Margir þeirra verða af þeim sökum að fara aftur á hælin og verða þar langvarandi sjúklingar. Alvarlegast er þó, að þetta öryggisleysi skapar hjá sjúklingunum skelfingu, sem er mjög lamandi og þungbær.

Engum var þetta ástand betur ljóst en þeim, sem stofnuðu S.Í.B.S., en það samanstendur einmitt af eldri og yngri berklasjúklingum. Það var stofnað á árinu 1938, og samstundis var hafin fjársöfnun um land allt í þeim tilgangi að koma upp vistheimili fyrir brautskráða hælissjúklinga, sem enn voru of þróttlitlir til þess að vinna algeng störf, þurftu að vera undir eftirliti læknis og fá vinnu við sitt hæfi, þar til úr því væri skorið, að þeir hefðu læknazt að fullu. Þessi verkefni voru þegar skipulögð af sambandinu. Fyrst og fremst átti að koma upp sérbýlishúsum — fjögurra manna —, sem gætu orðið heimili nokkurra sjúklinga, og auk þess *vinnustofu, þar sem sjúklingarnir gætu* starfað að hæfilegum viðfangsefnum. Síðan skyldi komið upp aðalhúsi með sameiginlegri borðstofu, læknastofum o. s. frv.

Almenningur skildi vel þá merkilegu tilraun, sem hér var verið að gera, og það safnaðist þegar töluvert fé, enda hefur hælið verið byggt að mestu fyrir slíkt fé, enda þótt ríkissjóður hafi á hverju ári lagt nokkuð fram til styrktar starfseminni. Vistheimilinu var valinn staður að Reykjalundi í Mosfellssveit og hafizt handa um byggingar í júní 1944. Heimilið tók svo til starfa 1. febr. 1945, og var ráðinn þangað sérstakur læknir, kostaður af ríkinu samkv. ákvæðum laga, og var hann forstöðumaður heimilisins jafnframt. Þá var búið að reisa þar 5 smáhús, og þar fengu 20 vistmenn heimili. Önnur 6 hús sams konar voru þá og í smíðum, og var þeim lokið í maí árið 1945 og tekin strax í notkun. Árið 1946 var svo byrjað á aðalbyggingunni, og gert er ráð fyrir, að henni verði nú lokið á fyrri hluta þessa árs. Kostnaður við hana er rúmar 3 millj. kr., og vantar ekki nema 600 þús. kr. til þess, að sá kostnaður sé að fullu greiddur. En allur byggingarkostnaður við heimilið nú er orðinn um 6 millj. kr. að meðtöldum kostnaði við hermannaskálana, sem notaðir voru til bráðabirgða. Aðalhúsið er mjög myndarleg bygging, og eru þar dagstofur, borðstofur, svefnklefar, sjúkrastofur, lækna- og rannsóknarstofur, böð og sólbyrgi, allt mjög vandað, en íburðarlaust. Sem stendur eru 44 vistmenn á heimilinu, en gert er ráð fyrir, að unnt verði að bæta við 50 vistmönnum, þegar aðalhúsinu er lokið. Ýmsar aðrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar, en bygging vinnustofu er talin kalla mest að, og er gert ráð fyrir, að hún muni kosta um 2 millj. kr. Þá er í ráði að reisa 12 ný smáhús, sem hvert mun kosta um 140 þús. kr.; enn fremur gróðrarstöð og byggingar fyrir starfsfólk. Allur þessi kostnaður er áætlaður um 5 millj. kr. Öll árin nema hið fyrsta hefur rekstrarágóði af heimilinu orðið um 100 þús. kr. á ári, þó að gjafir og styrktarfé sé ekki reiknað til tekna, þar sem það hefur eingöngu farið til byggingarframkvæmda. Ríkissjóður greiðir nú 30 kr. dagpeninga fyrir hvern sjúkling, sem svo er ástatt um, að hann þarf í rauninni hælisvistar, og miðað við það, sem tíðkast á öðrum sjúkrahúsum, er það ekki full greiðsla. Aftur á móti eru þarna margir öryrkjar, sem engan styrk fá, en eru þarna sköpuð skilyrði til að vinna fyrir sér, og sparar það Tryggingastofnun ríkisins talsvert fé.

Í stjórn S.Í.B.S. eru aðeins eldri og yngri berklasjúklingar, og stjórn þeirra á þessum málum hefur verið svo góð, að það gæti ábyggilega verið mörgum ríkisstofnununum til fyrirmyndar. Markmið sambandsins er að koma heimilinu sem fyrst í það horf, sem fyrirhugað er, svo að heimilið geti tekið við öllum, er þangað vilja leita. Alls hefur hælið tekið á

móti 99 sjúklingum til síðustu áramóta. Af þeim hafa 55 farið þaðan aftur, 39 með fullum bata og 16 til framhaldsvistar á berklahælum.

Það er ljóst, að ríkissjóður hefur nú í mörg horn að líta, en með þessu frv. er líka í raun-inni verið að létta því af honum að leggja þarna í byggingarkostnað.

Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir það, að hann skuli hafa tekið þetta mál svo fljótt á dagskrá, og ég vona, að það tefjist heldur ekki hér í deildinni og verði afgreitt á þessu þingi. Þetta mál er eitt hið allra merkasta nauðsynjamál, og það er í góð-um höndum. Rekstur hælisins hefur verið hag-kvæmur, svo að til fyrirmyndar er, og það, sem mest er um vert — skelfing sjúklinganna er með þessu móti rekin á brott og von þeirra styrkt um bjartari framtíð.

Ég vænti samþykkis hv. þd., og ef ástæða þykir til, mun n. að sjálfsögðu taka frv. til at-hugunar milli umræðna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 409).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Hlíðar): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til með-ferðar á nokkrum fundum sínum. Sú skoðun kom fram í n., að ef til vill þyrfti að athuga mál þetta nánar í sambandi við happdrættis-einkarétt háskólans. Þess vegna ákvað n. að fá umsögn háskólaráðs um þetta. Eftir að hafa fengið svar frá rektor háskólans og form. n., Ól-afi Lárussyni, þar sem þeir töldu ekkert standa í vegi fyrir framgangi þessa frv., þá ákvað n. einum rómi að mæla með því, að málið fengi eðlilegan framgang hér á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

---

52. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GTh o. fl.).

Á 10. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [40. mál] (þmfrv., A. 47).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Varðandi þetta frv. get ég að mestu vísað til grg., sem því fylgir. Meginefni þess er það, að eignarauki, sem stafar af aukavinnu, er menn leggja fram utan reglulegs vinnutíma til þess að byggja íbúð til eigin afnota, skuli ekki tal-inn sem tekjur og skattlagður á þann hátt. Ég þarf ekki að lýsa því, hversu ákvæði gildandi skattal., eins og þau hafa verið, vafalaust rétti-lega túlkuð af skattanefndum og skattstjórum, hafa komið illa og hart niður á mörgum, sem byggt hafa sér íbúðir, bæði í kaupstöðum, kauptúnum og til sveita. Eins mikil og húsnæð-isvandræðin eru hér hjá okkur, er sjálfsagt að stuðlað sé fremur af ríkisvaldinu til þess, að menn leggi fram aukavinnu til þess að koma upp yfir sig íbúðum, heldur en að tálma þeim það, eins og nú er gert með gildandi skatta-lögum. Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hef-ur mjög tekið þetta til greina við álagningu útsvara, svo að þau hafa ekki komið svo til-tölulega hart niður á þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli.

Það má benda á það, að ef þessi aukavinna á að vera skattfrjáls, þá ætti önnur aukavinna, sem menn leggja á sig og fá greidda í pening-um, einnig að vera skattfrjáls, a. m. k. ef arði af þeirri aukavinnu er varið til þess að koma

upp eigin íbúðum. En þó er hér sá munur á, að þegar menn fá þessar tekjur í peningum, er möguleiki til þess að halda nokkru eftir af þeim fyrir sköttum. En hér er ekki um neina peninga að ræða, sem skattþeginn eignist, heldur eignarauka, sem er fast bundinn í eigninni. Þess vegna hefur reynslan verið sú, að ýmsir þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, hafa ekki átt nema um tvo kosti að velja. Annaðhvort að taka lán, sem oft eru þá lítt fáanleg, til þess að standa skil á skattgreiðslum, eða, ef það er ómögulegt, þá að selja húsin, eftir að þeir með mikilli vinnu og sjálfsafneitun eru búnir að koma yfir sig þaki.

Það koma ýmis vandamál til greina í sambandi við þá löggjöf, sem hér er ætlazt til, að sett verði. En ætlazt er til þess, að fjmrh. setji um ákvæði þessi, sem í frv. er lagt til, að lögfest verði, nánari reglur. Það má búast við, að reynt verði að misnota þessar undanþágureglur, sem í frv. felast. En það á hins vegar að mega treysta því, að skattyfirvöldin gæti þess, að ekki komi undir þessi ákvæði fleiri en þeir, sem ætlazt er til, að njóti þessara hlunninda. Og með þeim heimildum, sem skattyfirvöldin hafa, ætti þetta að vera hægt. Og ekki ætti að vera meiri hætta á undanbrögðum eða skattsvikum í sambandi við þetta ákvæði en í sambandi við fjölda mörg önnur ákvæði skattal.

Skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég hef, bæði áður og eftir að þetta frv. var flutt, borið mig saman við menn þaulkunnuga skattamálum hér í Reykjavík. Og þeir af þeim, sem ég hef talað við um þetta, hafa talið þetta, sem í frv. er farið fram á, bæði sanngjarnt og sjálfsagt og ekki erfiðara í framkvæmd en mörg önnur ákvæði skattal.

Vegna þess, hve margir menn hafa þegar orðið hart úti af þessum ástæðum, með sköttum, sem á hafa verið lagðir nú í ár, er svo ákveðið í 2. gr. þessa frv., að tekjuskatt álagðan árið 1948 skuli ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. gr. frv., ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga. Til greina gæti komið að stytta þennan frest, þannig að sem fyrst eftir gildistöku laganna fengist úr þessu endanlega skorið.

Það hefur komið fram sá misskilningur, m. a. í einu blaði hér í bænum, að þetta frv. eigi einungis við Reykjavík eða þá einungis við kaupstaðina, en nái ekki til sveitamanna. En ég hefði nú haldið, að sveitamenn væru einstaklingar, eins og aðrir þjóðfélagsborgarar. Það er skýrt tekið fram í frv., að það nær til allra einstaklinga í landinu. — Mér er kunnugt um, að Stéttarsamband bænda hefur haft þetta mál til meðferðar og gert ályktun, sem fer mjög í sömu átt og þetta frv.

Ég vænti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Það þarf kannske að athuga betur ýmsa tekniska hluti í sambandi við þetta, því að það getur að sumu leyti verið dálítið vandasamt að framkvæma efni frv. En ég vil samt mæla með samþykkt frv., vegna þess að mér sýnist ástæða til þess, eins og kemur fram hjá hv. flm. málsins, að gera allt, sem mögulegt og framkvæmanlegt er, til þess að ýta undir það, að menn leggi sig fram þannig, að þeir leggi sína eigin vinnu fram til þess að koma upp íbúðum yfir sig. Þetta hefur svo mikla þjóðfélagslega þýðingu, að það er tvímælalaust full ástæða til að hlynna að þeim, sem svona fara að.

Það er að vísu rétt, eins og tekið var fram áðan, að ef menn líta aðeins formlega á þetta, mætti kannske segja, að líka væri ástæða til að undanþiggja frá skatti eftirvinnutekjur, sem menn fá fyrir vinnu hjá öðrum. En þar er sá mikli munur á, að ef menn vinna þetta við eigin byggingar, þá eru menn að festa þessi verðmæti til þess að búa í haginn fyrir sig, og þess vegna er þetta allt annars eðlis en lausayfirvinnutekjur, sem þá ganga ýmist til þess að koma upp íbúðum eða til venjulegra nota. Það gildir náttúrlega sérstakt um aukatekjur, sem menn ávinna sér og beinlínis nota í byggingar eigin íbúða, og mætti segja, að þarna kæmi fram nokkur mismunur. Og mætti sjálfsagt athuga, hvort hægt er að draga úr slíku misrétti. En þó að slíkir ágallar komi fram, er hér um svo þýðingarmikið atriði að ræða, sem þetta frv. fjallar um, að ýta undir það, að menn vinni sjálfir að því að koma upp íbúðum til eigin nota, að ég mun ekki láta það standa í vegi fyrir því að vera með þessari breyt., þó að einhverja ágalla kynni að mega benda á í því sambandi, sem ég nú gat um.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er nú starfandi mþn. í skattamálum, sem mér skilst, að fjmrh. hafi skipað. Þar eiga sæti tveir fulltrúar frá Sjálfstfl., einn frá Framsfl., einn frá Alþfl. og einn frá Sósfl. Störf þessarar n. fara fram í húsakynnum bæjarskrifstofanna .vegna þess, að annar fulltrúi Sjálfstfl. er starfsmaður Reykjavíkurbæjar og undirmaður hv. 1. flm. þessa frv. Og ég býst við, að efnið í þessu frv. sé komið þann veg í frv.-form, að það sé einhvern veginn árangur starfs þessarar mþn. Þetta frv. hefur, a. m. k. að efni til, komið til umr. í þeirri n. Og allir nm. í þeirri n. eru sammála um, að gera þurfi eitthvað í þessu atriði. Og sú breyt. á skattal., sem er í undirbúningi hjá þessari mþn., sem ég gat um, getur maður þá sennilega búizt við, að fram komi bráðlega, fyrst till. um breyt. í þessu atriði er komin fram. Og ég verð að segja, að þessi órói, sem kemur fram í að hreyfa þessu máli á þingi, sem hér liggur fyrir, þegar vitað er, að á leiðinni er heildarfrv. um breyt. á skattal., sem fulltrúar allra flokka vinna að, hann minnir dálítið á aðferðir, sem hafðar hafa verið í sambandi við till., sem fram hafa hér komið um jeppabifreiðar og landbúnaðarvélar. Fleira hefur komið fram í sambandi við innflutning jeppabifreiðanna, sem virðist mest vera gert til þess að sýnast.

Ég er, eins og aðrir í mþn., á því, að þetta frv. eigi fram að ganga. En ég tel þessa breyt.

ófullkomna. Þetta á að mínu áliti ekki að koma fram sem breyt. á 9. gr. skattal., heldur 10. gr. Þetta, sem menn vinna við eigin íbúðir, eru tekjur manna, sem koma strax fram sem peningur í hendi, þegar húsið er selt. En til þess að ýta undir það, að menn leggi vinnu sína í þessa hluti, er eðlilegt að veita þeim frádrátt í skatti, a. m. k. miðaðan við venjulega dagvinnu, fyrir því, sem menn vinna við að koma upp eigin íbúðum. Og ég lagði til, að þetta verði sett sem einn liður í 10. gr. skattal., greinina um frádrátt. Það er hins vegar ekki alveg búið að afgreiða þetta úr n. Þó var meiri hl. í því máli í n. ekki á því að fallast á till. mína í þessu efni, heldur vildi bæta þessu við 35. gr. skattal., sem er um ívilnun í skatti vegna sjúkleika, og þá þarf að sækja um þetta til skattstjóra. Ég held, eins og sakir standa, að þetta sé álit meiri hl. þessarar skattamálan., þótt eitthvað kunni að breytast afstaða sjálfstæðismanna í n. við það viðhorf, sem skapazt hefur við það, að hv. þm. Snæf. kemur hér með þetta mál í frv.-formi og tekur það út úr öðru, sem verið er að undirbúa í sambandi við breyt. á skattal.

Ég tel nú ekki svo mikinn mun á því, sem menn vinna sjálfir við eigin íbúðir, og hinu, sem menn leggja á sig í sama skyni í vinnu til þess að afla sér hærri peningatekna við annað. Til dæmis sjómenn geta ekki unnið að byggingu eigin íbúða sinna í yfirvinnu. En þeir leggja mikið á sig til þess að auka tekjur sínar sem mest, ef þeir eru að byggja íbúðir fyrir sig. Þess vegna álít ég, að það eigi að hafa hliðsjón af því, og álít, að þetta sé of þröngt ákveðið, eins og til er tekið í frv. Enn fremur álít ég, að þegar þetta er tekið sérstaklega, sem frv. er um, að ekki sé hægt að ganga frá því máli, svo að gagni verði, nema með því að taka þetta sérstaklega fyrir í sambandi við álagningu útsvara einnig, því þótt hv. þm. Snæf. segði, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefði tekið sanngjarnt tillit til þess, þegar menn hafa verið að koma á þennan hátt upp eigin íbúðum, þá held ég, að það hafi verið einmitt öfugt. Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sem starfar undir stjórn hv. þm. Snæf., borgarstjórans í Reykjavík, hefur lengi sýnt mjög mikla ófyrirleitni í hækkun útsvara. Kvartanir hafa komið úr ýmsum áttum þessu viðkomandi, og menn standa varnarlausir gagnvart niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur í þessum efnum. Og það mundi ekki ná tilgangi sínum að samþ. þetta frv. sem lög, nema með því að gera svipuð ákvæði bindandi fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur. — Og það er mjög óeðlilegt líka, þegar um ákvæði 2. gr. er að ræða, að miða það, sem þar er ákveðið, aðeins við síðasta framtal. Hér er lagt til, að það ákvæði nái aðeins til þess misréttis, sem menn hafa verið beittir við síðustu skattálagningu. Og frv. er miðað einungis við skattálagningu, en ekki útsvarsálagningu. En þetta þarf að ná til lengri tíma aftur í tímann. Það er óhjákvæmilegt. Og ég vil sérstaklega beina því til þeirrar n., sem fær frv. þetta til meðferðar, að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar.

Ég vil taka það fram, að ég er mjög hlynntur því, og Sósfl., að ívilnanir viðkomandi skattálagningu verði látnar gilda gagnvart þeim mönnum, sem leggja mikið á sig til þess að koma upp eigin íbúðum. Og ég vil leggja áherzlu á það, að Sósfl. verður fús til þess að hraða afgreiðslu þessa máls í þinginu. Og ég vænti þess, að flokkur hv. 1. flm. leggi fram sinn skerf til þess, að við getum afgr. frv. bara á mjög skömmum tíma, því að þetta er mjög aðkallandi, vegna þess að ýmsir, sem lagt hafa vinnu í að koma upp eigin íbúðum, eru að komast í þrot, vegna þess að krafizt hefur verið af þeim að greiða skatt af þessum yfirvinnutekjum, sem að vísu hafa aukið þeim eign, en hafa ekki gefið þeim neina greiðslumöguleika. Þetta er því mjög aðkallandi.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er nokkuð erfitt að átta sig á því, hver er afstaða hv. þm. Siglf., sem talaði hér fyrir hönd Sósfl. í þessu máli. Ýmist var hann með ásakanir gagnvart mér, að mér virtist, um málefnahnupl, þar sem ég notaði aðstöðu mína til þess að ná till., sem hann hefði unnið að í mþn., eða hann talar um, hve nauðsynlegt sé að koma fram efni þessa frv., og endar svo með því að skora á mig að beita mér fyrir því í mínum flokki, að þessu máli, sem hér liggur fyrir, verði hraðað í gegnum þingið. Það þarf sannarlega engrar hvatningar við af hans hálfu, til þess að Sjálfstfl. hraði afgreiðslu þessa máls á þingi. En hv. þm. Siglf. byrjaði á að segja, að efni þessa frv. muni vera komið frá einum starfsmanni á bæjarskrifstofunum, sem mun vera hagfræðingur bæjarins. Hv. þm. segir, að unnið hafi verið að þessu máli á skrifstofum starfsmanna bæjarins. Þessi hagfræðingur hefur nú aldrei minnzt á þetta mál einu orði við mig, og ég aldrei rætt það við hann. Og að þetta sé hnupl frá hv. þm. Siglf., af því að þetta sé till., sem hann hafi borið fram í mþn., það er bara hlægilegt. Þetta mál var rætt ýtarlega á landsfundi sjálfstæðismanna á Akureyri í sumar, og var þar gerð sérstök ályktun um þetta mál. Og það er fjarri lagi, þegar hv. þm. Siglf. eignar sér þessa hugmynd, af því að hann hafi borið þetta mál fyrst fram í mþn. í skattamálum.

Varðandi það, að heildarundirbúningur undir breyt. á skattal. sé á leiðinni, sem hv. þm. Siglf. var að tala um, þá er þetta gömul og klassísk mótbára gegn umbótum á löggjöf. Maður hefur enga tryggingu fyrir því, að heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni verði komið í kring á þessu þingi. Þar koma vafalaust fram mörg ágreiningsmál, og mjög mikil hætta er á því, að allmikinn tíma þurfi til þess að afgreiða þau mál. Það er þess vegna fullkomin ástæða til þess að bera þetta frv. fram og hraða því, því að þetta mál, sem frv. er um, þolir enga bið, að létta þessari miklu skattabyrði af þeim mönnum, verkamönnum og öðrum efnaminni borgurum, sem leggja mikið á sig til þess að koma upp sínum eigin íbúðum, en standa frammi fyrir því nú að þurfa að selja

húsin vegna skattinnheimtu, ef ekki verður breytt. l. þar um. Ég þekki mörg dæmi þess úr þingsögunni, að ýmsum umbótamálum hefur verið komið fyrir kattarnef einmitt á þeim grundvelli, að vísað hefur verið til þess, að heildarendurskoðun sé að fara fram á viðkomandi lagabálki, og á þeim grundvelli lagzt á móti málum. Á fyrsta þingi, sem ég átti sæti á, flutti ég frv. um opinberan ákæranda. En með tilvísun til heildarendurskoðunar á tilteknum l. — eins og hv. þm. Siglf. var að minnast á í sambandi við þetta frv. — var tafið fyrir því máli þing eftir þing. En sú heildarendurskoðun er ekki komin fram enn, eftir 14 ár, sem liðin eru síðan ég bar tilgreint frv. fram. Ég skal nú ekkert um það segja, hvort endurskoðun skattal. verður lokið fljótlega eða ekki. Allt er í óvissu um það, að mér virðist. Og ég vil ekki, að þessu máli, sem hér liggur fyrir, verði frestað, þangað til sú endurskoðun kemur til endanlegrar afgreiðslu hér.

Hv. þm. Siglf. notaði svo tækifærið til ásakana á niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og á mig. Annars vegar sagði hann, að niðurjöfnunarnefndin gengi fram á ófyrirleitinn hátt í því að skattpína þessa menn, sem með þessu frv. á að koma til hjálpar, og mér skildist, að hann teldi, að innheimtuaðgerðir mínar væru af svipuðu tagi. En í þessu frv. felst engin ásökun á neinn skattstjóra eða skattanefnd. Ég álít, að þessir aðilar telji sig bundna að lögum við að fjalla um þessi mál eins og gert hefur verið. Og skattstjórinn í Reykjavík taldi mjög æskilegt að fá þetta frv. samþ., til þess að skattyfirvöldin í Reykjavík hefðu heimild til að veita þessum mönnum, sem byggja sínar eigin íbúðir á þann hátt, sem hér er greint, ívilnanir í skatti, því að þeir, sem við skattamál fást, vita bezt, hve þetta kemur illa við menn. En hins vegar er ekki lögfestur útsvarsstigi, sem niðurjöfnunarn. skuli fara eftir, og hafa þær því frjálsar hendur þannig, að þeim er heimilt að taka tillit til þess, að ætlazt er til þess af löggjafanum, að þeim mönnum sé hlíft við þungbærum greiðslum til hins opinbera, sem eru að koma upp eigin íbúðum og leggja vinnu sína í það. En að hv. þm. Siglf. talar um, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gangi lengra en góðu hófi gegnir og á ófyrirleitinn hátt fram í útsvarsinnheimtu af þessum mönnum, það hygg ég að stafi af því, að hann hafi ekki sett sig inn í þetta. Niðurjöfnunarn. Reykjavíkur hefur einmitt séð þá nauðsyn, sem á því er að ívilna þessum mönnum, sem með eigin vinnu hafa unnið að því að koma upp sínum eigin íbúðum, og tekið mjög mikið tillit til þess, þegar um slíkt hefur verið að ræða. Þessar ásakanir hv. þm. Siglf. í garð niðurjöfnunarn. Reykjavíkur eru því fleipur eitt og fjarstæða. Hann segir, að menn séu varnarlausir gagnvart þessum yfirgangi niðurjöfnunarn. Reykjavíkur. En ég veit nú ekki annað en að tveir aðilar geti breytt ákvörðunum niðurjöfnunarn. Reykjavíkur, bæði yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd. Og ef menn telja sig órétti beitta af niðurjöfnunarn. Reykjavíkur, þá er hægt að reyna, hvort ekki sé hægt að fá lagfæringu á því og réttingu mála á þessum tveimur stöðum.

Um innheimtuaðgerðir mínar sem borgarstjóra í Reykjavík skal ég ekki ræða hér. En ég ætla, að þær séu ekki harðgerðari gagnvart borgurunum en innheimtuaðgerðir hv. þm. Siglf., þegar hann var bæjarstjóri á Siglufirði og hafði svipað hlutverk með höndum.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál, og vænti þess, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu á hæstv. Alþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta frv. þetta fara svo fram hjá mér við 1. umr., að ég ekki láti í ljós ánægju mína yfir því, að það er fram komið. Ég ætla ekki að deila um aðdraganda að flutningi þess hér í þinginu. Hann skiptir ekki svo miklu máli frá mínum bæjardyrum séð. Aðalatriðið er, að hér er frv., sem á að fyrirbyggja órétt, sem hafður hefur verið í frammi gagnvart þeim mörgu þjóðfélagsþegnum, sem reynt hafa með eigin vinnu að byggja sér þak yfir höfuðið. Ég hygg, að það þurfi ekki mörg orð til að útskýra, að þessir menn hafa verið sérstaklega skattpíndir og að nauðsynlegt er, að því verði af þeim létt. Og mér skilst, að þetta frv. hafi þá möguleika inni að halda. Þess vegna fagna ég því, að það er komið fram.

En ég vil, til athugunar fyrir þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, benda á, hvort ekki sé rétt að gera það, sem hv. þm. Siglf. benti á, að taka útsvörin líka með, því að jafnvel þótt svo væri, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, eins og hv. borgarstjórinn í Reykjavík, þm. Snæf., lýsti yfir, hefði verið mjög sanngjörn í þessu tilliti í niðurjöfnun útsvara á menn að þessu sinni, þá er það ekki tryggt, að það sé annars staðar eins, og ekki er tryggt heldur, að svo verði í niðurjöfnunarn. Reykjavíkur til eilífðar, heldur geti komið verri menn, sem þar ráði síðar. Þess vegna álít ég, að það eigi að ákveða með l., að niðurjöfnunarnefndir skuli taka ákveðið tillit til þess, hliðstætt því sem þetta frv. fer fram á viðkomandi skattinum, að menn þeir, sem hér ræðir um, verði ekki heldur pindir með álagningu útsvara. — Sömuleiðis álít ég rétt fyrir n., sem fær mál þetta til meðferðar, að athuga, hvort ekki muni vera rétt, að þeim, sem orðið hafa fyrir þessum óréttí í skattgreiðslu á stríðsárunum, verði endurgreitt það, sem af þeim hefur verið tekið þá og 2. gr. frv. fjallar um endurgreiðslu á viðkomandi tekjuskatti álögðum 1948.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum lýsa afstöðu minni til þessa frv., sem fyrir liggur. Ég tel hiklaust, að frv. þetta stefni í rétta átt, og fagna þess vegna því, að það skuli vera fram komið. — Mér er kunnugt um, að fulltrúi Alþfl. í þeirri n., sem hefur undanfarið starfað að endurskoðun skattal., hefur verið því samþykkur, að svipuð breyt. og þessi verði tekin inn í það endurskoðaða skattalagafrv., þó að þar sé gert ráð fyrir nokkuð öðru formi á þeim skattfríðindum, sem hér er um að ræða, heldur en hér er gert ráð fyrir.

Ég get að vísu ekki leynt því, og vildi skjóta því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að æskilegra væri að láta þau skatthlunnindi, sem hér er um að ræða, geta náð til fleiri aðila en þeirra, sem hér er gert ráð fyrir, að njóti þeirra, því að eins og hér hefur verið bent á, geta menn með eigin vinnu stuðlað að sköpun slíkra þjóðfélagslegra verðmæta sem bygginga á fleiri hátt en þann að leggja fram eigin vinnu í sambandi við verkið. Menn geta auðvitað aflað sér tekna með margs konar vinnu og varið tekjunum til þess að koma húsi yfir höfuð sér. Hér er því ekki eðlismunur á, heldur formsmunur á þeirri vinnu, sem maður leggur á sig, til þess að koma upp eigin húsi. Mér er fullkomlega ljóst, að erfiðleikar eru í sambandi við það, og það kann að valda misferli, ef svo almenn heimild ætti að vera í skattal., að draga mætti frá við skattaframtal tekjur af aukavinnu, sem maður legði á sig til þess að koma upp húsi til eigin íbúðar. En vel kann að vera, að það fyndist form fyrir aðferð til þess að láta slíka skattfríðindaheimild ná til allra, sem leggja á sig sérstaka vinnu til þess að koma upp yfir sig húsi, og stuðla þannig að lausn húsnæðisvandamálsins í landinu. Og ef einhver leið til þess er tiltækileg, þá mundi ég vera því hlynntur, að til slíkra ráðstafana yrði gripið. Ég vildi skjóta því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að hún athugi, hvort ekki er unnt að gera þessa skattaívilnunarheimild viðtækari en hér er gert ráð fyrir í frv., þannig að hún nái til allra aukatekna, sem sannanlega er varið til þess að koma upp íbúð yfir viðkomandi skattgreiðanda.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég hélt ekki fram, að hér hefði verið hnuplað uppástungum mínum í þessu máli. Ég tók skýrt fram, að mþn. í skattamálum hefði öll verið sammála um, að það þyrfti að stíga skref í þessa átt, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar hefur ekki verið fullt samkomulag um formið, sem hafa ætti á því. Ég held, að það sé af hroðvirkni gert að gera ráð fyrir því að setja þetta ákvæði, sem frv. er um, inn í 9. gr. skattal. Það á að koma við 10. gr. að mínu áliti.

Það er algerlega óþarfi fyrir hv. þm. Snæf. að segja eða gefa í skyn, að ég sé með mótbárur gegn framgangi þessa frv. Ég er alveg með því, að þessi skattívilnun sé leyfð. Og ég tók þetta skýrt fram. Og ég tók fram, að þetta væri allt of þröngt til tekið í frv. Mér finnst ekki rétt að binda þetta eingöngu við það, að menn vinni sjálfir að byggingu íbúða fyrir sig til eigin íbúðar. Og ég tók einnig fram, að ég teldi ákvæði 2. gr. ná til of langs tíma. Það er vitanlega hægt að taka til greina í því efni, sem sú gr. fjallar um, það, sem gerzt hefur í þessum efnum á mörgum árum, og láta endurborga skatt og útsvör, sem lagt hefur verið á of hátt. Og það er óeðlilegt gagnvart skattþegnunum að binda þetta aðeins við þann tíma, sem hér er gert ráð fyrir í 2. gr. frv., en láta það ekki ná einnig til þess, sem áður hefur verið gert í þessum efnum. Þess vegna er ég ekki aðeins hlynntur því, sem felst í þessu frv., heldur einnig því, að farið verði lengra í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég var þess vegna ekki að benda á, að hér hefði verið gripið til eins hluta af hugmyndum, sem fram hafa komið í n., sem vinnur að endurskoðun skattalöggjafarinnar — ég var ekki að benda á þetta í þeirri meiningu, að ég vildi slá því á frest að samþ. efni frv. Ég er ekkert á móti því, að þessi mál verði að einhverju leyti afgreidd í pörtum, hvert atriði út af fyrir sig. Ég tók fram, að ég vildi, að þetta frv. væri samþ., af því að það væri aðkallandi. En það eru líka ýmis önnur mál á döfinni hjá mþn. í skattamálum, sem þarf að afgreiða fljótt. Og mér heyrðist á hv. þm. Snæf., að hann gerði hálfvegis ráð fyrir því, að það yrði ekkert úr störfum þessarar mþn., þannig að mjög litlar líkur væru til þess, að þær till., sem frá henni kæmu, yrðu lögfestar. Þetta eru náttúrlega nýjar upplýsingar, ef svona er. Og form. þessarar n. er sjálfstæðismaður, og n. er skipuð af ráðh. Sjálfstfl. Og nú talar einn af foringjum Sjálfstfl., sem er borgarstjórinn í Reykjavík. Getur verið, að það megi skoða þetta sem upplýsingar um það, að meiningin sé að gera ekkert úr þessu máli frekar, þ. e. endurskoðun skattal.? En nú um nokkurt skeið hafa störf þessarar mþn. alveg legið niðri. Það er kannske eitthvert samband milli þess og þessara upplýsinga hv. þm. Snæf. En mþn. er svo langt komin í störfum sínum, að hún getur á mjög skömmum tíma lokið við störf sín. En þau hafa legið niðri nú um tíma. En ef búast má við því, að ekki verði hugsað um, að það fáist afgreiðsla á þessum heildartill. mþn., þá er það enn frekari rök fyrir því, að það beri að afgr. þessi mál, breyt. á skattal., í pörtum. — En hvað sem því líður, tók ég skýrt fram, að ég væri mjög fylgjandi því, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir. Og það er langt frá því, að ég hafi borið fram mótbárur gegn þessu frv. á nokkurn hátt. En ég fann að því, að það væri hroðvirknislega samið, og taldi, að það gengi of skammt. En þetta stendur hvort tveggja til bóta.

Hv. þm. Snæf. sagði það vera ósannindi, sem ég sagði um niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur. Ég ætla ekki að munnhöggvast við hann um þetta. En mér er vel kunnugt um þessi mál frá ýmsu fólki. En það kemur á daginn, þegar þetta frv. er orðið að l. og farið er að framkvæma þau, hvernig þarna er um hnútana búið og hvaða fólk hefur farið illa út úr þessu. Og við getum beðið með að rífast um það, þangað til við sjáum niðurstöður þess. — En ég skora á hv. þm. Snæf. að vinna að því, að hans flokkur aðstoði hann í því að fylgja þessu máli fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 178).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, eins og fram kemur á þskj. 178. Við 1. umr. kom fram það sjónarmið, að erfitt mundi reynast að framkvæma þá skattaívilnun, sem frv. gerir ráð fyrir, og kvaddi því fjhn. skattstjóra á sinn fund og leitaði álits hans. Var álit hans á þá leið, að hann taldi, að ekki þyrfti að kvíða því, að erfitt mundi reynast að framkvæma ákvæði frv. Hann hélt því og fram, að af hálfu skattstofunnar hefði verið vægilega metinn sá eignarauki, sem hefur orðið vegna eigin vinnu við íbúðir, en allt um það hlýtur hann þó að koma hart niður á þeim, sem vinna mikið við hús sín sjálfir. Frv. ráðgerir, að skattaívilnanir verði í samræmi við aukavinnuna, og leggur n. til, að það verði samþ., að fengnu áliti skattstjóra, en þó er eitt atriði, sem n. vildi taka fram og flytur brtt. um á þskj. 178. Brtt. n. er þess eðlis, að ívilnun sú, *sem frv. gerir ráð fyrir, falli niður að því leyti,* sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni skv. e-lið 7. gr., en 7. gr. skattal. fjallar um skattskyldar tekjur, og hljóðar e-liðurinn þannig: „Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefur verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Efni málsins er því það, að ef einhver aðili hefur fengið ívilnun og selur svo íbúð sína með hagnaði innan 5 ára, þá fellur ívilnunin niður, að svo miklu leyti sem vinnan hefur fengizt endurgreidd með skattaívilnunum. Nm. hafa óbundnar hendur um að fylgja öðrum brtt., en leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 178 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 192).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég minntist á það við 1. umr. þessa máls, að sanngjarnt væri að taka tillit til þessa atriðis, ekki bara hvað tekjuskattinn snertir, heldur líka hvað útsvörin snertir. Að vísu kom það fram við 1. umr., að það mun vera misjafnt, hvaða tillit niðurjöfnunarnefndirnar taka til þessarar eigin vinnu gjaldanda við hús eða íbúð, en í Reykjavík hafa það miklar kvartanir komið fram, að ég tel rétt, að útsvörin verði tekin inn, enda var samkomulag um það í n., að einstakir nm. gætu fylgt brtt.

Þá var það annað atriði, sem ég vildi leggja til, að tekið yrði inn í frv., og það er, að l. nái ekki bara til þeirra, sem unnið hafa sjálfir við húsin, heldur líka til þeirra, sem hafa ekki aðstöðu til að vinna við húsin sjálfir atvinnu sinnar vegna, en hafa í stað þess unnið fyrir peningatekjum umfram venjulegar atvinnutekjur til þess að koma sér upp íbúð. Þá var talað um það í n., hvort hægt væri að láta ákvæði frv. ná lengra aftur í tímann, og mun ég bera fram brtt. um, að það verði gert. Loks tel ég við nánari athugun, að það sé ef til vill réttara, að þessi viðauki komi aftan við 10. gr. í staðinn fyrir 9. gr., en það er formsatriði.

Ég bar þessar brtt. ekki fram við 2. umr., því að ég vildi ekki tefja málið, en ber þær nú fram skriflega. Þar sem þær eru skriflegar og auk þess of seint fram komnar, vildi ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða. Það er rétt, að ég lesi þær upp orðréttar:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo: Við 10. gr. l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi: h) eigin vinnu gjaldanda við hús eða íbúð, sem hann ætlar til eigin afnota, enda sé sú vinna umfram venjulega atvinnu gjaldanda. Samsvarandi frádrátt eftir mati skattanefndar (skattstjóra) má veita þeim, *sem er að byggja hús eða íbúð til eigin* afnota, sem ekki hefur aðstöðu atvinnunnar vegna til þess að vinna við það sjálfur, en hefur þess í stað unnið fyrir peningatekjum umfram venjulegar atvinnutekjur. Ef gjaldandi selur hús eða íbúð, sem þannig er ástatt um, innan 5 ára, skal honum reiknuð hin frádregna vinna eða tekjur til skattskyldra tekna og skattálagningar, þó svo, að þeim skal deilt niður á jafnmörg ár og þeirra var aflað á. Nánari reglur um þennan frádrátt setur ráðherra með reglugerð.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo: Tekjuskatt álagðan árin 1944—48 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. gr., ef skattgreiðandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. Á eftir kemur ný grein (3. gr.), svo hljóðandi: Ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara gilda um álagningu útsvara, og er bæjarstjórnum og hreppsnefndum skylt, ef útsvarsgjaldandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, að lækka útsvör álögð árin 1944—48 samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. laganna.

Forseti (BG): Það hafa borizt skrifl. brtt. við frv. frá hv. 2. þm. Reykv., og hefur hann lýst þeim. Ég tel ekki nauðsyn að lesa þær upp að sinni, en vil leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 204) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér skilst við fljóta athugun, að sumar af þeim brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. flytur hér, varði efni, sem n. hefur rætt. Það var t. d. rætt í

n., hvort l. ættu að verka til 1944, en í frv. er miðað við árið 1947, og var þá haft í huga, að framtölin mundu hafa verið ýtarlegri 1947 en áður vegna eignakönnunarinnar. Menn töldu ekki ástæðu til að ganga lengra. Einhver takmörk verður ætíð að setja, og það er erfitt að ákveða, hvar þau skuli vera. Hví að miða við árið 1944? Því þá ekki að fara lengra? N. ræddi þetta, og ég held, að það hafi verið álit hennar, að ekki væri ástæða til að fara lengra aftur en gert er í frv.

Svo var það formsbreyting, að þessi skattaívilnanaákvæði komi aftan við 10. gr. í staðinn fyrir 9. gr. Þetta atriði bar ekki á góma í n., og mig furðar því á því, að hv. þm. skuli koma með það nú. Skattstjóri kom á fund n., og því var ekki hreyft, að allt væri ekki í lagi hvað formið snerti. Ég held því, að þetta sé óþarfi.

Þá var það þriðja atriðið, að ákvæði frv. um skattaívilnanir væru einnig látin ná til útsvaranna, er einnig hvíldu þungt á þeim gjaldendum, sem hér er um að ræða. Það er rétt, að þessu hefur verið haldið fram, og að því er ég held með nokkrum rétti. En niðurjöfnunarnefndirnar hafa aðra aðstöðu en skattanefndirnar, sem eru skyldugar að leggja á. Ég held, þótt ég þori ekki að fullyrða það, að niðurjöfnunarnefndirnar hafi tekið tillit til þessara skattgreiðenda, og eftir að l. eru gengin í gildi, held ég, að þær muni ganga lengra í þeim efnum en praxís hefur verið áður. Ég held því, að ekki sé þörf á þessari breytingu, enda óeðlilegt að taka þetta upp í tekjuskattslögin. Mér finnst því ekki ástæða til að samþ. þessar brtt.

Einar Olgeirsson: Ég hef áður lýst því yfir, að eigi hefði mikla þýðingu að vera að ræða þetta mál. Spurningin er aðeins sú, hve langt hið opinbera geti gengið í því að leggja á skatta. Ég tel og ástæðu til, að haldið væri lengra en í brtt. felst, því að mjög margir þeirra, sem hafa verið að byggja yfir sig, standa eigi undir þeim kostnaði sem af viðhaldi íbúðanna leiðir. Erfitt er einnig um öll lánakjör. Vextir hafa verið hækkaðir, og bankarnir hafa gert mönnum erfiðara fyrir. Þeir hafa verið stöðvaðir og veðdeildinni lokað. Er þannig kreppt að þeim mönnum, sem eru að reyna að verða bjargálna. Í þeim efnum hafa kjör manna farið versnandi sökum ráðstafana ríkisvaldsins. Ég hef sýnt fram á, að þeir sérfræðingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur leitað til, bera það, að kjör þessara manna hafa versnað um 8%. Enn fremur er það vitað, að eftirvinnan er minni. Því hefur sú bjartsýni manna, er menn ólu með sér í byrjun, þegar þeir byggðu yfir sig hæð, orðið að vonbrigðum mestmegnis fyrir sakir beinna aðgerða hæstv. ríkisstj., sem gerir mönnum æ erfiðara fyrir að standa við skuldbindingar sínar. Nú þegar er vitað um allmikið af mönnum, sem neyðast til þess að selja, m. a. vegna skatta- og útsvarsþunga. Ég leitaðist við að fá honum aflétt, t. d. með því að hækka persónufrádráttinn. Fannst mér meiri ástæða til að ítreka það, sem ég hef áður minnzt á. Ég vildi ekki gera mikinn ágreining, því að með frv. var nefnilega allmikilli bót til vegar komið. En eðlilegt er, að um þetta sé ágreiningur. Annars vil ég ekki stofna til umr. af því tilefni. Er nauðsynlegt, að mál þetta geti gengið í gegn bæði fljótt og vel. Því mun ég eigi orðlengja meira um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 204,1 felld með 21:5 atkv.

— 204,2 felld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, EOl, KTh, LJós, SigfS.

nei: SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, SB, SK, BG.

7 þm. (EmJ, HermG, JJ, ÓTh, PO, SG, SEH) fjarstaddir.

Brtt. 204,3 felld með 20:4 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að frv. fari til n., og vildi ég því benda þeim nefndarmönnum, sem fá það til meðferðar, á viss atriði, sem ég tel, að gefa þurfi gaum.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að vinna, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma til þess að reisa sér íbúðir, verði ekki reiknuð þeim til skatts. Þessi ívilnun er sem sagt einskorðuð við það, að vinnan sé lögð fram við byggingar íbúðarhúsa. En hvernig er þá t. d. með vinnu, sem bændur leggja fram til að reisa fjárhús, fjós og geymslur, auk sinna venjulegu starfa? Ef vinna við íbúðarhús á að sleppa við skatt, þá virðist alveg eins rétt að ívilna þeim, sem reisa t. d. peningshús. Og sé svo, er þá ekki alveg hið sama að segja um jarðabætur eða t. d. mann, sem notar frístundir sínar til þess að byggja sér trillubát? Það eru ákaflega fljótandi takmörk þarna á milli og í rauninni ekki unnt að draga þau. Mþn. í skattamálum mun hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að meta bæri alla slíka vinnu nægt til tekna. Og ég vildi benda þeirri n., sem væntanlega fær þetta til meðferðar, á það, að þetta þarf hún að athuga vel, því að í skattamálum þarf að ríkja fullkomið réttlæti og eitt að ganga yfir alla.

Annað er það, sem ég vildi benda n. á líka. Því hefur verið bætt inn í frv. í Nd., af nefnd að ég ætla, að þessi ívilnun falli burt að því leyti, sem vinnan kunni að fást endurgreidd

með söluhagnaði af íbúðinni. — Það munu nú koma í ljós erfiðleikar á þessu í framkvæmd. Segjum, að maður fari að vinna í fristundum við eigin íbúð og honum sé sleppt við að reikna þá vinnu til tekna. Svo líða 4 ár — ekki 5, sem tilskilin eru — og þá selur hann íbúðina, og er þá eigin vinna hans við að koma íbúðinni upp orðin skattskyld. En þá verður erfitt að áætla hana til tekna. Slík tilfelli mundu eðlilega verða mörg; og þegar ekki er metið í upphafi, hve framlögð vinna er mikil, mun reynast erfitt að gera það síðar. — Það gæti verið spursmál, hvort ekki væri rétt að áætla tekjuaukann strax, í því tilfelli að viðkomandi seldi hús sitt síðar, enda þótt hann væri ekki skattlagður af honum. — Þetta vildi ég sem sagt biðja n. að athuga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 384).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Sú skoðun kom fram í fjhn. yfirleitt, að það mál, sem hér er um að ræða, væri sanngirnismál, og þess vegna hefur n. lagt til, að frv. verði samþ. Hins vegar voru sumir nm. þeirrar skoðunar, að rétt væri, að viðaukatill. kæmu fram í þessu sambandi um atriði í framkvæmd skattalaganna, sem væru álíka áþerandi ósanngjörn eins og það atriði, sem hér er leitazt við að leiðrétta með þessu frv. Ég geri ráð fyrir því, að vatill. komi fram um þetta. En af því að ég sé, að einn hv. nm., sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, er veikur, þá mun sú till. að líkindum bíða til 3. umr. — Um það má náttúrlega deila, þegar breyt. eru gerðar á einstökum atriðum skattal., hversu sanngjörn þau eru, þegar litið er til annarra atriða, sem taka má til samanburðar. Á þetta hefur nokkuð verið bent, eins og það, að menn vinna fyrir sérstökum fjármunum í yfirvinnu eftir sinn vinnutíma og verja þeim fjármunum til að byggja sér hús, og það mætti segja, að sama ætti yfir þá menn að ganga eins og þá menn, sem byggja sjálfir yfir sig hús í sínum eftirvinnutíma. Ég segi fyrir mig, að ég tel þetta alls ekki fráleitt, og það er margt, sem mælir með því, að þarna geti líkt staðið á. En það er eins með þetta eins og fjölda margt annað í skattalögunum, að það er ómögulegt að setja undir hvern leka í þeim efnum. Þetta, sem hér er um að ræða í frv., er alveg tvímælalaust sanngirnisatriði og sérstaklega þegar litið er á það, hvernig árangur framkvæmdar skattalaganna verður í þessu efni, að maður, sem hefur notað sínar fristundir, sem hann kannske hefði ekki getað notað að öðru leyti sér til hagsmuna, hann notar þær til þess að byggja yfir sig hús, en þegar hann er búinn að koma húsinu upp, metur skatturinn þetta hús til svo eða svo mikils fjár og bætir þessu við tekjur mannsins — og hér er venjulega um fátæka menn að ræða — og þegar svo er komið, getur maðurinn ekki staðið í skilum með þennan skatt, sem lagður er á þessar auknu tekjur, vegna þess að hann hefur ekki unnið sér inn neinar tekjur til þess að greiða hann. Árangurinn verður svo sá, að maðurinn verður að selja húseignina, sem hann var að koma upp yfir sjálfan sig, til þess að geta svarað kröfum skattanefndar í þessu efni. Þetta er náttúrlega fráleitt, þegar litið er á húsnæðisvandræðin í landinu og hversu gífurleg þörf er á því í bæjum og hversu sérstaklega í Reykjavík er óskapleg þörf fyrir það, að menn geti fengið hús yfir höfuðið og þurfi ekki, eins og margir hverjir gera nú, að búa í þeim neyðaríbúðum, sem búið er í hér í bænum sums staðar. Þess vegna er það ekki neitt álitamál, að það á að gera þessa leiðréttingu á þessu, en leiðréttingu, sem er ekki nema á einum af mörgum agnúum skattalaganna, sem þyrfti að leiðrétta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt var s. l. ár skipuð mþn. í skattamálum til þess að endurskoða skattalögin. N. þessi lauk störfum fyrir lok síðasta árs og skilaði til hæstv. ríkisstj. frv. um tekju- og eignarskatt. N. tók skattalögin til rækilegrar endurskoðunar, bæði í einstökum atriðum og í heild, og samdi nýtt frv. til skattal., þar sem hún lagði til þær breyt., er henni þóttu nauðsynlegar. Enn fremur athugaði n. nýmæli í skattalöggjöf annarra þjóða og tók afstöðu til þess, hvort þau mundu verða gagnleg hér. Ríkisstj. fékk svo frv. ásamt nál. til athugunar um síðustu áramót, og hefði ég talið æskilegast, að hún hefði lokið athugun sinni svo snemma, að hægt hefði verið að leggja frv. fyrir þetta þing og helzt að afgreiða það, því að þau skattal., sem nú gilda, eru mjög gölluð, auk þess, sem er alveg óþolandi, að ákvæði þeirra eru nú í mörgum einstökum lögum og fjölda reglugerða. Ástandið í þessum málum er sem sagt orðið svo, að það er ekki nema fyrir þá, sem kynna sér þessi mál sérstaklega, að fá yfir þau örugga heildaryfirsýn. Allur almenningur getur ekki verið viss um, hvað sé lög í skattamálunum, þótt slegið sé upp í skattalögunum, því að aldrei er að vita, nema einhvers staðar leynist einhver breyting, sem gerð hefur verið með öðrum lögum eða reglugerð. Ég veit, að hv. þm. sjá, að slíkt getur ekki gengið til lengdar, svo að hér verður fyrr en seinna að bæta úr. Ef hæstv. ríkisstj. hefði getað lokið athugun sinni á frv. mþn., svo að hægt hefði verið að leggja það

fyrir þetta þing, þá mátti gera sér vonir um miklar umbætur, en því miður eru til þess litlar horfur, að málið fáist lagt svo snemma fyrir Alþingi, og veldur því, að uppi voru í mþn. veigamikil og viðkvæm ágreiningsatriði. Það tekur því ríkisstj. allmikinn tíma að athuga þau og reyna að ná samkomulagi um þau, þannig að nú litur svo út, að vonlaust sé að afgreiða frv. á þessu þingi. Því virðist ekki um annað að ræða en reyna enn að sníða einstaka galla af skattal. í von um, að frv. um skattamálin í heild verði afgreitt á næsta þingi.

Eitt af atriðum þeim, sem mþn. athugaði, er það, sem þetta frv. fjallar um, og var n. á einu máli um það að skattleggja ekki tekjur af eigin vinnu við byggingu eigin íbúða. Mþn. lagði til að sníða þann ágalla af l., að greiddur væri skattur af slíkri vinnu, að vísu með öðrum hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir, og tel ég leið þá, sem mþn. vildi fara, æskilegri. Mér er hins vegar ljóst, að ef frv. er breytt hér nokkuð að ráði, þá er málinu stofnað í hættu, og vegna þess, að málið er að mínu áliti mjög gagnlegt og ekki ber mikið á milli þeirrar leiðar, sem frv. gerir ráð fyrir, og þeirrar, sem mþn. lagði til, þá vil ég ekki hreyfa breytingum, er snerta það ákvæði, er einkavinnuna áhrærir. Hins vegar er sá ágalli á frv., að ekki eru tekin inn í það nauðsynleg ákvæði, sem ætla mætti, að enginn ágreiningur væri um. Ég hreyfði þessu í allshn., en þar varð að ráði að hætta ekki á, að n. bæri fram brtt. við frv., en nm. hefðu óbundnar hendur um að flytja eða styðja brtt. Ég fyrir mitt leyti samþykkti þessa afgreiðslu málsins, en ég hef tilhneigingu til þess að nota fyrirvara minn og hreyfi hér vissum breytingum, en fer það varlega að hreyfa ekki nema einni till., sem ég tel öruggt, að enginn ágreiningur sé um og stofni því ekki málinu í hættu. Sú brtt., sem mér býr í hug, er í sambandi við e-lið 7. gr., sem mælir svo fyrir, að ef maður, sem hefur átt fasteign skemur en 5 ár, selur hana, þá skuli hann greiða tekjuskatt af söluverðinu fram yfir fasteignamat. Í ýmsum tilfellum getur þetta ákvæði valdið hinu mesta ranglæti, t. d. ef söluverðið er notað til þess að kaupa aðra fasteign. Maður, sem slík viðskipti gerir, þarf ekki að hagnast neitt, og því er ranglæti að láta hann greiða skatt af söluverðinu, en njóta engra friðinda, ef hann kaupir aðra fasteign. Við skulum hugsa okkur, að einhver maður sé tilneyddur atvinnu sinnar vegna að flytja milli landshluta. Áður en hann flytur, selur hann eign sína á staðnum og verður að kaupa aðra á þeim stað, þar sem hann sezt að. Þessi maður er atvinnu sinnar vegna knúinn til þess að gera viðskipti, sem hann þarf ekkert að hagnast á, en greiðir hins vegar stórskatta vegna þeirra. Ég get bent á átakanlegt dæmi um þetta. Maður nokkur, sem mér er kunnugt um, átti fasteign hér í Reykjavík, en varð að flytja út á land vegna atvinnu þeirrar, sem hann stundaði. Hann seldi fasteign sína hér og keypti aðra úti á landi. Eignina, sem hann seldi, hafði hann átt í tæp 5 ár, og varð að greiða um 30000 kr. í skatt, án þess að hafa grætt nokkuð á þessum viðskiptum, sem hann var neyddur til. Ég hef engan vitað verja þetta ranglæti og held, að menn séu yfirleitt sammála um, að nauðsynlegt sé að fá þetta leiðrétt og því fyrr því betra. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. til leiðréttingar á þessu atriði. Brtt. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við e-lið 7. gr. l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist:

Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra eða byggir hús áður en ár er liðið frá söludegi, og skal þá sölugróði ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega."

Með samþykkt þessarar brtt. fengist þó nokkur lagfæring á þessu ranglæti skattal. Ég hef sett í brtt. það ákvæði, að skatteftirgjöfin komi því aðeins til, að viðkomandi hafi keypt aðra fasteign, áður en ár er liðið frá því, að hin er seld. Þarna verða einhver takmörk að vera og er það auðvitað matsatriði, hve langur þessi tími á að vera, en hér tel ég, að farið sé hóflega í sakirnar. Ég tel tvímælalaust, að þessi brtt. sé til allmikilla bóta, þótt mér sé ljóst, að henni fylgi sá galli, að vegna mismunandi gangverðs fasteigna á ýmsum stöðum á landinu, geti orðið úr þessu nokkurt ósamræmi. En ranglætið verður aldrei læknað til fulls, og þetta tel ég helzta spor í rétta átt. Þessi till. er samin af mþn. í skattamálum, og var enginn ágreiningur um það í n. að hún væri til bóta, enda bráðnauðsynleg og vænti ég fulls skilnings hv. d. á nauðsyn þess, að till. verði samþ.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 7. landsk.: [Sjá þskj. 402.] Þessi brtt. þarf tvöföld afbrigði til þess að mega koma fyrir, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal strax taka það fram, að ég held, að till. þessi sé heldur til bóta og verði hún samþ., þá nái frv. betur tilgangi sínum en án hennar. Það er megintilgangur frv. að ráða bót á ranglæti því, sem talið er, að þeir einstaklingar verði fyrir sérstaklega, er lagt hafa fram mikla vinnu umfram venjulegan vinnutíma til að koma upp þaki yfir sig og sína. Ég fellst og á, að frv. ráði bót á þeirri skattlagningu, sem slíkir menn verða fyrir nú. Mér er þó ljóst, að jafnframt því sem frv. bætti úr misréttinu, mundi það engu síður koma ranglega niður á öðrum mönnum. Setjum nú svo, að tveir menn ynnu jafnmikið fram yfir venjulegan vinnutíma og legðu jafnmikið að sér. Annar gæti lagt það á sig að byggja sér hús sjálfur. Hinn gæti það ekki, en ynni á hinn bóginn að

öðrum nauðsynlegum störfum, en keypti mann til að vinna að húsi sínu. Annar þessara tveggja manna hlyti þá fríðindi, en hinn fengi engin, þótt hann keypti sér vinnukraft. Að þessu leyti gæti glundroði skapazt af lagasetningunni. Ég er þess vegna ekki ánægður með þessa löggjöf og teldi eðlilegast, að þetta mál yrði leyst á betur fullnægjandi hátt. Þetta er eins og grá bót á svörtu fati og fer illa. Ég býst annars við, að betur verði um þetta rætt, þegar málið verður nánar athugað á næsta þ. Ég held, úr því að farið hefur verið út á þessa braut að undanþiggja tekjur skatti, að þá væri t. d. eðlilegast, að verkamenn þyrftu engan skatt að borga af þeirri vinnu, er þeir inni af hendi eftir venjulegan vinnutíma. Ég sé ekki betur en lagabreytingin gangi í þá átt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða málið efnislega. En þar eð hér er um breytingu á skattalöggjöfinni að ræða og ég held, að hæstv. fjmrh. sé ekki hér viðstaddur og hafi ekki gefizt kostur á að kynna sér þessa brtt. frá 7. landsk., þá hefði ég talið réttara, að honum væri gefinn kostur á að kynna sér þessa brtt., og því fer ég fram á það, að hæstv. forseti fresti nú umr. um málið. Liggja fleiri verkefni fyrir þessum fundi, þó að umr. um þetta mál verði frestað.

Forseti (BSt): Það gæti orðið tafsamt að gæta þess, að hver hæstv. ráðh. hefði kynnt sér hvert einstakt mál.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Þetta verður aðeins ein undantekning. Tveir flokksbræður mínir hafa nú talað í málinu. Og ég játa, að þeir hafi hér nokkuð svo á réttu að standa. En sennilega verð ég hjáróma við þá, hvað snertir aðalatriði málsins. Frv. þetta er flutt af nauðsyn vegna þess, hversu hart menn verða úti við það að leggja alla orku sína fram til að bjarga sér og sínum frá götunni. En þeir eru „straffaðir" fyrir það að vaka fram á nætur við að byggja hús yfir sig, með háum sköttum. Getur afleiðingin jafnvel orðið sú, að þeir að endingu missi húskofann vegna þess, hvernig löggjöfin er. Andi frv. er sá að lyfta undir einstaklinginn til að bæta úr húsnæðiseklunni. Þetta er höfuðmarkmið frv., að jafnvel þó að hið opinbera geti eigi farið nema skammt í því að hjálpa einstaklingunum, geti þeir gert það sjálfir. Það er vegna þessa m. a., að ég er fylgjandi frv., þó að það nái skemmra en æskilegt væri. Ég vil benda á, að þörfin er hér svo brýn, að frv. má ekki tefjast. Skattanefndirnar eru nú að leggja á menn, og allur dráttur á málinu veldur því, að menn bíða á milli vonar og ótta um, hvað á þá verði lagt. Brtt. hv. 7. landsk. er, — eins og hans var von og vísa, — réttmæt, þegar um þetta er að ræða. Eru fullkomin rök fyrir henni. Hins vegar er sá ekki tilgangurinn að ýta undir, að menn fái eftirvinnuna skattfrjálsa til þess að geta braskað, heldur að örva möguleikana á því, að menn geti fengið inni. En í brtt. er opnuð leið til þess, að menn fari jafnvel að reisa meira en þeir hafa þörf fyrir til þess að geta selt aftur og aftur og þannig hagnazt á húsinu. Og þetta er galli á till. Ég segi ekki, að þetta sé berum orðum sagt í brtt., en hún ýtir undir þetta. Ég held, að það sé rétt, sem hér hefur verið upplýst og öllum er kunnugt, að skattalöggjöfina þurfi að athuga í heild. Mþn. hefur þegar skilað frv., og þar eru ákvæði um þetta. Geri ég ráð fyrir, þegar sú löggjöf verður tekin hér til meðferðar á næsta þ., að þá verði gerð búningsbót á þessu. Hins vegar tel ég engan skaða, þó að þetta frv. verði nú að l. og einhverjar breytingar gerðar á l. Þetta er aðkallandi nauðsyn. Við eigum að afgreiða málið nú, en bíða með umbætur á skattal. og eigi vera að flækja málinu á milli d. og eiga með því á hættu, að það tefjist í Nd. M. ö. o.: Ég vil láta nauðsynlegar breytingar bíða síns tíma að sinni ásamt öðrum breytingum á löggjöfinni og tefja okkur ekki á því að fylla upp í eyðurnar. — Eins og hv. 3. landsk. sagði, eru rök fyrir því, að aðrir menn, sem vinna einnig eftirvinnu, heimti líka einhver fríðindi. Ég býst þó við, að spyrnt verði fótum við því að skerða skatttekjur ríkissjóðs. En þessi skattfríðindi eru, eins og öllum er kunnugt, einn þáttur í því að ýta undir aukningu húsnæðis í bænum og e. t. v. hvatning til að bæta úr hinu ömurlega ástandi, sem nú er ríkjandi í húsnæðismálunum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, hefur gengið í gegnum hv. Nd. og er, að því er virðist, komið á síðasta stig með að verða lögfest. Ég ætla ekki að fara að gera það hér að sérstöku umtalsefni. Er í sjálfu sér eðlilegt, að fram komi tilraun til að lagfæra ranglæti það, er ýmsir álíta svo, með till. í frv.-formi til að rétta hlut þeirra, sem telja sig verða illa úti af völdum skattaálagningarinnar á þessu ári. En svo er eigi, að öll löggjöf sé gallalaus, og frá sjónarmiði skattheimtunnar kunna að vera á ýmsir annmarkar, þótt eigi sé málið samþ. á annan veg en segir á þskj. 192. Nú er komin fram skrifleg brtt., og þar eð hún opnar nýtt viðhorf að vissu leyti og með henni er fært út áhrifasvið það, sem frv. stefnir til, þá er sanngjarnt, að skattyfirvöld landsins fengju tækifæri til að athuga málið í heild sinni og láta uppi álit um þau efni, er í henni greinir, því að það má vera okkur öllum ljóst, að þörf ríkissjóðs fyrir skattana verður eigi minni á þessu ári en fyrr. Ég vildi hafa forgöngu um að láta athugun fara fram og vildi því beina þeim tilmælum til hæstv. forseta og annarra hv. dm., ef til kemur, að þessu máli verði eigi hraðað svo, að ekki verði tími til að athuga brtt. þá, sem hér liggur fyrir. Mælist ég til, að málið verði tekið af dagskrá í dag. En ég vil eigi stuðla að óhæfilegri töf á málinu, en óska tækifæris til að láta greind yfirvöld segja álit sitt um það, — eins og ég hef áður sagt.

Forseti (BSt): Þegar gætt er óskar hæstv. fjmrh. og þess, að þessi hv. d. hefur eigi leyfi

til að halda fundi lengur fram en um 3—4 mín. sökum fundar í Sþ., þá er umr. frestað.

Á 67. fundi og 68. fundi í Ed., 28. febr. og 1. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 192, 402, 403, 404).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú tvívegis verið tekið af dagskrá skv. tilmælum mínum. Var það vegna þess, að ég vildi hafa tóm til að athuga málið sjálft og framkomna brtt., áður en ég tæki afstöðu til þess. Ég hef nú þær fregnir að færa af framkvæmd skattal. skv. vitnisburði skattstjórans, að í framkvæmd hafi verið reynt af ýtrasta megni að gæta þeirra ástæðna, er frv. fjallar um, m. ö. o. eignarauka þess, sem stafa frá eftirvinnu einstakra manna, sem utan venjulegs dagsverks vinna að byggingu eigin íbúðar. Mér hefur verið sagt, að skattyfirvöldin hafi reynt að ákveða skattálagninguna mildilega í þessu efni. Hins vegar varðar þetta mál einstaka menn, og einkum snertir það þá, er taka kaup hjá öðrum, eru ekki atvinnurekendur, en leggja á sig eftirvinnu í þessu skyni. Þar eð hér er um svo þjóðholla og nauðsynlega framkvæmd að ræða, álít ég — þrátt fyrir ýmsa agnúa, er á þessu eru —, að samþykkja eigi þetta frv. Mun afstaða mín mótast af því, að ég tel það — sem kallað er — réttlætismál í fremstu röð. Hitt er mér ljóst, að ákvæði eins og þetta væri mjög slæmt, ef það yrði misnotað og notað til þess að hylma yfir og verða ávinningur þeim mönnum, sem reisa hús og selja vegna atvinnu sinnar, sem er fullkomlega góð og gild atvinna og á vitanlega að vera skattskyld sem aðrar atvinnugreinar. Hér í 1. gr. frv. er það lagt í hendur fjmrh. að setja reglur um framkvæmd l. þessara. Og þá ætlast ég til, að skattyfirvöldin geti forðazt það, að þetta ákvæði verði ekki notað á réttan hátt, eins og þau hafa þegar lýst yfir við mig, að þau hafi mildilega beitt ákvæðum skattal. gagnvart þeim mönnum, sem komið hafa sér upp íbúð utan venjulegs dagsverks. Ég vil trúa því, að þetta sé rétt, en þykir á hinn bóginn, að ákvæði þetta megi lögfesta.

Nú eru komnar hér fram ýmsar brtt. við þetta frv., og verð ég um þær að segja, að ég fyrir mitt leyti er þeim öllum ósamþykkur. Í fyrsta lagi vegna þess, að þar er málið teygt út á ýmis svið, sem geta orðið vafasöm, og því meiri hætta er á, að þau verði vafasöm, sem sviðin eru fleiri eða angar laganna lengri. Þess vegna er ég á móti þessum brtt. Og ég vil benda þeim hv. þm. á, sem þær flytja og annars eru því fylgjandi, að efnalitlir launamenn, hvort sem það eru verkamenn eða aðrir, fái lögmælt fyrirheit um það, að á þeirra yfirvinnu til þess að koma upp eigin íbúð verði ekki ráðizt með skattálagningu, þeir menn ættu ekki að leggja til, að blandað verði inn í þetta frv. fleiri greinum og margvíslegri, sem þá vel gætu orðið til þess að fá andúð þingsins á móti aðalmálinu, ef slíkar brtt. yrðu samþ.

Ég held þá, að mín afstaða í málinu sé skýr. Ég vil, eftir atvikum og eftir ýtarlegri íhugun, ráða til þess, að það sé lögfest, að einstaklingar, sem vinna að því að koma upp eigin íbúðum á þann hátt, sem í frv. greinir, fái skattfrelsi fyrir þeirri sinni vinnu. En lengra vil ég ekki ganga.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég stóð aðallega upp til þess að mótmæla þeim ósannindum, sem hv. 1. landsk. þm. fór með hér í hv. d. um daginn, þegar hann talaði um það, að lagðir væru þeir skattar á þessa menn, sem koma sér upp íbúðum í sínum eftirvinnutíma, að þeir yrðu að ganga frá húsunum o. s. frv. Þessi vinna, sem menn hafa lagt fram á þennan hátt, hefur alltaf verið virt svo lágt til tekjuskatts, að það hefur mátt deila um það, hvort ekki hafi verið þar um sviksemi að ræða við það opinbera að virða hana svo lágt eins og gert hefur verið. En aldrei hefur mönnum verið íþyngt með slíku mati, svo að um hafi þurft að kvarta. Ég fullyrði það um hvern einasta mann hér í Reykjavík, sem lagt hefur á þennan hátt vinnu í að koma upp eigin íbúð, að honum hefur ekki verið reiknuð sú vinna nema lítið brot á móts við hverja aðra vinnu, sem hann hefði unnið í eftirvinnu.

Ef frv. á þskj. 192 verður samþ., og þá 2. gr. þess, þá verður að reikna upp 400 menn viðkomandi skatti í fyrra. Ég hélt nú, að það væri nóg að reikna upp vegna áhættuþóknunar hjá sjómönnum, þótt ekki væri bætt þessu við. T. d. hafa verið byggð hér í Kleppsholti milli 30 og 40 sænsk hús á árinu 1947. Þessum mönnum hafa verið áætlaðar tekjur frá 7 til 9 þús. kr. við að koma þeim upp. Á að fara að reikna þá alla um og sleppa skatti af þessum tekjum? Ég held, að ekkert vit sé í því. Þessar tekjur af vinnu þeirra hafa verið reiknaðar þeim svo vægilega, að það væri beinlínis heimska að ákveða nú á Alþ. að sleppa þessum liðum alveg og reikna þessa menn alla upp í skattinum. Á næstsíðasta ári voru byggð 500 íbúðarhús úti um land. Bændum hafa verið reiknaðar meiri og minni tekjur af því. Á að fara að reikna þá alla saman um og sleppa þessum tekjum frá skatti? Ég skil satt að segja ekki, að nokkrum manni, sem áttar sig á, hvað hér er verið að leggja fyrir að gera, ef þetta verður samþ., detti í hug að láta framkvæma lögin svona. Og mér þykir næsta undarlegt, ef nú, þegar annríkið er að byrja hjá skattan. um land allt, á að fara að samþ. lög, sem leggja þessa aukavinnu á skattanefndirnar.

Þá vil ég taka það fram í sambandi við það, sem ég veit, að hæst hafa verið reiknaðar tekjur manns við að byggja eigið hús — og sem þá hefði ekki komið undir þessi lög endanlega, þó að til hefðu verið þá, því að hann seldi húsið —, að þessi maður vann við húsið sjálfur og vann ekki annars staðar á meðan, og honum voru upphaflega áætlaðar 30 þús. kr. í tekjur af þessari vinnu, og það hafði verið áætlað lágt. En svo, þegar hann seldi húsið og það kom í ljós, að hann hafði selt það fyrir nokkuð á annað hundrað þús. kr. fram yfir

það, sem hann taldi kostnaðinn við húsið, þá var hækkað matið á tekjunum, sem hann hafði með eigin vinnu við húsið, þar sem það sýndi sig, að vinna hans hafði í raun og veru verið greidd með nokkru á annað hundrað þús. kr., en sjálfsagt hefði maðurinn ekki fengið svo mikið fyrir sína vinnu, ef um kaupgreiðslu hefði verið að ræða, því að þarna kom til greina hærra söluverð heldur en kostnaðarverð.

Um þær brtt., sem hér eru fram komnar, vil ég segja það, að það liggur í hlutarins eðli, að ef farið er með löggjöf að undanskilja einstaka hluta af tekjum manna skatti, eins og ef vinna við byggingu húsa fyrir sjálfan sig verður undanþegin tekjuskatti hjá einstaklingum, þá er ákaflega hætt við, að margt fleira vilji dragast þar inn í. Tveir menn, sem ég þekki, smíðuðu t. d. trillur í fyrra, 2½ og 4 tonna. Þeir unnu að þessu mikið í fyrravetur, án þess að fara á vertíð suður með sjó og koma með tekjur þaðan, eins og þeir höfðu áður gert. Þeim voru báðum áætlaðar tekjur af þessari eigin vinnu, sem námu því, sem trillurnar voru metnar til verðs, að frá dregnu efni. Ég geri ráð fyrir, að það megi alveg eins sleppa þessum tekjum, eins og við vinnu í húsunum. Yfirleitt eru það ákaflega mörg tilfelli, sem eru hliðstæð því, sem um er að ræða í 1. gr. þessa frv., sem fyrir liggur, þannig að það er erfitt að gera þar greinarmun á, og virðist því eina rétta leiðin í þessum efnum vera sú að taka mildum höndum yfirleitt gagnvart skattálagningu á tekjur manna af vinnu, sem er þessa eðlis eins og hér er um að ræða, eins og reyndar gert hefur verið. Og ef hér væri í deildinni hv. flm. brtt. á þskj. 402, 7. landsk. þm., þá mundi hann geta sagt ykkur, hvernig milliþn., sem nú starfar í skattamálum, kemst fram hjá þessu atriði á þann hátt, sem er mjög heppilegur að mínum dómi, miklu heppilegri heldur en hér er gert ráð fyrir í frv., að sleppa alveg þessum tekjum af eigin vinnu við byggingu eigin íbúðarhúsa. — Og enn fremur held ég, að þeim, sem eru með því að sleppa þessum tekjum alveg fyrir framtíðina, þeim geti ekki dottið í hug að láta umreikna skv. 2. gr., eins og frv. er, alla menn í skatti, sem hér koma til greina og búið er að leggja á skatt árið 1948 um allt land. Mér þykir það svo mikil fjarstæða að leggja þetta á skattanefndirnar nú um allt land, að það nái ekki nokkurri átt að gera það. Og ég er alveg hissa á, að enginn skuli hafa bent á þetta atriði málsins í hv. Nd. og ekki hæstv. fjmrh., þrátt fyrir það að hann sé búinn að athuga frv. Hann hefur líklega ekki athugað þessa hlið málsins, enda vissi ég, að skrifstofustjórinn í ráðun. hafði enga af þessum brtt. við frv. séð né verið sendar þær. Þess vegna held ég, að t. d. skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu hafi ekki verið búinn að átta sig á 2. gr. og þeirri vinnu, sem lögð væri á skattan. úti um landið með samþykkt þeirrar gr., eins og hún er nú orðuð, með umreikningi á fjölda skattþegna í þessu efni. Og mér finnst ekki ná nokkurri átt að samþ. 2. gr. frv., jafnvel þótt menn vildu samþ. 1. gr. frv., sem mér finnst heldur engin ástæða til.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 192, hefur þegar hlotið samþ. Nd. og er búið að ganga gegnum tvær umr. í þessari hv. d. hér. Og hæstv. fjmrh., sem talaði hér í upphafi þessarar umr. á þessum fundi, lýsti því yfir, að hann væri fylgjandi efni frv., eins og það nú er, eftir þær umr., sem fram hafa farið, og kvað svo að orði m. a., að hann teldi það vera réttlætismál í fremstu röð. Ég er alveg samþykkur þessu, svo langt sem það nær. Ég álít, að það sé sanngirnismál, sem kveðið er á um í frv., eins og það liggur fyrir. En ég álít hins vegar, að það atriði, sem felst í frv., eins og það er orðið, það sé jafnvel ekki eins þýðingarmikið eins og þó það atriði, sem fjallað er um í þeirri brtt., fyrri brtt. sérstaklega, sem ég, ásamt hv. 4. landsk. þm., flyt á þskj. 403. Og ég álít, meira að segja, að það muni í flestum, ef ekki öllum tilfellum geta orðið alveg gagnslaust í framkvæmdinni að samþ. frv., eins og það nú er, nema hitt fylgi með, og skal ég koma nánar að því eða skýra það síðar. Það ákvæði, sem felst í fyrri brtt. á þskj. 403, varðar þá menn, sem eiga hús í byggingu og verða að telja þau fram til skatts áður en byggingunni er lokið og þess vegna hefur ekki farið fram fasteignamat á húsinu, sem annars er talið fram í venjulegum skattaframtölum, og verður þá annaðhvort að telja húsið fram eins og byggingin hefur kostað á þeim tíma eða þá eftir mati. Og mér er tjáð af ýmsum þeim mönnum, sem verið hafa í þessari aðstöðu, að skattanefndir og þá einkum skattyfirvöldin í Reykjavík hafi framkvæmt þetta þannig að miða við einhvern ákveðinn byggingarkostnað hjá einhverjum tilteknum byggingarfélögum, sem er það, sem þessi tilteknu skattyfirvöld vilja í þessu sambandi meta sem eins konar opinberan byggingarkostnað. Hins vegar hefur það sýnt sig í fjölda tilfellum, að slíkt mat, sem skattyfirvöldin hafa þannig notað á slíkar byggingar, sem ekki hefur verið alveg lokið og ekki hefur verið komið á fasteignamat, hefur reynzt miklu hærra en sá raunverulegi byggingarkostnaður hefur verið hjá viðkomandi manni. Af þessu hefur leitt, að hjá slíkum manni hefur orðið óeðlileg eignaraukning, sem skattyfirvöldin hafa orðið að leita einhverra skýringa á. Og þegar viðkomandi skattþegn hefur ekki þær tekjur — þó að hann hafi talið rétt fram launatekjur, sem ekki er hægt að blanda málum um — þegar mikið hefur vantað á, að viðkomandi skattþegn hefur haft í framtali þær tekjur, sem samsvöruðu þessari eignaraukningu, sem skattyfirvöldin hafa talið hjá honum, þá hafa skattyfirvöldin ekki haft aðra leið færa en að áætla þessum manni miklu meiri tekjur en hann telur fram. Þetta hefur leitt til þess, að á slíkan mann hefur verið lagður meiri skattur en efni standa til og sanngirni hefur mælt með, bara vegna þess, að þetta mat hefur verið þarna svona, þrátt fyrir það að fyrir lægju kostnaðarreikningar um byggingu hússins. Ég

álít þetta atriði mjög þýðingarmikið í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, og að það geti ekki verið réttlætanlegt að láta slíkt mat skilyrðislaust gilda um þessar byggingar, sem látið hefur verið gilda hjá skattyfirvöldunum, þrátt fyrir það að fyrir liggi skýlausir reikningar um byggingarkostnaðinn og viðkomandi maður geti fært á þá fullgildar sönnur. Og brtt. okkar fer þess vegna fram á, að slíkir reikningar verði látnir gilda og lagðir til grundvallar fyrir skattframtali mannsins og skattálögum, en ekki mat, sem gert er að meira eða minna leyti út í bláinn. Það er kannske nokkuð sterkt til orða tekið að segja þetta, þar sem miðað er við byggingarkostnað byggingarfélaga, en samt sem áður er það ekki öruggt mat á byggingarkostnað manna. Með því að leggja fram eigin vinnu geta menn jú komið upp sínum húsum fyrir talsvert lægra verð en byggingarfélög byggja fyrir og reiknað er með í mati sem opinberum byggingarkostnaði. Og ég sé ekki ástæðu til að refsa slíkum mönnum fyrir þá framtakssemi að byggja hús yfir sig í fristundum sínum eða á annan hátt með eigin vinnu og fyrir það erfiði, sem þeir leggja á sig, refsa þeim þannig með því að reikna þeim tekjur, sem þeir alls ekki hafa haft, og meira að segja umfram þá vinnu, sem þeir hafa lagt í þetta, og miða síðan skattálagningu við það. Enda hef ég heyrt ýmsar mjög háværar kvartanir um þetta og álít, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta atriði sé í mörgum tilfellum miklu þýðingarmeira fyrir fjölda skattþegna heldur en jafnvel aukavinnan, sem í frv. er talað um. — Og kem ég þá aftur að því, að það ákvæði um að undanþiggja þessa aukavinnu skatti, verður í flestum tilfellum þýðingarlaust, ef þessi regla verður látin gilda áfram, sem ég nú síðast gerði að umtalsefni, því þó að þessum mönnum hafi verið sleppt við að telja fram til tekna þessa aukavinnu, þá er ekki aðeins hún, heldur líka í ýmsum tilfellum miklu meira talið þeim til tekna með þessari áætlun, sem ég áður nefndi. Ég held þess vegna, ef hæstv. ráðh. og aðrir þeir, sem mælt hafa með því að samþ. frv., eins og það er nú orðið, eftir þær umr., sem um það hafa farið fram, vilja halda við það, að það sé réttlætismál í fremstu röð, þá sé nauðsynlegt til þess að tryggja þetta réttlæti í framkvæmd að bæta við einmitt því ákvæði, sem felst í brtt. okkar, sem fyrir liggur á þskj. 403.

Síðari brtt. á því þskj., við 2. gr. frv., hún felur aðeins það í sér, að um leið og reiknaður væri upp álagður tekjuskattur fyrir síðasta ár vegna þessa nýmælis í frv., þá sé sá umreikningur einnig látinn ná til útsvara. Og ég held, að það geti varla verið ágreiningur um, að ef menn á annað borð ætlast til þess, að farið sé að reikna upp skatt vegna þessa ákvæðis, þá hljóti það einnig að eiga að ná til útsvarsálagningarinnar, vegna þess að á flestum stöðum mun því vera þannig varið, að niðurjöfnun útsvara sé byggð á skattframtölum og þá fyrst og fremst á tekjuframtölum. Og ef þar hefur verið við skattálagningu — eins og í þessum tilfellum hefur verið — reiknað með tekjum, sem nú á að ákveða, að ekki skuli lagður skattur á, þá er mjög eðlilegt og sjálfsagt, að slíkar tekjur séu heldur ekki látnar ráða um útsvarsálagningu. Og ef þessi umreikningur á skattinum væri gerður, má telja það eðlilegt og sjálfsagt, að slíkt hið sama sé einnig látið ná til útsvarsálagningar. — Ég þykist hafa skýrt þessar brtt. okkar og fært rök að því, að þær séu ekki aðeins fyllilega réttmætar, heldur — og þá sérstaklega hvað fyrri till. snertir — sé hún blátt áfram nauðsynlegt ákvæði, til þess að nokkurt gagn verði að framkvæmd á því ákvæði, sem nú þegar er komið í frv. Ég vænti þess, að hv. þdm. vilji þess vegna taka þetta til athugunar og meta það alveg eins og efni standa til.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég álít, að skattalögin, eins og þau eru nú, séu þannig úr garði gerð, að þau séu ekki viðhlítandi. Þau leggja nú allt of þungar byrðar á skattþegnana, fyrst og fremst af þeirri einföldu ástæðu, að þeim hefur ekki verið breytt frá því fyrir styrjöldina að því er skattstigann snertir. Hins vegar hefur verðgildi peninga innanlands lækkað stórkostlega. En þrátt fyrir það að lögin megi teljast stórgölluð, eins og nú er komið málum, þá virðast talsvert miklir erfiðleikar á því að fá þau endurskoðuð í heild, sem þó er brýn nauðsyn á, að gert sé. Af þessari ástæðu er ég í raun og veru fylgjandi hverri þeirri till., sem kemur fram um það að sníða verstu agnúana af skattal., eins og þau eru nú. Ég skal viðurkenna það, að það er vandræðaástand að þurfa að fara þessa leið til þess að fá leiðréttingu á skattal., því að skattal. eru ein þau lög í landinu, sem ekki á að vera að breyta á hverju ári, og sízt að það komi mörg frv. fram í þinginu sama árið til breyt. á þessum l., sem eiga að vera undirlögð minnstum breyt. að mínu áliti af almennum lögum í landinu. Ég ætla ekki að fara út í það atriðið sérstaklega.

Hér liggja fyrir þrjár brtt. við frv. Ég get sagt það um brtt. á þskj. 402, að ég er samþ. þessari brtt. eins og hún liggur fyrir og tel hana sanngirnismál, ekki síður en það atriði, sem frv. fjallar um. Um brtt. á þskj. 404 vil ég segja það, að það kann vel að vera sanngirnismál, að þetta væri gert. En með góðum vilja á ég ekki hægt með að sjá, að það sé hægt að gera slíka breyt. á skattal. nema fara með þau alveg út í öfgar. Meðan nauðsyn er á að sníða ýmsa agnúa af skattal., þá verða þó þær aðgerðir að vera þannig, að þær geti ekki eyðilagt eða gripið inn í heildarframkvæmdir skattal. í landinu, svo að ég sé ekki fært að vera með þessari brtt., eins og hún liggur fyrir. — Um brtt. á þskj. 403 skal ég viðurkenna að hugmyndin, sem liggur bak við þá brtt., er sanngjörn. En ég á ákaflega bágt með að sjá, að með þessari breyt., sem hér er lagt til, að gerð verði, náist sá árangur, sem stefnt er að. Og vil ég í því efni benda á, að þessi till. byggir á því, að fullgildir reikningar yfir byggingarkostnaðinn liggi fyrir. En hvað verða fullgildir reikningar í þessu efni að áliti skatta-

nefndar eða skattstjóra? Ég hygg, að framkvæmdin mundi verða sú, að menn legðu fram sína reikninga, en það mundi fara um þá eins og fer nú, að skattstofan eða skattanefndir taki oft ekki reikningana trúanlega. Þeir segja nú við þessa menn: Þessir reikningar, sem þú leggur fram, eru of lágir. Kostnaðurinn hefur verið meiri. Þessi brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 403, setur ekki undir þennan leka. Ef hægt er að koma með brtt., sem setur undir þennan leka og tryggir það, að hægt sé að sanna byggingarkostnaðinn, þá er það að sjálfsögðu sá grundvöllur, sem skattstofan á að byggja á, því að þá kemur fram það raunverulega kostnaðarverð eignarinnar. En það hvílir alltaf á eigandanum að sanna kostnaðarverðið. Og hins vegar verður það skattstofan, sem gagnrýnir kostnaðarverðið og ákveður sjálf, hvað hún tekur gilt og hvað hún tekur ekki gilt. Og þarna liggur veilan í þessari till., að mínu áliti. Þess vegna er ég efins um, að þótt þetta yrði samþ., fengist nokkur leiðrétting, nema skattstofan sé skylduð til að taka gilda reikninga, sem viðkomendur leggja fram. Það er dálítið hæpið að mínu áliti, þar sem viðkomendum er þá í lófa lagið að leggja þá fram og segja: Þetta eru allir eignareikningarnir með tölu. Ég álít þetta viðsjárverða leið. Hins vegar viðurkenni ég fullkomlega, að það er oft þannig, að það er auðveldara að benda á misfellur í framkvæmd en setja undir lekann og bæta úr þeim.

Hv. 1. þm. N-M. talaði hér eins og hann væri skattstjóri. Hann er að vísu í ríkisskattanefnd, svo að e. t. v. er ekki að furða, þótt honum finnist skattanefndirnar gæta fullrar sanngirni. En ég er honum ósammála. Ég hef haft þá skoðun, að skattanefndirnar hugsi fyrst og fremst eftir þeim forsendum, hvað orðið geti til hagsbóta fyrir ríkið, og ég tel, að í túlkun sinni á lögunum og málavöxtum gangi þær venjulega nokkuð á rétt hins vesala skattþegns.

Út af 2. gr. frv. vil ég segja það, að þótt lögunum sé ætlað að verka aftur fyrir sig, þá hef ég enga meðaumkun með skattanefndunum þess vegna. Það ætti að vera þeim vorkunnarlaust þótt þær þyrftu samkvæmt lagabókstaf að fara svolítið aftur í tímann og leiðrétta það, sem þær hafa gert ósanngjarnlega.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef litið svo á þetta frv., að grunntónn þess og megintilgangur væri sá að örva menn til vinnusemi og til þess að nota tómstundir sínar til gagnlegra og þjóðhagslegra starfa, með skattaívilnunum. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá er þessu frv. of þröngur stakkur skorinn, ef þeir einir eiga að fá þessa örvun, sem byggja hús, en ekki t. d. þeir, sem nota tómstundir sínar til þess að byggja bát, eða þeir, sem kaupa mann til að reisa fyrir sig hús, en vinna sjálfir að öðru í tómstundum sínum. Mér finnst því, að þetta frv. sé í rauninni aðeins svolitlar ranglætisfærikvíar, ef engar af þeim brtt., sem hér hafa komið fram, eiga að ná samþykki; en mér skildist á hæstv. ráðh., að hann væri á móti þeim. En þessar brtt. sýna einmitt ljóslega, hve ófullkomið frv. er; einn sér, að þessi breyting er nauðsynleg, annar hin. Mér dylst t. d. ekki, að ef brtt. hv. 7. landsk. yrði samþ., þá væri ráðin nokkur bót á frv. í samræmi við megintilgang þess og það yrði ofurlítið víðtækara. Sama gildir um brtt. á þskj. 403, að frv. nær betur tilgangi sínum og verður ofurlítið víðtækara, ef hún nær samþykki. Mér er t. d. kunnugt um, að vegna þess, hvernig þessum málum er háttað, þá er fjöldi bláfátækra barnamanna, sem þurfa að greiða straffskatt vegna þess, að þeir réðust í að koma sér upp húsi. Ég get nefnt t. d. tvo slíka menn á Ísafirði, sem þurfa að greiða 2 og 3 þús. kr. í straffskatt, af því að þeir höfðu unnið við hús sín í tómstundum.

En sé það rétt, eins og ég lít á, að frv. hafi þann tilgang að örva menn til þjóðnýtra starfa, en ekki eingöngu til húsbygginga, þá telst mér rétt að miða undanþágurnar við tekjur af aukavinnu alls verkafólks fyrst og fremst og allra láglaunamanna — og miða þá t. d. við 20—25 þús. kr. árslaun. Það er vitanlegt, að hagur slíks fólks er svo þröngur, að þar má ekkert af klípa.

Ég sé ekki, að löggjafinn geti leyft sér að gera upp á milli fólks. Og eigi að stíga sporið til nokkurrar bótar, þá er það fullkomið réttlætismál að færa mörkin svo út sem ég hef gert ráð fyrir í brtt. minni á þskj. 404. Og sama máli gegnir um hinar brtt. tvær. Að brtt. föllnum mundi ég þó eigi að síður fylgja frv. óbreyttu, þar sem það verður að teljast örlitið spor í réttlætisátt.

Bernharð Stefánsson: Ég verð að játa, að mér finnst dálítið vafasamt að ganga inn á þá braut, sem gert er með þessu frv. Ég hef þó fylgt því vegna þess, hve brýn nauðsyn er á því að allir þjóðfélagsþegnar geti átt þess kost að búa í sæmilegum húsakynnum.

Ég get tekið undir það að vissu marki hjá hv. 1. þm. N-M., að óþægilegt verði að framkvæma ákvæðin í 2. gr. frv., en þó ekki svo miklum vandkvæðum bundið, að það þurfi að skipta miklu um afstöðuna til þess, sem er aðalatriði í þessu. En þegar gengið er inn á svona braut, þá koma aðrir, sem vilja ganga enn lengra, og þær 3 brtt., sem hér liggja fyrir, sýna einmitt þetta.

Mér finnst, að það mætti samþykkja brtt. hv. 3. landsk., ef hægt væri að skilgreina nákvæmlega, hvað við er átt. Þar stendur, að „á sama hátt verði allar tekjur verkafólks og annarra lágtekjumanna af aukavinnu, sem fram er lögð utan venjulegs vinnutíma, undanþegnar tekjuskatti". — Ég er nú hræddur um, að með þessu náist ekki fullt réttlæti. Mér dettur í hug bændur landsins, sem margir vinna tólf tíma á dag. Það er þeirra venjulegi vinnutími. Ætti þá gagnvart bændum að miða við hann, en verkamenn í verkalýðsfélögunum, sem hafa lögboðinn 8 st. vinnudag, að fá skattfríðindi vegna tekna af vinnu umfram þann tíma? Mér dettur líka í hug sjómennirnir. E. t. v. væri hægt að áskilja þeim ákveðinn hvíldartíma, en

ég skil ekki annað en íslenzkar fiskveiðar verði seint svo á vegi staddar, að ákveðinn verði 8 st. vinnudagur á skipunum. Þar af leiðandi virðist mér, að þetta nái aðeins til nokkurs hluta láglaunafólksins í landinu. Og þar sem ekki er gert jafnt við alla, er ekki um réttlæti að ræða. Og fólk með svipuð kjör á að hafa sömu skatta.

Ég er líka hræddur um að brtt. á þskj. 403 sé þannig, að ákvæði hennar verði kyndug í framkvæmd. Ég skal þó ekki ræða frekar um hana. — En sú brtt., sem mér finnst sanngjörnust, er á þskj. 402, frá hv. 7. landsk., og hnígur að því, að ekki skuli skattleggja menn fyrir að selja hús á hærra verði en það kostaði, ef menn fá sér annað þak yfir höfuðið, sem kostar menn jafnmikið hinu selda. Þó er hætta á, að þetta kynni að verða misnotað í braski, og ég tel hana svo mikla, að ég mun ekki greiða þessari till. atkvæði.

Annars tók ég eiginlega til máls af þeirri ástæðu, að ég vildi spyrja hv. 3. landsk., hvaða réttlæti hann haldi, að náist með till. hans um, að menn fái skattfríðindi viðkomandi tekjum umfram þær, sem menn afla á stuttum vinnutíma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið ljóst af umræðum, að allir þeir hv. þm., sem rætt hafa þetta mál, eru sammála um, að gildandi skattalög séu það ranglát, að ekki verði við unað — og það þótt þeir hafi allir staðið að því að semja lögin og viðhalda ranglætinu öll þau ár, sem síðan eru liðin. Það hefur nú verið sett milliþn. í þetta mál og hefur hún skilað áliti, en þó ekki fengizt samkomulag um þetta, enda þótt allir lýsi því yfir, að ástandið sé óviðunandi. Þeir hafa þannig lýst því yfir, að þeir séu á annarri skoðun en þegar þeir settu lögin, sem hafa gengið það á rétt gjaldþegnanna, að sjálft Alþ. hefur orðið að gefa mönnum syndakvittanir fyrir lögbrot með eignakönnuninni á sínum tíma.

Nú er vitað, að í hvert sinn, sem lagðir hafa verið á nýir skattar, þá hafa ákvæðin, sem ekki höfðu gildi nema til eins árs, verið framlengd ár eftir ár — a. m. k. frá því 1942, er ég kom fyrst á þing, og það loforð hefur verið gersamlega brotið, að létta af skattabyrðinni, sem aðeins átti að leggja á til eins árs í senn. Það má því vera öllum ljóst, að það er bráðnauðsynlegt að framkalla umræður um breytingar á skattalöggjöfinni.

Frv. sjálft er ekki í aðalatriðum þess eðlis, sem hv. 3. landsk. vildi vera láta. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að bæta úr húsnæðisvandræðunum og fá menn til að beita sér við að koma upp yfir sig þaki, það eitt út af fyrir sig réttlætir samþykkt þessa frv., þótt hún dragi svo á engan hátt úr nauðsyn þess, að lögin verði tekin til athugunar í heild.

Till. á þskj. 402 er í sjálfu sér fullkomið réttlætismál, en hún miðar að öðru en því, sem er höfðutilgangur frv., og getur því beðið heildarathugunar á lögunum, og ef til vill gæti það rekið á eftir þeirri athugun, ef till. yrði felld. Þess vegna mun ég ekki fylgja henni á þessu stigi og mun standa að frv. óbreyttu, þó að ég sé líka í rauninni sammála brtt. á þskj. 402. Sama er að segja um till. á þskj. 403. Þótt hún sé felld, þá tefur það ekkert fyrir því, að það takmark náist, sem ætlað er með sjálfu frv. En ég stóð nú aðallega upp vegna brtt. á þskj. 404. Mér skilst á flm., að meiningin sé að örva menn til að starfa lengur en lögboðinn vinnutíma, og sé það rétt, þá skil ég ekki, að slík till. skuli koma fram frá manni, sem hefur verið sendur á þing af Alþfl., þar sem eitt meginbaráttumál hans hefur verið 8 st. vinnudagur. Ef flokkur hans telur nú þetta ranga stefnu, þá er hann eitthvað farinn út af línunni. — Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að 48 klst. á viku sé of skammur vinnutími. Og ég vil nú spyrja hv. þm.: Hefur hann gert sér ljóst, hvaða áhrif það gæti haft á atvinnulífið í landinu, ef till. hans yrði að lögum? Ég man vel, hvernig menn léku þann leik á sínum tíma, og þá einkum duglegustu mennirnir, að vinna á nóttunum vegna hins háa næturtaxta, en taka daginn til hvíldar, ég þekki fjölda vinnuflokka, sem gerðu þetta. — Eftir að búið var að knýja fram átta stunda vinnudag almennt í landinu, kröfðust verkamenn í vegavinnu að fá að vinna 10 klukkutíma á dag og þá tvo tíma þar af með 50% álagi á kaupið. Ef þessi brtt. er því dulbúin krafa um að hækka alla vinnu í landinu um 50 til 100%, þá er ekki furða, þótt hv. 3. landsk. þm. beri hana fram. En það er áreiðanlegt, að ef komið er inn í skattal. því ákvæði, að öll vinna, sem unnin er eftir venjulegan vinnutíma, verði skattfrjáls, þá mundi fólkið hópast í þá vinnu, sem þannig væri höfð skattfrjáls, og keppast við að vinna í þeim flokkum, til þess að fá fyrst 50 til 100% álag á kaupið og síðan að sleppa við að greiða skatt af kaupinu. Ég veit ekki, hvort hv. 3. landsk. hefur gert sér ljóst, hvílíkt öngþveiti mundi geta skapazt í landinu við þetta og hvaða misrétti samþykkt hans till. mundi skapa í þjóðfélaginu, eins og hv. 1. þm. Eyf. minntist á, því að margir í þessu þjóðfélagi verða að jafnaði að vinna lengur en það, sem er venjulegur vinnudagur verkamanna í kaupstöðum. Ég vil benda á, að á stríðstímanum var af beinni nauðsyn tekið upp það ákvæði, að helmingur af áhættuþóknun sjómanna yrði skattfrjáls, og var það beinlínis vegna þess, að sjómenn vildu ekki hætta lífi sínu á hafinu, nema því aðeins að þeir fengju að njóta sjálfir einhvers af þeim launum, sem þeir fengju fyrir það starf sem áhættuþóknun, en það færi ekki allt í ríkissjóð. Það var fyrst í fyrra, að þessi fríðindi voru tekin aftur. Og við vitum, hve illa það hefur verið liðið. Og það hafa komið fram háværar raddir um það frá sjómönnum, að eina ráðið til þess að halda mönnum á sjó, sé að setja í löggjöfina, að nokkur hluti launa þeirra sé skattfrjáls. Og það var svo mikill þungi í þessu máli, að það varð að ganga inn á annað við sjómannastéttina, þegar þetta var afnumið í fyrra, sem vegið gæti upp á móti þeim fríðindum, sem var verið að taka af, nefnilega að gefa skattfrjálst það fæði, sem reiknað var sjómönnum

til tekna. Það er síður en svo, að ég sjái eftir þessu. En ég er að benda á, hvernig þetta hefur þróazt í þjóðfélaginu. Nú er það vitanlegt, að undireins og þetta var gert í fyrra hér á Alþ., þá komu fram kröfur um það að láta þessi fríðindi ekki ná aðeins til sjómanna, heldur til allra, sem fengju frítt fæði. Það hefði þá náð til fjölda margra manna í landinu, sem hafa þau hlunnindi við sitt starf, en nokkur hluti launa þeirra er greiddur í peningum. En það var gengið á móti þessum kröfum um að láta þetta ákvæði gilda almennt, af því að þessi hv. d. skildi, hversu hættulega braut yrði farið út á, ef eftir þessum kröfum væri látið almennt. Og það er því áreiðanlegt, að ef samþ. væri brtt. á þskj. 404, þá hlyti ákvæði hennar að skapa hreint öngþveiti í þjóðfélaginu, — auk þess sem ómögulegt er að tryggja, að réttilega sé hægt að telja fram, hvað í þessum efnum væru aukatekjur, eins og talað er um hér, og hvað tekjur fyrir venjulega dagvinnu. Og þess vegna þyrfti líka enn fremur að ákveða nánar um það í sjálfri till., hvað væru lágtekjumenn — eins og það var verið að flokka það í þinginu í gær, hvað væru tignarmenn og hvað væru ekki tignarmenn. Mér finnst því ekki nokkur leið að samþ. þessa brtt., eins og hún liggur fyrir, og ég mun greiða atkvæði á móti henni. — Ég mun greiða atkvæði með frv., vegna þess að það er megintilgangur frv. að bæta úr aðkallandi þörf á húsnæði. Ég mun greiða atkv. á móti öllum öðrum brtt. einnig, vegna þess að þær eiga ekkert skylt við meginatriði málsins, þó að þær eigi fullkominn rétt á sér til þess að laga ákvæði skattal. En ef á að breyta skattal. í heild, þá eiga allir alþm. að hafa í sér þann manndóm að framkalla hér á þessu þingi breyt. á ákvæðum skattalaganna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var nú frekar skrýtin ræða, sem hv. þm. Barð. hélt nú rétt áðan. En það er ekki svo sem neitt einsdæmi, að hann haldi skrýtnar ræður, því að hann hefur einhvern sérstakan hugsanaheim, sem hann lifir og hrærist í, sem er oft einhver annar en hjá mönnum almennt. Hann taldi, að það kæmi úr hörðustu átt, ef Alþfl.-maður legði til, að láglaunamenn, verkafólk og aðrir lágtekjumenn fengju skattívilnanir. En það er það, sem felst í minni brtt. og annað ekki, að þeir fái skattívilnanir, ef aðrir menn, sem kannske hafa miklar tekjur, fengju skattívilnanir fyrir það að byggja yfir sjálfa sig. Mér er ekki kunnugt um, að þetta sé í ósamræmi við stefnuskrá Alþfl. Hv. þm. Barð. getur kannske bent á eitthvert stefnuskráratriði Alþfl., sem þetta stangast við. Mér er ekki kunnugt um það. — Ef hann heldur, að ég sé andvígur því, að nokkur maður vinni meira en átta tíma á dag, þá er það röng ímyndun hjá honum. Með því að ákveða, að menn vinni átta stunda vinnudag, hef ég aðeins átt við það, að menn ættu rétt á því að hafa þann tíma dagvinnukaup og að menn ættu að fá meira kaup fyrir eftirvinnu, til þess að menn fái hærra kaup, þegar þeir leggja meira á sig og hætta heilsu sinni með löngum vinnutíma. Það er ekkert annað, sem liggur í þessu, og sízt af öllu, þegar um er að ræða aðeins að ná jafnrétti við aðra, eins og hér er um að ræða. — Hv. 1. þm. Eyf. var að tala um það, að það væri að vísu ekki náð fullu réttlæti, þó að mín brtt. væri samþ., því þó að frv. gerði ráð fyrir því aðeins, að þeir fengju skattívilnanir, sem verðu aukavinnu sinni til þess að byggja yfir sig hús, þá væru það nokkrir fleiri, sem kæmu undir þessi ákvæði um skattívilnanir, ef mín brtt. væri samþ., en ranglætið væri eins til eftir sem áður, af því að bændur fengju ekki skattívilnanir, þó að þessi brtt. væri samþ. Ég tel þetta vafasama fullyrðingu, því að hér er svo til orða tekið, að „allar tekjur verkafólks og annarra lágtekjumanna af aukavinnu“ verði undanþegnar tekjuskatti, sem lögð er fram utan venjulegs vinnutíma. (*BSt:* Vinnutími bænda er 10 til 12 og jafnvel 14 klst. á dag.) Ef menn, sem svona ynnu, væru lágtekjumenn, hefðu 20—25 þús. kr. á ári í tekjur, þá kæmu bændur að mínu áliti undir lögin, ef breytt væri til í samræmi við mína brtt. En aðalatriðið er hitt, að með frv. óbreyttu, sem hv. þm. ætlar að samþ., væri fjarri því, að verkamenn né bændur kæmu undir skattívilnunarákvæði þess. Og annað ranglæti blasir alveg beint við eftir frv., að bóndi, sem væri að byggja þak yfir höfuðið á sjálfum sér, gæti kannske komið undir ákvæði frv., en væri hann búinn að því, en væri að byggja peningshús, kæmi hann áreiðanlega ekki undir þessi ákvæði. Svona takmarkað er þetta. En ég vil segja, að ef hv. 1. þm. Eyf. telur rétt, að þeir, sem í frv. greinir, fái að njóta hlunnindanna, sem frv. á að veita, þá er það ekki á móti stefnu frv., þó að þetta næði einnig til verkamanna. En ég álít, að þetta næði líka til láglaunamanna í bændastétt og öðrum stéttum, eftir minni brtt. En þætti það ekki nógu skýrt í brtt. minni, þá þætti mér eðlilegt, að hv. 1. þm. Eyf. gerði það ljósara með brtt. og hann legði til, að það t. d. væri orðað þannig, að þetta næði til verkamanna, bænda og annarra lágtekjumanna, ef hann héldi, að bændur féllu þarna ekki undir eftir minni till.

Hv. þm. Barð. sagðist sjá þá hættu fram undan, ef mín brtt. væri samþ., að menn hættu vinnu á daginn og kappkostuðu að fá alla vinnu sína borgaða sem eftirvinnu og næturvinnu, og væri þá þetta slóttug aðferð til þess að hækka kaup í landinu um 50 til 100%. En þetta er ekki annað en hugarfóstur hv. þm. Barð. Eða er það kannske tilgangurinn með frv. að verðlauna þá menn, sem byggja hús fyrir sjálfa sig, en vinna ekkert á daginn, heldur á kvöldin og nóttunni, þannig að þeir menn eigi að fá skattívilnanir við það? Ég held ekki. Það er notað í brtt. alveg sama orðalag og í frv.: „Utan venjulegs vinnutíma.“ Þessi skelfilega hætta, sem hv. þm. Barð. er að vara við, hún væri til staðar, skilst mér — ef hún væri einhvað annað en ímyndun hv. þm. Barð —, hvort sem mín brtt. væri samþ. eða ekki. — Nei, hér er ekki mælt á móti brtt. minni með rökum,

heldur út frá fáránlegum hugarórum hv. þm. Barð.

Það hafa ýmsir hv. þm. tekið fram, að brtt., sem fram eru komnar við frv., væru þannig, að þeir væru samþykkir prinsípinu í þeim. Aðrir hafa viðurkennt, að þær væru spor í réttlætisátt og að ákvæði frv. væru færð út á víðtækara svið og til aukins réttlætis, ef brtt. væru samþ. En samt hafa þeir svo fært eitthvað annað á móti því að samþ. þær. Ég skal ekkert ræða um þær röksemdafærslur hv. þm. En í raun og veru liggur fyrir viðurkenning flestra hv. þdm. á því, að frv. næði betur tilgangi sínum sem réttlætismál, ef brtt. væru samþ. ásamt frv. Menn hljóta að játa, að það er þröngur stakkur skorinn því réttlætismáli, að hér á aðeins að taka til leiðréttingar mál þeirra manna, sem byggja yfir sig íbúðarhús með vinnu, sem þeir verja til þess utan venjulegs vinnutíma. Og þar má engu skakka um þetta. Þetta skal gilda, ef um íbúðarhús er að ræða, en ef um er að ræða peningshús, þá koma þessi skattfríðindi ekki til. Og ef frv. er formað á þennan hátt, þá stappar nærri því, að það sé vitleysa og ekki annað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í sambandi við það, sem ég sagði áðan, þá skilst mér, að menn séu yfirleitt með þessu frv., og getur því farið svo, að það verði að lögum. Þess vegna hef ég ákveðið að leggja fram skrifl. brtt. um það, að 2. gr. frv. falli niður. En 2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. gr., ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.“ M. ö. o., það á að fara að umreikna kannske svona einhvers staðar milli tvö og þrjú þús. manns í landinu viðkomandi skatti álögðum á síðasta ári, og það á þeim tíma, þegar skattanefndir eru allar á hausnum við að reikna út skatt þessa árs. — Ég skal rétt strax koma þessari brtt. til hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá 1. þm. N-M., svo hljóðandi: „Brtt. við frv. til laga um breyt. á 1. nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Við 2. gr. Greinin falli niður.“

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf fyrir henni tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 421) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Ed., 4. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 404 felld með 9:8 atkv.
— 403,1 felld með 10:5 atkv.
— 421 felld með 10:3 atkv.
— 403,2 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 402 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BK, BÓ, BrB, GÍG, HV, PZ, StgrA.
nei: BBen, EE, GJ, HermJ, JJós, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BSt.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Það má segja líkt um þessa brtt. og ýmsar aðrar, að ýmislegt mælir með henni, og hefði ég gjarna viljað vera með henni, en hún hefði getað skekkt allan grunninn og stofnað frv. í hættu. Ég segi því nei.

Hermann Jónasson: Ég álít í sjálfu sér sanngjarnt að reyna að ná þeim tilgangi, sem ætlazt er til, en álít, að það sé þannig, að misnota megi það. Ég segi því nei.

Lárus Jóhannesson: Með tilvísun til grg. hv. 2. þm. Árn. segi ég nei.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hef áður við umr. málsins gert grein fyrir afstöðu minni, en álít, að opnuð sé leið fyrir braski, og segi því nei.

Frv. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, BrB, EE, GJ, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BBen, BK, BSt.
nei: PZ.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég lít þannig á, að með samþykkt þessa frv. sé ríkisstj. að lýsa yfir þrennu: Í fyrsta lagi, að ríkissjóður hafi ráð á því að fleygja frá sér nokkrum þúsundum króna; í öðru lagi, að ríkið hafi efni á því að láta endurgreiða nokkur hundruð þúsund króna af tekjuskatti, sem greiddur var á s. l. ári; og í þriðja lagi, að ríkið hafi ráð á því að láta skattanefndir vinna lengur en annars til að reikna út skattaeftirgjöf á s. l. ári. Þetta ber vott um það, að ríkissjóður hafi nóg fjárráð, og mun ég haga minni atkvgr. hér eftir á þinginu í samræmi við það. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 429).

53. Sala á steinolíu, hráolíu o. fl.

Á 63. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu [127. mál] (þmfrv., A. 330).

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Allshn. flytur þetta frv. eftir beiðni atvmrh. Þær breyt., sem felast í því, stafa af því, að þau ákvæði, sem eru í

núgildandi l. um þetta efni, eru sett áður en almennt var farið að afgreiða þessar vörur á sérstökum mælum eða tönkum. Ég skal svo ekki hafa aðra framsögu fyrir þessu, þar sem ég sé, að þm. eru farnir að ókyrrast í deildinni. En ég vænti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Af því að hæstv. atvmrh. var ekki viðstaddur 1. umr. málsins hér, vildi ég hér með í hans viðurvist leiða athygli að því, að allshn. leyfði sér, er hún flutti þetta frv. að hans beiðni, að breyta því í einu atriði, sem sé því að setja í frv. sérstök ákvæði um, að setja skuli reglugerð um mælingu á olíum og framkvæmd löggildingar á mælitækjum fyrir olíur og um eftirlit í þessum efnum. Ákvæði um þetta virðist ekki vera til neins staðar í öðrum lögum, vegna þess að lögin um mælitæki og vogaráhöld eru orðin það gömul, að mikil breyting hefur orðið á mælitækjum síðan þau lög voru sett.
Ég vildi í þessu sambandi fyrir hönd allshn. óska eftir, að hæstv. atvmrh. athugaði það að setja hið allra fyrsta nauðsynlega reglugerð samkv. þessu frv., ef að lögum verður. Og enn fremur vil ég leiða athygli að því, að þar sem lögin um mælitæki og vogaráhöld, sem innihalda ákvæði um löggildingu vogaráhalda og mælitækja, eru orðin mjög gömul og mæliker hafa tekið miklum breyt. síðan þau lög voru sett, þá er nauðsynlegt að láta fara fram endurskoðun á þeirri löggjöf, svo og þeirri tilskipun, sem nú gildir í þessu efni.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þakka hv. n. fyrir, að hún hefur tekið mál þetta að sér til flutnings, og skal ég ekki ræða um efnishlið þess út af fyrir sig. En ég skal taka fram viðvíkjandi reglugerðinni, að ég mun að sjálfsögðu taka til athugunar og framkvæmda þessar leiðbeiningar frá hv. allshn. um reglugerðina, því að ég get fallizt á, að þess sé fullkomlega þörf að setja um þetta reglugerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 330, n. 418).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv. er flutt af allshn. Nd., sem kveðst hafa flutt það samkvæmt ósk hæstv. atvmrh. Það var einróma samþ. í Nd., og hér í Ed. mælir allshn. einróma með því, að það verði samþykkt. Það er álitið rétt að selja þessar olíur eftir mæli, en áður hefur yfirleitt verið farið eftir vigt. Þetta á einnig við um smurningsolíu, sem er látin heyra undir ákvæðin líka, en var ekki áður. Okkur fannst sjálfsagt að mæla með frv., því að það er eðlilegt, að þessar olíur séu mældar, en ekki vigtaðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

54. Bæjarstjórn í Keflavík.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bæjarstjórn í Keflavík [128. mál] (þmfrv., A. 332).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JörB, LJós, PÞ, SigfS, SG, SEH, SK, StSt, StgrSt, EOl, FJ, GÞG, HÁ, BG.
SkG greiddi ekki atkv.
16 þm. (HB, HermG, JóhH, JS, JJ, KTh, ÓTh, PO, SB, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Þar sem flm. þessa frv. virðist hafa mjög takmarkaðan áhuga á málinu, þá sé ég ekki ástæðu til að taka þátt í atkvgr. um það og greiði því ekki atkv.

Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 387).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get skírskotað til nál. um þetta mál, en þar er drepið á þau atriði, sem máli skipta. Meiri hl. n., sem tók þátt í afgreiðslu málsins, mælir með því, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 387. Hv. þm. Siglf. var ekki staddur á fundi n., þegar málið var tekið fyrir, svo að mér er ókunn afstaða hans til þess, en ég geri samt ráð fyrir, að hann muni ekki vera mótfallinn samþykkt frv. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., vorum við báðir fjarstaddir, hæstv. viðskmrh. og ég, en við erum flm. frv. Hæstv. forseti lét það ekki valda því, að frv. kæmist ekki til umr. í d. Ég hafði ekki annað um þetta mál að segja efnislega en það, sem fram er tekið í grg. frv. Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu málsins. Ég hef átt viðræður við form. n. og frsm. um þær brtt., sem n. flytur við frv., og ég er efnislega samþykkur báðum þessum brtt. Ég hygg, að ég megi segja hið sama fyrir hönd meðflm. míns. Ég skal þó aðeins segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel það orka tvímælis, að óhætt sé að staðhæfa, að lögsögn Keflavíkurflugvallarins falli eðlilegast undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ég held, að ef til vill væri heppilegra, að væntanlegur bæjarfógeti í Keflavík hefði þessa lögsögn á hendi. Ég hef átt tal um þetta mál við sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og lögreglustjórann í Keflavík. Með því að sýslumaðurinn telur fyrir sitt leyti æskilegt, að þetta verði óbreytt eins og það hefur verið fram að þessu, og núverandi lögreglustjóri í Keflavík, sem ætla má að verði bæjarfógeti þar, ef hann sækir um það, telur heldur ekki ástæðu til að keppa að þessu og einnig af því, að ég fann í n. vilja til hins sama að svo stöddu máli, þá sé ég ekki ástæðu til þess sem 1. flm. frv. að gera ágreining um þetta atriði, þó að ég finni ástæðu til að lýsa yfir þessari skoðun minni. Ég er þess vegna samþykkur báðum brtt. og endurtek þakkir mínar til n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 387,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 387,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 399).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 423).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í þessu frv. er farið fram á, að Keflavík verði veitt kaupstaðarréttindi. Allshn. hefur athugað þetta mál, og leggur hún einróma til, að frv. verði samþykkt. Keflavík er nú fjölmennasti hreppur hér á landi, og íbúar þar eru fleiri en í 4 kaupstöðum og enn fremur fleiri íbúar en í 6 sýslufélögum. Það er því eðlilegt, að það sé metnaðarmál fyrir hreppinn að fá þessi réttindi, því að auk þess sem það er metnaðarmál að fá kaupstaðarréttindin, þá er það einnig metnaðarmál að því leyti, að þeir kunna því illa að geta ekki farið með ýmis málefni sín sjálfir, en þurfa að leita um alla yfirstjórn til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hreppurinn þarf að fá leyfi til lántöku, hann þarf að fá leyfi til ábyrgðar, og sýslunefndin þarf að samþykkja reikninga hreppsins. Auk þess þarf að sækja sum mál undir bæjarfógetann í Hafnarfirði. Auk þess er þetta mjög mikið hagsmunamál. Í sumum

samböndum verður að hafa um hönd að leita út fyrir hreppsfélagið. Þetta á sérstaklega við um veðbókarvottorð, það getur verið mjög óþægilegt að geta ekki fengið þau heima á staðnum.

Fjárhagslega held ég að þetta hafi hverfandi litla þýðingu, og frá því sjónarmiði held ég að það sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta frv. verði samþ. Legg ég því f. h. allshn. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að andmæla því, sem hv. frsm. sagði, en ég vil aðeins benda á það, án þess að bera fram um það sérstaka till., að eins og staðhættir eru þarna suður frá, þá hefði átt að stækka lögregluumdæmi Keflavíkur, þannig t. d., að Njarðvíkur væru í sama umdæmi. Einkum hefði átt að gera þetta með tilliti til Keflavíkurflugvallarins, því að það er miklu hægara að hafa flugvöllinn undir Keflavík alveg en að láta hann vera í hlutum af mörgum hreppum. Þó að ég segi þetta, þá er ég ekki að gera neina till. um það, en ég er alveg viss um það, — ég er 100% viss um það, — að þó að það verði ekki gert nú, þá verður það gert eftir 1—2 ár.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla hér ekki að fara að deila við hv. 1. þm. N-M., en vildi aðeins í þessu sambandi upplýsa það, að hvað snertir Njarðvíkur, þá hef ég rætt við fulltrúa frá báðum þessum hreppsfélögum, Keflavík og Njarðvíkum, og báðir eru sammála um það, að þeir vilja ekkert hafa hvor með annan að gera og eru því á móti því, að þeir verði sameinaðir í eitt umdæmi. Þessir hreppar voru sameiginlegir fyrir nokkrum árum, en það var mjög gott samkomulag um það að leggja það til, að þeim yrði skipt. Ég held því, að ég þori að fullyrða það, að það yrði gegn vilja allra aðila, ef fara ætti að sameina þá aftur.

Að því er flugvöllinn varðar, þá má náttúrlega alltaf deila um hann. Hann er í öllum hreppunum þarna suður frá, en langsamlega minnstur hluti af honum er í Keflavíkurhreppi. Hann er í landi Hafnahrepps, Miðneshrepps, Garðahrepps, Vatnsneshrepps og Keflavíkurhrepps, þó er langminnstur hlutinn í Keflavíkurhreppi. Allar byggingarnar eru utan hans, allar flugbrautir eru utan hans, nema aðeins bláendinn á 2—3 brautum. Og ef leggja ætti allt flugvallarsvæðið undir Keflavík, þá væri það það sama og að leggja alla hreppana þar undir. Ég held líka, að það hafi engin ósk komið um það, hvorki frá Keflvíkingum né öðrum, og held ég, að menn yrðu yfirleitt andvígir þeirri ráðstöfun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

---

55. Sala landræmu úr Öskjuholtslandi.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit [101. mál] (þmfrv., A. 208).

Á 53. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta er nú lítið mál og meinlaust, sem ég flyt hér eftir ósk bóndans í Skarði, um það að ríkisstj. verði heimilað að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit. Þessi ræma er utan við sandgræðslugirðinguna, og sandgræðslustjóri vill gjarna selja ræmuna. Fór ég fram á það við rn. að gefa heimild til þess, en það taldi sér ekki heimilt að leyfa það, nema gefin yrði til þess sérstök heimild frá Alþ., eins og bréf skrifstofustjórans, Gunnlaugs Briems, sem fylgir hér með frv., ber með sér.

Það er ástæðulaust að ræða þetta frv. nokkuð meir en gefið er hér í skyn í frv. sjálfu. Ég geri ekki ráð fyrir, að Alþingi sjái sér neinn hag í að vera á móti því, að þessi landræma verði seld, þar sem enginn getur nytjað hana nema bóndinn á Skarði.

Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 304).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og tekið er fram í nál. landbn., er hún einhuga um að mæla með þessu litla frv., og hún hefur kynnt sér það, sem tekið er fram í grg., að sandgræðslustjóri ríkisins mælir með því, að þessi landspilda sé seld hlutaðeigandi bónda. Er hér í rauninni fyrst og fremst um það að ræða að fylgja formi með því að leita álits

þingsins um þessa sölu. Má því vænta þess, að þetta frv. gangi greiðlega í gegnum þingið. — Ég sé svo ekki ástæðu til fyrir n. hönd að hafa um þetta fleiri orð.

Ingólfur Jónsson: Ég vil bara þakka hv. landbn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 420 og 425).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Við athugun á þessu frv. varð það niðurstaða meiri hl. landbn. að mæla með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir frá hv. Nd.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta litla og að því er virðist meinlausa mál, en eins og sjá má í grg., er farið fram á, að bóndinn í Skarði á Landi fái keypta spildu eða landræmu úr Öskjuholtslandi, sem nú er eign ríkisins. Það liggur að vísu ekki fyrir nákvæmlega, hvað þetta land er stórt, en eftir því, sem kunnugir hafa sagt mér, þá mun hér vera um að ræða nálægt 10 ferkm af gróðurlandi, sem Skarðsbóndann vantar til beitar. Sem meðmæli með því, að frv. verði samþ., má benda á fylgiskjöl frá sandgræðslustjóra og hæstv. landbrh., sem báðir mæla með, að frv. verði samþ.

Það er nú í Landsveit eins og víða annars staðar, að öllu verður að halda til skila, svo að býlunum fækki ekki, og þess vegna finnst mér nauðsynlegt, að sýndur sé skilningur á aðstöðu bóndans í Skarði, þegar hann fer fram á landræmu til þess að vera öruggari um jörð sína, og virða þann vilja, sem hann með því sýnir til búskaparins. Ég viðurkenni, að það getur verið um fleiri sjónarmið að ræða. En með tilliti til umsagnar sandgræðslustjóra, þá ætti þessi ráðstöfun að vera öllum meinfangalaus.

Ég ræði þetta svo ekki frekar, nema tilefni gefist, en niðurstaða n. varð sem sagt þessi, að 4 af 5 nm. leggja til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 1. þm. N-M., hefur sérstöðu og gefur út sérstakt nál.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess, að þegar þetta mál var til umr. í n., var 7. landsk. ekki viðstaddur og hefur þar af leiðandi ekki heyrt öll rök í málinu, þó að hann hafi síðar lýst sig samþykkan meiri hl.

Ég lít svo á, að þegar ráðstafa á landi hins opinbera, beri að taka tillit til margra aðstæðna og ekki hvað sízt, þegar um uppgróið sandland er að ræða. Innan sandgirðinganna í Landsveit munu vera um 10 eyðibýli, og er landið víða gróið upp, svo að 3 jarðir eru nú þegar byggilegar, en 4 sem óðast að gróa og því ekki nema tíma spurning, hvenær þær verða byggilegar. Öllum þessum jörðum þarf á sínum tíma að sjá fyrir beitilandi, og þess vegna tel ég, að gá þurfi að sér, áður en selt er af því beitilandi, sem þarna er fyrir hendi. Enn er á það að líta, að þetta land nýtist lítt frá Skarði. Það liggur langt frá bænum og upp að landi Yrja og Skarðssels, inn í heiði, þar sem það nýtist aðallega til sauðfjárbeitar. Eftir að flytja varð Skarðsbæinn undan sandinum og hann var færður þangað, sem hann stendur nú, vantar beitiland heima við bæinn, svo að mikill bagi er að fyrir Skarðsbóndann. Enn hefur hann notið þar lands, sem sandgræðslan á og hefur verið utan girðingar sandgræðslunnar, en sé þar girt á mörkum, tapar Skarð nytjum af landinu og jafnvel, að því er sumir segja, horni af túninu, og þá er Skarð illa sett. Það er þess vegna ekki óvissan um stærð lands þessa, sem hér um ræðir, sem ræður afstöðu minni í málinu, heldur upplýsingar Gunnlaugs Kristmundssonar um aðstöðuna þarna og framtíðarhorfurnar. Landið liggur aðeins 1½ km frá Mörk, sem keypt var á sínum tíma af Vigfúsi í Engey fyrir 200 kr., en er nú að verða gróin, og geta kunnugir þess til, að þar geti orðið 1000—2000 hesta slægja eftir fá ár. Það eru því miklar horfur á, að þar rísi býli, en það býli vantar beit vegna sandgirðingarinnar. Ég minntist á þessa hlið málsins við Runólf sandgræðslustjóra, og viðurkenndi hann, að þetta hefði hann ekki athugað. Ég tel því, að það þurfi að athugast í heild, hvernig land það, sem sandgræðslan á utan girðingar og innan, verði notað og þá sé tekið til athugunar, hvort það geti ekki komið til mála að skipta því öðruvísi milli jarða en nú er gert eða ráð er fyrir gert í frv. þessu. Allt þetta tel ég, að eigi að athugast sem bezt af sandgræðslustjóra og ef til vill líka öðrum, og að þeim athugunum loknum eigi að taka málið upp aftur til þeirrar lausnar, er þá reynist heppilegust. Í sambandi við þetta þarf að athuga bæði heimalandið á Skarði og sama gildir um Króktún og prestssetrið og fleiri jarðir. Ég gæti vel hugsað mér, að þær yrðu allar látnar fá land, ef til kæmi, en ég get ekki lagt til, að þessi landræma sé seld, sem er Skarðsbóndanum ákaflega lítils virði, en gæti ráðið úrslitum

um það, hvort hægt yrði að byggja Mörk eða ekki og hafa þar sauðfé.

Það er þess vegna mín till., að þessu máli sé vísað til ríkisstj. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þótt Skarðsbóndinn fái þetta land, en ég vil láta athuga, hvort ekki er hægt að bjarga þeirri beitarþröng, sem Skarð er í, með því að láta það hafa land, sem sandgræðslan á niðri frá. Ég veit, að samnm. mínir eru að nokkru leyti inni á þessu og gera ráð fyrir, að þótt frv. verði samþ., verði hægt að gera þessar rannsóknir og verði heimildin þá ekki notuð, ef til kemur og rannsókn sýnir, að landið getur þurft undir beitiland jarða, sem aftur eru að byggjast. Ég vil aftur á móti engu treysta í þessu efni. Ég vil láta rannsaka beitarþörfina og vita, hvort ekki er hægt að fullnægja henni með því að láta land af sandgræðslunni niðri frá, og ekki gera neinar bindandi samþykktir í þessu máli fyrr en þeirri rannsókn er lokið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætlaði nú ekki að fara út í umræður um þetta, en af því að ég er form. landbn. og hef talað um þetta mál við sandgræðslustjóra, þykir mér rétt að segja um þetta nokkur orð. — Mér kemur annars nokkuð á óvart kappið um þetta hér í Ed. Í Nd. var þetta frv. afgr. með samhljóða atkv., og þar sátu báðir þm. Rang. og réttu þar upp hönd við atkvgr., en nú er þetta allt í einu talinn voði fyrir landið, ef frv. nær fram að ganga. — Ég spurði sandgræðslustjóra að því, hvort hann hefði nokkuð breytt skoðun sinni á málinu. Hann svaraði því neitandi. Og hann tjáði mér, að þessi blettur, sem hann ætlaði að selja, færi ekki fram úr 10 hekturum lands. Það væru mikil not að þessu fyrir Skarðsbóndann, en gerði sandgræðslunni á hinn bóginn ekkert til, þótt þessi blettur væri seldur. Sandgræðslustjóri hefur í rauninni fengið heimild til þessarar sölu frá ríkisstj., og það má segja, að þrír fjórðu leiðar hafi þegar verið gengnir, svo að ekki er ástæða til að snúa við nú. Ég er þess fullviss, að hér verður ekki farið út í neinar öfgar af sandgræðslustjóra. Komi rök fram fyrir því, að rangt sé að selja, mun verða hætt við það eða spildan skorin við neglur, t. d. niður í einn hektara. Ég sagði sandgræðslustjóra, að ég mundi hafa það eftir honum, að umrædd spilda mundi ekki fara fram úr 10 hekturum lands, og eftir því, sem hann lýsti málinu, held ég því sé óhætt í höndum hans.

Ég mun af þessum ástæðum mæla með því, að þessi sala verði leyfð.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka nokkuð fram, eftir ræðu hv. form. minni hl., en því hefur nú þegar verið svarað. En úr því að ég er risinn hér úr sæti, þá vil ég segja það, að ég vona, að þær fögru vonir hv. 1. þm. N-M. mættu rætast, að sandgræðslan í Landsveit sé á þeim rekspöl, að ekki líði á löngu, þar til jarðir fari að byggjast þar aftur. En þótt svo kynni að fara, verður eigi að síður að miða nokkuð við varðveizlu þess, sem er, og þá er á það að líta, að Skarðsbóndinn telur sér nauðsynlegt að fá þessa spildu, því að eins og hv. 1. þm. N-M. tók líka fram, er Skarðslandið mjög ónýtt orðið og úr sér gengið, og þess vegna er það, að bóndinn telur sér nauðsynlegt þetta beitiland, ekki vegna sauðfjárstofnsins fyrst og fremst, heldur til kúabeitar, a. m. k. fyrst um sinn. Landið er gróið nokkuð vel til beitar, og þarf ekki að halda því fram samtímis, að það sé lítilsvert fyrir Skarðsbóndann, en mikilsvert fyrir aðra jörð.

Ég ætla ekki að fara að velta vöngum um þau viðhorf, sem kynnu að skapast, þegar það kæmi til, að eyðibýli byggðust á ný. Þá koma tímar og koma ráð til að ganga á mörkin og nýju svæðin, sem koma undan sandinum með fögrum gróðri, og samræma þörf og landamerki. Við hv. 1. þm. N-M. vitum báðir álíka mikið um þetta, þar sem það heyrir framtíðinni til. En sandgræðslustjóra verður hér að taka sem réttan aðila, og ef kunnugleiki hans er ekki nógu mikill, og hann hefur ekki nægа þekkingu og skynbragð til að ákvarða í þessu máli, svo að d. eigi að fara að hræra hér upp í pottinum, þá er hann ekki heldur hæfur til síns embættis. Þegar bæði sandgræðslustjóri og landbrh. hafa samkvæmt fyrir liggjandi skjölum ákveðið að mæla með þessari sölu, ætti það að vera nóg öryggi fyrir því, að ekki sé að neinu flanað. — Það hefur oft verið séð í gegnum fingur við bændur, sem hafa borið fram óskir sínar rökstuddar eins og þessa. Og nú stendur þarna svo á, að öllum ætti að vera ljúft að verða þarna við óskum bóndans á Skarði.

Hv. 1. þm. N-M. gerði þá till., að frv. yrði vísað til ríkisstj. En það er í rauninni búið að vera þar og fá þar bezta beina, og væri skrípaleikur að vísa því þangað aftur, nema það væru þá orðin stjórnarskipti og þessi hv. þm. orðinn ráðh. Ég get að minnsta kosti ekki betur séð, því að væri ríkisstj. á því, að þetta mætti ekki gera, hví skyldi hún þá vera að gefa undir fótinn með það og fara fram á heimild til þess frá Alþ.? Mér virðist varla hægt að skoða þetta öðruvísi en ríkisstj. sé með málinu, enda hefur það farið svo í gegnum Nd., að því var aldrei andæft af landbrh., svo að ég viti til. Ríkisstj. hefur átt þess hinn æskilegasta kost að neita þessari heimild á Alþ., og sandgræðslustjóri er hennar umboðs- og trúnaðarmaður og leggur þetta til. Ég sé því ekki, að ástæða sé til að óttast hér nokkuð og fara um þetta mörgum orðum. Ég vil aðeins að síðustu óska þess, að þessi heimild til sölunnar verði samþ. hér í hv. þd., þar sem sýnilegt er, að hún getur ekki orðið að neinu tjóni.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli hv. dm. á því, að ef þessi upplýsing um 10 hektara spildu er rétt, þá ætti landssvæðið, sem liggur upp með sandgræðslugirðingunni, ekki að verða breiðara en 40 metrar. Það er svo fjarri því, að þessi stærð sé rétt. Hins vegar skildist mér á hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Árn., að ef frv. yrði samþ., þá ætluðust þeir ekki til þess, að seldir yrðu nema 10 hektarar af landi; ég skildi þá svo og vil undirstrika það.

Það tekur nú ekki að elta ólar við fjarstæður hv. 2. þm. Árn., eins og þessa um kúabeitina. Heldur hann, að kýrnar verði reknar 10 km upp á heiði? En þetta er aukaatriði. Hitt er annað mál, að hann heldur því fram, að ríkisstj. hafi sagt vilja sinn í þessu máli. Það liggja nú fyrir tvö slík frv. Annað er flutt af ríkisstj. sjálfri, hitt af einstökum þm., og hann leggur fram bréf frá ríkisstj. um það, að ekki sé fært að selja landið nema með sérstökum lögum. Nú skal ég ekkert segja um það, hvað ríkisstj. í heild vill, enda byggist það ekki á því, er ég legg til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það byggist á því, að ég tel nauðsynlegt, að landið, sem kemur upp við sandgræðsluna, notist sem bezt og þurfi að athuga, hvernig það megi verða. Ég taldi líka, að Mörk mundi þurfa á þessu landi að halda, ef ætti að verða unnt að hafa þar sauðfé, og þarf hv. 2. þm. Árn. ekki að tala um vangaveltur í því sambandi, þar sem fullkomlega tímabært er að gera ráð fyrir þessu. Heiðalandið vil ég hafa kyrrt, svo að Merkurbóndinn geti notað það, þar sem ekki yrði annað beitiland að fá fyrir bónda, sem þar byggi. Hins vegar er einsætt að taka til athugunar þörf hinna jarðanna á þessu svæði fyrir beitiland og hvernig landi sandgræðslunnar mætti, ef til kæmi, skipta á milli þeirra. Ekkert af þessu hefur hv. 2. þm. Árn. reynt að hrekja. Það eina jákvæða, sem fram kom í ræðu hans og hv. þm. Dal., var það, að ekki ætti að selja nema 10 hektara. En þá held ég, að það væri nú eins gott að bíða þess, að málið væri rannsakað í heild.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég vil nú segja það við þessari ræðu og reyndar fyrri ræðu hv. 1. þm. N-M. líka, að þetta mál snýst að minni skoðun aðallega um það, hvort sandgræðslustjórninni sé það óhætt vegna hennar sjálfrar að gera það, sem fram á er farið hér, en alls ekki um landamerkjamál í framtíðinni í Landsveit. Það er málefni fyrir sig. Svo er hv. 1. þm. N-M. að tala um, að það séu hér tvö frv. komin fram um landasölu. En hitt frv. er borið fram af einstökum hv. þm. En eins og ég tók fram áðan, er þetta frv., sem hér liggur fyrir, búið að ganga gegnum hv. Nd., og ég hef sannfrétt, að hæstv. landbrh. mælti ekki eitt einasta orð á móti því þar. Og vill svo nokkur hv. þdm. væna hæstv. landbrh. um, að það hafi verið af roluskap einum, að hann mælti ekki á móti frv. þar? Nei, í hv. Nd. sagði enginn orð á móti þessu frv. Og það sjá allir, að hæstv. landbrh. hefur ekkert á móti frv. að segja. Hæstv. landbrh. hefur lesið frv. og veit, að þetta er aðeins um heimild fyrir hann. Hann gæti látið ógert að framkvæma þessa sölu. Hann má það bara, eftir frv., en er ekki skyldugur til þess. Ég sé þá ekki, hvað er að óttast. Hins vegar held ég, að hv. 1. þm. N-M. þyki gaman — líkt og íþróttamanni þykir gaman að sýna listir sínar, skautahlaup og þess konar — að sýna hv. þd., hvað hann er mikill málafylgjumaður. Hann um það. Og honum tekst það vonum framar hér, af því að það er ekki svo mikill veigur í mótmælum hans, frá efnishlið málsins skoðað. En slíkt má ekki ráða stefnu hv. þd. í málinu. Það, að þetta er aðeins heimild fyrir ríkisstj., er meginatriði í málinu. Það er vitað mál, að hvort sem landið allt, sem er fyrir utan sandgræðslugirðingarnar á þessum stað, er fáir eða margir ha, þá er það þannig, að það er spilda, sem óskað er, að komi til greina við þessa hugsanlegu sölu, sem er nálægt 10 ha lands. Og það sýnist þá ekkert vera að óttast, þar sem þetta er alveg háð samþykki ráðh., sem hv. 1. þm. N-M. vill nú, að málinu sé vísað til. Því er, þó að frv. sé samþ., vísað til hans, hvort heimildin skuli notuð. Sandgræðslustjóri vill heimila þetta, og hann virðist telja það meinlaust að öllu leyti fyrir sandgræðsluna, og vitanlega er það mergur málsins, að það sé meinlaust fyrir sandgræðsluna. Og því er ekki heldur mótmælt hér. En hvort Skarðsbóndinn á tíu eða tólf ha. meira land eða ekki, það er ekki stórt atriði. — Það hefur oft verið rætt um það, hvort einstaklingar megi eignast lönd af löndum ríkisins. Viðkomandi Kaldaðarnesi hygg ég, að við hv. 1. þm. N-M. höfum staðið þar saman. Ég segi þetta til dæmis um það, hvað þetta eru miklir smámunir, sem hér er um að ræða, á móti öðrum sölum af hálfu ríkisvaldsins. Þannig að þetta, sem fram hefur komið hér frá hv. 1. þm. N-M., getur ekki verið gert til annars en að sýna mjúka málfærslu og leika sér að íþrótt sinni, að gera svona mál að álitamálum. En að svo miklu leyti sem hægt er að leggja merkingu í orð hv. minni hl. n. (PZ) í þessu efni, og að svo miklu leyti sem hann hefur sagt það, að þessi heimild þyrfti að vera varlega notuð, ef samþ. verður, þá er það náttúrlega sjálfsagt að nota hana varlega, enda held ég, að ekki þurfi að segja hæstv. landbrh. og sandgræðslustjóra til vegar um það að nota þessa heimild varlega.

Hv. 1. þm. N-M. leggur áherzlu á, að það megi ekki ráðstafa svona dálítilli landspildu nú þegar, vegna framtíðarskipulags viðkomandi landamerkjum á jörðum, sem skuli byggjast. Við óskum þess allir, að þessar jarðir byggist og verði að gróðurlendum. En hvern skaðar þessi heimild, þar sem þetta allt er í höndum þess opinbera, sem er sandgræðslustjóri og landbrh., þó að þessi heimild verði veitt? Fyrir mér — og ég geri ráð fyrir hinum hv. nm. í meiri hl. n. — vakti það að liðka þetta mál með því að mæla með samþykkt þessa frv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil enn benda á, að það, sem hér skilur á milli, er þetta: Á að hugsa um framtíðina, eða á aðeins að hugsa um líðandi stund? Sem sagt, það skilur hér á milli, að sumir vilja það, en sumir ekki. Þeir, sem vilja hugsa um líðandi stund og láta hana ráða úrslitum í þessum efnum, segja: Mörk hefur ekkert að gera með þetta land og sem stendur getur Skarðsbóndinn notað þetta fyrir beitiland. Og hann gerir það. En hvenær jarðirnar upp úr sandgræðslugirðingunni og sandinum byggjast aftur upp og þurfa að halda á beitilandi, hefur ekkert verið athugað, og við vitum það ekki. Við vitum, að það er komið nokkuð nærri því, að Mörk bygg-

ist aftur. Við vitum ekki, hvenær skapadægur okkar kemur, en trúlegt er, að margir okkar þdm. lifum það, að Mörk byggist, þó að margir okkar séu komnir á sextugsaldur. Og þá er ekki annað sýnt en að Skarð þyrfti að nota þetta land, sem hér kemur til greina, og þess vegna þarf að athuga miklu betur þetta mál, viðkomandi sandgræðslulandinu, hvort sem það er utan við sandgræðslugirðinguna eða innan, hvernig því verður ráðstafað.

ATKVGR.
Till. á þskj. 425 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 8:4 atkv.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BBen, BÓ, EE, GJ, JJós, LJóh, PZ, ÞÞ.
nei: BK.
SÁÓ, StgrA, HV, HermJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, BrB, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að ríkisstj. láti fyrir næsta þing rannsaka, hvernig þessi sandgræðslulönd innan girðingar og utan í Landsveit, sem eru vel nothæf, verði bezt notuð í sambandi við þau nýbýli, sem þar rísa upp, og noti ekki þessa heimild, þó að samþ. verði, þá get ég sagt já — noti hana ekki.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BBen, BÓ, EE, GJ, JJós, ÞÞ.
PZ, SÁÓ, BK, HV, HermJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (LJóh, StgrA, BSt, BrB, GÍG) fjarstaddir.

Forseti (ÞÞ): Þar sem þeir hv. þm., sem ekki greiða atkv., gera ekki grein fyrir atkv. sínu, skoðast frv. samþ. og verður afgr. sem lög til hæstv. ríkisstj.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 444).

---

56. Dýrtíðarráðstafanir (frv. fjhn. Nd.).

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir [153. mál] (þmfrv., A. 415).

Á 75. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr., og lagt var fram skrifl. nál. (sjá þskj. 454). — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

57. Lax- og silungsveiði.

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði [126. mál] (þmfrv., A. 325).

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt af landbn. eftir ósk veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, en þessir tveir aðilar hafa gengið frá frv. og útbúið það til flutnings.

Í frv. felst sú breyt., að leyft verði að fiska göngusilung til 15. sept. í stað 1. sept. eins og verið hefur. Það má með sanni segja, að hér sé fremur um leiðréttingu að ræða en breytingu, því að í upphafi, þegar l. um lax- og silungsveiði voru undirbúin af mþn., var ákveðinn sami tími, sem veiða mætti þessar fisktegundir, en það var miðað við 1. sept., en við síðustu umræðu um frv. í síðari deildinni var þessu ákvæði breytt varðandi lax og heimilað að veiða hann til 15. sept., en þá láðist að taka silungsveiðina með. Þar sem allir, sem um þetta mál hafa fjallað, telja sjálfsagt og rétt, að sömu ákvæði gildi að þessu leyti um lax og göngusilung, tel ég ekki þörf á að fara um málið fleiri orðum, en vænti, að hið háa Alþ. samþ. frv. Ég vil geta þess, að þó að l. um lax- og silungsveiði væru fullkomin smíði á sínum tíma, þá þurfa þau endurskoðunar við, en sennilegt er, að frekari breytingar verði látnar bíða eftir tveimur hæstaréttardómum varðandi viss atriði, er snerta laxveiðilöggjöfina, en þar bíða úrskurðar vafaatriði, sem miklu veltur á, hvernig hæstiréttur úrskurðar. En það má ætla, að ekki dragist lengi að fá þá úrskurði, og ætti því að vera óhætt að vænta endurskoðunar á þessum lögum eftir tvö ár. Hins vegar þótti ekki rétt að bíða með þessa litlu en þó sjálfsögðu breytingu svo lengi.

Ég vænti svo, að málinu verði vísað til 2. umr., en þar sem málið er flutt af nefnd, geri ég ekki till. um, að því verði vísað til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 407).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. N. hefur athugað frv. þetta, sem er stutt og laggott, og var sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Þó að það komi ekki fram í grg., er frv. samið af veiðimálastjóra, hann sagði okkur það sjálfur, og þótti því ekki ástæða til að senda það aftur á þann vettvang. Eins og l. eru nú, er erfitt fyrir veiðimenn að veiða í ám, þar sem bæði er lax- og silungsgengd, og þó að erfitt sé með laxinn, þá er silungurinn enn örari að grípa. Veiðimálastjóra finnst því ógerlegt að leyfa laxveiði til 15. sept., en banna silungsveiði á þeim tíma, enda mun nú litið svo á, að hún sé ekki til skemmda. Hitt er annað mál, hvort rétt er að veiða lax eins lengi og hér er gert ráð fyrir. Réttast væri að flokka árnar, og sýnist nauðsynlegt, að það verði rannsakað, hvernig því verði bezt hagað, og var svo að skilja, að veiðimálastjóri ætlaði að athuga það mál. En n. leggur til, að frv. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða þá breyt., er gert er ráð fyrir á þskj. 325, en mér þykir rétt að minnast á, að í fyrra ræddi fjvn. við veiðimálastjóra og óskaði eftir að vita, hvort ekki væri hægt að gera breyt. á l., en kostnaðurinn við þau er síðan 1941 orðinn á annað hundrað þús. kr. til mannahalds og húsnæðis, og veiðimálastjóri hefur tjáð n., að mjög sé þörf á auknum fjárframlögum. Veiðimálastjóri var nýlega á fundi fjvn. til þess að ræða við n., og spurðum við hann þá, hvort ekki væru neinar till. um það að afla tekna til þess að mæta þessum kostnaði, sem í ár er 124650.00 kr. — Ég vildi því minnast á það við hv. frsm., hvort hann vildi ekki fresta umr. nú og hafa samráð við fjvn. um að fá tekjur frá viðkomandi aðilum, eigendum ánna eða veiðimönnum, til þess að minnka kostnað ríkissjóðs og til þess að auka þetta starf. N. hefur því miður orðið að gera till. um að skera niður þessar 124 þús. kr., en veiðimálastjóri telur, að starfinu verði mjög hnekkt, ef ekki er aflað nægilegra tekna til þess. Ég mæli þetta af velvilja, en ef n. sér ekki ástæðu til þess, fer frv. náttúrlega í gegn, en mér þætti hitt eðlilegra.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Mér sýnist, að mál þetta, sem er lítil lagfæring á veiðitímanum, taki á sig annan svip, ef það verður í raun og veru hálfgert skattamál. Ég læt það afskiptalaust, hvort umr. verður frestað. Ef hv. þm. Barð. óskar þess, er ég ekki á móti því, en þar sem frv. er komið til Ed. og umr. nærri búnar, er það dálítið spursmál. Landbn. er líka óviðbúin að ræða það, hvernig tekna skuli aflað, hvort gjöld skuli lögð á landeigendur, veiðimenn eða tekið sérstakt gjald af hverjum veiddum laxi. En ég læt skeika að sköpuðu og læt hæstv. forseta og hv. þm. Barð. ráða því, hvaða hátt þeir vilja hafa um þetta.

Gísli Jónsson: Eftir að hafa heyrt undirtektir hv. frsm., óska ég ekki eftir því, að málinu verði frestað. Ef landbn. hefur ekki áhuga á því að koma því þannig fyrir, að hægt sé að auka þetta starf, þá situr sízt á mér. Ég vildi bara benda á þetta og mun ekki tefja tímann frekar, en ég vænti þess, að þeir, sem ekki vilja stuðla að því að útvega þessar tekjur, standi með fjvn. í sparnaðinum, sem hún leggur til.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi bara segja það, að ég styð þau tilmæli, sem hv. þm. Barð. hefur komið með. Ég sé ekki, að það sé skaði, þótt þetta sé tekið til athugunar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Fyrst vil ég geta þess, að ég tel, að það sé nauðsynlegt að endurskoða l. um laxveiðar almennt. Það er alltaf verið að breyta þeim og smálappa upp á þau, en ég tel nauðsynlegt að færa þetta saman og endurskoða l. í heild og vil beina því til ríkisstj. — Ég tel það ekki rétt, að við í landbn. förum að hnýta skattaákvæðum inn í frv. Það mun vera ætlunin að gera ýmsar ráðstafanir til sparnaðar, ekki bara varðandi þessi l., heldur grúa af öðrum l., og við í sparnaðarnefndinni lögðum til, að grúi af nefndum yrði lagður niður. Það hefur þegar verið talað um þetta við ráðuneytið, sem er því sammála, að þetta verði gert. En ég hef orðið var við það, að ráðuneytið telur, að til þess að framkvæma þennan sparnað vanti l. eða breyt. á l. Mér skilst, að þessar breyt. séu hugsaðar sem bráðabirgðabreyt., og held því, að þær eigi saman í einum „bandormi". Það er því ekki ástæða fyrir okkur í landbn. að taka þetta mál til sérstakrar meðferðar. Ég tel, að flytja eigi allar þessar breyt. í sérstöku frv., í stað þess að flytja um 20 eða 30 lagafrv. til þess að breyta hverjum einstökum l.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka undir ummæli hæstv. fjmrh., að málið fari til hv. landbn. Ég hygg, að till. hv. þm. Barð. væri leið til að afla tekna varðandi starfsemi veiðimálastjóra. Ég á bágt með að skilja þá afstöðu tveggja hv. nm., að ekki sé hægt að semja um greiðslur, er hefðu það í för með sér, að tekjur kæmu af þessari starfsemi. Ég vil segja, að mörg atriði koma til greina, að gjöld megi leggja á, er lækkuðu þennan kostnað. Ég vil svara hv. 1. þm. N-M. því, að þetta á ekki að vera nein bráðabirgðabreyt. Þó að þetta verði endurskoðað, þá er enginn fastur liður, að engar tekjur komi á móti kostnaðinum. Ég vil að málið fái rækilega meðferð í hv. n., hvort ekki megi lækka kostnaðinn. Mikill hluti laxveiðinnar hér á landi er leikfang auðugra manna, sem eru að gutla í ánum og veiða lax, þar sem þeir kaupa þær upp á stórum svæðum. *Ættu* þeir að gjalda skatt af þessu sporti sínu. (*BÓ: En að það lenti á eigendunum sjálfum?*) Já, eða eigendum ánna.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það sér á hv. 1. landsk., að hér er ekki beinlínis verið að tala um sjávarfiska. Ég held, að tollatill. hefðu ekki komið fram, ef svo hefði verið. Annars skal ég nú ekki fara frekar út í þá sálma. Sjálfsagt beygi ég mig fyrir valdboðum hæstv. ríkisstj. Ég sé þó enga ástæðu til að draga málið og stöðva frv. við þessa umr. Það mun vera óumdeilt, að hver einasti hv. þdm. sé með frv. — Við eigum að finna hér nýjar tekjulindir til handa ríkissjóði. Ég held, að n. geti haldið fund um frv., þó að 2. umr. verði ekki frestað. Vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort eigi megi taka til athugunar um tekjuaukninguna á milli 2. og 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það skiptir ekki máli að mínu áliti, hvort athugun fari fram þannig, að málið verði tekið af dagskrá nú, ef hún fer fram á milli 2. og 3. umr. Mun alveg víst, að hv. þm. Barð., form. hv. fjvn., sé svipaðrar skoðunar í því efni. Ég fellst þó á þá hugmynd hans, og hv. 1. landsk., að frá sjónarmiði hv. fjvn. liggi beinast við, að kostnaðurinn af þessu sé einhvern veginn endurgreiddur í ríkissjóð. Mun það höfuðlausn málsins. Á þeim forsendum vil ég ekki gera stríð úr því, að þetta verði athugað á milli 2. og 3. umr.

Forseti (BSt): Skv. ósk og áliti hv. frsm. landbn., sem hæstv. fjmrh. hefur nú fallizt á, þá verður umr. haldið áfram, þar til er henni lýkur. Það er vitanlega rétt, að þetta er 2. umr. málsins, og 3. umr. er til þess að athuga það betur í heild sinni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er því sammála, að engu breyti, þó að málið gangi til 3. umr. En af því tilefni frá hv. frsm., hvort engar aðferðir finnist til að tolla þennan atvinnuveg, vil ég taka fram, að hægt er að breyta því á tvo vegu: annaðhvort með því að afla tekna eða draga úr kostnaðinum skv. l. Það er upplýst frá veiðimálastjóra sjálfum, að hann hafi orðið að ráða sér sérfræðing, því að sjálfur sé hann ekki sérfræðingur í þeim efnum. Gæti verið athugandi, hvort ekki eigi að leggja þessa stofnun undir fiskideild Atvinnudeildar háskólans, og mætti þá fækka því fólki, er nú er bundið í henni. Við þessa stofnun einnig er hvorki meira né minna en 1000 kr. húsnæðiskostnaður á mánuði. Gæti atvinnudeildin tekið þetta að sér fyrir svo sem 40 þús. kr. viðbót á

ári. Hér kemur því fleira til greina en að skattleggja sjálfan reksturinn. Ef hv. frsm. vill athuga það, þá eru yfir 300 þús. kr. lagðar í skatt á eigendur skipanna vegna eftirlits þeirra og 600 þús. kr. á eigendur bíla vegna rekstrar þeirra. Mikill skattur er lagður á framleiðslu matvæla, og þannig er það víðar og víðar. Verður því vinsamlegast að athuga, hvort eigi megi koma þessu þannig fyrir, að þessir aðilar taki þátt í kostnaðinum, og þá á þann hátt, að bætt sé um þessa atvinnugrein, þannig að hvorir tveggja hafi hag af.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. og 73. fundi í Ed., 7. og 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 11. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 325, 433).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, var við upptök sín ákaflega meinlaust og smátt mál. Það var aðeins um það, að menn mættu veiða göngusilung til 15. sept. í stað 1. sept., og virtust í rauninni allir vera sammála um það atriði. Nú hefur hv. þm. Barð. borið fram brtt. á þskj. 433, og þar er þessu breytt á allt annan hátt. Fyrst og fremst er lagt til að leggja niður embætti veiðimálastjóra og setja það undir háskólann, og svo er lagt til, að kostnaður allur við veiðimálastarfsemina leggist á veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig. Landbn. kom saman og ræddi þessa brtt. og gat ekki fellt sig við hana, og flestir nm. létu uppi þá skoðun að þeir teldu ekki rétt að samþ. þessa brtt. Færðu þeir fram þær ástæður m. a., að bráðlega yrði að gera endurskoðun á lax- og silungsveiðil., það yrði t. d. að flokka niður ár eftir veiðihætti og veiðimagni, og nú væri hafin starfsemi ekki svo lítil undir eftirliti veiðimálastjóra um klak o. fl. í árnar og það gæti orðið til að kippa úr þessu starfi, sem hefur verið unnið mest sjálfstætt, ef það væri fært undir Atvinnudeild háskólans. N. leit því svo á, að þessi breyt. gæti aðeins verið til óþæginda og það væri ekki rétt að fara nú að taka einn mann út úr til sparnaðar. N. gat heldur ekki fellt sig við orðalag c-liðar brtt., þar sem það er ónákvæmlega orðað, en þar segir, að leggja skuli gjald á veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra. Veiðieigendur veiða sjaldnast sjálfir, heldur er þetta leigt út sameiginlega, og vita svo ekki einu sinni skýrt um það, hvað mikið er veitt í hverjum hyl, og yrði því erfitt að fást við þá álagningu, enda sýnist ekki vera í fjárlfrv. gert ráð fyrir lækkun út af þessum veiðimálakostnaði.

Þá vildi ég snúa mér til hv. flm. strax, af því að hann er frsm. fjvn., út af því, að það sýnist vera í fjárlfrv. veitt fé til eftirlitsmanna, hvort það muni vera þannig, að eftirlitsmönnum við sumar árnar sé veitt fé úr ríkissjóði. En l. segja fyrir um það, að sýslusjóður eigi að borga þann kostnað, og svo eiga veiðieigendur að borga sýslusjóði. N. treystir sér ekki til að mæla með þessari brtt., en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, sérstaklega vegna þess, að ef það er samþ. óbreytt við þessa umr., þá verður það að l.

Gísli Jónsson: Ég hef borið fram brtt. á þskj. 433. Mér þykir leitt að heyra, að landbn. hefur ekki séð sér fært að taka þessar till. til greina, þannig að ljá þeim fylgi við þessa umr. Ég skal þó taka það fram, að þessar till. eru ekki bornar fram til að tefja fyrir frv., sem hér liggur fyrir, og skal ég lýsa því yfir, að falli þessar till., þá mun ég samt ekki setja mig á móti frv. á þskj. 325, því að ég hef ekkert á móti því, að það nái fram að ganga. Ástæðan til þess, að ég hef borið þessar till. fram, er ekki sú, eins og gefið var upp hjá hv. frsm., að ég sé að gera tilraun til að taka út einn mann til að spara. Fjvn. hefur gert róttækar till. til sparnaðar á rekstri hinna ýmsu stofnana, en sumt af því, sem hún vildi koma fram, er ekki hægt að koma fram nema með því móti að gera lagabreyt. á ýmsum öðrum l., sem nú eru í gildi. Þess vegna er rétt að bera fram um það brtt. nú, fyrst l. eru til athugunar í hv. deild hvort sem er.

Eins og skýrsla veiðimálastjóra ber með sér, þá er ætlazt til, að í þessi mál fari 50 þús. kr. laun á ári. Nú hefur veiðimálastjóri upplýst, að hann hafi orðið að fá sér sérfræðing til aðstoðar til þess að annast þessi störf með sér, hvort sem það er af því, að hann er ekki nógu mikill kunnáttumaður sjálfur, eða ekki, — um það veit ég ekkert, en sjálfur hefur hann gefið þessar upplýsingar og auk þess gert ráð fyrir aðstoð að öðru leyti. Þetta starf heyrði áður undir Atvinnudeild háskólans, fiskideildina, og þar finnst mér, að það eigi heima. Það er ekki verið með þessu að ákveða, að leggja eigi embætti veiðimálastjóra niður, — það er ekki meiningin, — heldur er með þessu hægt að spara ýmis útgjöld, svo sem laun skrifstofumanna, húsnæði og ýmislegt annað smávegis. Veiðimálastjóri getur flutt með sér sérfræðinginn, þó að hann flytji í fiskideildina í Atvinnudeild háskólans. En eins og ég sagði, það er hægt að spara 8 þús. kr. til skrifstofumanns, 1000 kr. á mánuði í húsaleigu, og auk þess er rannsóknarkostnaður 15 þús. kr. Þetta finnst mér eigi að gera, sérstaklega þegar það er nú vitað, að vel megi fara þessa leið nú, þar sem fiskideildin hefur nú fengið meira húsnæði en hún hafði haft áður, en það var meginástæðan fyrir því, að þessi breyting var gerð, að veiðimálastjóri flutti úr fiskideildinni.

Þá þykir mér rétt að bera fram brtt. við

1. mgr. 76. gr. laganna, en í henni stendur nú, með leyfi hæstv. forseta: „Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði.“ Þar legg ég fram brtt. og legg til, að í staðinn fyrir þetta komi: Atvinnudeild háskólans (fiskideild) skal hafa í þjónustu sinni kunnáttumann um veiðimál og vatnalíffræði. — Með þessu er ekki ætlazt til þess, að embætti veiðimálastjóra sé lagt niður, heldur eingöngu að hann flytjist yfir í Atvinnudeild háskólans. Með því er ekkert verið að fara yfir á verksvið hans. Ég geri ekki ráð fyrir, að hans áhrif verði neitt minni fyrir þetta, því að það er ekki ætlazt til þess, að hann sé neinn yfirmaður stofnunar, heldur er hann yfirmaður veiðimála og verður það eftir sem áður.

Ég ber hérna líka fram brtt. við 79. gr. varðandi kostnað við stjórn veiðimála. Um þá hlið málsins hefur verið rætt við veiðimálastjóra, en hann telur, að kostnaður við innheimtu gjalda þeirra, sem um getur í gr., sé svo mikill, að það sé ekki fært að framkvæma hana. En ef litið er á 79. gr., þá stendur nú þar, með leyfi hæstv. forseta: „Veiðimálastjóri semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum, að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.“ Þegar svo hv. frsm. segir, að hann kunni ekki við orðalagið, þá kann hann ekki við sitt eigið orðalag. (*ÞÞ:* Ég man ekki til þess, að ég hafi samið þessi lög, því að það var löngu áður en ég kom á þing.) Lögin voru endurskoðuð 1941, og þá var hann í n., sem fjallaði um málið. Það er þess vegna ekki mín sök, þó að orðalagið sé óviðeigandi. Hins vegar er ég albúinn til samkomulags um að breyta orðalaginu. (*ÞÞ:* En þetta hefur ekki verið svona í framkvæmdinni.) Ég sé, að það er hárrétt. Þetta hefur ekki verið svona í framkvæmdinni. Það hefur verið greitt 10 þús. kr. til eftirlits í Borgarfirði og Árnessýslu af ráðh. án nokkurrar heimildar. Það er gerræði og algerlega á ábyrgð ráðherra. (*ÞÞ:* Kannske með samþykki fjvn.?) Nei, ekki með samþykki fjvn. En það, sem þarf að athuga, er, hvort ekki sé hægt að strika þennan póst út. (*PZ:* Vitanlega á að strika hann út.) Þetta gjald ber að innheimta skv. ákvæðum laganna, og það eru sýslurnar, sem eiga að innheimta það. Þetta gjald ber að innheimta, og það á að renna í ríkissjóð, því að það hefur verið hann, sem hefur staðið undir kostnaðinum við þessi mál. Á þessu hef ég byggt brtt. mína.

Hv. frsm. spyr, hvort fjvn. hefði ekki getað breytt þessu. Ég vil upplýsa það í þessu sambandi, að fjvn. hefur ekki lagt til neinar brtt., en skv. skýrslu veiðimálastjóra, þá er það mjög athugandi, hvort ekki muni vera hægt að lækka kostnaðinn um 10 þús. kr. Ég vil vænta þess, að það verði ekki mikil átök um þessar niðurfærslur á útgjöldum ríkissjóðs, þó að þetta sé í sjálfu sér ekki afgerandi fyrir afkomu hans, en ef ekki verður gengið inn á þessar niðurfærslur, eins sjálfsagðar og þær eru, þá má ekki búast við því, að greiðlega gangi með önnur mál af því tagi. Þessa afsökun frá hv. n. um, að hægt sé að breyta þessu seinna, get ég ekki tekið gilda. Tækifærið er í dag. Þetta lamar ekki starfsemi veiðimálastjóra á nokkurn hátt, en getur hins vegar sparað ríkissjóði nokkur þús. kr., og þess vegna get ég ekki skilið, að hv. þm. standi á móti þessari brtt. Ég vil benda hv. frsm. á, að það er ekki neitt auðvelt verk fyrir fjvn. að koma saman fjárl. með auknu tillagi til verklegra framkvæmda, og þær till., sem gerðar eru um niðurfærslur á gjöldum ríkisins, munu mæta mikilli mótspyrnu, ef alls staðar verður veitt jafnmikil mótspyrna sem í þessu máli.

Að endingu vil ég vænta þess, að þessi ágæti og prýðilegi þm. sýni sanngirni í þessu máli, eins og hann hefur jafnan gert í öllum málum áður.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki viljað bregðast trausti hv. þm. Barð., en ég vil benda hv. þm. Barð. á, að þó að á þetta verið fallizt, þá er ekki hægt að svipta veiðimálastjóra embætti, því að hann er ráðinn til 5 ára og er ekki búinn að vera nema á þriðja ár, það er því ekki hægt að segja upp, fyrr en hann hefur fyllt þetta 5 ára tímabil, og það er ekki hægt að svipta hann stöðu eða launum fyrr. Hann er að því leytinu fastari í stöðu sinni en flestir aðrir. Annars er það staðreynd, að hv. þm. getur oft verið hógvær og sanngjarn í kröfum sínum, og ég vænti þess einnig, að svo geti orðið hér. Hv. þm. veit, að alls staðar eru atvinnuvegirnir á hausnum. Alls staðar þarf að styrkja. Laxveiðieigendur og laxveiðimenn eru næstum því þeir einu, sem eru ánægðir. Ég held því, að það sé ekki heppilegt að fara að gera þá óánægða líka. Og ég held nú líka, að ef hv. þm. leggur sig í líma, þá held ég, að hann geti komizt að sanngjarnri niðurstöðu, og ég veit nú reyndar ekki betur en að fjvn. hafi fullt leyfi til þess að gera sínar ráðstafanir til þess að draga úr skrifstofu- og húsaleigukostnaðinum, ef henni lízt svo.

Eiríkur Einarsson: Ég hef nú lítið blandað mér inn í umr. fram að þessu. Hv. frsm. er búinn að taka flest það fram, er máli skiptir. En það er aðeins eitt, sem ég vil vekja athygli á viðvíkjandi c-lið á brtt. hv. þm. Barð., að ef þetta verður að lögum, þá er þetta ákvæði sett með það fyrir augum að standast kostnað við stjórn veiðimála, og skuli leggja þetta gjald á veiðieigendur. Um þetta er það að segja, að þar, sem veiðisamþykktir hafa verið gerðar, þá er allt þetta fé látið renna til þess að viðhalda ræktunarskilyrðunum í viðkomandi veiðiám og vötnum. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði, svo að menn gætu tekið það til athugunar í þessu sambandi. Svo er annað. Austur við Ölfusá og Hvítá, þar nýt-

ur ábúandinn einskis fyrir leiguna á ánni, því að ágóðinn af leigunni rennur allur til ræktunar á sjálfum veiðistaðnum, en ég er hræddur um, að bændum reynist það nokkuð erfitt, ef þeir eru sviptir öllum tekjum til þess, hvað þá líka ef þeir ættu þar á ofan að fara að bera aukaskatt. Það er ekki nein sanngirni í því. — Ég vildi aðeins vekja máls á þessu, en ætla ekki að öðru leyti að lengja umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. meira en orðið er, en ég vildi aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar, að þetta er alveg eins orðað og segir í lögunum, það stendur svona í lögunum. Hitt er svo annað mál, hvort það mega vera þeir, sem veiða aflann. Hér er um að ræða skemmtiveiðar að miklu leyti, skemmtiveiðar, sem stundaðar eru af efnuðu fólki, og það er sannarlega ekki of gott til þess að bera þennan skatt. Ég vil benda á það, að ég veit ekki betur en að það eftirlit, sem komið er á vegna atvinnuvega, — ég veit ekki betur en að sá kostnaður, sem af því leiðið, sé greiddur af atvinnuveginum sjálfum. Það eru engar tekjur, sem hið opinbera hefur af þessum veiðum. (*ÞÞ:* Útflutningsgjald.) Það eru ekki nein rök fyrir þessu máli, því þó að eitthvert útflutningsgjald sé greitt af laxi, þá er það svo hverfandi lítið, og það er hreinn og beinn smásálarskapur — hreinn smásálarskapur, ef það á að fara að drepa málið af þessari ástæðu.

Hv. frsm. tók það fram, að veiðimálastjóri væri ráðinn til 5 ára og það væri því ekki hægt að breyta þessu, fyrr en hann hefur verið allan ráðningartímann. En eins og ég hef þegar tekið fram, þá er ekki verið að taka neitt af honum, þó að hann verði fluttur yfir í aðra stofnun. Hann getur starfað alveg sjálfstætt, þó að hann sé fluttur yfir í Atvinnudeild háskólans. Hitt er alveg út í bláinn, að fjvn. eigi að fara að benda á húsnæði handa veiðimálastjóra. Það er blátt áfram hlægilegt.

En ef ekki er hægt að gera þessa leiðréttingu, ef ekki er hægt að stíga svona smátt spor til niðurskurðar á útgjöldum ríkisins, þá er varla við því að búast, að stigin verði stór spor í stærri málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (BSt): Það hefur borizt bréf viðvíkjandi þessu máli, og hv. þm. Barð. hefur leyfi til að lesa það, en að öðru leyti verða ekki neinar umr.

Gísli Jónsson: Við umr. síðast skýrði ég frá því, að veiðimálastjóri hefði tekið sérfræðing sér til aðstoðar. Út af þessu óskar veiðimálastjóri, að eftirfarandi bréf sé lesið, og vil ég leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta. Bréfið hljóðar svo:

„Við umr. um frv. til l. um breyt. á lax- og silungsveiðilögunum (þskj. 325 og 433), sem fram fóru í Efri deild Alþingis s. l. föstudag, létuð þér svo ummælt, að veiðimálastjóri hefði sérfræðing í þjónustu sinni. Þetta er á misskilningi byggt. Veiðimálastjóri er sjálfur sérfræðingur um veiðimál og vatnalíffræði, eins og veiðilögin gera ráð fyrir. Í þjónustu veiðimálastjóra er maður með skrifstofumannsmenntun, sem er honum til aðstoðar við að vinna þau margvíslegu störf, er veiðimálastjóri hefur með höndum samkvæmt veiðilögunum og ekki þarf faglega þekkingu til að leysa. Störf aðstoðarmanns eru að vélrita og annast önnur skrifstofustörf, safna veiðibókum og færa skýrslur yfir veiðina og aðstoða við rannsóknir á rannsóknarstofu og utan hennar. Aðstoðarstarfið á rannsóknarstofu er m. a. að líma upp lax- og silungshreistur á glerplötur, áður en rannsókn á hreistrinu fer fram, að aðskilja dýr í sýnishornum af dýralífi í ám og vötnum og að vinna að merkingum á laxi. Þessi störf eru öll mjög nostursöm og tímafrek, og getur ófaglærður maður auðveldlega lært að vinna þau, enda eru þess konar störf unnin af ófaglærðu fólki undir eftirliti sérfræðinga í öllum rannsóknarstofnunum, og er tilgangurinn að spara dýrari vinnukraft sérfræðinganna og jafnframt að nýta krafta þeirra sem bezt við störf, sem sérfræðingar einir geta leyst. Þess skal vinsamlega óskað, að þér, herra formaður fjvn., sjáið yður fært að leiðrétta nefnd ummæli yðar í Efri deild, áður en að umræðunni um áðurnefnt frv. er lokið."

Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir, að hann hefur gefið mér tækifæri til þess að leiðrétta þetta, og skal ekki ræða málið frekar.

ATKVGR.

Brtt. 433,a—b felldar með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJós.

nei: ÁS, BK, BÓ, BrB, EE, GÍG, HV, HermJ, PZ, ÞÞ.

BSt greiddi ekki atkv.

4 þm. (BBen, LJóh, SÁÓ, StgrA) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Þar sem ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með, er málið var til meðferðar, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 433,c felld með 8:2 atkv.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

58. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [115. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 54., 55. og 56. fundi í Nd., 28. og 31. jan., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 9. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég get orðið fáorður um þetta mál. Eins og hv. þm. sjá, er þetta ákaflega einfalt mál. Þegar l. um hafnargerðir og lendingarbætur voru sett nú fyrir 2 árum, þá var ekki gert ráð fyrir öðru en að bætt yrði inn í þau l. þeim höfnum og verzlunarstöðum, sem nauðsyn bæri til að hafa í l. Svalbarðseyri er ein þessara staða, sem ekki hefur verið tekin upp í l. Um staðhætti er það að segja, að þar hefur verið um langan aldur verzlun og kaupfélag. Þar hefur og einnig verið allmikil síldarsöltun og talsvert mikill rekstur um margra áratuga skeið. Nú er þessi staður orðinn eign sveitarfélagsins, en var áður í einstaks manns eigu, og það hefur komið fram ákveðin ósk um það, að þessi staður verði tekinn upp í hafnarl., og virðist það að ýmsu leyti enn eðlilegra en um ýmsa aðra staði, sem þegar eru komnir inn í l.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 463).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég þarf raunar engu við að bæta það, sem ég sagði, þegar þetta mál var lagt fyrir deildina. Þessi staður, sem hér um ræðir, er við austanverðan Eyjafjörð. Þar var rekin verzlun til forna, og þar er nú starfandi kaupfélag. Sveitarfélagið, sem staðurinn telst til, hefur keypt landsvæðið við sjóinn og óskar nú eftir að fá sömu réttindi og mjög margir aðrir staðir hafa hlotið í sambandi við hafnargerðir og lendingarbætur. Sjútvn. hefur athugað þetta mál og meðal annars leitað álits oddvita hreppsins og vitamálastjóra, og voru þessir aðilar málinu fylgjandi. Eftir þær upplýsingar var nefndin á einu máli um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 21. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 484).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál var borið fram í Nd. fyrir nokkru og afgreitt ágreiningslaust hingað til Ed. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að þessi höfn hefur ekki verið tekin með á l. 1946, en það er talið, að það sé af því, að þá hafi landið þarna verið eins manna eign, en nú hefur Svalbarðseyrarhreppur keypt það. Flestir þm. munu vera svo kunnugir við Eyjafjörð, að þeir vita, að þarna er svo að segja sjálfgerð höfn. Það eru bara bryggjur, sem þarf að smíða. Ég tel þessa höfn við Svalbarðseyri sjálfsagðari í lögunum en ýmsar hafnir, sem þar eru nú. Sjútvn. tók þetta fyrir á fundi og var sammála um að mæla með, að frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm. var að vísu fjarverandi. Annars vil ég ekki fjölyrða meira um þetta mál, en mér virðist alveg sjálfsagt að samþ. þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 543).

59. Sjúkrahús o. fl.

Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. [54. mál] (þmfrv., A. 72).

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv. Það er svipað að stíl eins og frv., sem við þessir sömu flm. höfum flutt á tveim undanförnum þingum um héraðshæli. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ástandið í sjúkrahúsmálum er á þá leið víðs vegar um landið, að það eru hreinustu vandræði að koma fyrir sjúklingum, hvorki eru ástæður til að koma þeim fyrir heima í héruðunum og engin önnur ráð til bjargar en að flytja þá, oft eftir langan tíma, til hinna stærri bæja, oft Reykjavíkur. Eins og vikið er að í grg. frv., er það svo, að fjárhagsástand héraðanna er orðið þannig, að þeim er um megn að koma upp þessum byggingum, sem hér um ræðir, og reka þær án þess að fá til þess mikinn styrk af hálfu ríkisins. Í núgildandi lögum er hámark þess styrks, sem ríkið veitir í þessu skyni, ⅔ hlutar kostnaðarins. Það hefur verið sett út á okkar frv. að undanförnu, að við hefðum verið að fara fram á að byggja nýjar stofnanir í stað sjúkrahúsa, og þykir okkur rétt að taka þær aðfinnslur til greina. Okkur er það ekkert kappsmál, hvort þær heita héraðshæli eða sjúkrahús, en hitt leggjum við mikla áherzlu á, að þeim sé heimilt að taka við sjúklingum með mismunandi sjúkdóma og sömuleiðis farlama fólki, sem að sjálfsögðu verður að vera sér, en ekki innan um venjulega sjúklinga. Ég veit, að hv. þm. er svo ljós nauðsyn þessa máls, að þeir finna, að hér er um að ræða þá þörf, sem ekki verður lengur þagað við. Ég vænti þess vegna, að frv. fái góðan gang gegnum hv. Alþ. Ég leyfi mér að stinga upp á, að því verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 335, 107).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum og var sammála um, að efni frv. væri til bóta. Hins vegar þótti n. ákvæði 1. gr. nokkuð óljós, svo að jafnvel mátti skilja, að svipta ætti bæjarfélögin styrknum, svo að hún leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að 1. gr. orðist þannig: „Ríkissjóður greiðir bæjarfélögunum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.“ Við frv. lá fyrir brtt. frá hv. þm. V-Sk., og finnst mér, að með brtt. n. sé hún tekin til greina, og vona, að flm. hennar megi þar við una.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessa frv. þakka heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu málsins, enda þótt hún hafi dregizt nokkuð. Það kann að vera rétt hjá hv. frsm., að það hafi mátt fá það út úr frv., að svipta ætti bæjarfélögin styrknum, en það var alls ekki ætlun okkar flm. Verð ég að ætla, að n. hafi gert orðalagið nógu greinilegt, og mæli með því, að brtt. n. verði samþ., og vænti þess, að frv. fái greiðan gang í gegnum hv. d.

Jón Gíslason: Herra forseti. Ég flutti á þskj. 107 brtt. við þetta frv., þar sem farið er fram á að létta undir með fámennustu héruðunum til þess að reisa læknisbústaði, sjúkrahús og sjúkraskýli. Fór ég fram á, að ríkissjóður greiddi ⅘ af kostnaðarverði þeirra bygginga. Það hefur verið þannig með aðstoð hins opinbera við embættismenn, að læknar virðast helzt hafa orðið á hakanum, en þeir eru embættismenn, sem ég og fleiri teljum sérstaklega brýna þörf að halda á í fámennum, strjálbýlum héruðum. Heilbr.- og félmn. hefur ekki gengið að fullu inn á brtt. mína, en þó það langt, að ég get sætt mig við það. Hún hefur gengið fyllilega til hálfs móts við mína till., og vænti ég þess, að brtt. hv. n. verði samþ.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst það frv., sem hér liggur fyrir til umr., spor í rétta átt, ef samþ. verður, því að það er vitað mál, að í landinu er mikill skortur á sjúkrahúsum og sjúkraskýlum. Í heilum landshlutum er svo að segja sjúkrahúslaust. Á öðrum stöðum, þar sem sjúkrahús hafa verið reist, eru þau ófullkomin, því þótt þau hafi verið fullkomin í upphafi, þá eru þau nú úr sér gengin. Það er því vissulega spor í rétta átt, að Alþingi samþ., að bæjarfélög og læknishéruð skuli njóta styrks frá ríkissjóði til að koma upp sjúkrabyggingum, en eins og þetta frv. er, þá er farið inn á þá braut að styrkja slíkar byggingar allríflega og ríflegar en verið hefur. En aðalatriði málsins er engan veginn það að samþ. á Alþingi, að ríkissjóður greiði ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði þessara mannvirkja, vegna þess að hv. þm. er kunnugt, að á undanförnum árum hefur verið samþ. fjöldi laga, þar sem ríkissjóði eru lagðar þær byrðar á herðar að styrkja ýmiss konar framkvæmdir með fjárframlögum. Framkvæmd margra þessara laga hefur strandað vegna fjárskorts ríkissjóðs. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að samþ. ný lög, er miða við það eitt að leggja til, að aukn-

ar byrðar séu lagðar á ríkissjóð, án þess að sjá honum fyrir tekjum á móti. Það er því blandin ánægja mín út af þessu frv., enda þótt málefnið sé gott. Það, sem blasir við mér og öðrum hv. þm., er það, að hér er verið að samþ. lög, sem leggja auknar skyldur á herðar ríkissjóði, en möguleikarnir til þess að koma í framkvæmd því, sem frv. gerir ráð fyrir, aukast ekkert. Alþingi hefur að vísu látið í ljós þann vilja sinn, að fleiri sjúkrahús verði reist og með auknum ríkisstyrk, en það situr bara við þessa frómu viljayfirlýsingu, því að Alþingi gerir sér ekki það ómak að sjá fyrir tekjustofnum í þessar framkvæmdir. Ég sé ástæðu til að benda á þessa hlið málsins, því að það er ástæðulaust fyrir Alþingi að gera sér í hugarlund, að það stuðli eitthvað að framgangi mála að gefa út eintómar viljayfirlýsingar, en gera raunverulega ekkert til þess, að úr framkvæmdum megi verða. Ég sé alveg sérstaka ástæðu til að benda á þetta, af því að þegar hv. Alþingi sá framan í till., sem tryggði öruggan tekjustofn til sjúkrahúsbygginga, hvað gerðist þá? Hver var áhugi hv. þm. á framgangi málsins þá? Það er útlátalítið að samþ. lög og orða frómar till., en það er meiri vandi að standa við þær og sjá svo um, að viðkomandi framkvæmdir komist upp. Því segi ég, að lagasetning eins og þessi, sem miðað er að með þessu frv., byggist á of mikilli léttúð hv. þm. Það er útlátalítið að segja, að ríkissjóður eigi að gera þetta eða hitt. Hitt skiptir meiru, að benda á, hvar afla skuli fjár í þær framkvæmdir, sem gera á. Ég skal ekkert vera að fara í kringum þetta. Ég minni á, að á síðasta Alþingi flutti ég, ásamt hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Ak., frv., þar sem bent var á ákveðinn, öruggan tekjustofn til þess að standa undir byggingu sjúkrahúsa. Ég veit, að hv. þm. muna, hvað þá gerðist. Hv. þm. muna öll þau köll og hróp, allan þann yfirborðshátt og hræsni hjá andstæðingum þess frv. Það sæmir sér svo vel, að Alþingi komi nú og samþ. lög sem þessi, og sérstaklega sæmir það sér vel fyrir þá, sem börðust eins og ljón gegn því, að sjúkrahúsbyggingarnar fengju örugga tekjustofna. Ég segi við slíka menn, að það fer glansinn af velvild þeirra í garð þessara mála, þegar þeir samþ. svona frv. út í bláinn, hafandi áður fellt að sjá þeim fyrirtækjum, sem þeir þykjast vilja koma upp, fyrir öruggum tekjustofnum. Ég spyr: Hvar ætla þeir að taka fé til þessara framkvæmda? Hv. þm. hafa séð, að það hefur orðið að fresta framkvæmd ýmissa laga vegna fjárskorts. Þessi lagasetning má þó hafa þýðingu, ef annað tveggja batnar hagur ríkissjóðs, eða þá, að Alþingi láti ekki sitja við þessa lagasetningu eina, heldur sjái fyrir tekjum til þeirra framkvæmda, sem frv. gerir ráð fyrir. Það hefur þegar verið gengið nógu langt í þessum skrípaleik, sem sumir hv. þm. virðast aldrei þreytast á að leika. Ég mun að líkindum leggja síðar á þessu þingi fram till. um tekjustofna handa þessum fyrirtækjum. Ég skal ekki fullyrða, að það verði sami tekjustofn og ég lagði til í fyrra, því að hann fékk daufar undirtektir hv. þm., en það er næsta skrefið til að tryggja framgang þessara mála, og nauðsynlegt er, að hv. þm. geri sér ljóst, að lög, sem hér eru samþ., byggjast á ábyrgðarleysi og yfirborðshætti, ef ekki er tryggt, að fé sé fyrir hendi til þeirra framkvæmda, er um ræðir. Ég vildi láta þetta sjónarmið koma hér fram. Ég mun fylgja frv. í trausti þess, að Alþingi sjái síðar fyrir tekjustofnum, svo að snúast megi af auknum krafti að byggingu sjúkrahúsa og sjúkraskýla víðs vegar um land.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða ölfrv. við hv. þm. N-Ísf., en ég skil mæta vel tilfinningar hans í þessu máli. Það eru efnisatriði málsins, sem ég vildi gera fyrirspurn um til hv. n. Fram til þessa hefur það verið svo, að byggingarstyrkurinn, sem ríkissjóður hefur veitt til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, hefur verið jafn fyrir öll sveitarfélög. Nú er aftur á móti gert ráð fyrir að skilja þarna í sundur og veita hærri styrk til sveitahéraða eða hreppsfélaga en bæjarfélaga. Nú eru hér engan veginn glögg skil á milli, t. d. nær læknishérað í mörgum tilfellum yfir bæði kaupstað og hreppsfélag eða félög. Ég vil því spyrja hv. frsm. n., hvað n. hugsi sér, þar sem svo stendur á, að kaupstaður og hreppsfélög séu saman í læknishéraði og byggi sjúkrahús sameiginlega. Á þá að veita hærri eða lægri styrkinn til slíks sjúkrahúss? Ef menn vilja greina hér á milli, þá verður að hafa ákvæðin skýr, og ef þetta er ekki fyllilega ljóst, þá verð ég að fara fram á, að hv. n. athugi málið betur.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. V-Sk., þá er rétt, að við tókum ekki alveg fullt tillit til brtt. hans, en eins og hann tók fram, gengum við mjög til móts við hana. Út af ræðu hv. þm. N-Ísf., þá er það mikið rétt, að ríkissjóður á í vök að verjast og á erfitt með að uppfylla skyldur sínar, og var n. þetta ljóst, en meðan Alþingi telur, að ríkissjóður hafi efni á að byggja yfir ýmsa embættismenn þeim að kostnaðarlausu, þá þótti n. a. m. k. ekki ósanngjarnt, að læknisbústaðir og sjúkrahús væru styrkt að ⅔, því að n. telur, að þeir aðilar eigi ekki skilið verri aðbúnað en aðrir. Nú, út af orðum hans að öðru leyti, þá hef ég enga trú á, að ölfrv. hefði tryggt tekjur í þessar framkvæmdir. Sannleikurinn er sá, að á þessu þingi hafa komið ýmsar till. fram, án þess að bent hafi verið á tekjur á móti þeim útgjöldum, sem þær hafa gert ráð fyrir. Þá var hér á ferðinni í d. till. frá hv. þm. N-Ísf. og fleirum um undirbúning að stofnun hressingarhælis við Ísafjarðardjúp. Það, sem þar er farið fram á, kostar stórfé, en ég man ekki til þess, að nein till. kæmi þar á móti, sem gerði ráð fyrir tekjum til þeirra framkvæmda. Það eru þess vegna fleiri en þeir, sem hér eiga hlut að máli, sem bera fram till. á þennan hátt. Það virðist vera mjög sanngjarnt, að ríkið greiði ⅔ hluta til þeirra læknisbústaða, sem hér um ræðir, þar sem

aðrir slíkir bústaðir eru greiddir að öllu leyti af ríkinu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. S-M. var að tala um, þá hefur þetta ekki verið athugað sérstaklega, en það eru ákvæði um þetta í löggjöf frá 1935, sem farið hefur verið eftir. Ég skil með því, að þegar talað er um bæjarfélög, þá sé átt við stærri kauptún, sem hafi kaupstaðarréttindi og bæjarstjóra. Ég býst við, að í framkvæmdinni sé þetta þannig, að með bæjarfélagi sé átt við eingöngu stærri kaupstaði, eins og t. d. Reykjavík, Akureyri, Siglufjörð og Seyðisfjörð, enda hafa allir þessir staðir nokkra sérstöðu um sjúkrahúsbyggingar. Þannig er minn skilningur um þetta efni, og ég býst við, að hann sé nokkuð svipaður skilningi þeim, sem meðnefndarmenn mínir hafa um þetta efni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var út af svari hv. frsm. heilbr.- og félmn. við fyrirspurn, sem ég gerði, sem ég vildi segja nokkur orð. Það er augljóst mál, að hv. frsm. hefur alveg misskilið það, sem ég sagði, og var þetta í rauninni ekkert svar við því, sem ég vildi fá upplýst. Ég þarf ekki að biðja um upplýsingar um, hvað sé kaupstaður og hvað sé hreppsfélag. Ég veit skil á því, og það vita allir, svo að þar er ekkert um að villast. Hins vegar er svo hitt atriðið, þar sem hér stendur, að ríkissjóður greiði bæjarfélögum allt að ⅖ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum ⅗ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði. En þegar svo háttar til, að í sama læknishéraðinu er kaupstaður og 2—3 sveitarhreppar, sem allir byggja sama sjúkrahús fyrir sitt læknishérað eða sama læknisbústaðinn fyrir sinn héraðslækni, þá þarf svar við því, hvort í þessum tilfellum á að greiða ríkisstyrk að ⅖ hlutum eða ⅗ hlutum. Það er augljóst mál, að ætti að haga þessu þannig, að bara vegna þess, að lítill kaupstaður er í læknishéraði með 3—4 sveitarhreppum, þá eigi þeir sveitarhreppar ekki að verða þessa hækkaða styrks aðnjótandi, þá skapast þarna mikið misræmi. Það er ekki hægt að vísa til l. eins og þau hafa verið framkvæmd frá 1935, vegna þess að þá var eitt og sama hlutfall gildandi fyrir alla aðila, þá fengu allir, sem byggðu sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, ⅖ kostnaðarverðs, en nú á að fara að gera þarna mun á kaupstöðum og öðrum sveitarfélögum. Þetta er alveg glöggt þar, sem glöggar markalínur eru um þetta, en þar sem þessir aðilar byggja saman, hvort eiga þeir að fá greiddan ⅗ kostnaðar eða ⅖? Ég þykist sjá, að þetta hefur ekki verið athugað af n. Það þarf að liggja fyrir yfirlýsing um það, hvernig þetta á að framkvæmast. Þess vegna teldi ég mjög æskilegt, að heilbr.- og félmn. tæki þetta til athugunar, a. m. k. milli umræðna, til þess að taka af allan vafa. Ég vænti, að ég hafi nú skýrt þetta svo, að hv. frsm. hafi skilið, hvað ég á hér við.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Mín afstaða er glögg í þessu máli. Ef bæjarfélag, eins og l. tala um, gengst fyrir því að reisa sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, þá lít ég svo á, að það eigi að fá greidda ⅖ hluta kostnaðar, enda þótt innan vébanda þess kunni að vera 1 eða 2 sveitarhreppar, sem er ekki mikið um. Undantekningarlítið eru stærri kaupstaðir út af fyrir sig, en þó kunna að vera í einstöku tilfellum 1 eða 2 sveitarhreppar með kaupstaðnum í læknishéraði. Ég lít svo á, að sé sjúkrahúsið byggt í bæjarfélagi, þá eigi það að fá greidda ⅖ kostnaðar, en sé það reist í kauptúni, þá fái það ⅗ kostnaðar. Ég held, að þetta sé ekki ósanngjarnt, þegar litið er á það, að bæjarfélög eiga miklu hægara með rekstur slíkra stofnana. Þetta er minn skilningur í þessu máli, en ég get gert það hv. 2. þm. S-M. til geðs að láta athuga þetta innan n. fyrir 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 107 tekin aftur.

Brtt. 335 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, og 2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 65., 66. og 67. fundi í Nd., 15., 17. og 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 345, 351).

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég hef átt tal við þá n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, heilbr.- og félmn., um brtt., sem ég fór fram á, að n. tæki með í sínar till., og brtt. er í þá átt, að þetta ákvæði laganna um sjúkrahús frá 1945 um, að þessi þrjú fjórðungssjúkrahús, eitt á Norðurlandi, eitt á Vesturlandi og eitt á Austurlandi, skyldu fá þrjá fimmtu hluta stofnkostnaðar greidda úr ríkissjóði, þegar fé er veitt til þess á fjárl., næði líka til þeirra sjúkrahúsa, sem byggð væru á stöðum, þar sem mikill straumur er aðkomufólks, eins og t. d. í verstöðunum, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum og fleiri verstöðum, sem þannig kynni að standa á fyrir, eftir athugun, sem ríkisstj. léti fram fara. Þessi till. er til athugunar, þannig að ég er ekki að svo komnu máli tilbúinn til að leggja hana fram. Ég ætla því að biðja hæstv. forseta að ljúka ekki þessari umr. hér í d. alveg strax.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef að gefnu tilefni leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv., og er hún á þskj. 351. Í tilefni af því, sem hér kom fram við fyrri umr. þessa máls, vildi ég gera örlitla grein fyrir brtt. minni og því, hvernig mér sýnist, að mál þetta muni koma út í reyndinni fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, ef sú framkvæmd ætti að verða, sem hv. frsm. lýsti hér við síðustu umr. um þetta mál, að hans skoðun væri í þessu efni.

Þessum málum er nú þann veg komið, að það er búið að velja úr sennilega þrjú til fjög-

ur sjúkrahús á landinu, sem kölluð eru fjórðungssjúkrahús, þ. e. sjúkrahús á Akureyri og á Ísafirði, og talað hefur verið um sjúkrahús á Seyðisfirði í þessu sambandi. Þessi sjúkrahús eru talin fjórðungssjúkrahús og fá 60% af stofnkostnaði greitt úr ríkissjóði, en önnur sjúkrahús hafa fengið 40% stofnkostnaðar úr ríkissjóði. Auk þess hafa þessi sjúkrahús notið sérstaks rekstrarstyrks úr ríkissjóði á hverju ári. Nú er því bætt hér við, að fjöldi annarra staða er tekinn hér út úr og ætlazt til þess, að þeir fái hækkun á ríkissjóðsframlagi úr 40% í 67%, þ. e. öll sjúkrahús og læknisbústaðir, sem byggðir eru í hreppum, en ekki kaupstöðum. Þegar menn athuga, hvernig þá er komið, sjá menn, að eftir verða aðeins örfáir staðir á landinu, sem hægt er að telja á fingrum sér, sem eiga að fá aðeins 40% af stofnkostnaði úr ríkissjóði, þ. e. hinir stærri kaupstaðir landsins, sem ekki falla undir það að vera hreppsfélög og ekki heldur eru í þeim flokki að vera með fjórðungssjúkrahús. Þessir staðir eiga ekki að fá nema 40% stofnkostnaðar úr ríkissjóði, og svo eiga að dragast í dilk með þeim að þessu leyti þau sveitarfélög, sem eru læknishéruð með þessum bæjum. Ég hygg, að svo standi á um t. d. Ólafsfjörð, og þannig stendur á um Neskaupstað, sem er með sveit í læknishéraði. Þessir hreppar, sem eiga að byggja yfir sinn lækni, eiga að halda áfram að fá 40% stofnkostnaðar sem styrk úr ríkissjóði, á sama tíma sem aðrir nákvæmlega eins hreppar eiga að komast í þá aðstöðu að fá 67% stofnkostnaðar sem styrk úr ríkissjóði, meðan sumir kaupstaðirnir eru með 60% styrk úr ríkissjóði. — Þetta virðist mér ekki hafa verið vel hugsað af n., sem um málið hefur fjallað. Og þetta mundi skapa ranglæti, ef þessu ætti að beita svona. Ég vildi helzt, að allir þessir aðilar færu í sama skala um styrk úr ríkissjóði í þessu efni. En algert lágmark virðist mér vera það, sem mín brtt. á þskj. 351 felur í sér, að þau bæjarfélög, sem eru saman í læknishéraði með öðrum hreppsfélögum, að þeir aðilar allir fái að njóta hins sama um styrk úr ríkissjóði til stofnunar sjúkrahúsa og læknisbústaða eins og um aðra hreppa væri að gera, sem eftir frv. komast í þennan betri flokk. Ég skaut þessu hér fyrr í umr. til hv. n. með ósk um, að hún athugaði málið betur. Frá henni hefur ekkert komið annað en það, að hv. frsm. hefur látið það uppi sem sína skoðun, að hann vildi framkvæma þetta eins og ég nú lýsti. En ég veit, að hv. þdm. er ljóst, að það yrði hið herfilegasta misrétti, ef þetta yrði framkvæmt þannig, að ekki fengist leiðrétting að þessu leyti á frv. Og þó að ég hefði viljað hækka styrk til þessara aðila allra til jafns við þá aðila, sem hér eiga að njóta styrks að tveim þriðju hlutum stofnkostnaðar, hef ég í brtt. minni farið millileið í þessu efni og vildi því vænta þess, að mín brtt. yrði samþ.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs hér á dögunum, er mál þetta var hér til umræðu, aðallega í þeim tilgangi, þar sem verið var að fresta málinu, að óska eftir, að því yrði hraðað. Það skiptir miklu máli fyrir mig og þau læknishéruð, er hér eiga hlut að máli, að þeim reglum sé breytt, er nú gilda um styrkveitingar, því að héruðunum er um megn að standa undir kostnaði við sjúkrahús eins og nú er.

Ég hef veitt því athygli, að nú eru komnar hér fram 2—3 brtt. við frv. eins og það kom úr n. En með því að niðurstaða sú, sem n. komst að, var fengin eftir langvarandi umræður þar og samninga, tel ég sem 1. flm. málsins mig ekki geta mælt með því, að brtt. þessar verði samþykktar. Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta og álít, að umræður um þetta mál þyrftu ekki að dragast lengi eftir þetta.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Það er nú svo langt síðan þetta mál var hér síðast til umræðu, að ég er satt að segja búinn að gleyma, hvað ég vildi sagt hafa, er ég kvaddi mér hljóðs við þær umræður. En viðvíkjandi brtt. þeirra hv. 2. þm. S-M. og þm. Siglf., þá leggur n. til, að báðar verði felldar, og heldur sér við álit sitt. — Ég hef svo ekki meira að segja að svo stöddu, en vænti þess, að frv. verði samþ. eins og n. gekk frá því.

Jón Sigurðsson: Ég vil aðeins geta þess, að enda þótt ég sé meðflm. þessa frv., þá tel ég, að það nái ekki neinni átt, að það eitt, að stór kauptún breyti um nafn og nefnist kaupstaðir, eigi að ráða um það, að viðkomandi læknishéruð búi við miklu verri kjör en ella. Það er ekki nema nafnbreyting, og hún ein er látin ráða, hvort viðkomandi hérað kemst undir hærri styrk eða verður að sætta sig við lægri styrk. Þannig er t. d. í Skagafjarðarhéraði. Þar hefur engin breyting orðið önnur en sú, að Sauðárkrókur heitir nú kaupstaður. Íbúafjöldinn er hinn sami og meðan hann var kauptún eða hreppur, og ef hann héti enn hreppur, fengjust miklu betri kjör. Þetta ákvæði er í mesta máta óeðlilegt. Ég sagði við n., að hún ætti að breyta þessu, og ef það verður ekki gert, mun ég fylgja brtt. hv. 2. þm. S-M.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég hef auðvitað í sjálfu sér ekkert á móti því, að Alþ. samþykki að styrkja sjúkrahúsbyggingar almennt að tveimur þriðju hlutum, síður en svo, ef það sér það fært. En heilbr.- og félmn. taldi sér ekki fært að mæla með svo háum styrk, ef kaupstaður væri í læknishéraðinu, því að þar, sem kaupstaður er, er meira fjölmenni, betri fjárhagsaðstaða og betri aðstaða til rekstrar sjúkrahúsa yfirleitt, og ég held, að það vegi fyllilega upp á móti því, sem styrkurinn er lægri. Á móti betri aðstöðu í slíkum héruðum kemur að vísu nokkru hærri stofnkostnaður við sjúkrahús en í öðrum héruðum, en í héruðum, sem hafa kaupstaði innan sinna vébanda, er líka miklu auðveldara með rekstur sjúkrahúsanna. Þetta vakti fyrir

nefndinni. Út af fyrir sig sé ég ekkert á móti því, að ríkið greiði ⅝ af stofnkostnaði allra sjúkrahúsa og landið verði allt þar með sett í sama númerið. En með tilliti til fjárhags ríkisins er þó ekki hægt að horfa fram hjá því, að það getur verið varhugavert að samþ. slíkt, eins og nú standa sakir. Það er sótt mjög á með sjúkrahúsbyggingar, og það þarf að byggja sjúkrahús, en ríkið sér sér ekki fært að fullnægja kröfum um framlag til þeirra hluta samkvæmt núgildandi lögum, og hvað yrði þá, ef hækka ætti sjúkrahússtyrkinn almennt upp í ⅝ alls stofnkostnaðar? Nú bíða sjúkrahúsbyggingar upp á tugi milljóna, svo að ég sé ekki, að hægt sé að ganga lengra en n. gerði, þó að óskandi væri, að það væri hægt.

Jón Sigurðsson: Ég skil vel afstöðu n., að hún lítur svo á, að ekki sé fjármagn fyrir hendi né útlit á, að svo verði, til stórátaka í þessum málum, þannig að öll sjúkrahúsin séu tekin undir eitt. En þessi mælikvarði er óforsvaranlegur. Hvergi er þetta betur sett en í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sauðárkrókur hefur mun lakari aðstæður en Keflavík. En það verða sömu reglur að gilda fyrir þá staði, sem hafa svipaðar aðstæður. En þó að ég sé ekki alveg ánægður með brtt. hv. þm. S-M., þá mun ég greiða henni atkv. Það er meira réttlæti.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta, sem frsm. hefur sagt, en óánægjurödd hefur komið fram út af afgreiðslu málsins, en n. er nauðbeygð til að gera greinarmun á sveitarfélagi og bæjarfélagi. Við gátum því ekki mælt með brtt. 2. þm. S-M., því að það yrði gífurlegt, ef ⅝ kostnaðar við læknisbústaði og spítala féllu á ríkissjóð. Ég vil alvarlega benda hv. þd. á þessa hættu, hve mikill fjáraustur úr ríkissjóði það yrði, ef að þessari till. yrði gengið. Það er betra að fara hægar í sakirnar.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 11. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 345, 351, 434, 443).

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. ásamt hv. 1. þm. Skagf. Brtt. okkar er smávægileg. Í henni er reynt að koma á miðlun milli tveggja sjónarmiða í þessu máli. Það er reynt að taka tillit til þess rökstuðnings n., að ekki sé óeðlilegt, að þeir beri meiri kostnað, sem hafa sjúkrahús hjá sér. Þetta sjónarmið olli því, að n. gekk ekki inn á brtt. hv. 2. þm. S-M. Með brtt. okkar þingmanna Skagf. er lagt til, að bæjarfélög búi við þau kjör, sem n. varð ásátt um, en tekið sé tillit til þeirra, sem fjær búa sjúkrahúsinu. M. ö. o., að þar sem saman fer kaupstaður og önnur sveitarfélög og þessir aðilar verða að standa undir byggingu sjúkrahúss, þá sé þeim, er fjær búa og erfiðara eiga með að nota sjúkrahúsið, gert léttara með að standa undir kostnaðinum með því, að ríkið greiði tvo þriðju af þeirra hlut í kostnaðinum. Ég vænti þess, að hv. n. gangi til móts við okkur flm. um þessa hóflegu till.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. við þetta frv. á þskj. 443, og fjallar hún um það, að ákvæðum laga nr. 33 frá 1933, um sjúkrahús, að ákvæðum þeirra laga um ríkisframlag til byggingar sjúkrahúsa verði breytt á þann veg, að sjúkrahús, sem byggð eru á þýðingarmiklum útgerðarstöðum, þar sem mikið safnazt saman af aðkomufólki, sjómönnum og verkafólki, á vertíðum, njóti sama styrks og fjórðungssjúkrahús fá, en það eru ⅝ kostnaðarverðs. Þessi till. mín er sérstaklega borin fram með tilliti til Siglufjarðar. Þar er lítið sjúkrahús, sem tekur 14—17 sjúklinga í rúm, en á vertíðum þurfa oft að vera þar 50 sjúklingar og þar yfir. Sjúkrarúmunum er þá stafl-að hlið við hlið inni í stofunum og á göngum og hvar sem gólfrými er. Annars er ekki kostur. Ekki er hægt að láta aðkomufólk, sem er veikt, liggja umhirðulaust í óupphituðum skúrum og bröggum, og því síður er hægt að hafa sjúka menn um borð í skipunum. Sjúkrahúsið verður því að taka við öllum, sem veikjast, innlendum sem útlendum, af landi og sjó. Ég býst við, að flestir, sem kynna sér þetta ástand, sjái og viðurkenni, að það er ekki síður ástæða til, að ríkið styrki sjúkrahúsbyggingu á Siglufirði en fjórðungssjúkrahúsin, og er ég síður en svo að draga úr því, að fjórðungssjúkrahúsin séu nauðsynleg, ef þau eru sett þar, sem samgöngumiðstöðvar eru.

Brtt. mín er byggð á samþykkt, sem bæjarstjórn Siglufjarðar gerði nýlega með öllum greiddum atkvæðum. Ég vona, að Siglufjörður geti orðið aðnjótandi þessa styrks. Þar liggur nú fyrir að reisa nýtt sjúkrahús, og hefst smíði þess sennilega á þessu ári.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 443, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umræður lengi, það er þegar búið að ræða þetta mál lengi hér í deildinni. En eins og ég hef tekið fram hér áður, þá treystir n. sér ekki til að ganga lengra en álit hennar ber með sér. Síðan hafa komið fram hér tvær brtt., og getur n. ekki fallizt á að samþykkja þær. Ég játa að vísu, að brtt. þingmanna Skagf. er ekki stórvægileg, en ég tel hana óþarfa.

Um till. hv. þm. Siglf. er það að segja, að við höfum lög um fjórðungssjúkrahús, eitt í hverjum fjórðungi, en ef ætti að fara að koma Siglufirði undir þau lög á þeim forsendum, sem tilgreind eru í brtt. hv. þm., þá gætu Vestmannaeyjar, Patreksfjörður, Flateyri og jafnvel fleiri staðir komið á eftir með kröfur byggðar á sömu forsendum. Auk þess kemur hér til greina, að á fjárlögum er sjúkrahúsinu á Siglufirði ætlaður aukastyrkur vegna hinna mörgu sjómanna, sem þangað leita læknishjálpar.

Ég sé ekki ástæðu til að breyta neinu frá áliti n., eins og sakir standa, og legg til, að ekki verði horfið neitt frá því.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. nefndarinnar. Hann óttast, að fleiri sjúkrahús víða um land muni koma á eftir undir lögin um fjórðungssjúkrahús, verði brtt. mín samþykkt. Hann nefndi þrjú pláss. Tvö þeirra hafa ekki svipaðar ástæður og Siglufjörður í þessu efni, og eru það þá helzt Vestmannaeyjar að vetrinum, sem nálgast eitthvað Siglufjörð að sumrinu, og eru þessir staðir þó ekki sambærilegir hvað fjölda aðkomufólks snertir. Ég býst við, að erfitt verði að ákveða fjórðungssjúkrahúsi á Austurlandi stað nema í Neskaupstað eða á Seyðisfirði, og er það í höndum ríkissjóðs að ákveða það, og njóta þá aðkomusjómenn á þessum stöðum fjórðungssjúkrahússins. Ég held, að það kæmu ekki nema 2 staðir til greina samkvæmt brtt. minni, Siglufjörður og Vestmannaeyjar, og þó Siglufjörður miklu fremur, því að þar safnast ekki aðeins fjöldi aðkomufólks saman til vinnu í landi og þar er ekki aðeins langmestur hlutinn af bátaflota landsmanna yfir sumarið, heldur og venjulega um 300 erlend skip, sem hafa samband við Siglufjörð og koma þangað með alla, sem veikjast um borð. Segja má, að Siglufirði beri ekki lagaskylda e. t. v. til að taka við öllum sjúklingum, sem þurfa sjúkrahúsvist og leita hennar þar, en ég skil ekki, að nokkur neiti siðferðisskyldu í því efni, og enginn getur neitað því með rökum, að það þarf að byggja stærra sjúkrahús á Siglufirði en nauðsynlegt er fyrir bæjarbúa eina. Hvaðan sem sjúklingarnir koma, úr brökkunum eða erlendum eða innlendum skipum, þá mundi koma í ljós, ef það væri rannsakað verulega, að byggja þarf allmiklu stærra sjúkrahús en nauðsynlegt er fyrir Siglfirðinga sjálfa.

Árið 1939 voru 2700 manns búsettir á Siglufirði. Þá var aðkomufólk talið í bænum og reyndist vera 1400 manns, eða 50% af bæjarbúum sjálfum. Menn geta hugsað sér þá gerbreytingu, sem yrði t. d. á bæjarlífinu í Reykjavík, ef bæjarbúum fjölgaði í skyndingu um 50%. Þessir 1400 manns, sem taldir voru aðkomandi í Siglufjarðarbæ 1939, voru þó aðeins sá hluti aðkomufólksins, sem bjó í landi. Þar við bætast á annað hundrað íslenzk skip með 17—20 manna áhöfn hvert um sig og um 300 erlend skip með 12—20 manna áhöfn. Ef látin væri fara fram hlutlaus rannsókn á þessum aðstæðum, mundi koma í ljós, að fáir eða engir staðir þyrftu meira á sig að leggja í sjúkrahúsmálum en Siglufjörður, og það eru rökin fyrir því, að ríkið leggi fram ⅗ í stað ⅖ af byggingarkostnaði sjúkrahúss á Siglufirði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 351 felld með 14:5 atkv.

Brtt. 434 felld með 16:4 atkv.

— 443 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, FJ, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JJ, JörB, PÞ, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, BG.

9 þm. (EmJ, EystJ, JóhH, JS, ÓTh, PO, SB, StgrSt, BÁ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10:1 atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 493).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. ræddi þetta frv. á einum fundi og lagði til einróma, að það væri samþ. Málið hefur tvívegis verið flutt áður sem frv. um héraðshæli, en er nú flutt sem breyt. á l. um sjúkrahús. Upphaflega var farið fram á, að ⅔ hlutar kostnaðar við að reisa slík hæli væru greiddir úr ríkissjóði, en nú er ætlunin, að ríkissjóður greiði bæjarfélögum allt að ⅔ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að ⅔ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, ef þeir eru reistir samkv. þessum l. og ráðh. fellst á þörf þeirra. Þarna er verið að gera þá breyt. á l., að fámenn byggðarlög fái hærri styrk en fjölmennari bæjarfélög, þörfin er hin sama hjá báðum, en fjárhagsleg geta bæjarfélaganna er meiri. Í frv. um héraðshæli, sem hv. þm. A-Húnv. og fleiri fluttu 1947 og 1948, var gert ráð fyrir, að hælunum yrði skipt í deildir, og í grg. fyrir þeirri breyt., sem farið er fram á nú, geta þeir þess, að þeir geri ráð fyrir, að hægt verði að ætla sjúkrahúsbyggingunum svipað hlutverk og héraðshælunum. Þó er ekkert um þetta í frv., eins og það er flutt nú. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. N. er sammála um málið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. án fyrirvara og vildi því láta afstöðu mína koma fram. Á síðasta Alþ. var borið fram frv., er samþ. var í Ed. og tekið til 3. umr. í Nd. rétt áður en þingi var slitið. Afgreiðsla þess hlýtur að hafa fallið niður

af misgáningi, því að það var enginn ágreiningur um frv. Í frv. var ákveðið, að ríkissjóður skyldi kosta sjúkrahús og læknisbústaði að tveimur þriðju hlutum í læknishéruðum, sem væru svo fámenn, að sýnt væri, að þau gætu ekki staðið undir kostnaðinum. Ég hefði frekar kosið, að þessum málum væri skipað eins og ráð var fyrir gert í þessu frv. Ég vil þó ekki stefna málinu, eins og það nú liggur fyrir, í hættu með því að bera fram brtt. Þó að ég sé óánægður með þessa afgreiðslu þess, mun ég því sætta mig við hana, en ég mun reyna að fá þessu breytt síðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 544).

---

60. Framfærslulög.

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 1947 [168. mál] (þmfrv., A. 471).

Á 84. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur frv. þetta samkvæmt beiðni félmrn., og fylgir því allýtarleg grg. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það. N. hefur ekki enn tekið málið til formlegrar meðferðar, en mun taka það til meðferðar milli 1. og 2. umr. og skila nál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið frv. þetta til athugunar á milli 1. og 2. umr. N. hefur orðið ásátt um að mæla með frv., og sé ég ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 551).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. Nd. flutti þetta mál samkvæmt beiðni stj. Það þarf ekki að halda langa framsöguræðu um það, því að málið liggur ljóst fyrir og gangur þess síðan 1932 er rakinn í grg. Samkvæmt 69. gr., eins og hún er nú, koma þau sveitarfélög til greina, sem eru með meðaltal fátækraútgjalda, þar sem frá því skal draga 10%. Með þessu frv. er markið sett hærra og þau ein koma til greina, sem eru ofan við meðaltalsframfærsluna. Þessi breyt. er nauðsynleg vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í landinu og heldur áfram enn. Fleiri orð þarf ég ekki að hafa um þetta, enginn ágreiningur er um frv. í hvorugri d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 574).

---

61. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. SK).

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [148. mál] (þmfrv., A. 393).

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ekki mikið að bæta við það, sem sagt er á þskj. 393. Frv. þetta er að nokkru leyti flutt vegna þess, að margir útgerðarmenn fiskibátanna hafa ítrekað þau ummæli sín, að það fé, sem þeir væru skyldaðir til að leggja í nýbyggingarsjóð, kæmi þeim aldrei að notum og væri ekki notað til nýbyggingarbáta. Hins vegar hefur þessum mönnum verið það óheimilt að taka fé sitt úr nýbyggingarsjóði og nota það til að greiða með því töp, sem þeir hafa orðið fyrir vegna báta sinna undanfarin tvö ár. Það er alveg óviðeigandi að hafa þetta fyrirkomulag, að peningar þessara manna komi þeim ekki að notum. Á þeim árum, er þessi l. voru sett, þá var öðruvísi háttað um bátasmíðar og þá var annað verðlag á því sem öðru. Þá var styrkur sá, sem ætlaður var, 10—20 þús. kr. Með því átti að vera hægt að létta undir með endurbyggingu bátaflotans, og var þá miðað við 30—40 smálesta báta. Er nýbyggingarráð réðst í hinar miklu bátasmíðar, var þessi stærð tvöfölduð og byggingarkostnaður hafði margfaldazt frá því, sem áður var. Þetta olli því, að framlög þau, sem runnu til nýbyggingarsjóðs, voru lítils megnug, en upphæð sú, sem rann í nýbyggingarsjóð, var skattfrjáls. Alþingi hafði að vísu verið tregt til að vægja í skattfrelsi. Var togstreita milli þeirra, sem vildu hafa framlögin sem ríflegust, og hinna, sem vildu ekki hlífa sjóðfénu. Afleiðingin var sú, að eign flestra útgerðarmanna í sjóðnum er minna en 10 þús. kr. á skip. Nú kostar bygging báta 500—700 þús. kr., eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur með Svíþjóðarbátana. Það er því lítil trygging fyrir útgerðarmenn að eiga 10 þús. kr. í nýbyggingarsjóði. Það kemur að litlum notum. En eins og getið er í grg., þá var gert ráð fyrir, að ef misæri kæmi, þá væri útgerðarmönnum það heimilt að grípa til nýbyggingarsjóðs til að greiða töp, sem orðið hafa á bátum þeirra. Er þetta sagt með beinum orðum í l. frá 1942, en það sett að skilyrði, að ekki séu aðrar eignir, sem væri unnt að greiða með af hálfu útgerðarmanns. Nú er reynslan sú, að þeir útgerðarmenn, sem hafa tilkynnt undanfarin tvö ár, að þeir óski að fá fé úr sjóðnum í þessu augnamiði, þeir hafa fengið þau svör hjá sjóðsstjórninni, að þeim væri óheimilt að fá fé úr sjóðnum samkv. gildandi l. um hann. Með þessu hefur sjóðsstjórnin litið svo á, að ekki væri heimilt að nota sjóðinn til að greiða töp á útgerðinni. Þess vegna eru fyrirmæli l., sem hér að lúta, dauð og ómerk í framkvæmdinni. Það er ekki hægt að framkvæma þetta sökum þess, hvernig sjóðsstjórnin túlkar l., þó að slíkt muni eflaust stangast á við skoðanir lögfræðinga og anda lögfræðinnar. En það má ekki deila við dómarann. Þetta fé er þýðingarlaust til endurbygginga eða nýbygginga, en féð er innilokað og getur ekki komið að gagni, og það má ekki veðsetja það. Þetta skeður á sama tíma og lögveð og sjóveð falla á skipin og Alþingi heimilar að greiða stórfé úr ríkissjóði vegna bátaútvegsins. Þá skeður þetta, að útgerðarmenn geta ekki notað fé, sem þeir eiga, til að bægja frá sér skuldheimtumönnum. Það hefur þrásinnis komið fyrir, að krafizt hefur verið uppboðs á skipi vegna þess, að skipið hefur skuldað Tryggingastofnun ríkisins fyrir slysatryggingar sjómanna, og þegar svipaðar aðrar kröfur hafa staðið á skipi. Ríkisvaldið má ekki loka þessar upphæðir inni á sama tíma og bátaútvegurinn leitar á náðir þess.

Ég gat ekki verið að standa í því að safna utan um mig mörgum þm. til að flytja þetta mál með mér. Hv. þm. munu verða fljótir að átta sig á þessu máli, það liggur svo ljóst fyrir, og þeir þm., sem ég hef átt orðræður við um þetta, hafa allir verið á svipaðri skoðun og ég. Það virðist því ekki vera neinn skoðanamunur um efni málsins.

Að þessari umr. lokinni óska ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18:5 atkv.

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 393, n. 478, 492).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Við nm. höfum gefið út sameiginlegt nál. á þskj. 478, en ég skal í fáum orðum gera grein fyrir þeim skoðunum, sem fram komu í n. En áður en ég geri það, þá vil ég geta að nokkru þess, sem ég minntist á í framsögu minni fyrir málinu.

Frv. þetta er borið fram af þeim sökum, að stjórn nýbyggingarsjóðs hafði í upphafi allvafasaman skilning á ákvæðum þeim, sem felast í 14. gr. þessara l., staflið c, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má aðeins verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva eigi til fyrir því.“ Nú

er ég ekki viss um, hverjum augum núverandi sjóðsstjórn lítur á þetta, því að ríkisskattanefnd hefur nú með þetta að gera. En áður leit n. svo á, að skv. síðari málsliðnum sem ég las, mætti ekki greiða fé úr sjóðnum til greiðslu á rekstrartapi útgerðarfélags, nema það gæti sannað, að það ætti ekki fyrir skuldum, en slíkt vita menn, að er bannað, maður, sem er gjaldþrota, má ekki greiða einum, en öðrum ekki. Þetta er því rangur skilningur. En ef ætti að ráðstafa eignum manna, þá má búast við, að þær seldust aðeins fyrir helming þess verðs, sem þær í rauninni eru. En það þýðir aldrei að deila við dómarann. Þetta var skilningur sjóðsstjórnarinnar, og ég taldi, að sá skilningur væri í fyrsta lagi ekki réttur og í öðru lagi, að hann yrði þess valdandi, að þarna væri bundið fé, engum að gagni, og skal ég nú leyfa mér að skýra það nánar.

Þegar við nm. fengum þetta frv. til athugunar, sendum við það til umsagnar nýbyggingarsjóðsstj., en hún hafði áður gefið mér sem flm. frv. þær upplýsingar, sem þá voru fyrir hendi. Þessar upplýsingar náðu ekki nema til ársloka 1947, auk þess hafði sjóðsstjórnin þá ekki fengið skýrslur frá ýmsum aðilum utan af landi, en eins og kunnugt er, er sjóðurinn í vörzlu eigendanna sjálfra. Aftur á móti var sjóðsstjórnin búin að fá nýjar skýrslur, þegar n. tók til starfa, og höfðu orðið miklar breyt. á árinu, sem eðlilegt var. En einmitt á árinu 1948 og nú á þessu ári eru ýmsir eigendur sjóðsins að láta smíða skip erlendis, og í ljós kom, að ef eignum sjóðsins, sem áður voru, eru ekki eftir nema það, sem segir hér í nál. á þskj. 478, þ. e. a. s. innan við 1 millj. kr., sem togaraeigendur Íslands eiga óráðstafað. Bátaeigendur eiga enn minna, eða 737 þús. kr. óráðstafað. Það mun ekki vera neinum vafa bundið, að þessu fé verður ekki ráðstafað til nýbygginga. Það er svo lítill hlutur í eign hvers manns, að enginn mundi ráðast í að láta byggja skip vegna inneignar sinnar. Hér er þess vegna, eftir þeim skilningi, sem stjórn sjóðsins hefur á l., innilokað fé, sem engum kemur að gagni. Eins og ég tók fram við framsögu málsins upphaflega, sýndist mér það fara illa saman, að ríkið væri að láta mönnum í té lán og styrki í jafnvel tugmilljóna tali til þess að fullnægja skuldakröfuhöfum, og það oft kröfuhöfum á smáskuldir, opinber gjöld, sem nema nokkrum hundruðum, en loka inni á sama tíma nokkur þús. kr. hjá þessum sömu aðilum, þannig að þeir geta ekki haft af því fé neitt gagn eða arð. Nú hefur það orðið að samkomulagi í n. að mæla með því, að þetta fé verði leyst, eins og frv. gerir ráð fyrir, að því leyti er bátaútvegsmenn snertir. En 3 nm. hafa lagt fram brtt. á þskj. 492, þar sem þeir undanskilja inneignir togaraeigenda. Út af þessu vildi ég segja það, að ákvæðið í 14. gr., í staflið c, tekur til útgerðarmanna og útgerðarfyrirtækja, alveg án tillits til þess, hvort fleytan er stór eða smá, sem þeir gera út. Ef skilningur minn á l. er réttur, og ég hef ekki heyrt því mótmælt af neinum og varla einu sinni af sjóðsstj., þá er vitanlega þessi breyt. á l., sem ég fer fram á í frv., ekki annað en útskýring, sem gerir það mögulegt, að hægt sé að framfylgja ákvæðum l. Ég held, að ekkert af þeim inneignum í sjóðnum, sem nú er óráðstafað, verði nokkurn tíma ráðstafað til nýbygginga, og ég veit vel, að mjög mörg af þeim skipum, smærri og stærri, sem þarna eiga innstæður, eru í skuldabasli og miklum vandræðum með að standa í skilum. Ég legg áherzlu á það, að þetta fé verði losað, en að sjálfsögðu læt ég það ráðast, hvort meiri hl. Alþ. samþ. brtt. hv. meðnm. minna á þskj. 492 eða ekki. Hv. þd. segir til um það, hvorn skilninginn hún álítur réttari í þessu efni.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og sést á nál. sjútvn. á þskj. 478, þá hefur n. ekki orðið alls kostar sammála um afgreiðslu þessa máls. Þrír af nm., þ. e. hv. þm. Siglf., hv. þm. Ísaf. og ég, viljum afgreiða málið þannig, að þessi heimild, sem farið er fram á í frv., hún nái aðeins til bátaútvegsmanna. Það má geta þess, að allur rökstuðningur hv. flm. fyrir þessu máli við 1. umr. þess gekk eingöngu út á það að sýna, að það væri eftir atvikum eðlilegt, að breyting fengist hvað snerti bátaútveginn, í sambandi við nýbyggingarsjóð. Það er í raun og veru viðurkennt í n. af flm., að aðalástæðan fyrir framkomu þessa frv. er sú, að fá þessa breytingu fram vegna bátanna, og n. öll gat orðið sammála um það, að eftir ástæðum væri réttlátt að mæla með því, að slík breyting næði fram að ganga. En við þrír í n. teljum hins vegar, að það leiði ekki af því, að það sé sjálfsagt eða jafnréttlátt, að þessi undanþága sé líka veitt til nýbyggingarsjóðstogaranna, meðfram fyrir það, að augljóst mál er, að það getur ekki skipt nokkru máli fyrir rekstur nokkurs togara, hvort hann fær losaða úr nýbyggingarsjóði upphæð, sem er innan við 25 þús. kr. Ég tel það óneitanlega dálítið viðkvæmt mál að leyfa óbeina notkun þess fjár, sem hefur á sínum tíma verið heimilað að leggja til hliðar skattfrjálst í vissu augnamiði, og við þrír nm. teljum, að ekki liggi fyrir sömu ástæður, sem réttlæti það, að þessi undanþága, að þessu sinni a. m. k., nái til togaranna eins og til smábátanna. Þess vegna leggjum við til, að frv. verði breytt í þá átt, að þessi undanþága sé eingöngu bundin við bátaútveginn, og leggjum til, að hv. d. samþ. brtt. okkar á þskj. 492.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. N-M., að í framsöguræðu minni ræddi ég aðallega um bátaútveginn. En ástæðan til þess var sú, að þetta basl, sem báaútvegurinn á í og átti þá, var mjög ríkt í huga mínum, þegar ég flutti þetta frv., því að það kom í minn hlut að rannsaka nokkuð hag bátaútvegsins og taka þátt í undirbúningi þeirra till., sem síðan voru samþ. hér á Alþ. um stuðning við hann. Það stóð einnig svo á, að ég gat ekki fengið upplýsingar hjá stj. nýbyggingarsjóðs, sem næðu lengra en til ársloka 1947, og þar af leiðandi var það ekki fyrir hendi, að búið væri að ráð-

stafa af innstæðum togaranna svipað því eins miklu eins og nú er í ljós komið, að ráðstafað hefur verið. Mig minnir, að við árslok 1947 hafi verið óráðstafað um 8 millj. kr., en nú er það innan við 1 millj. kr., sem óráðstafað er. Eins og ég áður tók fram, má gera ráð fyrir því, að þessu fé verði aldrei varið til nýbygginga. Þetta er svo lítið á hvert skip, að út í nýbyggingu verður aldrei lagt vegna þeirra peninga, enda mun þetta yfirleitt tilheyra þeim togurum, sem eru komnir í greiðsluþrot vegna taprekstrar og liggja af þeim sökum áhafnalausir á höfnum inni. Ég hef nú aldrei ætlað að gera þetta að kappsmáli, en vil þó benda hv. þm. á það, að það er ekki rétt orðað hjá hv. 2. þm. N-M., þegar hann talar um, að Alþ. sé nú að veita undanþágu til þess að nota fé þetta til greiðslu á taprekstri. Sú undanþága er til. En ef till. hv. meðnm. er samþ., tekur hæstv. Alþ. nú þessi hlunnindi af togaraeigendum, sem þeir alveg skýlaust hafa áður samkvæmt l. að mínu áliti. Það er þetta, sem ég vildi, að hv. þm. gerðu sér ljóst, áður en þeir greiða atkv. um till. Hins vegar er alls ekki verið að taka fé með þessu frá nýbyggingarsjóði, vegna þess að þetta fé verður aldrei til nýbygginga notað. Í öðru lagi er ekki með þessu frv. breytt þeim tilgangi, sem núgildandi l. um þetta efni hafa. Verði till. hv. meðnm. minna samþ., orsakar hún það, að ákvæði 14. gr., — sem segir undantekningarlaust, að útgerðarmenn megi nota innstæður þessar til greiðslu á taprekstri, — verða ekki í gildi framar að því er snertir togaraútgerðina.

Eins og ég sagði áðan, tel ég þetta ekki vera stórmál. Þeir eigendur togara, sem hafa orðið að stöðva rekstur skipa sinna vegna taps, þeir eiga ekki meira hver fyrir sig í þessum sjóði en að það hrökkvi þeim skammt. Við vitum, að fjárgreiðslur til togaraútgerðar eru svo stórbrotnar, að það þarf mikið til. Ég er þess vegna ekki að kappræða þetta neitt. Mér finnst þetta liggja svo ljóst fyrir, að það sé næstum móðgun við hv. þm., ef ég færi að setja þá á skólabekk og kenna þeim réttan skilning á þessu efni, sem liggur opið fyrir þeim. Ég legg það alveg undir dóm hv. þm., hvort þeir vilja samþ. þessa brtt. hv. meðnm. minna, en vitanlega er ég henni alveg andvígur.

Halldór Ásgrímsson: Ég tek undir það með hv. frsm. og flm. þessa frv., að ég mun ekki kappræða þetta mál. Ég vil aðeins benda á það, að ég tel alls ekki rétt, að með brtt. okkar á þskj. 492 sé um það að ræða, að við séum að taka af togaraeigendum einhvern rétt, sem þeir eigi þegar l. samkvæmt. Það er misskilningur. Brtt. okkar gengur aðeins út á það, að sá aukni réttur, sem fæst, ef þetta frv. verður samþ., færist ekki yfir á nýbyggingarsjóð togaranna. Ég vil aðeins benda á, að þetta er hreinn og beinn misskilningur hjá hv. flm. Að öðru leyti læt ég svo útrætt um málið.

ATKVGR.
Brtt. 492 samþ. með 15:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 541, n. 560).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Það fjallar um það, að bátaútvegsmenn, sem í árslok árið 1948 áttu í nýbyggingarsjóði inneign, sem er lægri en 25000.00 kr. á skip, eða hafa tapað meira á tveim síðustu árum en svarar inneign þeirra í sjóðnum, megi taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé. Eins og þetta var fyrst borið fram í Nd., þá átti þetta að ná til allra aðila, en því hefur verið breytt í Nd., þannig að það nær nú aðeins til bátaútvegsmanna, en rétt hefði verið að láta þetta ganga jafnt yfir alla aðila, og tel ég því þessa breytingu, sem á hefur verið gerð, ranga. En það sýnir aðeins samúð við aðra útvegsmenn en bátaútvegsmenn, hvernig frv. hefur verið breytt í Nd., sem vill ekki láta þetta ganga út yfir togara. Þótt þeir eigi fé inni, þá er þeim ekki heimilt að taka það, þó að þeir hafi tapað á rekstrinum á sama tíma. En þrátt fyrir þessa ágalla, þá vil ég þó heldur, að það nái fram að ganga, og mun ég því ekki gera ágreining um þetta í n., heldur fylgja því eins og það er, þó að hitt hefði verið réttara. Hér er um að ræða tæpar 900 þús. kr. og er það vitað, að það verða aldrei byggð skip fyrir þá fjárhæð. Þess vegna legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða verulega um frv. sjálft, en vil benda hv. deild og sérstaklega hæstv. ráðh. á, að ég tel mjög óviðeigandi að samþykkja á sama þ. heilan bunka af l., sem öll eru brtt. við sömu l. Það er nóg, að ein slík brtt. komi fram, þó að eigi sé útungað 3—4. Á sama þ. er breytt einu og öðru í sömu l. og útbýtt aftur og aftur slíkum frv. Hér liggja nú fyrir tvö frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Þau eru ekki sameinuð í n., heldur fer annað í sjútvn., og hitt kemur frá fjhn. Því ekki að færa þau saman og afgreiða málið til ríkisstj. í heild? Við höfum nú á þessu þ. samþ. fjórar breyt. á l. um benzínskatt, og búast má við þeirri fimmtu. Þetta gerir þeim mönnum, sem þurfa að hagnýta sér l., erfiðara fyrir, og við eigum ekki að gera okkur leik að þessu. Tel ég þetta mjög illa farið og mjög illa unnið að afgreiða mál svona frá Alþ.

Forseti (BSt): Hér er ekki hv. frsm. fjhn. staddur. Hún hefur nú eigi þetta mál til meðferðar, en kæmi væntanlega til með að fjalla um það, ef frv. því, sem hér liggur fyrir, væri steypt saman við 7. dagskrármál (196. mál), og sé ég mér ekki annað fært en láta atkvgr. ganga um málið. Hér er komin till. um, að 1. dagskrármáli sé steypt saman við frv., sem er 7. dagskrármál. Ég get ekki tekið það til greina, nema tekið sé undir þetta af hv. n.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Vegna þessa vildi ég benda á, að það er rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að viðkunnanlegra væri, að brtt. við sömu l. væru í einu frv. En það er ekkert einsdæmi um þetta mál, því að m. a. í sambandi við frv. til l. um innflutning og útflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri sótti ég það mjög fast, að breyt. við sömu lög væri tekin með í það frv. Þó þótti það eigi gerlegt. Gat 1. flm., hv. 1. þm. Reykv., ekki fengið n. til að fallast á að sameina þetta tvennt í eitt frv. Hér er líkt ástatt. Hér er um ekkert skattamál að ræða, og því bar frv. að vísa til sjútvn. Get ég því ekki fallizt á að fresta málinu og setja það saman við 7. dagskrármál. Annars vil ég, að atkv. séu látin ganga um það í d. Frv. á aðeins eftir 1 umr. og enginn ágreiningur er um það í sjútvn., og get ég ekki fallizt á þessa meðferð málsins. En ég vil leyfa mér að leiðrétta það, er ég tók fram við 2. umr. um innstæður í nýbyggingarsjóði. Ég fór þar eftir grg. á þskj. 393. En nú hef ég fengið nýjar upplýsingar á þskj. 478, þar sem gefið er upp, að innstæður togaraeigenda hafi verið kr. 2846202.52 um síðustu áramót. Þar er og upplýst, að togarainnstæðueigendur séu búnir á þessu ári að ráðstafa um kr. 1900000.00 til nýbygginga, og þá eru eftir um 900 þús. kr. í sjóðnum. En þó hefur Nd. séð ástæðu til að fella burt, að þessum aðilum sé skapaður sami réttur og þeim, er gera út báta, þótt innstæða þeirra sé lægri en hjá bátaútveginum. Mér finnst einkennilega skipt milli aðila. Hvers vegna eiga ekki þeir, sem eiga 900 þús. kr., að njóta sama réttar? En ef þetta er rétt um innstæðurnar, þá mun ég vera eigandi að um helmingi þess fjár, er eftir er, og kann ég þá ekki við að bera sjálfur fram till. um að fella þetta brott úr l. Munu félög mín eiga um 500 þús. kr. af eftirstöðvunum. Ég mun því fylgja frv. óbreyttu, en mun ekki fella mig við það, að málinu verði frestað, og hef engra hagsmuna að gæta í því efni. Hins vegar er mér ljóst, að þetta eru svo smáar upphæðir, að aldrei verður byggt neitt fyrir þær.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þó að þessir tveir dagskrárliðir séu breyt. á skattal., hefur annað málið farið til fjhn. Það frv. er á þskj. 588. En frv. á þskj. 541 fór í sjútvn. Þetta eru, eins og hv. þm. Barð. tók fram, allóskyld mál, og sé ég enga ástæðu til að steypa þeim saman, nema skjóta þeim til n. aftur og láta sjóða upp nýja álitsgerð, enda sé ég engan sparnað í því, þótt frv. væru tekin saman. Ég geri ráð fyrir, að bæði frv. njóti fylgis í d.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það, sem ég sagði, var almenn ábending. Á þetta eigi aðeins við um þessi frv., heldur er þetta orðið nokkuð algengt, og ég nefndi benzínskattinn sem dæmi, sem mælt er, að eftir sé að fjalla um í 5. sinn. Þegar kanna á, hvað hefur verið gert á þessu þ., sjá menn, að þessum l. hefur verið breytt svo og svo. En þeim sést yfir aðrar brtt. Þetta benti ég á og hitt, að hér hafa komið fram tvær brtt. við l. um tekju- og eignarskatt. Og sú þriðja er á leiðinni frá hæstv. ríkisstj., að því er haldið er. Ég bendi á þetta, sem er þeim mönnum, er vilja athuga þetta síðar, til erfiðisauka. E. t. v. má segja, að hægara sé að átta sig á einhverju atriði í frv. með þessu móti, en það eru tæplega menn, er setið hafa á þ., sem átta sig ekki á lagabreyt., sem gerðar hafa verið um fleira en eitt atriði. En ég mun enga till. bera fram, úr því sem komið er. Þó er þetta ósiður, er eigi á að eiga sér stað.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vildi benda á, að frv. á þskj. 588 er að byrja hér göngu sína, en hitt hefur gengið í gegnum Nd., og er því útilokað að fara svo með þetta mál sem getið hefur verið, og þá er betra að fella frv. hreinlega við atkvgr. En mér er alveg sama.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 597).

---

62. Útflutningur og innflutningur á íslenzkum og erlendum gjaldeyri (frv. BÓ og LJóh).

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri [60. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 11. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, gerir þrjár aðalbreyt. á l. Í fyrsta lagi, að numin séu úr l. þau ákvæði, sem nú leggja þá kvöð á Íslendinga, að þeir verði að gefa upplýsingar um það, áður en þeir fara úr landi, að þeir semji ekki við erlenda aðila um að fá uppihald erlendis gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða nokkurs konar öðru endurgjaldi. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að Íslendingar þvert á móti hafi fulla heimild til þess að semja við aðila erlendis um, að þeir megi þiggja þar greiða og fyrirgreiðslu gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi, og þetta gildi jafnt fyrir einstaklinga og félagshópa. — Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að ekki sé hægt samkvæmt l. að setja reglur, sem banna mönnum brottför úr landi nema með leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna. — Í þriðja lagi, að útlendingum sé ekki gert að skyldu að afhenda þann erlenda gjaldeyri, sem þeir koma með hingað til lands, þ. e. a. s. þann fararеyri, sem þeir hafa með sér, meðan þeir standa hér við. Slík kvöð er ekki til í neinu landi, eftir því sem mér er kunnugt. Ég hef hvergi orðið var við það, þar sem ég hef ferðazt, að útlendingum sé gert að skyldu að afhenda gjaldeyri, þegar þeir koma inn í landið, og sækja hann svo til bankanna, þegar þeir fara úr landinu. — Ég álít, að þótt það sé langt gengið í því að reyna að kontrolera meðferð gjaldeyris og koma í veg fyrir svartan markað með hann, þá hljóti þó að vera takmörk fyrir því, hvað hægt er að ganga langt í þessum efnum, bæði að því er snertir kvöð á Íslendinga um, að þeir megi ekki í neinni mynd taka á móti greiða erlendis með því að greiða það í svipaðri mynt hér heima, eða setja á útlendinga þá kvöð, sem ekki þekkist í neinu öðru landi mér vitanlega. Þessi heimild um gagnkvæman greiða er svo sjálfsögð, að það ætti ekki að þurfa að deila um það atriði. Og ef við lítum til annarra landa, þá veit ég ekki til, að það sé nokkurs staðar tekið fram í gjaldeyrisreglum annarra landa, að landsmenn megi ekki nota sér slíkt. Ég hef orðið var við það, að margir, sem lögfróðir eru, telja það víst, að þær reglur, sem viðskiptanefnd hefur sett til að banna mönnum brottför úr landi, hafi ekki við nein l. að styðjast. Þess vegna álít ég, að n. hafi sett þarna reglur um, að menn megi ekki undir neinum kringumstæðum fara af landi nema með leyfi n., án nokkurrar heimildar. Þetta er gert á þann hátt, að n. bannar skipafélögum og flugfélögum að selja mönnum farmiða nema með hennar leyfi. Hún getur sett þessa þvingun á þessi félög, vegna þess að þau þora ekki annað en hlýða boði hennar, af því að þau hafa svo mikið undir hana að sækja um gjaldeyri. En ég fullyrði að þetta bann n. hefur ekki að styðjast við neinar lagaheimildir. Landsmenn eru með þessu atriði svo að segja lokaðir hér inni eins og melrakkar í greni. — Ég gæti sagt hv. d. frá dálítið einkennilegu atviki, sem kom fyrir nýlega í sambandi við þetta og sýnir, hvernig framkvæmdin er á þessu, eins og framkvæmdin hefur alltaf verið, þegar höftin fara að ganga út í öfgar, eins og hér á sér stað. Það er stúlka, sem bað um leyfi til að mega fara af landi til þess að heimsækja systur sína í Vesturheimi. Hún fékk nei til að byrja með, en það gekk maður undir manns hönd til að biðja um leyfi fyrir stúlkuna hjá n., og það kom upp úr einum nefndarmanni, sem hafði með þetta að gera: Já, það var hægt að fá leyfi til að fara af landi burt með því að fara alfarinn og koma aldrei aftur. — Þetta er gott dæmi af því, hvernig þessir öfgar eru komnir inn í þessa haftapólitík, sem við rekum hér. Annað dæmi mætti líka benda á. Það er íslenzk kona, sem er gift útlendingi, þau hafa dvalið hér á annað ár. Þessi kona á miklar eignir hér, sem hún hefur erft, en þeim er óskipt, og hjónin hafa dvalið hér hjá skyldmennum sínum á annað ár eins og útlendingar. Þau hafa beðið um leyfi til að fara af landi, en fá það ekki, nema borga fargjaldið í erlendri mynt. Konunni þótti þetta súrt í brotið, og hefur gengið maður undir manns hönd til að fá leiðréttingu á þessu, og ég veit ekki betur en það sé komið í viðkomandi ráðuneyti. Og eitt af svörum n. var m. a. það, að það mætti athuga þetta, að leyfa konunni að kaupa farseðil í íslenzkri mynt, ef búinu yrði skipt. Það átti að skipta búi, sem margir aðilar áttu eign í, til þess að n. gæti leyft þessari konu að kaupa farmiða með íslenzku skipi, sem sigldi með íslenzkar vörur til Vesturheims. Vitleysan hefur gengið svo langt í þessum efnum, að það tekur engu tali, og sýnir þetta, á hvaða braut við erum komnir í þessum efnum.

Það munu vafalaust sumir halda því fram, að hér sé verið að reyna að greiða götu þeirra, sem hafa skotið undan gjaldeyri. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja og ætla ekki að mæla bót þeim, sem slíkt hafa gert, en þessar reglur, sem hér hafa verið settar um átthagafjötra, ná alls ekki settu marki, ef þær eiga að koma í veg fyrir kaup eða sölu á svörtum markaði. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að með þessum reglum er í raun og veru verið að dæma alla landsmenn fyrir fram sem seka

við gjaldeyrisl. Í þessu sambandi má benda á, að Danir hafa nýlega sett hjá sér reglur, sem leyfa frjálsan gjaldeyri til allra, sem fara í viðskiptaerindum til útlanda. Þeir veita þeim ákveðinn gjaldeyri á dag í sín ferðalög, og það eru ekki settar neinar takmarkanir fyrir því, hversu lengi viðkomandi menn megi vera í ferðinni, og þetta er veitt bæði í sterlingspundum og dollurum. Þetta sýnir m. a. það álit Dana, að það sé í rauninni neyðarbrauð að herða svo á þessum gjaldeyrisl. í sambandi við ferðalög eins og gert hefur verið. Það er öllum kunnugt, að í Englandi eru þær reglur, að óbreyttir borgarar hafa kröfu til þess að fá ákveðna upphæð á ári til ferðalaga erlendis. Þetta sýnir meðal annars, hvaða álit Englendingar hafa í þessum efnum.

Ég vænti þess því, að hv. d. sjái, að þær breyt., sem hér eru settar fram, séu í fyllsta máta sanngjarnar og að þessum l. þarf að breyta á þennan hátt, svo að betur megi fara en nú er. Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. er ekki hér í hv. d. til þess að vera viðstaddur þessa umr. málsins.

Ég er í meginatriðum samþ. frv. þessu á þskj. 86. En ég tel eðlilegt, að þetta mál verði afgr. um leið og bráðabirgðal. á þskj. 39 verða afgr., sem er mál nr. 36, um breyt. á þessum sömu l., sem er stjfrv. Ég hef rætt þetta mál nokkuð við skrifstofustjóra Alþ., vegna þess að ég hafði hugsað mér að bera fram frv. nokkuð líkt því, sem hér kemur fram, og skrifstofustjóri áleit heppilegt, að þessi frv. fylgdust að, því að þau eru um breytingu á sömu l.

Þá vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort hann telur nokkra stoð í l. frá 22. marz, um innflutning og útflutning á gjaldeyri, fyrir því að banna ferðalög eins og gert hefur verið með auglýsingu, sem gefin er út af gjaldeyrisn. Mér hafa verið gefnar þær upplýsingar af viðskmrh., að þetta sé ekki reglugerðaratriði frá ráðuneytinu, heldur ekki auglýsing frá ráðuneytinu, heldur auglýsing frá viðskiptan., sem ég hygg, að mjög vafasamt sé, að eigi stoð í l., eins og flm. tók fram. — Mér hefur verið bent á, að þetta sé með tilvísun til 4. gr. l., en ég sé ekki, að sú grein heimili á nokkurn hátt þessa aðferð. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa þessa málsgr. l., sem vísað er hér til:

„Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför úr landi gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt, og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til.

Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera."

Hvort tveggja þetta er hægt að gera án þess að taka sér heimild til þess að stöðva fólkið að fara utan. Það má náttúrlega deila um það, hvort manni sé með þessu fyrirmunað að vinna sér inn tekjur erlendis, og sé það skoðun hæstv. ríkisstj., að það sé heldur ekki leyfilegt, þá er að sjálfsögðu gengið lengra en sæmilegt er, og þá á vitanlega að fella þá gr. niður, því að það er vitanlega ekki stætt á því, að íslenzkum þegnum sé ekki fært að fara utan, t. d. á skip eða vinna við verksmiðjur eða stunda önnur störf. Ég tel því eðlilegast að fella þessa grein niður.

Þá vildi ég gjarna, að hæstv. ráðh. vildi upplýsa það, hvort það væri rétt, að hæstiréttur hafi ráðlagt ríkisstj., að þessi auglýsing væri ekki gefin út, um takmörkun leyfa til utanferða, eða hvort hæstv. ríkisstj. hafi leitað ráða til hæstaréttardómara, því að hér er skert svo frelsi manna, að ég trúi ekki fyrr en ég tek á, að ólögfróður ráðh. hafi gert þetta án þess að fá ráð lögfróðra manna, áður en slíkt spor væri stigið. Það er alveg áreiðanlegt, að á þessari haftaöld hefur aldrei verið gengið eins langt á rétt einstaklinga eins og hér er gert. Ég harma það, að enginn maður skuli hafa haft manndóm í sér til þess að fá dómsúrskurð um þetta atriði, en það kann að vera, að það hefði verið nauðsynlegt. Ég vil þar að auki benda á, að það er náttúrlega alveg óþolandi að beita þessum aðferðum gagnvart þegnum landsins, því að það er ekki hægt að treysta neinum manni til þess að framkvæma slík ákvæði eins og hér er um að ræða, ef það skyldi vera í l. heimild fyrir slíku, því að það er enginn fær um að úrskurða það, hvort leyfa skuli þessum eða þessum manni að fara utan. Og þau dæmi, sem fram voru tekin af hv. flm., sýna, hve ákaflega erfitt er að framkvæma þetta. Það er hreinasta handahóf. Auk þess er hægt að nota þetta á stórkostlega pólitískan hátt, sem mér dettur þó ekki í hug að drótta að neinum og allra síst hæstv. ráðh. eða öðrum. En hv. þm. muna kannske átökin, sem urðu í Sþ. milli mín og hæstv. menntmrh., þegar rætt var um yfirfærslu til stúdenta. Þá krafðist hæstv. menntmrh. þess, að hann fengi að ráða yfir, hvaða stúdentar fengju að vera erlendis og hvert þeir færu og jafnvel hvaða pólitíska skoðun þeir hefðu, þegar þeir kæmu heim. Alþ. braut niður þessa tilraun hæstv. ráðh., og ég vona, að svo verði gert hér, þannig að Alþ. brjóti niður vald n. til þess að ákveða hvort menn, sem þurfa, megi fara utan eða ekki.

Ég vil því lýsa fylgi mínu við þetta frv., og eins og ég hef áður sagt, hygg ég, að afgreiðsla þessa máls ætti að bíða, þar til stjórnarfrv. kemur hér til umr., sem mun fara í sömu n., og sé ég ekki ástæðu til annars en að sameina það.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að ég er alveg samþykkur áliti hv. þm. Barð., að það væri eðli-

legast við afgreiðslu þessa máls í þinginu, á hvern veg sem hún nú verður, að þetta frv. og það stjfrv., sem lagt hefur verið fram í hv. Nd., um breyt. á l. nr. 42 frá 1948, fylgist að, því að þar er í báðum tilfellum um breyt. að ræða við sömu l., þó að það sé, eins og skiljanlegt er, mikill eðlismunur á þeim, þar sem þau fjalla sitt um hvora gr. l. og allt aðra hluti. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta frv. sé látið bíða eftir afgreiðslu frv. í hv. Nd. eða hitt frv. látið bíða eftir afgreiðslu þessa frv. Mér er sama út af fyrir sig, hvor aðferðin verður höfð.

Þetta frv. er að efni til, eftir því sem ég hef lítillega kynnt mér það, að nema úr gildi þær hömlur, sem hafðar hafa verið á ferðum Íslendinga til útlanda. Það er aðalefni frv., þótt fleira sé þar nefnt. Og þessu atriði er ég fyrir mitt leyti mótfallinn, og skal ég lýsa því hér og færa rök fyrir því.

Það eru nokkrar líkur til þess, þó að það hafi ekki fengizt upplýst til hlítar, að sumir íslenzkir þegnar eigi eitthvað af fjármunum erlendis, sem ekki hafi verið gefnir upp á hinn venjulega og löglega hátt. Það hefur að vísu ekki fengizt um það nema nokkrar upplýsingar enn sem komið er — væntanlega meiri seinna —, en það er vitanlegt, að ef svo er, sem ég hef fulla ástæðu til að ætla, mundu þeir, sem þessa peninga eiga, hafa allt aðra aðstöðu til þess að ferðast um og nota sér þá, og gætu þeir því farið hindrunarlaust leiðar sinnar á erlendum vettvangi. Þess vegna hefur verið sett í l. nr. 42 frá 1948, að hver, sem fer af landi burt, skuli gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri þeir hafi með sér og hvernig þeir hafi aflað sér hans, og skuldbindi sig til þess að afla ekki gjaldeyris á sérstakan hátt, sem þar er nánar til tekið. Ég er ekki í vafa um, að í gr., sem hv. þm. Barð. talaði um, liggur heimild til þess að banna mönnum að fara til útlanda, sem ekki gera grein fyrir sínu ferðalagi eða sinni gjaldeyrisöflun á þann hátt, sem þessi gr. l. gerir ráð fyrir, því að það væri tilgangslaust að setja þetta ákvæði í löggjöfina, ef ekki væri heimild fyrir viðskiptan. að banna mönnum að fara utan, ef þeir gefa ekki þessar upplýsingar.

Ef þessum lið gr. er kippt burtu, þá er þar með um leið kippt úr höndum n. öllum möguleikum til þess að hafa eftirlit með því, að gjaldeyris til ferðalaga sé aflað á löglegan hátt, en það álít ég nauðsynlegt að n. hafi.

En til þess að skýra, hversu stranglega n. hefur farið í að stöðva menn í þessum ferðalögum, skal ég geta þess — ég hef að vísu ekki skýrsluna við hendina, en ég held, að ég muni það rétt —, að það hafi verið veitt leyfi til utanferða án gjaldeyris á tímabilinu frá 15. marz til 1. okt. rúmum 2 þús. manns, — rúmum tvö þúsund manns! Það þýðir, að á 5 mánuðum rúmum hafa þess vegna fengið að fara til útlanda 4 þús. manns, því að önnur 2 þús. fóru með gjaldeyrisleyfi, eða 13—14 menn á dag að meðaltali. Það verður því sannarlega ekki sagt, að viðskiptan. hafi með þessum framkvæmdum sínum stöðvað ferðir Íslendinga til útlanda á þennan hátt. Ég get ekki séð það. Enda hef ég það fyrir satt, að hún framkvæmi þessar reglur sínar á þann hátt, að ef færðar eru líkur fyrir því, hvað þá heldur sönnur, að gjaldeyrisins sé aflað á löglegan hátt, þá hefur hún ekki staðið í vegi fyrir því, að þessi ferðalög væru farin. — Að hæstiréttur hafi ráðlagt að gefa ekki út þessa auglýsingu, eins og hv. þm. Barð. vék að, veit ég alls ekkert um. Mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi leitað neins úrskurðar hæstaréttar um þetta mál, og fyrir mín augu eða eyru hefur sá úrskurður ekki komið.

Það er náttúrlega alveg rétt eins og hv. frsm. og fyrri flm. sagði hér áðan, að það er neyðarbrauð að herða á gjaldeyrishömlunum eins og gert hefur verið. Víst er það neyðarbrauð. En af hverju erum við að éta þetta neyðarbrauð? Það er af því, að við getum ekki annað eins og við vitum, við höfum ekki gjaldeyri til okkar lífsnauðsynja. Þessi hv. þm. kvartaði yfir því í Sþ., að mjög hefði gengið á birgðir af nauðsynjavörum í þessu landi. Hann kvartaði yfir því, að ekki hefðu verið gefin út leyfi fyrir þeim nauðsynjum, en það er ekki þannig, heldur hefur ekki verið til gjaldeyrir til þess að innleysa þau leyfi, sem gefin hafa verið.

Nú er það svo, að þótt þessar ferðir séu farnar með íslenzkum skipum eða flugvélum, þá kostar þetta allt gjaldeyri, og vissulega er það æskilegt að geta takmarkað þennan gjaldeyri eins og mögulegt er, meðan þörfin fyrir notkun hans á öðrum sviðum er jafnmikil og hún er nú. Ég tel þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, í fyrsta lagi vegna gjaldeyristakmarkana, að hafa í l. einhver ákvæði, sem gefi viðskiptan. eða einhverjum aðila svipaða aðstöðu til stöðvunar ferðalaga eins og gert er nú. Og í öðru lagi álít ég það nauðsynlegt til þess að tryggja það, að ekki verði notaður illa fenginn gjaldeyrir í þessu skyni. En sé hans aflað á venjulegan og löglegan hátt og með ekkert farið í felur, þá er hægt að gefa viðskiptan. það upp, og þá geri ég ráð fyrir, að hún leyfi notkun hans á frjálsan hátt.

Hvað gert er í þessu efni í Englandi og Danmörku, skal ég ekki segja neitt um. En ég efast um, að til útlanda hafi farið fleiri þaðan miðað við fólksfjölda heldur en héðan hafa farið utan. En eins og ég sagði áðan, minnir mig, að það sé nokkuð jafnstór hópur, sem hefur farið héðan á þessum rúmum fimm mánuðum, sem ekki hafa haft gjaldeyrisleyfi og hinir, sem hafa haft það, eða samtals 4000 manns eða 30. hver maður. Ef hv. þm. geta sýnt fram á, að t. d. í Englandi og Danmörku hafi fleira fólk verið á ferðinni til útlanda en 30. hver maður, þá sé ég ástæðu til þess að athuga, hvort ekki sé hægt að losa eitthvað um þau ægilegu höft, sem eru hér á landi.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hvað snertir afgreiðslu þessara tveggja frv., sem hér hafa komið fram á þinginu um þetta sama mál, þá hef ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, þó að þau séu afgr. saman, eða

hvort þeirra verður afgr. þá fyrst. Annars vil ég benda á, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er það ákvæði, sem bráðabirgðal. stj. gera ráð fyrir, en það er að sjálfsögðu framkvæmdaatriði, sem ég mun ekki deila um. En um það má lengi deila, meðan ekki fæst úrskurður dómstólanna, hvort heimilt sé fyrir ríkisstj. að láta framkvæma l. á þennan hátt, sem hún hefur gert, eða með öðrum orðum, hvort ríkisstj. sé leyfilegt að dæma alla landsmenn fyrir fram brotlega við gjaldeyrisl., ef þeir vilja fara úr landi. Það er dómur yfirvaldanna, að hver, sem fer úr landi, sé brotlegur í þessum efnum, þess vegna þurfi að hafa við hann þær reglur, sem n. hefur sett, sem ég tel óverjandi, hvernig sem litið er á. Það, að sumir menn eigi gjaldeyri í útlöndum og svo og svo margir hafi ferðazt til útlanda án gjaldeyris, er ekki aðalatriði í þessu sambandi. Aðalatriðið er, að Íslendingar eru nú lokaðir inni eins og melrakkar í greni. Íslendingar hafa ekki rétt nema með leyfi n., sem greinilega hafa oft verið mislagðar hendur, að fara ferða sinna til útlanda. Það er lagt í hendur þessarar ákveðnu n. að ákveða, hverjir megi fara úr landi, hvernig sem á stendur. Ég tel það enga sönnun fyrir réttmæti þessa máls og þessara l., að n. hafi veitt 2000 mönnum leyfi til þess að fara úr landi án gjaldeyrisleyfis og öðrum 2000 mönnum með leyfi. Slíkt sýnir ekki það meginatriði, sem hér er verið að ræða um, því að hver er kominn til þess að segja, að viðskiptan. hafi afgr. þessi leyfi hlutdrægnislaust gagnvart öllum. Engum kemur til hugar, að það sé gert. Ég er þó ekki að væna í sjálfu sér nm. hvern fyrir sig, að þeir vinni starf sitt ekki vel. En ég fullyrði, að þeirri n. séu svo gersamlega mislagðar hendur í sínu starfi, að slíkt hefur ekki þekkzt hér áður.

Hæstv. ráðh. gat um það, að þessar ráðstafanir væru gerðar af gjaldeyrisástæðum. Já, í orði kveðnu kann það að vera, að svo sé, — en hve mikið ætlar hæstv. ráðh. að spara gjaldeyri á því að halda við þessum reglum? Gerir hæstv. ráðh. ráð fyrir því, að það sé ákaflega mikill sparnaður í því? Ef svo er, eins og hann segir, að mikið af erlendum gjaldeyri sé í eigu einstakra Íslendinga erlendis, sem ekki hafi verið gefið upp, gerir hann þá ráð fyrir því, með því að inniloka Íslendinga svona í landi sínu, að þessi faldi gjaldeyrir komi fram til þess að kaupa fyrir nauðsynjavörur, sem hæstv. ráðh. sagði, að vantaði í landið? Að birgðalaust sé í landinu af nauðsynjavörum og matvörum þrátt fyrir þrjú til fjögur hundruð millj. kr. gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, tel ég alveg óverjandi. En ég skal ekki mótmæla hæstv. ráðh., að slíkt ástand stafi að einhverju leyti af gjaldeyrisleysi, en ég hef þó mjög ríka ástæðu til þess að ætla, að einnig hafi skort leyfi til þess að flytja inn matvörurnar. Og þegar hreyft hafði verið við þessu máli, var frá því skýrt, að viðskiptan. og fjárhagsráð muni gera ráðstafanir til þess, að séð verði um, að 3—5 mánaða birgðir verði til í landinu af þessum vörum.

Það má á ýmsan hátt túlka þetta mál, m. a. þannig, að maður sjái ekki aðalatriðið í málinu, sem er, að verið er að loka Íslendinga inni í sínu eigin landi og þeir mega ekki hreyfa sig út úr landinu, hvernig sem á stendur, nema með leyfi n., sem viðurkennt er, að séu mjög mislagðar hendur í starfi sínu. Það má líka segja, að við getum ekki borgað fyrir matvörur, á meðan við flytjum inn kapitalvörur fyrir nærri helminginn af þeim gjaldeyri, sem við höfum yfir að ráða, sem á þessu ári komst upp í 40—50%. Virðist því þurfa að breyta hér um stefnu og vinnuaðferð, og hef ég ástæðu til þess að ætla, að fjárhagsráð sé farið að gera ráðstafanir í þá átt. Ég skal ekki koma inn á þá fjárfestingu, sem við erum nú að komast inn á hér. Það er annað mál, sem kemur ef til vill til umræðu síðar. Ég veit líka, að allir eru í raun og veru sammála um það, að þótt nauðsynlegt sé að byggja margt hjá okkur, þá getum við ekki gert það á kostnað almennra neyzluvara í landinu, með öllum þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa í sambandi við vaxandi verðbólgu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, sem hann gaf mér við mínum spurningum, að svo miklu leyti sem þau voru tæmandi. Ég veit, að hann skilur, að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Ég veit, að ráðh., sem leggur eins mikinn tíma í að hugsa mál eins og ég veit, að hæstv. ráðh. gerir, er fús til þess að ræða málið reiðilaust og athuga fleiri leiðir.

Hæstv. ráðh. sagðist vera á móti því, að höftin væru numin burt, og gaf ástæður fyrir því. En er ráðh. hér ekki að blanda saman alveg óskyldum málum? Fyrsta ástæðan, sem hann gaf, var sú, að það væri verið að reyna á þennan hátt að fyrirbyggja, að notaður væri gjaldeyrir, sem væri illa fenginn erlendis. Ég er honum sammála um það, að gera þurfi ráðstafanir til þess, að íslenzka ríkið geti klófest þann illa fengna gjaldeyri, ef hægt væri og möguleikar fyrir landið að ná honum án þess að verða sér til vansa, eins og ég álít, að hér sé verið að gera. En ég er honum ekki sammála um það, að á þennan hátt sé auðið að komast yfir þann gjaldeyri, nema síður sé. Og ég er viss um, að ef gefnar yrðu frjálsar nauðsynjavörur, eins og vefnaðarvörur og skófatnaður, og leyft ákveðinn tíma að flytja inn þessar vörur án þess að leyfa um leið erlendan gjaldeyri, þá mundi það bæta mikið úr því ástandi, sem er í þessum málum. Skortur á vefnaðarvöru í þessu landi er svo mikið vandræðamál, að þeir einir eru ekki komnir í þrot, sem hafa komizt í gegnum þetta varnarkerfi viðskiptanefndar og geta komizt út og klætt sig upp. Það hafa hrúgazt upp hjá mér undanfarið dyngjur af bréfum utan af landi, sem eru full af kveinstöfum yfir því, að fólkið hafi ekki nægan skófatnað að ganga í til vinnu, — þar sem kvartað er yfir því, að bræðurnir verði að skiptast á um verkamannaföt til þess að geta gengið út til verka, og þar sem bóndinn verður að liggja í rúminu, til þess að hinir geti farið út. (*SÁÓ:* Þessu trúi ég ekki.) Ég get stað-

fest það, ég hef fengið bréf um það. Bóndinn verður að liggja í rúminu, meðan bræðurnir vinna að störfum. Það er alls ekki sæmandi, að þm. og jafnvel ráðh. skuli hlæja að þessum málum. Vill ekki hæstv. forsrh. einnig láta eitt bros falla í skálina? (*Forsrh.*: Eftir ósk.) Það er þrengt svo að í þessum málum nú, að ég er viss um, að það er ekki sízt þess vegna ásóknin í að fara til útlanda, til þess að geta klætt sig svolítið upp og þurfa ekki að ganga hálfber hér í landinu.

Hæstv. ráðh. upplýsti í svari sínu, að hann hefði ekki fengið úrskurð eða álit hæstaréttar um þetta mál, og hins vegar, að hann hefði ekki farið eftir því, þó að hann hefði fengið það. En hann vanrækti að svara öðru meginatriði, sem sé, hvort hann sem ólöglærður ráðh. hefði leitað álits lögfræðings um þetta atriði, áður en hann lét gefa út auglýsinguna. Vildi hann nú ekki upplýsa hv. d. um það, hvort þetta væri gert samkvæmt ráðum lögfróðra manna um, að stoð væri í l.? Hann fullyrðir, að það væri fullkomlega stoð í þessum l. Ég get fullyrt, að svo er ekki, og mig mundi undra það, ef nokkur dómari gæti dæmt, að gefa mætti út þessa auglýsingu með stoð í 4. gr. l. Það var skilningur minn á þessari lagagr., og ég er ekki einn um þá skoðun. Ég hef marghugsað þessa gr. og rætt hana við viðskmrn., m. a. skrifstofustjórann, og gat hann ekkert fullyrt um það, hvort væri stoð í þessari gr., en taldi bezt að snúa sér til hæstv. ráðh. um þetta atriði, og þess vegna spyr ég: Hefur hann haft leiðbeiningar frá ábyggilegum, lögfróðum mönnum í þessu máli, eða er þetta aðeins gert í því trausti, að þetta hafi stoð í l.?

Hæstv. ráðh. benti á, að það hefðu farið út síðan um 2 þúsund manns í 5 mánuði leyfislaust. Þetta sýnir náttúrlega, hve frámunalegt ákvæðið er. Það sýnir raunverulega, að ákvæðið hefur sama sem ekkert gildi, — að menn, sem eiga að framkvæma það og gefa út, trúa því ekki í raun og veru, að hægt sé að beita þessu valdi, sem er ekki heldur von, því að ég tel gersamlega óhæft að setja í lög að banna mönnum að fara út úr landinu.

Ráðh. sagði, að við gætum víst sýnt fram á, að aðrar þjóðir hefðu meira frelsi í þessum málum en að leyfa 30. hverjum manni að fara úr sínu landi, og þykir mér vænt um að geta upplýst hann um þetta efni. — Í þeim gjaldeyrisvandræðum, sem nú eru í Englandi, er hverjum einasta þegn í landinu, sem óskar eftir að fara úr landinu, leyft að fara með 35 sterlingspund, þó að hann hafi ekkert erindi. Nákvæmlega sama gildir um Danmörku. Ef hann vill fara til ákveðinna starfa, t. d. viðskiptastarfa, getur hann fengið meiri upphæð. (*Samgmrh.*: Til hvaða landa má hann fara?) Hann má ekki fara til Belgíu, nema hann fái sérstakt leyfi, og hann má ekki með þessu ákvæði fara til dollaralandanna, en til sterlinglandanna má hann fara, hvert sem hann vill. Þetta er byggt á því, að það stuðli mjög að kynningu á milli landa, að menn séu ekki lokaðir inni. Og það er hart af þeim manni, sem fer með landkynningarmálin, að hann skuli leyfa sér að beita slíku ákvæði til þess að torvelda landkynningu, til þess að rífa niður þau verk, sem hann sjálfur byggir upp.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri neyðarbrauð að setja þessar reglur. Ég held, að hann ætti að sanna okkur, að þessi reglugerð út af fyrir sig skapi eitthvað, flytji eitthvað inn í landið af gjaldeyri. Ef það væri mögulegt fyrir hann að ná í eitthvað af þessum illa fengna gjaldeyri, þá væri það annað mál. En það liggur ekki fyrir. Það þarf að gera aðrar ráðstafanir til þess að ná í þennan gjaldeyri en þetta hér.

Og svo að síðustu í sambandi við það, hvaða mönnum er falið að úthluta þessu og hvernig þeir rækja það starf sitt, þá vil ég benda ráðh. á, — og er það ekki sagt til ámælis á nokkurn hátt fyrir n., því að hún er hlaðin störfum, — að ég hef hvað eftir annað farið til útlanda í erindum stj., en hefur verið neitað um gjaldeyri hjá n. til þess að reka erindi stj. Þeirri n., sem hefur ekki tækifæri eða vilja til þess að rannsaka þessi mál betur en hér hefur átt sér stað, er ekki hægt að afhenda slíkt vandamál. Ef ráðh. vill rengja þetta, skal ég leggja gögnin á borðið.

Ég held, að öll þessi rök, sem við höfum flutt, hrópi á móti þeirri staðhæfingu ráðh., að þetta mundi bæta úr málinu, og vænti þess, að hann taki þetta mál til mjög alvarlegrar athugunar, svo að því verði breytt í það horf, sem sæmandi er menningu Íslendinga.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hér hefur ýmsu verið blandað inn í umr., sumu kannske skyldu, en öðru óskyldu. Það er t. d. skylt þessu máli, hvernig viðskiptan. eru lagðar hendur með leyfisveitingar, en á ekkert skylt við þetta mál, hvernig innflutningi á ýmsum varningi hefur verið varið til landsins, t. d. á vinnufötum og ýmsu þess háttar, en sannleikurinn er sá, að á þessum vörum hefur verið skortur. Það getur líka vel verið, að viðskiptan. hafi verið mislagðar hendur, en það breytir ekki því, sem fyrir mér er aðalatriðið í þessu máli. Ég tel, að það sé eðlilegt og eftir atvikum sjálfsagt og sanngjarnt, að þeir, sem til útlanda fara, geri viðskiptan. grein fyrir því, eins og segir í l., að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt. Ef þeir gera þetta, tel ég, að þeir hafi rétt á að fara, en annars ekki. Ég mótmæli því, að hér hafi verið, eins og hv. 1. þm. Reykv. orðaði það, viðhafðar ósæmilegar og óhæfilegar reglur, þar sem menn væru lokaðir inni. Það er út í bláinn sagt, að menn hafi verið lokaðir inni. Þar sem 2 þúsund manns hefur verið leyft að fara gjaldeyrislaust úr landi, er ekki hægt að segja, að menn hafi verið „katagoriskt" lokaðir inni, eins og hv. 1. þm. Reykv. komst að orði. Ég tel þess vegna, að það sé sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í l. og praktiskt, eins og gert hefur verið. Það er vitað, að það eru möguleikar fyrir menn að komast til útlanda, sem eiga kannske ráð á erlendum gjaldeyri, sem ekki hefur verið talinn fram, og tel ég ekki ástæðu til að ýta undir það,

að þessir menn fái séraðstöðu til þess að fara úr landi til þess að kaupa t. d. fatnað, sem þeir geta ekki fengið í landinu sjálfu, eins og hv. þm. Barð. sagði. Það er ekki af því að menn langi að takmarka þessar vörutegundir, að menn taka upp á þessu. Og ef þetta ástand ríkir, sem hv. þm. lýsir, þá er það ekki vegna þess, að gjaldeyrisyfirvöldin í landinu langi til þess, heldur vegna þess, að þau hafa verið þvinguð út í þetta. En ég skal ekki ræða um aukaatriði, heldur láta mér nægja að segja, að ég tel, að það litla, sem felst í þessum l. um ferðir manna til útlanda, sé sízt meira en ástæða sé til, og ég veit ekki, hvort væri æskilegra að hafa þetta frjálsara. Þeir, sem kannske ættu ráð á erlendum gjaldeyri, án þess að menn vissu um það, gætu farið hvert á land sem þeir vildu og keypt sér allt og haft aðra aðstöðu en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Hv. þm. Barð. innti mig eftir, hvort leitað hefði verið álits lögfræðinga um þetta efni. Það hefur ekki verið gert sérstaklega, en ég vil segja honum, að þegar frá þessu var gengið, voru þar tveir lögfræðingar, forsrh. og utanrrh., og ættu þeir að kunna á þessari lagalegu hlið málsins full skil. En allir ráðh. voru þar viðstaddir og gerðu ekki athugasemdir.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. Barð. sagði, að það megi teljast kaldhæðni, að ég eigi nú að standa fyrir ferðamannaskrifstofu og landkynningu og takmarka um leið ferðalög til útlanda, þá má það vel vera. En fyrir mér vakir ekki að takmarka ferðalög til útlanda, nema að því leyti sem gjaldeyrisástandið í landinu gerir það nauðsynlegt, og til að menn geti ekki tryggt sér gjaldeyriseign, sem hvergi hefur komið fram og er illa fengin. Það er til þess að koma í veg fyrir slíkt, að þessar reglur eru settar, og meginhluti þjóðarinnar vill, að þetta verði framkvæmt svona.

Brynjólfur Bjarnason: Hæstv. ráðh. hefur gefið þær upplýsingar, að á tímabilinu frá 15. apríl til 1. okt. á þessu ári hafi 2 þúsund manns verið leyft að fara úr landi án gjaldeyris. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig hafa þá þessir menn fengið gjaldeyri, og hvernig hafa þeir gert grein fyrir því, að þeir hafi aflað hans á löglegan hátt?

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og ég gat um í upphafi, hef ég ekki skrá yfir, hvernig þetta skiptist, en hef fengið nákvæma skrá frá viðskiptan., sem ég mun við framhald þessarar umr. lesa upp hér. En ég hygg, að ⅓ af þessari tölu hafi farið til venzlamanna erlendis. Nokkur hluti hefur farið með sjómönnum eina ferð, þ. e. konur þeirra og börn, ýmsir ættingjar námsmanna hafa farið með þeim og annað þess háttar. Þó hygg ég, að flest þetta fólk hafi gert á fullnægjandi hátt grein fyrir því, að það átti þess kost að dvelja erlendis þann tíma, sem það óskaði, þannig að fyrir þeirri þörf væri séð á fullkomlega eðlilegan hátt, án þess að veita þyrfti því gjaldeyrisleyfi og án þess að til þess væri notaður gjaldeyrir, sem ekki væri eðlilega fenginn. En ég skal við framhald umr. koma með þessa skrá og lesa hana upp.

Umr. frestað um stund.

Forseti (BSt): Þá verður aftur horfið að umr. um 2. mál á dagskránni. Ég vil geta þess, að verði verulegar umr., verður umr. frestað, samkv. ósk hæstv. viðskmrh., en þeim verður haldið áfram um sinn, ef hægt væri að ljúka málinu.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera í d., svo að ég geti svarað einhverju af því, sem hann bar fram. Hann kvartaði undan því, að blandað væri inn í umr. neyzluvörum, að nefndinni væru mislagðar hendur o. s. frv. Hann hefur sjálfur innleitt þessar umr., svo að það er skrýtið, að hann skuli kvarta, en annars er það ekki óskylt þessu máli, þar sem talað er um réttindi nefndarinnar, þó að sagt sé, að nefndinni séu mislagðar hendur, bæði í þessu máli og öðrum.

Hæstv. ráðh. sagði, að samkvæmt 4. gr. fengju allir leyfi til utanferðar, er gæfu yfirlýsingu um það, að þeir hefðu fengið gjaldeyri á löglegan hátt. En menn geta þurft að fara úr landi af ýmiss konar ástæðum, t. d. til þess að leita sér atvinnu, eins og hv. þm. Barð. nefndi. Ég hygg, að það standi í stjskr., að ekki megi hefta atvinnufrelsi manna. En er það ekki að hefta atvinnufrelsi manna, ef þeim er bannað að fara úr landi til þess að leita sér atvinnu?

Þá verð ég að segja það, að mér þykir það ekki síður fráleitt, að konur og börn skipsmanna á skipum, sem sigla til erlendra hafna, skuli ekki fá að taka sér far með skipinu og koma aftur í sama „túr" án þess að biðja um leyfi yfirvaldanna. Það sýnir hvað bezt, hve langt þetta bann gengur. Hæstv. ráðh. sagði, að mönnum væri gefið leyfi, ef þeir gæfu sómasamlegar ástæður fyrir því, að þeir brytu ekki gjaldeyrislöggjöfina. Ég verð að bera brigður á það, að fullkomins réttlætis sé gætt í þessum efnum af hálfu nefndarinnar. Dæmið, sem ég nefndi í framsöguræðu minni, um stúlkuna, er ætlaði utan til dvalar hjá systur sinni og fékk þau svör, að hún gæti farið, ef hún kæmi aldrei aftur, gefur nokkra hugmynd um þetta réttlæti.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði sagt, að hér væri um algert bann að ræða. En er það ekki svo? Þau 2000 leyfi, sem nefndin hefur veitt, sýna bara það, eins og hv. þm. Barð. benti á, að nefndin þorir ekki að standa við auglýsingu sína, sem gefin var út í því trausti, að enginn mundi leggja þetta fyrir dómstólana.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri gert til þess að bæta gjaldeyrisástandið. Hv. þm. Barð. kom inn á þetta, og það eru brosleg rök að halda því fram, að þetta bæti gjaldeyrisástandið. Það er fráleitt. Framkvæmd laganna byggist ekki á þeirri vissu, að hér sé um það að ræða að bæta gjaldeyrisástandið. Hér er um að ræða sýki, er búin er að grípa um sig

í öllu opinberu lífi, í sambandi við höft og hömlur.

Forseti (BSt): Með því að hæstv. viðskmrh. kvaðst mundu flytja skýrslu um þetta mál við framhald þessarar umr. og allmargir hafa kvatt sér hljóðs, verður umr. frestað.

Á 12. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef nú mjög takmarkaðan ræðutíma eftir, og verður þetta því aðeins stutt athugasemd. En þar sem hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur, er umr. fóru hér fram, þá vil ég minna á eitt atriði, sem hefur verið í l. varðandi gjaldeyrismeðferðina, en viðskiptanefndin hefur byggt auglýsingar sínar á því, er hún hefur sett takmarkanir um ferðalög fólks til útlanda. Með leyfi hæstv. forseta les ég þessa lagagr. upp. Hún hljóðar svo: „Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför úr landi gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt, og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það, að semja ekki við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til.“ Hér er beinlínis sagt, að þeir, sem vildu njóta fyrirgreiðslu erlendis, verði beinlínis að afsala sér henni. En ef menn þurfa enga fyrirgreiðslu, en þeim sé boðið, þá skilst mér, að slíkt heyri ekki undir þessa lagagr., heldur aðeins þeir, sem borga vilja greiða með greiða. Þeim er settur stóllinn fyrir dyrnar, en ekki þeim, sem boðnir eru. Þetta vildi ég aðeins benda á til viðbótar, en ræði málið ekki frekar nú.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir tveim dögum síðan, vegna þess að ég óska eftir að fá nokkrar upplýsingar í málinu. Ég skal ekki fara út í efnishlið málsins, en ég tel nauðsynlegt, að allt komi fram, sem máli skiptir, og ekkert óhreint mál verði eftir í pokahorninu. Ég vil fá það upplýst, hve margt fólk hefur farið utan undanfarið og hversu miklum gjaldeyri það hefur eytt. Mér er ekki grunlaust um, að vissar stéttir í þjóðfélaginu sæki hvað fastast á um það, og það mætti gjarna koma fram, hvaða menn það eru, sem hér er um að ræða, og hvaða mönnum er svo synjað. Ég vil fá þetta skýrt í ljós, hvaðan þau ummæli koma, að hér sé nokkuð farið út í mat á stétt manna og stöðu í þjóðfélaginu. Svo vil ég fá að vita, hve mörgum mönnum hefur verið neitað um ferðaleyfi og hvaða ástæður hafa til þess legið. Ég spyr um þetta sökum þess, að það er mál manna, að mikið sé um utanferðir með ýmsum hætti og í misjöfnum erindum, og ef það reynist rétt, sem hæstv. ráðh. upplýsti hér í gær, að þrítugasti hver maður hefði farið utan á þessu ári, þá finnst mér, að ekki væri óeðlilegt að athuga þetta mál ofan í kjölinn, og ég á bágt með að skilja, hvernig margt af þessu fólki hefur getað aflað sér gjaldeyris til þessara ferða. Hitt skil ég vel, að með bættum efnahag almennt verði fjöldi manna, sem langar til að sjá sig um í heiminum, og um það er ekki nema gott að segja — nota bene ef fjárhagsleg geta þjóðfélagsins leyfir slíkt. En eins og nú standa sakir, þá vantar okkur gjaldeyri til þess að fullnægja þeim óskum fólksins.

En til þess að þm. geti myndað sér rökstudda skoðun með eða móti þessu frv., þurfa þeir að fá skýrar upplýsingar um þetta mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði hér yfir við fyrri hluta þessarar umræðu nokkrar tölur, en eins og ég tók fram þá, var það gert eftir minni, og hugsazt gat, að ég hefði ekki munað þær nógu vel. Það kom líka fram við nánari athugun dálítil skekkja, sem ég vil hér með biðja afsökunar á. Hin rétta tala þeirra, sem farið hafa út og fengið til þess gjaldeyri fyrstu 9 mánuði ársins 1948, er 4141 — eða mjög nálægt því, sem ég taldi, en svo skakkar nokkru á tölu þeirra, sem farið hafa út án gjaldeyrisleyfa. Ég taldi þá um 2000, en inn í þá tölu koma nokkrir menn, sem komu frá útlöndum til Íslands. — Á tímabilinu frá 20. apríl til 1. okt. þ. á. hafa verið gefin út leyfi til 2038 manna, af þeim eru 415, sem heimkomnir eru frá útlöndum. Talan er því 1623.

Ég skal svo til glöggvunar sundurliða þetta. Utan hafa farið í boði vandamanna erlendis 632; Íslendingar búsettir erlendis 18; konur *námsmanna og námsfólk, er ekki fær* námsyfirfærslur, 55; skipshafnir til að sækja skip, báta eða flugvélar 58; Íslendingar, er flytjast alfarnir utan, 61; sjómannakonur og börn, er koma aftur með sama skipi, 255; Íslendingar í verzlunarerindum 49; erlendir sérfræðingar til uppsetningar véla o. fl. 28; útlendingar í heimsókn til ættingja hér 41; á vegum erlendra sendiráða 12; útlendingar til atvinnu hér (aðallega vinnustúlkur) 30; Íslendingar í boði erlendra menntastofnana 32; konur Íslendinga, er fengu gjaldeyrisleyfi, 81; Íslendingar til atvinnu erlendis 70; Íslendingar á vegum hins opinbera 46; til aðstoðar sjúklingum, er ekki geta ferðazt einir, 20; erlendir sjómenn, er veikzt hafa á Íslandi, 26; heimkomnir frá útlöndum 415; útlendingar, er fara héðan úr atvinnu, 74; ónotuð leyfi 35.

Þetta sýnir, eins og ég tók fram, að það er langt frá því, að ferðalög hafi verið afnumin. Á fyrstu 9 mánuðum ársins fá 4141 gjaldeyrisleyfi og yfir 16 hundruð manns ferðast utan án gjaldeyris. Nánari sundurliðun hef ég ekki á þessu og enga skrá yfir það, hve mörgum hefur verið neitað. Sú n., sem fær þetta til athugunar, getur að sjálfsögðu fengið þær upplýsingar hjá viðskiptanefnd.

Hve mikill gjaldeyrir hefur farið í þetta,

get ég ekki sagt. En í gjaldeyrisáætlun ársins er gert ráð fyrir 3 milljónum. Þar hefur þegar orðið yfirdráttur, miðað við skýrslu frá 31. júlí, um talsvert á 2. millj. kr. Ég hef ekki hér við höndina skýrslu um, hvernig þetta stendur í dag, en yfirdrátturinn er nú sjálfsagt orðinn enn meiri. Annars er opin leið fyrir hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að fá upplýsingar um þetta hjá viðskiptanefndinni.

Ég hef svo ekki meira við þetta að bæta. Ég álít, að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar með fullkominni heimild, en ef til vill mætti orða þetta gleggra, og er sjálfsagt að taka það til athugunar, áður en endanlega er frá gengið.

En ég ítreka það, að rétt er að hafa í lögum heimild til þess, að hægt sé að hafa hemil á slíkum ferðalögum beinlínis, en ekki að „kontrolera" þetta eins og nú er gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 383).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mál þetta hefur dvalizt nokkru lengur í n. en skyldi. N. hefur rætt um þetta mál við hæstv. viðskmrh., en hann hefur, eins og kunnugt er, lagt blessun sína yfir það, að sá framkvæmdarháttur væri hafður á um utanfarir manna eins og nú er af hendi viðskiptanefndar. Hæstv. ráðh. vildi viðhalda þessu banni, sem kannske þarf ekki að furða sig yfir. Mér skilst, að hans meginástæða fyrir því að viðhalda banninu væri það, að það yrði að vernda gjaldeyri landsmanna fyrir allt of mikilli ásækni manna til utanfara. En það, sem hér er um að ræða, er ekki það að leysa gjaldeyrisyfirvöldin undan þeirri kvöð að geta neitað um gjaldeyri til ferðalaga, þó að svo sé í mörgum nágrannalöndum okkar, að menn eigi heimtingu á því að fá hann til þess. Hér er aðeins um það að ræða, að menn megi fara frjálsir og óháðir úr landi, ef þeir engan gjaldeyri þurfa. Og þess vegna kemur afstaða hæstv. ráðh. einkennilega fyrir, þar sem meginrök hans fyrir þessari innilokun er sparnaður á gjaldeyrinum, því að hér kemur enginn gjaldeyrir til skila, þó að mörgum þús. manna sé synjað um utanfararleyfi, eins og sést hér í skýrslu viðskiptanefndar, sem n. hefur fengið. Og n. bað einnig um skýrslu frá viðskiptan., sem hér liggur nú fyrir. Fyrsta atriðið fer nokkuð á sama veg og hæstv. viðskmrh. skýrði hér frá við 1. umr. málsins. Og það sýnir þessi skýrsla, sem n. sendi frá sér, hvers konar handahófsverk hér er um að ræða með veitingar á þessum utanfararleyfum, og eins, hvað sumt af þeim verkum er bókstaflega hlægileg firra, eins og það, að það skuli þurfa leyfi frá þessari n. fyrir því, að fólk, sem er á vegum erlendra sendiráða, megi fara úr landi, eða hitt, að Íslendingar á vegum þess opinbera, sem það opinbera ætlar að senda úr landi, megi fara úr landi, að þeir þannig skuli þurfa sérstaka heimild að sækja til viðskiptanefndar til þess að mega fara úr landi. Og að ég ekki tali um erlenda sjómenn, sem lagðir hafa verið í land hér vegna veikinda. Ef hér væri um heilbrigðisvottorð að ræða, gæti ég skilið það. En að leggja þessum mönnum þá kvöð á herðar að þurfa að sækja um útflutningsleyfi fyrir sjálfa sig út úr landinu, það virðist mér bara hlægilegt. — Hér eru í skýrslunni „heim komnir frá útlöndum" 473 menn. Ég skil það svo, að þessir menn hafi þurft að sækja um leyfi til nefndarinnar til þess að mega koma til landsins. Ég veit ekki til, að slík kvöð sé nú sett í lög, að Íslendingar megi ekki koma til landsins nema með sérstöku leyfi. Eins er það með þá útlendinga, sem hér fara úr atvinnu, sem eru taldir 144 menn, þeir þurfa líka að fá leyfi til þess að fara burt úr landinu. Og svona er margt af þessu. Nefndin er spurð um, hvað hún hafi synjað mörgum um gjaldeyrisleyfi. Hún segir: „Margar þær beiðnir, er n. berast um gjaldeyri til ferðalaga, eru yfirstimplaðar af n. með synjunarstimpli og þannig endursendar. Er þetta gert til að spara pappír og vinnu." — Þegar maður athugar þau vinnubrögð, sem fara fram í n. um þessar mundir, verður það broslegt, þegar n. kemur með svona ástæður fyrir því, að hún hefur ekki sínar skrár í lagi, þar sem vitanlegt er, að þessar afgreiðslur hjá n. með yfirstimplun eru af hreinasta handahófi gerðar, ja, svo að segja hverju sinni, enda hefur það komið fram, — þó að það sé ekki þessu máli skylt, — að menn hafa hvað eftir annað fengið gjaldeyrisleyfi eftir beiðnum, sem búið var að senda yfirstimplaðar af n. á þennan veg, sem ég gat um. — N. segist hafa synjað 3100 manns um leyfi til utanfara, án þess að um gjaldeyrisleyfi væri að ræða. Hún áætlar, að með þessum yfirstimpluðu synjunum þá muni hafa verið synjað um 4 þús. manns um utanfararleyfi. Og svo segir hún að lokum: „Má því fullyrða, þegar tillit er tekið til þeirra synjana, er n. hefur gert, og þess orðróms, er skapazt hefur meðal fólks úr af þessum ráðstöfunum, að margir fleiri hefðu þó farið utan en raun hefur orðið á, hefðu þessi afskipti ekki verið við höfð." — Jú, það má kannske „theoretiskt" segja, að svo sé. En n. getur ekki með nokkrum snefli af fullvissu sagt um það, að allir þessir menn, sem undir þessum kringumstæðum hafa beðið um utanfararleyfi, hafi ætlað sér að fara af landi burt og að hún þess vegna hafi stöðvað svo marga menn og að mér skilst sparað svo mikinn gjaldeyri í þessum efnum. Eins og ég sagði við 1. umr., þá er þetta framkvæmt af hreinu handahófi, og það verður framkvæmt af hreinu handahófi, meðan þessi skipun er á þessum málum, sem nú er.

Ég held, að það hafi verið í desember s. l., sem Ísland undirritaði, að það tjáði sig fylgjandi svo nefndri mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessi mannréttindaskrá er nú komin hingað í riti, sem Sameinuðu þjóðirnar gefa

út. Og í 13. gr. þessarar mannréttindaskrár segir: „Everyone has the right to leave any country including his own, and to return to his country.“ M. ö. o., að hver einstaklingur hefur leyfi til þess að fara úr landi, þar á meðal sínu eigin landi, og koma til síns lands aftur. Nú er því sýnilegt, að þessar íslenzku innilokunarreglur og reglugerðir eru beint brot á fyrirmælum mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er orðinn þátttakandi að. Þá er spurningin þessi: Er þessi mannréttindaskrá aðeins pappírsblað, sem hægt er að troða undir fótunum eftir vild, eða hefur Ísland tekið á sig skuldbindingar í samræmi við þessa mannréttindaskrá? Ef Ísland hefur undirgengizt þær skuldbindingar, sem hún felur í sér, á að afnema þau lög og þær reglugerðir, sem fara í bága við þessa skrá. Hér er nú enginn ráðh. viðstaddur til að svara slíkum fsp., og ég vil því beina þeirra fsp. til utanrmn., hvort mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna skuldbindi ekki móralskt þær þjóðir, og þá um leið Íslendinga, sem hafa gerzt aðilar að henni, hvort hún hafi ekki í för með sér beinar og óbeinar skuldbindingar í samræmi við það, sem ég hef sagt. Ég óska eftir, að svar komi fram við þessu. Og hví væri þá þetta litla ríki að gera sér þá háðung að undirrita samninga í samfélagi þjóðanna, ef það ætlaði ekki að halda þá og sínar skuldbindingar?

Hv. dm. hafa eflaust tekið eftir dómi, sem nýlega féll hér í undirrétti í máli, sem einn kaupsýslumaður höfðaði gegn viðskiptanefnd fyrir að synja honum fyrst um gjaldeyrisleyfi til utanfarar og síðan um utanfararleyfi án gjaldeyris. Ég ætla ekki að fara að gera þennan dóm að umræðuefni hér, en get þó ekki alveg orða bundizt um hann, svo einkennilegur virðist mér þessi dómur, en málið mun nú ganga til hæstaréttar, og þá fæst endanlega úr því skorið, hvort innilokunarreglurnar styðjast við lagastaf eða ekki. Hins vegar kemur það fram í málssókn gegn hinu opinbera, að hið opinbera virðist næstum grunsamlega oft vinna þau mál, sem höfðuð eru gegn því. Ég fer ekkert inn á greinargerðina fyrir niðurstöðum þessa dóms, af því að ég tel það ekki þess vert á þessu stigi málsins. En ég vil geta þess, að ég frétti það nýlega, eða las í blöðum, að Danir, sem eru taldir mjög illa stæðir gjaldeyrislega, hafi birt yfirlýsingu þess efnis, að hver Dani, sem vill fara utan til tiltekinna landa, — það eru 6 eða 7 lönd, sem um er að ræða, — fái 500 krónur danskar til fararinnar. Ég gæti hugsað mér, að þessi breyting hjá Dönum væri beint í framhaldi af skuldbindingum þeim, sem þeir hafa undirgengizt með aðild sinni að mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna. En svo förum við í þveröfuga átt við þetta. Við ætlum ekkert að anza þeim skuldbindingum, sem við höfum undirgengizt, en aðrar þjóðir álíta ferðafrelsið svo mikils virði, að þær skuldbinda sig af litlum efnum til að veita sérhverjum, sem úr landi vill fara, ákveðinn farareyri í erlendum gjaldeyri.

Þetta frv. fer í fyrsta lagi fram á það, að ekki megi banna mönnum brottför úr landi; í öðru lagi, að gestrisni í öðrum löndum megi endurgjalda með gestrisni hér á landi. Þetta eru svo sjálfsögð mannréttindi, að ég þarf ekki að eyða orðum að því, ef menn hafa tækifæri á að gera þetta. Og að svo stöddu ætla ég ekki að fara nánar út í þetta mál, en vænti, að hv. d. sjái svo um, að þessi breyting nái fram að ganga.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég kann ekki við, að þetta mál fari svo út úr d., að ekki heyrist hér einhver rödd, sem a. m. k. dragi í efa, að frv. þetta stefni í rétta átt. Við 1. umr. málsins gerði hæstv. viðskmrh. allýtarlega grein fyrir ferðalögum Íslendinga til útlanda á s. l. ári, og virtist tala þeirra, sem fóru utan og fengu leyfi til þess, sízt vera lág. Nú sé ég af áliti fjhn., að lítið er hægt að átta sig á því, hver niðurstaðan hafi eiginlega orðið í n., og harma ég það, að nm. skuli ekki treysta sér til að leggja málið glöggvar fyrir aðra dm. eftir athugun í n. Aðeins 2 þeirra mæla með frv., en afstaða hinna nm. er eiginlega hulin okkur hér í d. Þess hefði þó mátt vænta, að sjónarmið þeirra kæmi einnig fram, en ekki aðeins sjónarmið þeirra 2, sem mæla með frv., og verð ég að segja, að mér líkar ekki þessi afgreiðsla á þessu viðkvæma máli. Hitt er augljóst, að sú breyt., sem hér er farið fram á, miðað við núgildandi lög, er allveruleg og opnar gátt, sem öll lög um gjaldeyrisverzlun, gjaldeyrissparnað og gjaldeyriseftirlit á síðari árum hafa verið að reyna að troða upp í, að fólk flykkist til útlanda að nauðsynjalausu. Ég tek undir það, að æskilegt væri, að okkar þjóðfélag sem önnur gæti veitt þetta frjálsræði, en það koma fyrir tímar, sem þjóðirnar, okkar þjóð sem aðrar, hafa ekki þau gjaldeyrisráð, að hægt sé að veita það eins og menn æskja. Við vitum, að hér á landi er stór hópur fólks, sem hefur fjárráð í íslenzkum krónum til að fara út og skemmta sér og fræðast jafnvel á slíkum ferðalögum, en hins vegar er oft ekki til erlendur gjaldeyrir, eða þá mjög takmarkaður, og verður fyrst og fremst að nota hann til að flytja inn almennar nauðsynjar. Það, sem skeð hefur, er það, að við höfum orðið að takmarka gjaldeyri til ferðalaga vegna takmarkaðs gjaldeyris til nauðsynjakaupa, og ég hygg, að ef fram færi skoðanakönnum meðal þjóðarinnar um nauðsyn ferðalaga til útlanda almennt, þá mundi mikið af því verða dæmt það, sem kallað hefur verið lúxusflakk. Ég segi ekki, að það sé fallegt orð, og og í augum almennings er það ekki hátt skrifað, a. m. k. ekki í augum þeirra, sem vantar sjálfa fé til að ferðast, hafa ekki ráð á því, þótt gjaldeyrir væri fyrir hendi.

Hv. frsm. var að vitna hér í það, sem ég vildi fá upplýst, en það var það, að jafnvel erlendir menn, sem hingað koma af tilviljun, en ekki eigin ósk, svo sem vegna þess, að þeir eru settir hér í land um stundarsakir vegna sjúkleika, þyrftu að fá leyfi til að fara aftur úr landinu. (*BÓ:* Þetta er tekið úr skýrslu n.)

Segir hún það? Þá tel ég vera nokkuð langt seilzt til lokunnar, ef útlendingar, sem hér eru settir í land vegna slysa t. d., þurfa að fá leyfi til að fara aftur úr landinu, og á ég erfitt með að melta það, að lög geri ráð fyrir því. Það hlýtur að vera hægt að leysa þetta mál út af fyrir sig eða leiðrétta.

Svo er það mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna, sem hv. frsm. breiddi sig mjög út yfir. Ég skal játa, að ég veit ekki með vissu, hvort hún hefur verið til fulls viðtekin eða lögfest hjá okkur, það veit hv. utanrrh., en hann er ekki staddur hér í svipinn, og ég skal játa, að ég er ekki kunnugur þessari skrá í smærri atriðum. Og því vildi ég spyrja, hvort ekki mundu vera einhverjar undantekningarreglur í þessari mannréttindaskrá varðandi t. d. ferðafrelsi í því tilfelli, að um takmarkaðan gjaldeyri þjóðar væri að ræða, því að hugsanlegt er, að ríki hafi á ýmsum tímum svo takmarkaðan gjaldeyri, að hann yrði að nota til enn þá brýnni hluta en ferðalaga almennt. Við vitum báðir, hv. frsm. og ég, að undirstöðu mannréttindaskrárinnar er ekki beint gegn hinum vestrænu ríkjum, þar sem fullt frelsi ríkir, heldur er t. d. þessum ákvæðum um ferðafrelsi beint gegn þeim löndum, sem fólk fær ekki að yfirgefa. Þetta er fyrst og fremst komið fram gagnvart slíkum löndum, en ekki þeim löndum, sem leyfa ferðalög eins og hægt er eftir efnum og ástæðum. Ég get ekki skýrt undirstöðu mannréttindaskrárinnar öðruvísi eftir því, sem ég hef lesið um hana og vitað túlkað í blöðum.

Nú vitnaði hv. 1. flm. og frsm. þessa máls í Dani, að þeir hefðu tekið upp þá reglu að veita öllum, sem vildu, ákveðinn farareyri í erlendum gjaldeyri, ef ferðazt væri til tiltekinna landa. Þetta er rétt eftir nýjustu heimildum, það eru 500 krónur danskar, sem hver fær. Allt fram til síðustu tíma hafa Danir takmarkað mjög gjaldeyri til ferðalaga til Svíþjóðar og Noregs, þótt ekki sé lengra að ferðast þangað en héðan upp á Akranes. En svo naumt var þetta skammtað, að ég talaði við Dani 1947, sem sögðu, að það borgaði sig ekki og væri ekki hægt að fara til þessara landa, þó að það væri leyfilegt að nafninu til og svo væri látið heita, að gjaldeyrir væri veittur til farinnar. En sá gjaldeyrir var að auki ekki veittur nema til sérstakra landa. Ég býst nú við, að ríkisbúskapur Dana og hagur hafi rétt svo við eða fari svo batnandi, að þeir geti leyft sér að rýmka um gjaldeyrisveitingar til ferðalaga, og mun það vera ástæðan til þessarar rýmkunar, en ekki mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Sama var í Noregi og Danmörku. Ég þekki persónulega norskan fiskifræðing, sem kom hingað ekki alls fyrir löngu og fékk 300 krónur norskar í allt til farinnar og til að dveljast hér og ferðast um. Honum var að vísu ekki bannað að fara, en eins og hann sagði sjálfur, þá hrökk þessi farareyrir ekkert. Norðmenn hafa orðið að skammta gjaldeyri sinn svo naumt til ferðalaga, að það er sama sem að banna ferðalög í raun og veru. Bretar hafa haft frjálsan farareyri til Íslands og Færeyja, af því að það var fyrir fram vitað, að svo fáir mundu leggja leið sína til þessara eyja, og það má vel vera, að þeir séu að rýmka um í þessum efnum vegna batnandi þjóðarhags. — En hvernig er gjaldeyrismálunum háttað hjá okkur? Síðan við átum upp erlendu innstæðurnar, hefur ekki linnt óskum um innflutning á öllum sviðum, t. d. til húsabygginga og klæðnaðar, og við verðum að gera það upp við okkur, hvort við eigum heldur að takmarka ferðalög eða hætta á, að þjóðin geti ekki fætt sig og klætt. Þessi takmörkun ferðalaga er sett af illri nauðsyn, það vita allir. En þessi takmörkun hefur þó ekki verið meiri en svo, að á 9 mánuðum árið 1948 voru veitt 4109 leyfi til ferðalaga utanlands, og eru þá ekki meðtaldir starfsmenn, sem ferðast með flutningatækjum okkar, skipum og flugvélum.

Ég held nú satt að segja, að krafan bak við frv. hjá hv. flm. sé meira sprottin út frá fáum einstaklingum en mörgum meðal þjóðarinnar. Hann minntist hér áðan á mál, sem höfðað var gegn viðskiptanefnd út af synjun um utanfararleyfi, og átti þar í hlut maður úr kaupsýslustétt, sem sennilega hefur viljað vera sólardagana erlendis jafnframt viðskiptaerindum sínum. Meðeigandi hans í fyrirtækinu var nýbúinn að vera erlendis, svo að ástæða er til að ætla, að hann hafi ekki endilega þurft að sinna brýnum verzlunarerindum, þessi maður. Ég hygg, að það séu frekar hinir fáu en hinir mörgu, sem hv. flm. ber fyrir brjósti við flutning þessa frv. Á hinn bóginn skal ég játa, að mig brestur að sjálfsögðu margskonar kunnugleik í smáatriðum, — ég hef ekki fengið neinar skýrslur og ég hefði óskað, að n. flytti rök með og móti þessu máli inn í d., úr því að hún er ekki sammála, en þar hef ég orðið fyrir vonbrigðum. Ég mun því greiða atkvæði gegn málinu, þar eð ekkert hefur komið fram nýtt í því við þessa umr., sem ég get séð, að réttlæti flutning þess, en við 1. umr. voru flutt hér fram þau rök gegn málinu, sem ekki hefur verið hnekkt og ég verð að virða.

Gísli Jónsson: Ég vil nú mjög taka undir það með hv. 1. landsk., að æskilegt hefði verið og sjálfsagt, að n. hefði gefið ákveðnar leiðbeiningar í þessu máli. Hér er ekkert smámál á ferðinni, þó að þannig sé látið líta út. Það er mál, sem sker úr um það, hvort Íslendingar eiga að hafa frelsi og vera frjálsir menn eða fangar og þrælar og innilokaðir. Mér þykir merkilegt, að hv. fjhn. skuli ekki hafa séð sér fært að segja álit sitt á slíku máli.

Það hefur tvennt skeð síðan þetta frv. var hér síðast til umræðu. Annað er það, að dómur hefur verið felldur, sem staðfestir innilokunarstefnuna, og hitt er það, að lagður hefur verið 75% tollur á ferðafé. Maður skyldi nú ætla, að þessi gífurlegi tollur þætti nægilegur til að stöðva þau ferðalög úr landinu, sem talin væru óþörf, svo að óhætt væri að leyfa þeim að fara úr landi, sem vildu vinna þetta til. Nú skal ég

ekki spá fyrir um það, hve mikið innheimtist af þessum tolli, og fer það að sjálfsögðu eftir því, hvernig þeim ákvæðum er beitt, sem innflutnings- og gjaldeyrisyfirvöldin bera fyrir sig í því að banna fólki að ferðast. Ef þeim er beitt mjög, kann að fara svo, að lítill tekjustofn verði að þessum tolli.

Og svo er það mannréttindaskráin, sem þjóðin hefur undirgengizt. Hún áskilur það frelsi, að menn megi ferðast til landsins og frá því, og eins er þá skylt að veita mönnum gjaldeyrisleyfi til ferðalaga, ef menn vilja notfæra sér þetta frelsi. Samkv. þessu frv. er sú kvöð og lögð á ríkið að veita nauðsynlegan farareyri í samræmi við þetta, enda hafa allar þjóðir, sem að mannréttindaskránni standa, talið sér skylt að gera þetta. En hv. 1. landsk. komst alveg inn að hjarta þeirrar stefnu, rússnesku stefnunnar, sem vill banna utanfarir með öllu.

Sú breyting, sem hér er lagt til, að gerð verði á lögunum, er eiginlega tvenns konar: Í fyrsta lagi að leyfa mönnum að semja um uppihald erlendis gegn sams konar fríðindum hér, en það er nú bannað samkv. 4. gr. núgildandi laga. Út af fyrir sig gæti ég fellt mig við, að þetta stæði áfram óbreytt í lögunum og félli niður úr þessu frv., ef 1. málsl. um, að eigi mætti banna brottför úr landi, héldist í frv. og yrði að lögum, því að það er meginatriði málsins. Og ég vil fullvissa hv. þm. um það, að þótt þetta frv. yrði fellt hér nú, þá verður baráttunni ekki hætt. Það verður ekki leyft til lengdar, að lögfestir séu átthagafjötrar á fólkið í landinu. Nú hefur hv. 1. landsk. talið, að þessir fjötrar væru ill nauðsyn, en þó verið þeim meðmæltur. En það er ekki hægt að fara svona að. Í fyrsta lagi: Hvernig getur ein nefnd, sem skipuð er fimm mönnum, komizt í gegnum það að vega og meta skýrslur fjölda fólks, sem óskar þess að fá leyfi til þess að fara til útlanda? Ég er hræddur um, að það þyrfti að fjölga eitthvað í n., til þess að hún gæti annað slíku, — og á svo að setja það á vald einnar nefndar, hvort þessi eða hinn megi skreppa til suðrænna landa og sóla sig eða í öðrum erindum? Hvaða skilyrði ætli viðskiptanefndin hafi til að mæla og meta eftir varðandi mál hvorki meira né minna en 4—5 þús. manna, sem telja sig þurfa að fara til annarra landa og sóla sig eða í öðrum erindum? Trúir hv. 1. landsk. því, að það mat sé ávallt réttmætt? Þarna liggur hin mikla hætta, hvað hægt er að misbeita þessu valdi á eldri mönnum jafnt sem yngri. Þeim ungu er e. t. v. meinað að afla sér þýðingarmikillar menntunar í öðrum löndum. Þeim eldri er meinað að fara út til þess að leita heilsubótar og nýs starfsþrótts, að ekki sé talað um þá menn, sem leita til fjarlægra landa í leit að mörkuðum fyrir íslenzkar afurðir eða leita hagkvæmra innkaupa fyrir þjóðina á nauðsynjum hennar. Í slíkum tilfellum getur hér verið um mikla fjárhagslega þýðingu að ræða gjaldeyrislega séð. Þess vegna er hér mikil hætta á ferðum, meðan slík lög sem þessi eru í landinu. En þó að þessu verði ekki breytt hér nú, þá verður baráttan tekin upp aftur. Það er síður en svo sæmandi fyrir menningarþjóð, sem vill telja sig frjálsa, er menn leita eftir gjaldeyri til þess að fá að fara til útlanda, að slíkt sé í valdi einnar nefndar, sem hefur nógum öðrum störfum að sinna. Hitt skil ég mæta vel, að yfirvöldin séu í vanda stödd, hvernig eigi að verja gjaldeyrinum. Það er vandi að skipta þessum 5—8 millj. kr. milli þeirra manna, sem sækja um gjaldeyri til utanfarar, og ætti því sízt að meina þeim að fara, sem engan gjaldeyri þurfa. Og nú hefur ein síðasta ráðstöfun Alþ. hlúð að því, að illa fenginn galdeyrir sé notaður erlendis af mönnum, sem kunna að eiga erlenda peninga. Alþ. hefur gefið þeim mönnum tækifæri til að selja sitt illa fengna fé með 75% álagi. Ef menn þurfa að fá 5 pund eða 10 kr. danskar, þá verða menn að greiða þær með 75% álagi í leyfisgjald. Þessi tollur á leyfunum opnar allar dyr upp á gátt fyrir hærri sölu á gjaldeyri en áður hefur þekkzt. Ég held, að það takist ekki að setja undir þann leka. Ef meiri hl. fæst ekki til samþykkis þessu frv., hlýtur það fyrst og fremst að vera vegna þess, að menn setji allt sitt traust á hæstarétt, þannig að hann felli dóm, sem nýlega féll í máli manns nokkurs, sem viðskiptanefnd synjaði um utanfararleyfi. En ef sá dómur verður staðfestur, mun baráttunni fyrir þessu máli ekki linna, að einhvers konar ráð geti ekki ráðið því, hve margir menn séu frjálsir og hve margir séu þrælar í landi sínu, líkt og í Rússlandi. (*SÁÓ:* Þetta á ekkert skylt við það.) Veit hv. þm. ekki, að þetta vald er gefið n., sem skipuð er 5 mönnum? Hv. þm. veit það, að þetta ráð hefur ekki tíma til að afgreiða þær umsóknir frá einstaklingum, sem berast, a. m. k. ekki ofan í kjölinn, en setja stimpilinn á — vær saa god, — þú færð ekki að fara. Þó að hv. 1. landsk. hafi andúð á verzlunarstéttinni, þá geta það verið gjaldeyristekjur að leyfa mönnum að ná í ódýrari vörur og selja hærra innlenda framleiðslu. Það getur verið dýrt að banna mönnum að ferðast í slíkum erindagerðum, og jafnvel þó að þeir noti einn og einn dag til að sóla sig. Meginatriði málsins er það, að þetta er smán, sem verður að létta af, að menn megi ekki hreyfa sig út fyrir landsteinana. Þeirri smán verður að létta af.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það kom fram við umr. um þetta frv. síðast, að tveir hv. þm. ræddu um það, að þeim þætti það óviðkunnanlegt, að menn í fjhn. hefðu ekki gefið út nema eitt nál. En ég verð að segja það, að það er ekkert óviðkunnanlegt, þar sem 2 leggja til, að frv. verði samþ., en hinir hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Hins vegar gerir hver og einn sér grein

fyrir því, hvaða afstöðu hann tekur við atkvgr. um það.

Hv. 1. landsk. mælti á móti frv. og lagði til, að það yrði ekki samþ. Mér hefur virzt hv. þm. vera sanngjarn í málum og jafnan vilja hafa það heldur er sannara reynist. Þess vegna má hann ekki láta blinda sig, þó að ráðherra úr hans flokki sé á móti frv., en hann hefur komið þessu í framkvæmd. Ég kalla það hrein glöp, og þegar menn hafa einu sinni gert glöp, þá er það skiljanlegt, að þeir vilji ekki afnema þær reglur, sem þeir hafa sett, og eru glöp, því að þá er verið að sýna, að glöpin eru glöp, og það telja þeir hina mestu óhæfu, að ráðstöfun, sem ráðherra gerði, skuli vera óhafandi.

Hv. 1. landsk. vildi halda því fram, að reglur um brottför úr landi hafi verið settar í því skyni að spara gjaldeyri, svo að hann færi ekki í neitt lúxusflakk, eins og hann orðaði það. (*SÁÓ:* Ég vona, að hv. þm. hafi skilið, hvað ég átti við.) Já, já. Ég hneykslast ekkert á orðalaginu, ég veit, hvað hv. þm. átti við með því. Hann átti við óþarfa ferðir. En ég endurtek, að hér er ekki um neinn gjaldeyrissparnað að ræða. Hér er verið að gefa einni n., sem hefur mislagðar hendur, viðskiptanefnd, hér er verið að gefa henni vald til þess að ákveða, hvaða menn megi fara burt af landinu, þó að ekki sé um nein gjaldeyrisútlát að ræða. Menn mega ekki standa á þeim misskilningi, að hérna sé um gjaldeyrissparnað að ræða, því að það er ekki um neinn sparnað að ræða. Hér er um að ræða menn, sem boðnir eru af kunningjum eða venzlafólki, eða menn, sem eru að leita sér að atvinnu erlendis. Það hefur verið upplýst af n., að hún, þ. e. a. s. viðskiptanefnd, fari eftir þeirri reglu, að ef það eru börn, sem eru boðin af foreldrum eða öðrum náskyldum, þá sé veitt leyfi, en annars ekki. Fjarlægir ættingjar eða vinir fá ekki leyfi. Listi, sem fram hefur komið frá n., sýnir það glögglega, af hve miklu handahófi leyfin eru veitt. Hér er ekki um neina afsökun að ræða á því, hvernig n. framkvæmir sitt starf. En það má ekki blanda því saman, að þó að þetta verði nú afnumið, þá er ekki verið að skylda til þess að veita gjaldeyri, ef þetta frv. verður samþ., heldur á aðeins að halda uppi einföldustu og sjálfsögðustu mannréttindum.

Hv. 1. landsk. minntist á England í þessu sambandi. En ég vil þá endurtaka það, sem ég hef þegar upplýst, að Englendingar láta hvern mann, sem óskar þess að ferðast erlendis, fá gjaldeyri, sem nemur 35 sterlingspundum, og leyfa hverjum, sem þess óskar, að ferðast úr landinu. Eins er það með Dani, þeir láta menn hafa gjaldeyri fyrir 500 kr., ef þeir ferðast til vissra landa, sem þeir hafa viðskipti við. Menn sjá því vel, að ólíkt er nú aðhafzt. Þó efast ég um, að gjaldeyrisástand Englendinga og Dana sé nokkuð betra en hér hjá okkur. Af 400 millj. kr. tekjum í erlendum gjaldeyri, sem við höfðum á síðasta ári, þá ættu það að vera nægilega ríflegar tekjur til þess, að ekki sé nauðsynlegt að setja aðrar eins þrælareglur um brottför úr landi. Þetta kemur þar að auki mjög ójafnt niður, og ef þeir halda, að þeir séu með þessu að koma í veg fyrir, að þeir menn, sem eiga gjaldeyri erlendis, geti notað þessa peninga, þá vil ég segja það, að það eru ekki þeir, sem eru útilokaðir frá því að ferðast, heldur kemur þetta harðast niður á þeim, sem umkomulausastir eru.

Ég vil benda á það í sambandi við gjaldeyrinn, að farmenn fá greidd 30% af kaupi sínu í höfnum erlendis. Það er síður en svo, að ég sé að segja, að það sé of mikið. En það hefur heyrzt, að þessi gjaldeyrir fari mikilstil í ferðalög, ekki sjómannanna sjálfra, heldur annarra. Ég verð að segja það, að mér finnst það afar hjákátlegt, að sjómenn, sem t. d. sigla á England og hafa nóg pláss í skipum sínum, skuli ekki mega taka konur sínar með sér nema með því móti að ganga á eftir nefnd dögum saman til þess að fá leyfi til þess. Að vísu hafa leyfin verið veitt, en til hvers er verið að hafa þetta fyrirkomulag? Til hvers þarf að vera að sækja um slík leyfi?

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar, enda er ég víst búinn að taka allt fram, en ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að láta frv. ganga áfram.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það hefur ekkert nýtt komið fram í málinu síðan síðast, er það var til umr., og mjög lítið, sem ég sé ástæðu til að svara. — Hv. þm. Barð. sagði við þessa umr., að hér væri um mjög stórt mál að ræða, en hann er á annarri bylgjulengd en ég, á hvern hátt það er stórt. Ég get ekki skilið það slagorð, að menn séu settir í þrælahald í þessu landi, þó að utanferðir séu háðar takmörkunum. Ég hef alltaf litið svo á, að sá væri þræll, sem væri undir ánauðaroki harðstjóra og kúgaður sem vinnuþræll. En að hafa svo stór orð að segja, að menn séu hnepptir í þrældómsviðjar, þó að ekki sé hægt að fullnægja óskum þeirra í hvert skipti, sem þeim dettur í hug að fara til annarra landa, það verður maður að kalla nokkuð stór slagorð, og ég geri ekki ráð fyrir, að svona slagorð verki á nokkurn mann, því að þau eiga ekki stoð í sambandi við svona mál.

Þá taldi hv. þm. Barð. enn fremur, að andstaða mín gegn þessu frv. væri fyrir þá einu sök, að ég teldi, að hér væri um kaupsýslustéttina eina að ræða, sem hömlur væru settar á, og væri það ekki undarlegt, að hann sagði, því að ég mundi fyrirlíta þessa stétt allra stétta mest. Ég skal gefa þá hreinskilnislegu játningu, að ég er ekki í hópi þeirra manna, sem líta á verzlunarstéttina sem óþarfa stétt í þessu landi og yfirleitt. Að vísu eru til innan þeirrar stéttar menn, sem ekki eru til sóma, en það er í öllum stéttum. Innan þessarar stéttar eru menn, sem hafa unnið fyrir þjóð sína mikið og merkilegt starf sem kaupsýslumenn. Og ég hygg, að ef um einhverjar takmarkanir í sambandi við utanferðir er að ræða varðandi verzlunarmenn, sé það sá hluti verzlunarstéttarinnar, sem telst ekki þarfur, sem helzt mundi leita út fyrir landsteinana. Ég verð að segja, að ég geri þar upp á milli manna, hvaða stétt sem þeir tilheyra, hvort heldur það eru verzlunar-

menn eða aðrir, og skal ég ekki fara frekar út í það, en vildi aðeins hnekkja þessum ranga dómi, að ég sýni nokkurn fjandskap í garð kaupsýslustéttar þessa lands.

Ég vil svo aðeins geta þess, að ég er ekki enn þá farinn að heyra þau rök, sem mæli með því, að l. verði breytt, sérstaklega þegar þess er gætt, að horfur hjá okkur um gjaldeyrisöflun og gjaldeyrismöguleika eru ekki betri en raun ber vitni um. Ég er á móti því að gefa einstökum mönnum aðstöðu til þess, eins og gert er hér með þessu frv., að eyða erlendis eins og þeim þóknast földum gjaldeyri, e. t. v. illa fengnum. Ég vil alls ekki eiga neinn þátt í að greiða fyrir slíku, að farið verði að rýmka á þessu sviði frá því, sem verið hefur, og er ég þess vegna algerlega á móti því að fara að breyta lögunum nú á þessu þingi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi standa upp til þess að gera grein fyrir því, hvernig ég mun greiða atkv. í þessu máli, sem er dálítið einstakt og hefur nú verið rætt bæði frá hálfu flm. og annarra þdm.

Þegar núgildandi ráðstafanir voru ræddar í ríkisstj., var ég því mjög mótfallinn, að þær kæmust í framkvæmd, og færði þá fram ýmis rök, sem mér virtust liggja beint við, til þess að benda á, að þetta mundi þykja óréttlátt, og í öðru lagi lét ég í ljós fullan efa á því, að það yrði það gagn að slíku banni, sem virtist vaka fyrir mönnum, sérstaklega vegna þess, að bönn yfir höfuð verka oft frekar eggjandi á fólk, og alveg sérstaklega ef bannið er þess eðlis, að það samrýmist ekki því, sem kallað er heilbrigð skynsemi. Ég mun því með atkv. mínu greiða fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, og er það í fullu samræmi við þær skoðanir, sem ég hef á ferðabanni yfirleitt og lét í ljós, þegar þetta var rætt í ríkisstj. á sínum tíma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af orðum hæstv. ráðh. skilst mér, að þetta mál hafi einhvern tíma verið tekið til umr. í ríkisstj. á sínum tíma. Vil ég spyrja hann, hvort hann einn ráðh. fylgdi þessari stefnu, að vilja ekki hefta frelsi Íslendinga, og vildi ég heyra, hvort hinir 5 ráðh. hafi allir verið á gagnstæðri skoðun eða hvort fleiri í ríkisstj. hafi verið á hans skoðun um þetta mál.

Eins og 4. gr. l. ber með sér, er ekki nema eðlilegt, að upp rísi ágreiningur um það, eins og líka er komið í ljós, hvort hægt sé að beita þessu valdi eins og gert er með reglugerðinni, og hefur verið farið til dómstólanna út af því atriði til þess að fá réttan skilning á því, hvort þetta ákvæði eigi stoð í lögum. Hefur nú fallið í þessu máli dómur í undirrétti, sem hefur verið áfrýjað, og er á því enginn vafi, að beðið verður eftir hæstaréttardómnum með mikilli eftirvæntingu. Í 4. gr. laganna segir: „Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför úr landi gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt....“ Er ekki nema eðlilegt, að ákveðið sé í l., að sú skylda hvíli á þeim manni, sem fer með gjaldeyri úr landi. Og svo kemur: „.... og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri....“ Þetta var ekki heldur neitt óeðlilegt, því að löggjöfin vill hér fyrirbyggja, að hægt sé á þennan hátt að sóa erlendum gjaldeyri í ferðalög. Svo er sagt hér: „.... eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til.“ Þetta ákvæði má auðvitað teygja á ýmsa vegu. Er t. d. hægt að skilja það þannig, að maður megi ekki vinna sér fyrir daglegum þörfum, ef hann er kominn út fyrir pollinn á annað borð? Ég vil spyrja: Hvaða eðlismunur er á því annars vegar að leyfa manni að fara til útlanda með t. d. 500 kr. í erlendum gjaldeyri og geta ekki komið í veg fyrir, að hann afli sér þeirra tekna, sem honum sýnist, og svo því hins vegar að leyfa manninum að fara út án þess að fá nokkurn gjaldeyri? Hafi það vakað fyrir hv. 1. landsk., sem hefur einn reynt að verja þetta mál, að fyrirbyggja, að hægt sé að eyða öðrum eða meiri gjaldeyri erlendis en veittur er af gjaldeyrisn., þarf að gera hér miklu víðtækari ráðstafanir, og sé það ekki hægt, sé ég ekki, hvernig á að mismuna íslenzkum þegnum hér.

Hv. 1. landsk. sagði, að þetta væri ekki stórt mál. Það er ekki stórt mál, hvort Íslendingar fá að nota eina milljón í ferðalög eða 5 milljónir. En það er stórt mál, hvort ákveðnum aðila í landinu er gefið ótakmarkað vald til að leyfa einum manni að gera það, sem annar maður má ekki gera, þegar hér er ekki um neitt lögbrot eða glæp að ræða. Ég hefði getað skilið þetta, ef hér hefði verið um mikinn fjölda manna að ræða. En eftir því sem mér hefur skilizt, er hér aðeins um tiltölulega fáa menn að ræða, þannig að þetta ætti ekki að geta haft nein áhrif á afkomu landsmanna. Mér finnst hv. 1. landsk. ekki hafa gert sér ljósa grein fyrir þessu atriði málsins, að hann er hér að halda uppi málsvörn fyrir því, að örfáum mönnum í landinu sé bannað að fara úr landi, án þess að það hafi nokkur raunveruleg áhrif á gjaldeyrismál þjóðarinnar. Og hann gekk enn lengra. Hann sagði, að þessu ætti helzt að beita gegn ákveðinni stétt í landinu, sem ekkert hefði að gera út fyrir landsteinana. Það er einmitt þessi hugsun, sem liggur á bak við: að gefa einhverjum aðila leyfi til þess að stöðva mann, sem hann álítur, að eigi ekkert erindi til útlanda. Sér ekki hv. 1. landsk., að hér er ekki um neitt smámál að ræða?

En svo er önnur ástæða. Þetta tal hv. 1. landsk. er ekki annað en bergmál af því, sem hæstv. viðskmrh. hefur haldið fram í þessu máli, og meginrökin fyrir því, að hann vill halda þessu, er hegningin, sem á að leggja á þá, sem eiga að hafa stolið undan fé og geyma það í útlöndum. Hann hefur lýst því yfir, að það væri einmitt vegna þeirra manna, sem hann vildi ekki leyfa þetta, að þeir gætu fengið tækifæri til að nota þetta illa fengna fé til þess að skemmta sér fyrir eða sér til gagns og gamans. Og hv. 1. landsk. tók undir þetta og

sagði, að hann vildi ekki stuðla að því, að þessir aðilar gætu notað þetta fé. En er hann viss um, að þessir klóku menn, sem þannig hafa getað snúið á löggjafann og hafa getað komið sér þannig fyrir, að ráðh. og ríkisstj. geta ekki með nokkru móti klófest fé þeirra, — er hann viss um, að þeir verði sérstaklega fyrir barðinu á þessum lögum? Ég hugsa, að það yrðu fæstir. En hins vegar hafa þessir menn, eins og ég sagði um daginn, gefið þessum lögbrjótum sérstakt tækifæri til þess að selja með tvöföldu verði, svo að ég skil nú ekki, hvers vegna á að halda þessu ákvæði í l. eða fella þetta frv. aðeins i hegningarskyni gagnvart þeim mönnum, sem þessi hv. þm., hv. 1. landsk., hefur stuðlað að, að fengju markað fyrir gjaldeyri sinn með 75% álagi.

Ég vildi nú spyrja hv. frsm. annars vegar og hv. fjhn. hins vegar, hvort ekki væri hægt að fá um það samkomulag, ef menn geta ekki komið sér saman um að samþ. frv. í heild, að samþ. þó a. m. k. 1. málsgr. 2. gr., því að það er meginatriðið í lögum þessum: að eigi megi setja reglur samkv. lögum þessum, er banni mönnum að fara til útlanda. Ég get vel skilið, að flm. vilji einnig halda 1. og 3. málsgr. þessarar gr. En jafnvel þó að fórnað yrði því til samkomulags, teldi ég stórt spor stigið í þessu máli, ef ekki mætti setja þessar reglur, því að eins og frsm. hefur tekið fram, er það hreint brot á mannréttindum í landinu og því samkomulagi, sem við höfum gert við aðrar þjóðir. Það fyrirskipar ekki á nokkurn hátt, að veita skuli þessum mönnum gjaldeyri, en það mundi að minnsta kosti forða okkur frá þeirri smán, að við séum að inniloka með löggjöf okkar eigin menn, og það mundi forða gjaldeyrisnefnd frá þeim vanda að vera að meta það og vega, hvort þessi og þessi maður skuli hafa leyfi til að vera frjáls eða hvort það eigi að halda honum í fjötrum hér heima. Það er ekki sæmandi frjálsri þjóð að fara svo með þegna sína, að þeir séu ekki frjálsir ferða sinna. Hitt er svo annars eðlis, hvort þjóðin vill leggja á sig þær kvaðir að skaffa þessum mönnum gjaldeyri til að ferðast fyrir, og má ekki blanda því saman.

Hv. 1. landsk. sagði, að hann hefði engin rök heyrt í þessu máli, sem gætu sannfært hann um, að þetta ætti að ná fram að ganga. Ég get vel trúað því. Hann heyrir aldrei nein rök í þessu máli nema fyrirskipanir frá flokksmönnum sínum. Ég er viss um, að ef hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir, að hann væri samþykkur þessu, þá væru rökin komin. Þó að honum væri sýnt fram á það dag eftir dag, að þetta ætti ekki svona að vera, mundi hann ekki fallast á það, fyrr en honum yrði skipað af sínum flokksmönnum, og er það ekkert nýtt í þessu máli.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get verið stuttorður. Ég sé nú ekki annað en að hv. þm. Barð. sé að halda þýðingarlausa ræðu, þar sem hann les hér upp 4. gr. l. eins og hún er nú og hefur eiginlega mjög lítið við hana að athuga, en í henni felst ekkert annað en það, sem hann benti á, þ. e. að viðkomandi menn verða að gera grein fyrir því, að þeir hafi gjaldeyri til sinna þarfa á ferðalaginu og á hvern hátt sá gjaldeyrir sé fenginn. Það getur skeð, að þessir menn uppfylli ekki ákvæði 4. gr., en undir því er það komið, hvort leyfi er veitt eða ekki. Þeir eru sennilega fáir, sem synjað hefur verið um fararleyfi, og það er útúrsnúningur, að ég hafi sagt, að það væru þriðja flokks menn. Ég sagði, að innan þessarar stéttar væru annars og þriðja flokks menn, en ég veit ekki, hvort þeir hafa lent í banni. Öll ræða hv. þm. Barð. var út í hött, því að hann er samþykkur ákvæðum 4. gr. Ég tek mér það létt, þótt hann segi, að flokksmenn mínir skipi mér fyrir verkum. Ég veit ekki, hvort því er svo farið með hann, að hann taki skipanir frá sínum flokksbræðrum, en ég get sagt honum, að ég læt ekki skipa mér fyrir verkum. Hitt er annað mál og ekki nema eðlilegt, að mínar skoðanir og skoðanir flokksbræðra minna fara oft saman. En það er ekki lengra síðan en á föstudag, að ég var ósammála flokksmönnum mínum hér. Hvað sem hæstv. viðskmrh. kann að draga að landi í þessu máli, álít ég, að 3. og 4. gr. eigi að vera í gildi áfram, ekki sízt með tilliti til þess, hve mikil misnotkun hefur verið á gjaldeyri.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér skildist á síðustu ræðu hv. 1. landsk., að hægt væri að banna mönnum að fara úr landi samkvæmt ákvæðum 4. gr., en eins og hv. þm. Barð. benti á, er þess eins krafizt þar, að menn geri grein fyrir gjaldeyri sínum. En ef menn hafa nú engan gjaldeyri, hvað þá? Á þá að segja við þá: „Þið farið ekki. Þið eigið stolinn gjaldeyri."? L. banna mönnum ekki að leita sér atvinnu í öðrum löndum eða fara þangað í boði kunningja sinna og þess háttar. Hv. 1. landsk. talaði um misnotkun á gjaldeyri. Er það kannske ætlunin að koma i veg fyrir það, að þeir, sem hafa stolið gjaldeyri, geti notað hann? En hvernig ætlar viðskiptanefnd að fara að því? Á viðskiptanefnd að ákveða, hver á stolinn gjaldeyri, og veita mönnum fararleyfi í samræmi við það? Nei, það er sama, hve lengi þetta er rætt. Ef litið er á málið út frá heilbrigðri skynsemi, er það augljóst, að þetta er óframkvæmanlegt. — Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, en hæstv. fjmrh. bað mig að skila því til hv. þm. Barð., að hann hefði gefið upplýsingar um sína eigin afstöðu í málinu, en teldi sér ekki skylt að gefa upplýsingar fyrir aðra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, StgrA, ÁS, BÓ, BrB, EE, GJ, GÍG, BSt.

nei: HermJ, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK.

2 þm. (BBen, HV) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Með tilliti til eftirlitsins treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með þessu og segi því nei.

Ásmundur Sigurðsson: Já, til 3. umr.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Já, til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Já, til 3. umr.

2.—3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, JJós, LJóh, StgrA, BÓ, BrB, EE.
nei: HV, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK, BSt.
ÁS greiddi ekki atkv.
3 þm. (GÍG, HermJ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Ég bjóst við, að hv. n. mundi taka málið til nýrrar athugunar, og með hliðsjón af ástandinu í gjaldeyrismálunum og þegar þess er gætt, hvernig frv. liggur fyrir, segi ég nei.

Frv. afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mig langar til, áður en þetta frv. fer til n., að fara um það nokkrum orðum og gera grein fyrir skoðun minni á því. — Samkv. l. um innflutning og útflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri hefur viðskiptanefnd haft heimild til þess að afla sér upplýsinga um það, hvernig þeir menn höfðu ráð eða möguleika til að fara utan, sem ekki var vitað um, að hefðu aflað sér gjaldeyris hjá n. eða á annan löglegan hátt. Það kom fyrir æði oft, að menn fóru utan án þess, að þessa gjaldeyris væri aflað, og getur vel verið, að það sé allt með felldu og mennirnir hafi fengið möguleika til þessara ferðalaga á eðlilegan hátt og þess vegna sé engin ástæða til að sporna neitt við þessum ferðalögum. En það hefur á hinn bóginn verið talið af ýmsum, að þessir menn ættu stóra fjársjóði erlendis, sem ekki hefðu komið hér fram, og þeir, sem utan færu og þessa sjóði ættu, notuðu þá sér til fyrirgreiðslu erlendis. Það hefur nú verið reynt af hálfu ráðun. að afla upplýsinga um innstæður manna erlendis. Bæði hefur þjóðbankinn verið beðinn um að afla þessara upplýsinga og svo hefur líka verið farin hin „diplomatiska" leið, en hvorugt hefur gefið nokkra teljandi raun, þannig að menn eru nokkurn veginn jafnnær um það, hvað hér er um háar upphæðir að ræða og hverjir séu eigendurnir, og hefur þó verið gert það, sem hægt hefur verið, til þess að komast fyrir málið. Nú hafa þessir menn út af fyrir sig kannske ekki mikla ánægju af að eiga þessar upphæðir, nema þeir gætu notað þær annaðhvort til vörukaupa eða í ferðalög og fyrirgreiðslu fyrir sína eigin hagsmuni á þann hátt. Þess vegna hafa ákvæði þessara laga verið notuð af viðskiptanefnd og hún farið fram á það við þá menn, sem sóttu um leyfi til siglinga, að þeir gerðu grein fyrir því, hvaða möguleika þeir hefðu til ferðalagsins. Og ef þeir gerðu ekki grein fyrir því á þann hátt, sem n. tók gildan, gat hún bannað, að þessir menn færu úr landi. Um þetta hefur orðið dálítið þjark, eins og þm. kannast við, bæði í blöðum og hefur jafnvel lent í málaferlum út af þessu. En ég tel fyrir mitt leyti, að þetta sé nauðsynlegt aðhald og einn af þeim fáu möguleikum, sem gjaldeyrisyfirvöldin hafa til þess að reyna að komast fyrir þessar innstæður. Það eru að vísu margir möguleikar fyrir því, að menn fari af landinu án þess að hafa fengið gjaldeyrisleyfi héðan að heiman. Menn geta verið boðnir af skyldmennum og venzlamönnum, sem enginn vafi leikur á um. Það geta líka verið ýmsir sjómenn, sem hafa fengið frjálsan gjaldeyri til afnota til ferðalaga fyrir sig og sína. Við þessu er ekkert að segja, og ég ætla, að viðskiptanefnd hafi í flestum eða öllum tilfellum; þar sem hún taldi fullnægjandi upplýsingar fyrir hendi, veitt hið umbeðna leyfi. Hins vegar hafa þau tilfelli verið mörg, þar sem allar upplýsingar hefur skort eða upplýsingarnar verið allvafasamar. Ég tel, að með samþykkt þessa frv., þar sem þessum hömlum er kippt burt og menn frjálsir ferða sinna, hvort sem þeir hafa nokkra opinbera gjaldeyrismöguleika eða ekki, sé l. breytt frekar til ills en til góðs fyrir gjaldeyriseftirlitið og stefnt að því að torvelda það mjög.

Enn fremur er í frv. ákvæði um, að menn megi semja við útlenda aðila um gagnkvæmt uppihald og greiðslur án nokkurrar íhlutunar gjaldeyrisyfirvaldanna. Þó að þetta virðist kannske að sumu leyti ekki óeðlilegt í einstöku tilfellum, mundi þó það að setja upp svona almenna reglu fela í sér mikla hættu um það, að sá gjaldeyrir, sem væntanlega til félli frá erlendum ferðamönnum, yrði miklu minni en ella mundi og færi til einstaklinga, sem mundu nota hann án allrar íhlutunar yfirvaldanna. — Ég tel því þessi tvö höfuðatriði frv. ekki til bóta, en frekar til skaða fyrir það eftirlit, sem reynt hefur verið í þessum efnum af hálfu gjaldeyrisyfirvaldanna. Ég vil því vænta þess, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, líti á það kritiskum augum og athugi það vel, áður en hún gefur því pósitíva fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 535 og 553).

Frsm. meiri hl. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Ef frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið saman við lögin, sem því er ætlað að breyta, þá sést, að í frv. eru tvö meginatriði. Í lögunum er gert ráð fyrir, að einstaklingar búsettir erlendis skuli við komu sína hingað til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir skuldbindi sig ekki til að semja við hér búsetta aðila um að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér til greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru gjaldi, nema leyft sé af íslenzkum yfirvöldum. Í frv. er tekið fram, að einstaklingar búsettir erlendis skuli við komu sína til landsins skuldbinda sig til að selja ekki öðrum gjaldeyri en þeim stofnunum, sem rétt hafa til gjaldeyrisverzlunar. Hins vegar er tekið fram í frv., að einstaklingar, búsettir hér á landi, hafi heimild til að semja við erlenda aðila um uppihald erlendis fyrir sig og sína gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi og að félagssamtök hér á landi geti samið við erlend samtök um fyrirgreiðslu erlendis gegn greiðslu á sama hátt hér á landi. Þetta er bundið því skilyrði, að ekki sé um yfirfærslu gjaldeyris að ræða í slíkum viðskiptum. — Svo er hitt, að í upphafi 2. gr. frv. er tekið fram með beinum orðum, að ekki má setja reglur samkv. lögum þessum, sem banna mönnum brottför úr landi.

Tilefni þess, að frv. á þskj. 86 er komið fram, er lýst allýtarlega í greinargerð, og get ég vísað til hennar um margt.

Eins og kunnugt er, hafa lög nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, verið framkvæmd á þann hátt, að sett hafa verið reglugerðarákvæði, sem hafa í för með sér, að það er algerlega undir vilja og ég vil segja duttlungum gjaldeyrisyfirvaldanna komið á hverjum tíma, hverjir fái að fara úr landi og hverjir ekki. Þeim, sem flytja farþega til útlanda, er bannað að veita íslenzkum mönnum far nema með leyfi viðskiptanefndar. Slíkt hefur aldrei áður tíðkazt hér á landi og mun ekki vera tíðkað í nokkru því ríki, sem við höfum mest kynni við og nálæg okkur eru. Eins og þessar reglur eru nú skv. lögum þeim, sem hér er gert ráð fyrir að breyta, þarf til dæmis að fá sérstakt leyfi yfirvalda til að fá aðstoð um gjaldeyri eða beina hjá vinum og venzlamönnum erlendis. Íslenzkir menn mega heldur ekki bjóða slíku fólki heim til sín erlendis frá nema með sérstöku leyfi. Það virðist reyndar, að hér sé um svo augljóst brot að ræða á venjulegum og aldagömlum rétti frjálsra manna, að slíkt geti ekki samrýmzt stjórnarlögum landsins. Rétturinn til að skipta um verustað án afskipta eins og nú tíðkast hér hefur alltaf verið talinn með grundvallarréttindum manna, sem búa við frjálslega stjórnskipun.

Við erum á seinni tímum orðnir svo vanir frelsisskerðingum í ýmissi mynd af hálfu þess opinbera, að við erum farnir að sljóvgast og verða þess minna varir, þótt nýjar og nýjar hömlur og höft bætist við. En ég þori að fullyrða, að fyrir einum til tveimur áratugum síðan, svo ekki sé lengra horfið aftur í tímann, þá hefði það verið talið algerlega óhugsandi að setja slíkar reglur um utanferðir íslenzkra manna eins og þær, sem felast í lögum nr. 42 1948 og þeim reglum, sem settar hafa verið um framkvæmd þeirra laga.

Í grg. frv. er vikið að þörf okkar Íslendinga til að fara til útlanda, og þarf ég engu við það að bæta. Það er staðreynd, sem blasir við í sögu okkar frá elztu tíð, að utanferðir hafa verið landsmönnum ómissandi, og fyrst svo var fyrr á tímum, hvað mundi þá nú vera, eins og nú er högum háttað um viðskipti okkar og umheimsins? Það er reyndar furðulegt fyrirbrigði, að einmitt á þeim tíma, þegar Íslendingar hafa sjálfir eignazt fullkomnari tæki til ferða landa á milli en dreymt var um fyrir stuttu síðan, þá skuli einmitt vera settar sterkar hömlur á, að Íslendingar geti notað þessa farkosti. Á sama tíma sem fjarlægðirnar hverfa og Ísland kemst í þá aðstöðu að verða í sjálfri þjóðbraut flugsamgangna um norðanvert Atlantshaf er réttur manna til að ferðast óhindraður skertur á mjög áberandi hátt. Hér er svo mikið ósamræmi milli þarfar landsmanna og aðstæðna þeirra til ferðalaga annars vegar og löggjafarinnar hins vegar, að ekki fær með nokkru móti staðizt.

Í nál. hv. minni hl. fjhn. segir svo, að meðan útflytjendum sé skylt að afhenda gjaldeyri sinn bönkunum og ekki megi flytja vörur til landsins án leyfis gjaldeyrisyfirvalda, þá telji hann eðlilegt, að nokkrar hömlur séu á utanferðum manna og gjaldeyriseyðslu í því sambandi. Er svo að skilja á nál., að með þeirri breyt., sem hér er ætlazt til, að samþ. verði, þá séu allar eðlilegar hömlur á gjaldeyriseyðslu til utanferða felldar niður. Þetta er vitaskuld fjarri öllum sanni. Umráð yfirvalda yfir gjaldeyri til utanferða eru óbreytt, þannig að eftir sem áður þarf að sækja um leyfi til að fá gjaldeyri hjá bönkunum til utanferða. Allt venjulegt gjaldeyriseftirlit helzt að þessu leyti óbreytt, og felast í því að sjálfsögðu þýðingarmestu hömlurnar á utanferðum manna.

Þá segir í nál., að ef leyft verði, að íslenzkir einstaklingar eða félagsheildir geti samið við erlenda aðila um gagnkvæma ferðafyrirgreiðslu, eins og gert er ráð fyrir í frv., þá sé hætt við, að lítið af peningum frá erlendum ferðamönnum komi til bankanna. Hér er sýnilega um allt of víðtæka ályktun að ræða í nál. Sú heimild, sem gert er ráð fyrir í frv., mundi samkvæmt reynslunni fyrst og fremst ná til venzlamanna og félagsheilda, sem hafa með höndum svipaða félagsstarfsemi, svo sem íþróttafélaga, en í sambandi við venjulega ferðamenn mundi hún enga þýðingu hafa. Gjaldeyristekjur af ferðum slíks fólks mundu ekki skerðast, eins og augljóst ætti að vera, því að samkomulag um gagnkvæma fyrirgreiðslu hlýtur að vera byggt á skyldleika eða svipuðum áhugaefnum, eins og t. d. íþróttum, en ekkert slíkt samband er á milli íslenzkra manna og venjulegra ferðalanga, sem hingað

koma með skemmtiferðaskipum eða á annan hátt. Hræðsla við gjaldeyristap af þessum ástæðum er algerlega ástæðulaus.

Tilgangur frv. er annars svo ljós og einfaldur, að hann þarf ekki langra útskýringa við í framsögu.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál að sinni og mun láta það nægja að vísa til nál. á þskj. 553, en eins og þar stendur, þá hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég tel það mjög varhugavert að gera þær breyt. á viðkomandi l., sem stefnt er að með frv.

Þegar þetta mál var til meðferðar í Ed., þá fékk n., sem fjallaði um það, nokkrar upplýsingar frá viðskiptanefnd, hvernig hagað væri framkvæmd laganna að því er utanferðir varðar. Ég kynnti mér þessar upplýsingar, sem þinginu voru sendar, og hef ég sett nokkuð af þeim inn í mitt nál.

Þegar þetta hefur verið athugað, þá hefur komið í ljós, að æði mikill gjaldeyrir hefur farið til ferðalaga erlendis, og þeir eru nú orðnir margir landsmenn vorir, sem utan hafa farið, því að næstliðið ár hafa 500 leyfi til utanfara verið veitt að meðaltali á mánuði, eða um 6000 á ári. Að vísu eru þarna taldir með útlendingar, sem hérna hafa dvalizt um lengri eða skemmri tíma við atvinnu og eru nú að hverfa heim aftur. En hér er samt um stóran hóp manna að ræða, og kostar þetta mikinn gjaldeyri, því að 2800 leyfi hafa verið veitt fyrstu 10 mánuði ársins 1948, og nemur upphæð sú, er veitt hefur verið vegna þessara leyfa, 3½ millj. kr. í erlendum gjaldeyri, en þar fyrir utan hefur viðskiptanefndin á um það bil hálfu ári veitt 2200 leyfi til utanferða án gjaldeyris. Þó að um slík leyfi sé að ræða, þá er þó venjulega alltaf um einhverja gjaldeyriseyðslu að ræða, þó að erfitt sé að segja, hversu mikil hún sé, en ég fæ ekki betur séð, að meðan þannig er haldið á málunum, þá sé ekki ástæða til að kvarta um þessi efni. Þegar litið er á skömmtun á öðrum sviðum, t. d. eru flestar vörur skammtaðar nú, enda þótt nauðsynlegar séu, þá orkar það naumast tvímælis, að gjaldeyrisyfirvöldin hafa verið mjög frjálsleg í þessum efnum. En meðan eins er ástatt um gjaldeyrismál okkar, þá tel ég það mjög varhugavert, að gjaldeyriseyðsla vegna utanfara aukizt frá því, sem nú er, en það gerir hún áreiðanlega, ef þetta frv. verður samþykkt.

Mér skilst, að formælendur þessa frv. geri aðallega athugasemdir sínar í 2. gr., en þar segir: „Eigi má setja reglur samkvæmt l. þessum, er banna manni brottför úr landi." Ég hef með viðtölum við n., eða við menn úr n., aflað mér upplýsinga um, hvernig framkvæmd l. sé hagað, og mér skilst, að menn hafi yfirleitt fengið leyfi til utanfara, ef um er að ræða heimboð venzlamanna, og ef það er athugað, hvað margir hafa fengið þessi leyfi, þá er það sýnilegt, að þeir eru mjög margir og að yfirleitt hefur ekki verið synjað leyfis. Það er talið varhugavert að setja bann við því, að menn fari úr landi, en það eru til fleiri hliðar á málinu. Það má t. d. spyrja, hvaða erindi menn eigi til útlanda, og það má spyrja um það, á hvern hátt þeir hugsa sér að sjá sér farborða, ef menn fara ekki til venzlamanna sinna, án þess að hafa gjaldeyrisleyfi. En þess eru mýmörg dæmi, að menn hafi farið utan og lent í vandræðum, en sendiráðin erlendis hafa neyðzt til þess að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, og hefur það haft í för með sér gjaldeyrisútlát.

Þá er í öðru lagi í 2. gr. gert ráð fyrir, að einstaklingar búsettir hér á landi hafi heimild til þess að semja við erlenda aðila um uppihald erlendis fyrir sig og sína gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi. Ég leyfi mér að segja í nál., að ef þetta verður í lög tekið, þá tel ég hætt við, að lítið af peningum frá erlendum ferðamönnum komi til bankanna og ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna, jafnvel þó að ferðalög útlendinga hingað til lands aukist eitthvað á næstu árum. Hv. frsm. meiri hl. gerði athugasemd við þetta og sagði, að hér væri um venzlamannaviðskipti að ræða. Þetta verð ég að leyfa mér að draga í efa. Ég gæti vel gert mér í hugarlund, að hér skapaðist ný atvinnugrein fyrir menn, sem útveguðu þá uppihald og fyrirgreiðslu erlendis gegn endurgjaldi í sams konar fríðindum hér og gætu þannig sett upp verzlun með fríðindi erlendis. Frá því sjónarmiði yrðu þannig skertar gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Ég held svo, að ekki sé ástæða til þess að ræða málið meira, og læt nægja að vísa til nál. míns, þar sem ég legg til, að frv. verði fellt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég get því verið stuttorður og látið nægja að vísa til nál. hv. frsm. minni hl. n., en þær skoðanir, sem fram koma í því nál., eru mjög líkar þeim, sem ég hef á þessu máli. Ég hef varað við samþykkt þessa frv. þegar af mörgum ástæðum. — Í fyrsta lagi er með því að samþ. frv. verið að sleppa fram af sér einum af hinum örfáu möguleikum til þess að reyna að finna inneignir íslenzkra manna erlendis, því að þeir mundu þá auðveldlega geta notað þær til uppihalds þar, því að það liggur manni nær að ætla, að þegar menn fara utan án þess að hafa gjaldeyri og geta ekki gert grein fyrir því, hvernig þeir ætla að sjá sér farborða, þá hafi þessir menn ráð á einhverjum duldum fjársjóðum. Það hefur legið orð á því, að ýmsir menn ættu fé erlendis, sem ekki hefði komið fram. Það ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu, hefur þráfaldlega gert tilraunir til þess að afla upplýsinga um þetta, bæði í gegnum sendiráðin og eins í gegnum banka, en þessar tilraunir hafa borið heldur lítinn árangur, og viðkomandi aðilar hafa flestir neitað að gefa það upp. Það verður því ekki til þess að létta eftirgrennslunina, ef það á að fara að leyfa mönnum að fara utan án þess að hafa fé eða geta gert grein fyrir því, á hvern hátt þeir ætli að sjá sér farborða. Þetta er hjá mér aðal-

atriðið í málinu, að það dregur úr þeim fáu möguleikum, sem við höfum til þess að hafa upp á þessu fé, og að síðustu kippir það öllum möguleikum í burtu. Þetta er stærsta atriðið.

Annað atriðið er svo það, að ég get ekki betur séð en að frv., ef það verður að lögum, skerði stórkostlega gjaldeyristekjur bankanna, því að í frv. er það nú heimilað að gera, sem í gömlu lögunum er bannað, að gera samninga við einstaklinga um gagnkvæma fyrirgreiðslu. Ef hverjum er nú í sjálfsvald sett að gera slíka samninga, þá hlyti það að leiða til þess, að mikið af gjaldeyri, sem útlendingar annars koma með, gufar bókstaflega upp, því að þetta er tekið úr höndum gjaldeyrisyfirvaldanna og bankanna. Menn geta komizt ferða sinna án þess að hafa gjaldeyri, og auk þess get ég vel hugsað mér, að hér rísi upp stétt manna, sem gerði það að atvinnu sinni að gera slíka samninga um fyrirgreiðslu um uppihald. Og ég veit ekki, hve mikil landkynning yrði að því, en í þessu sambandi hefur verið talað um landkynningu. Ég get ekki betur séð en að þessi landkynning missi gildi, — hún missir sitt fjárhagsgildi, því að peningarnir koma þá ekki fram, heldur er þeim kippt úr umferð. Landkynningin getur haft sína kulturellu hlið, en fjárhagslega hliðin minnkar, þegar búið er að kippa þessum gjaldeyristekjum burtu.

Það má líka benda á það, að í dýrtíðarl. er gert ráð fyrir því, að verulegur hluti dýrtíðarsjóðs sé skattur, sem Íslendingar verða að greiða af ferðalögum erlendis, og það er gefið, að þegar menn geta komizt til útlanda án þess að hafa gjaldeyri með því að semja við vini sína erlendis, þá missir dýrtíðarsjóður við það verulegar tekjur, hreint ekki svo fáar milljónir, á því er ekki nokkur vafi. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. hefur lagt það niður fyrir sér, að það er allmikið fé, sem ríkissjóður missir af þessum ástæðum.

Um þann praxis, sem hafður hefur verið undanfarið, þá hefur raunverulega ekki verið um neitt bann að ræða, heldur hefur það aðeins verið heimtað, að menn gerðu grein fyrir því, á hvern hátt þeir ætluðu að afla sér lífsviðurværis erlendis, og ef þeir hafa getað gert það, þá hefur þeim verið leyft að fara. En nú er því ekki til að dreifa, — þeir eiga að geta farið án þess að spyrja með því að semja um gagnkvæma fyrirgreiðslu við einhvern.

Mig langar til þess að spyrja hv. frsm. meiri hl., hvernig eigi að fara með eina hlið á þessu máli, sem kallað hefur verið farartálmi og ekki er settur af viðskiptanefnd, heldur af öðrum, en mönnum hefur verið bannað að fara utan, ef þeir hafa ekki greitt skatta og útsvar, en Reykjavík og ríkissjóður hafa sett það að skilyrði fyrir utanferðum, að menn hafi greitt þessi gjöld. Mig langar nú til þess að spyrja, hvort þetta eigi að upphefjast, eða eiga Reykjavík og ríkissjóður að hafa heimild til þess að stemma stigu við ferðalögum? Ef menn eiga að fá að fara af landi burt með stóra skuld á bakinu, hvernig á þá að tryggja það, að þessar skuldir verði nokkru sinni greiddar? Mér er kunnugt um, að þetta hafa verið hlunnindi fyrir innheimtumenn ríkisins og bæjarins, og langar mig til þess að vita, hvort meiningin er að upphefja þau með því að aflétta þessu banni, sem í þessu felst, því að í sumum tilfellum álít ég, að þetta sé alveg nauðsynlegt, því að menn geta flutzt alfarnir af landinu. Þetta eru vitaskuld að vissu leyti höft á athafnafrelsi, en mér virðist, að þessi höft séu ekki síður hjá bænum en ríkinu. — Í þessu tilfelli er það viðskiptanefnd, sem setur það að skilyrði, að menn geri grein fyrir hvernig þeir afli sér gjaldeyris til uppihalds, og geti þeir það, þá fá þeir leyfi. Bæjarsjóður setur það skilyrði fyrir utanferðum, að menn hafi greitt gjöld sín til hans, og ríkissjóður setur það skilyrði, að menn hafi greitt skatta sína.

Þegar þessi lög voru sett, þá stóð öll ríkisstj. að setningu þeirra, en ekki sérstaklega það ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu. Öll ríkisstj. var sammála um þetta mál, en ég ætla ekki að fara frekar út í það hérna. En ef Alþ. þykir rétt að gera nú ráðstafanir til þess að fella þessar reglur úr gildi, þá vil ég aðeins endurtaka það, að með því er verið að gera ráðstafanir til þess að draga úr tekjum dýrtíðarsjóðs og bankanna, og það er verið að draga úr þeim fáu möguleikum, sem fyrir hendi eru til þess að komast að gjaldeyrisinneignum manna erlendis, og tel ég, að þetta sé óheppilega og illa ráðið, ef gert verður.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í umr. um þetta mál. Það er nú svo með þetta mál eins og svo mörg önnur, að afgreiðsla þess fer mikið eftir viðhorfi manna til ríkisstj., og sannleikurinn er sá, að það má benda á ýmis atriði varðandi það, sem fram kom hjá hv. frsm. minni hl. og eins hjá hæstv. viðskmrh., sem gott væri að hafa taumhald á, en svo er þar aftur aragrúi af atriðum, sem menn hafa skiptar skoðanir um.

Margir eru þeirrar skoðunar, að ýmis þau höft, sem nú eru í lögunum og eru mönnum til mikils óhagræðis almennt, vegi upp á móti því, að með því sé hægt að hafa hendur í hári Péturs eða Páls.

Hæstv. ráðh. taldi það aðalatriði af sinni hálfu, að með þessu væri verið að sleppa seinustu möguleikunum til að hafa uppi á innstæðum erlendis. Samkvæmt áliti minni hl. hefur um 500 beiðnum um ferðaleyfi án gjaldeyris verið synjað frá 20. apríl til 31. okt., en á sama tíma hafa verið veitt 2273 ferðaleyfi án gjaldeyris. Eftir rökstuðningi hæstv. ráðh. ætti þarna að hefja rannsókn og fara betur í að skoða málefni þessara 500 manna, því að líkur gætu verið á, að þessir menn ættu innstæður erlendis eftir málflutningi hæstv. ráðh. Mér þætti fróðlegt, að þm. kynntu sér þessi 500 nöfn, sem synjað var um ferðaleyfi án gjaldeyris, og ég er sannfærður um, að ekki verða leiddar líkur að því, að þetta séu menn, sem kynnu að eiga verulegar innstæður í útlöndum. Eins og hæstv. ráðh. sagði, þá telur

hann þetta aðalatriði og einu leiðina til að hafa upp á innstæðum erlendis, en mín skoðun er sú, að þetta sé þýðingarlaust atriði til að hafa upp á innstæðum erlendis, sérstaklega af því, sem ég hef haldið fram, og einnig af hinu, að ef aðili á innstæðu erlendis og biður um ferðaleyfi til þess að geta farið út, en fær ekki leyfi, — ætli hann mundi þá koma og skila gjaldeyrinum? Ætli hann reyndi ekki að fara aðra leið til að hagnýta þennan gjaldeyri? Hann gæti kannske selt þennan gjaldeyri á svörtum markaði fyrir hagstæðara verð en gengisskráningin er. Hæstv. ráðh. lýsti yfir, að þetta væri eina leiðin til að hafa upp á innstæðum erlendis. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að það er ekki vitað, að neitt hafi verið gert á grundvelli þessara l., sem miði að því að hafa upp á innstæðum erlendis. Að lokum þetta: Mér sýnist, samkvæmt upplýsingum í nál. minni hl., að þetta sé ekki svo veigamikið. Það eru m. ö. o. hlutfallslega fáir menn, sem hefur verið synjað um ferðaleyfi án gjaldeyris, miðað við veitt ferðaleyfi án gjaldeyris, og það dregur úr ástæðunum til að halda þessu í l. Það er meira og minna handahófslegt, hverjir fá slík ferðaleyfi án gjaldeyris, og mér er ekki grunlaust um, að það geti farið eftir mismunandi hæfileikum manna til að gera viðskiptan. sennilega grein fyrir því, hvernig þeir geti komizt af án þess að fá gjaldeyri. Og þegar litið er á það, að á sama tíma sem 2273 leyfi eru veitt án gjaldeyris er aðeins 500 beiðnum synjað, þá eru það einnig rök fyrir því, að það sé ekki þörf á að halda þessu áfram í l. — Það eru aðeins þessi atriði, sem ég að svo komnu máli vildi ræða.

Frsm. meiri hl. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. gerði skýra grein fyrir sinni afstöðu og vitnaði til þess, sem hann hefur tekið úr skýrslu viðskiptan., sem legið hefur fyrir þinginu áður. Hv. síðasti ræðumaður kom dálítið inn á eitt af þeim atriðum, sem hv. frsm. minni hl. minntist á, svo að ég læt það nægja, sem hann benti á í þeim efnum. En hvað við kemur öðru, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að svo naumt væri skammtaður innflutningur af nauðsynlegri vöru, og vildi gera það að ástæðu til þess, að þetta ætti að haldast í l. eins og það er nú, þá vil ég minna hann á það, að við höfum á síðustu þingum setið saman í fjhn., og þegar þessi l. voru samþ., þá kom ég með brtt., sem gekk í sömu átt og hér um ræðir, og minnist ég ekki, að hv. þm. V-Húnv. hafi lagt sérstaka áherzlu á, að þetta væri brýn nauðsyn eins og l. endanlega urðu samþ. í d. En niðurstaðan varð þessi, ekki hvað sízt fyrir tilmæli og áhrif hæstv. viðskmrh. Ég hef alltaf litið svo til hæstv. viðskmrh., að hann væri ekki svo mjög hrifinn af þessum köflum, en hann hlýtur að minnast þess, að þegar þessi l. voru samþ., þá lagði ég áherzlu á það, að þetta væri ekki tekið svona bókstaflega. Nú hefur hæstv. viðskmrh. haldið því fram, að þetta gangi sinn eðlilega gang, og ætti þetta því að vera vel framkvæmanlegt, en þá skil ég ekki, hver hræðsla hefur gripið þessa menn nú, þó að þetta væri fellt í það horf, sem framkvæmdin hefur orðið.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V-Húnv. minntist á, að þetta muni hafa sérstök áhrif á innflutning nauðsynjavöru og við yrðum að gæta þess að taka ekki gjaldeyri frá nauðsynjavörum, þá veit ég, að ég þarf ekki að benda hv. þm. á það, að það er allt annað, sem orðið hefur til þess að trufla nauðsynjavöruinnflutning til landsins. Fyrir meira en ári hefur hæstv. viðskmrh. gefið greinargóða skýrslu um það og jafnframt form. fjárhagsráðs. Það var sú eðlilega skipting milli eyðsluvöru og kapítalvöru. Það er alveg eins og ef einstaklingur bindur fé sitt um of í framkvæmdum, en hefur svo ekkert aflögu. Það voru ekki til vörur upp á þær ávísanir, sem menn fengu. Þarna hefur okkur fatazt. En nú er talið nauðsynlegt að kippa þessu í lag með því móti að auka aftur innflutning á nauðsynjavörum til landsins.

Hv. þm. V-Húnv. minntist á það, að það væri vafasamt, hvaða gagn væri að þeim ferðum, sem sumir af þessum mönnum fara. Mér hefur aldrei dottið í hug, að það væri svo rígbundið í hugum Íslendinga, hvernig menn megi haga ferðum sínum. En það felst ekki í þessu frv., að hver og einn verði ekki að gefa skýringu á því, með hvaða gjaldeyri og hvenær hann fer úr landi, því að það stendur beinum orðum: „Hver sá, er til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um þann gjaldeyri, er hann hefur meðferðis. Skulu einstaklingar, búsettir hér á landi, skila þeim gjaldeyri, sem þeir eiga, til þeirra banka, er rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og greiða þeir andvirðið í íslenzkum krónum. Einstaklingar, búsettir erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita yfirlýsingu um, að þeir selji gjaldeyri aðeins til þeirra stofnana, sem rétt hafa til gjaldeyrisverzlunar. Skal sala þeirra á gjaldeyri færð í vegabréf þeirra.“ Þetta viðgengst víðast hvar annars staðar, t. d. með verzlunarmenn, og við Íslendingar eigum nokkuð marga ættingja, bæði austan hafs og vestan. Það virðist vera rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það hafi verið tekið tillit til þessa, og það er ekki meira, sem hér er farið fram á, en að þetta sé ekki með neinum duttlungum gert. Það kemur líka fram, að 500 beiðnum hefur verið neitað, en það er ekkert öryggi fyrir því, að þessir menn hafi ekki átt rétt á því að fá ferðaleyfi eins og hinir, sem leyfi fengu. Það er þetta, sem ég er algerlega á móti. Við erum smám saman komnir inn í svo strangar umbúðir, að menn mega ekki snúa sér við. Þetta þekkist ekki í nokkru landi. Í Englandi, jafnvel á stríðstímanum, þá gat verzlunarstéttin fengið ákveðna upphæð hvenær sem hún vildi fara úr landi. Ég geri þess vegna ekki mikið úr þeim getgátum, sem hv. þm. V-Húnv. kom með, hvaða gagn væri að för þessara manna, og svo enn fremur það, að hér mundi verða tekin upp sérstök atvinnugrein. Það eru ótal leiðir í dag, eins og við vitum. En það er ekkert óeðlilegt, þó að ég fylgi þess-

ari breyt., því að hæstv. viðskmrh. man, að ég vék að þessu atriði við hann áður en 1. voru samþ. Ég álít því, að það væri meiri sómi að því, að þessi seinasti hemill, eins og hæstv. ráðh. komst að orði, verði tekinn burt í því formi, sem hann er nú, því að það er auðvelt að hafa þetta eftirlit í gegnum útlendingaeftirlitið. Ég er alveg sannfærður um, að þetta verður ekki misbrúkað á neinn hátt meira en gert er í dag, þó að þetta frv. verði samþ.

Þá er sú fyrirspurn frá hæstv. viðskmrh., hvernig fara ætti með skatta- og útsvarsskyldu. Ég tel þetta liggja alveg opið fyrir eins og var áður en þessi l. voru samþ.

Þá vildi ég aðeins minnast á þessa landkynningu, sem mér fannst bæði hv. frsm. minni hl. og hæstv. viðskmrh. ekki hafa skilið rétt. Ég tel utanfarir íþróttafélaganna mjög merkilega landkynningu, og til samanburðar vil ég taka það fram, að á mestu þrengingatímum Breta, þá var sú einasta undanþága, sem gefin var þar í landi, samhliða gjaldeyri til verzlunarmanna, það var til íþróttamanna til slíkra ferðalaga frá einu landi til annars. Þetta er framkvæmt um allan heim. Það er þessi landkynning, sem þessir tveir hv. ræðumenn hafa eiginlega verið að gera lítið úr, en þeir munu sjá, að þetta er ekki svo lítils virði, þegar á allt er litið, og ég tel, að við höfum haft sóma að þeim félagasamtökum, sem úr landi hafa farið.

Ég vil ekki lengja þessar umr., því að ég get visað til þeirrar grg., sem gerð er hér á þskj. 86. Þessi breyt., sem hér er farið fram á, hún fer hvorki lengra né skemmra en sú eina brtt., sem var flutt af minni hl. fjhn., þegar l. voru samþ.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að hæstv. fjmrh. yrði hér viðstaddur til þess að segja álit sitt um þau áhrif, sem þetta frv. kemur til með að hafa á dýrtíðarsjóðinn, ef það yrði að lögum. Hann hafði látið það í ljós við mig, að hann þyrfti að athuga það nánar, áður en málið yrði afgreitt. En eins og kunnugt er, þá var gert ráð fyrir því, að dýrtíðarsjóðurinn hefði tekjur af gjaldeyrisleyfum vegna ferðalaga manna erlendis. Ég vildi því óska þess, að það yrði ekki haldið lengra með umr. fyrr en hæstv. fjmrh. fær tækifæri til þess að segja hér álit sitt.

Forseti (BG): Skv. ósk hæstv. viðskmrh. verður umr. frestað um stund.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér hefur verið sagt, að það hafi verið lýst eftir mér út af þessu gjaldeyrisfrv. Mér virðist, ef það hefði átt eitthvað að fara að athuga í því frekar, — en ég hef ekki lagt neina sérstaka áherzlu á það, en tek þó ekki af um það, að eitthvað megi þar athuga, — þá megi gera það milli 2. og 3. umr. og þurfi ekki að taka málið út af dagskrá nú þess vegna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hef skilið það á hæstv. fjmrh. í öðru sambandi, að honum væri ekki alveg sama um það, hvernig tekst að afla tekna til dýrtíðarsjóðs eða hvort þær áætlanir standast, sem gerðar voru, þegar dýrtíðarsjóður var ákveðinn, en það er augljóst, að ef þetta frv. verður samþ., þá hlýtur það að draga úr þeim tekjum, sem dýrtíðarsjóði eru ætlaðar af ferðamönnum til útlanda. Í þessu frv. er boðið upp á, að hver, sem til útlanda fer, geti í staðinn fyrir að semja við banka samið við einhvern, sem langar til að koma frá útlöndum til Íslands, að þeir hafi nokkurs konar clearing-verzlun, án þess að nokkurt skattgjald komi í ríkissjóð um leið. Eins og hv. frsm. minni hl. sagði í gær, þá er ekki heldur loku skotið fyrir, að einhver miðlarastofnun rísi hér upp, sem útvegi mönnum þessa fyrirgreiðslu gegn því, að útlendingar, sem þeir hafa á sínum vegum, fái alls konar aðstoð hér á landi. Mér virðist þess vegna opinn vegur til þess fyrir þá, sem til útlanda þurfa að fara, ef þetta frv. verður samþ., að gera það án þess, að gjaldeyriskaup eigi sér stað við bankana, og án þess, að ríkissjóður fái þann skatt af ferðapeningum, sem gert var ráð fyrir, þegar dýrtíðarlögin voru samþ. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. er minna sárt um þessa peninga en öðrum, sem reikna með, að dýrtíðarsjóður fái þetta fé, en það er óvefengjanlegt, að þessir peningar koma ekki inn í ríkissjóð, ef frv. verður samþ. En þetta er kannske ekki nema aukaatriði í sambandi við afgreiðslu málsins. Aðalatriðið fyrir hv. flm. er að nema úr gildi þau höft, sem eru á ferðafrelsi manna. Ég spurði í gær, hvort ætti líka að nema úr gildi þau höft, sem eru nú á ferðafrelsi manna frá hendi bæjar- og sveitarfélaga í sambandi við innheimtu skatta og útsvars. Hv. frsm. sagði, að það væri ekki eðlilegt að tengja þetta tvennt saman, það væri sitt hvað, en hann sagði, að það væri ekki sín meining, að afnumin yrðu þau höft, sem nú eru á ferðafrelsi manna í sambandi við greiðslu gjalda til bæjar- og ríkissjóðs. Þá vil ég spyrja, hvaða munur er á því að takmarka ferðafrelsi manna á þann hátt að segja við mann, sem ætlar til útlanda: Heyrðu, góði minn, þú átt ógreidd gjöld til bæjarsjóðs og ríkissjóðs. Þú færð ekki að fara. — Þetta ófrelsi er ekki lagt til að afnema samkvæmt yfirlýsingu hv. frsm. í gær.

Nú eru af hálfu viðskiptanefndar þær einar hömlur settar á ferðalög, að menn verða að gera grein fyrir, hvernig þeir ætli sér að lifa í útlöndum, ef þeir fara, hvaða fjárvon þeir hafi og hvaða möguleika til að greiða sitt uppihald. Ef þeir, sem ferðast ætla, gera grein fyrir þessu á fullkomlega eðlilegan hátt, þá fá þeir að fara hindrunarlaust. Ég veit ekki, hvort þetta eru meiri hindranir á ferðafrelsi manna en þær, sem nú eru í sambandi við

greiðslu gjalda í bæjar- og ríkissjóð. Hvort tveggja má segja, að séu takmarkanir á ferðafrelsinu, en ekki það stórar, að það eigi að vera til neins trafala eða afnáms á mannréttindum að hafa þær á. Mér finnst hvort tveggja jafneðlilegt. Og ef mönnum finnst ástæða til að afnema þau höft, sem eru á ferðafrelsi manna af hálfu viðskiptanefndar í sambandi við gjaldeyrinn, þá er eins eðlilegt, að menn fái að fara til útlanda án þess að borga útsvar og skatta. Þetta tvennt er alveg hliðstætt, það finnst mér liggja í augum uppi. Mér finnst þess vegna nokkuð langt gengið, ef á með þessu frv. að afnema þau höft, sem eru á ferðalögum í sambandi við gjaldeyrinn, en hreyfa ekki við þeim tálmunum, sem eru í sambandi við greiðslu skatta og útsvars. Annars vil ég ekki gera þetta að neinu stórmáli. Ég get látið það lönd og leið, hvort frv. er samþ. En mér finnst hjákátlegt að samþ. það með þeim tvískinnungi, sem forsvarsmenn þess gera. Svo er líka það, sem ég minntist á í gær, að ef við samþ. frv. svona, þá opnast möguleiki fyrir þá menn, sem kynnu að eiga fé erlendis, til að nota það í ferðalögum, án þess að gjaldeyrisyfirvöldin eigi þar nokkra íhlutun um.

Þetta frv. miðar því til hins verra í alla staði. Frelsisskerðingin er ekki afnumin í sambandi við útsvör og skatta, og þess vegna er ekkert unnið við að samþ. frv. En á hinn bóginn verkar það skaðlega á þann hátt, að það dregur úr gjaldeyristekjum þjóðarinnar og tekjum ríkisins.

Ég þarf svo ekki fleira um frv. að segja, en ég sé enga ástæðu til að breyta l. á þann hátt, sem þetta frv. fer fram á, og mun því greiða atkv. á móti því.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru örfá atriði, sem ég vil taka fram til viðbótar við það, sem ég hef áður sagt, og í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði nú, þar sem hann vill leggja að jöfnu að fá ekki að fara úr landi, nema skattar og útsvör séu áður greidd, eða vegna tálmana í sambandi við gjaldeyrinn. Mér sýnist þetta tvennt nokkuð óliks eðlis, og það er það vissulega að efni til, hvort lagðar eru tálmanir á, hvort menn fá að fara úr landi, þó að þeir hafi ekki staðið í skilum við bæjarfélag eða ríki, og það munu ekki vera gerðar kröfur til þess, að greitt sé meira en það, sem áfallið er á hverjum tíma af sköttum og útsvari, en í öðru lagi eru ekki um þetta lagafyrirmæli eins og þau, sem hér er um að ræða, en mun eiga rætur sínar að rekja til löggjafar um innheimtu skatta útlendinga frá 1946. Í þeirri löggjöf er ráðh. heimilað að setja með reglugerð það skilyrði, að áður en menn fari úr landi, skuli þeir greiða áfallna skatta. Megintilgangurinn með því er að sporna við því, að úr landi fari menn, sem gæti orðið til þess, að ríkissjóður eða bæjarsjóður tapaði tekjum. Ég held því, að þar sé nokkuð öðru til að dreifa.

Þá var annað atriði, þar sem okkur hæstv. ráðh. greindi á, og það var, að hér væri verið að sleppa beizlinu fram af því að hafa hendur í hári erlendra innstæðna með því að samþ. þetta frv. Ég skildi þetta ekki vel hjá hæstv. ráðh., en ég held, að þetta geti ekki staðizt, að þetta geti nokkuð orkað á það að hafa upp á innstæðum erlendis, en að sjálfsögðu er ég reiðubúinn að skipta um skoðun, ef ný og sannfærandi rök koma um það.

Þá eru ein rök, sem ég get ekki skilið, og það er það, að dýrtíðarsjóður muni tapa tekjum, ef þetta frv. er samþ. Gerir hæstv. ráðh. þá ráð fyrir, að minni eftirspurn verði eftir ferðagjaldeyri, ef þetta frv. verður samþ.? Ég hef ekki nokkra trú á því, að þessi nýja miðlarastarfsemi, sem hann og hv. V-Húnv. voru að tala um, geti með nokkru móti orðið svo víðtæk, að eftirspurnin eftir gjaldeyri hjá viðskiptan. verði ekki svo mikil, að ekki þurfi eftir sem áður að neita einhverjum. M. ö. o., að enda þótt fallizt væri á þá röksemd, að eitthvað yrði keypt af gjaldeyri utan bankanna, ef þetta frv. væri samþ., þá sannar það ekki, að ekki verði eftir sem áður keypt jafnmikið af gjaldeyri og verið hefur. Mér skilst því, að ekki liggi fyrir nein rök um það, þótt þetta frv. verði samþ., að af þeim sökum verði seldur minni gjaldeyrir til ferðalaga en ella, og ég veit ekki, af hvaða sökum dýrtíðarsjóður ætti að tapa. Og jafnvel þó að salan yrði eitthvað minni, þá er það ekki með öllu illt, því að þá er sparaður nokkur gjaldeyrir, sem menn leggja nokkra áherzlu á að spara. Að vísu má segja, að gjaldeyristekjurnar minnkuðu þá nokkuð líka, ef þessi miðlarastarfsemi væri nokkur.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég fæ ekki séð rök fyrir því eða sterkar líkur, að gjaldeyrissala til ferðalaga yrði nokkuð minni eða tekjur dýrtíðarsjóðs ættu að minnka, þó að frv. yrði samþ. Ég held, að eftir sem áður mundi verða seldur eins mikill gjaldeyrir til ferðalaga og ríkið sæi sér fært að láta til þess.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er viðbúið, að ég hafi ekki orðað nógu greinilega það, sem ég meinti, a. m. k. virðist hv. 7. þm. Reykv. ekki hafa skilið mig, og skal ég því taka dæmi máli mínu til skýringar. Á s. l. ári voru veitt gjaldeyrisleyfi til ferðalaga hátt á þriðja þúsund manns. Verulegur hluti þessara ferðalaga var þess eðlis, að þau komu undir ákvæðin um skattgreiðslu til dýrtíðarsjóðs með 75% álagi. Margir þeirra, sem þannig fengu gjaldeyri, hefðu haft möguleika til þess að afla gjaldeyris í skiptum hjá kunningjum og vinum, sem komið hefðu til Íslands, ef slíkt hefði ekki verið bannað. Þetta tók hv. frsm. meiri hl. fram í gær og eins þegar l. voru til umr. á sinni tíð og sagðist þá vera á móti því, að l. væru eins og þau eru, en það hefur valdið því, að menn hafa ekki farið út í svona samninga. Nú er þetta ein aðalbreytingin í frv., að menn eru beinlínis örvaðir til slíkra samninga. Afleiðingin af þessu verður svo sú, að þeir, sem áður keyptu ferðagjaldeyri skv. l. eins og þau eru, þeir geta nú, ef frv. verður samþ., gert samninga, sem þeir

ekki gátu áður, og þessi ferðagjaldeyrir, sem er veittur mörg hundruð mönnum, hverfur og sömuleiðis þær gjaldeyristekjur, sem þeir, er til landsins koma, hafa greitt til bankanna. Þetta ætti hv. 7. þm. Reykv. að skilja, ef hann hugsar um það, og það veit ég, að hann gerir. Það má segja, að viðskiptanefnd losni við útlát á gjaldeyri með þessu móti, en þá missir hún líka allt kontrol yfir þessum málum. Hitt, sem ég sagði í gær, að þetta væri einn af þeim fáu möguleikum til þess að komast eftir leyndum gjaldeyri erlendis, þá held ég, að það sé rétt, enda hefur því verið haldið fram, að þegar menn færu til útlanda án gjaldeyris, þá ráðstöfuðu þeir erlendis sínum földu fjársjóðum. Þriðja atriðið, sem ég vildi minnast á, er svo frelsisskerðingin, sem sízt minnkar, þótt frv. verði samþ., og skal ég taka dæmi því til sönnunar. Eftir l. nú geta börn boðið foreldrum í ferðalag til útlanda, og sama gildir um önnur náin skyldmenni. Ef t. d. Íslendingur á börn í útlöndum og þau bjóða honum í heimsókn, þá getur hann farið hömlunarlaust, en skv. frv. má hann það ekki, ef hann skuldar útsvör eða skatta. Sem sagt, maður, sem samkv. gömlu l. mátti fara, hann yrði nú að sitja heima, ef hann gæti ekki greitt sín gjöld til bæjar eða ríkis, þ. e. a. s. hann væri settur til baka, af því að hann væri fátækur, en ekki vegna þess, að hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvernig hann hefði aflað gjaldeyris. Sá, sem á gjaldeyri erlendis og getur greitt gjöld sín, hann á að geta farið ferða sinna, en hinn, sem hefur möguleikann til að ferðast vegna ættmenna sinna erlendis, en getur ekki greitt sín gjöld, hann á ekki að geta farið. Hann er raunverulega settur í skuldafangelsi, og það er ekki minni frelsisskerðing en sú, sem felst í l. eins og þau eru nú.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ekki litið svo á, að þetta frv. mundi skerða tekjur ríkisins, eins og mér skildist á hæstv. viðskmrh., en um þetta má auðvitað deila. Ég hef haldið, að aukið ferðafrelsi mundi þýða auknar tekjur, en hinu vildi ég beina til hv. n., hvort hún áliti ekki rétt að fella niður ákvæði 2. gr., önnur en 1. málsgr. Mér þykir vafasamur sá möguleiki, að menn geti gert samninga við aðila erlendis um gagnkvæmt uppihald, og ég vil undirstrika það, að ég vil á engan hátt verða þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs rýrni, og því beini ég því til hv. n., hvort hún telji ekki rétt að breyta þessu ákvæði eða fella það alveg niður. Meginhugmynd frv. stenzt alveg fyrir því.

Frsm. meiri hl. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh., hann eiginlega lítur á þá hlið málsins, sem hæstv. viðskmrh. virðist hafa mestan ugg af og telur rýra tekjur ríkissjóðs mjög. Þar finnst mér þeir nokkuð á ólíkum skoðunum, og verð ég að segja, að ég hallast miklu fremur að skoðun hæstv. fjmrh., en ég vildi minnast nokkuð á einstök atriði, sem komið hafa fram og eru kannske aðalatriði, eins og ég benti á í minni framsöguræðu, og það er þetta, hve hratt við setjum á alls konar höft og þvinganir, margendurteknar, og er eðlilegt, að menn kunni þessu illa, þegar þær þjóðir, sem eru í jafnmiklum þrengingum með gjaldeyri, leysa þessar þvinganir að miklu leyti, t. d. Danir, þar sem allir, sem vilja fara til útlanda, fá gjaldeyri, en nú vil ég víkja að aðalatriðunum, sem vitnað hefur verið í. — Hæstv. viðskmrh. segir, að það sé regla að hindra ekki ferðir þeirra, sem fara til að heimsækja skyldmenni sín, en ég veit um 3 dæmi, þar sem viðskiptanefnd hefur neitað um fararleyfi í slíkum tilfellum. Ég mun engin nöfn nefna, en kona ein í Danmörku bauð systur sinni hér í heimsókn, og sú kona fékk neitun. Henni var þó að lokum veitt fararleyfi, en hún fékk ekki grænan eyri í farareyri. — Þá minntist hæstv. viðskmrh. á það, að menn mættu ekki fara utan, nema þeir hefðu greitt útsvör og skatta. Þetta fyrirkomulag er á þann hátt, að hver, sem vill fara utan, er skyldur að gera grein fyrir, hvort hann hafi innt af hendi gjöld sín, og fá síðan fararleyfi hjá bæjarfélaginu, og byggist þetta á því, að áður, þegar útlendingar sóttu mikið atvinnu hingað, þá fóru þeir oft úr landi án þess að hafa greitt lögboðin gjöld. Það varð því að hafa kontrol með þessu fólki, sem kom hingað í skyndiatvinnu. Því var það ákveðið, að það fengi þá fyrst að fara heim, er það hefði greitt lögboðin gjöld, en ég veit ekki til þess, að maður, sem er sjálfstæður ríkisborgari, að hann fái ekki fararleyfi, nema hann hafi að fullu greitt skatta áður. Það er augljóst, að þeir eiga þá að jafnaði eignir hér, sem hægt er að taka, ef í það fer, og er raunar þetta kontrol með erlendu verkafólki hér óskylt því máli, sem hér um ræðir. Frelsisskerðingin, sem hæstv. viðskmrh. talaði um af þessum sökum, er því ekkert sambærileg við þá frelsisskerðingu, sem felst í gildandi l. Frá mínu sjónarmiði lítur það þannig út, að þótt samþykkt þessa frv. kostaði einhvern örlítið meiri gjaldeyri, þá sé það fjarstætt að þvinga menn svo, að þeir megi ekki fara ferða sinna nema með opinberu leyfi, og skil ég ekki, að jafnfrjálslyndur og skýr maður sem hæstv. viðskmrh. skuli ekki sjá, hvað þetta er stórt atriði. — Ég mun svo ekki á þessu stigi orðlengja þetta öllu meira, en ef ekki verður fjölskipaðra í hv. d., þá vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er í sambandi við tap dýrtíðarsjóðs, sem hæstv. viðskmrh. hélt fram, að yrði ef frv. væri samþ., og verð ég að segja, að þótt ráðh. hafi nú gefið sínar upplýsingar, þá hef ég enn ekki sannfærzt. Hæstv. ráðh. segir, að um 2800 manns hafi fengið fararleyfi hjá viðskiptanefnd á s. l. ári og ef nú væri heimilt að fara án leyfis hennar til útlanda, þá mundu svo og svo margir útvega sér gjaldeyri annars staðar til þess að sleppa við 75% gjaldið, og svona langt erum við samferða, og ef við miðum við þessa 2800, þá mundu það verða eitthvað færri, sem færu hina gömlu leið, og ef ekki er lengra

hugsað, þá mundi dýrtíðarsjóður tapa, en ef þetta væri allur sannleikurinn, þá væri hann byggður á því, að ekki hefðu verið fleiri um boðið en þessir 2800, en það segir bara í nál., að 4000 manns hafi verið synjað um fararleyfi af viðskiptanefnd, og er því haldið fram, að eftirspurn eftir ferðagjaldeyri sé svo miklu meiri en viðskiptanefnd gæti svarað játandi, að dýrtíðarsjóður mundi engu tapa við samþ. frv. Skal ég svo ekki ræða þetta frekar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, að allmörgum hefur verið synjað um gjaldeyri til utanferðar, en eftirspurnin eftir gjaldeyri hjá viðskiptanefnd mundi minnka svo mikið, ef frv. verður samþ., að ég efast um, að mikill gjaldeyrir yrði veittur í þessu augnamiði, með því að í frv. er opnuð leið til gjaldeyrisöflunar, sem ekki var til áður, og býst ég við, að flestir fari hana, og stórrýrna þá tekjur dýrtíðarsjóðs. — Hvað viðvíkur því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hann vissi dæmi þess, að jafnvel nánustu ættingjar hefðu ekki fengið fararleyfi til skyldmenna sinna erlendis, þá get ég það eitt sagt um það, að í þeim reglum, sem komu frá viðskiptanefnd og ríkisstj. samþykkti, þá var gert ráð fyrir því, að skyldmenni gætu óhindrað heimsótt nánustu ættingja erlendis, og er það því brot á reglum, ef þetta hefur verið hindrað. Ef þessi dæmi eru til, þá er rétt að athuga þau, því að það var ekki ætlunin, að þetta kæmi fyrir.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Reykv., talaði um það, að hér þyrfti að létta af höftum og hömlum í gjaldeyris- og viðskiptamálum. Ég vildi taka það fram, að ég er sammála þessu, að höftin eru neyðarúrræði, sem alltaf er bezt að vera laus við. Hins vegar vitum við báðir, að ástandið er þannig, að ekki verður hjá því komizt að hafa þessar takmarkanir fyrst um sinn, og ég hef m. a. vakið athygli á því í nál., að á meðan svo er ástatt, að við þurfum að takmarka innflutning okkar af gjaldeyrisástæðum, tel ég ósamræmi í því að létta af hömlum á gjaldeyrisveitingum til ferðalaga. Hv. 3. þm. Reykv. sagði í gær, að hann sæi þarna ekki neitt samband á milli. En þessu er öfugt farið. Því minna sem bankarnir fá af erlendum gjaldeyri frá útlendum ferðamönnum, því rýrari verður þeirra gjaldeyrissjóður og því minni verða innflutningsmöguleikarnir.

Hér er því vissulega samhengi á milli, og ég vildi taka þetta fram að gefnu tilefni, um leið og ég tek það einnig fram, að ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um það, að æskilegt væri, að þjóðin gæti verið laus við allar viðskiptahömlur og höft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:9 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:10 atkv.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í umræðunum um mál þetta í gær kom það fram víðar að en úr einni átt, að menn óttuðust, ef frv. þetta yrði samþ., að það hefði þau áhrif, að drægi úr tekjum dýrtíðarsjóðs frá erlendum ferðamönnum, einkum vegna þessa ákvæðis í 2. gr.: „Einstaklingar, búsettir hér á landi, hafa heimild til að semja við erlenda aðila um uppihald erlendis fyrir sig og sína gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi.“ Hæstv. fjmrh. tók undir þessa skoðun, ef ég hef skilið hann rétt. Virtist hann hafa hug á því, að brtt. kæmi fram, sem hindraði þetta. En nú hefur engin slík brtt. komið fram, og vildi ég nú freista þess að lagfæra þetta, svo að slíkir samningar yrðu bannaðir. Eigi að síður yrðu í 1. ákvæði þau, sem felast í 1. gr., og það ákvæði í 2. gr., að eigi megi „setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi.“ Þó hef ég ýmislegt við það að athuga. Ég óska því að fá að leggja fram skriflega brtt. við 2. gr., svo hljóðandi: „Greinin falli niður, að undanteknum fyrsta málslið.“

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 583) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi mælast til þess við forseta, að málið væri eigi afgr. nú, heldur frestað til næsta fundar, því að ég hef í huga að flytja brtt. við annað atriði frv., en hef hana ekki tilbúna á þessari stundu, en mun reyna að láta það ekki dragast lengi, ef af verður.

Forseti (BG): Ég tel rétt að verða við þeirri ósk hv. þm. V-Húnv. að fresta umr.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 86, 583, 591).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 591. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem ég boðaði síðast þegar þetta mál var til umr., liggur nú fyrir á þskj. 591. Legg ég þar til, að í upphafi 2. gr. segi: Ekki má setja reglugerð samkv. 1. þessum, sem bannar mönnum brottferð úr landi, og hefur mér skilizt á meiri hl. fjhn., að það væri þetta, sem hann legði mesta áherzlu á að fá fram. Hins vegar legg ég til, að heimilt verði að krefja hvern Íslending, sem fer úr landi, upplýsinga um það, hvaðan hann hefur þann gjaldeyri til ferða- og dvalarkostnaðar erlendis. Eins og nú er ástatt í þessum málum hjá okk-

ur, þá tel ég það nauðsynlegt, að slík ákvæði séu í lögum, þannig að unnt sé fyrir gjaldeyrisyfirvöldin á hverjum tíma að vita, hvernig þeir, sem æskja að fara til útlanda, hafi aflað gjaldeyris og hvort þeir hafi aflað hans með löglegum hætti. Þykir mér ósennilegt, að nokkur sé á móti þessu. 4. gr. l., sem lagt er til, að verði breytt, er að mestu umorðuð, en þó er ein málsgrein eftir, sem segir, að upptaka eigna samkv. lögunum skuli heimil vera. Þetta ákvæði var sett í fyrra, og sé ég ekki ástæðu til að fella það burt nú, og hafi ástæða verið til að setja það þá, ætti sú sama ástæða að öllum líkindum enn að vera fyrir hendi. — Mun ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og ég lýsti yfir seinast, er þetta mál var hér til umr., þá var brtt. mín, sem ég þá flutti, tilraun til samkomulags. Eftir að hv. frsm. minni hl. fjhn. hefur nú borið fram þessa till., þá lýsi ég því yfir, að hún stendur mínum huga miklu nær en samkomulagstill., og mun ég fylgja till. hv. frsm. minni hl., en vildi mega vænta, að mín till. yrði varatill. við till. hans, ef hún verður felld. Annars kemur mín till. ekki til greina.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég er ekki búinn að kynna mér svo fram komnar brtt., að ég sé reiðubúinn að taka afstöðu til þeirra, en vildi aðeins segja út af orðum hv. frsm. minni hl., sem sagði, að á það hefði verið lögð megináherzla af okkur í meiri hl. að fá fram setningu eins og í hans brtt. um, að ekki megi banna manni brottför úr landi, þá hef ég aldrei lagt neina megináherzlu á þetta, því að ef lögin eru þannig að efni til, að ekki megi banna mönnum brottför úr landi, þá er setning eins og þessi þýðingarlaus. Að öðru leyti hef ég ekki áttað mig til fulls á till. hv. minni hl. og óska því eftir, að atkvgr. verði frestað, svo að mér gefist tóm til að athuga hana betur.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég man nú að vísu ekki, hvernig orð hafa áður fallið um þetta frá hv. 7. þm. Reykv., en ég held, að ég muni það rétt, að hv. frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Reykv., hafi lagt höfuðáherzlu á þetta atriði í upphafi 2. gr., sem og aðrir aðstandendur frv. Nú segir hv. 7. þm. Reykv., að þetta sé lítilsvert, og þykir mér verst, að hv. flm. skuli ekki vera við til að útkljá þetta, en þó hygg ég ljóst, að þeir hafi litið þannig á, að ástæða væri til að setja það í l., að ekki mætti banna mönnum brottför úr landi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. hefur misskilið orð mín. Ég lýsti því yfir, að ég teldi þessa setningu um, að ekki mætti banna mönnum brottför úr landi, óþarfa, þar sem efni laganna gerði það að verkum, að svo mætti ekki. Ég er að efni til sammála hv. flm. þessa frv., en vildi aðeins taka þetta fram, að ég tel setninguna af téðum ástæðum óþarfa og annarlega frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég óska eftir því, að mín brtt. fái að vera varatill. við brtt. á þskj. 591, en að henni samþ. mundi ég draga mína brtt. til baka.

ATKVGR.

Brtt. 591 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HelgJ, JG, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

nei: GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl.

JS greiddi ekki atkv.

3 þm. (HÁ, HermG, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 583 samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, BG.

nei: KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, ÁkJ, EOl, GTh, HB, JóhH, JPálm, JJ.

3 þm. (StJSt, HÁ, HermG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SG, SEH, SK, StSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PO, SigfS.

nei: SkG, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HelgJ, JG, JörB, PÞ.

BG greiddi ekki atkv.

3 þm. (StJSt, HÁ, HermG) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 606).

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mál þetta er nú komið aftur frá hv. Nd., og hafa verið gerðar nokkrar breytingar við 2. gr. frv. Við flm. erum eftir atvikum samþykkir þessum breytingum og viljum því leggja til, að deildin samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 628).

---

63. Einkasala á tóbaki.

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki [204. mál] (þmfrv., A. 621).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt sumpart vegna fjárþarfar ríkissjóðs, en líka til þess að verð á tóbaki sé í samræmi við annað verðlag í landinu. Eins og þm. er kunnugt, var fjárlagafrv. afgr. til 3. umr. með 30 millj. kr. greiðsluhalla. Afleiðingin af þeirri afgreiðslu er sú, að finna þarf tekjur til þess að jafna þennan halla, og er þetta frv. einn liður í þeirri tekjuöflun. Það er nú svo með mál eins og þetta, að loka verður tóbakseinkasölu ríkisins meðan leitað er til Alþingis um samþykki á þessari hækkun, sem hér er farið fram á. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að málinu verði hraðað í gegnum d., ef alþm. vilja aðhyllast þá hækkun, sem hér um ræðir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er auðskilið mál, að ríkissjóður þarf að fá leiðir til tekjuöflunar, til þess að hægt sé að láta enda fjárl. ná saman. Það er líka vel skiljanlegt, að gripið sé til þess að hækka tóbak, og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga. En ég vil vekja athygli á því, hvort ekki er rétt að hafa þessa heimild viðtækari, svo að ekki þurfi að leita samþykkis Alþ. í hvert skipti, sem breyt. er gerð á þessu verði. Þetta mun vera í þriðja skiptið nú á skömmum tíma, sem heimildar til hækkunar hefur verið leitað, og mér virðist, að svo gæti farið, eftir öllu útliti nú, að enn þyrfti að leita tekna með þessari leið, þó að þessi hækkun fengi samþykki. Ég vil aðeins benda á þetta, en að sjálfsögðu er vel farið, ef ríkisstj. telur sig ekki þurfa meiri hækkun á þessari vöru. Annars virðist mér ráðh. ekki taka djúpt í árinni, ef hann telur ekki vanta nema 30 millj. á tekjur ársins, því að sé tekið tillit til ábyrgðarverðsins á fiskinum með hliðsjón af þeim samningum, er gerðir hafa verið við Breta, þá skilst mér, að ríkissjóð vanti a. m. k. 40 millj. í tekjum á þessu ári. Hafi ráðh. hins vegar hugsað sér aðrar leiðir, sem hann telur betra að grípa til en meiri hækkunar á tóbaki, þá tel ég gott, ef ekki þarf að höggva frekar í þann knérunn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af ræðu 1. þm. N-M. (PZ) vil ég taka fram, að það voru ekki mín orð, að ríkissjóður þyrfti ekki meira en 30 millj. kr. teknaviðbót við það, sem gert er ráð fyrir á fjárl. Ég sagði aðeins, að fjárl. hefði verið skilað til 3. umr. með 30 millj. kr. halla. En í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, skal ég geta þess, að sá rammi, sem í frv. er ákveðinn, er gerður af starfsmönnum við stofnunina og eftir till. þeirra, og þykir þar vera ákveðin hófleg prósentuálagning, miðað við aðstæður. En auk þess hefur þótt tilhlýðilegt, að Alþ. fylgist með þessum málum, og þykir mér það ekki óeðlilegt, enda til þess að gera ekki óviðráðanlega fyrirhöfn fyrir Alþingi eða viðkomandi ráðh., að sá háttur sé á hafður. Annars getur 1. þm. N-M. flutt um þetta brtt., ef hann vill, og gæti vel svo farið, að ég yrði breyt. hlynntur. En eins og frv. var búið í mínar hendur af mönnum, sem þessum málum eru kunnugir, hef ég lagt málið fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara að ræða um fjármálin almennt í þessu sambandi og vil óska, að málið verði ekki tafið að óþörfu.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil óska fjmrh. til hamingju með þennan nýja stuðningsmann, sem vill sleppa við hann þessum málum án nokkurs aðhalds af þinginu. Hins vegar álít ég, að þessar einkasölur séu svo hættulegar, að nauðsyn sé að rammskorða þær og samþykkis Alþingis verði að leita í hvert skipti, sem hækka á verð.

Mér þótti næsta skoplegt, þegar ráðh. var að tala um hóflega álagningu, 35%, en venjulegar verzlanir fá í hæsta lagi að leggja á 20%. (*Fjmrh.:* Ég sagði, að um hæfilega viðbótarálagningu væri að ræða.) Það þykir ekki allt mikið, þegar ríkið á hlut að máli. Annars eru þetta tölur, sem ekki ættu að sjást. Það er skömminni skárra að hækka tolla. Hins vegar hélt ég, að það væri stefna ríkisstj. að skera niður dýrtíðina, þó að ég skilji vel, að afla verði tekna, á meðan fylgt er sömu stefnu. En að fara að gefa stj. frjálsar hendur með hækkanir sem þessa finnst mér ekki vænlegt til bóta.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það stendur á þessu frv., að það sé flutt af fjhn., en þetta frv. er alls ekki frá fjhn. Að minnsta kosti er mér ekki kunnugt um flutning þess, enda algerlega andvígur því og mun greiða atkvæði gegn því. Ég ætla ekki að rekja ástæðurnar fyrir því. Það er sjálfsagt ein leið stj. til að afla tekna, en ég hef, eins og kunnugt er, verið á móti þeirri fjármálastefnu, sem leiðir til þess, að leggja verður enn aukna skatta á landsfólkið. Það má ef til vill segja, að þetta sé skásta leiðin til að afla tekna, þar sem tóbakið telst munaðarvara, en þó liggur nú sú staðreynd fyrir, að í „praxis" er tóbakið nauðsynjavara hjá fjölda fólks. Þá verður líka að teljast vafasamt, hvort ríkið hefur nokkrar tekjur af þessari hækkun, því að eins má búast við, að neyzlan minnki. (*HV:* Það væri það bezta.) Það getur vel verið, en ekki mundu tekjur ríkissjóðs aukast við það. — Ég vil svo endurtaka það, að ég er á móti þessu frv. og mun greiða atkv. á móti samþykkt þess.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að hv. 4. landsk. vissi ekki um þetta mál í fjhn., mun vera sú, að ekki hefur náðst til hans á þeim tíma, sem var til

stefnu, þar sem ég rak mjög á eftir frv. Hins vegar ætti það ekki að koma að sök, því að nm. hafa óbundnar hendur um málið.

Það er hverju orði sannara, að tóbakið er ígildi nauðsynjavöru, og ég get fúslega játað, að ég hef enga ánægju af að standa að þeirri hækkun, sem hér er farið fram á. En þegar talað er um fjármálaástandið og ástæðurnar fyrir því, að þessa leið þarf að fara, þá held ég nú, að síðasti ræðumaður eigi þar sinn snara þátt, ekki síður en aðrir, og má segja, að þar eigi hver högg í annars garði, sem setið hafa á þingi síðustu ár og staðið að því, sem þar hefur verið gert, en um slíkt þýðir ekki að sakast nú.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Út af því, sem 4. landsk. þm. (BrB) sagði um flutning þessa frv., vil ég taka það fram, að ég gerði tilraun til að ná í hann í sambandi við flutning þessa máls, en tókst ekki á þeim tíma, sem til stefnu var, þar sem ráðh. lagði ríka áherzlu á, að málinu yrði hraðað. Ég lít svo á, að það sé aðeins formsatriði, að n. flytji þetta mál, en að sjálfsögðu hafa allir nm. óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins. Ég hef heldur ekkert á móti því, að n. taki málið til athugunar, ef þess verður óskað, en læt það að öðru leyti algerlega á vald d., hvort hún óskar þess.

Forseti (BSt): Þar sem ekki hefur komið fram ósk um, að málinu verði vísað til n., tel ég ekki ástæðu til, að það sé gert. (*BrB:* Ég óska eftir, að málinu verði vísað til n.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, BÓ, EE, GJ, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, BSt.

StgrA, ÁS, BrB greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, ÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég skil þetta frv. sem einn lið í till. ríkisstj. til að koma fjárlagafrv. saman. Að vísu hefði ég heldur kosið að geta séð allar till. í þá átt í heild og tel óheppilegt að koma með þær í smábútum. En þrátt fyrir þennan ágalla greiði ég atkv. með þessu frv. og segi já.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 8:4 atkv.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:3 atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. vék að því áðan, að það væri æskilegt, að fyrir þm. lægi heildaryfirlit yfir það, hvernig hugsað er að ná endum fjárl. saman, hvort það er hugsað með mörgum slíkum frv. eins og þessu eða hvort till. eru uppi um niðurfærslu á útgjaldahlið fjárl. Ég tek undir það, að æskilegt væri að fá að heyra um þetta frá hv. frsm. fjvn., áður en lengra er fram haldið um afgreiðslu þessa tóbaksfrv. Annars vil ég segja það um efni frv., að það er aldrei byggt á skynsamlegu viti að eyða fjármunum sínum og heilbrigði í tóbaksreykingar, allra sízt þegar búið er að gera þessa vörusölu að okurstarfsemi. Guð má hjálpa ríkisstj., þegar þjóðin vitkast svo, að hún leiðist frá braut áfengis- og tóbaksnotkunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. fjmrh. þurfti að víkja af fundi, og þess vegna vil ég taka það fram, að svo sem ég hygg, að báðum þessum þm., sem hafa gert aths., sé ljóst, þá er það einmitt þessa dagana í samningum milli flokka, hvernig eigi að brúa það bil, sem er á milli gjalda og tekna í fjárlfrv., og hygg ég, að þeim sé kunnugt, að þeim samningum er ekki lokið enn þá. En þetta mál er sérstaks eðlis, vegna þess að taka þarf snögga ákvörðun um það, hvort þennan sérstaka skatt á að leggja á eða ekki. Ef það dregst, verður það til þess, að annaðhvort verður að stöðva sölu á þeirri vöru, sem hér um ræðir, með öllu eða menn geta hamstrað hana á óeðlilegan hátt þessa daga fyrir lægra verð en aðrir. Mér skilst, hvað snertir heildarafgreiðslu þess mikla máls, hvernig eigi að koma saman fjárl., að menn séu sammála um, að eftir atvikum sé þetta ekki óeðlilegur skattstofn. En ég get tekið undir það, að ef svo vel færi, að verulega drægi úr áfengis- og tóbaksnautn, mundi ríkið þurfa aðrar tekjur en þessar, en mín skoðun er sú, að ef menn hættu þeirri notkun, mundi efnahagur þeirra batna svo mikið, að þeim væri síður en svo ofvaxið að standa undir samsvarandi tekjum til ríkissjóðs, heldur yrðu þeir hæfir til að standa undir eðlilegum gjöldum, svo að það þarf ekki að vera áhyggjuefni út af fyrir sig.

Gísli Jónsson: Út af fyrirspurn til mín frá hv. 3. landsk. (HV) um það, hvað liði afgreiðslu fjárl., vildi ég aðeins upplýsa eftirfarandi: Við afgreiðslu fjárl. eftir 2. umr. felldi meiri hl. Alþ. sparnaðartill., sem fram komu frá fjvn., að upphæð tæpar 1600000 kr., og hygg ég, að hv. 3. landsk. hafi a. m. k. átt þátt í falli sumra þeirra till. Eins og kunnugt er, er greiðsluhallinn 28 millj. kr., en það er ekki fyrir rask fjvn. sérstaklega. Það voru fyrirskipanir frá meiri hl. Alþ., að 76 millj. kr. væru teknar til dýrtíðarráðstafana, og var sumt af því gert eftir vilja hæstv. fjmrh., eftir því sem hann lýsti í fjármálaræðu sinni. Fjvn. hefur hins vegar gert till. um 8—9 millj. kr. hækkun og jafnframt 7 millj. kr. lækkun, svo að röskunin, sem fjvn. gerði á frv., er sáralítil. Síðan þetta skeði, hefur orðið samkomulag um það við flugmálastjórnina og flugmálaráðh. að lækka aftur um 340000 kr. framlagið til flugmálanna. Annað hefur ekki orðið samkomulag um. En ríkisstj. hefur tjáð mér, að hún sé með ýmsar till., sem hún muni síðar leggja fram sem umræðugrundvöll fyrir n. Það mál er ekki

komið lengra í dag, enda hefur hæstv. utanrrh. skýrt frá því. — Ég tel rétt, að þetta komi fram, úr því að beint er til mín fyrirspurn um þetta atriði.

Afstaða mín til þessa máls, sem fyrir liggur, er ekki mörkuð í sambandi við afgreiðslu fjárl. Að vísu gefur þetta tekjur, sem hjálpa til að koma saman endum fjárl. En afstaða mín til þessa máls er mörkuð af þeirri lífsskoðun, að það ætti helzt að útrýma tóbaki og áfengi úr landinu. Ég tel þetta eina leiðina til þess að draga úr neyzlu tóbaks og áfengis, og þeir, sem á annað borð vilja hafa þennan munað, eru þá ekki of góðir til þess að greiða þennan skatt til ríkissjóðs. Af þeirri ástæðu mun ég greiða atkv. með frv., burtséð frá afgreiðslu fjárl.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er upplýst af hæstv. dómsmrh., að ríkisstj. sé að vinna að því að koma endum fjárl. saman. Þetta er einn liður þeirrar starfsemi, en ekki er séð fyrir endann á því. Form. fjvn. hefur einnig upplýst, að fjvn. geti ekki gefið upplýsingar um, hvaða heildarlausn verði á því að koma endum fjárl. saman.

Það gladdi mig að heyra, að hæstv. dómsmrh. er sannfærður um það, að ef þessi hækkun verður á tóbaksvörum, verði það til þess að draga úr neyzlu tóbaks og það muni aftur verða til að bæta efnahag þjóðfélagsþegnanna, svo að þeir megni að taka á sig skatta í annarri mynd til þess að jafna ríkissjóði hallann af samdrætti á nautnavörusölu. En í beinu áframhaldi af þessu mætti draga þá ályktun, að með því að taka fyrir tóbaks- og áfengissölu, væri viss vegur að bæta svo efnahag þegnanna, að þeir gætu bætt ríkissjóði þann fjárhagslega skaða, sem hann yrði fyrir af því að minnka þessa starfsemi. Ef þetta er sannfæring hæstv. ráðh., þá ætti í staðinn fyrir þetta frv. að koma fram frv., sem bannaði tóbaks- og áfengissölu, og ætti það að bæta efnahag skattþegnanna svo, að þeir gætu borið skatta með öðru skynsamlegra ráði en þessu, um leið og þeir auka heilbrigði sína.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég stend upp til þess að óska eftir svolitið nánari upplýsingum en mér virðist koma fram í frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh., um það, hvaða fyrirætlanir ríkisstj. hefur í sambandi við þær auknu álögur á tóbaksvörur, sem þetta frv. fjallar um. Í núgildandi l. eru ákvæði um, að hámarksálagning hjá tóbakseinkasölunni sé miðuð við 250%, en nú er þetta hækkað upp í 350%, þ. e. a. s. hámarkið er hækkað um 40%. Nú langar mig til að vita, hvort það er ætlun ríkisstj. að hækka tóbaksvörur yfirleitt um þessi 40%, eins og skilja mætti af þessu frv., eða hvort þetta er aðeins á nokkrum tegundum og þá á hvaða tegundum þessi hækkun á að koma fram. Þessi málsgr. er sem sé þannig orðuð, að álagningin skuli vera þetta, frá 10—350% af hundraði, og það þýðir, að á einhverjar tóbaksvörur á að leggja 10% og á einhverjar ekki minna en 350%.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. gaf í skyn, að það þyrfti sem fyrst að koma frv. áfram, því að ella væri hætta á, að menn færu að kaupa tóbaksvörur, þar sem þeir fengju þær ódýrari. Með þessu er hann að gefa í skyn, að honum sé kunnugt um það mikla tóbak, sem sagt er, að komi frá Keflavíkurflugvelli út um allt land og frá skipum. Honum er vafalaust ljóst, að því meiri munur sem er á verðinu innanlands og þessum tóbaksvörum, sem flytjast þessa leið inn í landið, því meiri freisting er það fyrir menn að útvega sér tóbakið eftir þessum ódýrari leiðum. Það, sem ég vildi spyrja um nú og hæstv. fjmrh. getur svarað, er það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að reyna að tryggja ríkinu þessa hækkun með því að koma í veg fyrir, að menn nái í þetta ódýra tóbak, því að það leiðir af sjálfu sér, að hækkun á tóbakstollinum verður því aðeins tekjur, að landsmenn kaupi dýra tóbakið, en fari ekki inn á þá leið að ná sér í ódýrara tóbak. Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að taka sem mest fyrir þá smyglsölu, sem á sér stað og langmest ber á á Keflavíkurflugvelli og líka á sér stað á skipum, sem til landsins koma?

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi út af orðum hv. 6. landsk. (StgrA) segja það, að það er ekki þann veg að skilja, að leggja eigi svona háa prósenttölu á tóbakið eins og hann tók til. Það verður hækkað eitthvað svolitið, en það verður mest á valdi forstjóra eða þeirra starfsmanna, sem þarna vinna og þekkja bezt inn á tegundirnar og kunna að greina, hvar hægt er að hækka án skaða fyrir söluna. Það mun verða reynt að jafna á milli tegunda, t. d. að það verði alls ekki eins hátt verð á neftóbaki eins og á sígarettum. Sígarettupakkinn kostaði kr. 1.25 1939, en kostar í kringum 5 kr. nú, og margir segja, að sú hækkun sé alls ekki í hlutfalli við það, sem ýmsar bráðnauðsynjar hafa hækkað á sama tíma.

Út af orðalaginu, sem hv. 6. landsk. líka hefur fest auga á, vil ég benda á, að það er alveg það sama og verið hefur í þessari löggjöf frá upphafi, því að í l. um einkasölu ríkisins á tóbaki frá 8. sept. 1931 stendur: „Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10%“ o. s. frv. Hér er því ekki neitt nýtt fyrirbæri á ferðinni.

Ég skal ekkert svara fyrir hæstv. dómsmrh., en ég vildi geta þess varðandi það smygl, sem hv. þm. N-M. (PZ) sagði, að ætti sér stað, að það er ekkert tækifæri látið ónotað til þess að brýna það fyrir tolleftirlitsmönnum ríkisins að hafa sem bezt eftirlit með þessu, bæði á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavíkurhöfn og á öðrum höfnum, og líta eftir því, að ekki sé smyglað inn í landið tóbaki eða öðru. Annars virðist mér það ekki standa í beinu sambandi við þetta mál. En það, sem gerir að verkum, að það þarf að hraða svona máli, er það, að meðan á þessu stendur, meðan álagningin er hækkuð á svona vöru, þá er ekki hægt að afgreiða neitt út frá einkasölunni til dreifistaðanna úti um landið, því að margir mundu vilja víða að sér, ef þess væri kostur, áður en hækkunin skellur

á, og hins vegar þarf að hraða svona máli til þess að valda ekki viðskiptamönnunum óþægindum með því að lengja lokunina.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., en samkv. svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni áðan, þá er ekki ætlun ríkisstj. að framkvæma þetta frv. samkvæmt orðalagi þess, heldur beri að skoða þetta sem ramma, sem álagningin verði innan, frá 10—350%. En þá tel ég nauðsyn að breyta þessu orðalagi, og eins þó að hæstv. ráðh. upplýsi, að þetta hafi verið orðað svo áður, því að þá verður framkvæmdin á annan veg en orðalagið gefur tilefni til. Það er engin ástæða til að halda því áfram, því að þegar það stendur, að álagningin skuli vera þetta og þetta, þá verður hún að vera það, ef þetta á að standa. Hins vegar má vera, að það sé á valdi einkasölunnar að framkvæma þetta á þann hátt, sem hæstv. ráðh. nú skýrir, að það eigi að vera, en mér finnst réttara að viðhafa það orðalag að hafa þarna „má" í staðinn fyrir „skal". Mér er ekki kunnugt um, hvað er mesta álagning, en ég geri ráð fyrir, að þessu verði hagað, eins og hæstv. ráðh. talaði um, eftir því sem einkasölunni er heppilegt, og álagningin verði einhvers staðar þarna á milli, en ekki bundin fyrirmælum, sem felast í l. og þessu frv. Þess vegna leyfi ég mér að flytja skriflega brtt. um þetta orðalag, en ég get beðið með hana til 3. umr., ef ekki eru fleiri á mælendaskrá.

Gísli Jónsson: Ég skal vera stuttorður. Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. (PZ) vildi ég segja nokkur orð. Í fyrsta lagi sneri hann út úr orðum dómsmrh. um þetta atriði, því að orð hans var á engan hátt hægt að skilja eins og hann ákvað í ræðu sinni. Hæstv. dómsmrh. sagði, að eðlilegt væri, að menn reyndu að kaupa ódýrari vöru, ef þeir ættu von á, að þetta hækkaði, og hefur hann sjálfsagt átt við þær vörur, sem þegar í dag eru í smásölu í landinu. Í tilefni af því vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvernig verði með þá vöru, sem þegar er seld út í búðirnar um allt land. Verður hún seld með þeirri álagningu, sem gildir í dag? Og ef viðkomandi aðilar hækka hana, hver fær þá þann ágóða? Því að vitanlega liggur mikið af tóbaksvöru í búðunum, sem ekki er eign ríkisins, heldur kaupmanna, sem hafa keypt hana hjá ríkinu, og það eru þær vörur, sem hæstv. ráðh. vísaði til, þegar hann hélt ræðu sína. Þetta er töluvert atriði, og vildi ég því heyra hjá hæstv. fjmrh., hvernig þetta hefur verið áður. Er verðlagseftirlitið það öruggt, að það geti séð svo um, að sú vara, sem liggur í búðunum, verði ekki hækkuð, eða er hugsað til að leyfa þessa hækkun og láta hana ganga til ríkisins?

Fullyrðingum hv. 1. þm. N-M. um það, að hér ætti sér stað mikið smygl, bæði í skipum og annars staðar, vil ég algerlega mótmæla. Hann ber þungar sakir á tollstjóra og hans menn, en þyngstar sakir á þá menn, sem afla fjár fyrir þjóðarbúið, og er það fullkomlega ósæmilegt af manni eins og hv. 1. þm. N-M., sem situr hér á margföldum launum, — algerlega ósæmilegt. Ég veit, hve þessir menn fá mikinn gjaldeyri. Ég hef verið við togaraútgerð og veit, hvað sjómenn koma með um borð, og get borið um, að þetta er sagt út í bláinn, og væri sæmra fyrir hv. þm. að nota tíma sinn hér til annars en að bera íslenzkum sjómönnum slíkt á brýn. Um Keflavíkurflugvöllinn veit ég ekki, en ég veit, að gjaldeyrir sá, sem íslenzkir sjómenn fá úti, er svo takmarkaður og útflutningurinn einnig frá þeim löndum, sem siglt er til, að slíkt væri ómögulegt, enda allt annað, sem sjómenn vilja, en að stunda smygl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að ég hef unnið hjá ríkissjóði. Ég hef unnið þar síðan 1909 og tel, að ég hafi unnið fullkomlega fyrir því kaupi, sem ég hef fengið, og aldrei tekið hundruð þúsunda fyrir ekki neitt, eins og sumir aðrir. — Hvað snertir smygl í gegnum Keflavíkurflugvöllinn og togarana, þá er ég bara að tala um það, sem allir vita. Þá get ég sagt það, að ég nota sjálfur slíkt tóbak, og mér hefur ótal sinnum verið boðið óstimplað tóbak í húsum, þar sem ég hef komið, og ef hv. þm. reykti og þekkti tóbak frá einhverju öðru, mundi hann vita þetta. Ég efast um, að hann þekki tóbak frá súkkulaðimola eða vindli. Þetta er staðreynd, sem ég hef sagt, enda sagt af hæstv. dómsmrh. áðan.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil enn mótmæla fullyrðingum hv. 1. þm. N-M. og undrast, að hann skuli ekki hafa tekið þær aftur og tel hann minni mann fyrir en áður og vildi ráðleggja honum að hætta hjá ríkinu og gerast tollvörður, með þessum hæfileikum, sem hann hefur til að snuðra um þessi mál.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 6. landsk.: Upphaf 1. gr. orðist svo: Tóbakseinkasalan má leggja.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég lýsti því áðan fyrir hv. 6. landsk. (StgrA.), að í upphaflegu l., sem sett voru 1931, er nákvæmlega sama orðalag haft. Í l. nr. 58 frá þeim tíma stendur í 8. gr.: „Tóbakseinkasalan skal" o. s. frv. Síðan hefur þessu ákvæði verið þráfaldlega breytt, en hv. Alþ. hefur aldrei séð ástæðu til að breyta þessu orðalagi, en þetta breytist með nýjum mönnum og nú kemur hv. 6. landsk., sem búinn er að vera hér í nokkur ár, en þó ekki mjög lengi, og vill gera það að villu, sem Alþ. samþ. 1931. Mér finnst till. með öllu óþörf, því að þetta er framkvæmt, eins og hér segir, af tóbakseinkasölunni og haldið sér innan þess ramma og einnig ætlazt til að halda sér innan ramma frv. Ég sé því ekki að þessi till. sé annað en — mér liggur við að segja merkilegheit.

Hv. þm. Barð. (GJ) spurði, hvernig því væri háttað með það tóbak, sem lægi hjá smásölum, þegar verðið hækkaði. Ég skal upplýsa, að það er alls ekki leyfilegt að selja það dýrar, þó að tóbakseinkasalan hækki hjá sér, fyrr en gamlar birgðir eru þrotnar, og hefur slíkt allt-

af verið bannað, og mun verðlagseftirlitið líta eftir því. Ég mun fara fram á, að verðlagsstjóri láti verðlagseftirlitið úti á landi líta eftir, að gamlar birgðir verði ekki heldur hækkaðar þar, því að það er, eins og ég sagði áðan, algerlega óleyfilegt.

Forseti (BSt): Ég lýsti áðan skriflegri brtt. frá hv. 6. landsk. En þar sem hún er bæði of seint fram komin og skrifleg, þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 625) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil segja, að ég er fylgjandi þessu frv. og skil ekki afstöðu þeirra hv. þm., sem eru á móti því, að ríkissjóður afli sér tekna í þessu tekjuleysi, þegar hann þarf að uppfylla kröfur, sem Alþ. krefst, að sé fullnægt. Ég hygg, að þessi tekjuhækkun komi niður á þeim einum, sem nota tóbak, og það er engin lífsnauðsyn. Menn geta hætt að nota það, og það er vitað, að þetta er ekki holl nautn. Ég hygg, að hækkunin geti ef til vill þýtt, að menn minnki tóbaksnotkun sína, og þá er þetta ávinningur frá sjónarmiði þeirra, sem telja hana óholla. En það, sem kom mér til að standa á fætur, voru birgðir þær, sem liggja hjá smásölum. Ef smásalar hækka, sem er opin leið fyrir þá, geta þeir strax í dag stungið undan því, sem þeir eiga óselt, og geymt það. Þá lítur svo út sem tóbakið sé selt, og ekkert getur komið í veg fyrir það, nema merki sé sett á það tóbak, sem selt verður út eftir hækkunina. Ég vil mælast til þess af hæstv. ráðh., að þetta verði gert, svo að sá hagnaður lendi ekki að óverðugu hjá smásölum og með röngu sé haft af neytendum. Ég veit ekki, hve miklar birgðir eru hjá smásölum, en það er óeðlilegt, að hagnaður af þeirri sölu lendi í vasa seljenda, og verður ekki komið í veg fyrir slíkt nema með því móti, að tóbakið verði merkt. — Ég vildi láta þetta koma hér fram.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. kallaði þessa till. merkilegheit, en mér finnst ástæða til að breyta þessu orðalagi, þegar það stríðir í bága við framkvæmdirnar eins og þær eiga að vera, og ber því að leiðrétta það. Það kostar ekkert og tefur málið ekki neitt, og er eðlilegast að gera það nú við 1. umr.

Ég hafði ætlað mér að gera fyrirspurn til hv. 1. landsk. (SÁÓ), en nú er hann vikinn af fundi. Hann lýsti sig fylgjandi frv., og rökin voru þau, að tóbak væri engin lífsnauðsyn, og sagði, að þeir, sem ekki teldu sig hafa efni á að kaupa það, ættu bara að hætta að nota það. Ég vildi nú spyrja hann, af því að hann er formaður stærsta sjómannafélags landsins og telur sig fulltrúa sjómanna, hvort hann ætlist til, að þeir hætti að nota tóbak, en það gera þeir mikið, sem stafar að sumu leyti af því, að þeir búa við mikla vosbúð og vökur og þurfa því að hressa sig á því. Ætlast hv. þm. til, að þeir hætti að nota þessa hressingu, eða vill hann rýra kjör þeirra?

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég geri það af kurteisissökum að svara hv. 6. landsk. (StgrA), þó að ekki sé ástæða til þess. Ég get get sagt honum það, að ýmsir menn eru svo hagsýnir, að þeir draga úr tókbaksnotkun sinni við hækkunina, og hið sama má segja um hækkunina á víninu. Ef við lítum á þessi deyfilyf, vín og tóbak, þá sjáum við, að það er engin nauðsyn að nota þau, og ég þekki marga menn, sem ekki nota þau, en eru samt jafnvígir og hinir. Þetta er svo til komið, að menn á æskuskeiði byrja á að nota þetta af eftirhermuhvöt. Svo var um mig, og ég hygg, að fleiri hafi sömu sögu að segja. Það er hreinn óþarfi fyrir hv. þm. að segja, að sjómenn séu meiri tóbakshákar en aðrir. Þeir, sem vilja kaupa tóbakið á háa verðinu, geta gert það, en hinir spara við sig. — Það hefur verið sagt, að sjómenn smygluðu tóbaki inn í landið, en ég veit hitt, að sjómenn kaupa tóbak handa sér í erlendum höfnum og þurfa því minna að kaupa hér heima. Þetta eru fríðindi, sem sjómenn hafa, og kemur því þessi hækkun minna niður á þeim sjómönnum, sem eru í siglingum, heldur en öðrum, svo að umhyggja hv. þm. fyrir sjómönnum, þó að hún sé eflaust vel meint, kemur að litlu haldi, þar sem hækkunin bitnar minnst á þeim. Ég verð því að segja, að þessi andstaða hjá hv. þm. er ekkert annað en venjuleg stjórnarandstaða. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm., hverjir vilji missa vegina, brýrnar, hafnirnar, skólana o. s. frv. Það vill enginn missa af því, sem gerir landið byggilegra, en til að afla þess má ekkert láta ónotað. Og nú er 30 millj. kr. greiðsluhalli á fjárl., svo að eitthvað verður að gera til að hafa upp í hann. Ég hef ekki orðið var við annað en að hv. 6. landsk. og flokkur hans hafi komið fram með till., sem miða að hækkun fjárl., en það ber þá einnig að koma fram með till. til tekjuöflunar. (*StgrA:* Það hefur líka verið gert.) Ég hef nú ekki orðið var við það á þessu þingi, en ég hef orðið var við hækkunartill. Ég sé því ekki annað en að andstaða kommúnista við þetta frv. sé hrein stjórnarandstaða. Þeir bera enga ábyrgð á fjárl., og að hafa þau sem vitlausust er að þeirra dómi bezt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Vitur maður hefur sagt, að ávallt sé bezt að hafa heldur það, sem sannara reynist. Nú hef ég haldið því fram, að þetta orðalag „skal" hafi ávallt verið í frv., og vildi ekki fallast á, að till. hv. 6. landsk. væri á rökum reist. En við nánari athugun hef ég komizt að raun um, að hv. þm. hefur rétt fyrir sér, og af því að ég vil frið um málið og þetta kemur í sama stað niður, skal ég greiða till. hans atkv., í þeirri von, að hv. þm. fylgi þá e. t. v. frv., en það er engin skuldbinding. Það er ekkert undarlegt, þó að stjórnarandstaðan noti tækifærið til að gagnrýna málið, og að því leyti, sem snertir gagnrýni á málfari, þá viðurkenni ég, að hv. þm.

hafi réttara fyrir sér um það atriði, og hef ég ekkert við till. hans að athuga.

Forseti (BSt): Ég vil ekki blanda mér í umr. héðan úr forsetastóli, en ég sé ekki annað, ef till. verður samþ., en prenta þurfi frv. áður en næsta umr. fer fram, og verða þm. að meta það, hvort þeir meta hana svo mikils. Væri betra, ef hv. 6. landsk. vildi taka hana aftur til 3. umr., og mætti þá prenta frv. áður en það færi til Nd.

ATKVGR.
Brtt. 625 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 625 samþ. með 9:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 626).
Á 98. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur orðið ásátt um að hækka nokkuð verð á tóbaki. En með því að það hefur verið ákveðið af Alþ., eftir að einkasala á tóbaki var upp tekin, frá því fyrsta, innan hvaða ramma verðið mætti vera, þótt því að sjálfsögðu hafi verið breytt, þá þótti hlýða að leggja þetta frv. fram, um, að í stað þeirra ákvæða, sem gilt hafa hingað til, megi hér eftir leggja frá 10—350% á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Sams konar undanþágur og verið hafa áður viðkomandi álagningu á tóbaki, sem ætlað er til annarra nota en venjulegrar tóbaksnotkunar, eiga að gilda framvegis, og er þar um að ræða tóbak, sem notað er til sauðfjárbaðana og annars slíks.

Eins og gefur að skilja, er ekki hægt að breyta heildsöluverðinu án samþykkis Alþ. Og meðan það er í ráði að fá þessu breytt, er ekki hægt að hafa afgreiðslu frá heildsölu tóbaksverzlunarinnar, fyrr en því máli er lokið. Þess vegna eru það tilmæli mín til hv. þd., að þessu máli verði hraðað í gegnum þessa hv. þd. svo sem unnt er, til þess að ekki þurfi að verða dráttur á afgreiðslu eða stöðvun á verzluninni með þessa vöru.

Ég þarf ekki að lýsa því, að það, sem veldur því, að gripið er til þessa ráðs að hækka nokkuð tóbaksverðið, er fjárhagsafkoman hjá ríkinu, sem eftir afgreiðslu fjárlagafrv. við 2. umr. sýndi um 30 millj. kr. halla, og má þó búast við, að ekki hafi öll kurl verið komin til grafar, sem krefjast útgjalda, þegar þar var komið málinu.

Skal ég svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vænti, að hv. þd. sýni þessu máli skilning og að hæstv. forseti sjái sér fært að afgr. málið með þeim afbrigðum, sem þingið vill heimila.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá var það eitt af því, sem hún lýsti ákveðnast yfir, að hún ætlaði sér að vinna á móti dýrtíðinni í landinu og gera mjög ákveðnar ráðstafanir til þess að sjá um, að almenn verðlækkun færi fram. Í samræmi við það sagði ríkisstj., þegar hún batt kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig, að hún ætlaði að sjá um, að aðrir liðir færu svo lækkandi á eftir. Og það átti ekki að vera nema nokkurra mánaða fórn af hálfu launþeganna í landinu að sætta sig svo við lækkun kaupgjaldsins, að það miðaðist við 300 vísitölustig, því að raunverulega framfærsluvísitalan mundi komast niður í það áður en langt liði. Nú hefur hæstv. ríkisstj. í þeirri stuttu grg. fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, kveðið yfir sjálfri sér dóm, sem er öllu harðari, af því að honum er komið fyrir í tveim línum, heldur en nokkur önnur stjórn gæti gert, þó að hæstv. fjmrh. hafi komið fram með þann raunverulega tilgang, sem liggur á bak við þetta frv., að afla tekna fyrir ríkissjóð. Hins vegar standa þessi snjallyrði hér í grg. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta: „Verðlag hefur farið stöðugt hækkandi í landinu undanfarið, og er eðlilegt, að verðlag á tóbaksvörum, sem ríkissjóður nýtur hagnaðar af, fylgist með.“ Sem sé, vegna þess að pólitík hæstv. ríkisstj. um verðlagslækkun hefur beðið skipbrot á öllum sviðum þjóðlífsins, þá sé alveg óverjandi að láta tóbakið verða eftir, — pólitík ríkisstj. skuli endilega bíða skipbrot um verðlagið á tóbaki líka, því að það sé það, sem ríkisstj. geti ráðið við. Mér þykir þetta koma úr hörðustu átt, að þessi röksemd skuli koma fram frá hæstv. ríkisstj. sjálfri. Mér finnst, að svona stutt og laggóð grg. sé ákaflega skörp gjaldþrotayfirlýsing á þá pólitík, sem ríkisstj. hefur fylgt viðvíkjandi verðlækkunarmálum. Og ekki er nú undarlegt, þegar hæstv. ríkisstj. ályktar svona, þótt einhverjum öðrum yrði það nú á í landinu að fara að álykta svo, að fyrst hæstv. ríkisstj., eftir að verðhækkun hefur farið fram á öllum þeim sviðum, sem hún kannske ekki réð við að öllu leyti, fyrst hæstv. ríkisstj. þá hækkaði verðlag á þeim sviðum, sem hún réð við, til samræmingar upp á við, þá sé það ekki undarlegt, að almennir borgarar hugsuðu á eftir, að ekki væri óeðlilegt, að þeir hækkuðu hjá sér í samræmi við það, sem ríkisstj. gerir. — Þetta er nú viðvíkjandi grg. frv., sem mér finnst þó snjöll, að ég álít rétt að gera hana að umtalsefni á undan frv. sjálfu.

Hækkunin á tóbaksverðinu þýðir hins vegar auðvitað enn þá frekari dýrtíð í landinu. Og af því að svo er komið, að hér er orðið um almenna neyzluvöru að ræða, þar sem tóbakið er, sem líka kemur inn í vísitöluna, þá kemur það í ljós, að hér er um gömlu aðferðina að ræða, að hækka álögur á almenning, þegar auka þarf tekjur ríkissjóðs. Ég vil þess vegna aðeins lýsa því yfir, að ég er andstæður þessari till., sem hér liggur fyrir. Hins vegar mun ég ekkert vera að tefja fyrir þessu á neinn hátt, en þótti rétt að gera þessa grein fyrir afstöðu minni og sérstaklega að gera að umtalsefni þessa niðurstöðu hæstv. ríkisstj. sjálfrar út af tveggja ára stjórnarfari hennar í landinu, eins og þetta birtist í þessari stuttorðu grg.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að tefja umr. um þetta mál. En það er of kunn skoðun mín í þessu máli til þess, að ég þyrfti hér að taka til máls þess vegna. En ég tók nú til máls vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. (EOl) var að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls og ég hygg fyrir hans flokk, og þykir mér sú grg. mjög einkennileg. Það er ekkert undarlegt, þó að ég greiddi atkv. á móti þessu frv. Ég hef krafizt þess og legg til, að greiðslujöfnuður verði fenginn á fjárl. á allt annan hátt en með nýjum álögum, en það er með niðurskurði, og það hefur verið fellt. Þess vegna hefði ég ástæðu til að greiða atkv. á móti þessu frv. En mér þykir undarlegt, að þeir hv. þm., sem hafa hiklaust greitt atkv. gegn því, að greiðslujöfnuður yrði fenginn á fjárl. með því að skera niður útgjöld, skuli vera á móti því, að jöfnuðinum verði náð með nýjum álögum. Ég sé ekki, að það séu nema tvær leiðir eftir, þegar niðurskurðarleiðinni er sleppt, annaðhvort að jafna hallann með nýjum álögum eða með því að auka skuldir. Er það síðari leiðin, sem hv. 2. þm. Reykv. vill, að farin sé? Aðra hvora leiðina verður að fara.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. (SK) var að segja. Mér virtist hann að nokkru leyti beina því til mín, að ég eða samflokksmenn mínir hefðu verið á móti því, að niðurskurður færi fram á ríkisútgjöldum. Ég man ekki betur en að við 2. umr. fjárl. þá væri það hv. 5. þm. Reykv. og aðrir stuðningsmenn ríkisstj., sem stóðu vörð á móti ýmsum þeim sparnaðartill., sem meiri hl. fjvn. hafði orðið sammála um og margir flokksmenn okkar stóðu með. Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. hafi, þótt hann sé hinn mikli sparnaðarpostuli þingsins, sýnt sig í því að greiða atkv. á móti ýmsum slíkum till., svo að þessi hv. mesti niðurskurðarmaður þingsins má vara sig á því að hafa gleymt þessu. — Það hafa hins vegar ýmsar till. komið fram, sem þm. Sósfl. hafa verið sammála um, en ekki hafa fundið náð fyrir augum þingsins. Og ekki hefur heldur vantað, að við byðumst til þess að koma með till. um tekjuöflun, sem ekki hefur heldur fundið náð fyrir augum meiri hl. Alþ., af því að þær till. mundu þýða það að einhverju leyti, að tekinn væri spónn úr aski þeirra auðugu í þessu landi, í staðinn fyrir, að þetta eru aðeins nýjar álögur á almenning, sem hér er komið frv. um.

Ég vildi aðeins segja þetta út af orðum þeim, sem féllu hjá hv. 5. þm. Reykv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég var aðeins að gera grein fyrir og samanburð á afstöðu minni og afstöðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Ég er alltaf mótfallinn því, að jöfnuður sé fenginn á fjárl. með nýjum álögum, og lagði beinlínis til, að jöfnuðurinn yrði fenginn með lækkuðum greiðslum. Hv. 2. þm. Reykv. og flokkur hans eru alveg á gagnstæðri skoðun og greiddu atkv. á móti þessum till. og felldu þær, og þar af leiðandi segi ég: Þeirra ástæður til þess að vera á móti tekjuöflunum hljóta að vera allt aðrar en mínar. (*SigfS:* Hvað voru það margir af flokksbræðrum hv. 5. þm. Reykv., sem greiddu atkv. á móti sparnaðartill. hans?) Ég geri ráð fyrir, að þeir af þeim, sem voru á móti þeim till., verði með þessum till., sem koma fram í þessu frv. En þeir menn, sem voru á móti þeim till. og á móti þessum till. líka, sem hér eru á ferð, hygg ég, að séu í mjög miklum vanda. Það er eftir af þeim að gera grein fyrir, hvernig þeir hugsa sér að ná jöfnuði á fjárl.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég sé satt að segja ekki, hvað vinnst með því að vísa þessu máli til n., nema einhver töf, því að ég geri ráð fyrir, að flestallir hv. þm. sjái þörfina á því að fallast á þetta tekjuaukafrv. Þetta frv. er komið frá hv. fjhn. Ed. Það hefur misprentazt á þskj., að það sé komið frá fjvn., og það var afgr. í hv. Ed. án þess að það færi til n. Og ég óska, að það verði borið upp í hv. þd., ef haldið er fast við það, að málið fari til n.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef lagt til, að þetta frv. fari til hv. fjhn., og ég er mjög ósammála hæstv. ráðh. um það, að hér vanti engar upplýsingar. Ég sé t. d. ekki af þessu frv., hve mikið er meiningin að hækka tóbaksvörurnar nú, þegar þetta er orðið að lögum. Og ég sé heldur enga áætlun um það, hve miklar tekjur þetta eigi að gefa í ríkissjóðinn. Þetta eru atriði, sem nefnd mundi væntanlega spyrja um og fá upplýst. Fyrir utan þetta er sjálfsagt að fylgja bæði þingsköpum og venju með því að láta málið fara til n., svo að það fái þinglega meðferð. Ég held því fast við till. mína um, að málið fari til n.

Forseti (BG): Ef orð stendur á móti orði um það, hvort mál skuli fara til n. eða ekki, þá verð ég að leggja það undir dóm hv. þd. sjálfrar, hvort hún vill vísa málinu til n., og verður nú borið undir atkv., hvort vísa skuli þessu máli til n. eða ekki.

Till. um að vísa frv. til nefndar felld með 16:4 atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta mál, sem hér er til 2. umr., hefði gjarna mátt fara til fjhn. Það er góð regla hjá okkur að láta mál fara til n., og hefur það að minnsta kosti komið fyrir, hafi ríkisstj. lagt áherzlu á að fá mál afgr. nógu fljótt, að hún hefur óskað þess, að fjhn. afgr. það á 5 mínútum. Nú var fellt af meiri hl. að láta þetta mál fara til n., og álít ég það vera mjög ópraktiska meðferð á þingmáli. Það var líka annað mál flutt í d., að beiðni hæstv. ríkisstj., sem fjhn. hafði verið beðin fyrir. Fékkst aldrei neinn fundur í fjhn. um það mál, og svo féll málið. Það eru góð vinnubrögð að láta þetta ganga þannig! Ég skal ekki segja, að þannig fari um þetta, en vildi aðeins segja þetta út af atkvgr., sem fór fram hér áðan, því að það hefði ekki tafið málið, þó að fjhn. hefði fjallað um það.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvað ríkisstj. gengur út frá, að þessi hækkun, sem hér á að verða á tóbakinu, muni gefa mikið í ríkissjóð á þessu ári, þannig að hægt verði að gera sér nokkra grein fyrir, hvað þetta mundi þýða miklar tekjur. Það var venjulegt hér áður fyrr, að slíkt var nefnt í grg. En væri það ekki gert, fengu fjhn. þingsins venjulega upplýsingar um, hvað reiknað var með miklum tekjum af hverjum tekjulið. Mér þætti því vænt um, ef hæstv. fjmrh. vildi gera grein fyrir, hvað hann byggist við, að þetta mundi afla ríkinu mikilla tekna.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég get að langmestu leyti fallið frá orðinu, þar sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefur þegar borið fram þá fyrirspurn, sem ég vildi hafa beint til fjmrh. En fyrir utan það, að það er sjálfsagt að fá upplýsingar um, hve mikilla tekna ríkið megi vænta af þessari hækkun, þykir mér einnig sjálfsagt að fá upplýsingar um, að hve miklu leyti ríkið hyggst að nota þessa heimild, m. ö. o., hve mikil hækkun eigi að koma fram á tóbaksvörum, og mætti þá gera sér einhverja grein fyrir því, hvaða þýðingu það gæti haft fyrir þann of stóra hóp manna, sem notar þessa vöru í einhverjum verulegum mæli.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það verður í samráði við starfsmenn Tóbakseinkasölu ríkisins, sem hækkun á ýmsum tóbaksvörum verður ákveðin í einstökum atriðum. Ég geri ráð fyrir, að sumt hækki um 10% og sumt fari upp undir 15%. Ég álít, að það sé miklu hægara fyrir þá að segja um þetta, sem hafa með sölu vörunnar að gera, en ráðuneytið eða ráðh. Ég býst sem sagt við, að hækkunin verði frá 10—15%.

Um það, hverju þetta muni skila í ríkissjóð, er dálítið erfitt að segja. Það getur vel verið, að hækkað verð á tóbakinu hafi í för með sér minnkandi neyzlu. Maður verður að vera við því búinn, og sé það sjónarmið tekið rækilega til athugunar, getur verið um tekjuöflun að ræða upp á svona 2—3 millj. Það gæti líka orðið eitthvað meira, ef hækkunin hefði engin áhrif á söluna. Þetta er, eins og margt annað, matsatriði. Þess ber að gæta í sambandi við sölu á munaðarvöru, að menn kaupa hana ekki að jafnaði fyrst. Menn kaupa sínar lífsnauðsynjar fyrst, og þess vegna má búast við því, að saman dragist sala á vöru slíkri sem þessari, einkum ef verðið er hátt. Sannleikurinn er sá, að um þetta verður aldrei sagt með vissu.

Einar Olgeirsson: Eftir orðum hæstv. ráðh. að dæma er hæsta hækkun, sem hér er um að ræða, 15%. Ég skal játa með hæstv. ráðh., að erfitt er um það að segja, hvaða áhrif þessi hækkun kann að hafa. Ég vil í þessu sambandi minnast á, að sú saga hefur gengið, að áfengistekjurnar hafi undanfarna mánuði minnkað um eitthvað 10%. Þannig að sú hækkun, sem framkvæmd hefur verið á áfenginu, mun jafnvel ekki gera meira en vega upp á móti þeim minnkandi kaupum, sem þar hafa orðið. Með öðrum orðum, þegar kaup manna á vörunni minnka svona stórkostlega, getur orðið það stórt skarð, sem höggvið er í ríkissjóð með því, að meira að segja svona hækkun geri ekki meira en að halda í horfinu. Og þá erum við komnir að því, að þetta er vegna þess, að sjálfur grundvöllurinn undir atvinnulífinu er að bila. Það er sjálf afkoma fólksins, sem er að versna það mikið fyrir ráðstafanir ríkisstj., að fólkið hefur ekki efni á að veita sér það, sem það gat veitt sér áður, og þess vegna er hætta á, að svona ráðstafanir verði ekki til þess að skaffa viðbótartekjur í ríkissjóð, heldur aðeins til þess að hindra, að skarð verði í þá áætlun, sem þegar hefur verið gerð.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég vil ekki tefja fyrir þessu nú, því að það er óþægilegt að hafa lengi lokað í þessari stofnun, sem er aðalmjólkurkýr hæstv. ríkisstj. En eftir þessum upplýsingum að dæma finnst mér hætta á því, að þetta geri lítið meira en að vega á móti því, sem áður hafði verið áætlað, þannig að það er ekki víst, að þarna sé um stóra tekjuöflun að ræða upp í þær mörgu milljónir, sem vantar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi aðeins standa upp til þess að mótmæla því, að það sé fyrir gerðir ríkisstj., að menn hafa kannske minnkað við sig brennivínskaup. Hún hefur nú ekki staðið á torgum og gatnamótum til þess að prédika bindindi, hefur enda haft annað að gera, og hafa til þessarar starfsemi valizt ýmsir aðrir góðir menn. En þótt svo væri, að áfengiskaup minnkuðu eitthvað, held ég, að það þyrfti ekki að vera nema hálft hryggðarefni. Annars er það ekki ríkisstj. að ákveða árferði eða aflabrögð. Það vita allir, að hér hefur brugðizt annar höfuðatvinnuvegurinn hátt á

annað ár, og það segir til sín, og gæti þá orðið vandi á fyrir hv. 2. þm. Reykv. (EOl) að finna þá stjórn, sem gæti fyllt upp í þau skörð. En megi nokkuð marka sögu þeirra manna, sem hafa litið í kringum sig í nálægum löndum, á alþýða manna hér ekki við verri kjör að búa en annars staðar. Hitt vita svo allir, að á vissum tíma, þ. e. stríðsárunum og eftirstríðsárunum, var peningaflóðið meira í þessu landi en dæmi eru til um áður. Nú er ástandið orðið allt annað, því miður. Það sýnir skorturinn á lánsfé hjá bönkunum, að þessir peningar hafa mikið minnkað. Þetta frv. er viðleitni í þá átt að reyna að tryggja það, að gjaldþol ríkissjóðs bili ekki þrátt fyrir örðugar aðstæður.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vildi aðeins mæla gegn þessari staðhæfingu 2. þm. Reykv., að ríkisstj. eigi alla sök á dýrtíðinni. Um það mætti margt fleira segja, en ég býst við, að sá tími nálgist óðum, að hv. 2. þm. Reykv. geti þar opnað hjarta sitt fyrir stærra söfnuði en hér er til þess að hlusta á hann, og mun því vera bezt að láta þetta mál ganga sinn gang.

Einar Olgeirsson: Ég skal alveg fría ríkisstj. af þeim áburði, sem fjmrh. virtist nú taka næst sér af því, sem ég bar á hana, að það væri fyrir hennar aðgerðir, að menn minnkuðu sérstaklega við sig brennivinskaup. Ég býst við, að það sé mjög fjarri því, að ríkisstj. geri nokkrar sérstakar ráðstafanir til þess eða hafi reynt að hindra menn í því að kaupa eða drekka áfengi. En ásökun mín var miðuð við hitt, að ríkisstj. hefði gert ráðstafanir til þess að minnka kaupgetu manna í landinu og rýrt afkomu þeirra og þar með gert þeim erfiðara fyrir að kaupa nauðsynjar sínar.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða dýrtíðarmálin almennt við þessa umr., enda verður það nú ekki í stuttu máli betur gert en ríkisstj. hefur gert í grg. fyrir þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 100. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

64. Sala Hafnarness.

Á 59. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes [122. mál] (þmfrv., A. 317).

Á 60. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Hafnarhrepps, eins og fylgiskjöl með grg. bera með sér. Hafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu tekur yfir þorpið Höfn í Hornafirði og fylgir því eitt sveitabýli, Hafnarnes, sem hafði í öndverðu afnot alls lands, sem Hafnarhreppur nær yfir. Nú er þorpið í örum vexti, og þarf því að skipuleggja vel úthlutun lóða. Er þá eðlilegt, að hreppsnefndin hafi hönd í bagga um það, en til þess þarf hún að fá umráð yfir landinu, enda segir svo í bréfi hreppsnefndarinnar, sem ég hef látið prenta sem fylgiskjal, að hreppsnefndinni hafi lengi leikið hugur á, að hreppsfélagið fengi tækifæri til að leita eftir þeim kaupum, sem um ræðir í þessu frv. En af því að hér er um þjóðjörð að ræða, má telja sjálfsagt, að ríkisstj. fái samþykki Alþ. til þess að gera samninga um sölu á þessari jörð. Ég hef þess vegna orðið við þeirri beiðni hreppsnefndarinnar að leggja fyrir þessa hv. d. þetta frv., sem hér um ræðir. Þó að Alþ. afgreiði l. í heimildarformi, eins og frv. gerir ráð fyrir, er sjálfsagt, að ríkið eftir sem áður hafi tök á að fá landið, ef þess þarf með vegna opinberra framkvæmda, án þess að sérstakur kostnaður falli á það eða að ríkið hafi af því aukin útgjöld, enda er svo fyrir mælt í 1. gr. frv., að þótt samningar takist um sölu á jörðinni til hreppsins, skuli hreppnum eigi að síður skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landinu, sem hann eignast, ef ríkið þarf á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta litla frv., en vænti þess, að því verði vel tekið af hv. d., og tel rétt, að því, að umr. lokinni, verði vísað til landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 562).

Frsm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið hjá landbn., og eins og nál. ber með sér, er n. öll sammála því að

mæla með því, að frv. þetta verði samþ. með aðeins smávægilegri breyt., þar sem n. þótti eðlilegt, að stæði kaupverð, en ekki „kostnaðarverð". Landbn. er sammála um að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga, og óskar eftir því, að því verði vísað til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. landbn. fyrir að hafa afgr. þetta mál og vil taka fram, að ég hef ekkert að athuga við þá breyt., sem hv. n. flytur till. um. Ég sé ekki, að þar sé um neina efnisbreyt. að ræða, og má vera, að það orðalag sé ótvíræðara, sem hv. n. stingur upp á, heldur en hitt, sem í frvgr. er.

ATKVGR.
Brtt. 562 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 572).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 572, n. 622).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það liggur ljóst fyrir, og hafa áður verið samþ. hér frv. svipaðs eðlis. Það fer fram á, að Hafnarhreppi verði heimilað að kaupa jörðina Hafnarnes af ríkissjóði, en í landi þeirrar jarðar stendur eina kauptúnið í sýslunni. Það hefur verið tekin upp sú regla, að þyrfti ríkið síðar meir að halda á landinu, þá fengi það það aftur við sama verði. Um þetta hefur enginn ágreiningur orðið á þeim stöðum, sem þetta hefur verið látið gilda um, svo sem Dalvík og Sauðárkróki, þar sem ekki hefur komið til þess, að ríkið hafi þurft á landinu að halda aftur. En svo getur farið, að upp komi ágreiningur um kaupverð, ef ríkið þarf aftur á landinu að halda, ekki sízt af því, að landið getur verið mjög misverðmætt eftir því, hvar það er. Til þess að fyrirbyggja þetta höfum við í n. hugsað okkur það, að þegar ríkið selur þetta land, þá verði lóðirnar metnar sérstaklega og færðar til höfuðstóls og að óbyggt land þar sé metið sér og auk þess verði land, sem er lengra frá og notað er sem beitiland frá Hafnarnesi, virt sér. Ef ríkið vill svo fá aftur einhvern hluta landsins, er auðveldara að sjá, hvað sá hluti er metinn hátt. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. óbreytt, og var n. öll sammála um afgreiðslu þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 650).

---

65. Orkuver og orkuveitur.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins [164. mál] (þmfrv., A. 464).

Á 82. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur orðið við þeirri bón landbrn. að flytja þetta frv., en tildrögin til þess, að það er borið fram, eru óskir viðkomandi héraðs, Austur-Húnavatns- og Strandasýslna, sem bornar hafa verið fram við atvmrn. um, að það beitti sér fyrir löggjöf um þetta efni. Þessi héruð eru mjög þurfandi fyrir aukna raforku. Í Austur-Húnavatnssýslu er gömul rafstöð, sem nú er orðin allt of lítil og auk þess úr sér gengin. Á Skagaströnd er notaður dieselmótor, en slíkt er mjög ófullnægjandi þar, sem eru stór iðnfyrirtæki eins og síldarverksmiðja. Vegna stóraukinnar iðju á Blönduósi hefur raforkuþörfin þar aukizt afar mikið. Þetta leiðir til þess, að brýn nauðsyn er, að fljótlega verði hafizt handa og reist nýtt orkuver fyrir þessa staði og sýsluna í heild. Ástandið er svipað í Strandasýslu. Þar eru engar stórvirkjanir, og kauptún eins og Hólma-

vík nota dieselstöðvar. Það hefur verið unnið nokkuð að rannsókn á aðstöðunni til virkjunar þar á Ströndum, og eru þær athuganir komnar nokkuð áleiðis, þó að raforkumálastjóri telji þá rannsókn ekki nægilega glögga enn. Hins vegar hefur hann fallizt á, að rétt sé að setja löggjöf um orkuvinnslu á þessum stöðum, en áskilur að fá frekari tíma til undirbúnings og tilhögunar verksins, áður en ráðizt verði í framkvæmdir. Enda þótt fyrirtæki sem þessi séu í senn æskileg og líkleg til að bera sig fjárhagslega, þá skortir mjög fé til framkvæmdanna. Það er því nægilegt verkefni fyrir dyrum, þó að l. um þetta séu samþ. nú, að afla fjár, en það verður að sjálfsögðu verkefni ríkisstj. að sjá fyrir því.

Ég sé ekki ástæðu til að óska eftir, að málinu verði vísað til n., þar sem það er flutt af n., en vildi hins vegar biðja að athuga málið nú milli umr. og gefa út um það nál.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. atvmrh. og fjhn. fyrir flutning þessa frv. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., er farið fram á, að athugaðir verði möguleikar til að bæta úr raforkuþörf Austur-Húnavatnssýslu. Fyrir tveimur árum fékkst áætlun frá raforkumálastjóra um virkjun Laxár. Eftir þeirri áætlun mundi slík virkjun nægja fyrir alla Austur-Húnavatnssýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og jafnvel stærra svæði, en áætlaður kostnaður við slíka virkjun er um 15 millj. kr. Það kom auðvitað í ljós, að eins og fjárhagsmál þjóðarinnar standa nú, yrði verulegur dráttur á slíkri stórvirkjun. Það kom því í minn hlut og ráðamanna sýslunnar að ráða fram úr og leita samkomulags við stjórnvöld landsins, hvernig bætt yrði úr brýnustu þörf héraðsins. Eftir athugun á þessu fékk ég nú eftir áramótin áætlun um 5 millj. kr. virkjun. Með henni er gert ráð fyrir, að hægt verði að fullnægja þörf kaupstaðanna og þeirra býla, sem hún liggur næst. Þó að þessi stöð fullnægi ekki þeirri þörf, sem fyrir er í héraðinu, væri hún til mikilla hagsbóta, því að í kaupstöðunum eru þau fyrirtæki, sem vinna úr afurðunum, og þar eru skólarnir og aðrar stofnanir, sem brýnasta þörf hafa fyrir raforkuna, en sú rafstöð, sem nú er til, nægir á engan hátt, og horfir til vandræða, ef ekki verður bráðlega bætt úr.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er ekki gert ráð fyrir, að hafizt verði handa fyrr en búið er að afla fjár til virkjunarinnar, og þó að ólíklega horfi í því efni, þá tel ég nauðsynlegt að fá lögfestingu á þessari framkvæmd. Ég vil líka benda á og biðja fjhn. að athuga og hafa samráð við mig um, að því verði ekki slegið föstu, að verkið skuli fyrst hafið, þegar allt fé er fyrir hendi. Þetta tek ég fram vegna þess, að aðstaðan er þannig, að auðvelt er að taka þessa virkjun í áföngum. Það er t. d. gert ráð fyrir að byggja þró til þess að koma í veg fyrir, að stöðin stoppist vegna snjóa. Enn fremur er gert ráð fyrir að stífla Svínavatn, og kosta slíkar framkvæmdir mikið fé. Af þessu má sjá, að auðvelt verður að framkvæma þessa virkjun í áföngum, og getur heimild fyrir því, að verkið megi hefja, þegar aflað hefur verið fjár, þó að ekki sé nema til nokkurs hluta allrar virkjunarinnar, orðið til mikilla hagsbóta og flýtt fyrir verkinu.

Varðandi 2. lið, um virkjun í Strandasýslu, hef ég ekki þekkingu til að ræða um, en geri ráð fyrir, að þar sé um mikla þörf að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, en vænti, að Alþingi sjái sér fært að samþ. það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þegar málið var til 1. umr. í gær, óskaði hæstv. atvmrh. þess, að fjhn. tæki málið til athugunar milli 1. og 2. umr. og segði til um álit sitt. Síðan hefur n. hins vegar engan fund haldið, og liggur því álit hennar ekki fyrir, og þar sem form. er ekki viðstaddur, legg ég til, að málið verði tekið af dagskrá og látið bíða, þar til n. hefur látið í ljós álit sitt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað, þar til hæstv. atvmrh. getur verið viðstaddur, vegna þess að n. óskar eftir upplýsingum og að bera fram fyrirspurnir við hæstv. ráðh. við þessa umr. málsins.

Síðar á fundinum tók forseti málið af dagskrá.

Á 88. og 89. fundi í Nd., 8. og 19. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er nú eins ástatt og síðast, þegar þetta mál var tekið hér fyrir, að hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, og óska ég því eftir, að umr. verði ekki haldið áfram fyrr en hann getur mætt, þar sem ég þarf að ræða við hann um viss atriði og óska eftir svörum við þeim frá honum. Þætti mér því gott, ef athugað væri, hvort hæstv. ráðh. væri hér í húsinu, svo að hann gæti verið við umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vildi mjög eindregið óska eftir því, að umr. um þetta mál verði ekki dregin mjög lengi, þar sem málið á eftir að ganga til Ed., og vildi mælast til, að hv. fjhn. geymdi fyrirspurnir sínar til

3. umr. eða fengi upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðh. milli funda.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi heldur fá þessar upplýsingar við 2. umr. og ræða þær nokkuð hér í hv. d., og auk þess sé ég ekki, hvað það greiðir fyrir málinu, þó að það sé ekki gert, þar sem d. er nú ekki ályktunarhæf, eða var það ekki a. m. k. við næsta mál hér á undan. Ég vil því bera fram þá ósk, að hæstv. ráðh. verði viðstaddur umr. um þetta mál.

Forseti (BG): Ég sé ekki ástæðu til að láta umr. um þetta mál halda áfram, þar sem d. er ekki ályktunarfær sem stendur, eins og hv. þm. V-Húnv. tók fram.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. það, er hér liggur fyrir, og rætt það við raforkumálastjóra. Sú varð niðurstaða í n. að gefa ekki út nál., þar sem frv. er flutt af n. sjálfri, heldur að láta nægja að beina fyrirspurnum til hæstv. atvmrh. í umr. um málið.

Frv. þetta er um það tvennt að heimila ríkisstj. að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu og að virkja Þverá úr Þiðriksvatni í Strandasýslu. Um Laxá fremri hafa verið gerðar tvær áætlanir varðandi stórvirkjun á þeim stað, í fyrsta lagi um 6400—7000 hestafla stöð. En ef allt þetta afl á að fást, mundi sú virkjun verða mjög kostnaðarsöm, og af raforkumálaskrifstofunni er ekki mælt með þeirri leið. Hins vegar er hér á 1. tölul. 1. gr. gerð till. um 1900 ha. stöð á þessum stað. Það er tekið fram í grg. raforkumálastjóra, sem prentuð er sem fskj. með frv., að með því móti mundi vera á glæ kastað mörgum þúsundum hestafla, er ekki yrðu þá síðar notuð á hagkvæman hátt. Þá segir og í bréfi hans, að eðlilegt og heppilegt yrði að telja, að rafmagnsveitur ríkisins kæmu upp vatnsorkuveri í Austur-Húnavatnssýslu. En nokkur atriði í því sambandi eru óathuguð, og er þörf á að rannsaka þau, áður en því er slegið föstu, hvort og hvernig Laxá skuli virkjuð. Í bréfinu segir einnig að raforkumálastjóri geti fallizt á, að nú þegar sé leitað heimildar Alþ. til virkjunar á þessum stað, „enda sé þá gengið út frá því, að heimildin verði ekki notuð fyrr en að fullathuguðu máli og ekki hafizt handa um framkvæmdir, nema nauðsynlegt fé til þeirra hafi verið tryggt."

Það kom fram, er við ræddum við raforkumálastjóra um þetta mál, að fram hafa farið byrjunarathuganir á því í Vatnsdal, hvort takast mætti að veita vötnum inni á hálendinu í farveg Vatnsdalsár og fá þannig vatnsmagn fyrir stórt orkuver, ef til vill 30000 hestafla stöð. Þessir möguleikar telur raforkumálastjóri að fullrannsakaðir verði á næsta sumri. Ef það kæmi í ljós, að þarna væru hagnýtir möguleikar fyrir stórt orkuver og tryggja mætti möguleika til fjáröflunar, þá kemur til mála að ráðast í virkjun á þeim stað. Ef slík stórvirkjun kæmist upp, mundi hún ekki aðeins fullnægja þörfum nálægra sveitarfélaga, heldur heils landshluta, og e. t. v. yrði hún tengd stærri virkjunum eða rafveitum og þá fyrst og fremst Laxá í Þingeyjarsýslu. Væri þannig með þessu séð ekki aðeins fyrir þörf Húnavatnssýslna fyrir rafmagni, heldur einnig fleiri byggðarlaga.

Það má því segja með réttu, að ekki sé tími til kominn að veita þessa heimild, sem hér ræðir um. En fjhn. getur þó fallizt á, að heimildin verði veitt með því skilyrði, að engar framkvæmdir verði hafnar fyrr en raforkumálaskrifstofan hefur lokið athugunum sínum, enda er þá gengið út frá því, að þeim yrði lokið í sumar, og mætti þá leggja málið fyrir Alþ. aftur á hausti komanda, ef raforkumálastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að aðrar leiðir séu heppilegri en sú, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar mætti nota tímann til að afla fjár til framkvæmda, hvar sem virkjun yrði reist, enda þarf að tryggja það, að fé fáist, áður en hafizt er handa.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) gat þess við 1. umr. þessa máls, að hefja mætti framkvæmdir nokkrar, svo sem stíflubyggingu, án þess að fé væri tryggt til fullnaðarframkvæmda. Mér finnst það hins vegar varhugavert og einsætt, að sú trygging verði að vera fyrir hendi, þar sem slík byrjun kæmi því aðeins nokkrum að gagni, að unnt yrði að ljúka verkinu. Fjhn. vill því óska þeirrar yfirlýsingar frá hæstv. atvmrh., að engar framkvæmdir verði hafnar fyrr en fullnaðarathugun er lokið og fjár hefur verið aflað og því aðeins verði ráðizt í virkjun Laxár, að raforkumálastjóri telji það heppilegustu leiðina til rafmagnsöflunar í héraðinu.

Þá er í 2. tölul. 1. gr. gert ráð fyrir virkjun á Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu og allt að 1400 ha. orkuveri. Annars liggja fyrir upplýsingar um það í grg. raforkumálastjóra, að þar sé um fleiri en einn möguleika að ræða eftir því, hvort neðri hluti fallhæðarinnar er nýttur eða ekki. Þeim hestöflum, ef ekki yrðu hagnýtt, mundi þá ekki vera unnt að bæta við með hægu móti síðar. Í frv. er gert ráð fyrir að virkja efri hlutann fyrir 2,4 millj. kr. og fá 1400 hestöfl. Hins vegar er möguleiki að virkja allt fallið og byrja með 1300 ha. virkjun. Mætti þá auka þá virkjun síðar um 1300 hestöfl með því að bæta við vélasamstæðu. Um þetta segir raforkumálastjóri, að hann geti fallizt á, að leitað sé heimildar til að virkja Þiðriksvallavatn, en þá sé gengið út frá, að heimildin verði ekki notuð nema að undangenginni fullnaðarathugun og fjárhagslegri tryggingu. — Ég hef séð, að í rekstraráætlun fyrir þessa virkjun á Þverá er miðað við, að veita verði lögð til Drangsness og Kaldrananess, en hér er aðeins talað um Hólmavík og byggðir Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar. Álít ég, að það mætti athuga á milli 2. og 3. umr., hvort bæta ætti Drangsnesi og

Kaldrananesi inn í heimildina, og leita um það álits hæstv. ráðh. og raforkumálastjóra, hvort þörf þætti á því.

Þá liggur hér fyrir bréf frá raforkumálastjóra til atvmrn., og er í því útdráttur úr fundargerð raforkuráðs frá 11. marz 1949, en á þeim fundi tók ráðið þetta frv. til athugunar, og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Málið var rætt, og bendir ráðið á það í sambandi við frv. og leggur á það áherzlu, að ekkert verði gert, er gæti tafið fyrir framtíðarlausn á þessum málum."

Þetta virðist mér í fullu samræmi við áður um getið, þ. e. a. s. þá afstöðu, að allt sé athugað að fullu, áður en hafizt er handa. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta mál hefur dregizt nokkuð frá því það var lagt fram, en út af því er engin sérstök ástæða til að kvarta. Hitt vildi ég aftur á móti vona, að það verði afgr. áður en þingi lýkur, en þá þarf það að fá hraðari afgreiðslu en hingað til.

Varðandi þær aths., sem fram komu hjá hv. frsm. fjhn., sé ég ástæðu til að segja nokkur orð. — Það var rétt, sem hann gat um, að athuganir hafa farið fram á virkjunarmöguleikum í Austur-Húnavatnssýslu, og hefur raforkumálastjóri og fleiri verkfræðingar verið þar að verki oftar en einu sinni. Frá þeirra hálfu lá fyrir á sínum tíma áætlun um virkjun á Laxá fyrir 15 millj. kr., er gæfi 6—7 þús. hestöfl. Með því fyrirkomulagi mundi þessi orkuveita hafa getað fullnægt raforkuþörf þessara tveggja sýslna. En það hefur sýnt sig, að það er ekki á færi neinna einstakra héraða né kauptúna að ráðast í slíkt á eigin spýtur, og fjárhag ríkisins er svo háttað, eins og öllum er kunnugt, að lítt er hugsanlegt, að þessu yrði komið í verk á nálægu tímabili. Eins og hv. frsm. gat um, kann að vera möguleiki til enn stærri virkjunar. Vötn, sem liggja á heiðum framan við Austur-Húnavatnssýslu, eru þannig sett, að með tiltölulega litlum kostnaði má veita þeim ofan í Svínavatn um *Vatnsdal og Sléttadal og stórauka þannig* virkjunarafl Laxár. Eins og gefur að skilja, mundi mér vera það kærast og sjálfsagt héraðsbúum öllum, að hægt væri að ráðast þarna í hinar stærri framkvæmdir, en það er svo með þetta, eins og mörg framfaramál önnur í okkar landi, að við verðum að takmarka okkur við minni framkvæmdir en æskilegt væri, þar sem nauðsynlegt fé skortir. Þess vegna eru forráðamenn á þessum stöðum ásamt hæstv. atvmrh. og raforkumálastjóra sammála um að velja þann kostinn, sem líklegt er, að framkvæmdir verði á. Það skal játað, að jafnvel þótt ekki verði farið í stærri framkvæmdir en frv. gerir ráð fyrir, eru þær þó svo dýrar, að það mun verða erfiðleikum bundið að afla þess fjármagns, sem þörf er á. En eins og ég veik að við 1. umr. þessa máls, þá hagar þannig til, að hægt er að taka þessar framkvæmdir í áföngum. Í Laxá er gamalt orkuver, rúmlega 200 hestafla, eins og hv. frsm. veit, og hefur Blönduóskauptún bjargazt við það fram að þessu. En þessi veita er orðin úr sér gengin og ófullnægjandi, en þessa virkjun má auka, án þess að það skaði síðari framkvæmdir, og er því enginn skaði skeður, þótt þarna yrði byrjað á stíflu og gengið frá aðfærsluskurðinum, sem að veitunni liggur, en hann er opinn og stíflast oft, þegar þörfin er mest á vetrum fyrir raforkuna.

Ég vil því mælast til þess, að frv. fái að ganga áfram að þessu leyti eins og það er og að hæstv. atvmrh. gefi engin fyrirheit um það, að ekkert verði þarna að gert fyrr en búið er að athuga allar hugsanlegar framtíðarleiðir.

Mér eru ókunnugar aðstæður við þá virkjun, sem gert er ráð fyrir í 2. tölul. 1. gr. En ef nauðsyn þætti bera til að gera breyt. á frv. varðandi þann lið, er það auðvitað meinlaust af minni hálfu. Mér skilst nú, að það sé engu síður nauðsynlegt fyrir kauptúnin þar að fá þá virkjun upp, en þar er ég ókunnugur hinni teknisku hlið, sem mér er aftur á móti kunnug við Laxá.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vil eindregið óska þess, að hv. þm. fylgi málinu og það nái afgreiðslu á þessu þingi.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hv. fjhn. vil ég segja nokkur orð. — Eins og kunnugt er, hafa þau héruð, sem að þessum virkjunum standa, sem hér um ræðir, undirbúið þau mál heima hjá sér um alllangt skeið, og upphaflega var hugmyndin sú, að þau reistu mannvirkin sjálf og rækju. Nú er það komið á daginn, að ekki er fjárhagsleg geta til þess þar heima fyrir, og úrræðið varð það að snúa sér til raforkumálastjóra og æskja þess, að þessar veitur verði reistar á vegum ríkisins. Fulltrúar frá Austur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu komu á minn fund snemma á þessu þingi og óskuðu þess eindregið, að frv. þetta næði fram að ganga á yfirstandandi þingi og raforkumálanefnd tæki svo að sér málið. Ég sendi svo þetta mál eða *þessa umsóknarbeiðni til raforkumálaskrifstofunnar* og óskaði eftir umsögn þeirra, og eins og fram kemur í bréfi raforkumálastjóra, telur hann, að enn verði að fara fram frekari rannsóknir, áður en hægt er að hefja framkvæmdir. Ég óskaði mjög eindregið eftir því, að raforkumálastjóri eða raforkumálaskrifstofan treysti sér til að útbúa frv. um þetta mál, svo að hægt væri að leggja það fram á þessu þingi, því að mér er það ljóst, og það er vitað, að hér er um mikla þörf að ræða á báðum þessum stöðum og mikill áhugi er ríkjandi þar fyrir því að hefja framkvæmdir sem fyrst. Hins vegar verð ég að segja það, að hvorki ég né nokkur annar ráðh. treystir sér til að fara aðrar leiðir í þessum efnum en þær, sem raforkumálastjóri eða sérfræðingar telja, að fara beri. Sama er að segja, þegar n. leggur til, að frv. sé samþ. Þá er ekki hægt að komast hjá því að taka álit hennar til greina. Með tilliti til þess, sem raf-

orkumálastjóri sagði um, að nauðsynlegt væri að gera nokkrar rannsóknir, áður en hafizt væri handa um framkvæmdir, þá lít ég svo á, að ef þetta frv. verður samþ., verði miklu meiri skylda til þess að hraða sem mest öllum undirbúningi og rannsóknum, sem enn eru eftir og nauðsynlegar þykja, þegar lög eru komin um þetta, og getum við þá fyrr vitað fótum okkar forráð í þessu máli. Við vitum, að það er allfyrirferðarmikið verk að afla fjár til þess að koma fyrirtækinu áfram, en það eru miklu meiri líkur til þess, að allur undirbúningur að því verki gæti hafizt fyrr, ef Alþ. hefur samþ. þetta sem lög. Þess vegna er það ávinningur, bæði fyrir málið sjálft og fyrir aðila, að fá lög um virkjunina, því að þá fyrst er fengin vissa um, að hægt sé að hraða bæði tekniskum og fjárhagslegum undirbúningi, en af því veitir ekki. Hins vegar vil ég endurtaka það, að hvorki ég né nokkur annar raforkumálaráðh. mun treysta sér til þess að ráðast í fyrirtæki þvert ofan í till. raforkumálastjóra og sérfræðinga raforkumálaskrifstofunnar, og þar sem álit n. er þvert á móti, geri ég ráð fyrir, að fullt tillit yrði tekið til þess af hvaða ráðherra sem er. Jafnframt vil ég lýsa því yfir, að ef þetta frv. verður að l., mun ég gera allt til þess að hraða öllum undirbúningi, til þess að hægt sé að leysa málið hér.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég geri ráð fyrir, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd n., að hún telji þetta fullnægjandi, eins og á stendur, sem hæstv. atvmrh. hefur um málið sagt, þar sem hann lýsir því yfir, að hann telji það ekki eðlilegt, að nokkur ráðh. láti hefjast handa um svona fyrirtæki fyrr en raforkumálastjóri hefði mælt með því af tekniskum ástæðum. Raunar var það, sem n. vildi undirstrika, sem kemur fram í fskj. á þskj. 464, en þar segir svo um Laxá:

„Laxá fremri þykir þó einna líklegust af fallvötnum sýslunnar til virkjunar. Þó er virkjun Laxár kostnaðarsöm, ef nýtt er allt afl hennar, en verði aðeins virkjaður bezti kafli fallsins, er með því á glæ kastað nokkrum þúsundum hestafla, sem ekki verða síðar nýtt á hagkvæman hátt."

Og enn fremur það, sem hann skýrði n. frá varðandi byrjunarathuganir um Vatnsdalsá, en nú er alveg sams konar fyrirvari hafður um virkjun Þverár, og gat ég þess áður.

Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, þarf ég ekki að segja margt, því að ég geri ráð fyrir, að skoðanamunur sé lítill, en honum mun vera það jafnljóst og mér, að 1900 hestafla virkjun er allsendis ónóg til frambúðar, þegar tillit er tekið til þess, að tvö kauptún eru þarna í héraðinu, Blönduós og Skagaströnd, og einkum þó ef draumarnir um Skagaströnd rætast, þá verður mjög mikil þörf fyrir raforku þar. En við bætast góðar sveitir kringum kauptúnin, sem einnig verður að sjá fyrir raforku, og þá er þessi virkjun ekki nema til bráðabirgða. Hv. þm. gat þess viðvíkjandi vötnunum á hálendinu, að það mætti veita þeim í Svínavatn, en ég vil benda á, að skv. því, sem fram kemur í áliti raforkumálastjóra, verður mikilli orku kastað á glæ, ef þessi leið er farin og aðeins virkjaður bezti kaflinn, því að raforkumálastjóri segir í grg. sinni, að „verði aðeins virkjaður bezti kafli fallsins, er með því á glæ kastað nokkrum þúsundum hestafla, sem ekki verða síðar nýtt á hagkvæman hátt." Með því að setja þessa virkjun við Laxá, þá er ekki hægt að nota meira vatnsaflið. Þetta gerir það að verkum, að mínu áliti, að nauðsynlegt er, að málið sé betur athugað, en ekki sé rasað í neinu, því að ég geri ráð fyrir, að hv. þm. A-Húnv. sé sammála mér um það, að það, sem hér er stefnt að, er að fá næga raforku.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en ég geri ráð fyrir því, eftir orðum hæstv. atvmrh., að framkvæmdum verði hagað þannig, að ekki verði hafizt handa fyrr en raforkumálastjóri telur málið nægilega athugað, en komi nýtt í ljós við nánari athugun, er rétt að hafa það heldur, ef betra er. — Get ég svo látið máli mínu lokið nú.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég get verið þakklátur bæði hæstv. atvmrh. og hv. frsm. fjhn. fyrir undirtektir þeirra, og í sjálfu sér er ekki um ágreining að ræða frá minni hálfu varðandi það, sem kom frá hv. þm. V-Húnv. Að öðru leyti er mér ljóst, að það gæti orðið óþolandi bið fyrir kauptúnin Blönduós og Skagaströnd, ef fara ætti út í svo stóra virkjun, sem kostar marga tugi milljóna. Annars er ég alveg sammála hv. þm. V-Húnv. um þörfina fyrir raforkuna, en það verður bara heldur að takmarka sig við lítið en ekki neitt. Vitanlega dettur mér ekki til hugar að halda, að hafizt verði handa um framkvæmdir þvert ofan í álit sérfræðinga, en þó að þetta verði samþ., þá er hægt að rannsaka betur öll skilyrði til virkjunarinnar og undirbúa málið þannig að öðru leyti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BÓ, HV, HermJ, PZ, BSt.

nei: ÁS, EE, GJ.

StgrA greiddi ekki atkv.

4 þm. (BrB, GÍG, JJós, LJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Þegar l. um raforkuveitur ríkisins voru sett, þá voru þau í iðnn. beggja d. Og allar þær breyt., sem gerðar hafa verið á þeim, m. a. þær, sem gerðar voru hér um daginn, voru í iðnn. Þess vegna legg ég til, að þetta mál sé einnig sent til iðnn., og segi því nei.

Hermann Jónasson: Það má til sanns vegar færa, í hvora þessara n. sem þessu máli væri vísað, þó að það sé ekki aðallega iðnaðarmál, eins og þetta frv. liggur fyrir. Enn fremur er málið komið frá raforkumálastjóra, og hefur það að efni til verið athugað af honum. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að frv. fari til fjhn., og segi því já.

Bernharð Stefánsson: Ég vil hafa um þetta þingvenju, sem studd er með ákvæðum þingskapa, þannig að þetta mál sé í sams konar n. í seinni d. og þeirri fyrri, og segi þess vegna já.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 605, 613).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 613. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það horfir nú þannig við um afgreiðslu þessa máls í fjhn., að á fundi n., þegar málið var rætt, var form. n. og tveir aðrir hv. nm., og niðurstaðan varð sú, að einn af nm., hv. þm. Str., var ákveðinn í að fylgja frv. án breyt. og tók því að sér framsögu. Hann mun í því efni hafa kosið sjálfan sig, því að það voru ekki aðrir til þess.

Ég á dálitla brtt. við frv., eins og minnzt er á í nál., að koma mundi kannske fram. Því var svo farið hér fyrir nokkrum árum, að þá fylktum við okkur saman, hv. þm. Str. og ég, ásamt þriðja manni, hv. þm. V-Húnv. (SkG), og bárum fram brtt. við þáltill., sem þá var á ferðinni, þess efnis, að lína frá Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu yrði lögð vestur um Húnavatnssýslu, Strandasýslu og Dalasýslu. Nú hafa þessir ágætu menn, Húnvetningurinn og Strandamaðurinn, borið fram sjálfstæðar till. fyrir sig, en ég orðið þar aftan úr lestinni. En ég vildi vera þar með og fylgja þeim enn sem fyrr að góðu máli.

Það hefur um langt skeið verið uppi sú hugsun að virkja Þrándargil í Þverá, sem kemur ofan af fjalli, þvert ofan í Laxárdal í Dalasýslu. Vatnsmagn er þar ekki mikið, fremur lítið, en fallhæð geysileg, og að því leyti er prýðilegt þar til virkjunar. Vatnsrennsli er þarna, eftir því sem mælingar segja til, dálítið misjafnt. Þess vegna hefur nokkuð verið athugað um það að færa saman vötn, stór og allmörg, þrjú eða fjögur, þar uppi á hálsinum og mynda þar uppistöðu, og hefur rafmagnseftirlit ríkisins gert teikningu af þessu, sem því miður liggur ekki hér fyrir, en er hjá Jónasi Brynjólfssyni, kaupfélagsstjóra í Búðardal, sem einnig hefur mikinn áhuga á þessu máli. Og samkv. þeirri áætlun, sem var mjög hóflega farið í og dregið í sambandi við teikninguna úr öllu því, sem mælingar sýndu sem meðalúrkomu, og gert ráð fyrir því líka, að vatn gæti meira glatazt við uppistöðuna en við athugun hafði verið talið, — samkv. þessari áætlun var talið af fulltrúum rafmagnseftirlits ríkisins, að á sjötta hundrað hö. fengjust með þessu móti við virkjun þarna, og ef fallhæðin væri aukin, mætti fara hærra með þá áætlun. Jafnframt gerði verkfræðingurinn Sigurður Thoroddsen, sem leit á þetta mál og var einnig hlynntur því, ráð fyrir því, að þarna mætti virkja 800 hö. Ég hef þó í þessari brtt. minni ekki gert ráð fyrir, að virkjað væri meira þarna en 700 hö. — Það er náttúrlega fé nokkurt, sem til þessa þarf, ef rétta ætti það sem reiðufé úr ríkissjóði strax, sem ég fer fram á, að hækkað verði framlag — um 2 millj. kr. — vegna þessarar virkjunar, þó að þetta sé ekki svo geysileg viðbót, eins og nú eru upphæðir til framkvæmda. En þessi framkvæmd yrði til þess að koma upp virkjun til rafmagnsframleiðslu fyrir meginhéraðið, Laxárdal allan. Og eftir því sem Sigurður Thoroddsen segir mér, sem hefur athugað þetta mikið, þá mun þessi rafmagnsframleiðsla duga að miklu leyti fyrir Suður-Dali, með hóflegri eyðslu rafmagns og sparsemi. Þetta er í raun og veru alveg nauðsynlegt framfaraspor fyrir héraðið, eins og allir sjá. Og kostnaðurinn er ekki gífurlegur, ef á annað borð væri fé til þess að gera nokkrar meginframkvæmdir. Og ég treysti því, að ég, vegna nauðsynja héraðs þessa, verði álitinn verður þess að fylgja nú sessunaut mínum, hv. þm. Str., eins og áður í þessu máli, og ég hygg, að samþykkt þessarar brtt. minnar mundi ekki heldur verða til þess, að það skerðist fylgi við frv. þetta fyrir því. Það er náttúrlega einn ágalli við þetta. Ef þessu frv. er eitthvað breytt hér í hv. d., verður það að fara til hv. Nd. En ef sá siður á að takast upp í þessari hv. d., sem hv. Nd.-þm. hafa ekki haldið fyrir sitt leyti, að við skulum telja hvert mál gott og gilt, sem kemur frá hv. Nd., og ef hv. Nd. fer nú viðkomandi þessu máli þannig að sem síðari deild, þá er náttúrlega ekkert um það að segja, þó að frv. fari til hv. Nd. En að koma fram með ósanngjarna brtt. til þess að stofna meginmálinu í hættu, það er ekki mín ætlan, heldur að koma með till. um sanngjarna breyt. á máli, sem þó ekki raskar meginmálinu eða spillir fyrir því. Og ég veit ekki, satt að segja, hvað er meginmál í þessu, því að hér eru þrjú meginmál í þessu máli. Ég treysti því, að ef við hv. þm. Str. og ég vinnum að þessu máli

í bróðerni, þá verði mál hans ekki í neinni hættu, eins og sakir standa, þó að brtt. mín verði samþ.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Dal. (ÞÞ), að ég sé sérstaklega með þetta mál. Því miður hef ég ekki komið því á framfæri hér við Alþ. Það er n., sem mun hafa komið hér í vetur til fundar við hæstv. ríkisstj., bæði úr Húnavatnssýslu og Strandasýslu, og þá bæði til samtals við ríkisstj. og þá flokka, sem að henni standa, og hlutaðeigandi ráðh., hæstv. atvmrh., hefur síðan fengið þetta mál flutt í Nd. Hitt er annað mál, að þetta mál allt er mjög vel undirbúið, og þekki ég það að minnsta kosti að því er snertir virkjun Þiðriksvallavatns, því að það hefur á tveimur eða þremur þingum verið notað sem aðalröksemdin gegn hitavirkjun um allt land. Eins og þm. muna, hefur það í Nd. verið notað sem rök fyrir því, að viða væru svo hagkvæm virkjunarskilyrði, að það væri frágangssök að láta sér til hugar koma virkjun við hina löngu línu, þar sem þarna væri til virkjun, sem væri hentugri en flestir eða allir aðrir virkjunarmöguleikar. Það eru þarna til ýmsar leiðir til virkjunar, eins og tekið er fram í álitsgerð þeirra sérfræðinga, sem um þetta hafa fjallað, og hefur það verið rannskað þrisvar eða fjórum sinnum. Fallhæð er t. d. hægt að fá um 70—80 metra. Svipuðu máli er að gegna um virkjun við Svínavatn. Það er hagstæð og aðkallandi virkjun.

Það kemur fram hjá rafmagnseftirliti ríkisins, að ekki komi til mála að framkvæma þessar virkjanir fyrr en búið sé að tryggja nægilegt lánsfé til þeirra, og sýnir sá fyrirvari í lok grg., að ekki sé talið ósennilegt, að á því kunni að verða einhver dráttur. En ég tel þó með þessu hilla undir einhverjar vonir um að koma þessu máli áleiðis. Um virkjun á þessum tveimur stöðum er það að segja, að ef Skagaströnd á að verða það athafnaplass, sem gert er ráð fyrir, verður vitanlega ekki hjá því komizt að framkvæma þarna virkjun. Og um Hólmavík er það að segja, að hún er nú orðin með mestu framleiðslustöðum á landinu. Þörfin á þessari virkjun er því mjög brýn fyrir framleiðslumöguleika þessara staða, sem þjóðinni er nauðsynlegast af öllu að styrkja. Ef framleiðsluaðstaðan verður ekki svipuð á þessum stöðum, þar sem verið er að auka framleiðsluna, þar sem menn hafa rafmagn án þess að þurfa að framleiða það með dieselmótor, verður ekki lengur sá vöxtur í framleiðslunni á þessum stöðum, sem nú er. Það er því ekkert efamál, að þarna er hagkvæmt að virkja og þarna er nauðsynlegt að fá virkjun. Hitt er svo annað mál, hvort peninga verði hægt að fá til þessarar virkjunar. En hér er ekki farið fram á annað en að heimild verði veitt til að vinna þetta verk, þegar peningar eru fyrir hendi og aðrir möguleikar til staðar. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um, að þegar svo stendur á, að fjármagn er fyrir hendi til þess að framkvæma þetta, er verið að gera framkvæmdir á stöðum, þar sem fjárhagslega er óheppilegt að gera þessar framkvæmdir.

Ég skal svo ekki láta fleiri orð falla um þetta að sinni, nema tilefni gefist til. En varðandi brtt. hv. þm. Dal. (ÞÞ) vil ég segja það, að mér finnst hún ekki eiga erindi hingað og gæti e. t. v. stefnt málinu í hættu. Hygg ég, að þetta muni ekki vera hugsað sem fleygur, en er hræddur um, að það mundi verka þannig. Ég ætla, að þeir Húnvetningar og Hólmvíkingar, sem hafa undirbúið málið hjá stj. og stjórnarflokkunum, hafi gert sér vonir um, að þetta næði afgreiðslu á þessu þingi, og yrðu það þeim því nokkur vonbrigði, ef þessu máli yrði stefnt í tvísýnu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi aðeins taka undir það, sem hv. þm. Str. sagði, að byrjunarframkvæmdir í þessu máli ættu ekki að fara fram fyrr en ríkið hefði tryggt sér möguleika til fjáröflunar, líkt og segir hér í grg. Ég skal ekki draga það í efa, að hér sé um allmikla framleiðslustaði að ræða. Hólmavík er orðin það nú þegar, og Skagaströnd mætti vel verða það, ef aðstaðan batnaði þar, og hafa raunar orðið þar nokkrar framfarir til bóta. En það er, eins og öllum er kunnugt, ákaflega erfitt um útvegun lánsfjár til mannvirkja slíkra sem þessara og raunar fleiri. Mér finnst það rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Str., að ekki séu hafnar framkvæmdir fyrr en séð sé fyrir tekjuöflun til þess að koma verkinu í það lag, að það svari einhverjum rentum, því að það hefur oft brugðið við í sambandi við stórar vatnsvirkjanir, t. d. Siglufjarðarvirkjunina, að þar hefur verið farið of hratt á stað með kostnaðinn, án þess að verki yrði lokið. Andakílsárvirkjunin er tiltölulega mjög efnileg framleiðslustöð og hefur nú verið framkvæmd, en samt er komið á daginn, að þessi virkjun hefur orðið að leita til ríkisins í skjóli þeirrar ábyrgðar, sem þar var gengið í, vegna þess að þar svaraði rekstur inn ekki heldur kostnaði. Hins vegar er mjög eðlilegt, að menn óski eftir því, að heppilegir staðir, eins og hér um ræðir, fái aðstöðu til þess að hafa í fyrsta lagi rafmagn og í öðru lagi, að það sé ekki selt við einhverjum ókjörum, og frv. eins og þetta er náttúrlega einn óskaliðurinn í því efni.

Það er sjálfsagt rétt, sem hv. þm. Str. sagði, að þessir menn, sem hann minntist á, hafi átt viðtöl við einhverja úr ríkisstj. um þessi mál. En ekki minnist ég þess, að ég hafi verið viðstaddur né það hafi verið tekið fyrir á flokksfundi eða rætt við þann flokk, sem ég er í. En það hefur enga höfuðþýðingu fyrir málið.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm., yrði því aðeins ráðizt í þetta, að eitthvert fé væri fyrir hendi og það væri tryggt, að ekki ræki allt í rogastanz í miðjum klíðum og þannig færi kannske forgörðum dýr vinna, sem hefði kannske getað farið betur, hefði verið beðið með framkvæmdirnar, þar til hægt hefði verið

að sjá málinu farborða. Þegar litið er á málið sem slíkt, sem viljayfirlýsingu um það, að þegar ástæður leyfi, — og þær ástæður hef ég nefnt og frsm. líka, og þeirra er getið í grg., — þá sé ekki ástæða til að hafa á móti því, að þetta frv. verði samþ., en einasta, eins og horfir nú, með þeim forsendum, að þessi skilyrði séu fyrir hendi, hin fjárhagslega geta.

Ég er því miður ekki nógu kunnugur staðháttum til þess að dæma um, hve mikinn rétt brtt. 613 á á sér til þess að verða tekin til greina, en mér virtist hv. flm. hennar, þm. Dal., mæla allsterklega með samþykki hennar. Kann vel að vera, að rétt sé að samþ. hana, en vitaskuld yrði það því aðeins, að hún félli inn í þann ramma, sem fyrir er, ef samþ. væri, þ. e. sem ein virkjunin í þeirri röð af virkjunum, sem landsmenn hafa hug á, að ráðizt verði í, þegar fært þykir. Allir vita, að ríkisstj. eða réttara sagt ríkisvaldið á mjög margt óleyst af hendi, sem leysa þarf af hendi og þingið hefur samþ., vegna þess að ekki hefur fengizt nægilegt lánsfé. Og það er einmitt þetta, sem hefur leitt það af sér, að stundum hefur verið farið út í framkvæmdir, þó að lánsfé hafi engan veginn verið tryggt, og þannig hafa myndazt skuldir ríkissjóðs við lánsstofnanir, sérstaklega Landsbankann. En allir hljóta að vera sammála um það, að við séum komnir nógu langt og of langt út á þá braut. Og ég tek þetta mál ekki þannig, að með því sé stefnt út í hið sama og átt hefur sér stað með þær mannvirkjaframkvæmdir, sem þingið hefur að vísu áætlað lán til, en vill fara út í, án þess að lánið sé fengið. Ég tek þetta mál ekki undir þann flokk, sumpart vegna þess, sem segir í grg. fyrir frv., og líka vegna þess, sem frsm. sagði um það, að ekki væri ætlazt til, að út í framkvæmdir væri farið fyrr en séð væri fyrir nægilegu fé til þess að koma þessu verki í framkvæmd. En um sjálfa virkjunina og þörfina fyrir hana hef ég ekkert nema gott að segja, því að ég get vel skilið, að þeir staðir, sem þarna um ræðir, þurfi á þeim gæðum eða nytsemdum að halda, sem raforkan kann að veita.

Eiríkur Einarsson: Ég ætla ekki að setja á langa ræðu, en langar þó til að gera grein fyrir skoðun minni í meginatriðum.

Mér þykir engin furða, þó að svo sé um flm. þessa frv. og brtt., sem fram kemur við það, að þeir vilji láta rannsaka og heimila, eftir því sem tök eru á, að þessi fallvötn verði hagnýtt, því að á öllum þessum rafveitum er það vitanlega lífstákn, að alla langar til og fýsir mjög að verða aðnjótandi þeirra gæða, sem vatnsorkan getur veitt til ljósa og hita og annarra nota. Mér fyndist því engin fjarstæða, þó að lagasetningu um heimild til nýrra raforkuvera væri skipað í heildarkerfi fyrir allt landið og rannsakað, hvar væri tiltækilegust vatnsorka til þess að fullnægja þörfinni á þessum og öðrum stað um byggð ból landsins, bæði í kaupstöðum og kauptúnum. Og þegar svo heildaryfirlit lægi fyrir og séð hefði verið fyrir fjáröflun til framkvæmda, væri byrjað á þessum framkvæmdum í þeirri röð, sem hagkvæmast væri, til þess að allt fengi notið sín sem bezt. Auðvitað yrði þetta gert með það fyrir augum, að sem flestir kæmu til greina, sveitirnar líka, en framkvæmdaröðinni yrði að haga í samræmi við þörfina og aðstæður til virkjunar, þannig að þetta kæmi að sem almennustum notum á hverjum stað, bæði að því er stærð kauptúnanna snertir, ræktunarmöguleika og annað slíkt, sem til mála kæmi, og svo auk þess, hvar virkjunin er nærtækust og auðveldust. Þegar á allt er litið, er mér fyrir mitt leyti ómögulegt annað en að vera því samþykkur, að slík heimild, sem farið er fram á í frv. og brtt., verði samþ., eftir því sem tiltækilegt reynist og fé verður fyrir hendi. En því fleiri möguleikar, sem verða til rafvirkjunarframkvæmda, því meir knýjandi er nauðsynin á því, að hin fræðilega forusta málanna sé í svo traustu og öruggu horfi, að skakkaföll verði ekki í framkvæmdinni, að þarna verði ekki togstreitumál, heldur sem hagkvæmast fyrirkomulag málanna, þessi staður eða hinn þurfi að öllu athuguðu að ganga fyrir, o. s. frv. Maður hefur þegar nokkra ástæðu til þess að slá varnagla hvað þetta snertir. Ég og minir líkar, sem erum fulltrúar fyrir nokkur kauptún, sem eru komin vel á veg með að fá vatnsorku, ættum sízt af öllum að vera blindir fyrir því, að það eru fleiri slíkir til, sem óska þess vegna sömu þarfa. Líkt má segja um sveitirnar. En hvaða sveitir og hvaða kauptún eru sérstaklega til þess fallin að geta orðið að almennum notum, það er hverju sinni rannsóknarefni, sem á ríður, að ekki valdi óeðlilegri togstreitu, þegar á hólminn kemur.

Ég vildi með þessum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og hvers vegna ég er samþykkur frv. því, sem hér liggur fyrir til umr.

Gísli Jónsson: Þegar þetta mál var til 1. umr., ræddi ég ekki um það, því að ég bjóst við, að það færi til iðnn., þar sem ég á sæti. Þá kemur fram till. um að vísa málinu til fjhn., því að það hafi verið flutt af fjhn. Nd., og var meiri hl. Ed. með því, að rétt væri að setja málið til fjhn., því að það væri hreint fjárhagsmál. Auk þess þótti óviðeigandi að láta málið ekki fara til sams konar n. og það hafði verið hjá í Nd., þó að þessi regla væri brotin litlu síðar í sambandi við annað mál. — Hvað því viðvíkur, að frv. hafi verið sent til fjhn. vegna þess, að þetta mál væri hreint fjárhagsatriði, er það að segja, að ég sé ekki, að þessi hlið málsins hafi verið rannsökuð eða athuguð neitt gaumgæfilega. Mér skilst á frsm., að hún hafi kannske ekki einu sinni verið athuguð, því að þetta yrði ekki framkvæmt fyrr en til þess fengist fé, og væri þá kannske eðlilegast að setja það beint inn í frv., að ekki mætti byrja á þessum framkvæmdum fyrr en búið væri að tryggja lán, því að það kemur ekki fram í frv., heldur í bréfinu frá raforkumálastjóra. En mér hefði fundizt eðlilegt að taka þetta atriði til ræki-

legrar athugunar. Málið er nú 9 eða 11 milljón króna mál og er afgr. þannig, að aðeins 3 menn af 5 í n. taka þátt í afgreiðslu þess, án þess að gera neina grein fyrir fjárhagshliðinni. En nú vildi ég spyrja: Hefur n. þá einnig athugað hina hlið málsins, sem snýr að raforkumálunum sjálfum og iðnaðarhliðinni, sem að sjálfsögðu hefði verið athuguð í iðnn., og í sambandi við það vildi ég spyrja: Hefur n. athugað 9. gr. raforkul., en þar stendur:

„Nú telur ráðherra að fengnum till. raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þess samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstj. fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjunum.“

Ég neyðist til að halda fram, að þetta frv. sé alls ekki í samræmi við ákvæði 9. gr. Er ekki fjhn. ljóst, eins og iðnn. er fullkomlega ljóst, að þessum málum var á sínum tíma beint inn á það svið, að ekki væri til þess ætlazt, að þm. almennt gætu fengið samþ. slíkt ákvæði eins og hér er talað um, því að slíkt mundi leiða til hreins öngþveitis í landinu? Fjhn. hefur ekki hér gert neina áætlun um byggingarkostnað, rekstrarkostnað eða tekjuöflun né heldur bent á neinar leiðir, hvernig eigi að afla fjár, þar sem ekkert er um þetta í frv. Ef fjhn. hefði gert þetta, hefði ég getað skilið, að hún vildi fá þetta mál til afgreiðslu, en það hefur hún bara alls ekki gert. Ég vildi gjarna, að forseti gæti fengið atvmrh. til þess að vera hér, því að ef þetta er ný stefna, sem taka á upp í þessum málum, getur verið, að það séu aðrir fulltrúar hér á Alþ., sem einnig verða að gæta hagsmuna þeirra héraða, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þessi ákvæði í 9. gr. eru komin þar inn fyrir það, að ekki þótti rétt að láta það velta á atkvæðamagni Alþ. á hverjum tíma, að einhver héruð gætu fengið óundirbúið milljónaframkvæmdir á þessu sviði. Ég hefði því mjög óskað að fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh., hvort hér á að fara inn á nýja braut, því að þá yrði að koma með miklu fleiri brtt. við frv.

Ég held, að það hafi verið árið 1942, að ákveðið var að hefjast handa um að virkja Dynjanda og Mjólká. Þá voru þessi lög samþ. hér og þessar framkvæmdir fyrirhugaðar af framleiðendum sjálfum á Vestfjarðakjálkanum, eins og ýmsar aðrar virkjanir, svo sem Siglufjarðarvirkjunin og Andakílsá. Þessi héruð eyddu mjög fé í að láta rannsaka þessa væntanlegu virkjun. Var áætlað af verkfræðingum, að þessi virkjun mundi kosta 13 millj. kr., og var ákveðið á fundi á Ísafirði, að í hana skyldi ráðast. En það þótti rétt þá — og hafði ég nokkur áhrif á það — að láta rannsaka nokkru nánar en gert hafði verið undirbúning þessa máls, og var hann þó miklu betri en þessi undirbúningur hér virðist vera eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. En þegar þetta var rannsakað gaumgæfilega, kom í ljós, að það mundu ekki verða 13 millj., heldur 30 millj., sem virkjunin kæmi til með að kosta. Andakílsárvirkjunin kostaði ekki heldur eins og áætlað var og ekki heldur Siglufjarðarvirkjunin, heldur urðu tvöfalt dýrari. Þegar þetta kom upp úr kafinu, var þessu frestað. Síðan komu l. um raforkumál, sem hér eru frá 1946, og hefur raunverulega margsinnis verið lofað af raforkumálastjóra, að þetta skyldi verða sú virkjun, sem fyrst kæmi til greina eftir að búið væri að fullnægja þeim virkjunum, sem þegar var búið að taka í lög. Ég tel því, að eigi nokkur ný virkjun að ganga fyrir hér, sé það þessi virkjun fyrir Vesturland og óhjákvæmilegt að bera fram brtt. við þetta frv. um það, að sú virkjun eigi forgangsrétt, eftir þeim undirbúningi, sem gerður hefur verið og samkvæmt þeim loforðum, sem gefin hafa verið af raforkumálastjóra. Ég hef hins vegar ekki borið þetta fram, vegna þess að ég hélt, að menn mundu halda sig strangt að fyrirmælum 9. gr. l. Mér datt ekki í hug, að annað kæmi til greina. [Atvmrh. kemur inn í salinn.] Ég var að segja, atvmrh., að mér skildist, að þetta frv. hér bryti beint í bága við 9. gr. laga frá 1946, því að þar er ákveðið, að hverri nýrri virkjun eigi að fylgja ákveðin heildarrekstraráætlun, áætlun um byggingarkostnað, rekstrarkostnað og áætlun um það, hvernig afla skuli fjár. Mér skilst, að ekkert af þessu liggi fyrir í þessu frv. Ég vil enn fremur benda ráðh. á, að ef farið er inn á þessa braut, að samþ. á Alþingi heimildartill. um að setja raforkustöðvar hingað og þangað á landinu án þess að fylgja ákvæðum 8. og 9. gr., fer um þetta eins og vegina. En ég man, að þegar þetta var rætt í iðnn. á sínum tíma, var þetta sett inn til þess að fyrirbyggja, að ekki væri hægt að fara með þetta eins og vegamálin. — Ég var einnig að benda á, að ef hugsað er að víkja frá þessari stefnu, er óhjákvæmilegt fyrir okkur fulltrúana fyrir Vesturland að bera fram till. um, að Dynjandi sé tekinn upp. Og úr því að ráðh. er hér, vildi ég gjarnan fá upplýst: Á hvaða stigi stendur það mál hjá hæstv. ríkisstj.? Hvernig er það með þær rannsóknir, sem nú liggja fyrir í sambandi við Dynjandavirkjunina? Hefur útkoman orðið sú, að ekki þyki tiltækilegt að reisa orkuver fyrir Vestfirði? Og séu ekki þau skilyrði álitin vera fyrir hendi, að tiltækilegt sé að virkja Dynjanda og Mjólká, hvernig er þá hugsað að leysa raforkuþörf Vestfjarða yfirleitt? Ég vildi gjarna fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh.

Ég mun ekki sjá mér fært að fylgja þessu frv. óbreyttu og mun að sjálfsögðu bera fram till. um, að inn í frv. verði sett ákvæði um Dynjanda og Mjólká, nema því aðeins að yfirlýsing komi frá ráðh. um það, að Alþ. eða ríkisstj. leggi fram frv. um það, t. d. á næsta þingi, að það verði næsta virkjun á landinu og gangi fyrir því, sem hér er til umræðu, vegna þess að Alþingi er búið að lofa, að þetta mál skuli ná fram að ganga eins fljótt og mögulegt sé. Viðkomandi aðilar eru búnir að eyða í þetta miklu fé. Ég skal ekki segja, hve

mikið það er, en ég gæti trúað, að rannsóknarkostnaðurinn skipti hundruðum þúsunda.

Ég skal á þessi stigi málsins ekki tefja málið lengur, en vænti þess, að ég heyri frá ráðh., hvort hann áliti ekki, að þetta frv. stríði gegn 9. gr. l., eins og það er nú, því að mér sýnist ekki, að þau skilyrði séu uppfyllt eins og það er nú. Enn fremur vildi ég vita, hvernig hann hugsar sér, að leyst verði úr raforkuþörf Vestfjarða yfirleitt.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og flestum þm. er kunnugt, hafa þessi mál verið nokkuð lengi í undirbúningi heima í héraði, hvort á sínum stað, undirbúningur að virkjun í Strandasýslu og viðbótarvirkjun í Austur-Húnavatnssýslu. Mun upphaflega hafa verið til þess ætlazt, að þetta yrði kostað af viðkomandi héruðum. En nú hefur það sýnt sig, að þau hafa ekki til þess fjármagn og hafa því snúið sér að því að óska að fá um þetta löggjöf, þannig að þetta verði virkjað af ríkinu og verði ein af rafveitum þess. Þegar ég fékk í haust erindi frá þessum héruðum, lagði ég málið fyrir raforkumálastjóra, svo að hann gæti athugað nákvæmlega, á hvaða vegi málin væru stödd heima fyrir. Eins og kemur fram í áliti hans, taldi hann, að ýmislegt vantaði til þess, að nú þegar yrði unnt að hefjast handa um þessi mál, og gæti komið til mála að bíða með löggjöfina í bili. Að lokum skilaði hann áliti á þann veg, að hann teldi, að það væri tímabært að setja um þetta lög, en með þeim fyrirvara, sem byggist á 9. gr., að því yrði yfirlýst um leið, að framkvæmdir yrðu ekki hafnar í þessum málum, fyrr en séð hefði verið fyrir öflun lánsfjár og að fullu gengið frá kostnaðarhlið málsins, að því er snerti báðar virkjanirnar, bæði í Austur-Húnavatnssýslu og í Strandasýslu. Þegar þetta kom til umræðu og afgreiðslu í Nd., lýsti frsm. n. því yfir fyrir hönd n., að hún mælti með þessu frv., að því tilskildu þó, að fullnaðar athugun færi fram á því, áður en hafizt yrði handa um virkjunina samkv. till. raforkumálastjóra, hvernig fjár yrði aflað til fyrirtækisins. Og ég lýsti því yfir að gefnu tilefni, að yrði þetta frv. samþ., mundi ég, meðan ég væri ráðh. og þá sennilega hvaða atvmrh. sem væri, reyna að sjá svo um, að ekki yrði hafizt handa um framkvæmdir fyrr en þessum skilyrðum væri fullnægt, og var litið þannig á, að með þessum fyrirvara væri fullnægt anda og ákvæðum 9. gr., þannig að þessu verði ekki hreyft, fyrr en þessi rannsókn liggur fyrir. Annars liggur fyrir áætlun um reksturinn, þó að þar sé nokkuð stiklað á stóru, og liggur hún hjá iðnn. Nd. og getur vitanlega gengið til þessarar d., svo að hún kynni sér það betur.

Ég hef ekki viljað leggja á móti því, að þetta yrði samþ., því að þótt nokkuð skorti á þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, til þess að framkvæmdir geti hafizt í málinu, þá er það þó gefið, ef frv. yrði samþ., að ástæða væri til þess bæði heima í héraði og af hálfu ríkisstj. að gera gangskör að því að ljúka því, sem á vantar til þess, að framkvæmdir geti hafizt, og það mun verða gert, ef frv. þetta verður samþ. En eins og ég hef sagt áður, mundi ekki verða ráðizt í framkvæmdir fyrr en aflað hefði verið til þess fjár. (*GJ:* Er ekki bezt að setja ákvæði um það í frv.?) Það ætti að vera óþarfi, þar sem búið er að taka það skýrt fram, m. a. af frsm.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um Dynjanda, vil ég taka fram, að ég hef oft rætt um það við raforkumálastjóra, hvað liði rannsóknum í sambandi við virkjun fallvatna á Vesturlandi, og óskaði eftir, að hann hraðaði þeim athugunum eins og hann gæti. Vinnur raforkumálaskrifstofan stöðugt að þessum athugunum, en hann hefur tjáð mér, að hann gæti ekki mælt með því, að virkjanirnar væru hafnar á grundvelli hinna eldri áætlana, sem um þetta hafa verið gerðar. En inn í málið hefur spunnizt annað, og það er umráðaréttarinn yfir þessum fossum. Eins og vikið hefur verið að, er það íslenzkur maður, en danskur ríkisborgari, sem á vatnsréttindin, og hefur hann hvað eftir annað gert tilboð um að selja ríkinu þessi vatnsföll. Í vor, sem leið, voru þeir erlendis raforkumálastjóri og rafmagnsstjóri Reykjavíkur, og fól ég þeim að leita tilboða um málið. Er rafmagnsstjóri kom heim, lagði hann fram plögg sín. Hygg ég, að hv. þm. Barð. ætti að vera um þetta kunnugt sem form. fjvn., því að fyrir hana var málið lagt.

Hins vegar er rétt að láta það koma fram, að gefnu tilefni, að ríkisstj. hafa borizt tilboð frá eigendum vatnsréttinda í Þjórsá, en þeir eru norska félagið Titan, um kaup á þeim réttindum. Hingað til lands munu þeir koma næsta sumar, og þá fara fram umræður um málið. Þegar trúnaðarmenn ríkisstj. í raforkumálum fengju vitneskju um þetta tilboð frá Titanfélaginu, lögðu þeir til, að framkvæmd hinna fyrrnefndu mála yrði frestað, þar til gengið hefði verið frá samningum við Titan, því að annars gæti komið fram eitthvað, er Titan gæti notað sér í væntanlegum samningum.

Í sambandi við hitt atriðið, sem hv. þm. var að tala um, þá þarf ríkið á raforku að halda viðsvegar um landið, t. d. á Suðurlandsundirlendinu, og þarf að tryggja sér hana á einhvern viðunandi hátt. Þess vegna var alls ekki óviðeigandi, að ríkið gerðist meðeigandi í Sogsvirkjuninni. Það hefði hvort eð er alltaf orðið það raunverulega vegna ábyrgða þeirra, sem það hefði orðið að veita Reykjavíkurbæ.

Í sambandi við Akureyrarvirkjunina er það að segja, að næstu virkjun framkvæmir Akureyrarbær sjálfstætt, en í þeirri þarnæstu er gert ráð fyrir, að ríkið verði meðeigandi. Það hefur sem sé sýnt sig, að ómögulegt er fyrir bæjar- eða sýslufélög að ráðast í virkjanir svo nokkru nemi, nema með aðstoð eða ábyrgð ríkissjóðs.

Þetta vil ég láta nægja viðvíkjandi aukaatriðum þeim, er fram komu í ræðu hv. þm. Með skírskotun til þess, er ég hef að framan sagt, mæli ég eindregið með samþykkt þessa frv., en vil jafnframt taka fram, að engar framkvæmdir verða hafnar fyrr en fengnar hafa

verið nákvæmar áætlanir og tryggður traustur grundvöllur til fjáröflunar samkv. raforkumálal. Það mundi hins vegar tefja mjög fyrir framkvæmdum málsins, ef Alþ. synjaði um samþykkt frv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég er nú þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. Barð. (GJ), að þetta mál eigi miklu frekar heima í hv. iðnn. en í fjhn., og má segja, að af þeim sökum hafi fjhn. afgreitt málið eins og hún hefur gert. Þetta er sem sagt ekki fjárhagsleg kvöð á ríkissjóð, heldur í raun og veru ekki annað en samþykkt um að bæta einum nýjum lið í rafveitukerfi landsins. Ef þannig er á málin litið, er þetta mjög sambærilegt við samþykkt á hafnarlögum og því ekki annað en heimildarlög fyrir ríkisstj.

Þennan skilning, sem þó er ekki einstæður, legg ég í þetta frv. og vil benda hv. þm. Barð. á atriði, sem staðfesta þennan skilning. Það eru l. nr. 92 5. júní 1947, um orkuveitur, sem eru að formi til mjög svipuð eða alveg eins og það frv., er hér liggur fyrir. Í þeim er ríkisstj. heimilað „að fela rafmagnsveitum ríkisins að reisa 2400 hestafla orkuver við Fróðá í Fróðárhreppi, 1500 hestafla orkuver við Gönguskarðsá og koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi." Mér hefur verið skýrt frá, að þetta frv. hafi verið borið fram af hv. þm. Snæf. (GTh). Þetta frv. varð að lögum, og hefur þá að öllum líkindum verið litið svo á, að það færi ekki í bága við 9. gr. raforkul. Það má að vísu til sanns vegar færa, að ekki sé fyllilega farið eftir 9. gr., en mismunurinn er þá sá, að Alþ. veitir fyrir fram heimild til að framkvæma ákveðna virkjun áður en fyrir liggur kostnaðaráætlun eða fé er fengið til framkvæmda. Það kann þó að vera, að þetta sé ekki rétt túlkun.

Ég er í miklum vafa, hvort rétt sé að veita þessa heimild. Ekki af því, að ég telji eigi rétt að virkja, heldur vegna þess, að hér er verið að veita heimild til lántöku og framkvæmdar, sem ekki á að framkvæma á næstu árum, heldur kannske að löngum tíma liðnum og ekki er víst, að hægt sé að framkvæma. Ég hef litið á þetta sem hreint formsatriði og fylgi mitt við málið er undir því komið, hvort lofað er gaumgæfilegri athugun á öllum kostnaði áður en hafizt er handa með virkjun og að eigi sé í hana ráðizt fyrr en nægilegt fé er til framkvæmda. Ótti minn byggist á því, að þeir, er slíkar heimildir hafa fengið samþ., hafa hafið framkvæmdir án þess, að nokkur fjárhagsgrundvöllur hafi verið fyrir hendi, sumir jafnvel án þess að tryggja nokkurt fé, að ég nú ekki tali um framkvæmdir, sem gerðar hafa verið alveg út í bláinn, eins og t. d. Siglufjarðarvirkjunina, sem kosta átti 7—8 millj., en er komin upp í 15 millj. Er þetta ekki rétt með farið, hv. þm. Siglf.? (*ÁkJ:* 13 millj.) Mig minnir, að það séu nú 15 millj., en þetta er nú ekkert aðalatriði.

Á þessu byggist beigur sá, er ég hef í sambandi við samþykkt mála sem þessara, og ef ég ljæ málinu fylgi mitt, þá er það á þeirri forsendu, að gaumgæfilega sé athugað, hvort fjárhagslegur grundvöllur sé til staðar áður en byrjað er á framkvæmdum. Ég gæti því mjög vel hugsað mér að fylgja brtt., sem færi í þá átt, að ekki mætti hefja verkið fyrr en áætlanir væru til staðar og nægilegt fé fyrir hendi.

Út af brtt. hv. þm. Dal. (ÞÞ) vil ég segja það, að mér finnst mjög eðlilegt, að hann komi með slíka till. fyrir sitt kjördæmi. Ég hygg, að slík till. ætti ekki að spilla neitt fyrir framgangi málsins, því að það er eins og í frv., að þar vantar allan fjárhagslegan grundvöll. Báðar virkjanirnar yrðu þá aðeins heimildarlög fyrir ríkisstj.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hygg, að það gæti nokkurs misskilnings um undirbúning þeirra mála, er hér liggja fyrir. Þótt raforkumálastjóri hafi sett ýmis skilyrði varðandi allan undirbúning, þá held ég, að það sé aðeins vegna þess, að hann vill ekki sleppa valdi yfir því að ráða, hvenær verkið verði hafið.

Áætlanir um ýmislegt varðandi þessar virkjanir eru nú hjá n. í Nd., og getur sú n., sem hefur þetta mál hér, því auðveldlega komizt yfir þau gögn.

Svo stendur á um virkjanir þessar, að hægt er að framkvæma þær með tvennu móti. Fyrir 10 árum rannsakaði Árni Pálsson verkfræðingur þessi fallvötn og gerði vatnsmælingar. Fyrir nokkrum árum gerði Árni Pálsson ásamt öðrum verkfræðingi athuganir á því, hvor leiðin til virkjunar væri heppilegri. Einnig rannsakaði norskur verkfræðingur þetta og gerði kostnaðar- og rekstraráætlanir. Það háttar svo til þarna, að hægt er að setja stíflu í Þverá, þar sem hún rennur í Þingvallavatn, og láta pípurnar liggja meðfram ánni. Þannig er hægt að fá um 1400 hestöfl. En svo er hægt að auka virkjunina með því að stífla tvær ár þarna í grenndinni og veita þeim í vatnið. Þannig væri hægt að fá um 2600 hestöfl, en þetta er svo dýrt, að útilokað er, að héraðið geti ráðizt í þetta á eigin spýtur. Svipað stendur á um virkjanir í Húnavatnssýslu, og það er reyndar staðreynd, sem allir vita, að þessi héruð, sem önnur, geta ekki ráðizt í stærri virkjanir nema með ábyrgð ríkisins.

Ég get ekki séð, hvernig framkvæma eigi meiri rannsókn en búið er að gera þarna norður frá af færustu mönnum. Mælingar og áætlanir liggja fyrir um, hvar og hvernig eigi að framkvæma virkjanirnar og sama hefur verið gert í Húnavatnssýslu. En ég get auðvitað ekki um það sagt, hvort áætlanirnar standast eða ekki. Svo mikið er þó víst, að aðstaðan til virkjunar er talin alveg einstök við Þyrilshamar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta mál. Ég vil þó taka fram, að ekki er hægt að segja, þótt þetta skref sé stigið, að neinu sé hætt, því að frv. eru aðeins heimildarlög með alls konar fyrir-

vörum. Sjálfsagt er að láta rannsaka allar aðstæður og gera áætlanir áður en svona mál eru samþ., en ef peningar til framkvæmdanna ættu líka að vera til staðar áður en svona samþ. eru gerðar, þá gætum við sparað okkur þær margar á Alþingi.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. (BÓ), að þetta frv., ef að l. verður, er mjög svipað og samþykkt hafnarlaga, vegalaga o. fl., sem sagt, aðeins heimildarlög. Um rannsókn á afkomumöguleikum er það eitt að segja, er ég hef áður fram tekið. Ég ætla einnig, eins og ég minntist á fyrr, að fyrirvarar raforkumálastjóra eru settir af þeirri ástæðu, að hann vilji hafa tök á þessum málum áfram, frekar en því, að hann telji málið ekki nægilega vel undirbúið og rannsakað.

Ég tel eðlilegt, að aðrir hv. þm. vilji koma fram með mál af svipuðu tagi og þetta, en menn verða þó að gæta þess, að ekki sé farið með þessi mál eins og þjóðvegina, þannig að hnýtt sé svo mörgum virkjunarsamþykktum aftan í þessar, að ekkert komizt til framkvæmda. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að þörf er margra slíkra virkjana á Vestfjörðum og víðar, og eigi skal standa á mér að fylgja slíkum málum, þegar þau eru álíka undirbúin og það, sem hér er til umr. Þó dylst mér eigi, að ekki er hægt að framkvæma allt í einu, við verðum að gera þetta í áföngum. Þetta er takmark okkar í baráttunni, og heimildarlög eru markmið og hvatning fyrir þá, sem þar eiga hlut að máli.

Ég er síður en svo að amast við brtt. hv. þm. Dal., en þó liggja ekki fyrir í sambandi við hana þær áætlanir og upplýsingar, sem hér eru til staðar ásamt meðmælum raforkumálastjóra, sem er mjög tregur á að gefa meðmæli, vegna þess hve mikið liggur fyrir. Hann taldi þó þetta mál, bæði í Strandasýslu og Húnavatnssýslu, nægilega rannsakað og undirbúið fyrir mörgum árum. Ég tel möguleika og aðstæður allar svo góðar þarna til virkjunar, t. d. í Þverá, að vart væri hægt að hugsa sér það betra, og þörfin er geysileg, þrjú frystihús og verksmiðjur, sem verið er að koma upp. Þarna eru ein eða tvær verksmiðjur, sem þurfa að nota rafmagn, og þarna eru miklir framkvæmdamenn, sem hugsa sér atvinnurekstur á þessum stað og eru að undirbúa hann, svo að þörfin er mikil fyrir rafmagn. Á Skagaströnd er mikið af mannvirkjum, sem þegar eru að komast á laggirnar, og aðstaðan til sjósóknar er þar ekki ólík og á Hólmavík.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál. Ég taldi rétt að upplýsa þetta, sem nú hefur verið gert, en ég tel, að málið hafi fengið hér góðar undirtektir, eftir atvikum. Fyrir þá hv. þm., sem vildu kynna sér útreikninga og nákvæmar áætlanir um þetta verk, eru hér útreikningar um vatnsmælingar og áætlanir um rekstrarkostnað og annað slíkt, og þær rannsóknir eru mjög ýtarlegar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki vafi á því, að þessi raforkumál eru kannske allra stærstu málin, og er hörmulegt til þess að vita, ef hin minnkandi fjárgeta ríkisins segir fyrst og fremst til sín í því, að ekki er hægt að gera neitt í raforkumálunum, a. m. k. ekki fyrir aðra landsmenn en þá, sem búa á suðvesturhorni landsins, í Rvík og nágrenni hennar. Það virðist nú vera svo og hefur verið svo nokkur undanfarin ár, að hvar sem verið hefur ymprað á því að leita eftir heimildum til vatnsvirkjunar í öðrum landshlutum, þá er sagt að það strandi á féleysi. Hérna er til umr. að lögfesta eða veita heimildir í l. — því að heimildarl. eru þetta bæði að formi og efni — til þess að virkja Laxá í Austur-Húnavatnssýslu í 1900 hestafla orkuveri og að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri. Samkvæmt áætlun raforkumálastjóra virðist virkjun Laxár í Austur-Húnavatnssýslu ásamt háspennulínu eiga að kosta 5 millj. kr., og virkjun Þiðriksvallavatns, ef fyrri till. er tekin, á að kosta 3,3 millj. kr., en væri virkjunin þar höfð helmingi stærri, ætti sú virkjun að kosta 5678000 kr. Það er ómögulegt að segja annað, þegar litið er á þessar áætlanir, en að mannvirkin líta út fyrir að verða fremur dýr. Öðru mannvirkinu er ætlað að vera orkugjafi fyrir tvö kauptún, Blönduós, Höfðakaupstað, og kannske einhverjar sveitir að auki og kostar, eins og ég áðan sagði, 5 millj. kr. Hinni virkjuninni er ætlað að vera orkugjafi fyrir Hólmavíkurþorp og einhverja sveitabæi þar í kring. Raforkumálastjóri telur hagkvæmara, að þeirri virkjun sé hagað þannig, að sú dýrari komi til greina, sem kostar 2600 kr. á hvert hestafl, en þá kosta þessar virkjanir 11 millj. kr. og eru fyrir þessi þrjú þorp aðallega. Það er að vísu rétt, sem kom hér fram áðan, að það vantar kostnaðaráætlanir yfir þessi mannvirki. Raforkumálastjóri hefur látið frá sér fara plögg um hvoru tveggja verkin og einnig það verk, sem fram er komin brtt. um, að bætt verði við frv. En í áliti raforkumálastjóra eru alls konar vangaveltur, og furðulegt þykir mér það, að hann virðist ekki vera búinn að gera upp við sig það viðfangsefni, hvort hagkvæmara sé að ráðast í þessar virkjanir eða byggja nýjar dieselstöðvar og flikka upp á þær, sem fyrir eru. Þetta virðist vera fyrsta reikningsdæmið, sem raforkumálastjóri ætti að leysa, áður en hann teldi sig færan um að segja nokkurn skapaðan hlut um, hvað ætti að gera í þessu máli. Ummæli raforkumálastjóra og vangaveltur eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru að vísu nokkur atriði enn óathuguð, sem að mínum dómi þarf að rannsaka, áður en því er slegið föstu, hvernig Laxá skuli virkjuð. Enn fremur virðist mér orka tvímælis, hvort tímabært sé að verja 5 millj. kr. í nýja virkjun og veitu eða hvort heldur ætti að lagfæra gömlu vatnsaflsstöðina og setja upp dieselmótora til viðbótar. Loks er nú mjög slæmt útlit að því er við kemur fjáröflunarmöguleikum til rafveitufram kvæmda."

Með öðrum orðum, það er ekki búið að leysa úr þeim vanda, hvort hagkvæmara sé að ráðast í þessar vatnsvirkjanir eða að reisa

mótorstöðvar eða dubba upp á þær, sem fyrir eru. — Að því er virkjun Þiðriksvallavatns snertir, þá er þetta eins óafgert frá hendi raforkumálastjóra. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá gildir hið sama um virkjun handa Hólmavík sem um virkjun Au.-Hún., að telja má, að orki tvímælis, hvort tímabært er að verja allt að 5 millj. kr. í virkjun og veitu heldur en að auka um sinn mótorrafstöð Hólmavíkur, enda eins og fyrr er sagt mjög erfitt um fjárútvegun til rafveitufram-kvæmda.“ Það er einnig óuppgert dæmi hér, hvort hagkvæmara er að nota mótorstöðvar eða ráðast í vatnsvirkjun. Í þessari grg. raf-orkumálastjóra er það upplýst, að virkjunar-kostnaður að því er snertir Þiðriksvallavatn er áætlaður 1700 kr. á hvert hestafl. Það virðist ekki mjög há upphæð, en ég sé í plögg-um hjá hv. þm. Dal. (ÞÞ) áætlun um virkj-unarkostnað Þrándargils í Dölum, sem hann hefur borið fram brtt. um og mér hrýs hug-ur við, en sá kostnaður er 4800 kr. á hvert hestafl. Það er náttúrlega gífurlegur kostn-aður.

Nú hefur hér verið blandað inn í þessar umr. virkjunarmálum Vestfjarða, og get ég því ekki látið hjá líða að víkja dálítið að því máli. Vil ég þó ekki, eða er ákaflega nauðug-ur til, að tengja það mál við þetta mál, sem hér liggur fyrir, því að ég veit það með vissu, að sé 20 til 30 milljón kr. mál sett hér til viðbótar þessu, þá er það til þess að drepa þessi mál öll. Við fáum ekki þokað Vestfjarða-virkjuninni áfram með því. Það vakir ekki fyr-ir mér að tryggja, að bókstaflega ekkert sé gert í þeim málum, sem Ísendingum ríður meira á að leyst séu en nokkur önnur mál. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði áðan, að héruðin á Vestfjörðum stofnuðu fyr-irtæki fyrir nokkuð mörgum árum, h.f. Orku-ver Vestfjarða, sem lét framkvæma og bar kostnað af undirbúningi og rannsókn á virkj-un Mjólkár í Arnarfirði og Dynjandafossa í Arnarfirði. Þessi undirbúningur, sem þá var unninn og kostaður af h.f. Orkuver Vestfjarða, var endurskoðaður af sérfræðingum, sem vega-málastjóri og raforkumálastjóri tilnefndu, þ. á m. sérfræðingi frá Højgaard og Schults og síðan af Höskuldi Baldvinssyni. Þessar áætl-anir voru svo prófaðar af Finnboga Rút Þor-valdssyni verkfræðingi og hafa legið lengi til-búnar hjá raforkumálastjóra. Um þetta hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir, og hafa þær verið margendurskoðaðar. Gerðar hafa verið mælingar um langt árabil á vatnsföllum, sem um er að ræða. Gerðar hafa verið áætlanir um kostnað og rannsakaðir möguleikar fyrir línustöðvar fyrir öll háspennulínukerfin og gerðir uppdrættir að öllum þeim mannvirkj-um. Þessi mannvirki hafa legið fyrir að fullu undirbúin í mörg ár, en í mörg ár hefur stað-ið á því, að fé hefur ekki verið fyrir hendi til að byrja framkvæmdir. Það er ekkert smá-atriði. Það er auðvitað meginatriðið og þrösk-uldurinn, sem þessi mál hnjóta um. Ég bað raforkumálastjóra í vetur að gefa mér allar upplýsingar um, hvernig þetta mál stæði, og gerði hann það fyrir nokkru síðan. Þykir mér leitt að hafa þau plögg ekki við höndina nú. Staðreyndin er sú, að það mál er að fullu undirbúið, og eins og hv. þm. Barð. upplýsti, hefur því verið marglofað, að sú virkjun skuli vera látin ganga fyrir öðrum virkjunum, sem ekki er byrjað á nú. Það loforð stæðist ekki, ef ný löggjöf yrði nú samþ. og þannig yrði litið á, ef til framkvæmda kæmi, að þá skyldi farið eftir því, sem dagsetning á afgreiðslu málsins hér segði til um. Ég mundi alveg mót-mæla slíku. Ég teldi því Dynjandavirkjunina ekki í hættu stadda, þó að heimildarl. um virkjun Laxár í Austur-Húnavatnssýslu og Þið-riksvallavatns yrðu samþ., en um þær skortir upplýsingar, sem margar eru mikilvægar, svo að undirbúningi þessara síðastnefndu virkj-ana gæti aldrei orðið lokið á undan undirbún-ingi og rannsókn Vestfjarðavirkjunarinnar, því að hann liggur fyrir fullgerður nú þegar.

Annars finnst mér nokkuð miklu máli skipta að upplýsa vangaveltur raforkumálastjóra um þetta mál, um það, hvort ekki sé hagkvæm-ara að slá vatnsvirkjuninni á frest, þó að hann að vísu í öðru orðinu telji, að það sé vegna peningaleysis fyrst og fremst, og ráðast held-ur í að byggja mótorrafstöðvar fyrir lengri eða skemmri tíma. En mótorrafstöðvar eru í raun og veru heildarúrræði hans í þessum efn-um. Til þess að slá á frest orkuveitunni fyrir Vestfirði, þá er það sama ofan á: Peningar eru ekki til til þess að ráðast í vatnsvirkjun. Hins vegar eru til peningar til að leysa þetta mál í bili með mótorrafstöðvum. Það ráð-lagði hann þar, og þetta var gert. Það voru byggð upp lágspennukerfi í Súðavík, Bolunga-vík, Suðureyri, Þingeyri, Flateyri, Bíldudal og Patreksfirði og settar upp mótorrafstöðvar á öllum þessum stöðum. Nú geta menn athug-að, hvort það muni ekki kosta ríkið nokkurn gjaldeyri að setja upp slíkar mótorrafstöðvar í 9 sjóþorpum og setja þær upp einungis sem bráðabirgðaúrlausn. Ég hygg, að þessi kostn-aður slagi hátt upp í 9 millj. kr., þegar frá öllu er gengið. Þessar stöðvar eru ásamt öðru fleiru að sliga þjóðarbúskapinn, sem ekki ber sig neitt vel í gjaldeyrismálum. Þær brenna gjaldeyri fyrir hundrað þús. kr. árlega allar saman í olíu, a. m. k. þegar með er tekin gjaldeyriseyðsla í varahluti og viðhald á öllum þessum stöðvum. Það furðulega er, að aldrei heyrist neitt kvak frá rafmagnseftirlitinu um útreikninga á því, hvernig þetta dæmi tekur sig út borið saman við það að ráðast í vatns-virkjanir, jafnvel með lántökum. Raforku-málastjóri er alltaf að ympra á, að betra sé að leysa þetta í bili með alls konar mótor-stöðvarusli, sem hrúgað er upp víðs vegar, jafnvel þó að til séu fyrir hendi hin beztu skilyrði til vatnsvirkjunar. Það sér hver mað-ur, að ekki er hægt að vera án raforku í út-gerðarbæjum eins og Ísafirði eða Patreks-firði. Það er ekki hægt að vera án raforku í þessum þorpum, sem öll eru búin að koma fótum undir hraðfrystiiðnað. Þungamiðja at-vinnulífsins í öllum þessum þorpum byggist á

sjávarútvegi og ein eða fleiri hraðfrystistöðvar eru á hverjum þessum stað. Ég hygg, að varla muni vera hægt að benda á nokkurn hluta landsins, þar sem ekki búa nema 7 þús. manns og framleiddur er annar eins gjaldeyrir og fólkið í þeim byggðarlögum gerir, sem Vestfjarðavirkjunin er ætluð. En þá er bara um þetta tvennt að ræða, hvort hagkvæmara sé fyrir þjóðina að sjá fyrir raforku til allrar þessarar framleiðslu, sem þarna fer fram, með mótorstöðvum, sem eru dýrari í rekstri og hindra vöxt atvinnuveganna. Hundruð þús. kr. verðmæti er í voða, ef ein eða fleiri þessara stöðva bila alvarlega. Það er sjálfsagt bótin í málinu, að sá skellur kemur á fólkið í viðkomandi byggðarlögum, en ekki ríkissjóð, en það er í rauninni lítt verjandi fyrir því. Ef ætti að bollaleggja frekar um það, hvort væri réttlátara að veita 10 millj. kr. til vatnsvirkjunar fyrir þorpin á Skagaströnd, Blönduós, Hólmavík og Höfðakaupstað eða veita fé til Vestfjarðavirkjunarinnar, þó að bara væru virkjaðir Dynjandafossar, en ekki Mjólká, sem dygði fyrir allt svæðið frá Patreksfirði til Súðavíkur og virkjunin gefur 6500 hö., og sú áætlun, sem um þetta hefur verið gerð, er margendurskoðuð, og mun verkið kosta 30 millj. kr. með orkugjafa, spennistöðvum, háspennulínu og innanbæjarkerfi, — þá er gefinn hlutur, að slíkt orkuver mundi þjóna fleira fólki og hlutfallslega meiri framleiðslu en þær tvær stöðvar, sem um ræðir í þessu frv. Hitt er svo aftur hárrétt, sem hv. þm. Str. hefur sagt hér, að þorpin á Skagaströnd eru framleiðslustaðir, sem ekki geta án raforku verið. Það verður að skera úr því af sérfræðingum ríkisins, hvort heppilegra sé að ráðast í vatnsvirkjun eða hvort bæta eigi úr raforkuþörfinni með því að setja upp mótorstöðvar, úr því að þær, sem fyrir eru, eru ófullnægjandi. Ég mundi því segja í þessu máli, að niðurstaðan yrði sú, að ég vil með engu móti bregða fæti fyrir það, að ráðizt sé í þessar tvær virkjanir, a. m. k. ef raforkumálastjóri kynni að komast að þeirri niðurstöðu við áframhaldandi athugun, — því hann virðist ekki vera búinn að athuga þetta til fulls, — að það sé forsvaranlegt fjárhagslega. Og þá er sjálfsagður hlutur að afla lánsfjár til þessara virkjana, en ekki að segja, að það verði að bíða og að ekkert fé sé fyrir hendi til þessara hluta. Það verður ekki hægt að bíða með Vestfjarðavirkjunina, sem kostar 30 millj. kr., þangað til fé er til í ríkissjóði til að koma henni áfram. Ríkissjóður yrði þá fyrst að bíta í hið súra epli, að sjá af sjávarafurðunum frá Vestfjörðum, ef hann neitaði þeim um raforku þangað til svo er fjárhagslega um hnútana búið. Það er gefinn hlutur, að þarna hefur trúnaðarmaður ríkisins komizt að þeirri niðurstöðu, að vatnsvirkjunarskilyrðin séu góð, og raforkuþörfin er hins vegar ótvíræð. Þarna verður, þó að fé sé ekki fyrir hendi í ríkissjóði, að ráðast í lántöku og þó að það verði að vera erlendis frá og dugi ekki innlent happdrættislán, því að það má með engu móti slá raforkumálunum á frest. Það er ekki auðveldara reikningsdæmi til en það, hvort raforkuver hefur skilyrði til þess að bera sig eða ekki. Við erum búin að fá reynsluna í þeim efnum og vitum, hvað þarf til þess. Það vita fjölmargir leikmenn, hvað þá rafveitusérfræðingar ríkisins, sem ekki lifa né hrærast í neinu fagi öðru en þessu. Raforkusérfræðingar ríkisins eiga ekki að gefa út svona vangaveltur, eins og hér liggja fyrir, sem sýna, að þeir eru ekki búnir að gera dæmið upp, heldur eiga þeir að gefa út skýringar um það, hver sé niðurstaðan af þeim dæmum, sem búið er að reikna. Er þetta fyrirtæki líklegt til að geta staðið undir sér? Er raforkunotkunin svo mikil fyrir hendi, að fórna beri ábyrgð ríkisins til lántöku? Ég vil líta svo á, að niðurstöður af ummælum raforkumálastjóra séu þær, að hann mæli með því, að heimildarl. séu sett, og ég mun ekki bregða fæti fyrir þessa heimild. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að ég tel, að við fulltrúar Vestfjarða samþ. ekki þar með, að hinni margendurskoðuðu og vel undirbúnu Vestfjarðavirkjun verði skotið aftur fyrir þessa þar með. Ég hef áður stungið upp á því, að þó að ekki sé hægt að ráðast í Vestfjarðavirkjunina í heild, alla í einu, þá sé hægt að taka það mál í fleiri áföngum. Það má vel fara þannig af stað að byggja upp háspennukerfi og tengja saman vissa staði fyrst. Með því móti má losna við 1- 2- 3- eða 4 dieselmótorstöðvar, sem settar hafa verið til bráðabirgða, og síðan má feta sig fram, með nokkurra ára bili, þar til Vestfjarðavirkjuninni yrði komið í framkvæmd. Það væri alveg eins hagkvæmt og að hafast ekkert að í þeim efnum. Ég held, að ef við hv. þm. Barð. færum þá leið að skella hér inn í þetta frv. till. um Vestfjarðavirkjunina, yrði það ekki til neins annars en að kistuleggja öll þessi mál í einu vetfangi. Ég sé ekki, að við ynnum neitt við það, því að þetta er stórmál fyrir þessi héruð, en kjördæmum okkar gerðum við með því mikinn óleik. Niðurstaðan yrði því negativ, og ég vil ekki eiga hlut að því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur við þessar umr. komið fram sá reginmisskilningur, að þetta frv., sem hér um ræðir, sé nokkuð áþekkt hafnar- og vegal. Sannleikurinn er sá, að frv. er algerlega sérstætt og á ekkert sameiginlegt með þeim l., og þess vegna vildi ég fá þetta mál rætt nokkuð nánar hér í hv. d. Eins og ég tók fram hér, var reynt að fyrirbyggja það, að sams konar kapphlaup yrði um einstakar raforkuveitur og hefur verið um vegi og hafnir, með því að setja 9. gr. í raforkul. Ég get sagt hv. frsm., hvers vegna það var gert. Það var gert vegna þess, að ákveðið er í l., að fyrst skuli þær rafveitur og þau raforkuver ganga fyrir, sem bezt geti borið sig fjárhagslega. Þegar þess er líka gætt, að ákvæði l. segir ákveðið til um það, að raforkusjóði skuli sérstaklega varið til þess að standa undir rekstrinum fyrstu árin hjá þeim rafveitum og raforkuverum, sem sett eru upp, þá var það meginskilyrði, að raforkusjóður yrði ekki étinn upp fyrirvaralaust. Þess vegna var

þetta ákvæði sett í 9. gr., að Alþ. skyldi taka ákvörðun um hverja raforkustöð fyrir sig, þegar sýnt væri, hvernig slíkt fyrirtæki gæti borið sig fjárhagslega, einmitt til að fyrirbyggja að tekið væri fé úr sjóðnum til þess að standa undir slíkum orkuverum meira en sjóðurinn á hverjum tíma þyldi. Nú er það alveg óviðunandi, að þetta mál skuli vera komið frá hv. Nd. og til 2. umr. hér án þess að þm. eigi þess kost að sjá þessar áætlanir. Það var að sjálfsögðu skylda hv. n. að láta fylgja sem fylgiskjal áætlanir frá raforkumálaskrifstofunni um þennan rekstur, til þess að þm. gætu gert það upp við sig, hvort þeir vilja mæla með því, að þetta verði tekið í l. eða ekki. Þetta hefur ekki verið gert, en nú hefur hv. frsm. sagt, að þetta eða hitt gætu þm. fengið að sjá hjá honum. Það hefði verið það minnsta, sem hefði mátt búast við af hv. fjhn., að hún hefði látið þessi gögn fylgja nál., og það hefði hv. iðnn. áreiðanlega talið sér skylt að gera. Þessi gögn liggja nú fyrir, og ég segi fyrir mig, að ég hef ekki hugmynd um, hvernig þessi rekstraráætlun er hugsuð. Ég hef ekki hugmynd um það, hvað er fyrirhugað að láta úr raforkumálasjóði til þessara stöðva, svo að þær geti borið sig fjárhagslega. Annað atriðið er svo það, hvað kostar að koma þeim upp og hvað hvert hestafl kostar og hvort hægt verður að fá nægilegt fé til þess að koma þeim upp. Hitt er svo enn annað atriði, hvaða skilyrði þessar stöðvar hafa til að geta borið sig fjárhagslega með tilliti til þeirra rafmagnsnotenda, sem eru í kringum þær. Áætlanir um þetta allt eiga að liggja fyrir, áður en ákvæðið er, hvort byrja skuli framkvæmdir eða ekki. Nú er ljóst, að raforkumálastjóri álítur hagkvæmara að virkja Þverá í Steingrímsfirði. Þá kemur til greina, hvaða möguleikar eru á að geta selt allt það rafmagn. Þá kemur til greina að athuga, hvort hægt verður frá þessu orkuveri, sem yrði 3—4 þús. hö., að selja raforku til Ísafjarðar (*HV:* Það er engin leið.) Það hefur m. a. verið rætt um að virkja fallvatn á Snæfjallaströnd. Ég er ekki svo kunnugur, að ég viti, hvort hægt er að leiða raforku frá Hólmavík til Ísafjarðar eins og frá Snæfjallaströnd til Ísafjarðar. En ég er viss um annað: Það er ekki útilokað að leiða rafmagn frá Hólmavík yfir Steinadalsheiði yfir á Barðaströnd og kannske í Dali. Það gæti ef til vill kostað minna en að virkja í Dalasýslu sjálfri. Þetta er ekkert aukaatriði. Það má ekki taka þessar umr. sem neina andúð á málinu sjálfu, þó að menn vilji fá þetta upplýst, áður en menn ganga frá svo stóru máli, því að það er ætlazt til, að þessi gögn liggi fyrir, þegar Alþingi á að ákveða, hvort ráðast á í nýjar veitur eða ekki.

Þetta mál horfir allt öðruvísi við en hafnarmál, þar sem héruðin sjálf bera hitann og þungann af hafnarframkvæmdunum, þó að ríkið styrki þær um 40 eða 60%. Þunginn hvílir allur á héruðunum heima fyrir. En hér er þess krafizt, að ríkissjóður leggi fram allan byggingarkostnaðinn og standi undir öllum rekstrarkostnaðinum. Sama er með vegina. Ríkið lætur ákveðna upphæð í vegi á hverju ári, en það er annars eðlis en þetta. Þess vegna var 9. gr. sett. En þær reglur, sem þar eru, eru gersamlega brotnar með þeim reglum, sem hér eru teknar upp. Og mér skilst á hæstv. ráðh., að það sé gert með vilja, því að hann segir, að ef þetta yrði ekki samþ., enda þótt yfirlýst sé, að þetta eigi að bíða, þá mundi það samt tefja fyrir undirbúningi og rannsóknum. En hvað er það, sem hæstv. ráðh. vill gera? Er hann að lauma inn ákveðnum undirbúningi og framkvæmdum, sem byrjað yrði á, þ. e. að haldið verði áfram að byggja svona fyrirtæki, sem hafa ekki verið rannsökuð? Ég verð að segja, að eftir að hæstv. ráðh. lýsti þessu yfir hér, fór ég að hugsa mig um, hvort ég ætti að vera með frv. eða ekki. Ef það er meining hv. fjhn. og hv. frsm., að ekki verði byrjað fyrr en rannsakaðar hafa verið allar hliðar málsins, eins og ber að gera samkv. 9. gr. l. og hæstv. ráðh. segir í öðru orðinu, að yrði ekki gert, hvers virði er þá yfirlýsing hæstv. ráðh. um það eða skoðun hans, að það tefji fyrir málinu, ef þetta frv. verður ekki samþ.? Ég get ekki skilið það. Það fyrsta, sem þarf að gera, er að leggja þessa rannsókn fyrir og útreikningar, hvernig þetta getur borið sig. Allt er þetta óafgert hjá raforkumálastjóra. Virkjunarskilyrðin hafa verið rannsökuð, eins og hv. þm. Str. sagði. Það er engin þörf að rannsaka þau nánar, en það eru fleiri atriði, sem þarf að athuga en virkjunarskilyrðin.

Ég álít, að sú stefna, sem hér er tekin, að heimila út í bláinn að leggja út í milljónafyrirtæki, án þess að fyrir liggi þær rannsóknir og upplýsingar, sem eiga að liggja fyrir, sé óholl fyrir málið og verði til þess, sem m. a. hv. 3. landsk. (HV) vildi ekki verða til, að tefja fyrir málinu í heild.

Ég get í þessu sambandi bent á, að áður en þessi l. voru sett, voru samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta rannsaka og undirbúa byggingu rafstöðva. Það var vegna þessara till., sem þessir staðir voru látnir ganga fyrir öðrum stöðum. Þar er einn staður þannig, að raforkumálasjóður varð að greiða 99% af öllum kostnaði, til þess að stöðin gæti borið sig. Það var búið að ákveða það með þál. Ég lít því svo á, að þegar búið er að setja þetta inn, sé búið að gefa loforð um, að þessir staðir gangi fyrir, þó að það kunni að sýna sig, að hagkvæmara sé að virkja annars staðar, án þess að ég segi, að þessir staðir séu óhagkvæmir, því að þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Við erum að samþ. þetta í blindni.

Ég skal svo ekki tefja þessar umr. meir. Ég mun að sjálfsögðu fylgja þessu frv. til 3. umr., en ég tel, að sú stefna, sem orðin er í þessu máli, sé til stórkostlegs óhags fyrir raforkumálin og framkvæmd þeirra í heild í landinu.

ATKVGR.

Brtt. 613,1 samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BÓ, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, PZ, SÁÓ, ÞÞ.

nei: HermJ, BSt.
BK, LJóh, ÁS greiddu ekki atkv.
2 þm. (BrB, StgrA) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að hér er farið inn á nýja braut í raforkumálunum, að ákveða fyrir utan Alþingi, hvaða línur skuli lagðar án þess að farið sé eftir ákvæðum 9. gr., segi ég já.

Hermann Jónasson: Vegna þess, að það er fyrirsjáanlegt, að þetta væri sama og að stöðva málið, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Þó að ég telji, að þetta mál allt, bæði þær línur, sem í frv. eru, og eins þessi lína, sem hv. þm. Dal. vill koma hér inn, sé óforsvaranlega undirbúið og maður vaði í villi og svima, hvað eigi að gera við þetta, þá vil ég ekki vera meinsmaður þess, að þessi merki séu dregin upp í Dölum, svo að það sé hægt að horfa á þau og skemmta sér við það í nokkur ár, og segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 613,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 618, 620).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég var hér með brtt. við þetta mál á þskj. 620, um það, að framkvæmdir samkv. 1. gr. megi ekki hefja, nema fyrir liggi kostnaðaráætlun og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna. Ég áleit, að það stríddi e. t. v. á móti l. um rafveitur að samþ. frv. eins og það er, en verði brtt. samþ., færist það til samræmis við l. Það er hættulegt að samþ. mikið af slíkum lagaheimildum, nema setja varnagla eins og ég hef gert í þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 620 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 640).

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 661).

---

66. Eignarnámsheimild á Efri-Skútu og Neðri-Skútu.

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði [173. mál] (þmfrv., A. 485).

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1 umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af mér, hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. N-M., og það er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, sem hefur á fundi sínum fyrir nokkru síðan ákveðið að leita þessarar heimildar og var öll sammála um það. Jarðirnar í Siglufjarðarbotni eru allar orðnar eign Siglufjarðarkaupstaðar nema þessar tvær, sem nú er farið fram á, að bærinn taki eignarnámi, sem eru jarðirnar Efri- og Neðri-Skúta, og svo Staðarhóll, sem er utar með firðinum. Þessar jarðir eru allar í eyði. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frv., vegna þess að höfuðrökin, sem bæjarstj. færir fram fyrir þessari ósk sinni, eru prentuð á fskj. Það hefur fundizt heitt vatn þar, og hefur Siglufjarðarkaupstaður mikinn hug á að hagnýta það til sundlaugar a. m. k. og jafnvel til hitaveitu, ef tækist að fá það mikið af nægilega heitu vatni. Byrjað er að reisa hafnarmannvirki á svokallaðri Leiru innst í Siglufirði, og er þegar búið að starfa þar fyrir á aðra milljón króna. Má gera ráð fyrir, að þau lönd, sem að þeim mannvirkjum liggja, hækki vegna þeirra mjög í verði, einkanlega jörðin Neðri-Skúta, og yrði það að teljast ógeðfellt, ef slíkur gróði lenti í höndum einstakra manna.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 485, n. 576).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. Það, sem farið er fram á, er, að 2 af 3 jörðum á Siglufirði, sem enn eru í einstaklingseign, geti

orðið eign bæjarfélagsins, þ. e. a. s. að bænum verði veitt heimild til að taka þessar jarðir eignarnámi. Bærinn telur þessa eignarnámsheimild nauðsynlega, bæði vegna þess, að gert er ráð fyrir að leggja í mikinn kostnað við að bora eftir heitu vatni á annarri jörðinni, en auk þess eru þessar jarðir að vaxa stórkostlega að verðmæti vegna framkvæmda bæjarfélagsins, og þykir eðlilegt, að sú verðmætisaukning komi bæjarfélaginu til góða. Af þessum ástæðum og fleirum hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 485, n. 654).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Þetta frv. fjallar um það að veita Siglufjarðarkaupstað heimild til eignarnáms á tveimur jörðum fyrir botni fjarðarins, Efri-Skútu og Neðri-Skútu. Þetta frv. er flutt samkv. ósk bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, og er þetta einróma ósk bæjarstjórnarinnar, sem telur nauðsyn á að fá þessa heimild, vegna þess að þetta land þurfi að vera í eigu bæjarfélagsins sökum hafnarframkvæmda. Þetta land er nú svo að segja það síðasta, sem er ennþá í einkaeign á Siglufirði. Það er aðeins ein jörð eftir fyrir utan þessar tvær, sem frv. er um.

N. mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ., og þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Náttúrlega eru nú fleiri jarðir eftir í Siglufirði í einkaeign en ein, þ. e. Dalirnir og Siglunes, þó að Skúturnar verði eign bæjarins. En það er ekki eftir nema ein jörð í einkaeign, sem liggur að landi Siglufjarðarkaupstaðar og er að nokkru leyti að byggjast út frá Siglufirði, alveg eins og Skútujarðirnar. Og mér er það dálitið hulin ráðgáta, hvers vegna sú jörð er hér ekki tekin með, sem er Höfn, og það því fremur sem eigendur hennar eru ekki búsettir hérlendis nema að litlu leyti. Og það aukaverðmæti, sem stöðugt verður til, eftir því sem Hafnarland byggist, verður ekki aðeins eign eigendanna, heldur eign manna búsettra erlendis. Ég veit, að það hefur staðið til oftar en einu sinni að gera kaupsamninga um Hafnarjarðirnar, og hafa þeir strandað á þeim eigendum, sem erlendis eru búsettir, og þess vegna tel ég ástæðu til að hafa þessar jarðir í frv. Og vil ég, að eftir þessa umr. verði það athugað gaumgæfilega, með því að tala við hv. þm. Siglf. og með því að athuga aðstæður þarna, hvernig þetta Hafnarland er að verða þarna að bæjarlandi og að bærinn þarf að fá það til eignar og að erfiðara er að kaupa þetta land af eigendum þess, af því að þeir eru fleiri en einn, og að miklu hentugra er að fá það með eignarnámi. Ég er sannfærður um, að ef bærinn fær þetta land nú með eignarnámi, fær hann það ódýrara heldur en þegar lengra líður, og að það verður skaði fyrir bæinn, að þetta bíði.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um, hvers vegna Siglufjarðarbær fer ekki fram á að fá heimild fyrir eignarnámi á þeirri einu jörð, sem er eftir í einkaeign í Siglufirði, í firðinum sjálfum, fyrir utan Skútujarðirnar, sem er Staðarhóll og er austan við fjörðinn. Það kann að vera, að það væri rétt að taka þessa einu jörð með í eignarnámsheimildina. En hins vegar er ómögulegt fyrir allshn. að gerast forsjá fyrir Siglufjarðarkaupstað. Og það, sem liggur fyrir í þessu máli, er einróma ósk bæjarstjórnarinnar á Siglufirði um það, sem frv. er um. Ég sé enga ástæðu til að fresta þessu máli, en legg til, að það verði afgr. núna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 694).

67. Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.

Á 65. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar [188. mál] (þmfrv., A. 548).

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég get verið fáorður um þetta mál, sem er flutt eftir ósk bæjarstjórans í Neskaupstað af okkur þm. S-M. Hér er um að ræða það að gera óljós atriði ljós og skera úr ágreiningi milli Neskaupstaðar og Norðfjarðarhrepps. Orðalagið í l. frá 1943 þótti ekki nægilega skýrt, en nú óska báðir aðilar eftir því, að úrskurður verði gerður, svo að þetta þurfi ekki að vera neitt deiluefni. Í grg. er einnig á það minnzt, að Ingvar heitinn Pálmason áleit það nauðsynlegt að flytja um þetta breyt. á l. Að öðru leyti skýrir grg. þetta alveg, og er því óþarfi að vera að fara um þetta fleiri orðum, en ég vænti þess, að hv. þm. vísi frv. til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 582).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, enda er hér aðeins um leiðréttingu á gildandi l. að ræða, sem enginn ágreiningur er um.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 662).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það þarf ekki langa framsögu um þetta mál. Allir hv. nm. eru sammála um, að óhjákvæmilegt sé að bæta þessum skika við þetta lögsagnarumdæmi. — Það komu að vísu raddir til n. um, að ástæða væri til að stækka lögsagnarumdæmið enn meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. En allshn. sá ekki ástæðu til þess að taka þetta upp, þar sem frv. þetta er flutt af mönnum, sem þessum málum eru gagnkunnugir og fóru ekki fram á meiri stækkun en gert er ráð fyrir í frv.
N. leggur til, að fallizt verði á þetta frv., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 695).

---

68. Jeppabifreiðar (frv. JS o. fl.).

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl. [100. mál] (þmfrv., A. 207).

Á 55. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, lá fyrir alllöngu síðan fyrir allshn. Sþ. þáltill. um innflutning jeppabifreiða. Við athugun þessarar till. virtist n. það engan veginn vera einhlítt að samþ. slíka till., af því að jafnframt yrði að gera ráðstafanir til þess, að sá innflutningur, sem um ræðir, kæmi að þeim notum, sem fyrir hv. flm. vakti.

Við nm. litum svo á, að ekki væri hægt að tryggja það með þál.-ákvæðum einum saman. Það var líka svo, að þegar þessar jeppabifreiðar voru fluttar inn upphaflega, voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að þær kæmu að þeim notum, sem til var ætlazt. Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hafði við þá tilraun, taldi n. rétt að láta setja ákvæði um þetta í l., sem tryggðu enn betur, að svo yrði, en gert hefur verið hingað til. Og það, sem vakir þá sérstaklega fyrir n. með flutningi þessa máls hér, er að reyna að tryggja, að ávallt séu til fyrirliggjandi nægar birgðir af varahlutum til þessara bifreiða. Á því hefur verið, því miður, talsverður misbrestur. Í öðru lagi hefur n. viljað tryggja það, að jeppabifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaga um land allt, þannig, að einstök félög og búnaðarfélög, sem á annað borð geta notfært sér þessi farartæki, verði ekki afskipt. Í þriðja lagi vakir fyrir n., að þeir eigi fyrst og fremst að sitja fyrir kaupum á slíkum bifreiðum, sem hafa þeirra mest þörf, þeir, sem t. d. búa lengst frá alfaraleið og eiga þar af leiðandi örðugast með allar samgöngur. Í fjórða lagi er svo verið að tryggja, að bifreiðarnar haldist til frambúðar í sveitunum. Á þessu hefur orðið töluverður misbrestur, og það hefur sýnt sig, að þrátt fyrir þær hömlur, sem settar voru, notuðu einstaklingar sér það að selja bifreiðar sínar miklu hærra verði út úr sveitunum en þeir gáfu fyrir þær, til þess að hagnast á þeim. Slíkt viljum við flm. koma í veg fyrir og jafnframt koma í veg fyrir brask og okursölu á þessum samgöngutækjum sveitanna. — Þetta eru þau aðalatriði, sem fyrir okkur flm. vaka með flutningi þessa máls, og við teljum, að með þessu, sem hér hefur verið nefnt, ætti það að vera nokkurn veginn tryggt, að úthlutun bifreiðanna yrði réttlát og að þær héldust í sveitunum og yrðu að þeim notum, sem að er stefnt með þeim till., sem liggja fyrir Alþ., og þeim væntanlega innflutningi bifreiða, sem verða á nú á þessu ári.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vildi leyfa mér að leggja til, að málið færi til landbn., þar sem það snertir sérstaklega sveitirnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 477).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta allrækilega og komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til, að tveimur gr. þess verði breytt lítillega.

Fyrri brtt. er um að fella niður síðasta málslið 3. gr., en hann hljóðar á þá leið, að tala þeirra bifreiða, sem afhentar eru stofnunum og starfsmönnum þeirra, megi ekki fara fram úr 1/25 af úthlutaðri bifreiðatölu hverju sinni, nema úthlutunarn. gjaldi því samhljóða jákvæði. Það kom nefnilega í ljós við athugun, að til að byrja með mundi þetta ákvæði rekast tilfinnanlega á þörfina. Jeppar hafa ekki verið fluttir inn undanfarin ár, og er því tilfinnanleg vöntun á þeim til starfsmanna stofnana landbúnaðarins, sem ferðast um land allt erinda þessa atvinnuvegar. N. komst því að þeirri niðurstöðu, að eins og sakir stæðu a. m. k., væri rétt að fella þetta ákvæði niður og treysta á, að úthlutunarn. gætti hófs í þessu efni og úthlutaði ekki fleiri bílum í þessu skyni en brýna þörf bæri til hverju sinni.

Síðari brtt. n. er við 6. gr., og eru tölul. hennar umorðaðir nokkuð. Þannig er t. d. gert ráð fyrir, að þeir einir komi til greina við úthlutun bifreiðanna, sem hafa þeirra full not, þ. e. búa við slík samgönguskilyrði. N. lítur svo á, að þar, sem ekki hagar svo til með vegi, að bifreiðar komi að fullum notum til fólks- og vöruflutninga, sé miklu heppilegra að fá léttar dráttarvélar á þá bæi og nota þær. Þær koma að fullum notum, þótt ekki séu vegir, og þeim er ætlaður dráttur, en jeppum ekki nema að litlu leyti. Þar, sem þannig hagar til, að hægt er að nota jeppana til ferðalaga og flutninga auk dráttar, eru þeir einkar hagkvæm tæki, en þar, sem lítil not eru að þeim til ferðalaga og flutninga vegna vegaleysis, er engin meining í að fá þá; þar er bæði ódýrara og miklu heppilegra að eiga litlar dráttarvélar. Á þetta vildum við benda.

Þá leggjum við til, að 4. tölul. 6. gr. falli niður, því að hann er raunverulega tekinn upp í 3. lið. — Loks vill n. gera smáorðalagsbreyt. á 5. lið, en annað hefur hún ekki að athuga við frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef lýst og tel ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir.

Skúli Guðmundsson: Það er aðeins eitt eða tvö atriði varðandi þetta frv., sem ég vildi rétt víkja að. Samkv. 5. gr. er lagt til, að stjórnir hreppabúnaðarfélaganna taki á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, og síðan eiga stjórnir búnaðarfélaganna að gera till. um það til úthlutunarn., hverjir umsækjendur úr hverjum hreppi eigi að fá bifreið. Út af þessu vil ég beina því til hv. n. og hv. frsm. hennar, hvort stjórnum búnaðarfélaganna sé ætlað að sjá um úthlutun bílanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Í þessu sambandi vil ég skjóta því að n., hvort ekki mætti láta stjórnir hreppabúnaðarfélaganna sjá um úthlutunina, hverja á sínu félagssvæði. Með þessu fyrirkomulagi yrði bílunum skipt á milli hreppabúnaðarfélaganna, en stjórnir þeirra úthlutuðu þeim svo til umsækjenda. Mér finnst orðið fullmikið um nefndavaldið hér í Rvík, en með þessu yrði þó eitthvað úr því dregið, en ég efa það ekki, að með þessu móti og þeim hætti, sem verið hefur á undanförnum árum í svipuðum málum, þá verði nú rétt ein nefndin skipuð, sem hefði aðsetur hér í Rvík. Svo er með flestar n.

Mér þætti gott, ef hv. n. vildi athuga þetta fyrir 3. umr. málsins.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði hér áðan, vil ég segja nokkur orð. Hann spurði, hvort n. hefði athugað þá leið, að úthlutun bílanna færi fram heima í héruðunum. Já, úthlutunin mun fara fram þar samkv. frv. eins og það nú liggur fyrir. Búnaðarfélagastjórnirnar munu taka á móti umsóknum og úthluta bílunum til umsækjenda, hafi ekki verið sótt um fleiri bíla en úhluta skal. Nú er sótt um fleiri bíla en úthluta á í héraði. Skal þá leitast við að láta þann aðilann fá bifreið, sem mesta þörf hefur fyrir hana. En það getur stundum verið erfitt að ná samkomulagi um hluti sem þessa. Það hefur stundum komið fyrir, að varpað hefur verið hlutkesti um það, hver skuli hljóta farartækið. Hefur þá oft svo brunnið við, að sá aðilinn, sem sýnilegt var, að hefði hvað minnsta þörf fyrir að fá bifreiðina, hlaut hana. Það þarf því til öryggis að hafa eins konar yfirúthlutun til að tryggja það, að deiluatriði, sem upp kunna að koma, verði leyst með meiri sanngirni og frekara öryggi en verið hefur til þessa í þessum málum. Er þetta gert í þessu frv. samkv. grundvelli 6. gr. frv. — Um hitt atriðið, hvort 4 eða 5 menn skuli eiga sæti í n., skal ég ekkert um segja. Það varð samkomulag um þetta í n., og ég sé enga ástæðu vera fyrir hendi til að breyta þar nokkru um.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að fara að blanda mér inn í þessar umr., en ef það er vilji manna, að þetta mál nái fram að ganga, er allt útlit fyrir, að enn ein n. verði skipuð. Ég hefði samt haldið, að hægt hefði verið að úthluta nokkrum hundruðum jeppabíla, án þess að skipa þyrfti nýja n. til þess. Á meðan viðskiptanefnd og fjárhagsráð starfa, hefði verið hægt að fela þessum stofnunum að sjá um þetta. Það mætti binda úthlutunina við fastar fyrir fram gefnar reglur, sem ekki mætti víkja frá, en ef Alþ. vill endilega bæta enn einni n. við, þá er ekki annað en að gera það. Ég vildi aðeins láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel, að það mætti leysa þennan vanda án þess að enn ein ný n. komi til skjalanna.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. benti á í ræðu sinni, að það væri skoðun sín, að leysa mætti þetta mál án þess að til þess yrði skipuð ný n., og benti í því sambandi á viðskiptan. og fjárhagsráð. Jú, það skal játað, að þessar n. eru til, og það hefði mátt fela annarri hvorri úthlutunina, en ekki munu störf þeirra n. minnka við það. En með þeirri skipan, sem hér er lagt til, eru valdir 4 fulltrúar bændastéttar landsins til að úthluta bændum bifreiðum þessum. Það þarf ekki að kosta ríkissjóð nokkurn hlut, því að ég býst ekki við, að þeir fái borgun fyrir starf sitt. Fimmti maður verður kosinn af sameinuðu alþingi. Sá maður mundi kannske fá einhverja þóknun, en þó þarf ekki svo að vera. Ég held, að það sé öruggara, að úthlutunin sé í höndum manna, sem vinna að landbúnaðinum, en í fjárhagsráði eða viðskiptanefnd. Hreppabúnaðarfélögin hafa einnig betra yfirlit yfir þörf manna fyrir slíkar bifreiðar sem þessar en þær n., sem hæstv. ráðh. benti á.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tók fram áðan, að ég mundi ekki setja mig upp á móti skipun Alþ., en ég vildi draga í efa, að ekki mætti finna lausn á þessu máli án þess að setja nýja n. á laggirnar. Mér hefur verið tjáð, að Búnaðarfélag Íslands hafi úthlutað hluta þeirra bíla, sem nýbyggingarráð fékk til ráðstöfunar á sínum tíma, og hefur ekki verið mikið fundið að því. Yfirleitt vildi ég óska eftir því, að viðskiptan. úthlutaði leyfum yfirleitt, enda er það verk hennar að úthluta þeim vörum, sem koma til landsins, til kaupenda. Þessi nefndarskipun mun eflaust kosta eitthvert fé fyrir ríkissjóð, t. d. laun þessa eina manns, sem Alþingi kýs. Nú, þótt Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda greiddu fulltrúum sínum í n. laun, fá þeir samt laun sín úr ríkissjóði óbeint. Vitaskuld verður þessi kostnaður greiddur beint eða óbeint úr ríkissjóði, sem úthlutunin mun kosta. Ég gæti einnig hugsað, að ef horfið verður að þessu ráði, að skipa sérstaka n., komi aðrir atvinnuvegir í kjölfarið, t. d. sjávarútvegsmenn, og heimti, að þeir skipi n. til þess að sjá um úthlutun á innfluttum veiðarfærum, og iðnaðarmenn vilji fá n. til að úthluta hráefnum til iðnaðarins. Ég trúi því ekki, að ekki sé heppilegra að losna við enn þá nýja nefnd.

Skúli Guðmundsson: Út af þeim umr., sem fram hafa farið, vil ég taka fram, að mér finnst það eðlilegt, að bílaúthlutunin sé í höndum félagssamtaka bænda. Hins vegar tel ég óþarft, að Alþ. kjósi mann í n. Það verður ekki um það deilt, að stjórnir búnaðarfélaganna eru kunnugri á hverjum stað en þó að úthlutunarnefnd yrði skipuð, sem sæti ætti hér í Rvík. Þess vegna sýnist mér það vera hyggilegra að fela búnaðarsamböndunum úthlutunina á félagasvæðunum.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði um hlutkesti. Ég sé nú ekkert hneykslanlegt við það, hafi umsækjendur sömu skilyrði til að bera til að fá bílinn. Úrslit hlutkestisins munu vart verða verri en þó að málinu yrði skotið til úrskurðar einhverrar yfirnefndar suður í Rvík.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að vænta þess, að þetta verði athugað á milli umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. landbn. hefur lýst, eru þau ákvæði um innflutning jeppabifreiða, sem þetta frv. felur í sér, hér fram borin vegna þess samkomulags, sem náðst hefur milli flokkanna um þetta. Í frv. eru mörg atriði, sem sjálfsagt geta verið nokkuð deildar skoðanir um, og það kann að vera, að ekki þyrfti að skipa sérstaka n. til að sjá um dreifingu þessara vinsælu tækja.

Út af ræðu hæstv. samgmrh. vil ég segja, að það er alls ekki hægt að sætta sig við svipaða niðurstöðu og til þessa hefur verið á úthlutun bifreiða og nú síðast Renaultbifreiðanna, sem

þó átti að tryggja, að úthlutað yrði með sanngirni. Það gæti því verið einhver bót að fela úthlutunina t. d. Stéttarsambandi bænda eða þá að sætta sig við þetta samkomulag, sem lagt er til í þessu frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. Það stendur til að veita leyfi fyrir jeppunum fyrir upphæð, sem nema mun um 3 millj. kr., en það eru nú áldrei mörg hundruð jeppar. Nú vantar ekki eftirspurnir um jeppa, því að vitað er, að sótt mun verða um margfalt fleiri jeppa en hægt verður að veita. Þess vegna tel ég, að það mundi verða erfiðara fyrir opinbera n. að skera úr, hverjir skuli hljóta tækin, og legg ég því eindregið til, að búnaðarfélögunum verði falin úthlutun þessara fáu stykkja, sem koma eiga. Það þarf því að leita hófanna að reyna að ná heppilegu samkomulagi um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 477,1 samþ. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EystJ, HÁ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, SG, SEH, StSt, StgrSt.

nei: KTh, SigfS, SK, SkG, ÁkJ.

EmJ, FJ, GÞG, HB, HelgJ, StJSt, BG greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÁ, BÁ, GTh, HermG, JJ, LJós, ÓTh, PO, SB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 477,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 537).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef tekið eftir því, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að kostnaður við störf þeirrar n., sem eftir frv. er ætlazt til, að kosin verði, greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í n., en þessir aðilar eru Búnaðarfélag Íslands, stjórn Stéttarsambands bænda og landbúnaðarnefndir Alþingis. Ég tel þetta ákvæði ákaflega óeðlilegt um þessar sérstöku stofnanir, sem Alþ. gerir að skyldu að annast starf í þessu efni, að ákveða á Alþ., að þessi kostnaður skuli lagður á þær, og vil ég flytja brtt. um það, að þessi kostnaður við þessi störf, ef einhver verður, verði greiddur af þeim, sem fá jeppana flutta til landsins, og að hann verði greiddur með söluverðinu. Ég hygg, að það sé ekki óeðlilegt, en hitt sé óeðlilegra, að greiða þennan nefndarkostnað t. d. með alþingiskostnaði eða leggja hann á Stéttarsamtök bænda. Ég vona, að þessi brtt. valdi ekki ágreiningi, því að hún er eðlileg samkvæmt eðli málsins. Vildi ég mega fá augnabliksfrest til þess að skrifa hana upp.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur boðað þarna brtt., sem ég hef nú heyrt lýst. Þetta er náttúrlega ekki neitt stórt atriði í málinu, hvorki til né frá. Eins og ég gat um við 2. umr., gerðum við ráð fyrir, að þarna kæmi til greina sama og enginn kostnaður. Svo var það síðast, að starfsmenn Búnaðarfélags Íslands unnu að þessu án þess að taka nokkra sérstaka borgun fyrir það, og ég býst við, að það mundi verða eins nú og sömuleiðis hvað snertir Stéttarsamband bænda, svo að þetta skiptir engu. Ég hefði kunnað bezt við að hafa þetta atriði eins og það er í frv., því að ég býst ekki við, að þetta muni neinu til eða frá.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf., sem hann hefur nú lýst. Leita þarf afbrigða fyrir henni. Hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 547) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 547 felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JóhH, SigfS, SEH, StJSt, BG.

nei: BÁ, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, KTh, PÞ, SkG, StSt, StgrSt, ÁkJ.

10 þm. (GTh, HB, HermG, JJ, LJós, ÓTh, PO, SB, SG, SK) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Það mun vera innheimt gjald af öllum þeim, sem fá leyfi til innflutnings á vörum, til þess að mæta kostnaði við fjárhagsráð og deildir þess. Ég geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem fá að flytja inn jeppabifreiðar, verði undanþegnir þessu gjaldi. En þarna skilst mér vera till. um að láta þá þar að auki greiða kostnað við úthlutun jeppanna, en það get ég ekki gengið inn á, nema eitt verði látið ganga yfir alla, að þeir greiði aukagjöld eins og þetta auk venjulega gjaldsins fyrir innflutningsleyfi, og segi nei.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins, áður en frv. er vísað til n., benda á

eitt, er þyrfti að leiðrétta. Í 3. gr. eru þeir taldir upp, sem afhenda má bifreiðarnar. Samkvæmt því má afhenda þær bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni og stofnunum landbúnaðarins, og starfsmönnum þeirra, — skógrækt og sandgræðsla meðtalin —, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum. Mér þykir þetta nokkuð þröngt og vildi, að héraðslæknar í sveitahéruðum gætu einnig komið til greina. Ég veit, að í sumum héruðum er nauðsynlegt, að þessar bifreiðar séu í eigu þeirra, þar sem þeir þurfa oft fyrirvaralaust að ferðast langar leiðir. Engum er eins mikil nauðsyn á þessu og þeim, ekki einu sinni bændum. Ég vildi benda n. á það að bæta héraðslæknum við. Ef hún getur ekki fallizt á það, mun ég bera fram brtt. í þessa átt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hefði ekki fundið þörf á því að lengja umr., en þar sem þetta frv. heyrir undir n., sem ég er form. í, vildi ég benda á, að hér er átt við, að þessum bifreiðum sé úthlutað til landbúnaðarþarfa. Eitthvað er flutt inn af jeppum til annars en landbúnaðarþarfa. Verð ég að segja það, að héraðslæknar og ljósmæður verða nauðsynlega að fá þessar vélar, og verð ég líka að segja, að ef eitthvað er flutt inn til annars en landbúnaðarþarfa, þá kæmu þeir til greina, sem leggja stund á heilbrigðismálin, og ýmiss konar læknar mundu þá ganga fremst. Það mætti athuga, og lofa ég að tala þá við hæstv. ríkisstj., en vara við, ef fara á að breyta þessu hér í d., þegar liðið er á þingtímann, og minni bara á, hversu erfiðlega gekk í Nd. að koma þessu í gegn. Það væri að brugga málinu bana ráð, ef koma á í gegn breyt. þeirri, er hér um ræðir, og sá, sem flytur till., ber ábyrgðina. Og ég held, að við hv. þm. N-Þ. gætum fengið úrlausn fyrir héraðslækni þann, er hann á við, þótt þetta væri ekki sett inn í frv. Ég er tregur til að stofna málinu í vanda með því nuddi, sem verið hefur um, hvernig úthluta eigi vélunum, þegar samkomulag virðist vera að komast á nú, og vil því ekki hætta við hálfgert verk og verða að byrja aftur á næsta þingi.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil ekki tefja frv. Ég átti því tal við hæstv. viðskmrh., hvort hann sæi sér fært að veita leyfi fyrir bílum til lækna, en hann kvað nei við og sagði, að yrði frv. þetta samþ., þá væri aðeins um að ræða jeppabifreiðar til bænda. En ég yrði ánægður, ef hv. form. landbn. gæti fengið yfirlýsingu frá stj. þess efnis, að hún teldi héraðslæknum heimilt að fá jeppabíla. Að öðrum kosti sé ég mér ekki annað fært en flytja brtt. mína.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki fjallað um málið í stj., en mér finnst frv. verða þýðingarlítið, ef hægt á að verða að úthluta utan við það. Ég held nánast, að það yrði þýðingarlaust, og tel eðlilegt, að tekið sé fram í því sjálfu um meðferð allra innfluttra jeppa. Það er vitað, að jepparnir munu verða leyfðir sem landbúnaðarvélar. Og ef taka á út úr og segja, að þetta og þetta séu eigi landbúnaðarvélar, þá finnst mér, að grafið sé undan megintilgangi frv. Áður var úthlutunin í höndum nýbyggingarráðs, Búnaðarfélagsins o. fl. aðila. Nú á að koma í veg fyrir þennan tvískinnung. En eigi að tiltaka litinn hluta jeppanna, sem koma á undir stofnunina, þá verður tilgangurinn með frv. lítill. Ég vil því hvetja hv. þm. N-Þ. til að flytja brtt. sína, því að mér finnst hún vera bæði eðlileg og sanngjörn, og mun greiða henni atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir góðan hug hans til málefnisins. En það þýðir ekki að eyða tímanum hér í eintómt mas. Hér er átt við jeppa til landbúnaðarþarfa og ekkert annað, og þá verður að útvíkka þetta til allra bíla, að þeim skuli vera útbýtt af n. Ég sé ekki annað, ef flytja á inn þessa bíla til landbúnaðarþarfa, en þá megi og flytja inn jeppa til einstakra manna eins og drossíur. Hin háa Þingvallan. hefur þurft jeppabíl, þó að það sé eigi til landbúnaðarþarfa. En þetta er svo, að eigi að fara að breyta þessu, þá á að koma óreiðu á málið, og bera þeir þá ábyrgðina, sem með brtt. fara.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil nú bara leiðrétta misskilninginn varðandi jeppann til Þingvallan. Skv. frv., sem flutt var í Nd., átti hann eigi að fara til Þingvallan., heldur umsjónarmannsins á Þingvöllum. Ég held ekki, að neinn úr n. hafi hugsað sér að nota hann til eigin ferðalaga. Eftir ummælum hv. þm. Dal. á að vera tvískinnungur í þessu. Stj. á að hafa þann skilning, að lítið eigi að fara til landbúnaðarþarfa. En ég ætla, að með frv. eigi að forðast þennan tvískinnung. Og ástæða er til að breyta frv. og gera það ótvírætt, fremur en að frv. verði samþ. með slíka tvöfeldni fyrir augum. Ég lít svo á og verð því fylgjandi brtt. hv. þm. N-Þ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil nú fá upplýsingar um ýmis atriði þessu frv. viðvíkjandi. Frv. gerir ráð fyrir innflutningi á jeppum og setur reglur um, hversu þeim eigi að úthluta. Innflutningsáætlunin gerir ráð fyrir 3 millj. kr. til innflutnings á jeppum, og þá nemur útflutningurinn 417—418 millj. kr. alls. En auk þess ætlar hún aðeins 750 þús. kr. til innflutnings á öðrum bifreiðum. Og það þekkjum við, að nokkrir læknar hér í bæ hafa fengið bíl á hverju ári og sumir tvo. Er það andskoti hart, að héraðslæknar hafa eigi fengið einn bíl á sama tíma og sumir læknar í Rvík hafa fengið tvo, en svo eiga héraðslæknar að þurfa að notast við jeppa, er fluttir eru inn í allt öðrum tilgangi. Vil ég biðja hæstv. dómsmrh. o. fl. að athuga þetta.

Svo er það annað, sem ég vil fá upplýst. Hér hef ég í vasanum bréf, er gefur upplýsingar um nöfn á 96 mönnum, sem allir hafa í höndum leyfi frá nýbyggingarráði fyrir jeppa, bæði

innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. 41 þeirra hafa greitt 12 þús. kr. hver upp í jeppaverðið. Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh., sem er góður lögfræðingur: Hafa eigi þessir menn siðferðislegan og lagalegan rétt til að fá bíl? Geta þeir ekki fengið hann dæmdan sér? Ráðið, sem var skipað með l., lætur í té leyfi fyrir bíl og segir, að hann verði borgaður af þeim 300 millj. kr., sem landsmenn áttu inni erlendis og ætlaðar voru til hinnar svo kölluðu nýsköpunar. Mennirnir hafa leyfin í vösunum, fara til innflytjandans, og hann geymir hinar 12 þús. kr. upp í jeppaverðið. En þeir fá engan bíl. Nú spyr ég: Ef fara á að flytja inn jeppa til bænda, hvað á þá að verða um þá 41, sem eigi eru bændur, stráklingar og aðrir hér í Rvík, sem sumir aka lúxusbílum, þó að þeir vilji líka fá jeppa? Hvað á að gera við þá? Ef þeir hafa rétt, á þá að sniðganga þá með frv.? Þetta vildi ég fá upplýst. Þó hafa einhverjir spurt um þetta í n., og mun hún víst athuga málið. En mér skilst, að hér geti orðið árekstrar. Ég mundi í sporum þessara manna ekki hika við að fara í mál við hæstv. ríkisstj. Ef ég hefði gjaldeyris- og innflutningsleyfi og peninga í sjóði, þá mundi ég fara í mál. (*BÓ:* Það er ekki víst, að þú ynnir það.) Ég held, að þetta hafi verið gert í umboði stj. Ég vildi gjarna fá þetta upplýst, og því fremur sem hér eru nú viðstaddir fyrrv. form. nýbyggingarráðs, hæstv. fjmrh., dómsmrh. og fleiri lögfræðingar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er vitað mál, að þegar nýbyggingarráð hætti störfum, voru útistandandi allmörg leyfi. Ég veit ekki um tölu þeirra á þessu tímabili. En alloft munu þeir, sem leyfi fengu, hafa verið búnir að borga umboðsmanni fabrikkunnar upp í bílinn, en það kom nýbyggingarráði auðvitað ekkert við. Ráðið hafði ekki með það að gera. En það mælti með við viðskiptan., að leyfin væru gefin út, eins og háttur var á. Ráðið gat sent meðmæli um innflutningsleyfi til hennar, sem alloft voru tekin til greina. En jepparnir voru eitt af því, sem viðskiptan. gekk fram hjá, og lét þá mæta afgangi, án þess að hún gæfi skýringu á því. Ég kvartaði undan þessu við hæstv. viðskmrh. og þótti þetta leitt, því að ég hafði veitt forstöðu þessari stofnun, sem gaf út leyfin, en hann hefur eigi séð sér fært að uppfylla loforðin. Ég hef fengið bréf frá nokkrum bændum, sem tjá mér, að þeir hafi leyfi í höndunum frá nýbyggingarráði, sumir hafa greitt þau, og spyrja um, hver þeirra hlutur muni verða, og ég hef eigi getað veitt þeim nein fullnaðarsvör, en það verður að leysa þetta mál. En úr því að nú hefur verið stigið það spor að flytja inn jeppa, hljóta þeir, a. m. k. bændur í sveit, að hafa forgangsrétt til að fá fullnægju fyrir þeim leyfum, er þeir óréttilega hafa verið dregnir á tálar með. Ég hef verið óánægður með þessa aðferð og finnst fullkomið sanngirnismál, að í fyrsta lagi fái þeir bændur úrlausn, sem þarna eiga hlut að máli, og í öðru lagi er svo hitt, að það er siðferðisleg skylda, ef eigi lagaleg, en af því að jepparnir eru ætlaðir til landbúnaðarþarfa, þá er hærri réttur sveitanna eftir frv. Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. er eigi viðstaddur hér í d., því að hann mundi geta svarað þessu og lýst skoðun stj. En ég hef margoft bent á, að þeir, sem haft hafa innflutningsleyfi í höndum og enn eigi fengið þau afgreidd, hefðu forgangsrétt til hins nýja innflutnings, ef til kemur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð vegna spurningar hv. 1. þm. N-M. (PZ), hvort þeir menn, sem hefðu leyfi í höndum og jafnvel hefðu borgað það, ættu eigi siðferðislegan og lagalegan rétt til að fá jeppa afgreiddan. En hér er í rauninni um tvær spurningar að ræða, og vísa ég hinni fyrri heim til föðurhúsanna. Ég veit, að svo vandaður og góður maður, sem ég veit, að hv. 1. þm. N-M. er, hefur eigi síður vit siðferðislega en ég. Minn dómur er því eigi fremur markverður en hans. Svo er nú hæstv. fjmrh. á sömu skoðun og hv. þm., og það má gleðja þennan hv. þm. En ég er ekki málunum kunnugur og læt mér nægja umsagnir þessara tveggju ágætu manna. En eigi væri óeðlilegt, þegar hafður er í huga jeppinn, sem gekk til umsjónarmannsins á Þingvöllum, að úrskurða mætti þá líka um aðra jeppa. Varðandi hinn lagalega rétt þá er eðlilegast það, sem hv. þm. N-M. sagði, að þessir menn höfði mál gegn stj., ef þeir telja sig hafa hann, verði skorið úr þessu með málsókn. En ég verð að telja litlar líkur til, að þeir telji hinn lagalega rétt fullöruggan, þegar ekki einn þeirra hefur enn, þó að svo sé um liðið, höfðað mál gegn ríkisvaldinu, þótt þeir telji sig óréttti beitta, því að hv. þm. N-M. er eigi málsjúkari en aðrir, en telur þá hafa rétt til þess, og þeir höfðu tækifæri. En ef þeir vissu, að þeir mundu vinna málið, þá mundu þeir höfða það. Annars er eigi ástæða til að svara þessu frekar, því að þessum aðilum er opin leið til að fá skorið úr þessu hjá dómstólunum. Og sízt er ástæða til þess fyrir mig.

Varðandi þau ummæli hv. 1. þm. N-M., að ég leggi kapp á, að héraðslæknar fengju jeppa þá, sem bændunum væru ætlaðir, þá vitna ég til hv. dm., að ég hef ekki sagt neitt svipað í þessa átt, og ég veit, að ég hef enga ástæðu til þess. En eðlilegt er og sjálfsagt, ef á að tryggja læknum jeppa, að taka það fram í frv., því að óvíst er, að að öðrum kosti væri það hægt. Þetta voru ummæli mín, en hv. 1. þm. N-M. vill snúa þessu upp í fjandskap minn við málið. En hitt er annað mál, að ég geri ráð fyrir, að meginþorri héraðslækna landsins hafi nú þegar einhvern bílakost og þurfi því eigi bíl. Yrðu því ekki of margir, sem þyrftu að keppa við bændur í þessu efni, en eðlilegt er, að opin leið yrði fyrir lækna að fá jeppa. Nú eru ætlaðar 3 millj. kr. til jeppainnflutnings, en aðeins 750 þús. kr. til innflutnings annarra bifreiða. Halda menn þá, að það veitti ekki af þessum 750 þús. kr. til ýmissa endurbóta eða nokkuð yrði afgangs til innflutnings á jeppum? Ég held ekki, að hægt sé að skoða till. hv. þm. N-Þ. sem fjandskap við bændur, þótt læknar

fengju jeppa, sem hægt væri að kaupa fyrir þessar 3 millj. kr. Og eftir eftirsókninni eftir fólksbílum að dæma held ég, að ekki yrði mikið eftir af þessum 750 þús. kr. til annars innflutnings. Hv. 1. þm. N-M. beindi til mín fsp. varðandi lækna í Rvík. En sé það rétt, að einhverjir þeirra hafi fengið bíl ár eftir ár og sumir marga og síðan selt þá með okurverði, þá verð ég að telja það hneyksli, er eigi megi liggja í þagnargildi. Og ég vil enn skora á hv. 1. þm. N-M. að láta uppi hér í hv. d., hverjir þessir læknar eru og hvenær þeir hafa fengið þessa mörgu bíla á árinu og fyrir hversu mikið þeir hafa selt þá og hve mikið þeir hafa á því grætt. Ef hann hefur fengið þekkingu sína á þessu sem ríkisskattanefndarmaður, þá ætti hann að snúa sér til ríkisstj. til þess að reyna að sjá um, að svona hneyksli verði upprætt.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda á í sambandi við þetta frv., að það er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í leyfisveitingum fyrir jeppabifreiðar. Ég veit ekki fyrir víst, hve margir jeppar fást fyrir það. Þeir eru ekki margir. Auk þess er ekki hægt að vita, hvenær gjaldeyrir verður til fyrir þessum innflutningi á árinu. Og eftirspurnin eftir þessum bifreiðum er óskapleg nú úr svo að segja hverjum hreppi á landinu, og spurt er eftir fleiri en einum jeppa úr hverjum hreppi og sums staðar mörgum fleirum. Úthlutunin á þessum jeppabifreiðum verður þess vegna mikið vandamál. Og ef það ætti eftir að koma fyrir, að þessum tiltölulega fáu jeppum væri úthlutað af viðskiptanefnd eða einhverri undirnefnd frá ríkisstj. og sú n. sæti hér í Rvík, þá er augljóst, að það yrði algerlega óvinnandi verk nema af fullkomnu handahófi, og í kringum það yrði slíkt írafár og erfiðleikar, að það er eiginlega ómögulegt að hugsa til þess, að þannig ætti þetta að vera. Ég tel þess vegna skynsamlegast að fela búnaðarsamtökunum að úthluta þessum jeppum meðal bændastéttarinnar. Ef hægt væri að koma þessu fyrir svona lagað og að slíkt væri tryggt, þyrfti ekki um þetta atriði neina löggjöf, ef t. d. innflutningsyfirvöldin vildu fela þetta Búnaðarfélagi Íslands. En enn þá hafa ekki verið teknar ákvarðanir um þetta, og ég veit ekki, hvort slík ákvörðun hefði þyr hjá innflutningsyfirvöldunum, og þess vegna tel ég, að þótt ekki þyrfti um þetta atriði löggjöf, ef þetta væri tryggt, að innflutningsyfirvöldin vildu hafa þetta svona, — að þetta liggi fyrir á þann veg, að það þyrfti að setja þessa löggjöf, til þess að fyrirbyggja þau ósköp, sem því yrði samfara, að einhver ríkisnefnd færi að úthluta þessum jeppum. Það væri helzt hægt að vonast eftir því, að þetta gæti gengið eftir einhverri allsherjar reglu með því að fela þetta þeim samtökum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna mæli ég með því fyrir mitt leyti, að þetta verði gert að lögum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara benda hæstv. dómsmrh. á það, að hér í landinu er til stofnun, sem mun heita bifreiðaeftirlit ríkisins, er skrásetur allar bifreiðar og hæstv. dómsmrh. á ákaflega góðan aðgang að. Þar munu vinna milli 10 og 20 menn, og þeir munu geta gefið þessum hæstv. ráðh. upplýsingar um það, hverjir hafa átt vissa bíla á ýmsum tímum. Skrifstofustjórinn í fjmrn. er í yfirskattanefnd Rvíkur og hefur orðið að bæta við skatta hjá einstökum mönnum vegna bílasölu á svörtum markaði. Svo að það eru hæg heimatökin hjá hæstv. ríkisstj. að vita um þetta, ef hún vildi — ef hún vildi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Er það þá svo að skilja, að hv. 1. þm. N-M. vilji hvorki segja hv. þd. frá þeirri vitneskju, sem hann hefur um þetta, né heldur vilji hann segja ríkisstj. frá því, ekki í heyranda hljóði? Það er mikilsvert, ef þessi hv. þm. situr inni með vitneskju, sem hann telur fullkomið hneyksli og jafnvel lögbrot, og þá trúi ég því ekki á svo grandvaran mann, að hann vilji gerast yfirhylmingarmaður þess.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það stendur hér í 1. gr. frv., að meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti séu háð ákvörðunum ríkisvaldsins, þá ákveði ríkisstj. eða sá aðili, sem fari með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins til landbúnaðarþarfa ár hvert. Mér skilst, að á meðan þessi gr. er höfð svona óákveðin, þá sé hægt að hafa framkvæmdina á þessu líka, að þó að þetta sé samþ. svona, eins og gr. er, þá fái landbúnaðurinn ekki nema lítinn hluta af þessum bifreiðum, heldur sé það á valdi fjárhagsráðs að ákveða, að af þeim 3 millj., sem flytja á jeppabifreiðar inn fyrir, skuli t. d. aðeins fyrir 500 þús. vera fluttar inn bifreiðar til bænda. Ég hygg, að það sé ekki tryggt, að allar þessar bifreiðar fari til bænda, heldur sé þetta á valdi innflutningsyfirvaldanna. (*Menntmrh.:* Já, það er á valdi innflutningsyfirvaldanna.)

Í 2. gr. frv. þykir mér einkennilegt, hverjir eiga að greiða kostnað við störf n. Kostnaðurinn á að skiptast niður á þessa aðila, sem skipaðir eru í n., og það eru fyrst og fremst aðilar frá Búnaðarfélagi Íslands, sem er ríkisstofnun, síðan frá Stéttarsambandi bænda og loks einn skipaður af landbúnaðarnefndum Alþ. Hvar á að taka það fé, sem á að skipta sem kostnaði niður á fulltrúann frá landbn. Alþ.? Af alþingiskostnaði? Mér þykir þetta ákaflega einkennilega til tekið. Brtt. kom fram í hv. Nd. á þskj. 547 um, að kostnaður við störf n., ef einhver yrði, greiddist af þeim aðilum, sem fengju bifreiðarnar, en sú till. var felld þar. Mér finnst þetta ákaflega einkennileg ráðstöfun. Hvers vegna er ekki sagt beint, að þetta skuli greiðast úr ríkissjóði, því að Búnaðarfélagið sækir peninga sína þangað? Og ég heyri, að hv. þm. Dal. (ÞÞ) segir, að landbn. sæki líka sína peninga þangað. Annars þykir mér einkennilegt, að ekki skuli vera hægt að koma þessu öðruvísi fyrir. Það kostaði 36 þús. kr. að úthluta Renaultbílunum. Ef þeir hefðu verið fluttir inn eftir venjulegum reglum um inn-

flutning, hefði viðskiptanefnd orðið að gera það án sérstakrar þóknunar. Og af þessum 36 þús. kr. fóru 16 þús. kr. til form. úthlutunarn., sem sagt er, að hafi byrjað á því að úthluta sjálfum sér bíl. — Það er ekki séð við öllum meinbugum á þessu máli, þó að þetta frv. verði samþ. Annars mun ég ekki setja fót fyrir þetta frv., þó að það sé gallað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 630, 561, 563, 631).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta mál og þær brtt., sem lágu fyrir hér í d., bæði frá hv. þm. N-Þ. og hæstv. fjmrh. Það virtist vera, að hér væri komið í dálítið óefni, og n. velti því fyrir sér, hvernig helzt mætti komast út úr þeim erfiðleikum, sem búnir eru að mæta þessu frv. Við vitum, að það hefur verið mesti vandi að útbýta þessum áhöldum og skipta þeim milli manna, og fáir hafa viljað gefa sig í þetta, en með þessu frv. er mjög mikil bót ráðin á því með þá jeppa, sem eiga að fara til landbúnaðarins, hvernig á að koma því fyrir, og reglur settar um það, sem setja þetta í fastar skorður. N. sá það, að ef losað væri um böndin í þessu frv. með því að gefa undanþágur eins og kom fram í Nd., þá væri vafasamt, hvernig færi um þetta. Ef héraðslæknar fengju sérstaka undanþágu, þá var ekki hægt annað en veita hana einnig ljósmæðrum, og gátu þá komið fleiri koll af kolli. Því var það, að n., þeir 4 nm., sem á fundi voru, var sammála um að ráða bót á þessu með því, að nefnd tæki að sér að útbýta jeppum, sem til landsins kæmu eða slíkum bifreiðum, sem geta heitið öðru nafni, en eru þó af sams konar gerð og þeir. En það er ekki ætlunin, að landbúnaðurinn hirði allt, þó að það sé meginstefnan, að jepparnir séu einkum hæfir til þess að vera í sveitum, hvort sem er til jarðyrkjustarfa eða til að vera á vegum þar, en drossíurnar aftur hæfari til að vera á hinum betri vegum í bæjunum, heldur þótti rétt, að jeppa fengju einnig þeir menn, sem hafa þörf fyrir þær bifreiðar. Varð það ofan á, að nm. gengust undir það, að það yrði 20%, sem gengi til annars en landbúnaðarins af þessum tækjum, sem innflutt væru. 3. brtt. skýrir enn betur, hvaða bifreiðar heyra undir þetta hugtak, sem til skipta koma fyrir þessa n., og er þar ekki eingöngu hugsað til þess, að það sé aðeins til ferðalaga, heldur til annarra heimilisnota, og var því sett hér í staðinn, að það væri til annarra heimilisþarfa en aðdrátta. 3. brtt. voru menn alveg sammála um, og var það talið leiða af sjálfu sér, að 4. brtt. kæmi hér inn. — Og svo er það 5. brtt. N. leit svo á, að nauðsynlegt væri að fylgjast með sölu þessara bifreiða ekki aðeins frá fyrstu hendi, heldur áfram og líta eftir, að þær væru ekki seldar á svörtum markaði, heldur væru þær yfirleitt seldar þeim mönnum, sem helzt þurfa á þeim að halda. En eftir upplýsingum, sem hér komu fram, fyrst frá hv. 1. þm. N-M. (PZ) og síðan frá hæstv. fjmrh., þá var þannig komið, að margir voru búnir að fá leyfi fyrir bifreiðum þessum og ýmsir búnir að borga þær að mestu eða öllu leyti. En til þess að ekki væri hætta á því, að menn færu nú að hlaupa í að borga þær og ná sér í réttindi á þann hátt, var sett hér það bráðabirgðaákvæði frá n. hendi, að þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum og búnir eru að borga þær að mestu eða öllu leyti fyrir árslok 1947, skuli ganga fyrir að öðru jöfnu. N. vildi gera nokkra úrlausn þeim mönnum, sem hafa látið peninga í þetta, og finnst sanngjarnt, að þeir gangi fyrir þeim, sem ekki hafa lagt fram neitt fé til þessara kaupa. — Ég vona, að þessi brtt. frá n. geti gert það að verkum, að hv. þm. N-Þ. (BK) geti tekið till. sína aftur, og sömuleiðis geri ég ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. muni einnig geta gert það, ef þessi brtt. yrði samþykkt.

Eiríkur Einarsson: Það er nú búið að geta þessa máls í framsögu af n. hálfu, og vissi ég náttúrlega, að framsagan mundi verða í samræmi við þær brtt., sem fyrir liggja frá n., og frv. sjálft. En í nál. hef ég áskilið mér rétt til þess að fylgja brtt. eða fylgja þeim ekki, eftir því sem mér sýndist, eins og málið horfir nú við, þar sem ég er ekki alls kostar ánægður með það. Ég vil láta þess getið, að mér finnst frv. í sjálfu sér vera réttmætt og verðskulda, að það verði lögfest, en vil jafnframt, að því fylgi sem minnst lagaboð um ráðstöfunina. Það er nú aðalatriðið fyrir mér. — Það, sem þarna fer helzt í taugarnar á mér, er bráðabirgðaákvæðið. Ég er hræddur um, að þegar gefið er slakt á með lagasetningunni sjálfri um úthlutunina og búið að rétta einum fingurinn, þá komi fleiri til sögunnar. Ég veit, að þeir, sem hafa greitt fé fyrir þessa væntanlegu bíla, eiga rétt á að fá fé sitt endurgreitt. En að þeir, þótt þeir slæddust inn á þessa skrá, eigi rétt á því að fá jeppa nú, tel ég allt öðru máli gegna. Bændur, sem þar eru komnir á skrá, eiga vitanlega forgangsrétt, því að ég sé ekki ástæðu til að vera að þessu basli, nema það sé gert í ákveðnum tilgangi, þ. e. í þágu landbúnaðarins.

Að því er snertir brtt. hv. þm. N-Þ., um læknabifreiðar, er það að segja, að þar er um fá tilfelli að ræða. Ég tel, að frv. eigi að vera til þarfa bænda yfirleitt, og tel það sýna frámunalega þröngan skilning á frv. að telja ekki, að héraðslæknar bænda í hinum dreifðu héruðum eigi sama rétt. Ég álít, að þeir eigi að hafa forgangsrétt, því að það, sem bændum er brýnust nauðsyn, er að fá héraðslækni til sín. Við erum of grónir ofan í bókstafinn sjálfan, eigi þetta að vera nokkurt álitamál.

Ég er sem sagt í rauninni fylgjandi þessu frv., en vildi láta þessar aths. koma fram

varðandi þau atriði, sem ég er ekki ánægður með.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. tók réttilega fram, að þegar málið var endanlega afgr. frá n., var ég ekki viðstaddur á fundi. Hins vegar lét frsm. n. mig sjá nál. og brtt., þegar hann hafði frá því gengið, áður en það var afgr. í prentun. Ég fyrir mitt leyti er sammála nál. og brtt. og mun fylgja þeim við atkvgr. hér í d. Þó er ein þeirra þannig, að mér þætti gott að gera til öryggis nokkurn áskilnað í sambandi við hana, en brtt. er um það, hverjir eigi að vinna það vandasama verk að úthluta þessum jeppabifreiðum. Brtt. gerir ráð fyrir því, að n., sem kosin er af sérhagsmunasamtökum bænda, úthluti öllum jeppabifreiðum, bæði þeim, sem bændur fá, og eins hinum, sem ekki er ætlazt til, að fari til þeirra. Má að sjálfsögðu um það deila, hvernig n. þessi eigi að vera skipuð, og sýnist vera dálítið álitamál, hvort rétt sé að leggja allt í hendur þessarar bændanefndar. Ég gæti kannske hugsað mér aðra skipun á þeirri n., að svo miklu leyti sem um er að ræða úthlutun til annarra en bænda. Mér er þetta þó ekki svo fast í huga, að ég vilji bera fram við það neina brtt. á þessu stigi málsins, en vil áskilja mér rétt til þess við 3. umr. að hreyfa um þetta brtt., ef ég kynni að sjá ástæðu til þess.

Mér þótti aðeins rétt að láta þetta koma fram.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Landbn. hefur nú lagt hér fram brtt. við frv., og vil ég segja, að ég tel þær vera til bóta, nema e. t. v. bráðabirgðaákvæðið. Í brtt. við 3. gr. hefur n. lagt til, að 20% af jeppainnflutningnum verði hægt að úthluta til annarra en bænda og þeirra aðila, sem taldir eru upp í 3. gr. frv. Ég tel þetta vera til mikilla bóta og vænti þess, að sú n., sem væntanlega verður skipuð, verði frv. þetta samþ., muni fyrst og fremst eftir því, að það er bændunum sjálfum jafnvel meiri þörf, að héraðslæknar þeirra í víðlendum sveitahéruðum eigi bíl til umráða en nokkurn tíma bændurnir sjálfir. Og ég treysti því, að sú n. muni skilja þetta og setja þá ekki hjá við úthlutun á þeim ⅛ af jeppainnflutningnum, sem úthluta má til annarra en bænda. Ég er því ánægður með þessa brtt., og sé brtt. mín borin upp á undan till. n., mun ég taka hana aftur til 3. umr., þar til ég hef séð, hvort þessi till. n. verður samþ. En komi till. n. fyrr til atkvæða, mun ég haga mér eftir því, hvernig fer um hana.

Ég tel, að þessi hluti, sem úthluta má til annarra en bænda, sé fullstór. Ég býst við, að þeir héraðslæknar í landinu, sem kæmu til með að öðlast rétt samkv. þessum lögum, séu örfáir og einnig aðrir aðilar, sem ég veit varla, hverjir ættu að vera. Ég hefði getað fallizt á, að úthluta mætti 15% til annarra en bænda, en um þetta geri ég engan ágreining.

Bráðabirgðaákvæðið er ég ekki fullkomlega ánægður með. Þar sem gera má ráð fyrir, að jeppainnflutningur á þessu ári a. m. k. verði mjög takmarkaður, finnst mér þetta ákvæði nokkuð varhugavert, þar sem þessi innflutningur er fyrst og fremst ætlaður til landbúnaðarþarfa. Mér finnst, að ákvæðið hefði mátt standa, ef í upphafi gr. hefði staðið: Þeir bændur, — en ekki „Þeir aðilar".

Ég mun svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni.

Gísli Jónsson: Við 1. umr. um þetta mál benti ég á, að mér þætti eðlilegt, að þessu yrði breytt að einhverju leyti. Nú hefur hv. 7. landsk. (GÍG) áskilið sér rétt til að bera fram brtt. í sambandi við skipun n. Í frv. er ætlazt til, að þetta sé 5 manna n. Ég sé ekki, hvers vegna á að setja 5 menn í þetta. Ég man, að þegar „Hagamúsanúm" svo kölluðu var úthlutað, kostaði það yfir 36 þús. kr. að úthluta þessum fáu bílum, og formaðurinn sjálfur fékk 16 þús. kr. fyrir það. Þetta er árangurinn af þessum nefndarstörfum, sem verið er að setja upp á þennan hátt. Ég held, að það sé nóg að hafa þarna einn mann frá Búnaðarfélaginu, annan frá Stéttarsambandi bænda og þriðja manninn skipaðan öðruvísi og hafa þannig aðeins þrjá menn. Ég benti einnig á, að mér þætti dálítið óeðlilegt, að kostnaður við nefndarstörfin væri greiddur af hlutaðeigandi aðilum, þannig að landbn. ættu að borga kostnaðinn fyrir sinn fulltrúa. Vildi ég beina því til hv. landbn., hvort hún sæi sér ekki fært að breyta þessu þannig, þar sem ætlazt er til, að 4 nm. séu kosnir af Búnaðarfélagi Íslands og stjórn Stéttarsambands bænda, að þeir ynnu kauplaust hjá n. Mér óar við að sjá á landsreikningnum svona upphæðir eins og 36 þús. fyrir úthlutun á 125 bílum á örfáum dögum. En annars geri ég það ekki að neinu kappsmáli.

Í 1. gr. hefur verið sett ný mgr., sem mun eiga við, að undir þetta komi einnig þeir bílar, sem byggðir eru í Evrópu, aðrir en jeppabílar. Mér finnst þetta vera ákaflega víðtækt. Geta þá komið undir þetta form alls konar bifreiðar hentugar til flutninga. Og geta þá ekki, ef þessi gr. stendur svona, komið undir þetta allar vöruflutningabifreiðar, sem fluttar eru til landsins til landbúnaðarþarfa? Hvað fer nú mikið af flutningabifreiðum til landbúnaðarþarfa? Ég held, að erfitt yrði að greina á milli, hvað mikið færi til landbúnaðarþarfa og hvað til annarrar notkunar, þannig að mér finnst þessi brtt. hafa skemmt þetta.

Í 2. mgr. 1. gr. hefur verið sett í stað orðanna, „sem heimilt er að flytja til landsins til landbúnaðarþarfa": „sem heimilt er að flytja til landsins ár hvert". Það er ákveðið með lögum, hverjir það eru. Það er fjárhagsráð. — Í sömu mgr. stendur: „Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa...." — í stað orðanna „þörfum bænda", sem hafa þá ekki lengur afskipti af því, hvernig bifreiðainnflutningur yfirleitt er til landsins. Þetta verður því að teljast breyt. heldur til hins lakara.

Í 3. gr. eru í stað orðsins „Bifreiðar" sett orðin: Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða. — Þannig að bændum er ætlað að sitja að ⅘ allra

þessara bifreiða, sem fluttar eru inn. Það er sannarlega til landbúnaðarþarfa, að fluttar eru inn mjólkurbifreiðar, sem flytja mjólk á milli. Það eru orðnir stórir tankbílar. Og það er kannske til landbúnaðarþarfa að flytja inn sérleyfisbifreiðar, sem fara eingöngu um landbúnaðarhéruðin.

Þó finnst mér verst brtt. við 4. gr. Þar er sett inn, að í stað orðanna „að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins“ komi: og annarra heimilisþarfa. Verður upphaf gr. þá þannig:

„Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga og annarra heimilisþarfa.“

Verða það ekki hér um bil öll héruð landsins, sem geta haft þess full not? Það hefur víst verið meint áður, að þeir væru látnir ganga fyrir, sem hefðu einhverja vegi og gætu notað þetta meiri hluta ársins. Mér skilst, að undir þetta eigi að koma allir, sem geta haft not af bifreiðum 3—4 mánuði. En þá eru hér í 7. gr. — og það er athugaverðast af þessu öllu — felld niður orðin „samkv. þeim reglum, er um ræðir í 6. gr.“, og þar með er niður felldur leiðarvísir um það, hvernig eigi að úthluta bílunum. Þetta finnst mér versta brtt. frá r. Áður bar n. að fengnum upplýsingum að úthluta bifreiðunum samkv. fyrirmælum 6. gr., og þau eru hér í 5. lið hennar. En verði þetta samþ., á hún bara að úthluta bifreiðunum án þess að hafa nokkurn leiðarvísi og þarf ekki að fara neitt eftir 6. gr. Þetta finnst mér vera til hins miklu lakara. Virðist það hafa verið gert af ásettu ráði að láta n. ekki vera bundna af ákvæðum 6. gr. um úthlutun bifreiðanna og stafar af því, að vald það, sem n. er gefið, er miklu meira en það var áður. Áður hafði n. aðeins vald til að úthluta jeppabifreiðum, en nú öllum bifreiðum, sem koma inn undir 1. gr., þegar búið er að breyta henni. — Ég verð þess vegna á móti þessum brtt. yfirleitt og kýs heldur að fylgja frv. eins og það liggur fyrir hér, nema eitthvað komi fram í umr., sem ég get sannfærzt um, að sé til bóta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við verðum fyrst að gera okkur ljóst, hvað við er átt með „til landbúnaðarþarfa“. Við höfum ekki nefnt flutninga, heldur aðeins til landbúnaðarþarfa. Farmal og dráttarvélar eru ekki bílar. Bílar til landbúnaðarþarfa eru með útbúnaði til að draga landbúnaðarvélar á eftir sér eða við hliðina og eru sumar vélar útbúnar til að festast aftan í jeppa. Landrovers er byggður til að draga vélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar o. s. frv. Aðrir bílar eru aftur til flutninga og ferðalaga, og ef menn hugsa sér að taka venjulega bíla og plægja með þeim, þá verður fyrst að setja sérstakan útbúnað á þá og svo spólar bíllinn, því að hann er ekki ætlaður til slíks. Við þekkjum enn aðeins tvær tegundir bíla, sem ætlaðir eru til landbúnaðarþarfa, — hvort þeir verða fleiri, vitum við ekki, — þ. e. jeppar og Landrovers. Aðra bíla verður að útbúa sérstaklega. Landbn. gekkst svo inn á að láta þessa n. úthluta bílunum, ⅘ til landbúnaðarþarfa og ⅕ til annars og var ekki hægt að gera annað. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði verður að úthluta 41 jeppa til manna þeirra, sem greitt höfðu nýbyggingarráði hluta andvirðisins fyrir árslok 1947. Þar af 21 til bænda og 19 til annarra, ef þeir gangast undir að selja þá ekki á svörtum markaði. Af þessum 19, sem ekki eru bændur, eru 16 hér í Rvík, og ef þeir gangast undir að selja ekki á svörtum markaði, fá þeir úthlutað af þessum 20%, sem ekki fara til landbúnaðarþarfa. Ég veit, að hv. þm. hefðu verið gramir, ef þeir hefðu fengið leyfi fyrir innflutningi jeppabifreiða og greitt hluta andvirðisins 1947, en hefðu ekkert fengið enn þá, og er slíkt ekkert annað en falsað leyfi. Þeir bílar, sem ætlaðir eru til landbúnaðarþarfa, eru sérstaklega útbúnir til þess, og fram að þessu höfum við aðeins þekkt tvær tegundir, jeppa og Landrovers. Og hafi hv. þm. Barð. þetta í huga, getur hann skilið, að brtt. n. er byggð á því, að n. fái alla slíka bíla, er inn eru fluttir, til ráðstöfunar, en láti 20% til annarra en bænda, en úthluti hinum samkv. 6. gr.

Ég skal sem dæmi um það, hvernig á því stóð, að við hættum við að hafa það sem höfuðástæðu við úthlutun, að hlutaðeigandi ætti erfitt með flutning að og til bús síns, að þá er komið inn á flutningana, en svo er annað, að til eru jarðir, sem hafa brúk fyrir jeppa, þó að spurning sé, hvort þær hafi brúk fyrir flutninga. Ég þekki t. d. jörð, sem hefur víðlent fjalllendi, 40 km á hvern veg, og síðan jeppi kom þangað, er allt smalað á honum. Áður þurfti 4 menn í 10 daga, en nú er miklu skemur verið að smala, svo að sú jörð hafði mikla þörf fyrir jeppa. Þær jarðir, sem hafa vegi alveg við túngarðinn, geta haft miklu meiri þörf fyrir bíl en hinar, þar sem löng leið er að fara á þjóðveg. Það veit ég, að hv. þm. Barð. sér.

Mér er það ekkert áhugamál, hvernig n. er skipuð, þar sem hún er svo bundin af 6. gr., en það svið þrengist nokkuð, þegar athugað er, hve margir eiga að fá bíla samkv. bráðabirgðaákvæðinu, þ. e. 21 bóndi og 19 aðrir, sem ekki eru prestar, yfirsetukonur né læknar, og er þá komið langt upp í töluna, a. m. k. ef bílarnir eru enskir. Ég get ekki fallizt á það með hv. þm. Barð., að þessi úthlutunaraðferð sé til hins verra. Ég skal benda á það, að þegar Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson og Bjarni Ásgeirsson úthlutuðu jeppum Búnaðarfélagsins, kostaði það ekkert, en nú má ætlast til, að nokkur kostnaður verði af bréfaskriftum til þeirra, sem úthlutað verður.

Ég vona nú, að hv. þm. Barð. skilji, hvað við eigum við með „bílar til landbúnaðarþarfa“ og sjái, að við erum ekki að seilast til úthlutunar á öllum flutningabílum, eins og hann lét skína í gegn.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Vinur minn, hv. þm. Barð., hreyfði aths. um þetta frv., og hefur hv. 1. þm. N-M. svarað þeim að miklu leyti. Hv. þm. vildi halda því

fram, að bílar til landbúnaðarþarfa væri ekki nóg skilgreining. Ég skal því láta athuga þetta og taka fyrir í n. milli umr., þar sem það hefur komið fram, að þetta mætti misskilja.

Þá er ég ekki sammála hv. 1. þm. N-M., að allir bílarnir lendi í sveitum, því að flestir læknar, ljósmæður og prestar eru búin að fá bíla og stunda auk þess landbúnað, svo að mest af 20% fara í kaupstaðina. En ég skal athuga með skilgreininguna á bílunum milli umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Dal. fyrir, að hann vill athuga þetta, og vil því fylgja brtt. til 3. umr. eða láta málið afskiptalaust.

ATKVGR.
Brtt. 631,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 631,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 563 tekin aftur.
— 561 felld með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 631,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 631,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 631,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 631,6 (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 656).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. minntist ég þess, að n. mundi athuga þetta mál betur á milli umr. og þá í samráði við hv. þm. Barð. eða n. mundi a. m. k. minnast á þetta mál við hann. Og ég hef minnzt á þetta mál við hv. nm., en ekki kallað saman fund í n. um þetta mál, og ég hygg, að hv. nm. séu sammála um það, að mál þetta eigi að fara óbreytt frá þessari hv. d., að undanskilinni ofur lítilli breyt., sem till. kemur fram um síðar. Og við hv. þm. Barð. talaði ég einnig, sem taldi, að hann mundi láta sér það líka, að svo færi. En ég vil fyrir n. hönd sem frsm. gefa þær upplýsingar hér um þetta mál, að við í n. teljum, að vörubifreiðar yfirleitt geti ekki komið undir þennan flokk, jeppabifreiðar til landbúnaðarþarfa. Hins vegar höfðum við Landrowers í huga, sem eru í uppsiglingu, að þeir gætu reynzt eins vel og jepparnir, en að drossíur, stærri eða minni, komi ekki undir þennan flokk.

Ég hef minnzt á það við áhrifamenn, bæði í stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stéttarsambands bænda, um kaup nefndarmannanna, sem úthluta eiga bifreiðunum, og gera þeir ráð fyrir, að nm. þessir taki yfirleitt ekki kaup fyrir þetta starf sitt við að úthluta bifreiðum þessum. En ég tel, að verði eitthvað töluvert um þessar úthlutanir, þá verði af því einhver smávegis skrifstofukostnaður, því að þá verður að senda bréf viðkomandi úthlutuninni og þess háttar, svo að það er ekki hægt að segja, að þetta verði alveg kostnaðarlaust gert. En ég og þeir hv. nm., sem ég hef náð í, erum sammála um það, — ég hef ekki náð í hv. 7. landsk. (GÍG), en hygg, að hann sé á sama máli, — að til þess að það sé enn tryggara, að ekki verði eytt miklu fé í þessi nefndarstörf, verði kosnir varamenn í þessa n., til þess að ef einhver af þessum nm. ætlar að sýna sig í því að vera dýr á vinnu sinni í n., þá sé hægt að grípa til varamanns. Og leyfi ég mér því að bera fram fyrir n. hönd svo hljóðandi till.: „Við 2. gr. Á eftir orðunum „til 2 ára" bætist: Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn."

Þessar jeppabifreiðar skilst mér, að eigi að fara til einnar stéttar til þess að þjóna hagsmunum hennar, bændastéttarinnar, og svo að nokkru leyti til annarra stétta, sem þurfa á þessu að halda, t. d. manna, sem eru í opinberri þjónustu og verða að fara embætta sinna vegna yfir meiri eða minni víðáttu, svo sem læknar og ljósmæður. Og jafnvel getur komið til, að hreppstjóri í sveitarhreppi eigi heima í kauptúni og sé því ekki bóndi, en þurfi á bíl að halda.

Ég óska svo eftir, að frv. þetta verði samþ., eftir að búið er að samþ. þá brtt., sem ég gat um.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt., sem hv. þm. hafa heyrt. Fyrir þessari brtt. þarf tvöföld afbrigði. Hún er of seint fram komin og auk þess skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 673) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. frsm. landbn. skal ég gjarna lýsa hér yfir, að ég mun ekki bera fram brtt. við frv. á þessu stigi og ekki tefja framgang þess við afgreiðsluna hér úr þessari hv. d.

ATKVGR.
Brtt. 673 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 71. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 674).

Á 105. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

69. Bifreiðaskattur o. fl. (frv. meiri hl. fjhn. Ed.).

Á 98. fundi í Ed., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. [207. mál] (þmfrv., A. 644).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef beðið fjhn. þessarar hv. d. að flytja þetta frv. samkv. ósk ríkisstj., sem að aðalefni er um hækkun á benzínskattinum. Þessi hækkun er nauðsynleg vegna þess, að ríkissjóð skortir nú tekjur til þess ekki sízt að halda uppi vegabótum og vegagerð. Við urðum ásáttir um að fara þessa leið, að hækka benzínskattinn, bæði vegna þess viðhalds og nýbyggingar vega, sem hér fara fram og kosta árlega stórfé, og eins vegna hins, að benzínverð er tiltölulega lægra hér en annars staðar, þar sem minna þarf að leggja fram til vegaviðhalds tiltölulega. Þegar þessi ákvörðun var tekin, lá hér fyrir d. frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., og fjölluðu um framkvæmd bifreiðaskattsins. Það þótti því rétt að gera annað tveggja, að koma þessari viðbót á það frv. sem viðbótartill. eða semja að öðrum kosti að nýju frv., sem innifæli í sér það frv., sem þegar lá fyrir d., og freista þess að fá það lögfest. Þess vegna er þetta frv. þannig, að 1. og 2. gr. eru teknar úr l. nr. 27/1947, um bifreiðaskatt, 3. gr. orðrétt úr frv., sem fyrir lá, að efni til. 4. gr. frv. er shlj. 8. gr. l. nr. 84/1932, sem felld var inn 1947. Ákvæði til bráðabirgða er það sama og í frv., sem fyrir lá. Nýmæli frv. eru því hækkun á benzínskattinum og svo skiptingin, sem fram kemur í 4. gr., og um leið er stofnað til þess, að bifreiðaskatturinn verði framvegis bundinn við almanaksár í stað skattársins, sem áður var, eða frá 1. apríl til 31. marz.

Eins og hv. þdm. taka eftir, er til þess ætlazt, að viss fjárhæð renni í brúasjóð til þess að standa undir byggingu Þjórsárbrúar fyrst, en síðan annarra stórbrúa, því að þótt það sé ekki tekið fram í frv., er þó ætlazt til, að það renni framvegis til stórbrúa.

Þá er ætlazt til þess, að viss hluti fjárins verði með b-lið 4. gr. fastbundinn til viðhalds og umbóta á akvegum, en það viðhald hefur orðið æðimikið, eins og raun hefur borið vitni um og sjá má á þskj. 644, eða:

1944	varð viðhaldskostnaður	6.4	millj.	kr.
1945	— ———	10.2	—	—
1946	— ———	11.6	—	—
1947	— ———	13.9	—	—
1948	— ———	11.7	—	—

Við þetta bætast svo aðrar framkvæmdir, sem t. d. samkv. fjárlögum þeim, sem nú liggja fyrir Alþ., nema um 7 millj. kr. til nýbyggingar vega og 4 millj. til brúargerða.

Það er talsvert hægt að segja þeirri skoðun til framdráttar, að raunar ætti benzínskatturinn og skattur á gúmmíi að standa undir vegaviðhaldi og raunar líka nýbyggingu vega. Það er ætlazt til þess, að þetta frv., ef það verður samþ., geti hækkað tekjur ríkissjóðs um 5½ millj. kr., og segir þar um í grg., að áætluð benzínnotkun sé um 40 millj. lítrar á ári og benzínnotkun fari vaxandi. Hins vegar kæmi það einnig til athugunar, hvað hægt er að hafa mikið af gjaldeyri til umráða vegna benzínkaupa. En það er gert ráð fyrir því, að með þessu gæfi benzíngjaldið 12.4 millj. kr., og er sú upphæð svipuð þeirri, sem varið hefur verið til vegaviðhalds undanfarin ár. Bifreiðaskatturinn og þar með talið gúmmígjaldið er á fjárl. áætlað 3.5 millj. kr., eða alls er þetta 15.9 millj. kr. Frá þeirri upphæð dregst svo 5 aura gjaldið í brúarsjóð, eða 2 millj. kr. Svo liggja 2 millj. kr. milli hluta. Þeirri upphæð er ekki ráðstafað þarna, en rennur í ríkissjóð. En þegar þetta er hvort tveggja dregið frá benzínskattinum og gúmmígjaldinu, eru eftir 11.9 millj., en sú upphæð samsvarar þeirri upphæð, sem fór til vegaviðhaldsins 1948, en hefði hins vegar ekki náð þeirri, sem var 1947. Auðvitað verður að taka tillit til þessarar hækkunar á benzíni, sem verður nú á 96 aura lítrinn; það verður að taka tillit til þessa við ákvörðun taxta fyrir akstur. — Þá hefur einnig komið til mála að afnema skömmtun á benzíni, um leið og verðið verður hækkað, eins og sést af grg. frv.

Ég ætla nú ekki að fara um þetta fleiri orðum, en um þörfina á þessu vita allir. Það er að vísu aldrei ljúft verk að gera hlutina dýrari en þeir eru, og þegar þörfin er jafnmikil nú, hvað snertir vegaviðhald og vegalagningar, og menn vilja vera láta, þá verðum við að horfast í augu við þann veruleika, til þess að geta mætt þessum framkvæmdum með skynsamlegu móti, og það er ekki ósanngjarnt, að benzínnotkunin mæti þeim kostnaði, sem af þessum framkvæmdum stafar.

Að endingu vildi ég svo mælast til, að þessu frv. verði hraðað í gegn. Afvikin eru engin frá því, sem var, nema þau sem ég nefndi í upphafi.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Af því að ég er einn af nm., sem flytja þetta mál, vil ég taka fram örfá atriði viðvíkjandi málinu.

N. flytur frv., eða a. m. k. geri ég það sem nm. vegna þeirrar venju, sem skapazt hefur, að neita ríkisstj. ekki um að flytja frv., hvað sem líður skoðun nm. á frv.

Um þetta frv. er það að segja, að fært hefur verið fram af hæstv. fjmrh., að þetta fé eigi að nota til brúa- og vegagerða. En það vita allir í þessari hv. d., að þetta er í raun og veru þannig, að það er verið að afla ríkissjóði tekna almennt vegna þess skorts á fé, sem þar er fyrir hendi sökum þess almenna ástands, sem er í landinu, og þeirrar fjármálastefnu, sem nú ríkir. Það er meira fyrirsláttur, að þetta fé eigi að fara til brúa og vega, því að það framlag hefur hingað til verið greitt af öðrum

tekjum ríkissjóðs að verulegu leyti, og þess vegna er þessi uppsetning í grg. ekkert annað en til þess að láta líta svo út, að þetta fé eigi að fara til þessara mannvirkja og framkvæmda. En þetta út af fyrir sig skiptir ekki svo miklu máli nema að því leyti, að blærinn á frv. með uppsetningu þess í grg. er að nokkru leyti annar en tilgangur frv. er í raun og veru. Það mundi engum koma til hugar að afla tekna á þennan hátt, ef það væri ekki vegna hreinna fjárhagsvandræða ríkissjóðs, og það hefði verið gert áður að afla ríkissjóði á þennan hátt tekna til vega- og brúargerða, ef það hefði þótt fært. Vandkvæðin á þessu hafa þótt svo mikil, að um þessa leið var talað þegar í haust, en hefur ekki þótt fært nema vegna sárustu fjárhagsvandræða ríkissjóðs. Þetta er það rétta í málinu.

Það er rétt, að ríkissjóður þarf tekjur, og einhvern veginn þarf með þessari fjármálastefnu að afla þessara peninga. Það er sagt, að benzín sé selt hærra verði erlendis en hér tíðkast og því ekki eðlilegt, að við getum haldið því verði, sem við höfum, miðað við þær álögur, sem eru hér að öðru leyti. Þetta er rétt, og það eru nokkur rök, en eins og gengur og gerist, bila þau á ýmsa lund, fyrst og fremst vegna þess, að hér á landi eru bifreiðarnar járnbrautir fólksins, þær eru þau almennu flutningatæki fyrir þungavöru. Í annan stað vitum við, að járnbrautirnar eru þau farartæki, sem mest eru notuð erlendis af almenningi. Bifreiðarnar eru þar aftur á móti notaðar meira af þeim, sem meiri hafa efnin, og þar af leiðandi er þetta ekki hliðstætt nema að nokkru leyti.

Það er líka svo, að þessi skattur, sem hér er lagður á, er að sumu leyti alveg eðlilegur lúxusskattur og réttlátur lúxusskattur að því er snertir sumar tegundir bifreiða, en að öðru leyti er hann mjög varhugaverður skattur, og að þriðja leyti er skatturinn einhver sá allra ósanngjarnasti skattur, sem hægt er að leggja á landsmenn. Það er vegna þess, að það er sanngjarnt að leggja skatt á bifreiðar, sem notaðar eru meira og minna í óþarfa, svo sem einkabifreiðar eru vissulega að verulegu leyti. Það er hins vegar óneitanlega nokkuð varhugavert, þar sem kemur til þeirra bifreiða, sem almenningur notar. Þar er þetta skattur á landslýðinn, sem leiðir af sér hækkun farmgjalda, og þess vegna hefur hann í för með sér þá skrúfu, sem verið hefur einkenni á fjármálum okkar seinustu árin, því að hér er lagður skattur á til að lækka dýrtíðina. Þessi skattur verður síðan til að hækka vöruverð og þar með dýrtíðina, og það verður til þess, að næsta ár verður að leggja á nýja skatta til að mæta þeirri hækkun. En skatturinn er mjög ranglátur að því, er snertir allar heyvinnuvélar bænda. Þær eru nú undantekningarlítið reknar með benzíni. Þessi skattur leggst því þungt á framleiðslu þeirra. Það er hliðstætt því, ef skattlögð væri hráolía, sem aflvélar báta eru reknar með og sjávarútvegurinn hefur við sinn atvinnurekstur. Það er enn fremur vitað mál, að þessi skattur leggst verulega þungt á alla flutninga til bænda og frá, sérstaklega á flutningana frá þeim. Það er ekkert smáræði sá benzínaustur, sem á sér stað í sambandi við vöruflutninga bænda, einkum flutninga á mjólk; t. d. ofan úr Borgarfirði og austan yfir Hellisheiði. Þetta verður á sama hátt og þó enn meira en sú hækkun, sem gerð var á farmgjöldum með strætisvögnum og almenningsbifreiðum. Það verkar þannig, að afurðirnar verða að hækka, og það hefur þau áhrif, sem eru öllum of kunn til að það þurfi að rekja það í þessari d. Og þá verður að leggja á nýja skatta á næsta ári, hækka þessa skatta eða finna einhverja nýja skatta, sem leggjast á framleiðsluna og hækka framleiðsluvörur og svo koll af kolli. Ég segi fyrir mig þykkjulaust og í þeirri einlægni, sem ég á til, að mér er ómögulegt að taka þátt í þessum leik. Með þessum aðgerðum er stefnt að því að gera krónuna verðlausa og koma ríkissjóði út í gjaldþrot. Það er það, sem verið að gera með þessum aðgerðum. Það er hrein og bein kleppsvinna að leggja alltaf á nýja skatta og tolla, sem á að nota til að greiða niður dýrtíðina. Þessir skattar og tollar hafa með sér hækkun á dýrtíðinni, og síðan verður að leggja á nýja skatta til að bera uppi þá hækkun og svo koll af kolli. Því hefur verið skrökvað upp á sjúklingana á Kleppi, að þeir væru látnir bera sand og hvolfa honum í trekt. Sandurinn hryndi niður, en þeir tækju hann þar aftur og bæru hann upp á ný og svo áfram og áfram og þetta ætti að vera nokkurs konar gáfnapróf á þá. Þetta er ósatt, þetta er ekki gert, en þetta er það, sem hér er verið að gera, það er sams konar hringrás. Þessu er ómögulegt að halda áfram, því að hvað á að gera á næsta ári, þegar þessi benzínskattur er búinn að hækka vöruverð og sú hækkun er komin inn í vísitöluna? Hvað á þá að gera annað en leggja á nýja skatta? Ef halda á áfram sams konar fjármálapólitík, hvar endar þetta? Til hvers á að halda þessu áfram?

Ég vil bara, af því að mér finnst þetta frv., sem er ekki öðruvísi en sum önnur, vera það mikil bending um stefnuna í þessa átt, sem ég hef alltaf verið mótfallinn og er mótfallinn og hef reynt að vara við, láta það koma fram, að mér finnst þetta svo glöggt spor í þessa átt. Mér finnst rétt að taka þetta fram á þessu stigi, þó að það þýði ekki, þetta eigi allt að hafa sinn gang, því að það lítur út fyrir, að það eigi að halda áfram á þessari leið, þangað til ekki verður lengra komizt, og við vitum allir, hvað það er, þegar ekki verður komizt lengra.

Brynjólfur Bjarnason: Ég gat þess við umr. um síðasta tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstj., hækkun á álagningu á tóbak, að það frv. mundi sennilega vera það skásta í langri röð af tollafrv. og nýjum álögum, sem nú væri verið að leggja fyrir þingið. Ég held, að þetta sé að koma á daginn. Hér kemur annað frv., sem er nú miklu verra. Ég lýsti mig strax andvígan þessu frv. í n., þegar það var sent henni af

hæstv. ríkisstj., og lýsti yfir, að ég vildi engan þátt eiga í flutningi þess, enda er það flutt af meiri hl. fjhn. Þetta er eitt hinna mörgu tollafrv., sem komið hafa frá núv. hæstv. ríkisstj. um nýjar álögur á almenning, sem allar stefna í þá átt að rýra kjör almennings og stofna til enn meira fjármálaöngþveitis með sífelldum verðhækkunum og vexti dýrtíðarinnar. Það er áframhald af þeim tolla- og skattafrv., sem hæstv. ríkisstj. lagði fram um áramót og þá voru samþ. með einkennilegu nafni: l. um dýrtíðarráðstafanir. Það var boðað þá þegar, að lagt yrði fram slíkt frv. um hækkun á benzíntollinum, og nú er það komið, svo að þetta kemur okkur ekki á óvart, þó að það hafi verið ærið lengi á leiðinni. Það er þáttur í þeirri heildarröð af till., sem hæstv. ríkisstj. er nú að leggja fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., og sennilega eitt það versta.

Það er tekið fram í þessu frv., að nokkur hluti af þessum skatti skuli renna til viðhalds vega og svo nokkur hluti til brúargerða, og hæstv. ráðh. gerði þetta að aðalatriði í ræðu sinni, og það var á honum að heyra, að frv. væri í raun og veru borið fram í því skyni að fá þetta fé til viðhalds vega, og gat hann í því sambandi um þá kenningu, sem ýmsir hafa haldið fram og mér skildist hann vera fylgjandi, að rétt væri, að ekki aðeins kostnaður vegna viðhalds vega, heldur líka vegna nýbyggingar vega yrði borinn uppi eingöngu af benzínskatti. Ég tel þetta fráleita kenningu. Nýbyggingu og viðhaldi vega á að halda uppi eins og framlögum til annarra almennra þarfa, með almennum sköttum, og það er engin ástæða til að taka það fé endilega með benzínskatti. Það er mál út af fyrir sig, hve mikil nauðsyn er á viðhaldi vega og vegagerð, og hitt er einnig mál út af fyrir sig, hvernig beri að leggja skatta á. Það er hugsanaruglingur að blanda því tvennu saman.

Sannleikurinn er sá, eins og hv. þm. Str. tók greinilega fram í ræðu sinni, að allir hv. þm. vita, að þetta frv. er ekki borið fram í þeim tilgangi, heldur er blátt áfram einn þáttur í þeim fjáröflunarfrv., sem hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum til þess að jafna hinn almenna greiðsluhalla fjárl. á því stigi, sem þau nú eru.

Þessi skattur verður mjög þungbær skattur. Hann mun koma mjög þungt niður á öllum almenningi vegna hækkaðra flutningsgjalda. Hann mun koma þungt niður á bifreiðastjórum, einkum þeim, sem hafa ekki ákvæði í samningum sínum um, að taxtarnir skuli hækka með hækkuðu benzínverði. Það er tekið fram í grg., að tekið verði tillit til þessarar hækkunar við ákvörðun taxta fyrir bifreiðaakstur, en ekki tilgreint nánar, svo að þetta er mjög óákveðið. Og það kemur í raun og veru líka niður á þeim bifreiðastjórum, sem fá þessa hækkun upp borna með hækkuðum taxta, á þann hátt, að það dregur úr atvinnu þeirra. Það kemur mjög þungt niður á bændum, þeim sem hafa vélar, sem ganga fyrir benzíni, og sennilega kemur það langþyngst niður á þeim af öllum landsbúum, þ. e. a. s. svo lengi sem þeir fá það ekki upp bætt með hækkuðu afurðaverði.

Hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við umr. um það skattafrv., sem við ræddum síðast, verðhækkun á tóbaki, að það þýddi ekki að vera að deila um þá fjármálapólitík, sem hefði leitt til þessara álagna, þar væru allir jafnsekir. Ég mun ekki heldur fara mikið út í umr. um það eða nokkrar eldhúsumræður í sambandi við þetta mál. Það er tilgangslaust. Til þess verða næg tækifæri á næstunni á öðrum vettvangi. En ég vil aðeins benda á, að það er tilgangslaust fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að velta af sér ábyrgðinni af eigin gerðum, því að það er hún, sem ber ábyrgð á því, að jafnvel hinar mjög svo hóflegu till. fjvn. um lækkun kostnaðar við ríkisbáknið voru felldar við 2. umr. fjárl. Það er henni að kenna og hennar fylgismönnum í þinginu. Ef þær hefðu verið samþ., þó að ekki hefði verið annað gert, þá hefði vissulega verið hægt að fara allmiklu vægara í sakirnar með þetta frv., sem gefur ekki meira það sem eftir er ársins en 5½ millj. kr. Það er ríkisstj. ein, sem ber ábyrgð á því, að tollar og skattar á almenningi hafa verið hækkaðir um talsvert á annað hundrað millj. kr. síðan hún tók við og vöruverð á ýmsum nauðsynjavörum hækkað þannig fyrir beinar aðgerðir ríkisstj. í allt að 50% og á sumum vörum kannske meira. Hin raunverulega vísitala er komin talsvert á 5. hundrað stig og mun halda áfram að hækka. Ekki hefur stjórnarandstaðan hér á þingi veitt hæstv. ríkisstj. brautargengi til þess að koma þessum dýrtíðarráðstöfunum í framkvæmd. Það er hæstv. ríkisstj., sem ber ábyrgð á, að ýmis útgjöld fjárl. eru 3—4 sinnum hærri nú en á fjárl. 1946 og heildarupphæð útgjalda 2—3 sinnum hærri eða mun verða, þegar þau verða nú endanlega afgr. Hæstv. ríkisstj. getur sannarlega ekki til þess ætlazt, eins og stundum virðist koma fram, þegar hækkunartill. eru bornar fram af fjmrh., að allir sætti sig við þetta, af því að það vanti fé í ríkissjóð. Hæstv. stj. getur ekki ætlazt til þess, að stjórnarandstaðan taki það fyrir góða og gilda vöru, þegar hún kemur hálfu ári síðar en bar að vera búið að afgr. fjárl. í síðasta lagi og segir: Nú er stór halli á fjárl., nú verður eitthvað að gera, jafnvel þótt súrt sé á bragðið.

Á það hefur verið bent, að allar þessar tollahækkanir eru í raun og veru stórfelld lækkun á íslenzku krónunni. En því meir sem dýrtíðin vex, því meiri verða erfiðleikar framleiðslunnar og því dýpra verður að seilast í ríkissjóð til þess að framleiðslan geti staðið undir sér, sem aftur kallar á nýjar tollaálögur. Á þetta hef ég oft bent, það er ekki fyrst nú, að sýnt er fram á þetta, og það er ekki hægt að mótmæla því.

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. Str. tók mjög eindregið undir þessi rök. En það eru takmörk fyrir því, hvað slík svikamylla getur gengið lengi. Maður heyrir á ýmsum, að þeir þykjast sjá, að nú sé það langt komið, að ekki sé um annað að ræða en beina gengislækkun. En ekki heldur hún getur bjarg-

að, því að það fer á sömu leið, þó að sú leið sé farin. Hún getur aldrei orðið annað en gálgafrestur, þar til allt er sokkið aftur í sama farið. Án þess að sjálfri heildarstefnunni verði breytt, verður engu bjargað.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er auðvelt að finna galla á þeirri fjáröflunarleið, sem hér er um að ræða, og kann enginn sér hægara verk að vinna. Hitt liggur samt fyrir, að jafnvel þeir, sem — og á ég þar sérstaklega við hv. þm. Str. — telja tormerki á að hækka benzínskattinn, hafa ekki í sambandi við það fjárlfrv., sem nú liggur fyrir þinginu, slakað neitt til á kröfum sínum fyrir kjördæmi sitt, og ég veit ekki til, að hv. þm. Str. hafi heldur lagt fram neinar till. til sparnaðar, sem gætu þá bjargað þessu ástandi.

Skattar og tollar eru oft og tíðum tvíþættir, eins og hann tók fram, að vissu leyti réttmætir og að vissu leyti ranglátir. Á það ekki við um benzínskattinn einan, heldur marga aðra skatta og tolla. Ég held satt að segja, að það hafi oft klingt við, að það væri undarlegt, að benzínskatturinn skyldi ekki vera hækkaður. Það er vitanlega æskilegt að hafa lága skatta, en í litlu þjóðfélagi, sem vill lifa yfir efni fram, eins og við Íslendingar, sem viljum eyða meira en við öflum, er ekki gott að forðast það að leggja á borgarana óvinsæla skatta og tolla.

Hv. þm. Str. (HermJ) var að tala um fjármálastefnu. Honum verður nú ákaflega tíðrætt um fjármálastefnuna upp á síðkastið, en skyldi hann nú, hv. þm. Str., vera laus við það að hafa 1942 markað þá stefnu í framvindu kaupskrúfunnar, sem er ein orsök vandræðanna í dag. Hv. 4. landsk. þm. (BrB), sem gleðst mjög, sem vonlegt er, af liðveizlu hv. þm. Str., sagði, að þetta væri sama og lækkun á gengi, og vitanlega er öll dýrtíð lækkun á krónunni. Það veit hvert barnið, en núv. ríkisstj. hefur ekki búið til nema fæst af þeim l., sem íþyngja fjárlögum nú og í fyrra og hitteðfyrra. Það er því alveg ranglátt að tala um, að hún hafi einhverja sérstaka ófarnaðarstefnu upp tekið. Hún hefur reynt að verjast stórum áföllum meðan unnt er. Hún er að reyna að koma í veg fyrir það, að framleiðslan stöðvist, en það krefst fórna, eins og allar ríkisstj. mundu komast að raun um. Hv. þm. Str. sagði mig lítinn þátt hafa átt í því að koma með góð ráð í þessum efnum. Ég man nú ekki til þess, að hann hafi komið með neitt úrskerandi í þessum málum, því að ég tel ekki verzlunarmálafrv. hans eða hans hv. flokksbræðra neitt aðalatriði fyrir þjóðarbúskapinn. Það gæti orðið til þess að gera skömmtunina eilífan augnakarl í þessu landi, alveg eins og innflutningshöftin urðu til við að koma á annarri skipun innflutningsmálanna.

Í tilefni af því, að hv. 4. landsk. minntist á það, að þessi ríkisstj. hefði hækkað fjárl. um á annað hundrað milljónir króna, þá skal ég benda á það, að hann á sinn þátt í því, því að um 100 millj. kr. á fjárlagafrv. nú eru beinlínis sökum dýrtíðar, þar af um 20 millj. kr., sem hengdar eru um háls þjóðarinnar af hv. 4. landsk. Fiskábyrgðarl. voru sett án þess að séð væri fyrir eyri til að standa undir þeim. Þar eru 20 millj. kr. og svo 80 millj. kr. í alls konar niðurgreiðslur, svo að sé þetta þannig sem hv. 4. landsk. sagði, þá hefur ríkisstj. aðeins hamlað á móti þeim myllusteinum, sem hv. 4 landsk. byrjaði að hengja um háls ríkissjóðs með fiskábyrgðarl., sem hann bar fulla ábyrgð á. Þegar á að henda öllu þessu á bak núv. ríkisstj., þá verður að minna á þetta alvarlega spor, svo að ef um syndir er að ræða, þá dregst núv. ríkisstj. m. a. með syndir hv. 4. landsk. Og fleira er það, sem hann átti þátt í að hlaða á ríkissjóð, t. d. skólalögin, sem árlega kosta um 35 millj. kr., og geri ég þó ráð fyrir, að fólk liði eins vel án slíkra skólalaga. En þessir menn, sem nú eru að gagnrýna ríkisstj., verða að gæta að því, að hér er um að ræða afleiðingar þeirra eigin gerða, svo að þeir geta ekki sett sig í neinn dómarasess hvað tolla og skatta snertir, því að þeir eiga sinn þátt í útgjöldunum, sem þarf að mæta, og hefði hv. 4. landsk. ekki átt að undrast á þessu frv., því að blað hans boðaði 30—40 millj. kr. skattaálögur, þótt ekki yrði ur því. Þegar ég nú á þátt í því að reyna að halda þessu öllu gangandi og ekki er gert mikið af þeim sterku hér í þá átt, þá er það meðal annars af því, að ég veit, að aðrar leiðir til lausnar á annan veg eru, eins og Alþingi er nú samansett, alveg útilokaðar. Hv. 4. landsk. minntist á gengislækkun. Er hann nú t. d. reiðubúinn að fara þá leið? Vill hann losa fjárlagafrv. við fiskábyrgðina með gengislækkun. Það mætti með gengislækkun og líka lækka tollana. Ég spyr nú hv. 4. landsk.: Mundi hann vilja fara þessa leið? Hún hefur sína kosti og sína ókosti, en ég veit, að það eru stórir hópar hér á Alþ., sem mundu reka upp ramakvein, ef slíkt ætti að lögfesta, en það væri gott að fá álit hv. 4. landsk. — Annað er til, og það er, ef öllum verklegum framkvæmdum væri frestað í eitt ár, þá má slaka til sem nemur þeim 30 millj. kr., sem fara eiga til verklegra framkvæmda, sem flestar eru þannig, að þær gætu að skaðlausu dregizt í eitt ár, en ég veit, að stórir hópar manna eru á móti því. Sama yrði upp á teningnum, ef hætta ætti niðurgreiðslunum. Það mundi einnig mæta mikilli andstöðu hér og um allar þessar leiðir má sameiginlega segja, að um þær fæst ekki samkomulag hér á Alþingi. Því verður að reyna að mjaka þessu áfram meðan við erum að átta okkur á því, að við erum á allt annarri bylgjulengd en þjóðirnar í kring. Í bréfi frá Sölumiðstöðinni eru tilfærð orð ungs sölumanns, sem var að reyna að selja fiskafurðir austur í Palestínu, þar sem hann segir, að það sé ekki gaman að selja vöru, sem er dýrari en það, sem allir aðrir bjóða. En þetta eigum við nú við að stríða með flestar okkar vörur.

Mér þykir rétt að láta þessar aths. koma fram, því að það er engin ástæða til þess fyrir mig að taka við sérstökum ákúrum um fjármálastefnuna frá hv. þm. Str. og hv. 4. landsk., án þess að segja nokkur orð til andsvara.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég játa

það, að þetta frv. lýtur að máli, sem má kalla stórbrotið, og ef það nær fram að ganga, verða vafalaust mörg orð töluð um rétt þess og þýðingu. Ég skal þó láta mér nægja að segja aðeins örfá orð. Ég vildi aðeins á sérstakan hátt gefa bendingu um það til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hér er um að ræða hækkun á benzíni, sem er töluvert almenn, þar sem lítt kemur til greina, á hvaða benzíni á að hækka skattinn. Því að það er talsvert atriði, að skatturinn komi fyrst og fremst til með að mæða á þeim bifreiðum, sem eru einn þátturinn í hinu sællífa sportlífi Íslendinga, þ. e. drossíunum, sem eru ákaflega margar og þola satt að segja talsvert háan benzínskatt, og þegar þurrð er í ríkissjóði, þá má hækka á þeim. Að því leyti, ef einhver slík flokkun gæti átt sér stað, þá væri ég hlynntur frv. En svo eru önnur farartæki, sem allt annað er um að segja, og á ég þar við þau flutningatæki, sem flytja nauðsynjavörur, og kemur það bæði niður á framleiðendum og neytendum, ef skatturinn er hækkaður á þeim. Ég nefni þar t. d. bíla, sem flytja eina aðalþurftavöru kaupstaðanna, mjólkina. Ef hækka á skattinn á benzíni til slíkra nauðsynlegra farartækja, þá er um alvarlegt mál að ræða og dýrt að fara þessa leið, sem frv. gerir ráð fyrir, og þarf þetta ekki skýringar við. Þá vildi ég spyrja hv. n., sem fær málið til meðferðar og hv. þdm., hvort þeir geti ekki hugsað sér, að skatturinn á benzíni hækki eða lækki eftir því, hvernig farartæki er um að ræða, hvort um er að ræða nauðsynjaeyðslu eða sporteyðslu, og þetta álít ég stórvægilegt atriði, sem varðar mjög dýrtíðina og veldur erfiðleikum fyrir framleiðendur og neytendur, ef skilningur er ekki sýndur á þessu.

Annað atriði er það, að frv. er mýkt með því, að miklu af þessari fjáröflun eigi að verja í brúasjóð og til viðhalds vega, því að hluta skattsins á að verja til þessa samkv. 4. gr. Það, sem á að renna í brúasjóð, mun fyrst og fremst fara til Þjórsárbrúar, enda er nú svo ástatt, að við hana verður að ljúka, og er frv. réttlætanlegt frá því sjónarmiði, þótt ekki verði flokkuð þannig hækkunin, að minna mæði á hinum daglegu pílagrímsferðum um Krýsuvíkurveginn og öðrum slíkum ferðum, en frv. er náttúrlega borið fram af illri nauðsyn, og verða má, að það svari nauðsynlegum tilgangi. — B-liður 4. gr. er afsleppt og þreytulegt orðatiltæki. Vegamálastjóri hefur kvartað undan því, að það skorti fé til viðhalds veganna, en ekki má heldur loka augunum fyrir nauðsyn nýrra vega, þar sem þörf krefur. Hér var einu sinni settur lagabálkur eftir rannsókn fagmanna um samgöngur Rvíkur og Suðurlands, en ekkert hefur úr því orðið nema undandráttur og málseyðing. Þarna eru sem sagt til staffírug l., en ekkert er gert til að framkvæma þau, og svo kemur þetta frv. um viðhald og umbót veganna. Það er treyst á það, að þolinmæði Íslendinga sé svo takmörkuð, að það komi af sjálfu sér, að menn þreytist og andstaðan hverfi. En ég hefði álitið óforsvaranlegt af mér, ef ég minntist ekki á, að þarna er ýmislegt, sem mér þykir auðsætt, að mætti fara betur út í. Ég nefni t. d. b-lið 4. gr. Það væri engu síður þörf á að verja verulegu fé til nýbyggingar á þjóðvegum, eftir því sem nauðsyn krefur. Líku máli gegnir um brúargerð, en óþarft er að taka fram, að það sé í 1. flokki að ljúka við Þjórsárbrú.

Ég lofaði því í upphafi að tala ekki langt mál, og tel skyldu mína að standa við það. Ég mun ekki treystast til annars, vegna þess að frv. er borið fram af illri nauðsyn, en að ljá því fylgi mitt að meira eða minna leyti. En mér er þá ekki heldur sama, hvernig ýmislegt fer þar úr hendi, t. d. í sambandi við undanþágur og hvernig fénu er varið. Við höfum allt of lengi unað svo lífinu, að framkvæmd þessara mála væri eins og hráskinnsleikur og undir tilviljun komið, hvernig starfshögum landsmanna væri háttað. En því færri peningar, því nauðsynlegra að ákveða af viti, hvað á að sitja fyrir og hvað má bíða, og það þarf að ákveða af Alþingi, engu síður en efnalítill og hugall bóndi tekur ákvarðanir um hvað eina að vandlega yfirlögðu ráði, er hann býr sig undir veturinn að hausti til.

Ég skal svo standa við orð mín um að tala ekki lengur og láta máli mínu lokið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér mikið inn í umr. hæstv. fjmrh. og hv. þm. Str., en samt þykir mér rétt að benda þar á einstök atriði í fáum orðum.

Það er dálítið gaman að því, þegar sjálfstæðismenn og sósíalistar eru að brigzla hvorir öðrum um það, að þessum og þessum l. hafi hinir komið á. Hæstv. fjmrh. segir t. d., að sósíalistar eigi fræðslulöggjöfina, en við setningu hennar, eins og annarra slíkra þrætulaga, var samstjórn þeirra að verki, og ekki er vitað, að mikill ágreiningur hafi verið á milli þeirra þá.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hin mikla verðhækkun, sem hófst árið 1942, væri hv. þm. Str. að kenna og stefnu hans. Ég vil nú minna hann á, að það var fullkomið samkomulag um það við herstjórnarvöld þau, sem þá voru í landinu, að þau tækju íslenzka menn úr vinnu hjá sér áður en síldveiði og heyskapur byrjaði, svo að þau drægju ekki vinnuaflið frá framleiðslustörfunum og hægt væri að stunda þau eins og venjulega. Sem skilyrði var það sett af herstjórnarinnar hálfu, að íslenzka ríkisstj. fækkaði mönnum við „óprodúktiv" störf, en þá unnu um 800 manns við störf eins og byggingu kvikmyndahúss á Akranesi og prentsmiðja hér í Reykjavík, sumarbústaða, t. d. í Hvammi í Skorradal og víðar o. s. frv. Og þegar ríkisstjórnin fór að ganga eftir því síðast í maí við hernaðaryfirvöldin, að þau hefðu brugðizt í þessu efni, þá var því svarað til, að ekki hefði verið fækkað af Íslendingum sjálfum í „óprodúktivu" vinnunni. Og það var Ólafur Thors, sem setti sig á móti því, að það væri gert, og þær afleiðingar, sem það hafði, er því ekki hægt að kenna hv. þm. Str.

Þá vildi ég segja hér svolítið dæmi. Það er nú verið að úthluta í fjárhagsráði þeim vél-

um — og nú fyrst —, sem landbúnaðurinn þarf að nota í sumar, þar á meðal dráttarvélum af fleiri gerðum. Ein er langbezt og þar að auki nærri 1000 kr. ódýrari en hinar tegundirnar af sömu stærð. Þetta er fyrsta flokks tæki, sem hægt er að nota svo að segja við öll störf á heimilinu, jafnvel til þess að skilja mjólkina, með því að setja það með drifinu í samband við skilvindu. En aðeins helmingur þeirra dráttarvéla, sem á að miðla bændum, er af þessari tegund. Hinn helmingurinn er af öðrum gerðum, sem ekki er hægt að nota nema til fárra hluta og eru auk þess frá 1 og upp í 2 þús. kr. dýrari. — Þetta er sem sagt úthlutun fjárhagsráðs. Ef bændur fengju að ráða, mundu þeir ekki líta við þessum vélum. En þörfin er svo mikil, að þeir neyðast til að kaupa þær, þar sem komið er í veg fyrir, að þeir fái aðrar miklu betri. Það var þess vegna ekkert ofsagt í því hjá hv. þm. Str., að menn verði að fá að vera frjálsir að því, hvað þeir kaupa.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að við yrðum að „mjaka okkur áfram meðan unnt væri." Það er nú svo, að á meðan stj. fylgir ekki annarri fjármálastefnu, þá verður ekki komizt hjá því að leggja á skatta. Og þessi skattur er sjálfsagður, og ég vil láta í ljós, að ég er þakklátur fyrir, að þetta frv. er fram komið, og ég undrast það eitt, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki sjá nauðsyn þess þegar um áramót. Og það gleður mig, að dm. hafa nú séð það, sem þeir sáu ekki þá, er nafnakall gekk um svipaða till., er þeir töldu óþarfa og felldu. Hins vegar er það vitanlegt, að benzínskatturinn kemur hart niður á framleiðslunni. Hefði frv. okkar 3. landsk. um landsverzlun með benzín og olíu verið samþ. á sínum tíma, hefði verið hægt að lagfæra það. En síðan er búið að láta tugi milljóna í fjárfestingu til þess að dreifa olíum og benzíni um landið frá þremur aðilum, sem allir eiga tanka og geyma á sömu stöðunum, en möguleikar að selja mismunandi litt benzín við mismunandi verði eða hafa mismunandi verð á benzíni eftir því, hvort það fer til óþarfaeyðslu eða til notkunar í þágu framleiðslunnar. Hefði verið horfið að okkar ráði um einkasölu á benzíni, hefði þetta verið vandalaust. En nú standa benzíntankarnir úti um landið, kannske 3 á sumum stöðunum, hver við hliðina á öðrum og allt er skipulagslaust. En e. t. v. mætti láta eitt félagið selja þessa tegundina og annað hina, með því að knýja þau inn í eins konar samlag; það gæti komið til athugunar. En eins og þessu fyrirkomulagi er nú háttað, er ekki hægt að koma við misjöfnu verði. En ég vil þakka ríkisstj. fyrir þá yfirbót, sem hún gerir með ákvæðum þessa frv. fyrir það skemmdarverk, sem Sjálfstfl. og sósíalistar gerðu gagnvart brúasjóðnum, er þeir lögðu hann niður, því að nú er hann tekinn upp aftur, og þá koma möguleikar til þess að koma upp slíkum mannvirkjum, eftir því sem í sjóðinn safnast.

Þá vil ég minna á það, að það var komið svo fyrir tveimur árum, að talið var alveg nauðsynlegt, vegna millilandaflugs hér yfir landið, að hafa annan toll á flugvélabenzíni en því, sem fer til venjulegrar eyðslu í landinu. Það var litið svo á, að flugvélarnar mundu þá velja aðrar leiðir, ef benzín væri miklu hærra tollað hér en annars staðar. Því var ákveðið, að hækkun, sem þá var gerð í tollinum um 4—5 aura, skyldi ekki ná til flugvélabenzíns. Afleiðingin hefur orðið sú, að millilandaflugvélar hafa mjög aukið ferðir yfir okkar land. Ég vil því biðja hv. n. að athuga þetta, hvort vogandi sé að hækka tollinn á flugvélabenzíni vegna millilandaflugsins.

Að öðru leyti mun ég fylgja þessu frv., — en sem sagt, ég tel, að athuga beri þetta með flugvélabenzínið og eins hitt, hvort hægt væri að selja benzín með tvöföldu verði, en þá mætti skatturinn vera meiri og ekki hækka um 22 aura, heldur um 60—70 aura á benzíni til lúxusbíla. Enn fremur tel ég, að athuga beri af n., hvort möguleikar séu á að selja benzín líkt og áburð með sama verði um land allt. Það væri mjög æskilegt, væri það möguleg. Það hlýtur að liggja fyrir hjá olíufélögunum, hve mikið benzín hefur verið selt frá hverri stöð og við hvaða verði, og ætti að vera auðvelt reikningsdæmi að leysa, hvaða meðalverð þarf að fá. En með þessu mundi vera mjög létt á vörubílunum fyrst og fremst, sem annast flutninga út um landið, því að verðmunur allur hvílir þyngst á þeim, en með því að jafna verðið, má flytja þungann yfir á fólksbifreiðarnar, sem eru flestar hér í Rvík og benzínið hér ódýrast í landinu.

Þetta þrennt vildi ég benda n. á til athugunar, enda þótt málið sé flutt af n., og vona, að hún taki þetta til athugunar á milli 1. og 2. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umræður um þetta mál. Enda þótt umræður hafi að talsverðu leyti snúizt hér um hið almenna fjármálaástand og hverjir þar beri ábyrgðina, þá mun ég ekki fara út í það að neinu ráði. Hæstv. fjmrh. taldi, að hv. þm. Str. bæri þarna sökina á þeirri þróun, sem hófst árið 1942. Jú, ég man eftir því, að hv. þm. Str. beitti sér fyrir því árið 1942, að sett voru lög, sem miðuðu að því að stöðva hækkanir á verðlagi í landinu. L. mættu mikilli mótspyrnu, en ég býst við, að hægt hefði verið að halda þeim uppi, ef aðrir stuðningsmenn þeirra hefðu staðið við það, sem þeir höfðu samþ. Og ég býst líka við, að það væri allt annað fjármálaástand nú, ef stefnu hv. þm. Str. hefði verið fylgt.

Þá verð ég að segja, að mér þykir hart að heyra ráðh. úr fyrrv. ríkisstj. deila mjög á núv. ríkisstj. fyrir fjármálastjórn hennar. Það er eins með ríkisstjórnir eins og ábúendur á jörð, þar sem sonur tekur við af föður, að fjármálastjórn hverrar ríkisstj. markast af því, hvernig fyrirrennari hennar hefur staðið í stykkinu. Aðstaða hæstv. ríkisstj. nú er svipuð og sonar, sem hefur tekið við af föður sínum, — faðirinn tekið við auð fjár, en eytt honum og sóað og skuldbundið búið við alls konar útgjöld, sem sonurinn á örðugt með að rísa undir, og

ekki nóg með það, heldur vanið hjúin þar að auki á ýmislegt, sem ekki er búinu til hagsbóta a. m. k. Svo getum við hugsað okkur að faðirinn komi í hornið hjá syni sínum, og þá lætur hann sig ekki muna um að vera með sífellt nöldur og kenna honum allt, sem aflaga fer. En ég skal nú ekki fara lengra út í þetta.

Hér er til umræðu frv. um bifreiðaskatt, en ekki um almenna fjármálastjórn. Þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs til að lýsa því yfir, að þótt við engin fjármálavandræði hefði verið að stríða í svipinn, þá hefði ég verið með frv., sem gengur í þessa átt, sökum þess að ég hef enga trú á því, að við Íslendingar höldum uppi góðu vegakerfi nema með því að láta samgöngurnar sjálfar bera nokkurn kostnað af því. Ég hygg það sé viðast hvar svo meðal annarra þjóða. Járnbrautir eru víða gróðafyrirtæki, sem rekin eru af gróðafélögum. Annars staðar eru ríkisjárnbrautir, og eftir þeirri reynslu, sem við höfum af slíkum rekstri hér á landi, er við búið, að þær beri sig ekki eins vel. En þrátt fyrir það, sem sagt, þótt aðrar þjóðir hafi járnbrautir og noti því vegi tiltölulega minna en hér er gert, þá hafa þær skatt á benzíni og ekki lægri en við. Ég skal játa, að mér er ekki kunnugt um, hvað þessi skattur er hár í dag hjá ýmsum þjóðum. En fyrir nokkrum árum, er ég var í fjhn. þessarar hv. d., lágu fyrir skýrslur um þetta efni, og ég man ekki betur en þá þegar væri benzínskatturinn í Danmörku 35 aurar á lítra. Nú erum við 30 sinnum færri en Danir, en búum á þrisvar sinnum stærra landi, sem auk þess er mjög fjöllótt og illt yfirferðar. Mér er því óskiljanlegt, hvernig við eigum að geta komizt hjá því að hafa eitthvað hærri toll á benzíni en Danir t. d. Ég get því fyrir mitt leyti tjáð fylgi mitt við þetta frv. í aðalatriðum. Ég álít, að það fyrirkomulag verði að vera, að samgöngur borgi sjálfar vegaviðhaldið, en get hugsað mér, að ríkissjóður greiði nýbyggingu vega með sérstökum framlögum. Þessi skoðun mín byggist á því, að notkunin á veginum skapar viðhaldsþörfina og þess vegna eðlilegt, að notendurnir haldi veginum við.

Ég óska eftir, að athugaðir verði möguleikar á því, að vissar bifreiðar fái undanþágu frá þessum skatti. Þar hef ég í huga bifreiðar, sem flytja vörur fyrir almenning, og slíkri undanþágu væri ég samþykkur, ef hægt væri að koma henni við. Ákaflega mikið af bifreiðaakstri hér er í sambandi við skemmtiferðir. Það má að vísu segja, að það sé ekki óþarfi að skemmta sér, en það er svo margt hér, sem verður að skattleggja, og hvers vegna má þá ekki skattleggja þessar skemmtiferðir eins og annað, t. d. ferðapelann, sem aldrei þykir of hátt tollaður? Og sannleikurinn er sá, að skemmtiferðafólki er ekki svipað því eins tilfinnanlegt að greiða ofur lítinn skatt af benzíninu eins og tollinn af ferðapelanum. (*HV:* Og kannske jafnhátt.) Það sagði ég ekki. Þessi skattur er ekki heldur svo hár, að hann hafi stórkostleg áhrif á ferðakostnað, því að benzínið er ekki aðalkostnaðurinn við útgerð bifreiða. En hvað sem um þetta er að segja, þá hef ég ekki trú á, að þessi fámenna þjóð fái haldið uppi góðu samgöngukerfi í þessu landi nema hún fái að minnsta kosti viðhaldskostnaðinn greiddan af samgöngunum sjálfum.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mér datt í hug út af ræðu þm. Eyf., þegar hann talar um, að rétt sé að skattleggja benzín vegna þess, hvað ferðapelinn er hátt skattaður, að ekki væri þá úr vegi að skattleggja bara útsýnið eða vegina sjálfa. Það er t. d. nokkuð algengt í Bandaríkjunum, að brýr séu skattlagðar. Í þessu frv., sem fjhn. hefur flutt eftir beiðni ríkisstj., eins og venja er, án þess að nm. séu bundnir með afstöðu sína til málsins, er ekkert nýtt nema benzínskatturinn. Hins vegar er ég á móti þessum skatti og álít alla skattaaukningu vera ranga fjármálastefnu, því að það er ekki hægt að leggja á skatt öðruvísi en þeir komi fram sem aukin dýrtíð. Ég vil því taka undir þau ummæli, að það sé hreint öfugmæli að leggja á aukna skatta til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Þessi skattur er, eins og allir aðrir skattar nú upp á síðkastið, lagður á til að halda niðri dýrtíðinni, en í raun og veru er hann ekki annað en bein — þó að vísu grímuklædd — gengislækkun. Þeir menn, sem kjósa því þessa stefnu heldur en að láta krónuna nú þegar fá eðlilegt gengi, svo að útvegurinn geti staðið undir sér, þeir vita ekki, hvað þeir gera. Ég veit ekki, hvort þessi benzínskattur er í sjálfu sér nokkuð verri en aðrir skattar, og það getur vel verið, að hann sé ekki óeðlilegur, þó að þess verði að gæta, að mikið af okkar benzíneyðslu er af nauðsyn og í beinu sambandi við atvinnuvegi okkar. Hafi benzínskatturinn verið of lágur, hefði átt að vera hægt að lækka aðra skatta um leið og hann var hækkaður, t. d. þá skatta, sem notaðir hafa verið til vegaviðhaldsins eða eru samsvarandi þeim, ef hugmyndin er, að þessi skattur verði notaður til þess.

Annars mun ég ekki setja fótinn fyrir þetta frv., eins og högum er háttað, en taldi rétt að láta þessa skoðun mína í ljós. Hins vegar getur vel svo farið, að ég setji að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv., að benzínskömmtunin verði afnumin, því að hún hefur aldrei komið að neinum notum, heldur aðeins verið kostnaður á ríkinu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki hægara verk að vinna en finna að þessu frv. Þetta er rétt hjá ráðh. og sömuleiðis viðurkenning á því, að rökin, sem fram hafa komið gegn frv., eru rétt. — Hæstv. ráðh. viðurkenndi líka, að þetta frv. væri ekki borið fram vegna vegaviðhaldsins, heldur til þess að afla ríkissjóði tekna til að jafna hallann á fjárl. En sannarlega er þetta frv. ekkert bjargráð fyrir ríkissjóð, því að það verður til þess, að nærri allt verðlag hækkar í landinu og þar með landbúnaðarafurðir líka. Þetta er því ekkert bjargráð, heldur kallar bráðlega á enn nýjar álögur.

Hæstv. ráðh. hélt áfram að afsaka stj. fyrir, hvernig fjárhag landsins er komið og afgreiðslu fjárl., en gat þó ekki mælt á móti neinu atriði, sem sagt hefur verið um þau efni. Hann gat ekki mælt á móti því, að vöruverð hefði hækkað um 50% vegna ráðstafana ríkisstj. Ekki heldur að niðurgreiðslurnar, sem voru 16 millj. í tíð fyrrv. stj., hefðu orðið 56 millj. á síðasta ári og væru nú áætlaðar á fjárl. 75 millj. Þá gat ráðh. ekki mælt á móti því, að kostnaður við ríkisbáknið hefði mjög aukizt í tíð núv. ríkisstj., en þessi hækkun mun nema, miðað við 1947, á stjórnarráðinu um nál. 25%, dómgæzlunni um 12%, opinberu eftirliti um 22%, og áfram mætti telja. Þessar hækkanir hafa allar orðið síðan 1946, en svo hækkar þetta enn meir á árinu 1948. Hver ber ábyrgðina á þessum hækkunum nema núv. ríkisstj.? (*BSt:* Sumir segja fyrrv. ríkisstj.) Hverjir hafa greitt atkv. með þeim ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. hefur gert? Hæstv. ráðh. hefur talað um, að fjárl. væru svo sem raun ber vitni vegna lagasetninga í tíð fyrrv. ríkisstj. En þetta er algerlaga rangt, því að eins og ég hef sýnt fram á, hafa allar aðgerðir núv. ríkisstj. miðað að aukinni dýrtíð, hvort sem þær hafa átt að gera það eða ekki. — Það er oft minnzt á fræðslulöggjöfina, sem sett var í tíð fyrrv. ríkisstj., sem einhvern gífurlegan lið á fjárl. þessa árs. Það er nú auðvitað ekki að spyrja að því, að fyrst af öllu á að spara skólahald eftir stefnu núv. stj. En allt um það. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að allt skólahaldið kostar um 30 millj. Og mér finnst nú satt að segja ofrausn að eigna mér alla fræðslu í landinu, þó að ég hafi átt þátt í fræðslul. 1946, sem ég er mjög ánægður yfir að eiga hlut í. En hækkunin við nýju fræðslulögin er samtals 6 millj. kr., og þess vegna er ekki hægt að segja annað en það sé einkennileg meðferð á staðreyndum, að þessi löggjöf hafi skapað glundroða í fjármálunum.

Ráðh. varpaði þeirri spurningu til mín, hvort ég væri reiðubúinn að samþ. gengislækkun. Það hefur verið framkvæmd allt að 25% gengislækkun í tíð núverandi stjórnar, þó að óbeint sé, og þessari gengislækkun hef ég verið á móti. Ég er líka andvígur beinni gengislækkun, vegna þess að hún er ekki nema gálgafrestur, og mun sækja fljótlega í sama farið aftur, ef ekki er breytt um stefnu. Annars er það mál út af fyrir sig. Sannleikurinn er sá, að fjármálum landsins er svo illa komið vegna stefnu núv. stj. bæði í *inanlandsmálum* og viðskiptapólitíkinni, sem rekin er við önnur lönd. Það er t. d. mjög einkennileg afstaða hjá ríkisstj., þegar hún gat losnað við dýrtíðarábyrgðina fyrir sjávarútveginn með því að láta útgerðarmenn hafa lítinn hluta af þeim gjaldeyri, sem þeir öfluðu, að hafna því boði og verða nú að greiða stórar upphæðir af þeim ástæðum.

Þm. Eyf. var að hlaupa undir baggann hjá hæstv. ráðh. og verja þetta frv., en ekki gat hann þó gert það nema að halla á fyrrv. ríkisstj., og er því vafasamt, hvort hann gerði ráðh. stóran greiða, þar sem hann var stuðningsmaður fyrrv. stj. En hvað er það, sem þm. Eyf. er að ráðast á hjá fyrrv. stjórn? Eru það kannske kaupin á nýsköpunartogurunum, sem nú afla um 100 millj. kr. í erlendum gjaldeyri? Hvernig væri ástandið nú, ef þeir væru ekki til. Nei, það er áreiðanlegt, að hefði flokkur þm. Eyf. fengið að ráða, þá væri enn verr komið en nú er, því að þá væri skollið hér á bæði atvinnuleysi og kreppa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, JJós, LJóh, PZ, ÁS, BBen.

nei: GJ, GÍG, ÞÞ, BÓ, BSt.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

4 þm. (EE, HermJ, StgrA, BK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ef það er almennur deildarvilji fyrir því og það þykir hafa einhverja þýðingu, að málið fari í n., skal ég ekki leggjast á móti því og segi já.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þetta frv. er flutt af n., og það er ávallt venja í slíkum tilfellum, að mál séu athuguð af n. á milli umr., ef ástæða þykir til, þannig að þá athugi n. mál, sem hún flytur. Og það mun viðkomandi n. gera í þessu tilfelli, þó að málinu sé ekki með atkvgr. vísað til n. Og það hefur ekki verið venja að vísa til n. málum, sem n. hefur flutt, og ég segi nei.

Björn Ólafsson: Það liggur hér ekkert fyrir nýtt í málinu eftir umr. um það. Það hafa ekki heldur komið neinar brtt. fram við það, og ég sé þess vegna ekki neina ástæðu til þess, að máli þessu verði vísað til n., þegar svona er komið. Enda sé ég ekki, að málinu þurfi að flýta svo mikið, að það sé nauðsynlegt að hafa um það allar umr. hér í hv. þd. í dag og setja það í n., því að ég geri ráð fyrir, að það verði ekki tekið fyrir til meðferðar í hv. Nd. á morgun. Ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég lít svo á, að þó að frv. að vísu sé flutt af meiri hl. fjhn., en ekki n. allri, þá sé sjálfsagt mál, að hv. meiri hl. n. kveðji einnig hv. minni hl. n. til skrafs og ráðagerða, þegar n. athugar málið á milli umr., og sé ég ekki ástæðu til að vísa frv. sérstaklega til n. og segi því nei.

Á 99. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Deildin vísaði þessu máli aftur til n. á síðasta fundi. Að vísu lágu ekki neinar brtt. fyrir við frv., en komið hefur fram frá hv. 1. þm. N-M. (PZ) bending um það, að nauðsynlegt mundi vera að gera breytingu á þessu, vegna þess að engin

undanþága væri ætluð fyrir benzín til flugvéla, en eins og kunnugt er, hefur verið gerð undanþága á benzínskatti til flugvéla með tilliti til útlendra flugvéla, sem hér taka benzín á Keflavíkurflugvelli. Það er upplýst í málinu, að samkv. 7. gr. bifreiðal. er til staðar slík heimild í l., og hefur hún ekki fallið niður við þá breyt., sem hér er gerð. Upphaf 7. gr. l. hljóðar þannig:

„Fjmrh. getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða".

Fjmrh. benti mér á, að þessi heimild væri til staðar og hefði verið notuð í því skyni, sem hér er um að ræða. Af þessari ástæðu og af því, að engar till. lágu fyrir n., skilar n. ekki neinu áliti í þessu sambandi, en óskar gjarna að fá yfirlýsingu um það frá hæstv. fjmrh., að þessi heimild, sem hér er í l., verði notuð í sambandi við undanþágu á skatti fyrir flugvélabenzíni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er viðvíkjandi þessu sama ákvæði, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um. Þessi sama undanþáguheimild snertir jafnframt benzín til notkunar á landbúnaðarvélum, þ. e. a. s. öðrum tækjum en bifreiðum. Þessi heimild frá 1932 hefur verið notuð, ef ég man rétt, 1933. En þessi undanþáguheimild nær að vísu ekki nema til annarra tækja en bifreiða, þannig að jeppar falla undir þennan skatt, sem hér er verið að leggja á, þó að þeir séu undanþegnir þeim skatti, sem minnzt er á í c-lið þessa frv. Látum svo vera, að þessi undanþáguheimild nái ekki til þeirra, þótt notaðir séu til landbúnaðarstarfa. En ákvæðið í l. frá 1932 er aðeins heimild, og um það hefur verið gerð reglugerð, sem hefur verið framkvæmd til þessa, og gildir sama um þetta atriði og flugvélabenzínið í þessu sambandi. Það, sem á veltur, er því þetta: Verður heimilað að nota áfram reglugerðina frá 1933 að því er snertir landbúnaðarvélar, eða verður það ekki? Ef ég fengi yfirlýsingu um það, að heimildin frá 1932 verði notuð og reglugerð nr. 75 frá 1933 standi óhögguð, er ástæðulaust fyrir mig að koma með brtt. að því er þetta snertir. Væri því æskilegt að fá um þetta yfirlýsingu frá fjmrh., samhliða því sem hann gefur yfirlýsingu um flugvélabenzínið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér hefur verið bent á, að orðalag b-liðar 4. gr. frv. væri ekki nógu ótvírætt, en það hljóðar þannig:

„Til viðhalds og umbóta akvegum skal verja fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b-e-lið 1. gr."

Mér var bent á, að þetta kynni að verða skilið þannig af einhverjum, að til vegaviðhalds og umbóta á akvegum mætti ekki verja meiru, — að það væri takmarkað við þetta. En með því að það var ekki meining mín, þegar frv. var samið, vildi ég umbæta þetta orðalag þannig, að fyrir orðin „skal verja" komi orðið: renni. Þá mundi liðurinn hljóða þannig: Til viðhalds og umbóta akvegum renni fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b-lið 1. gr. — Þá getur enginn misskilið þetta þannig, að aldrei megi yfir þessa fjárhæð fara. Mun ég leggja fram við þetta skriflega brtt., til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Eins og hv. frsm. benti á í sambandi við flugvélabenzínið, stendur 7. gr. óhögguð í þessu frv., eða réttara sagt: Þó að þetta frv. verði samþykkt, stendur 7. gr. l., eins og hún hefur verið í l. frá 1932, óbreytt. Og það er ekki tilætlun stj. að breyta neitt til að því er skattlagningu á flugvélabenzín snertir.

Að því er snertir aðrar undanþágur, sem hv. þm. Str. minntist á, vil ég taka fram, að ég get ekki lýst yfir öðru en því, að hafður verður hinn sami háttur á og hingað til gagnvart framkvæmd 7. gr. l. frá 1932. Stendur ekki til að breyta þar neitt um, og sú framkvæmd þeirra laga, sem átt hefur sér stað, mun þess vegna eiga sér stað framvegis meðan ég hef umsjón með þeim málum. — Ég vænti þá, að þeir, sem bera það fyrir brjósti, að flugvélabenzín falli ekki undir þetta, geti látið sér nægja það, sem fram hefur komið í þessu efni, og að d. fallist á þá brtt., sem ég ætla nú að afhenda hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svohljóðandi brtt. frá hæstv. fjmrh. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.:

„Við 4. gr. Fyrir orðin „skal verja" í b-lið kemur: renni".

Þessi till. er borin fram af ráðh., og þarf að því leyti ekki afbrigði, en þar sem till. er skrifleg, verður að veita afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 666) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vildi benda ráðh. á, að ég vildi helzt af öllu láta prenta till., áður en hún kemur til umræðu. (*Fjmrh.:* Ég þakka hæstv. forseta ábendinguna og tel rétt að láta brtt. bíða til 3. umr.)

Eiríkur Einarsson: Ég tel, að maður sé ekki síður skyldugur til þess að leiðrétta sín eigin orð en annarra, ef maður kemst að þeirri niðurstöðu, að þau gætu verið réttari á annan veg en þau voru mælt. Á ég við það, að þegar ég talaði um þetta mál í gær og talaði um, hvers vegna þetta frv. væri borið fram, komst ég víst svo að orði, að það væri flutt vegna illrar nauðsynjar. Ég sagði það þá og tel það að vísu rétt hvað frv. snertir að nokkru leyti, en ekki að öllu leyti, því að þótt benzínskatturinn sé hækkaður vegna skemmti- og sællífistækja, lúxusbílanna, tel ég það ekkert illa nauðsyn, og ríkissjóður þarf alltaf tekjur, svo að ég álít það ekki illa nauðsyn, þó að benzínskatturinn

sé hækkaður þar. En það var hitt atriðið, sem ég minntist á í gær og vil nú aðeins hafa orð á aftur, þó að það verði kannske þýðingarlaust, og það er sá hluti benzínskattsins, sem lendir á nauðsynjatækjum, þ. e. búvélum og flutningavélum og fleiri tækjum, sem flest eru hin mestu nauðsynjatæki, og tek ég t. d. mjólkurflutninga til neyzlu höfuðstaðarbúa. Ég tel það því mjög mikil vandræði, ef ekki er hægt að koma í veg fyrir hækkun á benzínskattinum gagnvart þessum aðilum, því að það bitnar auðvitað á neytendum ekki síður. Ég skal nú ekki eyða fleiri orðum á þetta, en ég vil þó skjóta því til hv. n. og hæstv. ráðh., sem hvort tveggja eru af góðum vilja gerð, hvort ekki sé hægt að flokka þessa skatta nánar. Maður verður vitanlega spurður að þessu af viðkomandi aðilum, og þá er bezt að vita ákveðið, hvort þetta hafi ekki verið athugað og þá, að það sé ekki hægt.

Ég vildi láta þetta koma fram á þessum fundi og helzt að fá svör við því, hvort þetta sé gerlegt eða ekki.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar ég hreyfði flugvélabenzíninu í gær, var það af þeirri ástæðu, að í 1. gr. frv. segir, að hækka eigi benzínskattinn upp í 31 eyri, en ekki sagt annað en að sú hækkun ætti við allt benzín, líka flugvélabenzín. Nú er ekki um neina undantekningu að ræða í reglugerð, svo að hæpið er, að flugvélabenzín geti verið tekið þar út úr. Þannig leit líka Alþingi á 1937, þegar samþ. voru lög um benzínskatt eða hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni, því að þá þótti nauðsynlegt að bæta inn í orðunum „öðru en flugvélabenzíni". Þess vegna hélt ég, að það, sem þótti nauðsynlegt 1947, væri það einnig núna. En nú upplýsir ráðh., að þetta verði nánar tekið fram í reglugerð og þess vegna þurfi ekki upptalningin að vera fyllri en hún er hér.

Ég bað n. að athuga möguleika á að selja benzín um allt land á sama verði. Það eru nú ekki nema þrír eða ef til vill fjórir aðilar, sem selja benzín í landinu, svo að ekki er í marga staði að snúa sér um upplýsingar. Jafnframt er vitað, að ⅘ af öllum fólksbifreiðum, svokölluðum lúxusbifreiðum, sem við erum allir sammála um að hækka benzíntollinn við, eru í Rvík. Ef því hægt væri að selja benzín á jöfnu verði á öllu landinu, mundi afleiðingin af því verða sú, að hækkunin kæmi frekar niður á þessum bifreiðum en vörubifreiðunum, sem dreifðari eru um landið. Þetta hefur hv. n. ekki athugað eða hefur a. m. k. ekkert látið frá sér heyra um þetta atriði, sem ég vildi þó gjarnan fá upplýst, hverjir möguleikar eru á.

Þá bað ég einnig hv. n. að athuga, hvort ekki væru möguleikar á að selja benzínið með tveimur litum, annað handa lúxusbifreiðum og hitt handa þeim bifreiðum, sem við framleiðsluna vinna. Þetta veit ég, að gert er í Englandi og Svíþjóð og hefur gefizt þar vel. Þetta tel ég þó vera hæpnari leið og vil því ítreka hina fyrri.

Að öðru leyti vil ég vísa til þess, er ég sagði í gær, en þó ítreka það, að ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa tekið framlag til brúasjóðsins upp aftur. Ég gleðst yfir því, að vonandi hafa allir hv. þm. sjálfstfl. snúið þar frá villu síns vegar, því að mikil þörf er á að brúa þær mörgu ár og fljót, sem enn eru óbrúuð, og brýr kosta meira en ætla má, að veitt verði á fjárl. eins árs. Ég vil einnig láta í ljós ánægju mína yfir því, að þeir menn, sem ekki vildu í vetur hækka benzínskattinn, eru nú farnir að sjá þörfina á því. En mig undrar jafnframt, að þeir skyldu ekki sjá það í vetur, að þörf væri á hækkun yfir allt árið. — Ég vildi sem sagt fá að vita hjá hv. n., hvort hún hefur athugað þessar leiðir og hvað hún hefur um þær að segja. Einnig væri gott að fá nánar upplýst um flugvélabenzínið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls nú á þessu stigi. Ég mun fylgja þessu frv. af eftirgreindum ástæðum, þótt ég hefði kosið að hafa það mun ýtarlegra. Í fyrsta lagi tel ég þetta vera mjög réttláta skatta og tel það lýsa smásálarskap og takmörkuðu hyggjuviti að leggjast á móti þeim. Í sambandi við þetta vil ég taka fram, að þótt hæstv. ríkisstj. sæi sér ekki fært að hafa framlagið til vegasjóðs nema 4 millj., en við í fjvn. lögðum til, að það væri 7 millj., þá hefur hún nú hækkað það um 2 millj. og 600 þús. Einnig vil ég benda á, að hæstv. ríkisstj. hefur hækkað framlag til brúasjóðs um 400 þús. kr. Þetta sýnir, að brýn þörf er fyrir þennan skatt, og mér er næst að segja, að hlutaðeigendur fái hann fyllilega goldinn aftur með bættum vegum og fleiri brúm. Ég hygg, að það sé af miklum misskilningi, þegar fulltrúar dreifbýlisins hér á þingi eru að berjast fyrir því, að umbjóðendur þeirra greiði ekki þennan skatt af landbúnaðarvélum. Ég vil spyrja þessa hv. þm., hvort þeir vildu heldur litlar eða engar samgöngubætur í dreifbýlinu og hafa landbúnaðarvélarnar undanþegnar skatti eða samgöngubætur og skattlagt benzín til vélanna? Mér er kunnugt um, að jafnvel hérna á Suðurlandsundirlendinu þurfa margir bændur enn að flytja mjólkina á hestum, stundum langar leiðir, að vegunum. Það er því skammsýni að vilja ekki hækka skattinn á framleiðslunni einnig, því að miklu þægilegra er fyrir bændur að bera töluvert hærri skatt á benzíni, sem ætlaður er til vegagerða, heldur en að vera vegalausir. Mér finnst því að þessi skattur eigi að koma jafnt á öll þessi aktæki og tel, að allar þessar tekjur, sem ríkissjóður fær af benzíni, bílum, gúmmíi og þvíumlíku, eigi að renna óskiptar til vega- og brúargerða, en heldur ekki meira. Væri þá ákveðin upphæð, sem ekki þyrfti um að deila, ætluð til þessara þarfa. Það er mjög eðlilegt, að ökutækin sjálf séu látin bera þennan kostnað, því að eftir því sem betri eru vegirnir, þeim mun minna slit á bílnum og minni eyðsla á benzíni. Þetta er gert t. d. í Englandi. Þar hafa þeir byggt upp alla sína steinsteyptu vegi vegna þvílíkra skatta og eru aldrei í vandræðum með framlög til vegabóta.

Hv. þm. Str. lagði að jöfnu að leggja þennan

toll á ökutækin eins og farið væri að leggja slíkan toll á hráolíu til bátaútvegsins. Þetta er hinn alvarlegasti misskilningur, því að vegir bátanna, sjórinn, verða ekkert sléttari, þótt tollur sé þar á lagður. Alveg það sama gildir um toll á flugvélabenzíni.

Út af þeim orðum, sem féllu við 1. umr. og snerta afgreiðslu fjárl., mætti halda margar og langar ræður. Ég vil aðeins benda hv. þm. Str. á, að þegar atkvgr. fór fram um sparnaðartill. n., voru felldar till. upp á 1 millj. og 550 þús., og var það gert með miklu og öruggu fylgi hv. Framsfl.

Þá hafa þeir framsóknarmenn borið fram kröfur til hækkunar á fjárl., sem nema hátt á aðra milljón. Mér þykir það því næsta hart, að þessi hv. þm. skuli ráðast á afgreiðslu fjárl., þar sem hans menn hafa sannarlega átt sinn drjúga þátt í því, að hækka þarf skatta til þess að koma þeim saman. Mér dettur samt ekki í hug, að hv. þm. Str. vilji láta fjármál þjóðarinnar komast í algert öngþveiti, en er mjög hissa á því, að hann skuli láta háseta sína gera slíkt sem þetta.

Ég vildi þá aðeins benda á út af till. frá hæstv. ráðh., sem að vísu er tekin aftur til 3. umr., þar sem gert er ráð fyrir, að í stað orðanna „skal verja fjárhæð" komi „renni fjárhæð", hvort hv. fjhn. vill ekki athuga þetta nánar. Ég mundi fella mig mun betur við, að þessu yrði alveg sleppt, þannig að b-liður 4. gr. yrði þá þannig: Til viðhalds og umbóta akvegum, sem svarar 21 eyri o. s. frv.

Ég skal svo ekki ræða þetta nánar, en ég vil láta það koma skýrt fram, að ég tel rétt, að í framtíðinni verði öllum tekjum, en ekki meiru, af benzíni, bílum, gúmmíi og þviumlíku varið til viðhalds og uppbyggingar vega og brúa.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það hjá hæstv. ráðh., frekar en orðið er, að ef þessi lagabreyt. nær fram að ganga, fellur hún að mestu leyti undir reglugerð nr. 43 frá 1943. Hið eina, sem liggur þá á milli hluta, er, hvort jeppabifreiðar eiga að heyra undir hana með lögjöfnun, eins og ég hygg, að ætlazt sé til. En það skiptir vitanlega miklu máli, að 7. gr. l. 84/1932 verði framkvæmd eins og hingað til. Það, sem lá á bak við þau lög, var að íþyngja ekki framleiðslunni. En ef sá skattur, sem hér um ræðir, ætti einnig að koma niður á henni, væru það um 1000 kr. á hvert heimili.

Ég skal ekki lengja umr. með því að bera saman skyldleika hráolíu til bátaútvegsins og benzíns til ökutækja, en vitanlega er það alveg hliðstætt. En að því, er snertir benzínskattinn og vegina almennt, þá vil ég aðeins benda á, að auðvitað er það, sem tekið er fram í frv. um að skatturinn eigi að ganga til viðhalds og uppbyggingar vega og brúa, ekki annað en átylla, nokkurs konar hulinhjálmur til þess að gera stjórnina ekki óvinsælli en þörf er. Við vitum sem sé allir, að ekki nema örlítið brot, örfá prósent af skattinum ganga til þessara framkvæmda; hitt fer til þess að jafna hallann á fjárl. Þetta er svo ljóst og vitað mál, að ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja það nánar.

Ég skal ekki vera langorður um afgreiðslu fjárl. og reyna að láta ekki þau orð falla, sem vakið gætu umr., þótt hv. þm. Barð. gæfi fyllilega tilefni til þess. Þar sem hann talaði um afstöðu mína og sumra flokksmanna minna til núv. hæstv. stj., þá er það vitað mál og hefur síður en svo verið ofaukið, að ég er andvígur þessari stjórn. En skyldi það ekki vera dálítið svipað með okkur báða? Ég hygg að minnsta kosti, að það sé algert einsdæmi, að frá form. fjvn. komi um 150 brtt. við fjárlfrv. hans eigin ráðh. Og ég er aðeins að benda á staðreyndir, en er ekki að deila á hv. þm. Þessi ósköp, sem áttu að fæðast, tóku svo langan tíma, að það er ekki búið að afgr. fjárl., þegar komið er langt fram á árið, sem mun vera einsdæmi hjá nokkurri þjóð í heiminum. Af flokki hv. þm. — en hv. þm. er form. fjvn. Alþ. — er meginið af brtt. fjvn., eftir því sem hann segir sjálfur, kolfellt. Ef hv. þm. dregi nú af þessu réttar ályktanir, — og verður nema ein ályktun af þessu dregin, sú, að það sé ómögulegt að fylgja þeirri stj., sem hann hefur unnið fyrir? Ég veit ekkert um það og skal ekki fara um það fleiri orðum. En að því er snertir þetta verk, þá efast ég ekki um, að hann hefur lagt í það sannfæringu sína. En fjármálastefnan er meginatriðið í l. hverrar löggjafarsamkundu. Og þegar fjvn. er ekki talin vera til og ríkisstj. er búin að búa til nýja fjvn. úr sjálfri sér, þá trúi ég ekki öðru en að fleirum en mér finnist þetta ekki smávægilegt ósamræmi. Og þó að flokksmenn mínir fylgi henni að málum, þá stendur víst ekki ósvipað á fyrir okkur, mér og hv. þm. Barð., um þetta, nema að því leyti, að þetta verður miklu meira áberandi af því að hann er form. aðaln. þingsins. Ég veitti því sérstaka athygli um hina sérstöku afstöðu flokkanna, þegar greidd voru atkv. um brtt., að þá komu einna fyrst nokkuð margar brtt. til atkv., sem snertu stofnanir og embætti, sem Sjálfstfl. virðist gera sér mjög annt um. Og ég vænti þess, að fleiri hafi tekið eftir því en ég, að Sjálfstfl., alveg undir forustu, sem var áberandi, hjálpaði til að fella flestar sparnaðartill. að því er snerti þessar stofnanir. Þegar þannig er ástatt, er ekki eðlilegt, að aðrar brtt., sem sýnt hafði verið fram á með rökum, að óframkvæmanlegt var að lækka, eins og t. d. framlag til flugmála, væru samþ. Það var engin ástæða til þess, að aðrir flokkar, eftir þá afgreiðslu á brtt., sem á undan var gengin og skipulögð móti form. fjvn., samþ. aðrar sparnaðartill., sem voru á minni rökum reistar. Þetta er nú saga þess máls. Og það er ekki neinn vafi á því, að ef þessi afstaða í flokknum, með form. fjvn. einangraðan og líka hæstv. fjmrh., hefði verið með öðrum hætti, þá hefði sú atkvgr. getað farið öðruvísi. Það er ég líka viss um, að hv. þm. Barð. gerir sér fullkomlega ljóst. Ég veit ekki hvaða brtt. það eru, sem komið hafa fram við frv. síðan frá því var gengið við 2. umr. þess, en hv. þm. Barð. segir, að harðast hafi verið sótt af Framsfl., að mér skildist, í eyðslu. Án þess að ég vilji fara mikið út í að ræða þetta, skal ég segja það, að það voru einstaka

liðir á fjárlfrv., eins og það var eftir 2. umr., sem allir gátu séð, að ekki gátu staðizt, t. d. framkvæmd landhelgisgæzlunnar. Út af fyrir sig mundu nú fæstir telja það óþarfa eyðslu.

Ég veit, að í höfuðatriðum er ágreiningurinn milli Sjálfstfl. og Framsfl. fyrst og fremst um það, að við framsóknarmenn viljum undir engum kringumstæðum fella niður eða rýra nauðsynlega starfsemi eins og landhelgisgæzluna, sem er alveg lífsnauðsynleg fyrir flotann, eins og ástatt er á miðunum. Í annan stað viljum við ekki fella niður nauðsynlegar framkvæmdir, — og í því hefur hv. þm. Barð. verið okkur sammála, — eins og að leggja vegi, byggja brýr, leggja sveitasíma og þess háttar. Við álítum, að þessir liðir eigi alls ekki að víkja út af frumvarpinu fyrr en í síðustu lög. Við álítum, að áður en farið er að raska við þessum liðum, mætti benda á margt annað og spara marga aðra liði, sem við höfum bent á. En þegar ekki má einu sinni fella niður skattdómaraembættið á Akureyri, — en í því er sjálfsagt að ýmsu leyti ágætur maður, sem hefur setið þarna í embættinu í 5 ár og tekið fyrir eitt einasta mál, — þá er ekki von, að vel fari í þessum efnum. Ekki má heldur tala um að fækka sendiherraembættum, sem sett hafa verið upp í sambandi við töku sjálfstæðis okkar, og án þess að fara um það fleiri orðum, er það vitað mál, að þau eru landi og þjóð til einskis gagns. Þegar ómögulega má ræða um sparnað á þessu, sem ég nú hef nefnt, og fleiru af líku tagi, þá er það ekkert undarlegt, þó að ráðh. Framsfl., sem ég ætla ekki að fara að svara fyrir, því að þeir munu gera það sjálfir í sambandi við fjárlumr., hafi ekki viljað fella burt þessar tiltölulega litlu framkvæmdir, sem eru nú úti um landið, — þó að við framsóknarmenn viljum ekki fella niður það allra nauðsynlegasta, sem jafnframt er framkvæmt fyrir atvinnulíf fólksins þar og ekki einungis fyrir það, heldur þjóðina í heild, til þess að fólkið haldi áfram að heyja lífsbaráttuna þar, í staðinn fyrir að hrúgast í kaupstaðina, með þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa.

Ég hef reynt að stilla þessu í hóf, til þess að gefa ekki tilefni til frekari umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég heyri það, að menn eru farnir að tala um fjárl., og ég býst við, að mönnum fari að leiðast undir slíkum umr. nú. Hér liggja fyrir 3 stórmál, sem d. er að reyna að koma áfram, og ef þessum umr. heldur áfram, þá verður mér ekki rótt í sætinu.

Hv. þm. Barð. var að beina því til mín sem form. n., að athuguð væri milli umr. 4. gr. frv., sem hann tók til, b-liður. N. er búin að afgr. máilð frá sér, og þar að auki skildist mér, að ætlunin væri að koma málinu út úr d. í dag, svo að ég get vel gefið skýr svör um það, hvað mig snertir, að ég mun ekki kalla saman fund til að ræða þetta atriði, nema fyrir liggi skrifleg brtt. frá hv. þm. um þetta efni.

Þá er það út af því, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði, að n. hefði ekki látið álit sitt í ljós um tvö atriði. Annað atriðið var um jafnaðarverð á benzíni um land allt, en hitt atriðið var um svokallað benzín með tveimur litum, til þess að hægt væri að hafa betra eftirlit með sölu á benzíni með tvennu verði. Á fyrra atriðið var a. m. k. minnzt í n. Ég get ekki sagt, að það hafi komið mikið til umr., því að n. hefur ekk fundið hvöt hjá sér til þess að koma með till. í þessa átt og um hvorugt atriðið. Ég vil upplýsa það, að í sambandi við jafnaðarverð á olíu í landinu, þá tel ég, að það þurfi ekkert lagafyrirmæli til þess að framkvæma slíkt. Þetta er hrein verðlagsframkvæmd, sem hefur fordæmi í verðlagningu á olíu á undanförnum árum, þar sem t. d. hráolía hefur verið seld með jafnaðarverði um land allt, að vísu með nokkuð mismunandi verði á ýmsum stöðum, en að ákaflega miklu leyti jafnað samt sem áður, eins og þeir vita, sem hafa fylgzt með olíuverðinu, þar sem olíuverðið var hér í höfn 20 aurar, en var selt á Norðurlandi á 51 eyri, ef ég man rétt. Ég álít þetta atriði út af fyrir sig hreint framkvæmdaratriði, sem ekki þurfi að setja sérstaka lagastafi um. Ef ríkisstj. hefur áhuga fyrir því, að slík framkvæmd verði gerð, þá er henni innan handar að koma henni á. Ég verð því að beina því til hv. þm., að ef hann vill, að þessi atriði komi fram, þá verður hann að gera sér grein fyrir því, að þau koma ekki fram í n. og að hann verður að bera fram brtt. um þetta efni, ef hann telur ekki, að þessi skýring, sem ég hef gefið á fyrra atriðinu, sé nægileg.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. um það, að umr. hefðu farið víðar en þetta frv. beinlínis gefur tilefni til, þá er það rétt, og ég vil óska þess, að menn haldi sér sem allra mest við frv. sjálft, þó að vitanlegt sé, að almennur fjárhagur ríkissjóðs kemur þessu máli við; það er ekki hægt að neita því. Það er þó æskilegt, að það sé frv. sjálft, sem aðallega er rætt um.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Án þess að ég vilji vefengja úrskurð hæstv. forseta, þá verð ég ekki ásáttur honum um það, að ég hafi í ræðu minni farið út fyrir eðli þess máls, sem til umr. er, og vil ég því ekki viðurkenna það, að ummæli hans eigi við mína ræðu. Hvort þau eiga við ræðu hv. þm. Str., um það skal ég ekki segja.

Í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) í síðustu ræðu hans, þykir mér það einkennilegur stirðbusaskapur hjá honum í máli, sem verið er að ræða við hann um sem form. n. Skilur hann ekki, að það fer betur á því, að þessi orð séu felld burt úr frv.? Það er starf n. og sérstaklega form. n. að athuga m. a. orðalag á frv., sem til hans koma. Til hvers heldur þessi hv. þm., að n. séu? Heldur hann, að þær séu bara upp á grín? Hvað eftir annað kemur það fram hjá honum, að hann vill ekki athuga ábendingar, nema þær séu bornar fram skriflega. Ég skal gjarna bera fram skriflega brtt., ef hv. þm. lýsir því yfir, að hann nenni ekki að lesa þessa grein. Það er fyrst og fremst hans verk að athuga, hvort fer betur, og sé það álit hans, að það fari ef til vill ekki betur, þá er

það mitt verk að bera fram brtt. Læt ég svo útrætt um þetta.

Ég vil leyfa mér að leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. þm. Str., með nokkrum orðum. Það er rangt hjá hv. þm., að form. fjvn. og fjvn. í heild hafi verið einangruð við afgreiðslu fjárl. N. bar fram brtt., sparnaðartill., um lækkun á fjárl., sem nam 1550000 kr. Af því var tekið upp aftur 340 þús. kr. til flugmála, sem er aðeins 9 þús. kr. lægra en till., sem felld var. Svo að ummæli hans í sambandi við þetta eru sögð alveg út í bláinn. Auk þess aðeins 55 þús. kr. í sambandi við aðrar till. Það er alveg rangt, sem hv. þm. fullyrti, að ekki væri hægt að komast lægra með landhelgisgæzluna eins og nú væri. Það veltur ekki sízt á því, hvernig þeim málum er stjórnað, hvort hægt er að komast af með minna fé. Það er algerlega rangt, að gerð hafi verið nokkur tilraun til að fella nokkrar till. um framlög til brúa, vega eða sveitasíma. Þær till. voru allar samþ. óbreyttar og kannske langsamlega mest fyrir það, hvað fjvn. hélt utan um þau mál. Það er rangt, að það hafi komið til Alþ. að ákveða, hvort niður skyldi fella skattdómaraembættið á Akureyri eða sendiherraembættin á Norðurlöndum. Svo að flest, sem hv. þm. Str. sagði um afgreiðslu fjárl., var rangfærslur einar, sem sennilega byggjast á því, að hv. þm. hefur hvorki gefið sér tíma til að vera við afgreiðslu fjárl. né lesa þingskjölin.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Barð. (GJ), sem er talsvert mikið fyrir það að gerast siðameistari hér í d. Hann er vafalaust orðinn þingvanur eftir langa þingsetu, enda ber mikið á því, að hann álítur, að enginn kunni að haga sér á Alþ. nema hann. Honum hættir talsvert mikið til þess að tala við aðra þm., bæði mig og aðra, eins og við værum krakkar á skólabekk og hann væri skólameistarinn. Ég ætla að láta hv. þm. Barð. vita það, að ég tek ekki við svona lærisetningum frá honum. Það getur vel verið, að ég sé ekki eins þingvanur og hann og ekki eins þingrikur, en slíkar ákúrur, sem hann gefur mér og gefur yfirleitt hér á Alþ., ætti hann sjálfs sín vegna að leggja niður. Að ég ekki nenni að lesa? Hvers konar málflutningur er þetta? Ég hef lesið gr. eins vel og hann. Það getur vel verið, að ég leggi annan skilning í hana en hann gerir. Og að það sé stirðbusaskapur, þó að ég vilji ekki hlaupa til og kalla saman nefndarfund, hvað lítið sem við ber, þó að einhver þm. þurfi að athuga þetta eða hitt atriði í máli, sem n. er búin að skila af sér. Ég skal láta hv. þm. Barð. vita það, að ég tel þessa ábendingu hans ekki þess virði, að hún sé tekin til athugunar í n., og kemur mér því ekki til hugar að kalla saman fund á þessu stigi málsins, meðan ekki liggur annað fyrir en það, sem hv. þm. sagði.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta verður aðeins örstutt aths. út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um það, að ég hefði farið hér rangt með, að till. hefðu verið felldar fyrir hv. fjvn. Það stóð eitthvað um þetta í blöðum. Þar voru tveir dálkar af till., sem voru felldar. Rétt áðan var hv. þm. að segja, að Framsfl. hefði gengið fram í því að fella sparnaðartill., sem komu fram. Nú segir hann, að aldrei hafi verið felldar sparnaðartill., svo að það er nokkuð erfitt að eiga orðakast við hv. þm. Og ég held satt að segja, að hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) segi það satt, að hann sé ekki þingvanur, ef hann ætlar sér að fara að kenna hv. þm. Barð. Ég veit, að hv. 1. þm. Reykv. er kunnur fyrir það að kunna mikið af málsháttum. Hann ætti að kunna þann málshátt, sem gefur í skyn, að ómögulegt sé að kenna honum, svo að hann getur alveg látið það vera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Brtt. 666 tekin aftur til 3. umr.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 644, 666).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það hefur verið minnzt á það í sambandi við þetta mál, að verði það að l., komi til greina að afnema skömmtun á benzíni, en um þetta hafa þó ekki komið fram skýr svör hjá stj. En það hefur komið fram, m. a. hér í d., að sumir þm. hafa jafnvel gert það að skilyrði fyrir fylgi sínu við málið, að slík yfirlýsing lægi fyrir. Nú er það svo, að afnám skömmtunarinnar hlýtur að draga dilk á eftir sér fyrir atvinnubílstjóra fólksflutningabifreiða, ef ekki eru gerðar frekari ráðstafanir. Félag þeirra, Hreyfill, hefur fyrir skömmu farið þess á leit við borgarstjóra, að hann styddi að því, að sett yrði reglugerð, þar sem fastákveðin væri tala þeirra bifreiðarstjóra, sem á hverjum tíma mættu stunda akstur sem atvinnuveg. Í tilefni af þessu lagði borgarstjóri til, að skipuð yrði n., sem athugaði, hvort það þyrfti löggjöf til þess að setja slíka reglugerð. Þetta varð að ráði, og ákveðið var, að bæjarráð skipaði einn mann í n., félag bifreiðarstjóra einn, og auk þess skrifaði bæjarráð rn. og óskaði þess, að það skipaði einn mann í n. Ég hef ekki heyrt, hvort rn. hefur skipað þennan mann, og vildi í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðh., hvort það hefur verið gert. Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort athugað hefur verið í stjórninni, hvort löggjöf þyrfti til þess að þetta verði gert og í þriðja lagi, hvort athugað hafi verið í stj. að setja slíkar reglur samtímis því, sem skömmtunin yrði afnumin. Þetta er mjög alvarlegt mál fyrir atvinnubílstjóra, því að ef skömmtunin verður afnumin, gizka þeir á, að 300—400 bílar muni bætast við, og það mundi hafa í för með sér tilfinnanlegt atvinnuleysi fyrir

stéttina. Ég vil óska þess, að hæstv. ráðh. svari þessu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég er hræddur um, að hv. 4. landsk. þurfi einhvern annan ráðh. en mig til að svara þessu að fullu. Ég veit ekki til, að komið hafi tilmæli í þessa átt í þau rn., sem ég á að sjá um, og það er ekki undarlegt, þó að þeim sé ekki þangað beint. Að öðru leyti get ég ekki leyst úr því í skjótri svipan, hvort hægt er að skipta sól og regni milli þeirra, sem vilja aka, ef þeir hafa lögum samkvæmt rétt til farþegaflutninga. Hitt er mér vel skiljanlegt, að mikil fjölgun er til einskis góðs, hvorki fyrir þjóðfélagið í heild né þá, sem stunda þessa atvinnugrein. Ég geri ráð fyrir því, að kannske nú þegar stundi fleiri farþegaflutninga en ströng nauðsyn krefði. Mér þykir leitt, að ég get ekki leyst úr spurningum hv. þm., en mér er ekki kunnugt um neina málaleitun í þessu sambandi, enda býst ég við, að fjmrn. eigi hér ekki hlut að máli. Annars var það svo, þegar skömmtunin var sett á, að talið var, að hún væri frekar til óþæginda og leiðinda og álitið, að vinsælt væri að létta henni af, ef benzínið væri látið sinna því hlutverki, er því ber. Ég á við opinberar álögur, en í þá átt er drjúgt spor stigið með samþykkt frv., eins langt og hún er komin. Skömmtunin hefur komið illa út fyrir bifreiðarstjóra og reynt hefur verið að rýmka til, svo að þeir hefðu rýmri skammt, en allir vita, að þeir hafa orðið að drýgja hlut sinn á svörtum markaði. Það er ástæða til að ætla, að þeim hafi verið þetta ógeðfellt, en það hefur stafað af því, að skömmtun hefur verið á benzíni.

Ég skil vel, að hv. þm. sé ekki ánægður með þessi svör, en ég get ekki látið annað í té.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) óskaði eftir því, að ég bæri sjálfur fram leiðréttingu á 4. gr. Það kom fram, að hann hafði ekki áhuga fyrir því að athuga, hvort það færi betur eða ekki. Ég leyfi mér því að bera fram skriflega brtt. þess efnis, að orðin „skal verja fjárhæð" í meginmgr. b-liðar 4. gr. falli niður.

Fúkyrðum hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Str. í minn garð mun ég ekki svara. Ég er orðinn svo vanur því, að kastað sé að mér fúkyrðum, þegar rök brestur, að það er hætt að snerta mig. Síðar gefst ef til vill tækifæri til að ræða við hv. þm. Str. um margendurtekin ósannindi um mig í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég skal ekki fara út í það í dag.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 667) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég heyrði á svörum hæstv. fjmrh., að þetta mál hefur ekki verið rætt í ríkisstj., en mér er kunnugt um það, að tilmælin, sem ég gat um frá bæjarráði, að skipa einn mann í n., voru send til hæstv. samgmrh. Það er því ekki við að búast, að hæstv. fjmrh. geti gefið greiðari svör, þar sem málið hefur ekki verið rætt í ríkisstj., en hins vegar vildi ég biðja hann að sjá til þess, að málið yrði tekið fyrir þar, því að sé svo, að það þurfi lagaheimild til þess að takmarka innstreymi manna í stéttina, þyrfti að veita þá heimild á þessu þingi, og væri eðlilegt, að hún kæmi fram í sambandi við þetta frv. Ég vildi því mælast til þess, að málinu yrði frestað um stund og form. fjhn. kallaði n. saman á meðan til þess að athuga þetta.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 4. landsk. skal ég taka það fram, að ég skal gjarna verða við tilmælum hans að kalla n. saman, ef það er vilji d. að fresta framgangi málsins, sem mér hefur annars skilizt, að ætlunin væri að koma í gegnum allar umr. í dag. En ég vil þó benda hv. þm. á það, að þetta atriði um atvinnuréttindi bílstjóra á ekki heima í þessum lagabálki, og er fráleitt að binda saman þá hættu, sem atvinnubílstjórar segja, að atvinna þeirra sé í, og afnám benzínskömmtunarinnar. Til þess að verja stéttina fyrir offjölgun þyrfti eiliflega benzínskömmtun. Hins vegar er rétt að athuga, hvað unnt er að gera til þess að verja réttindi þessara manna.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi nú leyfa mér að óska þess, að ekki yrði fundið upp á nýjum og nýjum innskotun til þess að tefja þetta mál, sem svo mjög varðar afgreiðslu fjárl., og mér þykir leitt, ef það á að taka upp á öllum mögulegum og ómögulegum ráðum — því að ég kalla þetta ómögulegt — til þess að vefjast þarna fyrir. Það er opin leið á þinglegan hátt að taka fyrir þessa málaleitun hv. 4. landsk. án þess að blanda henni inn í þetta mál. Og ef endilega þarf að taka hana fyrir í sambandi við þetta mál, væri það hægt í Nd. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, að þar sem komið er fram að helgi og ætlazt er til, að þing ljúki störfum næstu daga, en fjárlög eru enn óafgreidd, þá er það ósk mín, að ekki verði staðið svo upp frá borðum hér í dag, að málið hafi ekki fengið afgreiðslu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst nú, að svo mikill dráttur hafi orðið á afgreiðslu fjárl., að það skipti nú litlu, þótt þessu máli yrði frestað í 10 mínútur eða kortér. Það ætti því síður að valda neinum hneykslunum, þar sem hér er ekki um neitt hégómamál að ræða, heldur stórmál. Hitt er annað, hvort rétt kynni að vera að flytja það í öðru frv. En sannarlega er takmörkun á innstreymi í bílstjórastéttina ekki óviðkomandi afnámi á benzínskömmtun. Og þurfi til þessa lagaheimild fyrir ríkisstj., þyrfti hún að fást á þessu þingi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það var ekki meining mín að leggjast á móti því, að fjhn. fengi hlé til að tala saman stutta stund. En af því að mér þótti vandséð, að fundur yrði þá aftur kl. 5, var ég mótfallinn því, að málið yrði dregið þannig. Hv. 4. landsk. impraði ekki á þessu máli í morgun, er fundur

var í n. Honum virðist hafa dottið það í hug þessa klukkustundina, því að í morgun hafði hann tækifæri til að tala um þetta, en lét það ónotað. En sé það nú tryggt, að málið komist áfram í dag, er ég ekki á móti því, að nm. tali saman skamma stund. [Fundarhlé.]

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það voru tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Ég vildi leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Barð., að benzínskatturinn hefði áhrif á gerð afleggjara heim að bæjum og flýtti fyrir þeim. Þetta er misskilningur. Þeir eru ekki lagðir af ríkissjóði og koma þessu máli ekki við. Hann talaði og um, að fjöldi bænda þyrfti enn að flytja mjólkina á klökkum að þjóðvegum, og talaði líka um, að benzínskatturinn bætti úr þessu. En þessi skattur gengur aðeins til þjóðvega, og langur tími mun líða, þar til þeir munu ná til allra bæja. Það liggur nú fyrir von um, að skömmtuninni verði aflétt á benzíni, ef þetta frv. verður samþ. nú. Ég tel það þó ekki bundið við frv. Skömmtunin hefur verið þarflaus. Hún hefur aðeins látið menn fá atvinnu við úthlutunina, aðra við að selja benzín á svörtum markaði, en hefur ekki sparað einn lítra. (*Samgmrh.:* Þetta er of mikil fullyrðing.) Hæstv. ráðh. skal bara athuga benzínskömmtunina fyrr og nú, miðað við bílafjöldann, og hann mun sjá, að meira benzín er nú notað á hvern bíl til jafnaðar en áður var Það liggur beint við, ef þetta er reiknað út. Er því sjálfsagt að afnema skömmtunina. Ástæðan fyrir því að hafa hana er aðeins sú að veita mönnum tækifæri til að selja benzín á svörtum markaði og hinum atvinnu, er við úthlutun þess fást.

Hv. 4. landsk. talaði þá um, að þetta mundi hafa mikil áhrif á atvinnu bílstjórastéttarinnar, gat þess, að takmarka verði, hverjir eigi að fá að aka leigubifreiðum frá stöðvum eða stunda bifreiðakeyrslu sem atvinnu. Þetta er tekið fram í l. Menn þurfa að hafa meira próf o. fl. til þess að öðlast þessi réttindi. Ef á að fara þá leið að meina mönnum með l. að stunda atvinnu, sem þeir hafa aflað sér réttinda eftir öðrum lögum til að stunda, þá er það fjarri öllu viti. Því er ég undrandi yfir till. og hinu, að málinu skuli hafa verið vísað í annað sinn til n. Það er fjarri öllu lagi. Ég vænti því, hvað sem þessu líður, að benzínskömmtuninni verði aflétt, eins og raunar ber að gera um alla skömmtun, þótt skömmtun á álnavöru sé e. t. v. ekki óþarfi enn sem komið er. Hún er óþörf og aðeins til að auka skriffinnskuna, kostnað, svartamarkað o. fl. Ég vænti þess því, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært, hvað sem bílstjórunum líður, að afnema skömmtunina þegar í stað eða mjög bráðlega.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Fjhn. hélt fund á milli funda til að athuga það mál, sem fram kom frá hv. 4. landsk. (BrB), og enn fremur till., sem hefur komið fram frá hv. þm. Barð. (GJ), og niðurstaða n. er sú, að meiri hl. hennar, 4 nm., vill ekki flytja neina brtt. við þetta mál og eigi heldur mæla með neinni brtt. (*GJ:* Ekki hæstv. ráðh.?) Hún kom ekki til tals. Ég held, að við höfum litið á hana sem orðabreyt., en enga efnisbreyt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það var aðeins vegna þessarar orðabreyt., sem hv. þm. gat nú, að ég tek til máls. Hún segir raunar sama og brtt. hv. þm. Barð. Ég játa, að ég kom með þetta eina orð eftir ábendingu eins af hv. þm. Nd., er kvað hitt geta valdið misskilningi, og það er gert til að forðast árekstur, að ég flyt þessa skriflegu brtt., og eigi vegna þess, að ég álíti hana betri. Þær eru sjálfsagt báðar jafnréttháar. En betra væri, ef hv. þm. vildi taka sína aftur til að forðast árekstur, eigi vegna annars.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það hefur borizt bréf frá bílstjórafélaginu Hreyfli til Alþ., dagsett þ. 6. maí 1949. Þar mótmælir félagið hækkun á benzínskatti og bendir á hækkun rekstrarkostnaðar, sem af því mundi leiða, 1909 kr. á bifreið á ári. Muni og hækkun á rekstrarkostnaði leigubifreiða vegna hækkunar á tollum og gjöldum af varahlutum, gúmmíi, ýmissi efnivöru, vegna hækkaðs bifreiðaverðs, söluskatts og viðgerðarkostnaðar og benzínverðs s. l. 2 ár nema kr. 9896.89. Benda þeir á, að ökugjald, þ. e. byrjunargjald, hafi vaxið aðeins um 50 aura á ökuferð síðan 19. apríl 1943. Einnig benda þeir á, að það dyljist ekki, að verði benzínskömmtunin nú afnumin, sem menn munu fagna, þá mundu falla úr gildi þær hömlur, sem benzínskömmtunin setti um hámarkstölu bifreiða til fólksflutninga, en það mundi hafa í för með sér offjölgun og atvinnuleysi í stéttinni, og fara þess því á leit, að löggjöf verði sett um þetta efni. Nú tókst eigi að ná tali af hæstv. samgmrh., og eigi hefur tekizt að fá svör frá stj. um afstöðu hennar til málaleitunar bifreiðastjóranna. Skilst mér af þessum ástæðum, að meiri hl. n. muni eigi fallast á heimildarákvæði í þessa átt. Ég sé því ekki betur en till. um það yrði felld. Og þar sem það gæti spillt fyrir málinu, mun ég eigi bera slíka till. fram. Býst ég þó við, að upplýsingar muni liggja fyrir um málið, þegar frv. kemur til Nd. Og í trausti þess, að þá liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar frá ríkisstj. og að þar verði þær ráðstafanir gerðar, sem duga til þess að fyrirbyggja offjölgun í stéttinni, þegar núverandi hömlur falla úr gildi, mun ég eigi bera fram brtt. í þá átt á þessu stigi málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af óskum hæstv. fjmrh. um, að ég taki mína skriflegu brtt. aftur, þar sem hans till. feli í sér þær breyt., sem ég legg til, en sé hins vegar vænlegri til samkomulags, þá skal ég verða við þeirri ósk. Hvorug till. er efnisbreyt., heldur aðeins breyt. á orðalagi, og svo mikill stuðningsmaður ráðh. er ég, að mér er ljúft að verða við þessum tilmælum hans, ef það er honum einhver styrkur. Skrifl. brtt. mín er því tekin aftur.

Við umr. um þetta mál benti ég á, að benzín-

skatturinn kæmi til hjálpar þeim, sem enn verða að flytja afurðir sínar og aðdrætti á klökkum. Þeim orðum, sem 1. þm. N-M. (PZ) lét falla út af þessum ummælum mínum, vil ég algerlega mótmæla. Vegakerfið heim að mörgum þeim býlum, sem svona er ástatt um, mætti lagfæra, svo að það yrði fært allt árið með auknu viðhaldsfé. En auk þess liggja fyrir beiðnir um nýja akvegi, svo að skiptir hundruðum og jafnvel þúsundum km.

ATKVGR.
Brtt. 667 tekin aftur.
Brtt. 666 samþ. með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 668).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hefur fengið afgreiðslu í Ed., er flutt fyrir hönd fjmrh. af fjhn. þeirrar d. Efni frv., sem er breyt. frá l., er um hækkun á benzínskatti í 31 eyri hvern lítra, eins og segir í 1. gr. — 4. gr. ákveður, hvernig verja skuli þeim tekjum, sem með þessu er aflað, þannig að viss hluti rennur í brúasjóð og hitt í viðgerðir og umbætur á akvegum. — 1. og 2. gr. eru samhljóða og í l. nr. 27 frá 1947. — 3. gr. fjallar um innheimtu á bifreiðaskatti, eins og segir í aths. með frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir Alþ. — 4. gr. frv. er samhljóða 8. gr. í l. nr. 84 frá 1932, en hún var felld niður með lagabreyt. 1947. — Þá er ákvæði til bráðabirgða, sem kveður svo á, að næsta bifreiðaskattsár sé frá 1. apríl 1949 til 31. des. 1949, að báðum dögum meðtöldum. Fyrir því verður skatturinn á þessu skattári aðeins þrír fjórðu af því, sem það er venjulega. Eins og kunnugt er, greiðist bifreiðaskatturinn eftir á og er því innheimtur 1. apríl frá næsta 1. apríl á undan.

Ástæðan fyrir þessari hækkun er fyrst og fremst þörf ríkissjóðs fyrir fjármagni og ekki hvað sízt hin vaxandi þörf fyrir fjármagn til viðhalds á vegum, sem hefur vaxið mjög við aukinn fjölda ökutækja. Skatturinn 4—5 aurar nam á s. l. ári krónum 3596336,71 og mun benzínnotkun þá hafa verið um 40 milljón lítrar. Þar sem innflutningur benzíns fer nú vaxandi, má gera ráð fyrir, að benzínskatturinn nemi um 12,4 millj. árlega, þegar búið er að hækka hann. Þá er gert ráð fyrir í fjárlfrv., að bifreiðaskattur, þar með talið gúmmígjald, nemi 3,5 millj., eða samtals 15,9 millj. Þar frá dragast 2 millj. í brúasjóð og 2 millj., sem enn er óráðstafað. Þá verða eftir 11,9 millj., sem samsvarar nokkuð viðhaldskostnaðinum, en hann fer nú vaxandi, eins og segir í grg., og var mestur 1947, 13.9 millj., en 11,7 millj. 1948. Nú var gert ráð fyrir 9 millj. þegar fjárlfrv. var lagt fyrir, en vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, liggur fyrir brtt. um að hækka það framlag um 2 millj., svo að það verður alls 11 millj. og er það ekki of mikið í snjóavetrum, en þá vex viðhaldið mikið. Þegar svo horfir, að vegaviðhald vex svo og framlag til nýbyggingar vega, þá eru engin undur, þó að hækkað sé verð á benzíni, þar sem benzíneyðsla stendur í beinu sambandi við slit á vegum. Og ef nú þessar 11 millj. kr. bætast við fé það, sem ætlað er til lagningar nýrra þjóðvega, þá er þar um 18 millj. kr. að ræða í vegaviðhald og vegalagningar. Til slíkra framkvæmda sem hér um ræðir þarf mikið fé, og eru þó brúargerðir ekki taldar hér með. Á það hefur verið bent, að benzínverð er lægra hér en í nálægum löndum, sem hafa þó járnbrautirnar sem samgöngutæki auk bílanna. Þeir hafa nokkuð til síns máls, sem segja, að skatturinn ætti að standa undir viðhaldi veganna og að einhverju leyti undir lagningu nýrra vega. Brúarsjóður var numinn úr gildi árið 1947, en nú er aftur ætlazt til, að nokkur hluti af benzínskattinum renni til brúasjóðs.

Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að þdm. skilji, hvílík nauðsyn rikissjóði er á fé til slíkra framkvæmda og leyfi því, að málið nái fram að ganga.

Sú aths. var gerð við þetta í Ed., hvernig færi með undanþágu til flugvéla, en lög nr. 84 frá 1932 eru ekki hreyfð með þessu frv. Í þeim l. eru ákvæði um það, að skatturinn skuli greiddur aftur, ef sannað er, að benzínið sé ekki notað til bifreiða, en framkvæmdin á þessu hefur verið sú, að skatturinn hefur aldrei verið innheimtur af flugvélabenzíninu, og þannig mun það verða framvegis. Af flugvélabenzíni er aftur á móti goldinn tollskrárskattur og svo sérstakur flugvallarskattur, er flugráð innheimtir, en um það er ekki getið hér.

Ég mælist svo til þess, að hv. þd. flýti þessu máli, þar sem ég þykist þess fullviss, að meiri hl. þdm. vilji gera frv. að l., því það er ætíð svo, að þegar hækka á skatt á vöru, sem brúkuð er daglega, er bezt að flýta því sem mest, svo að menn geti ekki safnað að sér óeðlilega miklum birgðum af vörunni. Ég vænti þess svo, að umr. sé lokið um málið og að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér er um að ræða mál, sem hefur verið alllengi í undirbúningi hjá hæstv. ríkisstj. og átti að verða fyrsta tekjuöflunarleiðin eftir að sýnt var, hvernig afgreiðsla fjárl. yrði.

Ég hef tvennt við þetta frv. að athuga. Í fyrsta lagi hækkar þetta mjög álögur á bílstjóra. Það verður lagður sérstakur skattur á þessa stétt. Ég þykist vita, að í þessu sambandi verði bílstjórum leyft að hækka taxtann og velta þessu þannig yfir á almenning. Fyrir fólksbíla er það mjög mikið spursmál, hvort sú taxtahækkun þýðir ekki minnkandi akstur sökum minnkandi kaupgetu almennings. Ef verðlagseftirlitið yrði við þeirri ósk að hækka taxtann, er þessu velt yfir á almenning, og þessi skattur hlýtur því að lenda á bílstjórum

eða almenningi, en það er engin tilraun gerð til þess að láta sjálfa olíuhringana bera þetta, enda mundi víst þurfa róttækar ráðstafanir til þess að knýja þá til þess.

Í öðru lagi verður þetta til þess að hækka vöruflutninga. Benzín er orðinn þó nokkur liður í flutningum hér á landi, t. d. landbúnaðarafurða. Bændur nota vélknúin tæki við framleiðsluna meira en nokkru sinni áður. Vélar bænda og flutningstæki krefjast benzíns, og þessar álögur mundu því þýða hækkun á rekstrarkostnaði í sveitum, bæði við framleiðslu og flutninga. Slík vaxandi útgjöld verða reiknuð með við ákvörðun verðs landbúnaðarafurða. Þetta þýðir því vaxandi dýrtíð í landinu og er skattur á bændur og allan almenning. Það má segja, að það sé rétt, að þetta fé fari til vegaviðhalds, en alveg eins er hægt að segja, að það fari í dýrtíðarráðstafanir, því að hætt er við, að þetta fé haldist ekki sér, þegar það er komið í ríkiskassann. Þannig er þetta ein hringrás. Ríkisstj. aflar sér fjár til dýrtíðarráðstafana og eykur með því dýrtíðina, og þannig heldur þessu áfram meðan ríkisstj. tekur ekki fé af þeim tekjustofnum, sem ekki geta velt því af sér yfir á almenning.

Ég hef gert fsp. til ríkisstj. um það, hvernig hún hafi notað sér tekjustofn, sem hún lögum samkvæmt á kost á, en það eru tollar og skattar af innflutningi á Keflavíkurflugvöllinn. Ég hef fengið ógreið svör, en í þeim upplýsingum kom í ljós, að ríkisstj. hefur ekki notað sér þennan tekjustofn. Það kom í ljós, að um 4000 tonn af alls konar varningi ásamt áfengi og tóbaki hefur verið flutt til vallarins. Samkv. samningnum á að greiða skatt af öllu þessu nema þeim varningi, sem Bandaríkin þurfa að nota handa herflutningaflugvélunum, sem fara til Þýzkalands. Allur annar rekstur, sem fram fer á Keflavíkurflugvellinum, er tollskyldur. Nú er umferðin um Keflavíkurflugvöllinn til Þýzkalands ekki nema 1/10 af allri umferðinni, og væri því eðlilegt, að það gilti eins um skatta og tolla, þannig að borgað væri af 9/10 af öllum innflutningnum. Um þetta eru ótvíræð lög, og það hefur komið fram bæði í þeirri n., sem um þetta mál fjallaði, og eins hér í fjhn. Alþ., að menn leggja þennan skilning í málið. Hér er því um að ræða tekjustofn, sem skiptir millj. kr., sem ríkissjóður gæti hagnýtt sér, en þrátt fyrir ítrekaðar umr. um þetta mál hefur það ekki verið gert. Mér finnst hart, að meðan ríkum útlendum félögum er hlíft við þeim sköttum og tollum, sem þeim lögum samkvæmt ber að greiða, þá er verið að hlaða sköttum á íslenzkan almenning. Ég get ekki betur séð en lög séu brotin við innheimtu þessara tolla, og ég vil benda ríkisstj. á, að næst þegar hana vantar tekjur, skuli hún innheimta þessa tolla samkv. l.

Að öðru leyti skal ég svo ekki ræða fjármálastefnu stj., þótt vissulega væri tilefni til þess. Þessi hringrás leiðir til síversnandi aðstöðu, og ef á að stoppa á þessari braut, verður að taka einhvern þeirra tekjustofna, sem auðmenn nú græða á, handa ríkinu. Meðan ríkisstj. vill það ekki, verður ekki horfið af þessari braut. — Annars ætla ég ekki að tefja þetta mál og fer því ekki lengra út í þessa sálma.

Viðvíkjandi beiðni hæstv. fjmrh. um að flýta frv., þá vil ég segja það, að enda þótt d. sé óánægð með frv., þá býst ég við, að hún flýti því meira en ríkisstj. hefur gert. Ef Alþ. hefði sama hraða á afgreiðslu mála og hæstv. ríkisstj., þá mundu ekki vera mörg mál, sem fengju afgreiðslu. Það er opinbert leyndarmál hér á Alþ., að þetta hefur verið í undirbúningi í 5 mánuði. Þegar ræddar voru hér þær álögur, sem lagðar voru á um nýárið, kom það fram, að þessi skattur átti að vera einn liðurinn í þeim álögum. Ríkisstj. hafði rætt það þá, og einn þm., Sigurður Bjarnason, ljóstraði því upp, að þessi skattur væri í aðsigi. Ef hv. þd. verður ekki fljótari en hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu þessa máls, er hætt við, að af því verði nokkur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Það mun vera reiknað með, að þessar tekjur nemi 8,8 millj. kr. á ári, en að tekjurnar verði það, sem eftir er af þessu ári, 5.5 millj. kr. Þetta þýðir það, að með því að komast ekki að samkomulagi um þetta í vetur, hefur hæstv. ríkisstjórn orðið af röskum 3 millj. kr. Ég skil því vel, að hæstv. fjmrh. sjái eftir tímanum, en vona samt, að hann taki það ekki of alvarlega, þótt málið kunni að dragast í 2—3 daga enn þá.

Ég veit, að mál þetta fer til n., sem ég á sæti í, og ræði það því ekki meira að sinni. Ég lýsi aðeins andstöðu minni við þetta frv., þar sem nýr skattur er lagður á almenning og einstakar stéttir, en sérréttindastéttum og sérréttindaþjóðum er hlíft.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vil ég taka það fram, að tollinnheimta ríkisins hefur farið eftir l., sem Alþ. og ríkisstj. hafa gert, og á þetta einnig við um innflutning til Keflavíkurflugvallarins. Þetta er því algerlega óréttmæt ásökun á tollinnheimtu ríkisins.

Um dráttinn á þessu máli er ég sammála hv. þm. Ég tel hann of mikinn, en það bætir ekki úr að hafa hann enn lengri. Það var vitað mál, að fé til vegaviðhalds og vegalagninga yrði að koma niður á benzíninu. En hv. þm. veit, að um slík mál sem þetta verður að vera samkomulag og að fjmrh., þó að hann jafnvel viti, að þörfin sé mikil, þýðir ekki að rasa með frv. af þessu tagi fyrr en fullvíst er, að þingmeirihlutinn hefur skilið það, og tryggt sé, að það nái fram að ganga.

Að öðru leyti skal ég ekki fara frekar út í umr. að þessu sinni. Hv. þm. gaf ekki tilefni til að svara frekar, og læt ég því staðar numið.

Jón Gíslason: Herra forseti. Þetta frv., sem er á þskj. 644, er til breyt. á eldri lögum, aðallega um hækkun á benzíni eða skatti á því um 22 aura lítrann. Ríkissjóð vantar nú tekjur, og fyrir því er gripið til þessa ráðs. En ég tel, að á þessu sé mikill galli, því að þetta komi svo misjafnt niður á landsmenn. Vitanlega nota

allir landsmenn benzín, en þó misjafnlega mikið, og fer það aðallega eftir staðháttum. Sumir verða að byggja alla aðflutninga sína á benzíni, og kemur þetta því mjög hart niður á þeim. Þannig er það t. d. í mínu kjördæmi. Ég hef að gamni mínu gert yfirlit yfir það, hverju þessi skattur mundi nema hjá okkur Vestur-Skaftfellingum, og tek 3 bíla, sem eru í keyrslu fyrir Kaupfélag Skaftfellinga. Mundi þessi skattur nema sem hér segir:

Hjá Z—10 kr. 3330.00, Z—15 kr. 3735.00 og Z—30 kr. 3007.00 beinn útgjaldaauki.

Að meðaltali er þessi útgjaldaauki 3660 kr. Þeir, sem reka fleiri bíla við svipaðar aðstæður, verða því mjög tilfinnanlega fyrir þessum útgjöldum. T. d. félag, sem rekur 10 bíla, mundi þurfa að greiða aukin útgjöld, sem nema um 3342 þús. Nú fylgist það einnig að, að benzín hjá okkur er dýrara en annars staðar á landinu, því að í yfirliti Olíufélagsins, þar sem getið er um benzínverð á landinu, sést, að í Rvík er það selt á 72 aura lítrinn, en hæst er það hjá okkur, eða 91 eyrir lítrinn. Þetta sýnir, að Olíufélagið miðar verðið við lengdina, þannig að þangað sem erfiðast og lengst er að koma því, þar er það dýrast, og það er hjá okkur. Til þess að draga nokkuð úr þessu misrétti, hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 669, þar sem ég legg til, að aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svolátandi:

„Af innflutningsgjaldi því, sem um ræðir í 1. gr. a-lið, skal endurgreiða eigendum vöruflutningabíla 10 aura á hvern lítra benzíns, sem þeir færa sönnur á að hafa keypt til rekstrar vörubíla sinna á þeim útsölustöðum, þar sem benzínverð er hærra en lægsta útsöluverð benzíns á landinu á sama tíma.

Endurgreiðslan skal þó aldrei vera meiri en svo, að benzínverðið, að frádreginni endurgreiðslunni, verði jafnt verðinu á þeim útsölustöðum, þar sem það er lægst."

Þetta er spor í rétta átt til þess að leiðrétta það misræmi, sem er í benzínverði landsins, og vona ég, að þm. sjái sér fært að verða við þeirri ósk minni að samþ. þessa brtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af aths. hæstv. fjmrh. út af einu atriði í ræðu minni. Það er misskilningur, að sú tollahækkun, sem hér er um að ræða, hækki alla tolla, sem á benzíninu eru. Sú grein Keflavíkursamningsins, sem fjallar um þetta, er 9. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi skal leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt þessum samningi eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samnings þessa. Útflutningsgjalda skal heldur eigi krefjast af útflutningi téðra vara."

Þetta vísar svo aftur til samningsins í 4. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Flugförum þeim, sem rekin eru af Bandaríkjastjórn eða á hennar vegum í sambandi við framkvæmd þeirrar skyldu, er Bandaríkin hafa tekizt á hendur, að hafa á hendi herstjórn og eftirlit í Þýzkalandi, skulu áfram heimil afnot af Keflavíkurvellinum. Í þessu skyni skal stjórn Bandaríkjanna heimilt að halda uppi á vellinum á eigin kostnað, beinlínis eða á eigin ábyrgð, þeirri starfsemi, þeim tækjum og því starfsliði, sem nauðsynlegt kann að vera til slíkra afnota. Taka skal tillit til sérstöðu flugfara og áhafna þeirra að því er varðar tolla, landvistarleyfi og önnur formsatriði. Engin lendingargjöld skal greiða af slíkum flugförum."

Allur samningurinn byggist á flutningum til Þýzkalands, en að svo miklu leyti, sem um almenna notkun er að ræða, civil Aircraft, sætir hún ekki sérréttindum. Á þessu vakti ég athygli þegar í upphafi, og þegar það var til umr. í fjhn., vakti ég athygli á því í mínu nál., sem var nr. 174 það ár, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eðlilegast er, að tollur sé greiddur af öllum þeim vörum, sem fluttar eru til ameríska starfsliðsins, og síðan sé tollurinn endurgreiddur af þeim vörum, sem íslenzk yfirvöld úrskurða, að fluttar séu inn til afnota fyrir starfsliðið samkv. 9. gr. samningsins. Með því móti yrði helzt hindrað smygl og svartur markaður í sambandi við starfslið þetta. En um þetta þarf lagaákv."

Og sú n., sem sat þá fyrir Íslendinga við þessa samninga, telur í nál. sínu, sem birt var í október 1947, að það sé algerlega óframkvæmanlegt nema að leggja toll á allar vörur og greiða svo aftur til baka. Það var bent á þetta í upphafi, og það var eina ráðið til þess, að hægt væri að komast hjá nokkru svindli, að láta greiða toll af öllum vörum, sem fluttar voru inn, og greiða svo til baka aftur það, sem lagt hafði verið á þær vörur, sem tollfrjálsar áttu að vera samkvæmt samningnum. Með þessu hefði verið hægt að koma í veg fyrir smygl og svartamarkaðsbrask á Keflavíkurflugvellinum, og þetta átti að gera. Hitt er svo annað mál, að l. eru brotin, hvort sem það er gert samkvæmt einhverjum leynisamningi eða smyglað utan frá, það skal ég ekkert um segja. En þess vegna vildi ég aðeins leiðrétta þetta, að ég held, að um misskilning hafi verið að ræða hjá hæstv. fjmrh. Hins vegar er það alveg rétt, að tollstjóri og tollverðir hafa fullan vilja á að rækja starf sitt.

Viðvíkjandi málinu annars skal ég ekki ræða meira við þessa umr. Ég skil það vel, að hæstv. ríkisstj. eigi mjög erfitt með að verja þessa stefnu, sem hún hefur tekið í fjármálunum, enda er nú svo komið, að helztu rökin í þessu máli eru eins og þegar tóbakið var hækkað, að verðlagið hefði hækkað almennt, en verð á tóbaki og benzíni hefði dregizt aftur úr og sem beina afleiðingu af því þyrfti að hækka það núna. Sem sé, í stað þess að halda dýrtíðinni í skefjum, er allt gert til þess að auka hana.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af brtt. á þskj. 669 vil ég benda hv. n. á það, að ef hún yrði samþ., yrði allstórt skarð

höggvið með því. Hér er um að ræða marga, sem þættust kaupa benzínið hærra verði og hefðu keypt, ef þetta gat væri skilið eftir í l. Og ég vil benda hv. flm. á það, að með þessu frv. er ætlazt til þess að fá ákveðnar tekjur í ríkissjóð, þó að seint komi, og með þessum tekjum á að standa undir gjöldum úr ríkissjóði, sem þessir flm. eru samþykkir, að greidd séu. Og það er ekkert samræmi í því, þegar þeir viðurkenna, að þeir vilji eyða svo og svo miklu í þetta eða hitt, og svo hinu, að þegar búið er að koma með till. um tekjur til þess að geta gert það, sem þeir æskja eftir, að gert sé, að fleygja þá fram brtt., sem gera þetta ónýtt.

Þessi skattur, þó að hár sé, gerir ekki betur en að fylla nokkuð af því, sem vantar til þess, að fjárl. standi. Það hefur verið stungið upp á verðjöfnunarleið, en ég held, að þetta sé ekki rétta leiðin, og þess vegna er ég því mótfallinn, að till. verði samþ. Það væri miklu betra að fara og tala við stjórnir olíufélaganna og vita, hvort þær geta ekki bætt úr þessu.

Mér hefur skilizt, að hækkunin ætti að vera meiri en hún í raun og veru er, einkum þegar þess er gætt, hvaða verkefni henni er ætlað að sinna.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) var að tala um vaxandi dýrtíð, sem ég veit, að á sér stað í dag og átti sér stað í gær, en hún átti sér ekki síður stað, þegar hann og flokkur hans fór með völd í landinu. Hitt má með sanni segja, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að stöðva þessa hringrás dýrtíðarinnar, en hún á rætur sínar dýpra að rekja en hv. þm. vildi vera láta. Í blaði hans var frá því skýrt, að ríkisstj. væri nú með 30—40 millj. kr. nýjar skattaálögur. En það, sem skeð hefur, er, að tóbak og brennivín er hækkað. Allt í einu er þessi flokkur orðinn á móti því, að tekjurnar séu teknar af þessum vörum. Ég játa það, að ég hef ekki haft neina sérstaka ánægju af því að hækka þetta, en það var nauðsynlegt. Sama er að segja um benzínið. En hvaða skatta er hægt að leggja á án þess að þeir snerti einhvern? Hann minntist á olíufélögin; við hefðum farið þá leið að láta ekki olíufélögin, sem hefðu af nógu að taka, bera þetta, heldur almenning. Ef verðlagsyfirvöldin inna sína skyldu af hendi og eru fær um það, þá ætlast ég til, að olíufélögunum sé ekki hlíft við þessum skatti og sé ekki leyft að selja með svo ósvífnu verði. Ég vil að minnsta kosti ekki gera ráð fyrir því að óreyndu. Og þó að þetta kunni að koma þungt niður, kemur það a. m. k. ekki of þungt niður í sumum tilfellum. Það ætti hv. þm. að vita, sem talað hefur manna mest um lúxusbíla og lúxuskeyrslu, bæði í blöðum og hér í þingsalnum. Nei, benzínskatturinn er miklu réttlátari en margt annað. Annars þætti mér það náttúrlega kærast að þurfa ekki að koma með neinar till. um skatta, en þá yrðu líka hv. þm. að koma með einhverjar till. til lækkunar á útgjöldum fjárl., því að þá væri hægt að láta kyrrt liggja að gera tolla- og skattahækkanir. En meðan hv. þm. gera það ekki, er það leiðinleg, en óhjákvæmileg skylda að koma með einhverjar tekjuleiðir til þess að mæta útgjöldunum.

Jón Gíslason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú talað á móti brtt. okkar hv. þm. V-Húnv. (SkG) og talaði um, að þar væri hróflað við ákveðnum tekjustofni og vildi gera mikið úr því, hve þessi till. rýrði þennan stofn. Ég lít hins vegar svo á þetta mál, að þetta yrði ekki til þess að rýra þennan stofn sérlega mikið, því að mikið af benzíni og mestur hluti þess er keyptur í Rvík og annars staðar, þar sem verð er það sama og þar, og mér er kunnugt um það, að lúxusbílar fara með mikið benzín, og kemur ekkert af þessu til frádráttar. Það er hins vegar alveg rétt, að þetta mundi rýra tekjurnar um nokkra tugi þúsunda, en það er þó ekki nema réttlætismál, þar sem um mikinn aðstöðumun er að ræða.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að það kæmi til tals að semja við olíufélögin um verðjöfnun, en ég lít svo á, að úr því geti ekkert orðið, að þau taki upp hjá sér verðjöfnun, því að ef ég hefði átt von á því, hefði ég ekki borið upp þessa brtt., og þrátt fyrir till. hefðum við orðið að borga 10 aurum meira fyrir benzínið hjá okkur en þeir hérna á lúxusbílana sína hérna í Rvík, en till. er blátt áfram spor til verðjöfnunar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. við það, sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég vil leiðrétta það, að Sósfl. hafi farið með völdin og enn fremur það, að hann eigi sök á dýrtíðinni. Ég held, að dýrtíðin hafi vaxið með hægasta móti meðan sósialistar áttu sæti í ríkisstj., en þá fyrst kom kraftur í þann vöxt, þegar núv. ríkisstj. tók við. Og ég verð að segja það, að núv. ríkisstj. er sérstaklega fundvís á álögur, sem sleppa þeim auðugustu í landinu, en kemur í staðinn niður á þeim fátækustu. Ég treysti ekki verðlagseftirlitinu, þegar í baráttuna er komið við olíuhringana, en það hefði þurft harða baráttu við olíuhringana, til þess að þeir gengju ekki á hlut almennings í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rétt að hækka benzíntollinn. Þá komum við að því, á hvern álagningin eigi að vera. Benzínskatturinn er nú lagður á bændur, sem nota bíla til að flytja afurðir sínar, og á atvinnubílstjóra, sem lifa á því að flytja fólk og vörur. Hins vegar væri hægt að hafa skattana þannig, að þeir hittu þá, sem eiga lúxusbílana. Það er ekkert hægara en að leggja á bifreiðaskatt, sem er hæstur á dýrustu og fínustu bílategundunum og því hærri skatt, því nýrri sem þeir eru, svo að þeir, sem fá nýjar bifreiðar og nota þær til að leika sér, beri mjög háan bifreiðaskatt, en skatturinn lækki, því eldri sem bifreið er og að miklu minni skattur sé á litlum bílum og öðrum slíkum, sem ekki er hægt að telja lúxusbíla. Það er vel hægt að koma bifreiðaskatti þannig fyrir, að hann lendi fyrst og fremst á þeim, sem ríkastir eru, ef hæstv. stj. hefði hugsað um það, en hún bara vill ekki gera

slíkt. Hún hugsar þetta ekki nema sem álögur á almenning.

Svo vildi ég að síðustu segja nokkur orð út af þeim brtt., sem liggja hér fyrir og því, sem hæstv. ráðh. sagði í því sambandi. Ég vil vekja athygli á einu, sem ég álít, að hér verði að athuga. Það er vissulega hægt að framkvæma jöfnun á verðinu, en aðeins af hálfu verðlagseftirlitsins með verðjöfnun á þann hátt, að leyft sé að leggja á í Rvík meira en sem nemur skatthækkuninni, en minna út um sveitir, en það er hlutur, sem ekki mætti gera, það er óréttlátt. Það mundi þýða það, að þessi skattur yrði enn þá hærri en ætlazt er til í þessu frv. á þeim, sem nota benzín í kaupstöðum, t. d. í sambandi við flutning á fiski og öðrum vörum, svo að ég álít, að ef svona till. yrði samþ., þyrfti að setja þá brtt. inn í frv., að það væri bannað að hækka benzínverð á nokkrum stað um meira en það, sem nemur skatthækkuninni, því að það væri óréttlátt og það sama og að ýta skattinum yfir á bæina. Ef það ætti að gefa eitthvað sérstakt eftir í þessu sambandi, t. d. bændum, sem erfiðasta og lengsta leið eiga að sækja og hafa því við mesta erfiðleika að stríða, þá verður ríkið að gera það sem slíkt og minnka þá tekjur sínar að sama skapi. Það gengur ekki að láta þá, sem nota benzín í bæjunum almennt, borga slíkt. Ég mun athuga það í sambandi við framhald málsins, ef samkomulag fengist um slíka brtt., ef sú till. yrði samþ., sem fram er komin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:3 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 668, n. 687, 669, 697, 700).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Axel Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur tekið málið fyrir og athugað það, en gat ekki orðið sammála og klofnaði. Mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að koma fram með brtt., og mun þeim væntanlega verða lýst síðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál sérstaklega fyrir hönd meiri hl. Hann leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er ekki búið að útbýta enn þá nál. minni hl. Kom ég því þó til skila, strax og fundi lauk hjá okkur í fjhn., þannig að það er ekki mín sök, þó að það sé ekki komið. Þykir mér slæmt, að málið skuli vera tekið fyrir áður en það er komið, því að ég lét prenta sem fylgiskjöl álit, sem komu til Alþ. frá félögum bifreiðaeigenda í landinu viðvíkjandi þessu máli. — Ég vil þá í fyrsta lagi gera að umtalsefni afstöðu mína til þessarar hækkunar, sem farið er fram á og ég minntist á við 1. umr. málsins.

Um það er í fyrsta lagi það að segja, að þessi hækkun, sem ríkisstj. leggur hér til, að framkvæmd verði á innflutningsgjaldi af benzíni, kemur óhjákvæmilega til með að lenda að miklu leyti á almenningi í landinu. Það er vitað, að kostnaður við atvinnurekstur, kostnaður við landbúnaðarframleiðslu og flutning á mjólk og ýmsu öðru kemur til með að hækka við þessa álagningu. Og verði þá þeir einstaklingar, sem fyrst koma til með að borga þennan skatt, bílstjórar, bændur og aðrir, ekki látnir bera byrðarnar, verður þeim velt yfir á almenning í landinu, sem verður svo til þess að skapa vaxandi dýrtíð. Það er augljóst, að með þessu er verið að auka dýrtíðina í landinu, þvert á móti því, sem ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún ætlaði að vinna á móti dýrtíðinni. Þar sem ég hef gert þetta áður ýtarlega að umtalsefni, að ríkisstj. reki ranga fjármálapólitík með þessari hækkun á skattinum og þyngi þannig álögur á almenning í landinu, ætla ég ekki að gera það frekar að umtalsefni, en vil taka fram, að það er fyrsta ástæðan til þess, að ég er á móti þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Að öðru leyti kemur þessi skattur, að svo miklu leyti sem hann leggst ekki á almenning, til með að lenda tilfinnanlega á einstökum stéttum hinna vinnandi manna í landinu. Bændur, sem hann kemur vafalaust til með að lenda hart á, eiga hér sína fulltrúa, sem ég býst við, að komi með kröfur frá þeirra hálfu, og mundi ég álíta þau mótmæli eðlileg. Hins vegar hafa þeir lakari aðstöðu til þess en aðrar stéttir vinnandi manna að mótmæla í krafti sinna samtaka slíkri álagningu. Það hafa hins vegar þær stéttir, sem ég gat um sérstaklega, gert. Það lágu fyrir n. og liggja fyrir Alþingi sameiginleg mótmæli frá félögum bifreiðaeigenda. Ég vil leyfa mér, fyrst málið er tekið svona snemma fyrir, að lesa hér nokkuð upp úr því áliti, sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill segir um þetta mál. Eftir að hafa lýst þeirri hækkun, sem nú þegar hefur verið framkvæmd í tíð núv. stj. á rekstrarkostnaði fólksbifreiða vegna laga, sem sett hafa verið af Alþ. s. l. tvö ár, segir, að þessi rekstrarkostnaður nemi:

„Vegna lagasetningar á árinu 1947 kr. 3000.00
Vegna lagasetn. í ársbyrjun 1949 — 4834.89
Vegna fyrirhugaðrar hækkunar nú — 1909.00"

Þetta gerir hvorki meira né minna en kr. 9743,89 á hverja fólksbifreið.

Og síðar segir félagið í þessu sambandi:

„Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill telur það hina mestu óhæfu, að þegar skattar eða tollar eru hækkaðir, þá skuli hækkanirnar alltaf vera látnar verka þannig, að þær komi þyngst niður á launþegunum, sem hafa takmarkaðar tekjur, svo og, að þegar slíkar hækkanir eru gerðar, skuli þær ávallt koma þyngst niður á atvinnubifreiðarstjórum og á tekjur þeirra með fimm- til sexföldum þunga, miðað við aðrar stéttir. Þetta á þó alveg sérstaklega við um leigubifreiðastjóra á mannflutningabifreiðum, en þeim er nú gert að greiða hærra gjald af

bifreiðainnflutningi en til dæmis vörubifreiðastjórum og innflytjendum jeppabifreiða. — Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur þetta vera hámark þeirra aðgerða ríkisvaldsins, sem virðast miða að því að útrýma atvinnubifreiðastjórum sem stétt, og vítir Hreyfill harðlega þau sjónarmið ríkisvaldsins að mismuna þegnunum eftir því, hvar í stétt þeir standa. Félagið telur, að við slíkt verði ekki öllu lengur unað, því að með slíku fyrirkomulagi er atvinna leigubifreiðastjóra algerlega dauðadæmd, vegna þess að ekki er nokkur leið til þess, að þeir geti haft kaup í þessari vinnu, sem nokkuð nálgast laun annarra stétta og þeim ber með hliðsjón af kaupi og kjarasamningum bifreiðarstjóra, sem bein laun taka."

Síðar ræðir félagið í þessu áliti nokkuð um það, að frv. gerir ráð fyrir hækkuðu ökugjaldi, og segir um það á þessa leið:

„Enda þótt frv. þetta geri ráð fyrir, að atvinnubifreiðarstjórum skuli tryggðar með auknu ökugjaldi tekjur, sem beri uppi þessar auknu álögur, þá telur Bifreiðastjórafélagið Hreyfill það ekki rétta leið með tilliti til dýrtíðarinnar í landinu og að hætta muni vera á því, að atvinna þeirra minnki við það og tekjurnar rýrni að sama skapi." Og síðar segir: „Enn fremur skorar Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill á Alþingi að sjá svo um, að gerðar verði ráðstafanir til þess, a. m. k. til bráðabirgða, að leigubifreiðum til mannflutninga fjölgi ekki, vegna hins gífurlega atvinnuleysis, sem í stéttinni er um þessar mundir."

Af þessu má sjá, að þetta félag mótmælir þessum nýju álögum mjög harðvítuglega og álítur, að þær verði til þess að rýra verulega kjör þeirra bifreiðastjóra, sem hafa af þessu atvinnu. Þeir kvarta nú þegar undan því, að atvinnuleysi sé mikið í þessu landi og að ekki megi velta þessu yfir á almenning, eins og dýrtíðin í landinu sé orðin mikil.

Þá eru hér mjög ákveðin mótmæli frá vörubílstjórafélaginu „Þrótti". Segir þar m. a.:

„Atvinnuleysi er nú þegar mjög mikið í stéttinni, og hækkun á leigugjaldinu mundi síður en svo bæta úr því, auk þess mundi sú hækkun ófrávíkjanlega auka almenna dýrtíð í landinu, sem að sjálfsögðu mundi bitna á vörubílstjórum engu síður en öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Vörubílstjórar mótmæla því eindregið framkomnu frv. um hækkun á benzínskattinum og telja, að lífsafkoma atvinnubílstjóra hafi nú þegar verið rýrð það freklega með tollum og sköttum á nauðþurftir til bifreiða, að þar sé ekki á bætandi."

Félag vörubifreiðastjóra hefur þess vegna líka samþykkt mjög eindregin mótmæli gegn benzínskattinum. Sýnir sig þess vegna, að tvö af þeim félögum starfandi manna í landinu, sem sérstaklega hafa atvinnu sína af bifreiðaakstri, hafa mjög eindregið mótmælt þessari aðferð, sem ríkisstj. leggur til, að höfð sé, með tilfinnanlegum álögum á þessa starfsgrein. Telja bæði félögin, að þetta mundi rýra lífsafkomu þeirra og auka atvinnuleysi í stétt þeirra, ef þeim væri gefið tækifæri til að velta þessu á aðra, þannig að hvernig sem að yrði farið, mundi það hafa í för með sér tilfinnanlega kjararýrnun fyrir þessar stéttir, ef skatturinn yrði hækkaður.

Félag sérleyfishafa tekur líka fram, að það sé mjög andstætt þessum álögum, og segir þar meðal annars:

„Svo sem augljóst má vera af því, sem að framan er sagt, getur þess ekki orðið langt að bíða, að sérleyfishafar neyðist til þess að hætta þessum atvinnurekstri vegna hinna þungu skatta og tolla, sem á hann eru lagðir.

Með tilvísun til þess, sem áður segir, leyfir Félag sérleyfishafa sér að mótmæla þessum síauknu álögum á stéttina."

Í sömu átt fara ummæli Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, þannig að það er alveg auðséð, að þau félög í landinu, sem sérstaklega eru málsvarar þeirra manna, sem þessi skattur er fyrst og fremst lagður á, hafa sent mjög eindregin mótmæli, og býst ég þó ekki við, að ríkisstjórnin geti borið því við, að þessi mótmæli séu að einhverju leyti runnin undan rifjum stjórnarandstöðunnar hér, því að það er vitað, að stjórnin hefur ekki síður átt ýmsa fylgjendur í þessum félögum, þannig að ég býst við, að ríkisstj. verði að líta svo á, að þegar mótmæli koma frá svona félögum, sé það rödd þjóðarinnar, sem mótmælir, án tillits til flokka og hvar sem menn hafa staðið fram að þessu.

Ég minntist á það við 1. umr. þessa máls, hvort ríkisstj. hefði hugsað sér að gera nokkrar ráðstafanir til þess, að olíufélögin tækju að einhverju leyti á sig eitthvað af þeirri álagningu, sem hér er um að ræða. Það er auðséð á frv. ríkisstj., að hún gengur út frá því, að þessari byrði verði sem heild velt á þá, sem benzínið kaupa, og almenning að svo og svo miklu leyti. Það hefði verið hægt að gera ráðstafanir til þess að láta olíufélögin að einhverju leyti bera þetta, en mun lítið þýða að koma fram með till. um slíkt, þar sem það fær sjálfsagt ekki góðar undirtektir hjá ríkisstj. Hitt hafði ég hugsað mér, að óþarfi væri að láta olíufélögin beinlínis græða á þessari hækkun á benzínskattinum. Það er svo, að svo framarlega sem þetta frv. verður samþ., mun að öllum líkindum bætast þar við sölugjald, þar sem líklegt er, að tilhneiging verði til þess að leyfa að einhverju leyti álagningu á menn vegna þess, að olíufélögin mundu leggja út fé vegna hækkunar skattsins og reikna kostnað sinn út frá því. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 700, sem er á þá leið, að aftan við 1. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi: „Vegna þessarar hækkunar á innflutningsgjaldi má hvergi á landinu hækka benzínverð um meira en þessari hækkun nemur." Ég sé, að e. t. v. væri heppilegt að orða þetta öðruvísi, vegna þess að 1. gr. hljóðar ekki bara um hækkun, heldur er ákveðið þar, hvernig innflutningsgjaldið skuli vera nú. Verður líklega að breyta þessari till. þannig, að segja: Vegna þeirrar hækkunar á innflutningsgjaldi, sem felst í þessari gr. samanborið við fyrri lög, má hvergi á landinu hækka benzínverð um meira

en þessari hækkun nemur. — Ef þessi till. mín yrði samþ., mundi það í fyrsta lagi þýða það, að olíufélögin mættu ekki hækka benzínverð um meira en það, sem nemur hækkun á innflutningsgjaldi, sem er 22 aurar, og þess vegna mætti ekki leggja þar á neina hækkun í viðbót. Það mundi þýða, að olíufélögin græddu ekki á þessu innflutningsgjaldi og söluskatturinn mundi að minnsta kosti koma á þau. Í öðru lagi mundi þessi till., ef samþ. yrði, hafa það í för með sér, að ekki væri hægt að hækka benzín í kaupstöðum, t. d. í Rvík og öðrum stöðum við sjávarsíðuna, um meira en næmi þeirri hækkun, sem nú yrði framkvæmd til þess að setja verðið lægra annars staðar. Ef vilji væri fyrir því að hafa það lægra annars staðar, yrði það beinlínis að vera á kostnað ríkissjóðs. Það er líka komin fram till. frá hv. þm. V-Sk. (JG) um það, að bændum í erfiðustu héruðum landsins verði gert kleift að fá benzín við lægra verði. En ég álít, að ef menn vilja verða við þeirri sanngjörnu kröfu, eigi það að verða á kostnað ríkissjóðs, en ekki, að því verði jafnað niður á bæjarbúa með því að hækka benzinið enn meira þar og auka kostnað við mjólkurflutninga og annað slíkt og auka þannig dýrtíðina í landinu. Ef ég þess vegna fengi fyrirheit frá hæstv. ríkisstj. eða stuðningsmönnum hennar um það, að framkvæmd þessarar till., ef samþ. væri, yrði á kostnað ríkissjóðs, gæti ég verið með þessari till.

Það hefur einu sinni áður tekizt að velta hækkun á benzínskatti algerlega yfir á olíufélögin. Það var hægt, þó að þau kvörtuðu. Það er enginn búmaður nema sá, sem kann að berja sér. Þau eru voldug og hafa komið ár sinni vel fyrir borð, en svo framarlega sem reynt er til þrautar, er hægt að láta þau bera nokkurn hluta skattsins og ef til vill allan, en ég vil vita, hvaða undirtektir brtt. fá, einkum till. á þskj. 700. Þá er hér till. á þskj. 697, en ég veit ekki, hvort mælt hefur verið með henni, þar sem ég heyrði ekki alla ræðu hv. 3. þm. Reykv. (*AG:* Ég mælti ekki fyrir henni.) Þá vil ég fara nokkrum orðum um hana. Það hefur komið fram ósk frá bílstjórafélaginu Hreyfli, að gerðar verði ráðstafanir til að bílum til fólksflutninga fjölgaði ekki frá því, sem nú er, vegna atvinnuleysis í stéttinni. Og í bréfi frá Hreyfli segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur það hina mestu óhæfu, að þegar skattar eða tollar eru hækkaðir, þá skuli hækkanir alltaf vera látnar verka þannig, að þær komi þyngst niður á launþegunum, sem hafa takmarkaðar tekjur, svo og, að þegar slíkar hækkanir eru gerðar, skuli þær alltaf koma þyngst niður á atvinnubifreiðastjórum og á tekjum þeirra með fimmtil sexföldum þunga, miðað við aðrar stéttir. Þetta á þó alveg sérstaklega við um leigubifreiðastjóra á mannflutningabifreiðum, en þeim er nú gert að greiða hærri gjöld af bifreiðaflutningi en t. d. vörubifreiðastjórum og innflytjendum jeppabifreiða. Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur þetta vera hámark þeirra aðgerða ríkisvaldsins, sem virðist miða að því að útrýma atvinnubifreiðastjórum sem stétt, og vítir Hreyfill harðlega þau sjónarmið ríkisvaldsins að mismuna þegnunum eftir því, hvar í stétt þeir standa. Félagið telur, að við slíkt verði ekki öllu lengur unað, því að með slíku fyrirkomulagi er atvinna leigubifreiðastjóra algerlega dauðadæmd vegna þess, að ekki er nokkur leið til þess, að þeir geti haft kaup í þessari vinnu, sem nokkuð nálgist laun annarra stétta og þeim ber með hliðsjón af kaupi og kjarasamningum bifreiðastjóra, sem bein laun taka."

Og síðar í bréfinu: „Enn fremur skorar Bifreiðastjórafélagið Hreyfill á Alþingi að sjá svo um, að gerðar verði ráðstafanir til þess, a. m. k. til bráðabirgða, að leigubifreiðum til mannflutninga fjölgi ekki, vegna hins gífurlega atvinnuleysis, sem í stéttinni er um þessar mundir. Hins vegar er að taka til starfa nefnd, skipuð af bæjarráði, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli og væntanlega af ríkisstj., sem á að gera till. um skipulag bifreiðaaksturs á leigubifreiðum til mannflutninga."

Meiri hl. fjhn. hefur því viljað, að aftan við 3. gr. bættist ný gr., svo hljóðandi:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtun væri afnumin."

Í grg. ríkisstj. er minnzt á að afnema benzínskömmtunina, og þetta félag hefur bent á vissa annmarka á afnámi hennar, ef ekkert er gert til að takmarka innstreymið í þessa stétt. Það má vera, að hæstv. ríkisstj. hafi í huga breyt. í þá átt að afnema benzínskömmtun, en meiri hl. n. þótti rétt, ef svo færi, að skömmtunin væri afnumin, að fá heimild til að verða við kröfum Hreyfils, að gerðar yrðu til bráðabirgða ráðstafanir til að hindra offjölgun í þessari stétt, svo að ekki komi til tilfinnanlegs atvinnuleysis. Að tilhlutun félagsins og bæjarstjórnar Rvíkur mun verða hafinn undirbúningur að reglugerð, og er ætlazt til þess, að hæstv. ríkisstj. taki þar þátt í.

Ég vísa síðan til þess, sem ég sagði áðan, og væri æskilegt, að hv. nm. athuguðu það. Ég hef nú gert grein fyrir brtt. þeim, sem ég flyt eða stend að. Ég segi, að ég er á móti frv., og legg til, að það verði fellt, en bar þessar brtt. fram til að laga það, ef það yrði samþ.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð um frv. um nýjan benzínskatt, þar sem lagt er til, að skatturinn hækki um 22 aura, úr 9 aurum í 31 eyri pr. lítra. Það, sem talið er, að réttlæti þetta, er, að ríkissjóð vanti fé og að þessi skattur sé lægri hér en annars staðar. Ég efa ekki, að ríkissjóð vanti tekjur, en held, að hægt hefði verið að ná þeim með hagfelldara móti og svo, að hann hefði ekki íþyngt framleiðslunni svo mjög. Hæstv. ríkisstj. var ljóst, hvaða leið hún vildi fara, og gekkst ekki inn á aðrar leiðir. Það má vel vera, að svo sé búið um, að ekki þýði að andmæla eða bera fram brtt. af þeim ástæðum, að þingmeirihluti sé fyrir þessu. En þó að svo sé, ætla ég að leyfa mér að bera fram brtt., sem miðar að því að létta á skattinum á allri

framleiðslu, ef till. verður samþ. Brtt. er við 2. gr. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Við gr. bætist: Einnig skulu eigendur vörubifreiða, sem notaðar eru til aðdrátta og flutninga á framleiðsluvörum landbúnaðarins frá stöðum, sem eru 50 km eða meira frá höfn, fá endurgreidda 20 aura á lítra af sannanlegri benzíneyðslu við slíkan akstur."

Ástæðan til þess, að ég tilgreini aðeins þær bifreiðar, sem eiga 50 km eða meira til hafnar, er sú, að þessi skattur er tilfinnanlegastur á bifreiðum, sem langt eiga til hafnar, svo sem mjólkurflutningabílum. Ef þetta er látið miðast við takmarkað svæði, rýrist tekjustofninn minna en ef miðað væri við alla vörubíla. Ég hef því ekki treyst mér til að leggja það til, því að sigurvænlegra er að fá þetta fram en ef um víðtækari till. væri að ræða. Hins vegar flutti ég í fyrra till. ásamt hv. þm. N-Ísf. (SB) um tvenns konar verð á benzíni, en hún þótti svo fráleit, að hún fékk engan byr og hæstv. ríkisstj. vildi ekki líta við henni og þess vegna var hún ekki endurvakin. Hins vegar liggur í hlutarins eðli, að réttlátt er að láta óþarfaeyðslu borga meira en það, sem eytt er til gagns, þó að þessi till. okkar fengi engan byr í fyrra. Ef frv. verður samþ., hefur það í för með sér hækkun á mjólk og einnig framleiðsluvörum landbúnaðarins, þar sem flutningur á áburði og fóðurbæti hækkar og þetta hækkar landbúnaðarvísitöluna, þegar hún verður reiknuð út. Annaðhvort hækkar því dýrtíðin eða niðurgreiðslur aukast. Þess vegna flyt ég þessa till., sem mundi draga úr, að þessar vörur þyrftu að hækka, ef hún yrði samþ.

Mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði um leið og hún bar þetta fram reynt að gera ráðstafanir til, að strandferðirnar bæru sig. Ríkissjóður gefur nú árlega með þeim stórfé. Þetta gat gengið meðan ríkið hafði nógar tekjur, en þegar fjárhagurinn er eins og hann er nú, finnst mér tímabært að afnema þessar meðgjafir og ekkert réttlæti í því að skattleggja flutninga á landi, en gefa stórfé með strandferðunum. Samtímis og benzínskattur er hækkaður, ætti því að hækka skatt á olíu til strandferðaskipanna og hækka flutninga og fargjöld með þeim, ef samræmi ætti að vera. Þeir, sem flytja vöru sína sjóleiðis, ættu að búa við það sama og þeir, sem flytja hana á landi. En það er ekkert gert til að reyna að losa ríkið við tap af strandferðunum eða reyna að græða á olíu til skipa. Ég vænti þess því, að till. mín verði samþ. og frv. þannig lagað, ef á að samþ. það. En ég er á móti frv., jafnvel þótt till. mín verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 705) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir nál. á þskj. 687, en á þskj. 697 er einnig brtt. frá meiri hl. fjhn., þar sem sagt er, að ríkisstj. megi setja reglur um atvinnurétt bifreiðastjóra. Ég vil taka fram, að það er ekki sá sami meiri hl., sem stendur að þessari till. Að till. á þskj. 697 standa hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og 2 aðrir hv. nm., og vil ég mæla gegn því, að sú brtt. verði samþ. Það er viðkvæmt mál, þegar um atvinnuréttindi stétta er að ræða, og er ég á móti að setja ákvæði um það í frv. Ef til þess kæmi, að slíkt væri talið nauðsynlegt, þá yrði það tæplega gert nema með sérstakri löggjöf.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál, en mér þykir hlýða að segja nokkur orð um það. — Það hefur oft verið rætt um það áður, að benzínskattur væri hér lágur miðað við það, sem tíðkaðist í öðrum löndum, en útgjöld af vegagerð óeðlilega há, bæði fyrr og síðar, en sérstaklega á síðustu árum. Það var því ekki undarlegt, þegar ríkisstj. fór að skyggnast um eftir auknum tekjum, að benzínskatturinn yrði fyrir valinu. En eins og ég sagði áðan, er þessi skattur lægri hjá okkur en nágrannaþjóðunum. Þetta stafar af því, að þar gildir sú regla, að benzínskattur er lagður á það hár, að hann nægi til að standa undir nýbyggingu og viðhaldi á vegum, en þar er hægara um vik, þéttbýli meira og fleiri bílar, enda komið lengra í því að byggja vegakerfi. Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir, að þegar búið er að draga frá það, sem fer í brúasjóð, verði ekki meira eftir en það, sem fer til viðhalds á vegunum, en það er frá 10—14 millj. kr. á ári, en það er svo gífurlega mikið, að varla verður staðið undir því nema að fá öruggar tekjur í því skyni. Í grg. frv. er sagt, að viðhaldskostnaður 1948 hafi lækkað niður í 11,7 millj., en þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti, því að nokkur hluti þess, sem var unnið síðari hluta árs 1948, fékkst ekki greiddur þá, en var fluttur yfir á 1949, þannig að viðhaldskostnaður 1948 er raunverulega yfir 13 millj. kr., þegar öll kurl koma til grafar.

Ég get ekki verið hv. 2. þm. Rang. (IngJ) samþykkur, að hækka beri olíu til skipa, því að ríkissjóður ver miklu meira fé til vegagerðar og viðhalds á vegum en til strandferða. Það er eðlilegast, að benzínskatturinn standi undir viðgerð og nýbyggingu vega, en þegar búið er að draga frá það, sem fer í brúasjóð, þá er aðeins eftir fyrir viðhaldi.

Aðalástæðan til, að ég stóð á fætur, var till. sú, sem hv. 2. þm. Reykv. stóð að á þskj. 697. Hann hefur ásamt fleiri þm. borið fram till. um að heimila ríkisstj. að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðarstjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin kynni að verða afnumin. Það kemur úr hörðustu átt frá hv. 2. þm. Reykv., að gera þurfi gagnráðstafanir til þess að vega á móti afnámi skömmtunarinnar, því að þessi þm. og flokksmenn hans hafa aldrei þreytzt á því að halda þeirri skoðun fram á Alþingi, að benzínskömmtunin hafi í einu og öllu verið til bölvunar landi og lýð, og kemur því undarlega fyrir sjónir, að þegar afnema á skömmtunina, kemur í ljós, að hún hefur á þennan hátt orðið til þess að viðhalda starfi þessarar atvinnustéttar í landinu á þann veg, að nú þarf að gera aðrar ráðstafanir, ef þessi skömmtun verður

afnumin. Ég hef ekkert við þessa skoðun að athuga. Hún kemur mér ekkert á óvart, og þess vegna undrar mig ekkert, þó að eitthvað þurfi að gera, ef atvinna þessarar stéttar á ekki að verða fyrir skakkaföllum, sem geti orðið öllum til óþurftar. Að þessu leyti get ég sætt mig við það efni, sem í brtt. felst. En mér finnst, að eins og þessi brtt. er sett fram, sé hún ærið óljós. Hún segir raunar, að ríkisstj. sé heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin. Viðkunnanlegra hefði mér nú þótt, að þess hefði verið getið í till., í hvaða átt þessar reglur ættu að fara. Að vísu hefur því verið lýst yfir af frsm. þessa meiri hl., en eðlilegra hefði verið að taka það fram í till., á hvern hátt þetta bæri að gera.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þá er komin fram fyrsta yfirlýsingin frá einum af þeim mönnum, sem á undanförnum árum hafa haft sérstaklega með verð á landbúnaðarvörum að gera og ekki hafa stundum verið smeykir við að hækka þær, þ. e. hv. 2. þm. Rang. (IngJ), um það, að þessi benzínskattur muni óhjákvæmilega leiða til þess, að mjólk hækki í verði. Ég minntist á það í ræðu minni áðan, að svona hlyti að fara. Og nú hefur sá stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., sem er allra þm. einna kunnugastur verðlagningu landbúnaðarafurða, lýst því yfir, að það sé óhjákvæmilegt, að mjólk hljóti að hækka í verði, eftir að þessi skattur hefði verið lagður á, og hefur lýst því yfir, að hann sé fyrir sitt leyti á móti frv. Nú liggur mjög nærri að spyrja hæstv. ríkisstj., sem ég býst ekki við, að efist um réttmæti þess, sem hv. 2. þm. Rang. hefur sagt, hver sé hennar hugmynd og hvort hún hugsi þá ekki neitt fram á þann tíma, að mjólk muni hækka í verði og fleiri vörur og dýrtíðin aukast. Býst ríkisstj. kannske við, að hún muni sitja lengi úr þessu? Eða lætur hún sér nægja að gera þessar ráðstafanir núna, vitandi það, að afleiðing þeirra verður vaxandi dýrtíð og gerir enn þá erfiðara að ráða við dýrtíðina á eftir? Ég býst við, að eina hugmyndin, sem vaki fyrir ríkisstj. í þessu sambandi við þessar ráðstafanir, sé þessi: Ja, við fáum þó alltaf peninga í bili í tóman ríkissjóðinn með þessum hætti, og mjólkurhækkunin kemur ekki fyrr en ofurlítið seinna, og við vinnum þá tíma á meðan. Ég býst við, að ef hæstv. fjmrh. hafa ekki verið ljósar afleiðingar þess, ef þetta verður lögfest, þá hafi hann nú fengið staðfestingu á því hjá einum sérfræðingnum í verðlagningu landbúnaðarafurða, að hans ágæti stuðningsmaður vilji nú ekki fylgja honum í þessu máli. Ég skil þetta ákaflega vel. Það er ákaflega erfitt fyrir þá menn, sem hafa með það að gera að verðleggja landbúnaðarafurðir, að greiða atkvæði með svona till. eins og hér liggur fyrir. Menn hljóta að sjá, að hér eru á ferðinni ráðstafanir, þar sem aðeins er tjaldað til einnar nætur. En það versta er þó það, að þessar ráðstafanir gera allar úrbætur erfiðari seinna meir og eru til þess eins, að ríkisstj. geti haldið áfram á sinni vitlausu braut nokkrar vikur eða mánuði enn. Og þó hefur maður það á tilfinningunni, þegar þetta frv. er rætt, að sem allra flestir úr stjórnarflokkunum vilji skorast undan ábyrgðinni. Þetta tekjuöflunarfrv. er ekki flutt sem stjfrv. Að minnsta kosti er gefið til kynna, að ekki hafi verið neitt 100% samkomulag um frv. Það er flutt af meiri hl. fjhn., eins og oft kemur fyrir, en strax og þetta frv. kemur til Ed., rís einn af formönnum stjórnarflokkanna upp á móti því, og þegar það kemur til Nd., eru fulltrúar bænda úr Sjálfstfl. og Framsfl. ýmist búnir að koma fram með brtt., sem ýmsar mundu skerða þetta verulega, eða lýsa sig algerlega andstæðinga sjálfs málsins. Það er auðséð, að farið er að hrikta í og að þeir stjórnarflokkar, sem þykir þetta koma harðast niður á sínum umbjóðendum, vilja gjarnan koma sér undan ábyrgð. Mér þótti mjög vænt um þessa yfirlýsingu hv. 2. þm. Rang., því að hún staðfestir það, sem ég hef haldið fram í þessu máli, og er ein ástæðan til þess, að þm. ættu að athuga vel sinn gang. Og ef þeir væru viðstaddir hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) og hv. 1. þm. Árn. (JörB), hefði ég mjög mikla ánægju af að heyra þeirra skoðun á þessu máli, því að ef að vanda lætur, hefur það áhrif á þá, þegar svona eindregin mótmæli koma fram eins og þau, sem komu frá hv. 2. þm. Rang.

Þá minntist hv. 2. þm. Rang. (IngJ) á það, að hægt hefði verið að hafa aðra aðferð um álagningu benzínskattsins. Hann hefur sjálfur komið hér fram með till. um mismunandi verð á benzíni. Af einhverjum var sagt þá, að þetta tíðkaðist í Rússlandi og væri því óhæfa hérna. Og ég vil líka minna á það, að ég minntist á það við 1. umr. þessa máls, að líka væri hægt, ef menn vildu láta þennan skatt koma fremur á lúxusbílana, að hafa hann hærri á þeim bílum, sem notaðir eru til skemmtunar. En þetta hefur hvort tveggja litlar undirtektir fengið, og mundi víst lítið þýða að koma fram með brtt., sem færu í þessa átt. Væri þó hægt að haga þannig bifreiða- og benzínskattinum, að hann kæmi meira niður á þeim, sem eyða til óhófs, svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. vildi hafa þann hátt á um sína skattlagningu. Nú eru komnar hér fram tvær till., önnur frá hv. 2. þm. Rang. og hin frá hv. þm. V-Sk. (JG) og hv. þm. V-Húnv. (SkG), sem báðar ganga að nokkru leyti út á það að undanþiggja bændur þessu gjaldi. Ég vil segja það, að ef fara á að greiða bændum til baka af því gjaldi, sem á að leggja á þá, fer að verða athugandi líka, hvort ekki eigi einnig að borga þeim, sem eiga vörubíla og vinna við fiskframleiðslu og fiskflutninga, einmitt þá framleiðslu, sem allt benzín er keypt fyrir.

Ég býst ekki við, að höfuðatriðið, sem nú veldur því, að ríkisstj. hefur afnumið benzínskömmtunina, sé það, að ríkisstj. álíti okkur svo miklu ríkari af gjaldeyri en við vorum 1947. Ef það hefði verið skoðun ríkisstj., þegar þessi reglugerð var sett, hefði hún varla farið svona í þetta. Ég býst við, að höfuðástæðan fyrir afnámi skömmtunarinnar sé ekki og geti

ekki verið gjaldeyrissparnaður, heldur hitt, að benzínskömmtunin hefur ekki borið árangur, og svo mun hæstv. fjmrh. vanta meira fé. Ég held því, að þessi ósk frá Hreyfli um slíka reglugerð til bráðabirgða, á meðan bæjarráð, ríkisstjórn og Hreyfill undirbúa reglugerð, sé mjög sanngjörn og sé eðlilegt að verða við þeirri ósk, og ég álít, að hún hafi jafnmikla stoð í l. og ákvæði reglugerðarinnar frá 1947. Og ég efast um, að þörf sé á að útskýra tilgang þeirrar reglugerðar nánar, þar sem það, að þetta skuli vera sett samtímis og benzínskömmtunin er afnumin, gefur til kynna, að tilgangurinn sé sá sami og með reglugerðinni frá 23. sept., sem kemur fram í ósk Hreyfils. Hitt er rétt, sem hæstv. samgmrh. sagði áðan, að þessi mál um atvinnuréttindi eru alltaf viðkvæm mál, en ef þetta mál yrði útkljáð í haust og reglugerð sett þangað til, þá væri tryggt, að búið yrði að útkljá málið áður en Alþingi færi að fjalla um það.

Það er ekkert undarlegt, þótt komi hljóð úr horni hjá vissum félögum, þegar benzínskömmtunin er afnumin, og í rauninni er það ekki vegna sjálfrar benzínskömmtunarinnar, heldur vegna 7. gr. reglugerðarinnar, sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill setur fram þessar óskir. Ég vil nú minnast á það hér, þó að það sé þessu máli óskylt, að úr því að ríkisstj. vill fara að afnema skömmtun, hvort hún sér sér þá ekki fært að afnema skömmtunina á kaffinu. Það yrði ábyggilega enginn mótfallinn afnámi þeirrar skömmtunar. En þetta er nú bara innskot. Heildarafstaðan til þessa skatts finnst mér raunar vera á þann veg hér í d., að hann eigi hér fáa formælendur, enda er þessi skattálagning óréttlát, þung og gagnslítil til þess að vinna á móti dýrtíðinni eða gera rekstur ríkisbáknsins heilbrigðari en nú er.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. 2. þm. Rang. (IngJ) vil ég láta í ljós sama álit mitt og viðvíkjandi till. hv. þm. V-Sk. (JG). Ég tel ekki hægt að skerða þessar tekjur, sem nú eru orðnar minni en orðið hefði, ef benzínskattsbreytingin hefði verið gerð fyrr. Þeir hv. þm., sem ekki geta fellt sig við þetta, ættu heldur að koma með sparnaðartill. en að höggva skarð í þessar tekjur, sem allir viðurkenna þó, að fara til viðhalds vega og til brúabygginga. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að stjórnarandstaðan reyni að fleyga frv. sem mest með brtt., og er ekkert við því að segja, enda vissi maður alltaf, á hverju var von úr þeirri átt. Ég hygg þó, að öllum sé ljóst, að ekki verður komizt hjá að auka tekjur ríkissjóðs, og því ættu allir, sem vilja, að fjárl. fái sómasamlega afgreiðslu, að sjá sóma sinn í því að flytja ekki brtt., sem eyðileggja þetta frv. að meira eða minna leyti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 106. fundi í Nd., 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 700 felld með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, HermG, IngJ, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: EystJ, FJ, GÞG, HÁ, AG, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, BG.

JóhH greiddi ekki atkv.

4 þm. (GTh, JJ, ÓTh, BÁ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Verðlagseftirlitið á að hafa í hendi sér, hvert benzínverðið er. Í trausti þess, að það leyfi ekki meiri hækkun á benzínverðinu en brýn nauðsyn krefur, segi ég nei. Ég vil ekki rígbinda það á þennan hátt.

Gylfi Þ. Gíslason: Með skírskotun til grg. hæstv. menntmrh. segi ég nei.

Jón Sigurðsson: Með skírskotun til yfirlýsingar hæstv. menntmrh. segi ég nei.

Skúli Guðmundsson: M. a. af þeim ástæðum, að ég tel sanngjarnt, að meiri verðjöfnun verði gerð á benzínverðinu á ýmsum útsölustöðum á landinu, en það mundi ekki verða leyft, ef þessi brtt. væri samþ., þá segi ég nei.

1. gr., a samþ. með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, AG, JóhH, JPálm, JS, JörB, PÞ, BG.

nei: SG, ÁkJ, EOl, HermG, IngJ, JG, KTh, LJós, SigfS.

HelgJ, PO greiddu ekki atkv.

4 þm. (BÁ, GTh, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Hv. þdm. er kunnugt um það, að ég hef margsinnis mótmælt því, að lagðar væru á nýjar álögur, og ég hef þess vegna krafizt þess, að jöfnuði yrði komið á fjárl. með því að skera niður útgjöld. Hæstv. Alþ. hefur ekki aðhyllzt þessa skoðun, og með því að stofna til mikils greiðsluhalla á fjárl. hefur það neytt mig til þess að fylgja þessari ólyfjan, og segi ég já.

Pétur Ottesen: Ég tel, að það sé ekki rétt að farið samkv. venju að bera 1. gr. upp eins og nú er gert, og þess vegna tek ég ekki þátt í atkvgr. um hana og greiði ekki atkv.

Forseti (BG): Eftir mínu áliti er fullkomlega heimilt að bera frvgr. upp í fleiri en einu lagi, ef svo vill verkast, ef kröfur liggja fyrir um það og það getur staðizt efnislega. (*PO:* Ég fer eftir minni skoðun bara.) Já, ég fer einnig eftir minni skoðun.

1. gr., b.—e. samþ. með 24:5 atkv.

Brtt. 705 felld með 22:6 atkv.

Brtt. 669 felld með 18:11 atkv.

2. gr. samþ. með 18:1 atkv.
3. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 697 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 19:6 atkv.
4.—6. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 19:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:6 atkv.

Á 107. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 708, 716).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á þskj. 716 hef ég leyft mér að flytja brtt., svo hljóðandi: „Við 1. gr. Aftan við a-lið bætist: og tekur gjald þetta einnig til benzínbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir hækkun þessari skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda." Þessi till. er flutt til þess, að skýrt og ótvírætt sé, að gjald þetta skuli ná til þeirra benzínbirgða, sem til eru í landinu. Þetta ákvæði var í l. frá 1932, og má ef til vill segja, að óþarfi hafi verið að endurtaka það hér, en til þess að taka af öll tvímæli er það gert, enda nauðsynlegt til þess að l. nái tilgangi sínum, ef samþ. verða.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í umr. um þetta mál nú. Það var rætt svo rækilega við 2. umr., að greinilega kom fram, hvað meiri hl. ætlar að gera og tilgangslaust að reyna að hafa áhrif á þá fyrirætlun eins og nú er komið. Hitt vildi ég aðeins minnast á, hvort ekki sé vilji til að koma í veg fyrir, að allur þessi skattur komi fram sem verðhækkun á benzíninu. Að vísu flutti ég hér brtt., sem var felld, en hún var þess efnis, að hvergi á landinu mætti hækka benzínverðið um meira en skatthækkuninni næmi. En vera má, að málið horfi öðruvísi við, ef fellt væri úr till. orðin „hvergi á landinu". Það sýnist ekki nema réttlátt, að olíufélögin beri einhvern hluta af þeirri hækkun, sem frv. fer fram á. Ég mun samt ekki flytja brtt. um þetta atriði, nema það fái einhverjar undirtektir í hv. d., en taldi rétt að vekja máls á þessu til að vita, hvort þm. vilja sporna við, að þessum skatti verði öllum velt yfir á almenning. — Ég vil líka benda á, að ekkert ákvæði er í frv. um það, hvað benzínverðið má vera, og sömuleiðis ekki minnzt á það í brtt. fjmrh. varðandi þær birgðir, sem til eru í landinu, heldur er aðeins talað um, að skatturinn skuli vera 31 eyrir.
Þetta þykir mér rétt að láta koma fram, ef þdm. sjá ástæðu til að setja ákvæði um þetta í frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég held, að það sé ástæðulaust að misskilja þetta frv. og þess vegna ekki þörf á að flytja nýja brtt.

ATKVGR.
Brtt. 716 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv. og endursent Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 742).
Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er gamall kunningi hér í hv. d. og hefur nú fengið afgreiðslu hv. Nd., og var þar samþ. brtt. á þann veg, að þar var sett inn ákvæði um það, að skatturinn skuli gilda fyrir þær benzínbirgðir, sem til væru í landinu, þegar l. tækju gildi. Svo var og sett inn í frv. breyt., sem hafði komið til orða hér í hv. d. af einum hv. þm., sem þó ekki flutti um það brtt. Nú, það hefur sem sagt komið fyrir, að sú breyt. var sett inn í frv. í Nd., að þar var bætt inn nýrri gr., 4. gr., sem er á þá leið, að ríkisstj. er heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtun væri afnumin. Ég vil leyfa mér að leggja til, að hv. d. samþ. þær breyt., sem hv. Nd. hefur gert, þannig að málið nái lögfestingu á þann veg.

Forseti (BSt): Þetta mál hefur nú ekki komið fyrir hv. fjhn., og geri ég ekki ráð fyrir, að n. þyki þær breyt., sem á frv. hafa orðið, svo mikilvægar, að hún óski að taka þær sérstaklega til meðferðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til þess að fá upplýsingar um 4. gr. Hér stendur: „Enn fremur er ríkisstj. heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin." Á þetta að skoðast þannig, að það sé á valdi að setja hvaða reglur sem er um þetta, t. d. hvað margir menn megi vera í atvinnugreininni, eða setja þeim einhver skilyrði, sem ekki eru nú í l.? Svo er talað um að þetta megi gerast samtímis því, sem benzínskömmtun sé afnumin. En mér skilst á gr., að þetta gildi þó ekki, þótt skammturinn sé aukinn takmarkalaust, þannig að engin raunveruleg skömmtun verði, og er þá auðvelt að komast fram hjá þessu ákvæði. Ef skammturinn væri t. d. aukinn tífalt frá því, sem nú er, þá hefði þessi gr. enga þýðingu. En ef ráðh. á að hafa í sínu valdi að setja um atvinnuréttindi bílstjóra hvaða reglur sem er, þá þykir mér það nokkuð víðtækt vald, og vildi ég þá gjarnan heyra, undir hvaða ráðh. þetta ætti að heyra. Það fer nokkuð eftir því, hvort ég get staðið með frv. eða ekki. Það væri hægt fyrir við-

komandi ráðh. að svipta svo og svo marga bifreiðastjóra atvinnuréttindum með því að ákveða tölu atvinnubifreiðastjóra lægri eða með því að setja hin erfiðustu skilyrði, en svo getur gr. orðið einskis virði, ef benzínskömmtunin verður aldrei afnumin, en skammturinn bara aukinn. Ég verð að segja, að ég undrast, að hæstv. ráðh. skyldi taka við þessari gr. inn í frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Viðvíkjandi fyrirspurnum hv. þm. Barð., þá vísa ég til hæstv. samgmrh. um það atriði, því að það mun aldrei í hlut míns ráðuneytis koma að skipta sér af atvinnuréttindum bifreiðastjóra.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárhagsráðsl. voru sett og heimiluð skömmtun m. a. á benzíni, þá varð það að ráði, að fjárhagsráð semdi reglugerð, þar sem gert var ráð fyrir því, að ákveðinn fjöldi bifreiðastjóra yrði starfandi með hliðsjón af skömmtuninni. Var þá ákveðið, að þeir skyldu vera jafnmargir og þeir voru, þegar skömmtunin var upp tekin, og þannig hefur þetta verið síðan. Nú þegar það kvisaðist, að skömmtunina ætti að afnema, þá skildi þessi stétt, að skömmtunin hefði þó ekki verið henni einskis nýt og bar þá fram erindi um það við ríkisstj., að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að stéttin yfirfylltist ekki af nýjum mönnum, svo að stórskertist atvinna þeirra, sem fyrir væru. Sams konar erindi munu atvinnubifreiðastjórar hafa sent bæjaryfirvöldunum. Komið hefur til orða, að einhver samvinna yrði milli Reykjavíkurbæjar og ríkisstj. um það, hvernig heppilegast væri að setja reglur um þetta. Till. sú, sem liggur til grundvallar 4. gr., var borin fram af hv. 2. þm. Reykv. og fleirum í Nd. Innti og flm. eftir því, hvernig skilja bæri till., því að ég var ekki á því hreina með það og óskaði eftir, að hún væri ákveðnar formúleruð. Fékk ég þau svör, að ætlazt væri til, að þetta yrði í svipuðu horfi og verið hefði til þessa dags, og geri ég ekki ráð fyrir, að ég mundi framkvæma þetta á annan hátt en halda svipaðri tölu og verið hefur, þangað til niðurstöður hafa fengizt af viðræðum bæjarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstj. um þetta.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Út af þessari nýju 4. gr., sem Nd. setti inn í frv., þá álít ég hana þess eðlis, að rétt væri að láta frv. ganga aftur til n. til athugunar. N. heldur fund í fyrramálið og getur þá athugað málið. Ég sé ekki, að það sé rétt að binda saman skömmtun eða að henni verði aflétt og atvinnuréttindi og aksturs reglur bifreiðastjóra. Það er óeðlilegt og gæti orðið til þess að hæstv. ráðh. sæi sér ekki fært að létta af skömmtuninni vegna þess vanda, sem skapaðist vegna þessarar 4. gr., því að þó það sé æskilegt að hafa reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra, þá virðist það vera krafa bílstjóra, að stéttinni sé lokað, og það kemur hæstv. ráðh. í vanda að ráða fram úr slíku máli. Áður en núverandi skömmtun var sett á, gátu menn keypt benzín án hindrunar, en þá var ekkert slíkt á döfinni hjá bílstjórum, að loka þyrfti stéttinni á þeim tíma. Þess vegna tel ég, að taka verði því með varúð, þegar sú stétt, sem mest var á móti skömmtuninni, telur nú, að ekki megi létta henni af, af því að frjáls sala á benzíni eyðileggi atvinnu hennar. Hitt er það, að ég skil vel, að það sé hagur fyrir mennina í þessari stétt, að henni sé lokað, því að þá fá þeir auðvitað einkarétt á þessari vinnu, en ég tel mjög viðsjárvert að fara inn á slíka braut og hætt við, að slíkt dragi dilk á eftir sér.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar umr. var frestað áðan, þá var ég búinn að biðja um orðið og ætlaði að minnast á 4. gr., sem er ný gr. sett inn í Nd. Hæstv. ráðh. var spurður um það áðan, hvernig hann mundi nota þessa heimild, og hann svaraði því á þá leið, að með reglugerð, sem sett var um skömmtunina, hefðu þeir bílstjórar, sem þá keyrðu frá stöð og eru atvinnubílstjórar, fengið stærri benzínskammt en hinir. Ég skildi hann svo, að ef til þess kæmi, að þessi atvinnuréttindi bílstjóra væru takmörkuð, þá hugsaði hann sér eitthvað svipað áframhald, þ. e. a. s., að atvinnubílstjórar, sem keyra frá stöð, héldu áfram, en aðrir kæmu þar ekki til greina. Hann talaði um bæjaryfirvöldin í Rvík, til þeirra hefðu þessir menn snúið sér. Ég vil benda á það, að þegar maður tekur meirapróf í bílkeyrslu, er hann búinn að fá réttindi til að keyra bíl og selja öðrum flutning, en minna próf veitir ekki réttindi til að flytja farþega fyrir borgun, en meiraprófið gerir það. Mér er óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér að fá heimild í l. til að setja reglugerð, sem upphefji landslög. Mér er líka óskiljanlegt, hvernig hann hugsar sér að fara að semja við bæjarstjórnina í Rvík um að setja reglugerð, sem á að gilda fyrir bifreiðastjóra um allt landið. Ætlar hann að fara að semja við bæjaryfirvöldin í Rvík um það, hvað atvinnubílstjórar megi vera margir úti um landið? Ég held, að það sé fjarri lagi. Þess vegna vil ég vænta þess, þó að 4. gr. verði látin standa, svo að ekki verði farið að senda málið milli d., að hæstv. ráðh. noti alls ekki heimildina. Hitt gæti komið til mála, að athuga til haustsins, hvort á að herða á kröfunum, sem veita mönnum þau réttindi nú, að mega vera atvinnubílstjórar og selja mönnum flutning í bílum. En meðan það er ekki gert með l., tel ég, að ekki komi til greina að fara að setja einhverja reglugerð eftir heimild í öðrum l. um það, að ekki fleiri en svo og svo margir menn megi stunda þessa atvinnu. Þess vegna vil ég vænta þess, þó að þetta verði samþ., að hæstv. ráðh. láti sér ekki koma til hugar að setja neinar reglur um þetta. En hitt kæmi til mála, að láta athuga, hvort ekki væri rétt að herða á þeim kröfum, sem nú eru, ef mönnum þykir nauðsynlegt að tryggja betri menn í starfið

eða á einhvern hátt betri þjónustu en nú er. Þá gæti þurft slík skilyrði, en það á að undirbúa með sérstökum l., en ekki að breyta með reglugerð í öðrum l., sem mér finnst stappa nærri broti á stjórnarskránni.

Björn Ólafsson: Herra forseti. N. hefur átt tal um þetta mál og orðið sammála um að skila munnlegu áliti. Meiri hl. n. er mjög hikandi við það að samþ. 4. gr. eins og hún er. Hann telur, að gr. eins og hún er gefi of víðtækt og ákveðið vald um að setja reglur um atvinnuréttindi bílstjóra og svona lagasetning geti skapað illt fordæmi. Hins vegar er meiri hl. n. það ljóst, að ekki sé heppilegt, að málið fari milli d., eins og komið er, og hefur því orðið ásáttur um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, ef hæstv. samgmrh. telur sér fært að gefa yfirlýsingu um það, að þetta ákvæði 4. gr. verði aðeins notað til bráðabirgða, ef nauðsyn krefur, en hins vegar að undirbúin verði löggjöf um atvinnuréttindi bílstjóra og frv. um það verði lagt fyrir næsta þing og þá verði sett löggjöf um þetta efni, en þessum málum verði ekki til frambúðar skipað með reglugerð, sem samin verði að meira og minna óathuguðu máli um leið og benzínskömmtunin verður afnumin. Ef hæstv. ráðh. sér sér fært að gefa yfirlýsingu í þessa átt, vill meiri hl. n. mæla með, að frv. nái fram að ganga gegnum d. óbreytt. En einn nm., 4. landsk. (BrB), lýsti sig mótfallinn frv., einn nm. var fjarverandi, og hefur n. ekki leitað hans álits.

Hannibal Valdimarsson: Ég get verið sammála þeim hv. þm., sem hnotið hafa um 4. gr. Ég fæ ekki skilið, að hægt sé að verða við þeim óskum bílstjóra, sem nú óttast offjölgun í stéttinni, ef benzínskömmtunin verður afnumin. Ég fæ ekki séð, að hægt sé að setja slíkar takmarkanir um fjölgunina með reglugerð. Ég er mjög í efa um, að hægt sé að setja um þetta almenna löggjöf, og ég er enn sannfærðari um það, að hvaða viðleitni sem sýnd væri til þess og hvaða aðferðum sem beitt yrði við að reyna að binda það með lagavaldi, að í þessari stétt mætti ekki starfa nema ákveðin tala manna, t. d. 300, að það væri ekki hægt að hindra menn, sem hafa réttindi, með reglugerð í því að reka atvinnu sína. Og þó að málið færi fyrir dómstólana, get ég ekki séð annað en það færi á sömu leið. Ég held því, að það sé ekki aðeins óþarft að setja um þetta reglugerð, heldur væri það ólögleg athöfn, þótt það væri lögfest, eins og hv. frsm. n. taldi áðan. Það er áreiðanlega í óefni komið, ef farið væri inn á slíka braut, að setja reglur um, að í þessari stétt mættu vera 300 manns, í annarri t. d. 600 og í sjómannastéttinni t. d. 5000 menn og þar fram eftir götunum. Hvað er þá orðið af atvinnufrelsinu, og hverjum ætti þetta að bjarga við? Ég held, að bílstjórarnir mundu sansast á þetta, ef þeim væri sýnt fram á það í hreinskilni, að þetta mundi leiða til ófrelsis í þjóðfélaginu, sem ekki er hægt að una við og heimilast varla af nokkrum lagalegum rétti. Hitt væri annað mál, þó að þetta væri ef til vill þolað, ef einhverjar brýnar ástæður væru til þess og þeir beittu þessu sem stéttarlegri ákvörðun til þess að vernda sinn hag, og í því formi gæti ég helzt sætt mig við það, að þeir beittu samtökum sínum til að stöðva í bili offjölgun í stéttina eða starfsgreinina, og væri það gert, þá meira valdi í því framvegis. Ég fæ ekki séð, að ríkisvaldið geti með reglugerð eða á annan hátt tekið í taumana og skammtað í stéttirnar, þessa töluna í þessa stétt og hina töluna í hina stéttina eða starfsemina, og væri það gert, þá er ég viss um, að þeir, sem yrðu fyrir barðinu á þeirri takmörkum, hlytu að líta svo á, að á þeim væri brotinn réttur til atvinnufrelsis í landinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og ég skýrði frá í upphafi þessa máls, þegar hv. þm. Barð. (GJ) bar fram þá fyrirspurn hér áðan, hvernig skilja bæri 4. gr., þú spurði ég flm. málsins í Nd., hvernig þeir hugsuðu sér þessa framkvæmd og þá fékk ég í rauninni ekki nema óljós svör. Ég skýrði líka frá því, hvernig ég að athuguðu máli hefði hugsað mér, að þetta yrði framkvæmt, ef samþ. yrði, þ. e. a. s. á þann hátt, að þetta yrði eitthvað svipuð málsmeðferð og nú hefur átt sér stað að undanförnu. Málið hefur borið þannig að, að bílstjórasamtökin hér í Rvík hafa sent erindi til yfirvaldanna í Rvík og n. í Nd., sem fór með þetta mál þar, um að sett yrðu í l. ákvæði um atvinnuréttindi bílstjóra, nánari en nú er gert. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) hélt því fram í ræðu sinni áðan, að ég hefði haft einhver samráð við bæjaryfirvöldin í Rvík um það, hvernig þessar reglur yrðu framkvæmdar, en það var vissulega ekki það, sem ég sagði, þó að ég hins vegar geti hugsað mér að hafa það hvað Rvík snertir. En það, sem ég sagði, var það, að til þessara tveggja aðila hefði verið leitað víðvíkjandi Rvík. Ég get vel gengið inn á, að það geti verið nauðsynlegt að setja einhver nánari ákvæði en nú eru í gildi um atvinnuréttindi leigubílstjóra. Það hefur farið svo með vörubílstjóra, að þeir eru orðnir miklu fleiri en þægilegt og gott er, og ég býst við, að þeir ættu þá ósk helzta nú, að til hefðu verið einhver ákvæði á sínum tíma, sem hefðu hindrað offjölgun í stéttinni, þeim öllum til óþurftar, sem nú gegna þessum störfum, svo að það er ekki fráleitt að hugsa sér einhver ákvæði um þessa stétt. En það, sem fyrir mér vakti með að koma þessu inn í Nd., var, að þetta tímabil frá því að þingi slítur og til næsta þings verði notað til þess að semja um þetta frv., sem verði svo lagt fyrir næsta Alþ. til ályktunar og ákvörðunar. Það, sem bílstjórarnir óttast á þessu tímabili, frá því að benzínið yrði gefið frjálst og þangað til slík löggjöf yrði sett, er það, að offjölgun yrði í stéttinni, sem ómögulegt yrði að útiloka, þegar löggjöfin kæmi til framkvæmda. Það er þetta, sem þessu bráðabirgðaákvæði frv. er ætlað að útiloka. Þess vegna get ég tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) fór fram á, að ég lýsti yfir,

að mín meining er vissulega ekki að ráða neinu endanlega til lykta um þetta, heldur halda til bráðabirgða því ástandi, sem nú er, þangað til gengið er frá þessari löggjöf eða gengið ekki. Ef til þess kæmi, að löggjöf yrði um þetta sett, að þá yrði þessi millibilstími ekki til þess að eyðileggja framkvæmdina á grundvelli þeirrar löggjafar, sem þá yrði sett. Þetta hefur verið framkvæmt þannig samkv. reglugerðinni, að í Rvík hefur þessu verið haldið í föstum skorðum hvað tölu bílstjóra snertir og í flestum stærri bæjum. Hins vegar, þegar um minni kaupstaði og kauptún hefur verið að ræða, hefur venjulega verið farið eftir óskum sýslumanna um fjölda bílstjóra, og þannig býst ég við, að þetta mundi verða einnig nú í framkvæmdinni fram á næsta haust, svo að væntanlega ætti það ekki að verða að tjóni, þó að sömu reglur, sem gilt hafa, yrðu framkvæmdar til haustsins, þó að benzínskömmtunin yrði afnumin. Náttúrlega yrði að ganga út frá því, þar sem reglur yrðu um þetta settar á grundvelli þessara l., að það færi ekki í bága við stjskr. eða bryti í bága við almenn mannréttindi. Ég segi fyrir mig, að mig langar ekki til að standa í því og geri ráð fyrir, að ég mundi leita mér upplýsinga um það fyrst, hvort nokkur hætta væri á því, og ef svo væri, væri víst ekki hægt að stemma stigu við þessu nema með því að halda benzínskömmtuninni áfram, því að það er ekkert í l., sem skyldar að afnema hana. Ég vildi nú vona, að til þess þyrfti ekki að koma, að skömmtuninni yrði haldið áfram af þessum sökum. En út frá því verður gengið, að ekki yrði þannig farið með þessar ráðstafanir á neinn hátt, að það að fróðustu manna yfirsýn gæti talizt brjóta í bága við stjskr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gefa frekari upplýsingar í sambandi við þetta mál og ætla, að það liggi ljóst fyrir, hvernig þessi framkvæmd yrði, ef þetta yrði samþ. svona og kæmi til minna kasta að framkvæma það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BÓ, EE, GJ, GÍG.

nei: StgrA, ÁS, BrB.

HV greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, BSt) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Lárus Jóhannesson: Í trausti þess, að heimildin í 4. gr. verði ekki notuð og benzínskömmtunin afnumin, segi ég já.

Björn Ólafsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Seyðf. segi ég já.

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að heimildin í 4. gr. verði ekki notuð, segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 746).

70. Raforkulög.

Á 52. fundi í Ed., 1. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 [118. mál] (þmfrv., A. 299).

Á 53. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er að vísu ekki stórfrumvarp, a. m. k. ekki hvað snertir álögur á ríkið. Því er þannig komið fyrir, að ríkið þarf ekki að leggja fram fé fram yfir það, sem áður hefur verið lagt til raforkusjóðs, heldur er aðeins heimilað að jafna muninn milli þeirra, sem í strjálbýlinu búa, og hinna, sem búa í þéttbýlinu og eru þegar farnir að njóta góðs af stærri raforkuverum eða eru þannig settir, að tiltölulega auðvelt er fyrir þá að ná í raforku. Svo eru aftur heil héruð, þar sem erfitt er að koma upp stærri raforkuverum og vonlítið um rafveitur í náinni framtíð. En því er þannig farið nú orðið á heimilum í sveitum, eins og annars staðar, að það er orðin tízka að nota rafmagn og tæplega er hægt að komast af án þess að nota það að meira eða minna leyti, að talið er. Og það er a. m. k. ekki hægt, ef einhver þægindi eiga að vera á heimilinu, og það er nauðsynlegt að hafa þau. Hér er hvorki ætlazt til né gert ráð fyrir geysilegri rafmagnsnotkun, en hitt er það, að gott er að fá rafmagn til að elda við, og þá ekki síður fyrir þvottavélar og önnur slík tæki, sem létta undir með húsfreyjum í fólksleysinu, auk þess sem húsfreyjur ganga ekki ætíð heilar til skógar.

Einnig er þannig ástatt víða í sveitum, að bændur hafa orðið að kaupa smámótora til mjalta, og ekki síður til súgþurrkunar, og til fleiri nauðsynlegra hluta. En ég tel réttara að taka stærri vélar, sem koma að meira gagni, en þurfa ekkert meiri pössun en smávélar, og geri ég það að skilyrði fyrir styrkjum og lánum í frv. mínu, að stöðvarnar séu ekki minni en 4 kílówatta. En þessar stærri vélar eru líka dýrari. 4—6 kw. stöðvar kosta sjálfar líklega 8—10 þús. kr., en vitað er, að allar lagnir og annar kostnaður við uppsetningu þeirra nemur annarri eins upphæð, þótt ekki séu reiknuð með þau áhöld, sem þyrftu að fylgja. En eins og ég tek fram í greinargerð frv. míns, eru nú margir bændur búnir að tæma fé sitt í byggingarframkvæmdir á jörðum sínum á undanförnum árum, svo að nauðsynlegt er að styðja þá í þessu efni á einhvern hátt. Ég játa, að mikið vantar á, að þetta frv. komi að fullu gagni, því að betur má, ef duga skal. Það væri því þegið með þökkum að minni hálfu, ef einhver vildi gera hér meira og ganga lengra. Ég vildi leita hér fyrir mér, hver vilji þingsins væri. Ég veit raunar, að hann er ekki nema góður, en það skortir fjármunina, og þó að fé

væri fyrir hendi, þá mundi skorta erlendan gjaldeyri.

Hv. þm. Barð. er í iðnn., og skil ég ekki í öðru en að hann leggi hér orð í belg, þar sem um gott mál er að ræða. Ef ég þekki hann rétt, þori ég að fullyrða, að hann gerir það. En ég vil taka fram, ef ég má leiðbeina n., að verið getur, að lánstíminn sé tiltekinn of langur og fleira þurfi að athuga, og bið ég n. þá að gera það.

Nú er það þannig orðið, að stærri mótorstöðvar hafa rétt til styrkja eða lána, en ekki hinar minni. En mér er tjáð, að hæstv. atvmrh. hafi látið falla orð í þá átt hér í þinginu, að hann væri velviljaður því að lána einnig til minni stöðva. En þar sem engin lög eru til um það, er nauðsynlegt að setja þau. Ég hef borið mig saman um þetta frv. við ýmsa flokksmenn mína hér, og þeir hafa verið sömu skoðunar og ég, að þetta sé upphaf að öðru meira, og vona ég, að svo verði.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt um, hafa aðgerðir Alþingis á undanförnum árum í því að auka útbreiðslu rafmagns í landinu verið bundnar þeim framkvæmdum, sem fram hafa farið í vatnsvirkjunum. Nú hafa raforkulögin komið til framkvæmda undanfarin ár, og hefur verið veittur styrkur úr raforkusjóði til þess að leggja línur frá stórum aflstöðvum út um sveitirnar. En það hefur þegar sýnt sig, að það er miklum erfiðleikum undirorpið að koma rafmagni í byggðir landsins og einkum þangað, þar sem byggð er ekki þétt — við skulum segja, þar sem byggð er mjög dreifð á íslenzkan mælikvarða. Þetta hefur reynzt mjög örðugt, og mun það sýnilega taka marga áratugi að koma raforkunni út um byggðir landsins með þeim hætti að kosta línulagnir um sveitirnar. Það hefur því oft komið til tals að leita annarra ráða til þess að ýta undir, að rafmagn komist í sveitirnar en að leggja línur frá stærri orkuverum. Það hefur m. a. verið samþ. till. til þál. um að rannsaka þetta. Eftir að ég tók við embætti, fól ég stofnun, sem er á vegum atvmrn., — en þessi stofnun hefur haft á vegum sínum vel menntaða raffræðinga, — sérstaklega að athuga dieselrafstöðvar, sem gætu komið að notum á sveitabæjum. Forstjóri Landssmiðjunnar kynnti sér gaumgæfilega þessi mál og athugaði margar gerðir ljósastöðva og nýjungar á þeim sviðum. Hann mældi sérstaklega að lokinni athugun sinni með einni gerð, sem er framleidd í Englandi. Ég fól honum að útvega nokkrar svona ljósastöðvar til reynslu. Þessi tegund hefur verið mjög mikið endurbætt. Um leið og fyrsta ljós er kveikt, fer vélin í gang, en er síðasta ljós er slökkt að kveldi, drepur vélin á sér. Fjárhagsráði var skrifað um þetta í haust, og var þess óskað, að ráðið veitti innflutningi slíkra ljósavéla samþykki sitt. Síðan þetta gerðist hafa nokkuð mörg heildsölufirmu farið fram á að fá að flytja inn ljósastöðvar af svipaðri gerð, og tel ég það sjálfsagt að leyfa innflutning nokkurra gerða af þessum vélum og láta síðan reynsluna skera úr um það, hvað bezt reynizt. Ég hef þegar falið rafmagnsstjóra að fylgjast með þessu máli og hafa eftirlit með notagildi þessara véla, er þær verða teknar í notkun í sveitunum.

Þá er hin hlið málsins, að ekki er fyrir heimild í l. að veita mönnum aðstoð til kaupa á slíkum ljósavélum. Löggjöfin hefur fyrst og fremst miðað að því að lyfta undir það, að byggðar væru vatnsrafstöðvar. En það er ekki víða, sem möguleikar eru á því að koma upp smárafstöðvum við læki eða ár. En þrátt fyrir það verður að halda áfram að vinna að því að koma raforkunni út í byggðir landsins, og er ekki nema eðlilegt, að það sé athugað, hvort ríkisvaldið geti ekki létt eitthvað undir með þeim, er koma vilja sér upp rafstöðvum, einir eða með öðrum í félagi, þó að þar sé ekki um vatnsvirkjanir að ræða. Og það hefur sýnt sig í sumum kaupstöðum, sem ekki höfðu aðstæður til að koma sér upp vatnsaflsstöðvum, að Alþingi samþ. að verja allt að ¼ milljón kr. til stuðnings þessum bæjum til að koma sér upp dieselstöðvum. Það væri því eigi úr vegi að athuga að veita þeim mönnum stuðning, sem hafa í hyggju að koma upp slíkum stöðvum í dreifbýlinu, og þá fyrst og fremst þeim, sem þurfa að sjá sér farborða sjálfir með lán. En eins og menn vita, þá er nú mjög erfitt að fá lán til þess að stofna slíkar stöðvar, en það er nú gert ráð fyrir, að raforkusjóður aðstoði bændur með lán til þess að koma sér upp einkarafstöðvum.

Ég er ánægður með það, að þetta frv. er hér fram komið. Ég skal ekki segja um þær leiðir, sem lagt er til í frv. þessu, að farnar verði, en sú n., sem fær málið til athugunar, mun að sjálfsögðu finna ráð til úrbóta í þessum efnum. En vonandi mun rafmagnið halda innreið sína í sveitirnar engu síður en í bæina og þorpin, sem hafa notið þeirra gæða, sem rafmagnið er. Það þarf fyrst og fremst að vera til ljósa og ef hægt er að nokkru leyti til suðu. Um hitun geri ég ráð fyrir, að þurfi að fara aðrar leiðir.

Það var þetta, sem ég vildi láta koma fram af minni hálfu við 1. umr. málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það má slá alveg föstu, að eftirspurn eftir rafmagni í dreifbýlinu er og verður mikil. Nú hefur ríkissjóður stuðlað að því á undanförnum árum, með ábyrgðum og öðrum leiðum, að komið hefur verið upp vatnsaflsstöðvum á nokkrum stöðum á landinu og að taugar yrðu leiddar frá þeim um nærliggjandi héruð. Bein fjárframlög ríkisins til þessa hafa verið óskapleg, og hefur svo farið, að ríkissjóður hefur orðið að borga mikinn hluta af því rafmagni, sem héruð þessi hafa fengið, og má hér nefna virkjanirnar í Borgarfirði, Siglufirði og Sauðárkróki til þess að finna þessum orðum stað. En þessi fyrirtæki þurfa að geta staðið sem bezt undir sér og geta borgað það fé, sem lagt hefur verið í þau. Þetta vil ég biðja hv. fjhn. að athuga, að þessi héruð, sem hafa fengið þennan mikilsverða forgangsrétt með raforkr-

una, að þau ættu að standa undir því að vera þessara þæginda aðnjótandi.

Nú vil ég segja nokkur orð viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði. Þó að svona verði haldið áfram, þá er það gefinn hlutur, að viss hluti dreifbýlisins mun ekki fá rafmagn í tíð okkar, sem erum komnir á sjöunda áratuginn. Það er nauðsyn að reyna að flýta fyrir rafmagninu í sveitir landsins með því að fara aðrar leiðir en farnar hafa verið undanfarið, eins og fólst í fyrirspurn, sem ég gerði til ráðh. í vetur. Ég skal ekki segja um lánið, en ákvæði í þá átt eru brýn. Hæstv. ráðh. vill flytja þessar vélar inn og selja þær hverjum sem er út um landið, og hv. flm. frv. leggur til, að öllum þeim, sem hafa í hyggju að koma sér upp dieselrafstöð, verði gefinn kostur á að fá lán til þeirra framkvæmda. Þó að eftirlit væri nú gott með þessum vélum, þá er mjög óheppilegt að dreifa þeim út um allt land. Vélamenning okkar er stutt, og lítil er kunnátta manna við að umgangast vélar. Allan þorra manna í sveitum landsins brestur kunnáttu til að fara með þær. Þess vegna væri eðlilegt að taka aðeins lítil svæði fyrir í einu, en tryggja um leið, að kunnáttumaður verði í héraðinu, sem geti tekið að sér viðgerðir véla, ef biluðu, jafnframt því sem hann leiðbeindi um meðferð þeirra. Ef frv. þetta verður að l., ætti að láta diselstöðvarnar ganga yfir landið í öldum og þá fyrst og fremst þangað, sem ekki eru fallvötn til virkjunar. Og ég vildi verja ríflegum styrk úr ríkissjóði til þess að koma upp viðgerðarverkstæðum fyrir þessar vélar, og það munu margir gera heldur en að þurfa að bíða hver veit hvað, ef vél bilar. Ég vil undirstrika þetta, og ég legg mikla áherzlu á þetta, að það sé hv. þm. ljóst, að menn hafa ekki þekkingu til að fara með þessi tæki og enn síður þekkingu til að bera til að geta gert við þau, ef eitthvað færist úr lagi. Það eru aðeins fáir staðir á landinu, þar sem hægt er að fá aðstoð með viðgerð rafvéla, og þeir eru þar, sem raforkan er útbreiddust.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka báðum, hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. N-M., fyrir þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið að þeirra hálfu. Ég verð nú að segja, að það er nokkuð annað hljóð í hv. þm. en verið hefur.

Ég hef raunar litlu hér við að bæta, en ekki get ég fellt mig við þá hugmynd að takmarka innflutning ljósavélanna í viss héruð. Ætli það kæmi ekki kurr í Austfirðinga, ef Vestfirðingar yrðu látnir ganga fyrir með tækin? En ég er ekki á móti því, að stuðlað yrði að því að koma upp viðgerðarverkstæðum. En eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að teygja lopann, en þykir vænt um, að málinu er vel tekið. Nú hafa verið pantaðar 30—40 vélar hjá landssmiðjunni, en 60—70% þeirra umsókna, sem borizt hafa, bera það með sér, að óskað er eftir 6 kw. stöðvum. Það virðist því benda til þess, að heppilegast yrði að flytja inn þessa stærð stöðva.

Að lokum — ég gleymdi því víst áðan — vil ég óska þess, að málinu verði vísað til hv. iðnn. að umr. lokinni.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. 1. þm. N-M. Hann sagði, að ríkið hefði orðið fyrir stórkostlegum fjárútlátum vegna vatnsvirkjana þeirra, sem framkvæmdar hafa verið undanfarið. Hann nefndi í þessu sambandi Andakílsárvirkjunina og virkjunina fyrir Siglufjarðarkaupstað. Kostnaður við þessar virkjanir fór langt fram úr því, sem allar áætlanir gerðu ráð fyrir, og hafa þessi fyrirtæki ekki getað staðið undir sér, það sem af er. Er nú verið að reyna að bæta úr þessu með því, að ríkið ábyrgist lán til viðbótarvirkjunar, og hefur það verið gert til þess að losa ríkið við þennan bagga, og er eini möguleikinn að fullnota þá orku, sem stöðvarnar geta framleitt. Með því einu móti að auka orkuframleiðslu þessara virkjana eru möguleikar á því, að þessi fyrirtæki geti staðið undir sér, og þegar þessar nýju virkjanir hafa verið framkvæmdar og orka stöðvanna eykst, er von til þess, að ríkið geti losnað við þann bagga, sem það hefur haft af þessu. Það er eini möguleikinn til þess, að fullnotað verði það vatn, sem stöðvarnar hafa möguleika til að hagnýta.

Varðandi till. hv. 1. þm. N-M. um að flytja inn diselstöðvar, sem seldar yrðu aðeins innan ákveðinna héraða, þá held ég, að slíkt sé óframkvæmanlegt. Það er ekki hægt að skipa einum að kaupa, en synja svo öðrum um kaup, sem hefði í hyggju að koma sér upp rafstöð, aðeins sökum þess, að hann byggi í öðru héraði en hinn. Hitt er svo annað mál, hvort ekki skuli athuga, að þeir gangi fyrir með fyrirgreiðslu í þessu efni, þar sem sýnilegt er, að ekki eru möguleikar á að fá raforku frá öðrum orkustöðvum. Og það hefur verið venja hjá þeim mönnum, sem leiðbeina um þetta, að þeir hafa gert áætlun nokkuð fram í tímann, sem næst að ætla mætti, að gæti komið til greina. Og þeir hafa bent mönnum á, sem ætluðu að hefja smávirkjun, að það muni ekki koma til greina, að slíkar framkvæmdir verði styrktar.

Þá fann hv. þm. að því, að ég teldi sjálfsagt að flytja inn fleiri en eina tegund þessara véla fyrst um sinn, og má að vísu vitanlega fara of langt í því efni, en ég tel ekki rétt, þar sem ekki er enn fengin meiri reynsla hér á landi fyrir slíkum tækjum, að binda sig fyrir fram við eitt einasta tæki, þótt álitlegt sé. Ég vil, að það séu möguleikar fyrir því að flytja inn fleiri slík tæki nú fyrstu árin, en hins vegar er sjálfsagt, að látin verði fara fram rannsókn á, hvert þessara tækja er hentugast fyrir okkur, og þegar slík reynsla er fengin, er fyrst tími til kominn til að beina þeim kaupum í ákveðinn farveg. En hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm., að samhliða því, að aukin yrði útbreiðsla á slíkum tækjum, dieselvélum, til ljósa, þá er nauðsynlegt að koma upp leiðbeiningastarfsemi og viðgerðastarfsemi á þessum tækjum, og það er mál, sem fyllilega er tímabært að taka til athugunar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá flm., að þó að slíkar stöðvar kosti ekki meira en 8—10 þús. kr. sjálfar, þá sé kostnaðurinn samfara því að byggja slíka stöð á meðalsveitaheimili, þegar línan hefur verið lögð og tæki keypt, kominn upp í 30 þús. og þá sé um slíka upphæð að ræða, að full þörf sé fyrir flesta bændur að fá einhverja aðstoð til þess að koma slíku mannvirki upp.

Það hefur verið af hæstv. atvmrh. vikið að því hér, að rafmagnseftirliti ríkisins hefði verið falið að kynna sér vélar til slíkra stöðva, til þess að geta leiðbeint mönnum um val slíkra véla, sem helzt kæmu til greina.

Þeir eru orðnir margir bændurnir, sem hafa snúið sér til alþm. og beðið um upplýsingar viðvíkjandi þessum vélum. Ég hef fengið nokkur slík bréf frá bændum, og hef ég snúið mér af þeim ástæðum til rafmagnseftirlits ríkisins, þar sem vissulega eru hvergi eins margir sérfræðingar á því sviði saman komnir, og spurzt fyrir um, hvaða vélar þeir teldu helzt koma til greina fyrir sveitaheimili. En svör þessara manna eru á þann veg, að helzt lítur út fyrir, að það sé alveg af sérstökum ástæðum gert, að þeir vilja ekki mæla með einni tegund frekar en annarri. Má vera, að þeir telji það rétt vegna nauðsynlegs hlutleysis gagnvart þeim, sem selja vélarnar. Ég er hræddur um, að það verði hending eða tilviljun, hvaða vélar menn yfirleitt kaupi, og það verði áður en langt líður svo mikill urmull af vélum til slíkra nota, að slíkt geti valdið óþægindum, vegna þess að illa er séð fyrir varahlutum til slíkra véla. Þess vegna hefði ég haldið, að heppilegra væri að binda þessar tilraunir, sem ég hygg, að megi kalla svo, á næstu árum við 2—3 vélategundir og helzt ekki fleiri keyptar í þessu skyni, ef það t. d. væri álit mótorfræðinga, að einhverjir sérstakir mótorar væru heppilegastir með tilliti til rekstrar og ganghraða.

En það er í sambandi við þetta mál eitt atriði, sem mig langar að vekja athygli á, og það er, að um fleiri möguleika er að ræða en að byggja stórar rafstöðvar og diesel- og benzínmótorrafstöðvar. Að vísu er gert ráð fyrir því í raforkul., en ég er hræddur um, að það gleymist, þegar opnaðir eru slíkir möguleikar sem þessir, sem hér er um að ræða, ef þetta verður samþ., en það má að minni hyggju ekki ganga fram hjá góðum virkjunarskilyrðum vatnsafls á sveitaheimilum. Það eru kannske ekki að öllu leyti fjárhagsörðugleikarnir, sem valda því, að fyrr er hugsað um að fá mótorvélar en að hugsað sé til þess að virkja á eða bæjarlæk, sem rennur við túngarðinn, heldur hitt, að erfitt er að undirbúa slíka framkvæmd fyrir sveitabóndann. Ég tek dæmi til skýringar. Fyrir hálfum mánuði síðan barst mér bréf úr Norður-Ísafjarðarsýslu um það að grennslast eftir, hvaða vélar væru tiltækilegastar og beztar fyrir rafstöðvar á 5 eða 6 sveitabæi. Ég hóf rannsókn í málinu, talaði við SÍS, rafmagnseftirlit ríkisins, landssmiðjuna o. fl. fyrirtæki, sem bjóða þetta fram. En meðan ég var að safna þessum gögnum, þá skrifaði ég og benti á, að hjá túnfætinum rynni á, sem hafði verið hugsað að virkja fyrir nærliggjandi þorp, en reyndist þó ekki nægilega vatnsmikil til þess. Þarna er um 6 bæi að ræða eða 6 bændur, því að tvíbýli mun vera á tveimur, sem liggja báðum megin árinnar, og eru þess vegna möguleikar á því að virkja þessa á með góðum árangri fyrir þessi 6 bændabýli, en nú virðast allir helzt hugsa sér að fá sér sína dieselmótorvél til raforku, en gleyma ánni. Hvað vantar bændur, til þess að athygli þeirra beinist fyrst og fremst að ánni? Þá vantar sérfróða leiðbeinendur um slíka hluti, hvort virkjun árinnar hentar þeim, hvort hægt er að virkja 25—30 hestafla stöð og hvort kostnaðurinn við slíka virkjun verður meiri en að fá 5—6 mótorrafstöðvar á þessa bæi. Ef þeir ættu kost á, að þessi sérfræðilega athugun yrði framkvæmd með viðráðanlegum kostnaði eða þeim að kostnaðarlausu, þá hygg ég, að þarna væri miklu betri lýsing hugsanleg fyrir alla þessa bæi heldur en þó að þeir allir fengju sér mótorrafstöðvar. Það er ekki aðeins gagnvart þessu frv., sem ég vildi leiða þetta inn í umr., ég vildi minna á það, að við megum ekki verða svo ginnkeyptir að hugsa eingöngu um þær vélar, sem brenna gjaldeyri á hverju ári og hafa lítið rekstraröryggi, en ganga svo fram hjá möguleikum, sem kannske eru til í landareign sveitabæjanna, ef rétt aðstoð væri veitt af hendi ríkisvaldsins. Ég álít, að það mannafl, sem er í þjónustu ríkisins hjá rafmagnseftirlitinu, sé svo mikið, að hægt væri að sjá af, þótt ekki væri nema einum manni, og væri þá mjög vel varið hans vinnu til að athuga, hvort möguleikar séu fyrir hendi til virkjunar á vatnsafli á sveitabæjum, og væri þess vissulega full þörf, áður en keyptir eru mörg hundruð mótorar fyrir sveitirnar. Ég tel það t. d. sjálfsagt, að áður en farið væri að útvega þessum 6 bændum, sem ég nefndi, lán eða styrk til mótorrafstöðva, að senda þeim mann frá rafmagnseftirliti ríkisins til þess að athuga þessa á, Dvergasteinsá í Álftafirði. Mér dylst það ekki, að þar sem hægt er að leysa þessi mál fyrir einstök sveitaheimili með virkjun vatnsafls, þá sé það að öllu leyti bezta leiðin, miklu meira rekstraröryggi, miklu minni rekstrarkostnaður og minni gjaldeyriseyðsla við áframhaldandi rekstur. Ég vil gjarna, að það verði athugað af þeirri n., sem fær málið til athugunar, t. d. hvort ekki sé rétt að breyta raforkul. á þann veg, að sett yrði inn ákvæði, sem ýtti undir, að rafmagnseftirlit ríkisins hefði forgöngu um að athuga jafnframt, hvað henti bezt fyrir sveitaheimili. Væri hægt að koma upp slíkri stöð á sveitabýli, mundi stofnkostnaðurinn vissulega verða eins mikill og mótorstöðvar koma til með að kosta, en þá sjá allir, að það væri mikill munur með rekstrarafkomuna, sem yrði beinn hagnaður.

Það, sem ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á í sambandi við þetta, er, hvort ekki væri hægt að gera mönnum miklu auðveldara fyrir að fá athuganir um slíka hluti framkvæmda af sérfróðum mönnum án endurgjalds fyrir

bændur. Annars er ég þakklátur flm. fyrir þetta frv. og tel, að það mundi í mörgum tilfellum bæta úr fyrir sveitaheimilum, þar sem annars kostar er ekki völ, og mundi leysa úr brýnni raforkuþörf margra sveitabæja, sem annars fengju ekki þessa orku. Það má segja, að það sé enn brýnni þörf nú en áður fyrir bændur að fá rafmagn, þar sem fólkseklan er orðin svo mikil, að varla er hægt að gera ráð fyrir búskap í framtíðinni, nema heyið verði verkað annaðhvort með súgþurrkun eða í turnum, og þetta kostar hvort tveggja mótorafl. Og þegar það mótorafl er komið, þá vilja menn hafa raforku til fleiri hluta, enda þörfin mikil fyrir það.

Eiríkur Einarsson: Það þarf engan að furða á því, að þetta frv. er fram komið, því að þörfin úti um hinar dreifðu byggðir landsins er svo mikil, að um það er ekki hægt að efast, hvað hér er til umr. og hver áhugi fylgir máli. Af því að þetta er mikilsvert mál, verðskuldar það velvilja þeirra, sem eiga um það að fjalla, og því meira liggur á, að vel sé um alla hnúta búið, ef það kemst svo langt að verða að lagasetningu, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég á erfitt með annað en að ljá því atkvæði mitt.

Ég vildi leyfa mér að beina orðum mínum til þeirrar n., sem fær málið til athugunar. Eftir aðalgr. eru þetta heimildarl., að veita eins og þar getur. En í niðurlagi gr. segir, að ráðh. ákveði lán og styrki, að fengnum till. raforkun. Ég skil það svo, að að hve miklu leyti á að ganga á möguleika raforkusjóðs til þessara aðgerða muni ákveðið af viðkomandi ráðh. að fengnum till. raforkun. Mér finnst, að það væri öruggara að hafa þetta lögfest, því að reynsla, sem þegar er fengin, er í mörgum tilfellum mjög dýr. Þó að menn hafi verið að leggja í þann kostnað að raflýsa hjá sér, þá hefur það oft orðið skammvinn og dýr þægindi vegna vöntunar á leiðbeiningum um val vélanna. Ég staðhæfi, að þetta hefur átt sér stað, því er verr. En ef ætti að gera þessa úrlausn almennari en verið hefur til þessa og fullnægja fleiri mönnum þjóðfélagsins en verið hefur, þá þarf að treysta sem bezt, að svo mætti verða, og það ætti að koma fram í lagasetningunni sjálfri. Ég álít mjög nauðsynlegt, að áður en farið er að leggja í það að kaupa vélar til raflýsingar og leggja þannig í mikinn kostnað, þá þurfi að vera fengin reynsla fyrir þeim vélum og þar sé farið eftir áliti hinna sérfróðu manna, en ekki að menn kaupi vélar, sem lítil eða engin reynsla er fyrir, jafnvel þó að kaupgeta sé fyrir hendi. Það þarf að útiloka það, að menn kaupi köttinn í sekknum. Það er talað þarna um lán til 15 ára, og veit ég, að hv. flm. meinar allt vel með því, og kann ég vel að meta þann hug, sem liggur þar á bak við. En þá þarf um leið að vera trygging fyrir því, að þær vélar endist í 15 ár. Ég segi þetta bara í varúðarskyni. Ég vona, að hv. flm. taki það vel upp og hv. n., sem fær málið til athugunar, athugi það vel. Eins og tekið var fram áðan, hefur rafmagnseftirlit ríkisins yfir mikilli þekkingu að ráða á þessu sviði, og ætti það að geta gefið þær ráðleggingar, sem kæmu að hinum beztu notum.

Gísli Jónsson: Ég hafði ekki ástæðu til að vera við, þegar hv. 1. þm. N-M. talaði. Mér hefur verið sagt, að hann hafi talað um það hér, að það hafi legið fyrir fjvn. beiðni um stórkostleg fjárframlög handa ýmsum rafveitum, sem ekki gætu sjálfar staðið undir vöxtum og afborgunum. Ég skal í þessu sambandi benda á, að í fyrsta lagi hefur ekki komið til kasta ríkissjóðs að greiða þetta fyrr en þá á þessu ári eða neitt til kasta fjvn. að ákveða neitt um það, hvort veitt væri til slíkra útgjalda. Það hefur fyrst nú legið fyrir fjvn. nokkur upphæð, sem sett er inn á fjárlagafrv. og ætluð er til þess að mæta vangoldnum vöxtum og afborgunum frá ýmsum fyrirtækjum í landinu, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, m. a. nokkrum rafveitum, en einnig nokkrum höfnum, og þetta er í fyrsta skipti, sem fjvn. hefur haft með slík mál að gera, og hún hefur rætt um það í alvöru, hvort ekki sé rétt, þegar svo stendur á eins og hér er nú komið á daginn, að setja slík fyrirtæki undir opinbera stjórn. Og hefur n. hugsað sér að láta þessi erindi ganga til félmrn. og rætt nokkuð við skrifstofustjóra þess ráðuneytis, sem hefur verið að nokkru leyti á þeirri skoðun, að í hvert skipti, sem ekki væru greiddar slíkar skuldir, vextir og afborganir af lánum, sem ríkissjóður væri í ábyrgð fyrir, þá sé horfið að því ráði að hafa eftirlit með viðkomandi fyrirtækjum. Hér getur verið að ræða um margt annað en rafveitur, það er ýmislegt fleira, en fjvn., Alþ. og jafnvel ekki ráðuneytið hefur ekki nokkur tök á því að geta fylgzt með, hvort yfirleitt þær tekjur, sem koma inn til þessa eða hins fyrirtækisins, séu notaðar beinlínis til að borga útgjöld þess fyrirtækis eða teknar beint inn í sveitarsjóðinn, auk þess sem ekki er heldur tækifæri til að fylgjast með, hvort greiðsluþoli er notað til hins ýtrasta í sambandi við álagningu útsvara. Þess vegna þykir rétt að taka þegar upp þá stefnu yfirleitt, að fyrirtæki, sem rekin eru þannig með ábyrgð ríkissjóðs eða hann hefur gengið í ábyrgð fyrir að allt að 85% af kostnaðarverði, fái það aðhald, sem ég hef rætt um. Ég hygg, að þetta verði athugað síðar.

Hv. þm. er kunnugt um það, að ríkissjóður er í ábyrgð fyrir hundruðum milljóna króna hingað og þangað hjá bæjar- og sveitarfélögum, og hljótast af því áreiðanlega vandræði, ef ekki er tekið strax í taumana í sambandi við þau mál.

Í sambandi við málið sjálft vil ég leyfa mér að benda á, að málið fer í n., sem ég á sæti í og er formaður fyrir, og ég mun taka málið fyrir eins fljótt og hægt er, og skal ég láta taka til athugunar öll þau atriði, sem hér hefur verið minnzt á.

Ég vil ljúka máli mínu með því að benda á, að þetta er ekki nýtt mál, heldur mjög rætt í iðnn., þegar l. voru sett, einmitt í sambandi við 35. gr. og þá af raforkumrh., sem setti sig algerlega á móti þessu máli þá. Það var að vísu

annar maður en nú er, núverandi viðskmrh. En af því að ráðh. setti sig á móti því, fékkst það ekki samþ., þegar l. voru samþykkt. Þetta ber ekki að skilja svo, að ég sé andvígur málinu, heldur skýri ég aðeins frá því, hvernig það hefur gengið áður.

Rafveitumálunum er skipt þannig, að það eru rafmagnsveitur ríkisins annars vegar, þar sem ríkið leggur til allan stofnkostnað, og fær úr rafveitusjóði árlegan styrk til að greiða rekstrarhalla, þar til veiturnar fara að bera sig. Það er aldrei veitt úr ríkissjóði á annan hátt en í rafveitusjóðinn samkvæmt l., en úr honum til rafmagnsveitna ríkisins, sem áætlað er, að verði að veita hverri veitu fyrstu 3 árin en fari svo minnkandi og fé verði síðan endurgreitt í sjóðinn aftur. Þetta gera héraðsrafveitur ekki. Og þessi kostnaður er mér sagt, að sé 15—20 þús. kr. á býli. Nú teldi ég sjálfsagt, ef þessi brtt. yrði samþ., að gera stóran greinarmun á því, sem fer til þess að leggja lagnir um hús, og gæta þess, að þær séu lagðar þannig, að rafmagnseftirlit ríkisins taki þær gildar fyrir raforku, sem kynni að koma frá raforkuverum síðar meir. En þá vaknar sú spurning: Er meiri ástæða til þess, að ríkissjóður taki að sér að greiða eða styrkja eða lána til þess að koma fram þessum hluta framkvæmdanna, þeim hluta, sem bændur verða að borga hvort sem er, þó að bændur hafi að öðru leyti allan kostnaðinn? Mér finnst þá síður en svo útilokað, að til þess gæti komið, að sams konar kjör yrði að gefa hinum öðrum bændum, sem verða sjálfir að kosta tengingargjaldið í hús sín, og sé ég ekki, að hægt sé að fara inn á þessa braut nema opna leið til þess, að þessir menn fái sömu aðstoð. Að því er snertir hina staðina, þar sem héraðsrafveitur eru og héruðin sjálf byggja veiturnar, t. d. á Siglufirði, þar fá viðkomandi aðilar engan styrk, en hins vegar 80% ábyrgð á kostnaðarverði til þess að koma þessu á hjá sér, en á þessum stöðum verða bændur og aðrir að borga allan innlagningarkostnað sjálfir, og hafa þessar stöðvar ekki fengið neinn styrk frá ríkinu, nema ef það kemur til nú, að þeir þurfi að fá hjálp til þess að komast yfir erfiðleika fyrstu áranna, eins og rafveitur ríkisins, og fyndist mér það ekkert óeðlilegt. Það yrði þá endurgreitt ríkinu, ef stöðvarnar gætu borið sig.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram. Sumar þessar héraðsrafveitur hafa orðið að kaupa stóra, dýra dieselmótora, og á s. l. ári var samþ. að skipta á fjárl. 250 þús. kr. milli þessara stöðva sem láni með hagkvæmum kjörum. Þessu var skipt milli nokkurra stöðva, og varð nokkur ágreiningur um það í rn., því að hér vildi rn. ekki fara lengra niður í vaxtabyrði en 4%, og fékkst um það samkomulag. Bentu þeir á þessi rök og sögðu: Bændur og aðrir, sem fá rafmagn frá aðallínunum, verða sjálfir að bera uppi allan kostnað við tengingu og innlagningu. Og þó að þessir hreppar eða héruð verði sjálf að koma upp sinni rafstöð, teljum við ekki óeðlilegt, að þeir beri af því sanngjarna vexti. — Þetta vildi ég láta koma fram.

Í sambandi við það, sem hv. 3. landsk. sagði, vil ég taka fram, að hann byggir þetta á misskilningi. Það er skýrt kveðið á um það í l., að úr raforkusjóði á að greiða þennan kostnað, sem hann talaði um. Rafmagnseftirlit ríkisins er skyldugt að framkvæma þetta og taka það gjald úr raforkusjóði. Og mér er kunnugt um það, að raforkumálastjóri hefur ekki verið neitt tregur til að láta þessa þjónustu í té. En það er annað, sem hann hefur haldið fram og kannske með réttu. Hann hefur sagt: Okkar byrjunarstig er það, að við viljum senda skýrar og góðar leiðbeiningar til viðkomandi aðila, til þess að þeir geti sjálfir látið fara fram mælingar á þessum vötnum og lækjum, sem vara að minnsta kosti eitt eða tvö ár. En margir bændur hafa ekki þolinmæði til þess að láta þessar athuganir fara fram, og auðvitað er útilokað fyrir rafmagnseftirlit ríkisins að hafa um allt land lið manna til þess að hafa slíkar mælingar með höndum, en þessar mælingar eru grundvallaratriði þess, að hægt sé að virkja.

Allt skal þetta verða athugað í n. og leitað upplýsinga frá viðkomandi aðilum, sem svo að sjálfsögðu verður skýrt í nál., þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 486, 496, 502).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar þetta mál var rætt í n., voru ekki allir nm. viðstaddir. Ágreiningur varð um afgreiðslu málsins, en þó er nál. undirritað af öllum nm., sem við voru, þótt ekki væru þeir allir sammála, enda hefur einn þeirra flutt brtt. á þskj. 502. Hér er um það að ræða, hvort raforkusjóði eigi samkv. l. að vera heimilt að lána út á mótorrafstöðvar, þar sem ekki er í fyrirsjáanlegri framtíð mögulegt að fá ríkisrafveitur eða vatnsaflstöðvar fyrir heimilin. Mjög víða hagar svo til, að ekki er von til þess að fá rafmagn með vatnsafli, og þá er það, sem margir, er líta rafmagn hýru auga, vilja reyna að fá það með mótorvélum. Þær eru misstórar eftir þörf heimilanna og notkun og verða því misdýrar. Þar, sem hægt er að raflýsa með vatnsafli, er hægt að fá lán úr ræktunarsjóði og raforkusjóði. Lánin eru veitt til vissra ára, fleiri en hér er gert ráð fyrir til mótorstöðvanna og með lægri vöxtum en gert er ráð fyrir í brtt. Raforkusjóður lánar til 17 ára með 2½% vöxtum, og er lánið afborganalaust fyrstu tvö árin, en greiðist svo upp á 15 árum. Þar sem mótorrafstöðvarnar endast ekki eins lengi, eða ekki nema ca. 8—12 ár, þá höfum við ekki lagt til, að lánstíminn til þeirra væri lengri en 8 ár. Það er sú ending, sem rafmagnsstjóri telur þessar stöðvar yfirleitt hafa. Við höfum tekið 3% vexti inn í brtt., sem er gert til samkomulags, og hélt ég, að allir mundu sætta sig við það, en þó kysi ég persónulega, að lánskjörin

fyrir þessar mótorstöðvar væru eins góð og fyrir vatnsaflstöðvarnar. Lánskjörin í báðum sjóðunum þyrftu einnig að vera hin sömu. Ræktunarsjóður lánar með 2½%, og ef þessi á að lána með 3%, þá verður það til þess að öllu er þrýst yfir á ræktunarsjóð. Lánskjörin þyrftu því helzt að vera hin sömu, en ég gekk inn á hitt til samkomulags, en einn nm. kemur svo með brtt. á þskj. 502, enda höfðu nm. áskilið sér rétt til þess. En úr því að svo er, þá hef ég sterka tilhneigingu til þess að fá vöxtunum breytt úr 3% í 2½%, svo að lánskjörin séu eins í báðum sjóðunum, og ég hugsa bara, að það sé heppilegast að gera það. Þá þótti okkur nm., að veðið fyrir lánunum væri heldur lélegt, og tókum því upp í till. okkar, að lánað skyldi aðeins út á fasteignaveð, og um það var ekki ágreiningur í n. Hins vegar var ágreiningur um það, hvort lána skyldi til aflstöðvanna einna eða einnig til leiðslna frá þeim og um húsið og jafnvel til rafmagnsáhalda í húsinu. Ég tel, að ekki beri að ganga lengra en það að lána út á mótorstöðvarnar sjálfar, en ekki leiðslurnar, því að ekki eru veitt lán fyrir vatnsaflstöðvar nema til aflstöðvanna sjálfra, og ætti sami háttur að vera hafður á í báðum tilfellum. En meginatriði þessa máls er það, að þeim heimilum, sem ekki geta fengið rafmagn frá ríkisveitunum eða með vatnsafli, verði gert kleift að fá rafmagn með bærilegum kjörum. Ég veit, að sumir munu segja, að mótorstöðvarnar séu svo ódýrar — ca. 20—30 þús. kr., — að til þeirra þurfi ekki að veita lán. En þótt þetta sé ekki meira, þá eru margir svo staddir, að þeir hafa fulla þörf á lánum til þessara framkvæmda. Vænti ég því, að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem ég flutti hér í hv. d., hefur tekið nokkrum breytingum hjá hv. iðnn., og hefur hv. 1. þm. N-M. gert nokkra grein fyrir því, svo sem vaxtaspursmálinu. Þá er lánstíminn mjög styttur, og tel ég, að þar hafi n. rétt fyrir sér, enda hafði ég fallizt á þá skoðun á búnaðarþingi. Ég mun einnig til samkomulags sætta mig við vextina, sem hv. n. leggur til, og yfirleitt mun ég fallast á brtt. hv. n. Hins vegar finnst mér brtt. hv. þm. Barð. til skaða fyrir frv., sérstaklega það að láta ráðh. ákveða lánskjörin og tryggingu fyrir láninu. Þá má gera ráð fyrir, að allir sæti ekki sömu kjörum, því að oft er skipt um ráðherra, og eins og nú er, eru lánskjörin í raforkusjóði fastákveðin. Ég held, að hann hafi ekki athugað þetta, því að ég þykist vita, að hann vill vel, þó að honum skjátlist. Öllum getur orðið á í messunni. Það verður ekki til þess ætlazt, að menn búi við það öryggisleysi að vita ekki fyrir fram um kjörin. Það er það stóra misrétti, og ég þykist vita, að þegar hann hefur athugað þetta nánar, muni hann ekki fylgja brtt. sinni fast, ekki sízt er ég hef verið kúgaður til hlýðni við n. og tekið mína till. aftur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir brtt. minni, því að hv. flm. heldur, að ég meini annað en ég geri. Í raun og veru tel ég vafasamt að fara nokkuð inn á þá braut að gefa hagkvæmari kjör til þess að koma upp motorrafstöðvum. Þegar raforkul. voru til umr., var þetta mjög rætt í iðnn. báðum, og það var þá einróma álit, að ekki ætti að fara inn á þessa braut, því að það væri óráðlegt að festa fé í vafasömum dieselmótorum og það gæti orðið til þess að tefja fyrir vatnsaflsvirkjun. Síðan hef ég fengið upplýsingar um, að fjöldi bænda óski eftir að kaupa slíkar mótorrafstöðvar, svo að í því mundu bindast þó nokkrar milljónir, ef að því ráði yrði horfið. Ég hef í dag talað við mann, sem haft hefur í eitt ár sjö kílóvatta stöð. Kostnaðurinn við eldsneyti, smurnings- og dieselolíur hefur á einu ári orðið 5 þús. kr. Ef þessar upplýsingar eru réttar, er það vafasamt, hvort það er ekki bjarnargreiði að styrkja menn til þess að koma upp þessum stöðvum. Þetta er ein af ástæðunum til þess, að ég hef ekki getað fylgt þessu máli.

Í 35. gr. raforkulaganna er svo ákveðið, að einstakir bændur, sem sameinast um að reisa vatnsraforkustöðvar til heimilisnota, geti fengið lán úr raforkusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum. Þetta er allt annars eðlis. Reynsla er fyrir því, að þessar stöðvar geta enzt í marga áratugi, viðhaldið er ekkert og til rekstrar þeirra fer enginn erlendur gjaldeyrir. Ég held, að það væri betur farið að styrkja bændur til þess að koma upp slíkum stöðvum en að veita þeim styrk eða lán til þess að koma upp mótorrafstöðum. Samkvæmt l. njóta þessar vatnsraforkustöðvar hagkvæmustu kjara, því að önnur lán eru ekki veitt úr raforkusjóði gegn 2% vöxtum, og hvergi sést sú trygging, sem hv. flm. vill, að sett sé hér. Aðrir útlánsvextir raforkusjóðs eru breytilegir, þar sem miðað er við, að þeir megi vera allt að 2½% lægri en forvextir Landsbankans, og á síðasta ári ákvað stj., að þeir skyldu vera 4%.

Það er líka annað, sem gerir, að ég er ekki sérstaklega fús að fylgja þessu máli, þó að ég muni ekki leggja stein í götu þess. Ég sé ekki, af hverju menn ættu ekki sjálfir að standa undir þessum kostnaði, eins og þeir bera kostnaðinn við það að leggja til sín heimtaug frá héraðsrafmagnsveitu. Heimtaug frá aðalveitu kostar á sveitaheimili um 6 þús. kr. Fyrst verður að borga alla lögnina og inntökugjald, sem er álíka upphæð og sú aflstöð kostar, sem hér er talað um. Mér finnst því, að þeir, sem þær fengju samkvæmt þessu frv., yrðu betur settir. (*ÞÞ:* Guð hjálpi þm.) Já, guð hjálpi hv. þm. Dal. til að skilja þetta.

Þá er komið að því, hvort eðlilegt er að krefjast þeirra trygginga, sem hér er gert ráð fyrir. Hv. þm. sagði, að ekki hefði verið ágreiningur um tryggingua. Hann hefur gleymt því, að ég gerði strax ágreining í n. Ég sé ekki, hvernig hægt er að ákveða, að maður, sem ætlar að nota sér þetta, geti veðbundið jörð, sem hann á ekkert í. Hann verður þá að fá leyfi landeiganda til þess að veðbinda fasteign fyrir lausafé, sem hann getur þotið burt með fyrirvaralaust, sem hægt er að keyra

burt á hjólbörum eða tveir menn geta borið á milli sín. Auk þess er engin trygging fyrir því, að vélarinnar sé gætt svo, að verðmæti hennar rýrni ekki. Ef óhapp ber að höndum, getur hún verið verðlaus eftir nokkrar vikur eða mánuði. Ég get ekki talið það rétt að gera það að skilyrði að veðbinda fasteignina, því að þá er útilokað, að menn geti notað þetta. Auk þess er ég á móti því, að ráðh. ákveði þessi lán að fengnum till. raforkuráðs, þar sem ég tel, að raforkuráð eigi að hafa ákvörðunarvaldið. Ég hef því borið fram brtt. á þskj. 502 um, að orðin „til átta ára með 3% ársvöxtum og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign, sem raforkuráð tekur gilt, og má lánið vera" falli burt. Þá hljóðar gr. þannig: „Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorstöðvar), lán allt að ⅝ af kostnaðarverði vélarinnar." Síðari till., sem ég ber fram á þskj. 502, er þannig: „Lán þessi ákveður ráðh. samkvæmt till. raforkuráðs, með þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ráðið ákveður." Raforkuráð getur bezt um það dæmt, hvað hagkvæmt er og viturlegt í þessum efnum, og því eðlilegast, að það hafi þetta með höndum.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á þessar till. mínar. Ég mun þó ekki greiða atkv. á móti frv., þó að þær verði felldar, svo mikið kapp legg ég ekki á þær, en ég tel meiri tryggingu í því, að þetta sé í höndum manna, sem hafa þetta að lífsstarfi, en í höndum ráðh., sem koma og fara. Þó að lánskjörin geti verið breytileg, fara þau í nokkuð fastar skorður, þegar það er sama stofnun, sem ákveður þau.

Erfiðleikar raforkusjóðs eru svo miklir, að ekki þótti gerlegt í fyrra eða í ár að taka þá litlu upphæð úr sjóðnum, er ákveðið er að veita sem lán til dieselrafstöðva yfir 100 hestöfl. Hún var því sett sem sérstakur liður á fjárl. Nú er beðið um miklu hærri upphæðir en hægt er að veita, og þó var samþ. að hafa framlagið 100% hærra en ráðh. lagði til. Ég hef skýrt mína afstöðu og læt svo atkv. ganga um málið.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að þessar stöðvar eru dýrar í rekstri. Eftir því sem ég veit bezt, eyða þær einum til þremur lítrum á klukkustund. Það mætti segja mér, er menn fara að nota þær, að þeir verði ekki hrifnir af því að þurfa að keyra alla nóttina til þess að hafa eitt ljós. En það er annað mál. En af því að þær eru svona dýrar í rekstri, skildi ég ekki, er hv. þm. Barð. sagði, að þessir menn yrðu bezt settir. Þó að stofnkostnaður þeirra verði minni, verða þeir alltaf verr settir. Til þess að þeir verði betur settir, þarf nýja till., því að það er fjarri sanni, að nokkurs manns sé freistað með þessari till. til þess að hverfa frá vatnsorku. Frv. er svo óaðgengilegt, að engum dettur í hug að fara þessa leið, ef möguleiki er á því að virkja nokkra sprænu. Ég skildi ekki hv. þm., er hann talaði um, að hann væri á móti því, að fasteign væri sett að veði. Enginn veðsetur annað en hann á. Ég veðset t. d. ekki skip, sem ég á ekkert í. Þeir, sem ekki uppfylla skilyrðin, geta ekki fengið lán. Landsetar geta t. d. ekki fengið lán úr ræktunarsjóði, og 38% af bændum landsins eru leiguliðar. Það sama gildir hér. Þeir, sem ekki hafa veð, koma ekki til greina. Þetta hefur auðvitað í för með sér, að einstaka menn fá ekki þessi lán, en úr því að hv. þm. Barð. er hræddur við þessa leið, skil ég ekki, hvað hann hefur við það að athuga. Ég skil ekki, að hægt sé að lána út á veð, sem hægt er að keyra burt á hjólbörum, og held því, að sjálfsagt sé að hafa fasteignarveð. Ég er á móti till. hv. þm. Barð., því að ég vil hafa tryggt veð og ákveðna vexti, og þess vegna vil ég ekki láta kjörin velta á ráðh., heldur séu þau ákveðin í l. sjálfum.

Ég vil benda á eitt, sem komið hefur fram í umr. og n. hefur ekki tekið eftir. Í 38. gr. raforkul. er kveðið svo á, að ráðh. ákveði lán þau, er um getur í 35. gr., að fengnum till. raforkumálastjóra. Til samræmis þyrfti því að setja í 38. gr. „að fengnum till. raforkuráðs", eða setja „raforkumálastjóra" inn í frv. í stað raforkuráðs. Ég vildi heldur, að raforkuráð hefði þetta með höndum, og mun því bera fram brtt. við 3. umr. við 38. gr. um, að „raforkuráð" komi í stað „raforkumálastjóra".

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, það þýðir ekki að lengja umr. Í raun og veru getur það staðizt, að gr. sé eins og hún liggur fyrir, þar sem það nýrra gengur fyrir hinu gamla. En ef einhver rekur augun í þetta, er ekki vert að láta það stangast í l. sjálfum, og má laga það við 3. umr.

Ég vildi fyrst geta þess, að sitthvað er um héraðsrafveiturnar, því að það skildist mér, að kostnaðurinn vegna héraðsrafveitnanna væri heimlagningartaugin. En ríkið byggir upp raforkuverin. Hér er hins vegar farið fram á lán nú og ekkert annað og eigi með betri kjörum en nú fá bændur almennt til ræktunar, og eru þau þó erfiðari en hin, sem veitt eru til bæjarhúsabygginga. Bæði er lánstíminn styttri og vextirnir hærri. Ég geri ráð fyrir, þó að fasteignaverð komi til, þá verði kröfurnar linar og eigi um 1. veðrétt að ræða. Margir bændur eru búnir að festa jarðir sínar í 1. veðrétti — því miður — fyrir lánum.

Hv. þm. Barð. gat þess, að vatnsvirkjanir væru einmitt ódýrari og dygðu betur. Það sýnir þó, að einmitt er dýrt að reka stöðvarnar, að þarna er meiri þörf hjálpar. Ég tók fram, að þannig hagar til í sveitum, að nauðsynleg rafmagnsáhöld verða að koma í bæina. Á fjölda bæja eru komnar mjaltavélar, og síðan bætast við fleiri. Það er krafizt þæginda, og í því efni verða smámótorar að hjálpa. Og þegar svo er komið, vita menn, að stærri vélar eru ódýrari og traustari en smærri vélar. Bændur eru ekki að gera að gamni sínu, heldur eru þeir knúðir af nauðsyn, þar sem engin von er um að fá stórar héraðsrafveitur eða

hægt verði að koma upp vatnsvirkjunum. Þetta mun skiljast, og skal ég ekki þreyta hv. d. á meiri mælgi um þetta mál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef sannfærzt enn betur um það, að rétt sé að samþykkja brtt. mína. Ég tel ókost vera á till. n., eins og hún er nú, að lánið skuli vera til „átta ára með 3% ársvöxtum og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign.“ Svo mikill er fjöldi bænda, sem þurfa þessa með, að tvímælalaust er skilyrðið rangt, ef þetta á að breiðast út, eins og nauðsynlegt er. Ég bendi hv. þm. Dal. og hv. frsm. á, að ég gerði eigi samanburð á þessum stöðvum og vatnsvirkjunum, heldur á þeim og héraðsveitunum, og hélt því fram, að þessir menn stæðu eigi verr að vígi. Þeir menn verða líka að greiða fyrir straum frá raforkuverunum og eru því ekki verr settir. Hitt er annað mál, hvað vatnsaflsvirkjanirnar varðar, og þær eiga að koma sem víðast upp. En vonir eru um, að héraðsrafveiturnar geti lækkað rafmagnið. Bera þær sig sæmilega skv. upplýsingum raforkumálastjóra. — Mér sýnist vanta menn úr n., og óska ég þó ekki eftir því, að atkvgr. sé frestað.

ATKVGR.
Brtt. 502,a felld með 9:1 atkv.
— 496 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 502,b tekin aftur til 3. umr.
— 486 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 83., 84., 86. og 87. fundi í Ed., 7., 8., 22. og 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 530, 550).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Síðan þetta mál var rætt hér síðast, hefur það skeð, að iðnráð hefur sent n. brtt., sem það óskaði eftir, að n. tæki upp og flytti. N. hefur gert þetta, og liggja brtt. hér fyrir á þskj. 550. Þar er 35. gr. orðuð öll um. Við 1. og 2. lið er þó engin efnisbreyt. frá því, sem er nú í l., en aðeins lítil orðabreyt., sem engu máli skiptir. Við 3. lið er dálítil efnisbreyt. frá því, sem er í l., en engin frá því, sem er í reglugerð, sem samin hefur verið vegna lána, sem veitt eru til vatnsvirkjana á sveitaheimilum. Það er bætt þarna inn í greinina: „og línulagna heim að bæjarvegg“, sem ekki er í l. Að öðru leyti er 3. liður samhljóða því, sem nú er í l., en samhljóða því, sem framkvæmdin hefur verið eftir reglugerðinni, sem um þetta hefur verið sett. 4. liður er svo sú breyt. að meginmáli til, sem hér hefur verið flutt af hv. þm. Dal. og ekki lá fyrir í þessu frv. upprunalega, á þskj. 299, en þar er þó dálítil breyt., og við meiri hl. n., sem stöðum að þessari brtt., höfum breytt. ofurlítið frá því, sem raforkuráð lagði til. Raforkuráð hefur viljað ganga inn á það að veita lán til rafstöðva með vélaafli á þeim sveitabýlum, sem ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjana og ekki eru líkur til, að fái leiðslu frá stærri rafstöðvum í framtíðinni. Hins vegar hefur raforkuráð ekki viljað skerða það fé, sem ætlað er í l. nú, sem mun vera 2 millj. kr. árlega til raforkuframkvæmda, og þess vegna setur það inn í þennan 4. lið, að til þess að framkvæmdir verði hafnar eftir honum, þá skuli það vera bundið við það, að fé sé veitt til þess árlega í fjárl. Raforkuráð gerir ráð fyrir því í sínum till., að það yrði ætlað sérstakt fé í fjárl. hverju sinni, sem raforkuráð og ráðh. hefur svo á sínu valdi að lána þeim sveitabýlum, sem ekki gætu á annan hátt fengið sér rafmagn en með vélastöðvum. Þetta felldum við burt úr gr. Meiri hl. taldi, að eins og fjárhag ríkisins nú væri komið, þá væri það sama og að stöðva með öllu þessar framkvæmdir, ef þær væru bundnar við árlega fjárveitingu úr ríkissjóði, og þá kemur fram það sjónarmið, hvort þessar 2 millj. kr. eigi kannske alveg að fara í rafveitur og stærri raforkustöðvar eða eins og nú er, 150 þús. kr. ætlaðar sem lán af ráðh. til vélastöðva einstakra sveitabýla, og þá kannske annað eins, 150 þús. kr., teknar til að lána þeim sveitabýlum, sem á engan hátt geta fengið sér rafmagn nema með vélastöðvum. Það er það sjónarmið, sem n. gerir hér ráð fyrir, að ráðh. ákveði hverju sinni, að einhver hluti af þessum 2 millj. kr., eftir því hve mikið kallar að á hverjum tíma af rafmagnsveitum í landinu, verði ætlaður til þessara hluta, alveg á sama hátt eins og nú er, að nokkur hluti af því er tekinn og ætlaður til að lána þeim heimilum, sem ekki geta komizt inn í stærri rafveitur, en geta haft vatnsvirkjun heima á heimilunum. Þessum 2 millj. kr. yrði af ráðh. skipt í þrjá hluta. Einn yrði langstærstur og tveir minni, sem mætti lána á þennan hátt, en komi þá aftur smám saman seinna inn í raforkusjóðinn til framkvæmda.

Hinar breyt., sem raforkuráð leggur til, að gerðar séu, við 38., 39. og 53. gr., eru allt smávægilegar breyt., sem sumpart leiðir af þessu, sem búið er að breyta, 35. gr., og sumpart er til frekari skýringar á áður gildandi ákvæðum, og er engin þörf á að ræða sérstaklega um þær.

Það, sem hér er um að ræða, það er í raun-inni 4. liður. Ég veit, að tveir nm., sem annars eru með 4. lið, vilja heldur hafa annað: að það sé ekki fjmrh., sem láni eftir honum, og þetta sé ekki tekið af þessum 2 millj. kr., heldur sé veitt fé sérstaklega á fjárl., og bera þeir fram brtt. um það og munu gera grein fyrir því. Þetta er sjónarmið, sem ágreiningur er um, og annað ekki.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi segja örfá orð til áréttingar á það, sem hv. 1. þm. N-M. var búinn að segja um þetta frv. og breyt. þær, sem hér liggja fyrir. Ég verð að telja frá mínu sjónarmiði, þó að þetta frv.

sé ekki að öllu leyti æskilegt eins og það nú er orðið, að það sé mjög viðunanlegt eins og það nú liggur fyrir frá hv. iðnn. á þskj. 550, og mun ég greiða því atkv. mitt. Ég tel, að frv. hafi frá 2. umr. breytzt að því leyti til batnaðar, að nú er ekki lögbundinn lengur, en verður auðvitað í reglugerð, lánstíminn eða ákvæðið um það, að fasteignaveð skuli vera fyrir lánunum. Þetta hvort tveggja var heppilegt að afnema og hafa það ekki í lagaákvæði, og nú geri ég ráð fyrir því, eftir því sem hæstv. landbrh., sem með þetta mál fer nú, hefur látið orð falla, bæði á búnaðarþingi og Alþ., að bæði vextir og önnur kjör verði höfð hin þægilegustu sem hægt er og sanngirni heimtar á báðar hliðar. Og þó að hann vilji vel, þá hef ég þá von, að annar geti komið jafngóður í hans stað, og þess vegna lýsi ég því yfir, að ég mun óhikað greiða þessu frv. atkv., eins og það er á þskj. 550, og sérstaklega líka vegna þess, að nú er liðið á þingtímann og ef breyt. færi enn að verða hér mikil á þessu máli, þá tel ég, að það væri tilræði við frv. og mundi verða til þess, að málið kæmist ekki fram í þetta skipti. Þess vegna vænti ég þess, að allir þeir, sem vilja fylgja frv. af heilum hug, fari nú ekki að koma með brtt. við það, heldur styðji það með sínu atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. lýsti hér áðan, þá hefur minni hl. iðnn. ekki getað orðið sammála meiri hl. um allar gr. frv. og ber því fram brtt. á þskj. 569, sem nú er nýlega útbýtt. Þegar raforkumálastjóri og raforkuráð sendi brtt. sína við þetta frv., sem hefur að mestu leyti verið tekin upp á þskj. 550, þá var einnig innifalið í þeim brtt. sú málsgr., sem við nú berum fram á þskj. 569, eins og hv. frsm. einnig tók fram. Mér þykir því rétt, að við þessa umr. komi fram það sjónarmið, sem vakti fyrir raforkumálastjóra og raforkuráði, og vildi, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp úr grg., sem fylgdi þeirri brtt. En þar segir svo:

„Til þess að kleift verði að veita einhver lán samkvæmt þessari grein, er því ákvæði bætt inn í, að slíkar lánveitingar sem hér um ræðir verði ekki teknar upp, nema sjóðnum verði um leið séð fyrir auknum tekjum, er því nemi. Fé raforkusjóðs er þegar ráðstafað það langt fram í tímann, að ekki verður hægt að veita nein lán samkvæmt þessum tölulið, nema sjóðnum sé jafnframt séð fyrir auknum tekjum. Ákvæði um lánstíma hafa verið felld niður úr frv., enda gert ráð fyrir, að þetta atriði ásamt fleiri nánari ákvæðum verði ákveðið í reglugerðinni. Lánstíminn mun þá verða ákveðinn í samræmi við meðalendingu rafstöðvanna, sem mun vera 6—8 ár. Ákvæðið um lágmarksstærð hefur einnig verið fellt niður úr frv. og gert ráð fyrir, að það verði tekið upp í reglugerð. Væntanlega verður þar einnig miðað við 4 kílóvatta lágmarksstærð."

Þetta er það, sem raforkumálastjóri og raforkuráð hefur látið fylgja sinni till., og verði þessi málsgr. felld niður úr þeirri till., þá gerbreytir það frv., og það gæti orðið til þess, gagnstætt tilætlun flm., að ekkert lán yrði veitt á næstu árum til þessara rafstöðva, eftir því sem upplýst er frá raforkumálastjóra, þar sem þegar er búið að ráðstafa langt fram í tímann öllu því fé, sem ætlazt er til, að einnig verði notað til þessara framkvæmda. Því vil ég biðja hann og aðra hv. þm., sem vilja ljá þessu máli lið, að athuga, hvort ekki sé rétt og sjálfsagt að samþ. einnig þessa till. á þskj. 569. Hún er sannarlega ekki borin fram af neinni andúð gegn frv., nema síður sé, heldur af beinni þörf til þess að tryggja, að framkvæmdin verði örugg og að lagafyrirmælin verði annað en dauður bókstafur. Hv. frsm. sagði, að eins og fjárhag ríkissjóðs væri nú komið, þá gæti það verið sama og að stöðva málið að fullu, ef þessi till. væri samþ. Ég get á engan hátt verið sammála um það, að það velti á því í framtíðinni um afgreiðslu fjárl., hvort þessari upphæð, 100—150 þús. kr., yrði varið til þessara framkvæmda eða ekki. Það verður að sjálfsögðu að vera á mati Alþ. á hverjum tíma, hvort það lætur ákveðna upphæð til þessara útgjalda eða einhverra annarra, en hitt er upplýst í dag, að ef þessi gr. er ekki sett inn í frv., þá verður frestun á framkvæmdum og engin líkindi til þess, að það fáist neitt fé til þessara framkvæmda, nema það verði tryggðar einhverjar tekjur á annan hátt. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða meira um málið og ætla ekki að halda uppi málþófi um það, og mun ekki taka til máls aftur í sambandi við málið, nema sérstakt tilefni gefist til.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 569, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil bara benda á það, að það skiptir ekki höfuðmáli hér, hvort tekin eru upp í l. þessi ákvæði, sem felast í brtt. 569, eða ekki. Ef það er vilji Alþ. á einhverjum tíma að veita sérstakt fé til að lána út, hvort sem er eftir þessum lið eða næsta lið, til rafstöðva á sveitaheimilum, þá er alltaf hægt að taka upp sérstaka fjárveitingu til þess á Alþ. Það er hægt að taka upp viðbótartill. á fjárl. til að lána eftir 35. gr. raforkul., tölul. 3, það er ekkert því til fyrirstöðu, og ég er ekki viss um, að það verði frekar tekið upp, þó að sett verði inn í l. brtt. 569. Við höfum fleiri ákvæði í l. um, að það skuli gera þetta og þetta eftir því, sem fé er veitt til þess á fjárl., en ég hef ekki orðið þess var, að það sé talin nein skuldbinding af Alþ. að veita fé til þeirra hluta, sem þar er talið, frekar en verkast vill. Hér liggur það á ráðh. hendi eftir frv., hvort veitt er sérstök fjárveiting eða ekki. Það er þess vegna alveg eins hægt að framkvæma l. eins og þeir menn, sem standa að brtt. 569, vilja, hvort sem hún verður samþ. eða ekki, það hefur engin áhrif á það.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er nú fyrst að lesa brtt. 569, og ég vil vekja at-

hygli hv. þdm. á því, að ég tel það óviðkunnanlegt, að þetta skilyrði yrði aðeins að vera við 4. lið, en ekki 3. lið, því að það er ekki svo mikill mismunur á smávatnsvirkjun, sem bóndi gerir, eða að setja upp stórar dieselrafstöðvar. En ef á annað borð er komið út í þetta atriði, þá hefði það átt að ná til beggja liðanna, að mér skilst, en ekki að taka annan liðinn út úr, eins og þarna er gert. Ég tel það alveg rétt, sem hv. þm. N-M. sagði, að ef áhugi er fyrir því á þingi, þá er auðvitað sótt á í gegnum fjárl. að koma þessu fram, og getur orðið að því leyti kannske enn meiri ásókn að fá mjög háar upphæðir til þess, því að margir eru munnarnir og margar sveitirnar og kjördæmin, sem þurfa þessar stöðvar, og verður áreiðanlega sótt mjög fast á á næstu fjárl. að fá fé til slíkra lána, ef farin er sú leið, sem hér er bent á í brtt. 569.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er eingöngu vegna þess, að ég tek til máls, að mér er ekki alveg ljóst eftir umr., hvað felst í þeirri brtt., sem hér er verið að tala um. En þar sem ég hef ekki þessi þskj. með höndum og get ekki kynnt mér það, meðan ég er að tala, þá vildi ég spyrja þá þm., sem þetta hafa athugað og eru að leiðbeina okkur með sínum ræðuhöldum: Er ætlazt til þess, ef brtt. 569 verður samþ., að lán verði því aðeins veitt, að sérstakt fé sé til þess veitt á fjárl.? Það er það, sem ég vildi fá fram, vegna þess að hv. 1. þm. N-M. talaði um þetta í öðrum dúr, sem sé, að ef þingið vildi, þá mætti það veita fé til þess á fjárl., og er brtt. þá ekki þýðingarlaus, eins og skilja mátti hjá hv. 1. þm. N-M., þó að túlkun hv. þm. Dal. væri önnur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta er skilyrði fyrir lánveitingu, ef till. verður samþ., og ég vil upplýsa, hvers vegna þetta var sett. Þegar raforkul. voru sett, kom til athugunar, hvort ekki skyldi setja slíkt ákvæði, að heimila upphæð til lána úr ríkissjóði til að koma upp dieselrafstöðvum. Ráðh. og raforkumálastjóri beittu sér gegn því, af því að það væri óöruggt og kostaði gjaldeyri og mundi auk þess draga úr áhuga manna á því að koma upp vatnsorkustöðvum, og var því ekki lánað til dieselstöðva. Þessir sömu aðilar vilja halda sig á sömu braut, nema fé sé veitt til þess í fjárl., m. a. vegna þess, að fé raforkusjóðs er þegar ráðstafað langt fram í tímann, nema þá með því móti að bregðast því, sem lofað hefur verið, og það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er mikill eðlismunur á, hvort þetta verður fellt eða samþ.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Í 33. gr. raforkulaganna eru taldir 4 tekjuliðir fyrir sjóðinn: a. tekjuafgangur rafmagnsveitna ríkisins, sbr. 11. gr.; b. vextir af fé sjóðsins; c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 millj. kr. ár hvert, og d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum. Þetta var í 33. gr., og af þessu er svo raforkusjóðurinn til orðinn. Í 35. gr. er svo ákveðið, hvernig skuli verja fé sjóðsins:

1. til að koma upp mannvirkjum;
2. til að mæta halla, sem verður á mannvirkjum fyrstu árin;
3. til lána til að koma upp vatnsvirkjunum á einstökum stöðum.

Hefur verið sett reglugerð af ráðh., hvernig veitt skuli af heildarupphæð þeirri, sem varið er í þessu skyni árlega, og held ég, að það hafi verið 150 þús. síðastliðið ár. En svo er deiluatriðið: Á að setja alla þá bændur í dreifbýlinu hjá, sem ekki geta notað vatnsorkustöðvarnar né beizlað bæjarlækinn? Eiga þeir ekki að fá rafmagn? Það er ætlazt til, að ræktunarsjóðurinn geti lánað í slíkt. En ég veit, að fé hans er mjög takmarkað, og nú með þeim breytingum, sem verið er að gera, þegar verið er að breyta frá sauðfjárrækt í nautgriparækt og þar af leiðandi mikið um fjósbyggingar, þá eru svo miklar lánbeiðnir, að sjóðurinn annar ekki meiru. Því er reynt að fara inn á aðrar brautir og aðstoða menn, sem verða að nota vélar. En verði brtt. á þskj. 569 samþ., verður aldrei veitt til þessara framkvæmda, nema slíkt verði sett á fjárl., en verði hún felld, er hægt að veita fé eftir 4. lið, þegar framkvæmdir þykja ekki ganga nógu hratt með 2 millj. kr. framlaginu og þingið vill auknar raforkuframkvæmdir. Þess vegna held ég, að það, sem hér um ræðir, sé þetta: Vilja hv. þm. setja alla hjá og útiloka, sem ekki geta framleitt rafmagn handa sér með vatnsaflstöð eða eru á rafveitusvæði?

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég heyri að menn deila um skilning á afstöðu meiri hluta iðnn., og vil ég því gera grein fyrir minni afstöðu. Ágreiningurinn er um það, sem kemur fram á þskj. 569, en ágreiningurinn var meiri, eins og kom fram við 2. umr. Milli umr. lá fyrir greinagóð skýrsla frá raforkusjóði, og það var samkv. þeim till., sem 35. gr. var breytt svo sem er á þskj. 550, að ekki þurfi að vera veitt fé á fjárl til að koma upp dieselstöðvum. Við í meiri hlutanum töldum, að ríkið legði þegar svo mikið til raforkumála, að við vildum ekki veita meira, og því gátum við ekki fallizt á þetta. Hins vegar var það ljóst, að raforkuráð var á móti frv., af þeirri einföldu ástæðu, að það taldi ekki nægilegt fé til að veita til dieselstöðva og vildi ekki skerða það fjármagn, sem fyrir hendi er. Hins vegar leit meiri hlutinn svo á, að nokkru fé mætti verja til þessa, og teljum við það tvímælalaust réttlætismál fyrir þær sveitir, sem ekki geta fengið rafmagn með öðru móti, og að styðja bæri menn í slíkri viðleitni. En ágreiningurinn er sá, að við viljum ekki hlaða meiru á ríkissjóðinn og erum því á móti brtt. á þskj. 569.

ATKVGR.
Brtt. 569 felld með 9:3 atkv.
— 550,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 550,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 573).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 731).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Iðnn. tók það fyrir í gær og leggur til, að það verði samþ., en vill vekja athygli á því, að naumast er mögulegt að láta lögin koma til framkvæmda á þessu ári, þar sem raforkusjóði hefur verið ráðstafað fyrir yfirstandandi ár, en frv. þetta gerir ráð fyrir því, að heimilað verði lán úr raforkusjóði til dieselrafstöðva í sveitum, og er það sú eina breyt., sem gerð er á raforkul. frá því, sem nú er, að þessi heimild nái einnig til þeirra. Það er náttúrlega mjög nauðsynlegt, að þeir, sem geta ekki komizt í hið stóra kerfi, en verða að nota dieselstöðvar, geti einhvers staðar fengið hagkvæm lán, því að stofnkostnaðurinn er mikill, þannig að hann getur aldrei orðið undir 12—15 þús. kr. á býli. En með þeim 2 millj., sem lagðar eru í raforkusjóð árlega, er þar ekki um peninga að ræða, a. m. k. ekki ef haldið verður áfram að virkja og dreifa rafmagninu út um sveitirnar á þann hátt, og verður því að koma ný tekjuöflun til. Í 1. um Ræktunarsjóð Íslands er ætlazt til, að hann veiti lán einnig í þessu skyni, en peningar hans eru svo takmarkaðir, að hann hefur ekki getað lánað peninga til útihúsbygginga í sveitum. Mætti vera, að það tækist að efla ræktunarsjóð og raforkusjóð einnig í sambandi við þessa breyt., sem nú verður gerð á raforkul., og gera þannig þeim bændum úrlausn, sem nota dieselrafstöðvar í framtíðinni. En það er alveg víst, að verði ekki fjárveiting aukin til sjóðsins frá því, sem nú er, verður aldrei hægt að fullnægja þeirri eftirspurn, sem verður eftir lánum til dieselrafstöðva, eins og nú horfir, því að síðan þetta frv. kom fram, hafa borizt bunkar af umsóknum um lán frá raforkusjóði, í þeirri von, að þetta frv. verði að l. og eitthvað verði til að lána úr raforkusjóði, en n. vill vekja athygli á því, að á þessu ári eru engir peningar til að lána í þessu skyni, þó að frv. verði að lögum. En vegna þess, að málið er í heild sinni gott, vill n. samþ. frv. í trausti þess, að í framtíðinni megi tryggja fé í þessu skyni.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í þessu frv. felast í raun og veru ekki aðrar breyt. en þær, sem 4. tölul. fjallar um. 1., 2. og 3. töluliðir eru aðeins orðabreyt. á ákvæðum, sem nú þegar eru fyrir í l. Og þær heimildir, sem þar eru teknar upp, voru í l. og eru komnar til framkvæmda. Eina efnisbreyt. er í sambandi við 4. tölul., þ. e. að bæta við heimild til þess að lána úr raforkusjóði til dieselrafstöðva með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem þar eru settar. Það er nú nokkurn veginn gefið mál, að ef verulegur skriður kemst á það að raflýsa til sveita með dieselrafstöðvum, verður mjög mikil eftirspurn til þeirra hluta. Og eins og frsm. gat um, er nú þegar ekki á annað að vísa í þessu efni en heimild í 1. um ræktunarsjóð, sem hefur heimild til þess að lána til slíkra stöðva í sveitum. En það er vitað, að það fé, sem hann hefur með höndum, er mjög takmarkað og því hætt við, að seint verði fullnægt þeirri eftirspurn fyrir slík lán, sem búast má við, að verði á næstunni, nema sérstaklega sé aukið það lánsfé, sem sjóðurinn hefur til þeirra hluta. Það er því ekki nema eðlilegt, að menn, sem hafa áhuga fyrir þessum málum, reyndu að opna þarna aðrar dyr fyrir lánsmöguleikum, og verður þá raforkusjóður fyrir hendi. En það er rétt hjá frsm., að svipað verður nú ástatt fyrir honum og ræktunarsjóði, þó að þessi heimild sé gefin þarna. Þar mun vera lítið fé fyrir hendi fram yfir það, sem nú þegar er búið að ákveða til annarra þarfa samkv. 1., 2. og 3. tölul. þessarar gr. Ég geri því ráð fyrir, að það muni reynast svo, eins og hv. frsm. benti á, að að sinni verði þetta lítil lausn til þess að bæta úr þessu máli, þó að þessi lagaheimild sé gefin, og verður þá að finna aðra fjáröflunarmöguleika, ef þessi heimild á að koma að raunhæfum notum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

71. Áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Á 71. fundi í Sþ., 10. mai, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu [208. mál] (þmfrv., A. 684).

Á 105. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil skýra frá því, að meiri hl. fjhn. hefur tekið að sér málið til flutnings, en það var ætlazt til þess, að hæstv. fjmrh. hefði þar framsögu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og sjá má af grg. með frv., er með því farið í að lækka nokkuð upphæðir til niðurgreiðslu á kjöti. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur farið mikið fé til slíkrar niðurgreiðslu undanfarið. Ég hef nýlega í Sþ. lýst því yfir, að ríkisstj. mundi leitast við að bera fram frv. til þess að jafna greiðsluhalla á fjárl., en þetta er ein leiðin til þess. Þó er þannig farið í þetta, að það á ekki að snerta þá tekjulægstu, og eins og sýnir í 4. lið 1. gr., þá eru þeir, sem hafa vissar tekjur, miðað við persónufrádrátt, undanþegnir.
Ríkisstj. hefur beðið fjhn. að flytja þetta mál, og liggur það hér fyrir á þskj. 684. Ég vil ætla, að hér sé ekki svo stórt að gert, að hv. þm. muni ekki sjá sér fært að greiða frv. atkv., og vil mælast til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið við þeim tilmælum að flytja þetta frv., en vildi mega beina því til hæstv. fjmrh. í sambandi við 4. lið 1. gr., af því að við í fjhn. gátum ekki athugað þetta sem skyldi, þar sem það kom fyrir n. fyrst í morgun, hvað þetta mundi þýða fyrir skattþegnana hvað auknar álögur snertir og hvenær þetta komi til greina. Eftir orðalaginu þarna gæti orðið ágreiningur um þetta. Í öðru lagi er nauðsynlegt að fá upplýst, hvað mikið hæstv. ríkisstj. hyggst spara með þessu móti. — Það er vitað mál, að framfærsluvísitalan hefur verið svo mikið fölsuð undanfarið, að það er hart að ætla að fara að afnema þá leiðréttingu, sem framkvæmd var í henni með því að taka upp kjötuppbæturnar, því að gefið mál er, að það þýðir sama og auknir skattar, og hefði e. t. v. verið eðlilegra hjá hæstv. ríkisstj. að koma með þessar álögur í því formi, því að þá væri þó hægara að vita, hvað þetta þýðir fyrir hina ýmsu þegna. Mér finnst nú fljótt á litið sem með þessu frv. sé seilzt það langt niður í tekjustigann, að fyrir meginið af launþegum sé þetta nokkuð tilfinnanlegt og virðist koma við allan þorra þeirra launþega, sem hafa haft sæmileg kjör fram að þessu, svo sem iðnaðarmenn, faglærða verkamenn og sjómenn. Það fer ekki hjá því, að þessi lagabreyt. hefur í för með sér tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir mikinn hluta launþeganna. Þetta er einn liðurinn í þeirri fjármálapólitík hæstv. ríkisstj. að láta álögurnar lenda á launþegum og verkalýð fyrst og fremst. En með þessu er hún í raun og veru að færa sig enn lengra upp á skaftið en gert var með vísitölubindingunni. Ég tel auk þess frv. svo úr garði gert, að óvíst sé samkv. 4. lið 1. gr., hvar takmörkin eru sett. Þetta hefur ekki verið athugað svo vel í fjhn., að ég sé viss um, að það, sem ákvæði eru um í 4. lið 1. gr., sé ekki í rauninni óframkvæmanlegt. Það er orðið svo með mörg lagafrv. hér á Alþ., að það er svo illa frá þeim gengið, að þegar á næstu þingum þarf að fara að laga þau og breyta þeim. En aðalatriðið er þetta, að með þessari gr. er verið að þyngja skatta á launþegum, sem undanfarið hafa verið það þungir, að menn hafa yfirleitt verið sammála um, að ekki mætti þyngja þá enn meir. Ofan á það bætist nú það, að í ár munu útsvör yfirleitt verða ⅓ hærri á landsmönnum en áður, og geta manna fer síminnkandi til að standa undir þessum greiðslum. Það fer því fjarri, að rétt sé að auka nú skattana á launþegunum, og vil ég því mótmæla þessu fyrir hönd þeirra launþega, sem það nær til, enda þótt þeir kunni að vera skár settir en ýmsir aðrir. Ég veit, að það verður sagt, að með þessu sé verið að afnema skattfríðindi handa hátekjumönnum, en drýgstu tekjurnar munu nú renna í ríkissjóð frá launþegunum vegna þessara ákvæða. En til þess að fá að vita þetta nákvæmlega, þætti mér vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa, við hvaða tekjumark, miðað við 5 manna fjölskyldu, menn hætta að fá uppbæturnar greiddar og eins hitt, hve miklar tekjur ríkisstj. hyggst að fá með þessum ráðstöfunum.
(*Fjmrh.:* Ég vildi fá leyfi til að svara þessum spurningum hv. 2. þm. Reykv. við 2. umr. málsins.)

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 106. fundi í Nd., 11. mai, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var borin fram ósk af mér við hæstv. fjmrh., að hann gæfi um það upplýsingar, hve mikilli fjárupphæð þessi tekjuöflunarleið mundi nema fyrir ríkisstj., ef frv. yrði samþ. Þessar upplýsingar lágu aldrei fyrir n., svo að það væri ágætt að fá þær núna. Hæstv. ráðh. lofaði að koma með upplýsingar um þetta núna við þessa umr. málsins, en þar sem hann er nú ekki hérna viðstaddur, vildi ég biðja hæstv. forseta að láta þau boð til hans ganga, að málið sé tekið á dagskrá.
Ég hef sjálfur í millitíðinni athugað, hvernig þetta afnám kjötuppbótarinnar mundi koma niður á fjöldanum öllum af þegnum þjóðfélagsins, og get skýrt hv. þm. frá þeim niðurstöðum, sem ég komst að. Það er auðséð, að með

þessu móti kemur þetta harðast niður á fólki, sem hefur haft einna lægst laun, t. d. fólki, sem vinnur á skrifstofum eða við afgreiðslustörf, því að það missir alla kjötuppbótina. T. d. eiga stúlkur, sem vinna í búðum og hafa frá 250 kr. á mánuði í grunnlaun, mjög erfitt með að draga fram lífið af þessum tekjum. Ég býst við, að þessar stúlkur þurfi að greiða í tekjuskatt af þessum launum sínum svona 400—500 kr. Kjötuppbótin, sem er 214 kr., hefur venjulega numið um það bil hálfum tekjuskattinum. Þetta afnám mundi því, ef það yrði samþykkt, þýða sama og það, að á lægst launuðu þegnum þjóðfélagsins er tekjuskatturinn tvöfaldaður. Nú er það vitað, að mikill fjöldi af þessu fólki, t. d. stúlkur, sem vinna alveg fyrir sér sjálfar og geta ekki fengið ódýrara húsnæði eða fæði heima hjá sér, verður að greiða af þessum 800 kr. mánaðarlaunum 300—400 kr. á mánuði í húsaleigu, en með þessu afnámi er verið að tvöfalda við þetta fólk tekjuskattinn. — Annað dæmi eru símastúlkur. Þær hafa frá 4200—5400 kr. árstekjur. Nú liggja fyrir ríkisstj. kröfur frá öllum starfsmönnum ríkisins um 36% uppbætur á laun sín, svo að þeir fengju það sama út úr launum sínum og þeir höfðu og ætlazt var til, að þeir hefðu með setningu launalaganna. Starfsmenn ríkis og bæja leggja áherzlu á það að fá a. m. k. 25% kjarabætur. Þetta er svarið, sem ríkisstj. gefur við þessum kröfum, að tvöfalda tekjuskattinn við lægst launuðu þegna þjóðfélagsins. Þegar farið er fram á 25% kjarabætur, er svarað með tvöföldum tekjuskatti. Ég skal geta þess, að á fjölskyldum kemur þetta tiltölulega létt niður, miðað við hina, sem ég gat um áðan, og er þó nokkuð af verkamannafjölskyldum, sem sleppur alveg, en það gildir aðeins um ófaglærða verkamenn, sem hafa stopula vinnu og stopular tekjur, en þetta gildir ekki um faglærða verkamenn og eins um þá, sem lenda í nokkurn veginn fastri vinnu með einhverjar tekjur fyrir eftirvinnu, því að þeir missa uppbótina alveg.

Það er þá þetta, sem ríkisstj. er að túlka sem skatt á þá ríku og skatt á hátekjumenn. En sannleikurinn er sá, að þetta kemur lítið niður á þeim, en kemur þyngst og harðast niður á þeim mönnum, sem lág laun hafa að búa við. Þess vegna tel ég það alveg fráleitt að fara inn á þessa tekjuöflunarleið, og ég er alveg hissa á því, að ríkisstj. skuli svara þannig launakröfum starfsmannafélags ríkis og bæja, með því að tvöfalda tekjuskattinn, sérstaklega þegar það er nú enn fremur athugað, að því hefur verið yfirlýst þegar, að það stendur til einmitt hér í Rvík núna í ár að hækka útsvörin um einn þriðja, án þess að útsvarsstiginn hafi hækkað. Þetta stafar af því, að útsvarsstiginn hefði gefið minna í ár en í fyrra, vegna minnkandi tekna bæjarbúa, en það er einmitt að kenna ríkisstj., þessari fyrstu stjórn Alþfl., og fjárhagsráði, sem bannar allar verklegar framkvæmdir og hefur dregið úr öllum atvinnurekstri og framkvæmdum hjá einstaklingum, svo að ekki er tækifæri til þess fyrir menn að vinna eins og þeir vilja. Það er vegna þessa, að það stendur til að hækka útsvörin um ⅓, en þó eru allir sammála um, að það megi alls ekki gera. Á sama tíma leggur ríkisstj. til að tvöfalda tekjuskattinn hjá lægst launuðu þegnum þjóðfélagsins. Ég álít, að þetta sé fjarri öllu lagi, og ef það á að fara að knýja þetta fram núna, ef það er meiningin, þá verður a. m. k. að gera einhverjar endurbætur á frv., þannig að undantekningar yrðu meiri en þar er gert ráð fyrir. Ég sé nú, hvernig málinu muni reiða af við þessa umr., en það verður þá að taka það til athugunar fyrir 3. umr. málsins. Hins vegar vil ég nú ítreka ósk mína við hæstv. fjmrh. um það, því að ég sé nú, að hann er kominn inn í d., að hann upplýsi það nú, hverju ríkisstj. reikni með, að þetta frv., ef það verður að l., gefi í tekjur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (EOl) er það að segja, að það er erfitt að reikna út með nokkurri nákvæmni, hvað mikið þetta muni spara ríkissjóði í útgjöldum. Það er rétt, sem þm. segir, að frv. birtist í þeirri mynd, að þeir, sem hér mundu falla undir, koma til með að fá minni frádrátt. Þeir, sem unnu að þessu frv. fyrir ríkisstj., hafa gert ráð fyrir því, að um það bil helmingurinn af niðurgreiðslunum muni falla niður, ef frv. verður samþ. svona eins og það nú er, en niðurgreiðslur á kjöti hafa numið 20—21 millj. kr., og getur því hv. þm. ályktað af því, hve mikinn sparnað fjmrn. áætlar með þessu.

Kjötniðurgreiðslurnar hafa af mörgum verið litnar skrýtnum augum, og hafa margir innheimtumenn ríkisins, eins og margoft hefur komið fram í bréfum sýslumanna og annarra til rn., álitið, að með því að fara þessa leið hlyti að enda í hreinustu vitleysu. Þeir, sem við niðurgreiðslunum tækju, brostu bara að þeim. Í raun réttri hefði ríkisstj. átt að velta af sér þessum kjötuppbótum og niðurgreiðslum fyrr, því að það er ekki hægt að hafa til peninga til þess að standa svona undir öðrum lögboðnum gjöldum, meðan hver og einn gerir sér það að skyldu að reyta af henni, eftir því sem hann getur.

Hv. þm. spurði að því hér við 1. umr. þessa máls, hvar takmörkin mundu vera í þessu efni, hvar kjötniðurgreiðslur kæmu til greina og hvar ekki. Ég hef látið rannsaka það, og þegar tekjur komast í eftirtaldar upphæðir, fellur niðurgreiðsla niður í þessu efni. Hjá hjónum með 7 börn 52769 kr., hjónum með 6 börn 47257 kr., hjónum með 5 börn 41745 kr., hjónum með 4 börn 36223 kr., hjónum með 3 börn 30721 kr., hjónum með 2 börn 25209 kr., hjónum með 1 barn 19687 kr., hjónum 14175 kr. og einhleypum manni rúmar 7 þús. kr.

Það er gefinn hlutur, að þetta og þvílíkt hlýtur að vekja óánægju hjá einhverjum, að fella niður það, sem hér er lagt til í frv., að fellt verði niður. Og hv. 2. þm. Reykv. er svo heppinn að hafa alltaf einhvern hóp óánægðra manna til að forsvara. Hann er ekki maður, sem vill taka gjöld af fólkinu. Hann vill ekki láta benzínið hækka í verði, af því að þá þurfa

bílstjórar að borga hærra í sinn rekstrarkostnað. Hann vill ekki minnka kjötniðurgreiðsluna. En vill hann minnka verklegar framkvæmdir? Eða hætta að borga embættismönnum laun? Vill hann minnka fræðslukerfið í landinu? Vill hann klípa af þeim 35 millj. kr., sem fara til fræðslustarfsemi? Nei, hann vill hækka þetta allt, ef hann ætti kost á því. Það er léttur vandi að leysa poka úr bandi. Það er hægt að benda á tekjuöflunarfrv. og taka þá kantana á þeim, sem þykja óviðfelldnir, og stimpla svo frv. í heild sem ranglátt mál af þeim ástæðum. En þegar svo er gert, þá verður það að fara fram á þeim grundvelli, að viðkomandi maður, sem þetta gerir, sé reiðubúinn til þess að minnka þann kostnað, sem ríkið á að standa undir, með skynsamlegu móti. Það er náttúrlega ekki of djúpt tekið í árinni, þó að kjötniðurgreiðslurnar séu minnkaðar um helming. Hvort sem hv. 2. þm. Reykv. hefur hugmynd um það eða ekki, þá verður ekki fært í framtíðinni að halda uppi þeim miklu niðurgreiðslum, sem hingað til hafa átt sér stað.

Hv. þm. talaði um útsvörin, að þau ættu að hækka. Það liggur ekki fyrir þessari samkomu að ákveða það. Það getur verið laukrétt, — það veit hann, — að það hafi verið ákveðið í bæjarstjórn Rvíkur að gera það. Ég geri ráð fyrir, að það standi í sambandi við það, sem þessi hv. þm. leggur hvað mesta áherzlu á, a. m. k. í orði, að þurfi að framkvæma, byggingar og þvílíkt. En ég get sagt þessum hv. þm. það, að tekjuskattstekjur ríkisins munu áreiðanlega minnka á þessu ári frá því, sem hefur verið, og það mikið. Af hverju? Það er sérstaklega sá tekjustofn, sem ég sé hilla undir, að muni verða veikari nú en oft áður, það eru tekjur ríkisins af verzluninni. Höftin eru meiri, og eftir því sem meira vörumagn dreifist yfir á aðila, sem borga ekki tekjuskatt til ríkisins, þá fást vitanlega minni tekjuskattstekjur til ríkisins af verzluninni.

Um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal það sagt, að þeir hafa náttúrlega, sem í því eru, rétt á, eins og hverjir aðrir, að setja fram kröfur sínar og koma óskum sínum á framfæri. En þær eru nú fram settar mest í skjóli þess, að hv. 2. þm. Reykv. og þeir, sem honum fylgja fastast að málum, hafa kynt að því í þjóðfélaginu á undanförnum árum, að alls staðar hafa laun hækkað og kaup hækkað. Og það er sterkasta röksemdin hjá BSRB nú, að þeir benda á ýmsa hópa manna, sem ekki starfa fyrir ríkið að jafnaði og ekki starfa fyrir bæi að jafnaði, a. m. k. ekki sem fastir starfsmenn, en hafa fengið launauppbætur. Og ég vænti, að hv. 2. þm. Reykv. skoði það ekki sem last um sig, þó að sagt sé, að hann hafi unnið að því dyggilega að kynda undir þeirri hækkun launa á undanförnum árum, sem nú er notuð sem sterkasta röksemd af BSRB. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég hef svo oft sagt við meðferð fjárlagafrv. og þeirra mála, sem standa í sambandi við afgreiðslu fjárl., að það er hreinasta lágmark, sem farið er fram á í sambandi við þau mál til að jafna tekjuhallann á fjárl. Í raun og veru hefði þurft meiri og viðtækari skattstofna. Því að við megum alltaf vera við því búnir, að útgjöldin fari fram úr áætlun. Það hefur orðið sú raunin á, og hún getur sannarlega orðið það eins síðar. Hitt má svo alltaf deila um, hvort rétt er borið niður, hvort það er heldur hér eða þar, sem réttast er að taka þessa tekjustofna. En ef hlutlaus dómur félli um það með tilliti til þess, hvaða kröfur hafa verið gerðar til Alþ. nú í sambandi við tekjur fjárl., eins og þau voru afgr. frá 2. umr. og eins og líkur eru fyrir, að þau verði afgr. við 3. umr., þá mundi sá dómur ekki verða þannig, að talið væri, að freklega væri gengið eftir tekjustofnum.

Sigurður Guðnason: Það er sjálfsagt um þetta mál eins og mörg önnur, að um það þýðir ekkert að ræða. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa því yfir, að ég er þessu frv. algerlega andstæður og álít það að ýmsu leyti koma mjög óréttlátlega niður. Má þar taka sem dæmi, að einungis þeir einhleypingar, sem hafa innan við 7 þús. kr. árstekjur, fá kjötuppbætur. Það er með öðrum orðum hér um bil farið niður í menn, sem lifa á ellilaunum. Ég gæti trúað því, að t. d. maður, sem ætti 4 börn og hefði þar af leiðandi rétt til uppbóta fyrir eitt barnið, mundi brosa að því að fá rúmar 1200 kr. í uppbætur, þegar stúlkan í bakaríinu, sem mælir honum mjólk og hefur kannske ekki nema svona 7800 kr. laun, missir af sínum 200 kr. Ég er alveg viss um, að t. d. maður, sem á 4 börn og hefur 30 þús. kr. í árstekjur, lifir betur en einhleypar stúlkur. Það má kannske segja, að það muni ekki mikið um 214 kr., en það munar um það, þegar borga á skatta í ofanálag. Þetta fólk borgar enga skatta nema í tryggingarnar og á nú ekki hægt með að draga þessa upphæð saman. Og það er stór hópur af þessu fólki, sem hefur haldið tryggingunum við einmitt með þessum styrk. Mikill hluti þessa fólks, sem kjötuppbæturnar eru teknar af, verður því verst úti. Þeir, sem eftir standa, eru menn, sem hafa dálítið stór heimili og háar tekjur. Ég mundi þess vegna telja eðlilegast, að kjötuppbæturnar væru teknar af öllum, úr því að verið er að þessu á annað borð.

Ég skil nú ekkert í þessu. Það er sagt, að þetta sé gert vegna þess, að vísitalan megi ekki hækka. Nú er það vitað, að allir þessir skattar koma ekki af hækkuðu kaupi, heldur koma þeir þrátt fyrir það, að kaup hefur ekki hækkað. Þetta getur þess vegna eingöngu orðið til þess að auka dýrtíðina, rýra kjör almennings og gera afkomu bæði þjóðarinnar og einstaklinganna verri.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég var ekki við, þegar hæstv. fjmrh. flutti fyrri ræðu sína í þessu máli. En ég hlustaði á ræðu hans áðan og verð að segja, að mér fannst rökstuðningur hans fyrir þessari ráðstöfun harla lítilvægur. Upphafið var um það, að frá embættismönnum úti á landi hefðu borizt bréf, þar sem skýrt hefði verið frá því, að almenningur í landinu hefði tekið þessu svo og svo einkennilega og menn hefðu jafnvel brosað. Ég vil að engu leyti efast um sannleiksgildi þessara bréfa,

en bros má skilja á tvo vegu, og ég veit, að menn brosa ekki að því, þegar svo á að skerða kjör þeirra eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hefur verið mikið talað um það í þinginu og annars staðar, hve mikil nauðsyn sé á því að halda atvinnuvegunum gangandi, að vinnufriður sé í landinu o. s. frv. Mér virðist þetta frv. verka öfugt við þau orð, sem ríkisstj. hefur viðhaft í þessu sambandi, þar sem með því eru gerðar ráðstafanir, sem rýra kjör almennings að verulegu leyti. Afleiðingunum þarf ekki að lýsa. Ég vildi aðeins með örfáum orðum leyfa mér að mótmæla þessu frv., sem hlýtur að hafa í för með sér vaxandi dýrtíð og versnandi kjör almennings. Það kann að vera rétt hjá hæstv. fjmrh., að mikið fé vanti í ríkissjóð í sambandi við fjárl. En mér virðist, því miður, að þessar ráðstafanir snerti fyrst og fremst hina fátæku og smáu, og kemur það úr hörðustu átt, því að þótt þessi ríkisstj. beri ekki neinn sérstakan vinarhug til alþýðunnar, mætti búast við, svo framarlega sem hún vill vinna að þjóðarhag, að hún kysi, að í þessu landi væri vinnufriður og starfsfriður. Þetta frv., ef samþ. verður, hlýtur hins vegar að hafa í för með sér, að vinnufriður í landinu fer út um þúfur. Það harma það allir góðir menn, en allir sanngjarnir menn hljóta að sjá það, að launþegar geta ekki tekið svo á móti hverju höggi af öðru án þess að rétta hlut sinn, og eina leiðin til þess er að knýja fram grunnkaupshækkanir, hversu skammgott sem það kann að reynast.

Ég vil sem sagt láta í ljós andstöðu mína gegn þessu frv. og vænti, að það nái ekki fram að ganga.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þeir hv. 11. landsk. (HermG) og hv. 8. þm. Reykv. (SG) hafa bætt mótmælum sínum við það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði um þetta mál. Hv. 8. þm. Reykv. gekk svo langt, að hann sagðist heldur vilja, að allar kjötniðurgreiðslur yrðu felldar niður en að þetta væri flokkað eins og hér er gert. Nú er það svo, að verið var að leitast við að ganga ekki á rétt þeirra smæstu, og þess vegna numið staðar við það, að þegar hjón með barn hafa ekki sem svarar 19687 kr. árslaunum, skuli þau fá kjötuppbætur. Ég býst við því, að hv. þm. hafi sagt þetta fremur af ofurkappi en að hann hafi athugað það vel, því að bæði er það svo og mun kannske verða svo, að margir, bæði giftir og ógiftir, beri minna úr býtum en hér var lýst með þeirri takmarkalínu, sem ég skýrði frá áðan. Og vissulega mundi hv. 8. þm. Reykv. ekki vilja taka af þeim fríðindin bara fyrir þá sök, að aðrir, sem bæru meira frá borði, fengju ekki þessi fríðindi. Ég þykist vita, að hv. þm. finni það sjálfur, að hann hefur þarna ofmælt. Það er vitanlegt, að fyrir neðan þennan launaskala geta mjög margir orðið, og þeir eiga að njóta þeirra sömu uppbóta framvegis og verið hefur. Ég sagði áðan, að frá skattteknisku sjónarmiði hefði verið réttara að afnema með öllu þessar kjötuppbætur og niðurgreiðslurnar til bænda, en það er mest af því, að ég finn til þess kannske meira en flestir, hvað ríkissjóður á erfitt með að standa við þessar skuldbindingar sínar. En á hinn bóginn vil ég undirstrika það, þó að þessir þm., sem talað hafa, hafi ekki viljað viðurkenna það, að þarna er viðleitni til þess að láta þá lægst launuðu njóta uppbótanna. Nú hafa þm. bent á þessar einhleypu stúlkur. Það eru nú yfirleitt stúlkur, sem eru við verzlanir og annað og jafnvel við síma og eru mjög sæmilega launaðar, eftir atvikum. Það getur raunar verið, að stúlkur, sem þurfa að leigja sér eins dýrt herbergi og hv. 2. þm. Reykv. talaði um, séu ekki ofsælar af kaupi sínu. En það er of mikið af stúlkum, sem vilja létta vinnu utan heimilis og leigja sér óþarflega dýrt, svo að heimilin fara þeirra á mis og fá ekki notið aðstoðar þeirra. Hér er ekki reynt að hafa áhrif á þetta, en þegar um það er að ræða, hverjir eigi að njóta þessara sérstöku fríðinda, finnst mér einkennilegt, ef mönnum á að verða starsýnt á þetta einhleypa fólk, að það verði sérstaklega illa úti fyrir svona tekjurýrnun. Nei, það eru barnaheimilin, sem náttúrlega er erfiðast með, og hér er vendilega um það búið, að ekki sé gengið allt of nærri þeim í þessum efnum.

Að lokum vildi ég segja það, að þegar þessir ágætu forsvarsmenn alþýðunnar eru nú að berja sér á brjóst út af hækkun á benzínskattinum og niðurfellingu á kjötniðurgreiðslum, ef til þess kæmi, ættu þeir að hafa það í huga, að tal þeirra er a. m. k. ekki vel á rökum reist, þegar þeir kvarta fyrir hönd alþýðunnar í landinu undan því, hve afkoma manna sé erfið hér á landi, ef þeir vildu líta til þess, sem sannar skýrslur bera með sér um það, hvað fólkið á við að búa annars staðar. Sannleikurinn er sá, að þetta litla ísl. þjóðfélag býr miklu betur að sínu launafólki, fastlaunaða fólki og daglaunamönnum, þegar á allt er litið, en stórþjóðirnar í kringum okkur. En þessu gleyma menn eða koma oft ekki auga á, og því miður er það oft prédikað, innan þings og utan, að hér sé hag alþýðunnar þrengt mest. Einn flokksbróðir hv. 8. þm. Reykv. sagði einu sinni í Vestmannaeyjum, að það langerfiðasta í starfi sínu þar fyrir kommúnismann væri að fá fólkið til að skilja, hvað það ætti bágt. Það minnir mig dálítið á þessi orð, þegar ég heyri hinar ágætu ræður forsprakka Sósfl., eftir þessa eftir atvikum litlu kjaraskerðingu, sem hér er um að ræða, en gerð er með það fyrir augum að stilla kostnaði og útgjöldum ríkisins meira til samræmis en ella mundi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gefið nokkuð af þeim upplýsingum, sem ég bað um, og bætti við nokkrum hugleiðingum frá eigin brjósti um þetta mál, og mun ég ræða nokkuð það, sem hann flutti fram sem rök fyrir þessu frv.

Hæstv. ráðh. minntist á, að tekjustofnar ríkisins og þar með tekjuskatturinn mundi nú vera áþreifanlega að bila, og hæstv. ráðh. var að auglýsa eftir, hvernig við sósialistar mundum vilja auka tekjustofnana og tryggja, að hægt væri að fá meira fé til ríkisins. Nú vil

ég segja ráðh., að hann virðist ekki gera sér þess fulla grein, hvaða samband er á milli þeirra möguleika, sem hann hefur sem fjmrh. til þess að ná peningum í ríkissjóð, og þeirrar atvinnupólitíkur, sem ríkisstj. rekur. Grundvöllurinn fyrir því, að hægt sé að fá tekjur svo að um muni, er sá, að atvinnulíf þjóðarinnar sé rekið með fullum krafti. Sé atvinnulífið rekið þannig, að atvinnuhættir eru hagnýttir til hins ýtrasta og mönnum leyft að starfa eins og þeir vilja og geta, verða tekjur þjóðfélagsins mjög miklar og þá innheimtast útsvör og tekjuskattur mjög auðveldlega. En hver hefur verið pólitík ríkisstj. viðvíkjandi því að tryggja þetta. Sú pólitík hefur verið í því fólgin að rýra þessa möguleika. Ríkisstj. hefur sjálf beinlínis unnið að því að minnka tekjur manna í landinu. Fjmrh. er sem ráðh. í þessari ríkisstj. sekur um það að hafa tekið þátt í að banna mönnum framkvæmdir hér á Íslandi í stórum stíl. Þess vegna held ég, að fjmrh. ætti að stinga hendinni í eigin barm, ef honum finnst tekjuskatturinn gefa minna en hann vildi. Ég vildi því benda hæstv. fjmrh. á, að það er enginn vandi fyrir hann að tryggja ríkissjóði meiri tekjur en nú er gert. Ríkisstj. hefur vitandi vits minnkað tekjustofnana í þjóðfélaginu og gert beinar ráðstafanir til þess, að menn hefðu miklu minni tekjur en áður. Hún hefur bannað mönnum að vinna, bannað mönnum að framkvæma og flytja út og dregið úr atvinnuframkvæmdum og viðskiptum í landinu, með þeim afleiðingum, að tekjur manna hafa minnkað. Það er þess vegna út í hött, þegar ráðh. er að auglýsa eftir ráðum frá Sósfl. til þess að auka tekjur þjóðfélagsins. Þessi ríkisstj. hefur vald til þess sjálf. Margir menn í þessu landi vilja byggja hús. Það þýðir svo og svo mikla vinnu og tekjur til þeirra manna, sem við þetta vinna. En hvað hefur ríkisstj. gert? Hún hefur dregið stórkostlega úr húsbyggingum, beinlínis bannað mönnum að byggja. Byggingarefnið hefur bókstaflega verið eyðilagt, og úr vinnu landsmanna hefur verið dregið svo mikið, að fjöldi manns, sem hefði viljað vinna við byggingar, hefur ekki fengð að gera það. Byggingarsmiðir unnu oft mikla eftirvinnu. Ég er ekki að halda með eftirvinnu, en þeir smiðir, sem vildu leggja það á sig, gátu fengið að gera það, en er bannað það núna, þó að þeir vilji það af eigin hvöt og þjóðinni sé full þörf á því, því að við eigum að byggja upp land, sem er mikið til óbyggt. Það er búið að takmarka byggingarstörf svo mikið, að fjöldi þeirra manna, sem hafði áður starf við byggingar, er atvinnulaus. Þetta þýðir, að tekjur manna minnka, því að það, sem sérstaklega hleypti fram tekjum þeirra manna, sem störfuðu við byggingar, var eftirvinnan. Ég er ekki að mæla með eftirvinnu, en ef menn vilja leggja þetta á sig og þjóðin þarf á þessu að halda, er ekki nema eðlilegt að leyfa mönnum að gera það. En ríkisstj. hefur dregið úr allri þessari vinnu, og þess vegna verð ég að segja það, að það er ekki til neins fyrir fjmrh. að koma hér fram fyrir þessa d. og kvarta undan því, að þessir tekjustofnar bregðist, því að hann er jafnsekur um það og aðrir ráðh. Ef fjmrh. væri hér nærri, mundi ég gjarna vilja leggja fyrir hann spurningu í þessu sambandi, og væri gott, ef forseti vildi láta senda eftir honum. Ríkisstj. hefur beinlínis unnið að því á skipulagðan hátt að minnka tekjustofna þjóðfélagsins og draga úr tekjum manna með því að minnka þá atvinnu, sem menn hafa haft. Máske einhver af flokksmönnum hæstv. ráðh. vildi nú koma þeirri spurningu til hans, hvort hann hefur verið sammála þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af hálfu fjárhagsráðs í umboði ríkisstj. og beinlínis hafa leitt til þess að minnka þá tekjustofna, sem hann á að byggja tekjur ríkissjóðs á. Er ekki nema eðlilegt, að fjmrh. svari slíkri spurningu fyrir hv. þd. Það er til lítils sóma fyrir hann og ríkisstj. að eyðileggja fyrst þennan tekjustofn og kvarta síðan fyrir d. yfir því, að hann bregðist. Það er hreinn skrípaleikur. Má vel svo vera, að ráðh. sé þetta sjálfum ljóst og vilji því ógjarna standa fyrir máli sínu frammi fyrir hv. deild. Mætti fresta þessum umr. þangað til ráðh. getur verið við.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hætti ræðu minni í dag sökum þess, að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur. Ég var að svara ræðu hans og var að bera fyrirspurnir til hans, og ég verð að segja, að þegar hér er um að ræða mál, sem þýðir 10 milljón króna álag á þjóðina, þá kann ég betur við, að hæstv. ráðh. sé viðstaddur, þegar hann ætlast til, að við þm. samþ. að leggja þetta álag á þjóðina. Ég vil því a. m. k. spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi á móti því að fresta málinu enn, þar til hæstv. fjmrh. væri viðstaddur.

Forseti (BG): Það er ekki þægilegt viðfangsefni að fresta umr., þar sem hv. þdm. hafa verið ómakaðir hingað á fund. Hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir að koma hingað upp úr kl. 9 eða kringum það. Hann hafði fengið skilaboð um það í dag, að umr. hefði verið frestað af þeim sökum, að óskað væri eftir nærveru hans, en einhverjar hindranir hafa komið í veginn, svo að hann hefur ekki komið hingað enn. En mér skilst, að það mætti einnig koma að fyrirspurnum við 3. umr. málsins, því að hér er um 2. umr. að ræða. Ég vona, að hv. 2. þm. Reykv. skilji, að það er ekki þægilegt að fresta hvað eftir annað umr. um mikilvæg mál vegna þess, að einhver ákveðinn þm. eða ráðh. mæti ekki (*EOl:* Það er hæstv. ráðh. að sýna áhuga fyrir að fá mál sitt fram með því að mæta. Er hæstv. forseta verr við að fresta umr. enn?). Forseti kýs heldur, að málið tefjist ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það er mjög óviðkunnanlegt, að hæstv. ráðh. mæti ekki við umr. eins og þessar. Hér voru í gær rædd mál, sem snertu aðra

hæstv. ráðh. Í gær ræddum við fram á nótt mál, sem snerti hæstv. viðskmrh. Hann sat hér allan tímann og taldi það ekki eftir sér. Við höfum rætt hér í kvöld um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og a. m. k. til að byrja með var hæstv. menntmrh. staddur hér við þær umr., en seinni partinn mun hann ekki hafa verið viðstaddur. Hæstv. fjmrh. vissi, að þessu máli var frestað í dag vegna þess, að hann gat þá ekki verið viðstaddur. Nú hafði ég borið fram fyrirspurnir til hæstv. ráðh., hvort hann hefði verið samþykkur þeirri aðgerð, sem fjárhagsráð stóð fyrir í umboði ríkisstj., sem allar hafa miðað að því að draga úr tekjum manna hér á landi og hefta atvinnu, framkvæmdir og viðskipti. Og með þessum beinu ráðstöfunum til þess að draga úr framkvæmdum og atvinnu í landinu hefur hæstv. stj. vitandi vits stofnað til þess að minnka alla þá tekjustofna, sem ríkið byggir tekjur sínar á. Það hefði verið gaman að fá svör hæstv. ráðh. við þessu. Hann hefur einu sinni áður á þessu þingi svarað fyrirspurnum um þetta frá mér á þann hátt, að hann hafi engin áhrif á það, fjárhagsráð hafi gert þetta, og það sé fjárhagsráð og viðskiptanefnd, sem geri hvers konar ráðstafanir viðvíkjandi atvinnu og framkvæmdum hér á landi. Ég sýndi þá fram á, hvaða samband væri á milli tekjustofna ríkisins og þessara aðgerða í atvinnulífi þjóðfélagsins, og hæstv. ráðh. skildi það þá. Ég minnti þá á, að ríkisstj. sem heild stjórnaði fjárhagsráði og þar með hæstv. fjmrh. líka. Ég hefði haft gaman af því nú að heyra, hvernig hæstv. fjmrh. liti nú á þessi mál og hvort hann hefur eitthvað lært af því, sem við ræddum í vetur í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. kom í dag og kvartaði og kvartaði við okkur og sagði, að tekjuskatturinn væri að bregðast hjá sér, við fengjum ekki eins mikinn tekjuskatt og reiknað hefði verið með. Hvernig stendur á því? Það er af því, að tekjurnar hjá borgurunum hafa minnkað. Og hvers vegna hafa þær minnkað? Það er vegna þess, að ríkisstj. sjálf hefur með sérstökum ráðstöfunum dregið úr atvinnu manna og minnkað tekjur almennings. M. ö. o., hæstv. ráðh. kvartar yfir, að tekjustofnar bregðist, en um leið er hann sjálfur að saga undan sér þann tekjustofn, sem hann situr á. Hæstv. ríkisstj. er sjálf með framkvæmdum sínum að brjóta niður það kerfi, sem hún hefur reiknað með að fá tekjur sínar af.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst eftir, hvaða ráðstafanir við sósialistar vildum gera til að bæta úr þessum vandræðum. Þar vil ég benda honum á að byrja á byrjuninni. Tekjustofnarnir fara eftir því, hvernig atvinnulífið er. Það verður því að byrja á að efla atvinnulífið, halda þar öllu með fullum krafti, gefa öllum möguleika á að geta starfað. Ég mundi, ef hæstv. fjmrh. væri hér, hafa minnt hann á, að hann hefði sjálfur og fleiri með honum, samstarfsmenn hans, gert hluti, sem miðuðu að því að gefa hverjum manni tækifæri til að framkvæma sem mest. En þegar hann er kominn í þessa stjórn, snýr hann við blaðinu og vill draga úr öllum slíkum framkvæmdum, og nú uppsker hann sjálfur sem fjmrh. ávextina af þessari pólitík, sem hann hefur rekið síðan hann varð ráðh. Hæstv. ráðh. vildi enn fremur fá að vita meira um möguleika til að leggja á álögur. Hann talaði um, að við kvörtuðum yfir, að benzínskatturinn kæmi niður á bílstjórum og bændum og fleirum og að þetta afnám kjötuppbótarinnar kæmi illa niður á einhleypu starfsfólki, fátæku og meira en helmingi af öllum fjölskyldum í alþýðustétt. Þannig væru kvartanirnar, en ekki bent á, hvar væri hægt að taka tekjur. Hæstv. ráðh. hefur verið bent á skattstofna, sem mundu eingöngu koma niður á eyðslu og lúxus, en hann hefur ekki viljað taka undir slíkt. Hann talaði um, að t. d. stúlkur eins og símastúlkur geti ósköp vel sætt sig við tvöfaldan tekjuskatt, með því að kjötuppbót sé felld niður. En skattskýrslurnar, sem ekki virðast þó fullkomlega réttar, sýna, að 1947 hafa 1200 tekjuhæstu einstaklingar og félög í Reykjavík 38 milljónir kr. í nettótekjur. Það er ekkert smáræði, sem ríkustu menn-irnir í Reykjavík hafa í tekjur, eftir að búið er að draga frá allan þeirra kostnað. Eignir þeirra eru ekki svo litlar, að ekki sé hægt að koma þarna á sköttum, sem lentu aðeins á þeim ríkustu í landinu. Það er upplýst og er ómótmælt, að í Reykjavík einni, sem er rúmlega 50 þúsund manna bær, eru um 208 milljónamæringar. Ég býst við, að þeð séu um 300 milljónamæringar í Danmörku allri, þar sem eru yfir 3 millj. íbúa. Auðmannastétt Íslands er ríkari og fjölmennari að tiltölu en sú danska, hvað milljónamæringa snertir. En það er ekki lagt til að hækka skatta á þessum mönnum. Og hver till., sem er borin fram í þá átt að rýra þeirra gróða, er vægðarlaust felld eða svæfð, eftir því hvor aðferðin hentar ríkisstj. betur í hvert skipti.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að þessar stúlkur við afgreiðslu og verzlun og slíkt væru allar sæmilega launaðar, þó að tekjuskattur þeirra væri tvöfaldaður. Ef þær vildu ekki sætta sig við slíkt, þá skildist mér hann meina, þegar hann sagði, að heimilin færu á mis við þær, að þær gætu gerzt vinnukonur á heimilum auðmannanna, sem vantar vinnukonur; þar fengju þær fæði og þyrftu því sennilega ekki að hafa áhyggjur af kjötuppbótum. En ástandið er þannig hvað snertir starfsstúlkur í spítölum og hjúkrunarkonur á spítölum í Rvík og fæðingardeild Landsspítalans, að það er ekki hægt að reka þessar stofnanir forsvaranlega, vegna þess að það vantar stúlkur og þá af því, að þeim er of illa launað. Hvert er ráð ríkisstj. til þess að tryggja það, að fæðingardeildin sé notuð til fulls og hægt sé að reka spítalana? Þegar þyrfti að auka laun hjúkrunarkvenna og starfsstúlkna, hvað gerir þá stj.? Að tvöfalda á þeim tekjuskattinn og segja þeim: Svo framarlega sem þið viljið ekki sætta ykkur við það, starfsstúlkur á spítölum og á skrifstofum, þá getið þið orðið vinnukonur á heimilum auðmannanna í Reykjavík. Þetta eru rökin, sem flutt eru fram fyrir Nd. Alþ. af hæstv. fjmrh., þegar hann fer fram á 10 millj.

kr. álag á þjóðina. Þetta mundi helzt hjálpa til með rekstur þjóðfélagsins.

Þá talaði ráðh. um, að við Íslendingar höfum búið það vel að launafólki á Íslandi undanfarið, að ekki gerði svo mikið til, þó að eitthvað væri minnkað við það nú. Og hæstv. ráðh. var í raun og veru að stæra sig af því, að íslenzkt verkafólk hefði haft það gott á undanförnum árum. Hverjum er það að þakka, að íslenzkt verkafólk hefur haft góða afkomu á undanförnum árum? Það er ekki Sjálfstfl. að þakka. Sjálfstfl. hefur, frá því að farið var að berjast af fullum krafti fyrir því að bæta kjör íslenzks launafólks árið 1942, alltaf staðið móti öllum slíkum tilraunum. Hann stóð að gerðardómsl. Og Sjálfstfl. hefur reynt síðan að hindra hverja einustu tilraun, sem verkafólk eða launþegar á Íslandi hafa gert til þess að bæta sín kjör. Það er þess vegna í baráttu við Sjálfstfl. og raunar fleiri flokka, sem þessar kjarabætur hafa verið knúðar í gegn, sem hæstv. ráðh. var að stæra sig af. Hins vegar skal ég viðurkenna, að eftir að Sjálfstfl. fór að starfa með Framsfl. í núverandi ríkisstj., hefur honum orðið mjög vel ágengt að rýra þessi kjör.

Það gleður mig, að hæstv. ráðh. er nú kominn. Það þýðir að vísu, að ég verð að endurtaka nokkuð, en ég verð víst að leggja það á mig. Það er þá fyrst viðvíkjandi tekjustofnunum. Í því sambandi færði ég nokkur rök að því, að til þess að fá fé í ríkiskassann væri höfuðskilyrðið að atvinnulífið gæti gengið af fullum krafti, að mönnum gefist tækifæri til að hagnýta sitt framtak og áhuga og sitt vinnuafl, þannig að menn fengju að vinna að því, sem þeir vildu starfa að í þjóðfélaginu, hvort sem það er almenn framleiðsla, byggingar eða annað slíkt. Og ég hef sýnt fram á, að ríkisstj. hefur, síðan hún tók við völdum, haft það sem höfuðstefnu sína í atvinnumálum að draga úr öllum þessum framkvæmdum, — að lama byggingarstarfsemi stórkostlega og hindra menn, sem vildu byggja eða vinna að því að byggja hús, bæði íbúðarhús og til annarrar starfsemi. Það hefur verið aðalstarf þess fjárhagsráðs, sem upphaflega átti að semja áætlun um framkvæmdir á Íslandi, að lama byggingarstarfsemina í landinu og með þeim árangri, að fjöldi manna hefur orðið atvinnulaus, sem hefði gjarna viljað vinna að slíkum framkvæmdum. Og samtímis því hafa bankarnir beitt sér til að draga úr fjárveitingum til bygginga. Þetta allt hefur stórkostlega lamað byggingarframkvæmdir. Fjöldi Íslendinga vill leggja mikið á sig nú til að byggja fyrir sig og atvinnulífið. Menn hafa viljað vinna við þessar byggingar á daginn og á kvöldin og jafnvel um helgar. Þjóðinni hefur verið þörf á þessari vinnu. Og sú eftirvinna og mikla vinna yfirleitt, sem menn hafa lagt á sig, hefur verið eitt af því, sem sérstaklega hefur staðið undir þeim tekjusköttum og útsvörum, sem bær og ríki hafa fengið í ríkum mæli á undanförnum árum. Með því nú að ríkisstj. sjálf hefur með sinni pólitík dregið stórkostlega úr og lamað alla þessa starfsemi og atvinnu, fara tekjurnar stórkostlega minnkþeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hefur andi. Og ég vildi í því sambandi beina hann sem fjmrh. ríkisins stjórnað þessum framkvæmdum og þessari pólitík fjárhagsráðs? Er það í samræmi við hans vilja, að svona gífurlega hefur verið dregið úr framkvæmdum einstaklinga, félaga og hins opinbera, með þeim afleiðingum, að minnkað hafa stórkostlega þær tekjur, sem hann m. a. sem fjmrh. hlaut að byggja á sína áætlun um tekjur ríkissjóðs? Ég hefði mjög gaman af að fá svör við þessu, vegna þess að eftir mínum kynnum af honum, þegar við störfuðum saman áður, var honum fullljóst, að það þurfti að hvetja menn til að vinna að framkvæmdum hér á landi. Þær opinberu nefndir, sem hafa völdin, ættu að hjálpa einstaklingum, til þess að þeir fengju að vinna sem allra mest. Og þeir einstaklingar, sem framtak sýndu til að koma einhverju fram, ættu frekar að eiga hauk í horni í opinberum nefndum heldur en að þær drægju úr. En það er nú öðru nær. Ég veit, hvernig þá hefur þurft að berjast við þá aðila, sem ráða yfir fjármagninu, til að knýja þá til að leggja fram fé til að efla atvinnustarfsemina í landinu og þar með tekjur til ríkis og bæja. Þessu hefur öllu verið umsnúið. Það ráð, sem f. h. ríkisstj. og þar með fjmrh. líka hefur stjórnað þessum málum undanfarin tvö ár, hefur dregið úr öllum þessum framkvæmdum, — dregið úr þeim svo hrottalega, að það hefur beinlínis skapað stórkostlegt atvinnuleysi, af því að tekjurnar hafa stórkostlega minnkað, dregið úr þeim miklu meira en hægt er að færa nokkur rök fyrir, að þörf sé á. Það hefur ekki verið sá skortur á byggingarefni, að ekki hafi verið hægt að byggja meira. Það hefði fjöldi manna byggt hér á landi, svo framarlega sem menn *hefðu haft meira frjálsræði og verið hvattir* til þess. En í stað þess, að fjárhagsráð reyndi að knýja bankana til þess að lána mönnum til þess að byggja, hefur það unnið að því að draga úr byggingum. Og ríkisstj. er búin í tvö ár að reka þá pólitík í landinu að draga úr allri atvinnu. Nú kvartar hún og segir, að tekjustofnarnir bregðist. Af hverju? Af því að fólkið hefur ekki atvinnu, kaupmaðurinn af því, að hann hefur ekki viðskipti, atvinnurekandinn af því, að hann fær ekki að reka sína atvinnu, og af því að nefndir, sem stjórna þessu í umboði ríkisstj., liggja eins og farg á öllum vilja og áhuga landsmanna til þess að skapa og gera eitthvað í landinu. Þegar búið er að leggja dauða hönd á atvinnulífið, þá er ekki til neins að verða alveg hissa á, að enginn byggi. Peningarnir koma frá atvinnulífinu. Og þegar reynt hefur verið að drepa það í dróma, er ekki nema eðlilegt, að það endi svo, að ríkissjóð vanti líka fé. Sá safi, sem tréð á að sjúga upp í stofn sinn og greinar, kemst ekki nógu hátt, kemur ekki fram í greinum fjárlaganna, eins og fjmrh. hefur reiknað með. Það hefur vantað vit og vilja til að stjórna atvinnulífinu þannig, að það gefi fólkinu góða afkomu og ríkissjóði auknar tekjur. Ég skal ekki segja, að þessa eiginleika hafi skort fyrst

og fremst hjá ríkisstj., heldur kannske hjá því valdi utan hennar, sem hún hefur bognað fyrir, valdi, sem við þekkjum ósköp vel báðir.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að við værum leiknir í því, sósialistar, að kvarta þessa dagana fyrir hönd hinna ýmsu aðila í landinu, bifreiðastjóra, þegar benzínskattur var ræddur, og launafólks, þegar þetta frv. er á dagskrá o. s. frv. Við höfum aðeins flutt kvartanir frá aðilum, sem eru pólitískt tengdari ríkisstj. en Sósfl., frá Hreyfli, Bifreiðastjórafélaginu Þrótti, stjórn Félags sérleyfishafa og Félagi bifreiðaeigenda í landinu. Þessir aðilar kvörtuðu. En af því að þeirra bréfi var stungið undir stól í umr. í Ed., prentaði ég það í nál. og vitnaði í það í mínum ræðum. En auk þess sem ég flutti mál bifreiðastjóranna, kvartaði ég fyrir hönd almennings, af því að það upplýstist um leið frá einum flokksmanni hæstv. ráðh., að þessi álagning mundi beinlínis leiða til mjólkurhækkunar og þar af leiðandi aukinnar dýrtíðar í landinu. Hæstv. fjmrh. kvartaði um, að við hefðum ekki bent á tekjustofna. Við höfum að vísu bent á tekjustofn í sambandi við benzínskattinn, en það þýðir að skattleggja lúxusbílana, og þess vegna fengum við ekki undirtektir. Ég benti honum áðan á tekjustofn, sem hann gæti hagnýtt, ef hann kærði sig um. Það voru nokkrir tugir milljóna — og jafnvel hundruð milljóna króna —, sem fá mætti ýmist af tekjum eða eignum 200 ríkustu manna eða félaga í Reykjavík. Það hefur ekki orðið vart við mikinn áhuga hjá hæstv. ráðh. að skattleggja þá aðila. Það hafa komið fram, og það meira að segja frá einum af stjórnarflokkunum, till., sem ofur lítið hafa snert við í öðru sambandi þá aðila, sem þarna um ræðir, till. um stóríbúðarskatt. Ég sé ekki, að þær till. hafi fengið sérstaklega góðar undirtektir hjá fjmrh. Ég veit ekki betur en að þær liggi enn þá í nefnd í Ed., ef þær hafa komizt svo langt. Það er sem sé auðséð, að það er ekki nóg að benda á tekjustofna, og það stofna, sem ákaflega auðvelt er að innheimta. Það, sem þarf í viðbót, er vilji hjá stj. til þess að hagnýta sér slíka tekjustofna. Það er auðséð, að það á ekki að hagnýta þá tekjustofna, sem eru fyrst og fremst fengnir frá auðugustu mönnunum í landinu, ekki hagnýta tekjustofna, nema því aðeins að hægt sé að leggja álögurnar á fátækasta fólkið í landinu.

Nú hef ég misst hæstv. ráðh. út úr d. og ætla því að minnast á annað á meðan. Hann talaði um, að í nokkrum af þeim bréfum, sem borizt höfðu frá innheimtumönnum utan af landi, hafi verið greint frá því, að komið hefði fyrir, að menn brostu að því að fá greiddar kjötuppbætur. Það eru vafalaust frekar efnaðri mennirnir, sem brosa að slíku. Ef manni með fimm manna fjölskyldu eru réttar þúsund krónur til þess að greiða upp í sína skatta, ætli hann geri bara gys að því? En ef mjög mikið er um það, að ráðh. fái þær upplýsingar, að efnamenn hér á Íslandi brosi að því, þegar þeim er réttur þúsundkall, þá held ég væri nú rétt fyrir ráðh. að þyngja dálítið skattana á þessum brosandi mönnum. Þeir mundu þá líklega brosa enn meir, ef þeir fengju að borga fimmfalt eða tífalt á við það í ríkissjóð. Mennirnir, sem eiga ýmis finustu merkin af bílum í Reykjavík, mundu sjálfsagt brosa, ef lagðar yrðu 5—10 þús. kr. á hvern bíl, ef þeir brosa svona gleitt yfir þeim hlægilega hlut að fá þúsundkall úr ríkissjóði. Mér finnst þessar upplýsingar fjmrh. benda til þess, að það megi athuga mjög alvarlega um tekjustofna, sem efnafólkið í landinu mundi viljugt standa undir, og sé því alveg óþarfi að vera að eltast við starfsstúlkur í Reykjavík, eins og sérstaklega hefur verið um rætt í sambandi við þessar skattálögur. Með því að leggja á lúxusbíla og lúxusflakk, sem einn þm. kallaði það, mætti kannske ná inn svona fimm milljónum. En það er ekki víst, að ráðh. yrði eins hrifinn af þessum álögum á auðmannastéttina eins og hann virðist ákveðinn að koma byrðunum á alþýðu manna.

Enn fremur vil ég taka það fram í sambandi við þetta frv., að auðséð er, að þetta á að verða eitt atriðið í viðbót við annað hjá þessari ríkisstj. til að eyðileggja þær umbætur á högum almennings, sem gerðar voru í tíð nýsköpunarstjórnarinnar. Lögin um kjötuppbótina voru sett á hennar tíma til þess að vísu að hylja fölsun á vísitölunni, þegar kjötverð var hækkað 1945. Þessi ráðstöfun, sem ákveðin var með l. frá 29. apríl 1946 gagnvart áhrifum kjötverðs á framfærsluvísitölu, var gerð með það fyrir augum að bæta launafólki algerlega upp, hvernig kjötverðið var þá fest. Þessa uppbót á nú að taka af því að miklu og jafnvel mestu leyti. Það er ein árásin enn þá á lífskjör almennings, eitt afnám enn þá á því, sem sett var í tíð nýsköpunarstj. Við höfum undanfarið haft tækifæri til að rekast á hverja till. og framkvæmdina á fætur annarri hjá ríkisstj., sem allar ganga í þessa átt, afnám eða frestun á framkvæmdum laga um heilsuspillandi íbúðir, bindingu vísitölunnar, frestun á alþýðutryggingum, og þannig mætti lengi telja. Allt eru þetta l., sem sett voru í tíð nýsköpunarstj. og Sjálfstfl. og Alþfl. hafa hælt sér af, allt lög, sem Framsfl. og Sjálfstfl. og Alþfl. eru að eyðileggja. Á sama tíma sem þeir telja sig hina einu sönnu umbótamenn, sýna þeir sinn umbótavilja í því að rífa niður allar umbætur, sem gerðar voru, meðan við sósialistar vorum í stjórn.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að samkv. þeim upplýsingum, sem hann hefði fengið, mundi þessi sparnaður á útgjöldum ríkissjóðs nema um helmingnum af 20—21 millj. kr., sem kjötuppbæturnar kostuðu ríkið, eða 10—11 milljónum. Þær yrðu alveg beinlínis teknar af launafólkinu í landinu og ekki sízt þeim hlutanum, sem allra lélegust laun hefur, eins og starfsstúlkur hjá símanum og ef til vill fleiri.

Ég hef nú rakið að nokkru leyti, hvaða áhrif þessi löggjöf mundi hafa. Ég hef einnig sýnt fram á, að það er ríkisstj. sjálfri að kenna, að hún nú kemur og neyðist til að krefjast þessara álagna. Það er vegna þess, hvernig

hún hefur leikið þjóðina, að hún fær ekki meiri tekjur með tekjuskatti, og ég hef enn fremur sýnt fram á, að hjá hæstv. ríkisstj. er enginn vilji fyrir hendi til þess að leggja álögurnar á auðmennina, heldur eru byrðarnar lagðar á almenning og það svo hastarlega, að tvöfaldaður er tekjuskattur á lægst launaða fólkinu. Ég vildi nú, áður en umr. er haldið lengra, leyfa mér að leggja fram brtt. við þetta frv. Ég hef sem minni hl. fjhn. að vísu rétt til að gefa út nál., en býst ekki við að nota mér þann rétt, og ég hef ekki viljað tefja málið með því að krefjast, að því væri vísað til n., sem þó væri full ástæða til, þar sem meiri hl. fjhn. hefur flutt frv. án þess að athuga, hvaða áhrif það mundi hafa. En ég vil freista að flytja brtt. við 4. lið 1. gr. um, að í stað tölunnar 2,5 komi 3,5, ef verða mætti, að hv. d. vildi a. m. k. hlífa nokkrum af þeim lægst launuðu við tvöföldum tekjuskatti, meðan ekki eru hækkaðir skattarnir á lúxusbílunum og lúxusíbúðunum og þvíliku. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í d., og vil því leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði áðan til andsvara við ræðu hans. Hæstv. ráðh. sagði, að starfsstúlkur hefðu sæmileg laun, og skildist mér á honum, að hann teldi þær vel þola auknar álögur. Nú er það svo, að starfsstúlkur í skrifstofum og verzlunum hafa frá 256—365 kr. í grunnlaun á mánuði, en þetta frv. þýðir, að tekjuskatturinn á þessum stúlkum tvöfaldast. Starfsstúlkur símans hafa þegar gert kröfu um 25% launahækkun og svarið, sem þær fá hjá hæstv. ríkisstj., er að tvöfalda tekjuskattinn á þeim. Í sjúkrahúsum og fæðingadeild Landsspítalans hefur ástandið verið svo, að tæplega hefur verið hægt að reka þessar stofnanir vegna þess, að þar hefur vantað starfsstúlkur. Og hvers vegna hefur vantað starfsstúlkur? Vegna þess, að þær eru svo illa launaðar, og þá á að lækna þetta vandræðaástand með því að tvöfalda tekjuskattinn á starfsstúlkunum, og svo segir hæstv. fjmrh., að ef starfsstúlkurnar vilji ekki una þessu, þá geti þær, að því er mér skildist, bara farið og ráðið sig sem vinnukonur. Hann sagði, að heimilin færu á mis við þær, og virtist gjarnan vilja, að svo yrði ekki lengur. Auðvitað má segja, að það sé nauðsynlegt að hafa viststúlkur á heimilum, en það er þó aldrei jafnþýðingarmikið fyrir þjóðfélagið og starf á spítölum og fæðingardeildinni og svo ýmis störf í þágu atvinnulífsins. Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að launakjörin hefðu verið svo góð undanfarið, að verkalýðnum færist ekki að kvarta, þótt þau væru eitthvað rýrð. Það er rétt, að á árunum 1942—47 voru kjör verkafólks betri en víðast hvar eða líklega nokkurs staðar annars staðar í Erópu. En hverjum er það að þakka, og hver var afstaða Sjálfstfl. til þess að skapa þessar kjarabætur? Sjálfstfl. var með í gerðardómnum 1942, sem verkamenn urðu að brjóta á bak aftur með harðri baráttu, til þess að fá kjör sín bætt, og hafa þeir síðan orðið að berjast hatramlega fyrir öllum þeim kjarabótum, sem skapað hafa þeim hin góðu lífskjör, en s. l. tvö ár hefur hæstv. ríkisstj. rýrt þessi lífskjör í sífellu með því að takmarka kaup almennings og lækka með lögum laun almennings og með ráðstöfunum fjárhagsráðs til þess að draga úr allri atvinnu í landinu. Ríkisstj. hefur því reynt að hrinda íslenzkri alþýðustétt úr fremsta plássi í Evrópu niður á við, og lífskjörum almennings hefur hrakað því örar sem hæstv. ríkisstj. hefur setið lengur að völdum. Þessi góðu lífskjör hafa orðið til fyrir baráttu almennings, og auðmannastéttin hefur ekki látið þau baráttulaust í té, en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa þeir getað á ný fært sig upp á skaftið og dregið stórlega úr þeim góðu lífskjörum, sem almenningur bjó við, en þá má ekki hæstv. fjmrh. undrast það, að alþýðan berjist á móti kjaraskerðingunni á sama tíma og ekkert, sem munar, er skertur stórauður ríkustu einstaklinga og félaga. Það er upplýst, að 200 ríkustu félög og einstaklingar í Rvík eiga skv. mati ríkisstj. sjálfrar 500—600 millj. kr. í skuldlausum eignum. Þetta er gífurlegur auður á svo fáum höndum, og meðan engum till. er sinnt um að leggja álögurnar á þennan mikla auð, þá er ekki von, að alþýðan sætti sig við þær álögur, sem stöðugt eru á hana lagðar, m. a. með þessu frv., þegar kippt er burt allmikilli uppbót, sem hún hefur áður fengið, og þýðir þetta raunar tvöfaldan tekjuskatt fyrir þá lægst launuðu.

Ég vil nú biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir brtt. minni við 4. lið 1. gr., áður en umr. er lengra haldið.

Forseti (BG): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., sem hann lýsti áðan. Afbrigði þarf til þess, að till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 714) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Mig greindi áðan á við hæstv. fjmrh., þegar hann las tölurnar um, hvað kjötuppbótin færi langt niður. En þegar ég fór að athuga þetta betur, sá ég, að ég hafði reiknað með hinni svokölluðu hungurvísitölu, 300, en viðvíkjandi persónufrádrætti er hún víst 315 stig, þannig að þá ber okkur hæstv. fjmrh. betur saman, og það er víst 7100 kr., sem tekjurnar mega vera. En það, sem fyrst og fremst hvatti mig til að standa upp, var það, að hæstv. fjmrh. sagði, að hann teldi, eins og raunar oft hefur verið gefið í skyn áður, að verkamenn hér gætu sætt sig við þetta, því að afkoman væri víða verri en hér. Það getur nú verið satt, að afkoman sé víða verri, og ber ég ekki á móti því, en það er ákaflega langt sótt og a. m. k. algerlega rangt hjá hverri stjórn, hver sem er, að sætta sig við það, sem er ómögulegt og miðar að hrakandi lífskjörum, á þeim forsendum, að víða annars staðar sé verra. Ef slíkur hugsunarháttur kemst inn hjá einhverri þjóð, þá er hún á beinni leið til glötunar. Og það er alveg fráleitt hjá hverri ríkisstj. að láta hjá líða að leita þjóðinni betri kjara, af því að víða sé

verra, því að það er hlutverk hverrar ríkisstj. að vinna að því, að öllum þegnunum geti liðið sem allra bezt. Varðandi þetta fólk, sem lægst er launað og hefur svona rúmlega ellilaun, eða 7000 kr. og hjón 14000 kr., þá er það mjög tilfinnanlegt að missa þessa peninga, en það, sem verra er, margt af þessu fólki hefur gert ráð fyrir, að það væri að leggja fyrir í hvert skipti, sem það keypti kjöt, legði fyrir smáupphæð til þess að hjálpa því síðar til að greiða það, sem það á oft erfitt með, skattana. — Önnur hlið er einnig á þessu máli, og er hún harla einkennileg á þessum tíma. Á hallærisárunum upp úr 1930 var ekki hægt að taka af kaupi verkamanna upp í skatta og ekki heldur með lögtaki nema þeir ættu þetta og þetta mikið innbú, og vinnulaun mátti ekki af þeim taka svo, að heimili þeirra hefðu ekki í sig og á, en ef nú á þessari blómaöld skattarnir eru ekki borgaðir, þá er hægt að taka allt kaupið af verkamönnum og það án tillits til þess, hvort viðkomandi á brauð handa börnum sínum eða ekki. Ég hef sjálfur verið vitni að því, að allt kaupið hefur þannig verið tekið og verkamaðurinn hefur staðið eftir með umslagið eitt og kvittunina á útborgunardaginn, en verkamenn geta ekkert við þessu sagt. Þetta kemur oft fyrir á þessum ágætu tímum, sem mest er gumað af, þegar sagt er, að verkamenn lifi í vellystingum praktuglega og eyði sumarfríi sínu í fylliríi. (*Fjmrh.:* Ekki voru það mín orð.) Það er rétt, hæstv. fjmrh. sagði þetta ekki, en þetta hefur komið fram hér í hv. d., og þetta, sem ég hef nú lýst, er öll sælan, sem verkamenn búa við. Ég viðurkenni, að kjör verkamanna hafa mikið batnað á undanförnum árum, en samtímis hefur misskipting auðsins einnig stórvaxið, og eitt höfum við fengið nú, sem ekki var til fyrir stríð og erfitt mun að afmá, en það eru sérstök fátækrahverfi, og hræddur er ég um, að ef haldið verður áfram eins og s. l. ár, þegar þó hefur ekki verið hreyft kauphækkunum, — t. d. hefur Dagsbrún ekki hreyft kauphækkunum s. l. 16 mánuði, — að ef heldur áfram að hraka afkomu verkamanna eins og s. l. 16 mánuði, þá muni þess ekki langt að bíða, að sá rammi, sem fátækrahverfin setja íbúum sínum, svari fullkomlega til þeirrar örbirgðar, sem þar inni fyrir verður, því að aldrei hefur á jafnskömmum tíma þrengt eins að almenningi og s. l. 16 mánuði, og ef enn heldur áfram á sömu braut, þá mun ekki lengi verða haldið fram með réttu, að Íslendingar búi við betri kjör almennt en þegnar annarra landa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 714 felld með 22:7 atkv.

1. gr. samþ. með 26:6 atkv.

2. gr. samþ. með 24:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, BG.

nei: SG, ÁkJ, EOl, AG, HermG, KTh, LJós, SigfS.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Það hefur þegar verið rætt allýtarlega um þetta frv. hæstv. ríkisstj., og það sést því betur, eftir því sem umr. verða meiri, hvað þetta frv. mundi svipta marga launþega tekjum, sem þeir þurfa þó sannarlega á að halda. Ég álít, eins og ég hef þegar látið í ljós, að það sé allt of harðvituglega af stað farið hjá hæstv. ríkisstj. með þessu frv. um afnám kjötuppbótanna, því að það mundi í raun og veru þýða sama og að tvöfalda tekjuskattinn hjá lægst launuðu þegnum þjóðfélagsins. Þetta er því hatrammara sem það hefur verið samþykkt á þessu þingi skattfrelsi eða skattfríðindi fyrir hina ríkustu menn landsins og ríkustu félög landsins, svo að það virðist því gefa auga leið til þess að sjá, hvað ríkisstj. ætlast fyrir og vill láta gera. Hún vill láta undanþiggja hina ríkustu frá því að greiða, á sama tíma og hún tvöfaldar tekjuskattinn hjá hinum lægst launuðu. Mér sýnist það muni vera nokkuð erfitt að fá ríkisstj. af þessari braut, en ég vil þó freista þess að fá þingmeirihlutann til þess að ganga ekki eins langt og gert er í 4. gr. frv. Ég hef áður flutt brtt. við þessa gr. um, að í staðinn fyrir, að persónufrádrátturinn væri margfaldaður með 2,5, skyldi koma 3,5. Nú leyfi ég mér hér með að bera fram þá brtt., að í staðinn fyrir 2,5 tvisvar sinnum í grg. komi 3, en það mundi þýða það sama og það, að margir af hinum láglaunuðu mundu halda kjötuppbótinni og ekki verða fyrir þeim búsifjum þessa frv., að tvöfaldaður yrði við þá tekjuskatturinn. Ég vil svo vonast til, að þeir hv. þm., sem vilja heldur, að þetta lendi á hinum ríkari, mönnum eins og Eggert Claessen, en ætlast til, að hinum láglaunuðu sé hlíft við þessum búsifjum, sjái sér fært að fylgja þessari till. minni. Þetta mundi gera nokkra bót, þó að fjarri lagi sé, að það mundi skapa það réttlæti, sem komið var á með setningu l. fyrir þremur árum síðan. — Af því að þessi till. mín er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, þá vildi ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (BG): Borizt hefur brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl), og hefur hann lýst henni í ræðu sinni. Brtt. er svo hljóðandi: „Við 1. gr. Í stað „2,5" á tveim stöðum í tölul. 4. komi: 3." Vil ég leita afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 739) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við 3. umr. fjárl. í gærkvöld bar ég fram brtt. til jöfnunar á fjárlagafrv., sem til var ætlazt og samþykkt var af ríkisstj., og þar á meðal var þetta mál. Má því ekki hagga við því, nema eiga það á hættu að kippa þar með grundvellinum undan fjárl. Ég verð því eindregið að mæla á móti þessari brtt., sem fram er komin, og mæla á móti því, að hún verði samþ., því að hún brýtur í bága við það, sem samkomulag hefur orðið um. Hins vegar er það ekki rétt, sem hv. þm. hélt hér fram, að með þessu frv. væri verið að skattleggja þá, sem lægst laun hlytu, því að persónufrádrátturinn er miðaður við þá vísitölu, sem gildir á hverjum tíma. Það er þarna átt við núgildandi vísitölu, 315 stig, þegar rætt er um frádráttinn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef áður leiðrétt það, sem fram kom í þessari síðustu ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann heldur fram, að hér sé ekki verið að skattleggja þá lægst launuðu, heldur sé verið að hlífa þeim. Ég skal taka dæmi. Afgreiðslustúlkur í verzlunum eða skrifstofustúlkur, sem lægst eru launaðar, hafa þetta frá 265 kr. í grunnlaun á mánuði og getur farið upp í 365 kr. Með 265 kr. í grunnlaun þýðir þetta samtals um 9500 kr. á ári, eins og nú er. Ég býst við, að það megi reikna með því, að þessar stúlkur borgi nú í tekjuskatt um 400 kr., þannig að kjötuppbótin, meðan hún var, hefur þýtt sama og að tekjuskatturinn sé lækkaður um helming. Ef nú þessar stúlkur þurfa að kaupa sér fæði og húsnæði, fæði, sem kostar ekki minna en 350 kr. á mánuði, og herbergi, sem getur farið upp í einar 400 kr., þá er nú orðið heldur lítið, sem eftir er. Þessar stúlkur eru lægst launuðu einstaklingarnir, og hjá þeim öllum er verið að tvöfalda tekjuskattinn, því að eftir 1. er það svo, að menn mega hafa 7000 kr. tekjur til þess að missa ekki uppbótina, en lægst launuðu stúlkurnar hafa meira en það, svo að það er því gefið, að lægst launaða fólkið fær tekjuskattinn tvöfaldaðan. Sama er að segja um símastúlkur, sem hafa frá 4200—5400 kr. árslaun. Það er ekki hægt að hrekja þetta. Hins vegar get ég ekki mælt á móti því, að hjá verkamannafjölskyldum, sem hafa við bágust kjör að búa, helzt kjötuppbótin, en það er aðeins hjá þeim verkamönnum, sem hafa ekki fasta vinnu eða fast kaup allt árið um kring. Það er hins vegar öðru máli að gegna um faglærða verkamenn eða þá, sem hafa nokkurn veginn fasta vinnu allt árið um kring og nokkra eftirvinnu. Það er því alls ekki rétt, að þeim lægst launuðu sé nokkuð hlíft í þessu frv. Það er rétt, að lægst launuðu fjölskyldunum er hlíft, en alls ekki einstaklingunum.

Nú minntist hæstv. fjmrh. á það, að búið væri að ganga frá fjárl., svo að það kæmi ekki til mála að breyta þeim með neinni till., sem hafa mundi áhrif á reikning þeirra. Nú veit hann það vel, að þessar till. hans eru tómar áætlanir, sem brugðizt geta til beggja vona og ekki er hægt að taka neina ábyrgð á. Þessar 10 millj., sem áætlað er, að sparist við þessa breyt., eru aðeins áætlun, sem hann eða starfsmenn hans hafa gert, og auðvitað getur brugðið til beggja vona með hana, þannig að þó að till. mín verði samþ., breytir hún ekki það miklu, að allur grundvöllurinn kippist burt þar fyrir.

Svo vil ég aðeins geta þess að síðustu, að það er vafasöm aðferð hjá hæstv. ríkisstj. að rýra svona kjör almennings í landinu, því að ég vil vekja athygli á því, að með því að rýra tekjur almennings, þá er hún að rýra og skera smám saman niður sínar eigin tekjur. Þjóðartekjurnar eru nú um 1000 millj. kr. hjá okkur Íslendingum, og þar af áætlar ríkið sér að taka 300 millj., eða einn þriðja hlutann, í sköttum og tollum. Það er því séð fyrir, að því meira sem takmarkað er við almenning, og því minna, sem hann getur veitt sér, því minni verður sú upphæð, sem kemst í ríkiskassann. Allt það, sem ríkið stuðlar að, að fari út til almennings, eða mikill hlutinn af því, kemur aftur til ríkisins. En með því að fara þessa tekjuöflunarleið, sem ríkið er nú að fara, er ríkisstj. þar með að saga sundur þá grein, sem hún situr á.

Ég vænti þess svo, þar sem ég hef sýnt fram á, að það er lægst launaða fólkið, sem verst verður úti, ef þetta verður samþ., og þar sem hæstv. fjmrh. heldur því fram, að svo sé ekki, — þá vona ég, að hann og aðrir hv. þm. sjái, að þetta er byggt á misskilningi, og ég vona það einnig, að þeir leiðrétti þann misskilning og samþ. þessa brtt. mína.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Með því að orðalagið í frv. gæti verið skýrara, vildi ég leyfa mér að flytja skriflega brtt. við 1. gr., 4. lið, svo hljóðandi:

„Í stað orðanna „eins og hann er umreiknaður á hverjum tíma“ komi: „umreiknaður með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekna miðast við á hverjum tíma.“

Þetta er skýrara, og vil ég leyfa mér að leggja þessa brtt. fram, en fjölyrði ekki um þetta frekar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 740) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 739 felld með 18:3 atkv.

— 740 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 741).

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál, sem flutt var fyrir hönd ríkisstj. af hv. fjhn. Nd., gengur út á það að þrengja nokkuð aðgang að því að fá kjötniðurgreiðslur úr ríkissjóði. Eins og kunnugt er, er það orðinn ákaflega þungur baggi, niðurgreiðslurnar, bæði

til neytenda og eins það, sem greitt er í þessar uppbætur til bænda, og þetta frv. má skoða sem nokkurs konar tekjuauka eða útgjaldasparnað fyrir ríkissjóð og að vissu leyti sem skatt á þá, sem við það missa niðurgreiðsluréttinn. Þó hefur verið farið þannig í þetta mál, að ekki er gengið lengst niður á við hvað tekjur áhrærir. Og þó að segja megi, að það sé slæmt að missa þessar niðurgreiðslur, þá er það þannig, að þeir, sem verstar hafa ástæðurnar, halda þeim eftir sem áður, og enda þótt þeir hafi ekki mjög slæmar ástæður. Ég lét reikna út í stjórnarráðinu, hvernig þetta kæmi út. Ég hef, því miður, skjalið ekki hér við höndina. Ég lánaði það í lok ræðu minnar, og hef ekki fengið það aftur. En ég held, að ég fari rétt með það, að fjölskylda með 2 börn megi hafa 24 þús. kr. í tekjur án þess að réttur hennar skerðist, þ. e. a. s. réttur hennar skerðist ekki til kjötuppbóta fyrr en tekjurnar eru komnar í 25 þús. kr. En viðkomandi barnlausum hjónum er miðað við allmiklu minna. Svo er miðað í þessu efni hjá einhleypingum við miklu lægri upphæð.

Það hefur oft kveðið við nú í seinni tíð, að þetta væri ákaflega kyndug leið til þess að jafna þessi lífskjaramet fólksins, og af mörgum verið talið, að kjötuppbætur og styrki ætti með öllu að afnema. Í bréfum, sem rn. hafa borizt frá sýslumönnum, hefur verið á það bent, að uppbótagreiðslan væri mjög af handahófi, því að hún miðaðist ekkert við það, hvort nokkurs kjöts væri neytt eða ekki. Ég lít á þetta frv. og ber það fram sem till. um sparnað á ríkisútgjöldunum, en ekki sem tekjuaukningu, þó að það jafngildi að vísu nokkurri hækkun á skatti.

Ég man nú ekki fleiri tölur í sambandi við það, hvernig þessi niðurskurður á kjötuppbótinni kemur niður, en víst er, að fjögurra manna fjölskylda má hafa miklar tekjur til þess, að hún fái ekki bætur.

Svo er rétt að minnast á breyt. við 1. gr. l., þess efnis, að þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti, fái ekki kjötuppbætur. Ég ætla, að þetta hafi komið einkennilega út, og hef reyndar dæmi um það í gegnum sýslumenn, þegar þeir, sem landbúnað stunda, þó að í smáum stíl hafi verið, hafa krafizt kjötuppbóta, og víst er, að þeir hafa ekki hirt sérstaklega um að hafa fé eða halda sauðfjárrækt sinni. Annars fer ég ekki nánar út í það.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frv. að svo komnu, en vil óska eftir, að því verði vísað til n. að lokinni þessari umr., og er sennilega sanngjarnast, að fjhn. fái það til meðferðar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta frv., áður en það fer í n. Það er skammt stórra högga milli hjá hæstv. ríkisstj. í því að þrengja að lífskjörum almennings með vaxandi álögum og lögboðinni kauplækkun. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ríkisstj. í annað skipti beinlínis að lögbjóða kauplækkun. Hitt skiptið var, þegar vísitalan var lækkuð með lögum niður í 300 stig. Þegar l. um þessar kjötniðurgreiðslur voru sett, var það gert í samráði við verkalýðsfélögin, og þá var því treyst, að þessi hluti kaupsins, sem ríkið þannig héldi eftir og hefur verið látinn ganga upp í skatta, væri í tryggum höndum, en raunin er önnur. Fyrst er tækifærið notað til þess að falsa vísitöluna, og síðan er þessum hluta kaupsins beinlínis rænt með l. — Það er fróðlegt að athuga, hvaða undirtektir skattar þeir, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú verið að leggja á almenning, hafa fengið. Í sambandi við till. þm. Barð. (GJ) um ½% gjald af innfluttum vörum komst dagblaðið Vísir þannig að orði:

„Mannætur eru taldar standa á tiltölulega lágu menningarstigi, en þegar ein stéttin étur aðra, sýnist siðleysið umfangsmeira og fordæmanlegra, einkum þegar þetta er gert með beztu lyst og til þess stofnað af löggjafarsamkomu þjóðarinnar."

Og þessi orð voru rituð í tilefni af því, að skattleggja átti mestu gróðastétt landsins til að afla fjár í hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins, sem aflar gjaldeyris handa þessari stétt til að græða á. En hvaða orð hæfa þá þessu athæfi hér? Þau hljóta að vera ljót, þar sem með þessu frv. er verið að leggja háa skatta á þá lægst launuðu í landinu og það raunverulega með hreinni gripdeild.

Hæstv. ráðh. las hér upp, hvaða tekjur menn mættu hafa til þess að vera ekki sviptir kjötuppbótinni. Þar kom fram, að einhleypur maður má ekki hafa nema kr. 7087.50, barnlaus hjón ekki nema kr. 14175.00, og hjón með eitt barn mega ekki hafa nema kr. 19687.00. Með öðrum orðum eru það fyrst 4 manna fjölskyldur og það með lágum launum, sem einhverjar bætur fá. Þ. e. a. s., kjötuppbótin verður aðeins greidd fjölmennum barnafjölskyldum og það án tillits til, hvort þar eigi hátekjumenn hlut að máli. Fyrir 5 manna fjölskyldu jafngildir þetta 15 aura grunnkaupslækkun, ef í fjölskyldunni er t. d. eitt barn innan 16 ára aldurs, þó að tvö eldri börn séu í skólum. Hins vegar jafngildir þetta 10 aura grunnkaupslækkun fyrir 3 manna fjölskyldu. Já, það hefur oft þurft löng verkföll til að ná slíkri hækkun. Dagsbrúnarverkamenn eru rændir með þessu frv. 16 vísitölustigum, eða sem því svarar, ef miðað er við dagvinnukaup. Ef hins vegar farið er eftir útreikningi kauplagsnefndar, sem reiknar með, að hvert vísitölustig jafngildi 38.50 kr., þá munar þessi skattur 27 vísitölustigum. Við skulum nú bara segja, að ríkisstj. þurfi að leggja á skatta. En hvers vegna þarf hún að leggja á svona rangláta skatta, sem lenda með mestum þunga á þeim, sem lægst eru launaðir? Þetta er hvorki meira né minna en 50% skatthækkun á 5 manna fjölskyldu, sem greitt hefur 2000 kr. í skatt. Slíkt er nú ekkert smáræði. Kjötuppbótin hefur verið dregin frá opinberum gjöldum. Þetta hefur orðið til þess, að skattar hafa greiðzt betur en ella, sérstaklega tryggingagjöldin. Afnám kjötuppbótarinnar hefur því í för með sér, að fjöldi fólks fellur út úr tryggingunum, t. d. mun hún koma hart niður á skólafólki, sem greitt hefur tryggingagjöldin með kjötupp-

bótinni. — Vitaskuld mun hæstv. fjmrh. svara eins og hann er vanur. Hann mun spyrja stjórnarandstöðuna, hvort hún sé til í að draga úr fræðslulöggjöfinni og skera niður verklegar framkvæmdir. Ég býst við, að hann muni spyrja að þessu nú sem áður, því að þetta er eini sparnaðurinn, sem hann kemur auga á. Að öðrum kosti eru svo skattaálögur, sem koma þyngst niður á þeim fátæku, eins og þessi skattur. Með slíkum spurningum tekst ekki að draga athyglina frá orsökum þessara álagna, en þeirra er að leita í hinni gífurlegu þenslu ríkisbáknsins í tíð núv. hæstv. ríkisstj. — Nú er það svo, að þorri launþega getur ekki framfleytt heimilum sínum af launum sínum, og því standa víðtæk verkföll fyrir dyrum, og hæstv. ríkisstj. á sök á, að þau eru óhjákvæmileg. Aðeins til að bæta upp afnám þessarar kjötuppbótar þarf, eins og ég hef sýnt fram á, a. m. k. 10 aura grunnkaupshækkun á klst., aðeins vegna þessa eina frv., ef það nær fram að ganga.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja hér langt mál, en langar til að minnast á einstök atriði. Fyrst er það, að ég tel vel, að nú virðist mönnum ljóst, sem ekki var það áður, að kjötuppbótin svokallaða hafi verið til hagsbóta fyrir neytendur, en ekki verið styrkur til bænda. Þetta vil ég undirstrika, enda þótt ég hafi talið, að kjötuppbótin hafi hvorki verið styrkur til neytenda né bænda, heldur viss háttur til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, en það gleður mig, að þeir, sem áður hafa talið uppbótina styrk til bænda, finna nú, að neytendur hafa notið hennar. En það atriði, sem ég vildi gera aths. við í þessu frv., er þetta: Er hægt að láta lög gilda langt aftur fyrir sig? Hæstv. ríkisstj. fer nú að vísu ekki í fyrsta skipti inn á þessa braut, því að hún hefur sett skattalög í júlí og látið þau gilda til næstu áramóta á undan. Ég spurði þá, hvort þetta væri hægt, og spurði þá m. a. hv. lögfræðinga þessarar d., en enginn þeirra þorði að svara. Með þeim l., sem hér er ætlazt til að breyta, eru þeim Íslendingum, sem stunda ekki sauðfjárrækt, ætlaðar vissar tekjur, sem þeir bjuggust við, að mundu standa. Nú er talað um að taka þær tekjur af mönnum, og við því er ekkert að segja út af fyrir sig, en er hægt að gera þessar ráðstafanir allt til 20. sept. 1948? En svo langt eiga þær að verka skv. frv. Og slík l. hefur hæstv. ríkisstj. átt frumkvæði að því að setja áður, og það er þessi stefna að láta skattalög gilda langt aftur fyrir sig, sem er eitt af því, sem hæstv. ríkisstj. gerir til að auka á hasarinn, óvissuna í landinu, sem hún virðist alls staðar vilja hafa. En ég kann ekki við það, að maður, sem hefur gert ráð fyrir að fá þessar tekjur og hefur lifað samkvæmt því frá 20. sept. 1948, sé sviptur þeim. Og ef hægt er að svipta hann þessum tekjum, hvað er þá ekki hægt? Má þá ekki koma og segja t. d. við hv. 1. þm. Reykv. (BÓ): Nú borgar þú, góði minn, 1% af öllum þeim vörum, sem þú fluttir inn s. l. ár, eða eitthvað tilsvarandi. Nei, þetta finnst mér alveg fráleit stefna í löggjöf. Þess vegna, þó að ég sé 100% með því að afnema kjötuppbótina og gera í staðinn ráðstafanir til þess, að ódýrara verði að lifa, þá er ég samt sem áður á móti þessu frv., því að ég er alveg á móti því að svíkjast þannig aftan að mönnum. Ég væri líka á móti því, ef nú ætti að fara að segja við hæstv. ráðh.: Nú eigið þið að borga til fulls þann mismun á verði, sem leiðir af sérréttindum ykkar í áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni, og borga til fulls þá vöru, sem þið keyptuð í fyrra og hittiðfyrra. Á sama hátt er ég á móti því að fara svo aftan að mönnum sem gera á í þessu frv. Slíkt má ekki eiga sér stað. En þetta er ekki nýtt, og hefur hvað eftir annað komið fyrir hér á Alþingi að breyta l. þannig, en sú stefna er að mínum dómi alveg forkastanleg. Og þó að ég sé með því að afnema kjötuppbótina, þá er ég ekki með þessu frv., því að ég vil ekki koma svo aftan að þeim mönnum, sem trúðu því, að l. hefðu gildi, en hæstv. ríkisstj. virðist ekki hugsa um það, því að það eru líklega milli 10 og 20 lög frá Alþingi, sem hún hefur ekki farið eftir á einn eða annan máta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 741, n. 754 og 766).

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. klofnaði um málið, en 4 nm., sem mynda meiri hl., leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. — Þetta er að vísu talsverður frádráttur hjá ýmsum, sem áður höfðu fengið kjötuppbætur greiddar úr ríkissjóði. En samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf n., verðar þessar kjötuppbætur ekki teknar af þeim, sem lægst eru launaðir. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf n., eru takmörkin um niðurfellingu kjötuppbótanna eftir tekjum á þann hátt, að kjötuppbætur fá barnlaus hjón með 14175 kr. tekjur, hjón með eitt barn, sem hafa 19687 kr. tekjur, hjón með tvö börn, sem hafa 25209 kr. tekjur, og hjón með þrjú börn, sem hafa 30721 kr. tekjur. Verður því ekki sagt, að hér sé mjög þrengt kosti þeirra, sem lægst launaðir eru, en hins vegar hefur þessi ráðstöfun talsverðan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð, eða 10 millj. kr. Er þetta ein af þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert til þess að jafna þann mismun á tekjum og gjöldum, sem verið hefur undanfarið, og er því full nauðsyn fyrir ríkissjóð, að þetta mál nái fram að ganga. Meiri hl. n. vill því mæla með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég legg til sem minni hl. n., að þetta frv. verði fellt. Ég hef gert nokkuð ýtarlega grein fyrir þessari afstöðu minni við 1. umr. málsins, og tel ekki neina þörf á að endurtaka þau rök hér, enda ekki neitt komið fram í umr., sem gefi tilefni til þess. Ég vil

aðeins segja í tilefni af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það virtist svo, að þeir, sem hefðu lægri tekjur, ættu eftir sem áður að fá kjötuppbæturnar, — að ég furða mig á því, hvernig hv. frsm. meiri hl. getur komizt þannig að orði, eftir að hafa nefnt þær tölur, sem hann nefndi, því að hvernig getur hann nefnt þessar tölur og dregið af því þá ályktun, að þeir, sem eru á lágum launum, fái kjötuppbætur? Sannleikurinn er sá, að kjötuppbæturnar eru með þessum l. teknar af einhleypu fólki og fólki, sem ekki á mörg börn. Aftur á móti fá barnmargar fjölskyldur uppbæturnar eftir sem áður og ekki aðeins þeir, sem eru á lágum tekjum, heldur einnig þeir, sem eru á háum tekjum. T. d. fær fjölskylda með 7 börn uppbætur, þó að tekjurnar komist yfir 50 þús. áður en uppbæturnar eru dregnar frá.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég hef lagt fram rök mín við 1. umr. málsins og legg til, að frv. verði fellt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara benda á það, sem ég benti á við 1. umr. málsins og hef ekki enn fengið svör við. Ég spurði þá og bað n. að athuga, hvort hægt væri að svipta menn með lögum nú þeim rétti, sem þeir að lögum hafa haft fram til þess dags, sem þessi lög öðlast gildi, eða hvort hægt væri með öðrum orðum að láta lög þessi verka aftur fyrir sig. Ég held, að það sé óheiðarlegt að koma þannig aftan að mönnum, og þó að mér sé ljúft að afnema uppbæturnar með öllu, er þetta ákvæði svo andstyggilegt, að fara svona aftan að þjóðinni, að ég efast um, að ég geti greitt þessu frv. atkvæði, þó að ég vildi út af fyrir sig fá þetta afnumið, sem ætti að vera búið að gera fyrir löngu. Þessi stjórn var mynduð til þess að gera það, en þetta hefur verið vanrækt. Svona ólögum hefur verið beitt oft áður, og ég hef alltaf verið andstæður því að fara þannig að.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er kunnugt, að reglurnar um kjötuppbætur hafa alla þá tíð, sem þær hafa gilt, verið í mörgum aðalatriðum ranglátar. Það hefur oft farið þannig, að fátækir, aldraðir verkamenn, sem hafa leyft sér að hafa nokkrar kindur, af tryggð við sveitina, þar sem þeir höfðu búið áður, voru sviptir þessum kjötuppbótum vegna þessa, þó að þeir hefðu barnmörgum fjölskyldum fyrir að sjá. Hins vegar hafa barnmargir stóreigna- og hátekjumenn í sumum tilfellum fengið svo háar kjötuppbætur á undanförnum árum, að þeir hafa fengið afgang af peningum heim til sín frá sýslumanninum, þegar þeir hafa fengið kvittaðan tekjuskattinn. Það eru til mörg dæmi um þetta, og þessu á víst að halda áfram, því að engin ákvæði eru í l., sem ákveða, að nokkurt tekjuhámark skuli binda endi á að fá uppbæturnar.

Þá er ákvæði í gömlu reglugerðinni, sem segir, að atvinnurekendur, sem hafi fleiri en 3 menn í þjónustu sinni, skuli ekki fá neinar kjötuppbætur. En eigendur í auðugum hlutafélögum, kannske milljónafélögum, gátu fengið kjötuppbætur og fá það enn, þótt þeir neyti kannske aldrei kjöts. Það eru því ýmsar af hinum gömlu misheppnuðu reglum viðvíkjandi kjötniðurgreiðslum, sem koma til með að halda sér enn þá. En það er ekki það versta við þetta. Það versta er það, að allmargt af lágtekjufólki, sem á nú mjög erfitt með að komast af með sínar lágu tekjur, verður svipt þessum kjötuppbótum og fær þannig á sig alltilfinnanlegan nýjan skatt. Menn munu segja, að ekki sé nema réttmætt, að einhleypingar fái engar kjötuppbætur, og þá hugsa menn vafalaust til þess, að einhleypingar séu svona ungir menn, fólk á bezta aldri, sem eigi að vera allar leiðir færar og ástæðulaust fyrir ríkið að gefa til slíks fólks. Og það er rétt, að margt af þessu fólki er fólk, sem hefur ekki stofnað heimili, og segjum svo, að geri ekki til, þó að engir þeirra, sem hafa 7 þús. kr. tekjur eða meira, fái uppbætur, ef svo stendur á fyrir þeim. En það hefur verið bent á, að það sé fjöldi af einhleypu fólki, sem verði sviptur kjötuppbótunum eftir þessum reglum og hefur þó eiginlega enga möguleika til þess að verða fjárhagslega sjálfbjarga, og á þetta einkum við eldri, einstæðar konur. Þær eru yfirleitt tekjulágar, en vegna þess hvað þær eru tekjulágar, fá þær ellilaun, sökum þess að tekjuupphæð þeirra nær ekki neitt í áttina til þess að duga þeim til framfærslu, en samt á þessi skattur að koma á þær, vegna þess að ekkert lágmark er þarna. Sumt fólk, sem nýtur ellilauna, á að fá á sig þennan nýja skatt, og það er það versta við þetta frv. Þess vegna fór Alþfl. fram á það við fjmrh., að sett yrði þarna lágmark, sem heimilaði þessum eldri konum, sem ég hef nefnt, kjötuppbætur, en það fékkst ekki. — Þetta er eitt meginatriðið fyrir því, að ég mun ekki sjá mér fært að greiða frv. atkvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 785).

72. Iðnfræðsla.

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um iðnfræðslu [141. mál] (þmfrv., A. 369).

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Iðnn. flytur þetta frv. um iðnfræðslu á þskj. 369 að beiðni hæstv. samgmrh. Hv. nm. hafa áskilið sér óbundnar hendur að öðru leyti. Málið hefur verið rætt á tveimur fundum n., en þó hefur hún enn ekki tekið ákvörðun. Hún mun taka frv. aftur til athugunar á milli 1. og 2. umr. og skila áliti sínu í einu eða tvennu lagi. En ég vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um sögu málsins, þar eð það hefur legið tvívegis fyrir áður, og skýra efni frv., ef það mætti verða hv. þdm. til nokkurrar glöggvunar, enda er hér að ýmsu leyti um merkilegt mál að ræða.

Frv. var fyrst flutt árið 1945. Var það þá samið af stjórnskipaðri n., og dregin saman gildandi ákvæði um iðnfræðslu. Í frv. voru þó ýmis nýmæli, t. d., að ákvæði voru sett um iðnfræðsluráð, sem starfa skyldi undir yfirstjórn ráðh. Í því skyldu sitja 2 af hendi meistara, 2 af hendi sveina og síðan formaður, er skipaður væri af ráðh. Iðnfræðsluráð skyldi löggilda meistara og ákveða, hversu marga nemendur mætti hafa í hverri grein. Samkvæmt gildandi skipun hefur það verið á valdi stéttarfélaganna sjálfra að kveða á um tölu nemenda.

Í hinu nýja frv. var losað um þessar takmarkanir og iðnfræðsluráðinu áskilinn réttur til að ákveða, hve margir megi vera við nám í hverri grein. Að öðru leyti var þar byggt á þeirri gömlu meginreglu, að nemendur ynnu hjá meisturum við nám sitt og yrðu að hafa unnið tiltekinn tíma til að mega ganga undir próf. Þetta frv. var afgr. til hv. Ed., en þar voru fluttar við það ýmsar brtt., og var þar m. a. samþykkt, að iðnfræðsluráð skuli skipað af Alþ. Frv. dagaði þó uppi í þeirri hv. d. Á þinginu 1946 er frv. flutt í Ed. sem stjfrv. Sú hv. d. gerði enn breytingar á frv. og meiri en áður. Nú var gerð sú mikilvæga breyt., að bætt var inn í frv. nýrri gr., 14. gr., og má segja, að sú gr. hafi gerbreytt því. Er hér um að ræða nýtt sjónarmið, sem eigi hefur áður verið í l. En í gr., sem sett var í frv., er mönnum heimilað að ganga undir próf, þó að þeir hafi eigi stundað nám hjá ákveðnum meistara, en þó tekið fram, að auðvelt skuli vera að dæma um hæfni nemenda af prófúrlausnum þeirra. Með þessu var tekin upp ný stefna í iðnaðarmálunum, og þannig gekk Ed. frá frv. Þegar málið kom til n. í Nd., kom í ljós mikill ágreiningur í þeirri hv. n., sem ræddi málið mjög. Sumir hv. nm. voru fylgjandi stefnu Ed., sumir voru andvígir henni, en aðrir vildu miðla málum. Það voru einkum þrjú atriði, er umr. snerust um: Í fyrsta lagi ákvæði 7. greinar frumvarpsins, að iðnfræðsluráð ákveði tölu nemenda í hverri iðngrein. Þeir, sem hafa litið takmarkanir á iðnnáminu hornauga, játa auðvitað, að ákvæði 7. greinar frumvarpsins eru til bóta. Aðrir álíta þetta spor aftur á bak. Vilja þeir ákvæði gildandi l. um þessi efni. Sýndist því sitt hverjum. Í öðru lagi var rætt um það af ýmsum hv. nm., að þeim þótti óeðlilegt, að enginn möguleiki væri fyrir lagna menn að ljúka námi á styttri tíma en áskilið er í frv. Væri því enginn möguleiki fyrir þá að njóta sérstakra hæfileika, er þeir kynnu að búa yfir. Svo var hitt, að sumum hv. nm. þótti nokkuð varhugavert að hverfa frá því, að menn skyldu hafa stundað nám hjá ákveðnum meisturum. Yrði hætt við því, að þetta yrði misnotað og kröfurnar lækkaðar. Hérna bar því mikið á milli. Í þriðja lagi var vandamálið varðandi gervimennina svokölluðu, en nú starfa allmargir svonefndir gervimenn í iðnaðinum án þess að hafa iðnréttindi, og hafa sumir þeirra unnið lengur en krafizt er til prófs, en mega þó ekki ganga undir það, því að þeir hafa aldrei unnið skv. námssamningi. Var álitið óeðlilegt að meina þessum mönnum að ganga undir próf, þó að þeir gætu það. Hins gætti og, að óeðlilegt væri að hverfa frá gildandi reglu og heimila þessum mönnum að ganga undir próf, því að með því væri hallað á þá menn, sem ynnu skv. námssamningi. Var á það bent, að eigi væri hallað á gervimennina, því að þeir hefðu unnið fyrir fullu kaupi, þar sem hinir hins vegar væru á lægra kaupi, því að þeir, er vinni skv. samningi, hafi auðvitað nemendakaup. Með því þess vegna að hleypa öðrum að prófborðinu væri þeim mönnum ívillnað, er eigi gengju þessa leið. Bar því mjög á milli í hv. iðnn., og mátti búast við sama ágreiningi í hv. d. Allmikil vinna var í það lögð í hv. n. að reyna að brúa bilið á milli skoðana manna í þessu efni, og hefur aðallega verið rætt um tvennt: í fyrsta lagi að umorða 14. gr. hv. Ed., þannig að í stað þess að heimila mönnum að ganga undir próf, þótt þeir hefðu engan samning gert, þá væri gr. orðuð svo, að ráðh. væri heimilt að leyfa mönnum þetta, ef þeir hefðu próf frá iðnskóla og vottorð frá meistara. M. ö. o. skuli ráðh. heimilt að veita slíkt leyfi í undantekningartilfellum. Leið sú, sem rætt var um til að leysa gervimannavandann, var að heimila þeim mönnum, sem við gildistöku l. hafa unnið tilskilinn tíma, að ganga undir próf, en eigi eftirleiðis. Enn var rætt um það í hv. n. að fella niður úr 7. gr. ákvæðið um, að iðnfræðsluráð skuli ákveða, hversu marga nemendur megi taka í hverja iðngrein. — Það reyndist þó ekki unnt að brúa bilið milli hinna andstæðu skoðana. Þeim, sem harðast héldu við sjónarmið hv. Ed., þótti of langt gengið til móts við málstað stjórnskipuðu n. og iðnstéttarinnar og hinum þótti slakað á meginreglum iðnfræðslunnar. Hvorugur aðili vildi sætta sig við meðalveg í málinu. Hæstv. ráðh. hélt fast við grundvöll þann, er frv. hans var byggt á, og taldi eigi fært að hvika frá honum. Varð síðan niðurstaðan sú, að málið sofnaði. Hv. n. skilaði engu áliti um frv., og varð það því eigi útrætt.

Á síðasta þingi var frv. ekki flutt, en nú er

það flutt í þriðja skiptið. Vegna þess aðdraganda, sem málið hefur haft, þótti mér rétt að rekja hann hér nokkuð, ef verða mætti mönnum til leiðbeiningar. Ég endurtek svo, að einstakir hv. nm. hafa enga afstöðu tekið til málsins, og mun hv. n. taka það til nánari athugunar. Get ég því eigi sagt, hver afstaða hennar muni verða. Vil ég ítreka, að hv. iðnn. er þeirrar skoðunar, að málið verði að afgreiða og til þess megi eigi koma, að frv. dagi uppi í þriðja sinn. Ég leyfi mér svo að lofa því fyrir hönd n., að hún láti frá sér heyra við 2. umr. þessa máls.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mig langar til í sambandi við þetta mál að biðja hæstv. menntmrh. eða iðnmrh. að gefa upplýsingar um, hvað líði undirbúningnum að nýrri löggjöf fyrir skólana í landinu. Mþn. sú, sem skipuð var til endurskoðunarinnar, átti m. a. að endurskoða l. um iðnfræðslu. Hún hafði endurskoðað löggjöfina varðandi almennu skólana og var að byrja á iðnskólunum. Fór starf þetta fram í samráði við skólastjóra iðnskólans, Helga Hermann Eiríksson, og með hliðsjón af þeim frv. um þessi mál, sem náskyld eru þessu, um réttindi og skyldur námssveina og um sjálfræði skólanna. Árið 1947 skilaði hún frv. til menntmrn. Mig langar til að heyra um, hvort eigi mætti búast við þessu frv. Ég vil leggja áherzlu á það, að ég álít, að samþykkja eigi frv. þetta. En það mætti vera í tvennu lagi. Held ég, að málum iðnfræðslunnar sé ekki svo vel fyrir komið, að dragast megi láta úr hömlu, að skýr lagaákvæði séu sett um þessi efni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) tók fram um frv. til l. um iðnskóla. Þetta frv. hefur verið til athugunar í menntmrn. og því rn., sem fer með iðnaðarmál. En nú er þessum málum þannig komið, að ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. komi bráðum fram í þinginu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hef litlu eða engu við að bæta þá ýtarlegu framsögur., sem hv. frsm. n. flutti, en vil þakka n. fyrir, að hún flutti málið. — Að öðru leyti vildi ég óska þess, af því að nú er áliðið nokkuð orðið, að málinu verði heldur hraðað eða ýtt á eftir því, svo að það komist áfram, ef nokkur von á að vera til þess, að það verði afgreitt á þessu þingi. Þetta er þriðja þingið, sem það er flutt á. Það fékk, að ég ætla, mjög góðan undirbúning, þegar það var samið, af öllum aðilum, sem þar áttu um að fjalla, og hefur verið þrautrætt á tveimur þingum, svo að þess er nú að vænta, að hv. þm. hafi gert sér nokkurn veginn ljósa grein fyrir því, hvort þeir geta verið með því eða þeir verða á móti því í þessari mynd, eins og það er nú flutt. Ég vildi sem sagt óska, að málinu verði hraðað heldur en hitt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 369, 419).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Iðnn. hefur haldið nokkra fundi um málið milli 1. og 2. umr., eins og hún hafði heitið. Í n. er ágreiningur um nokkur grundvallaratriði þessa máls og einmitt sömu atriðin, sem valdið höfðu ágreiningi hér á Alþ., þegar málið var til meðferðar síðast, þ. e. a. s. á næstsíðasta þingi. Það, sem ágreiningi veldur, eru þau tvö meginatriði, sem ég rakti í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins, þ. e. hvort taka skuli upp það nýmæli að heimila iðnnemendum að ganga undir próf án þess að hafa stundað nám tiltekinn tíma hjá meistara, og svo vandamálið um gervimennina svokölluðu. N. fór rækilega í gegnum frv. og athugaði, hvort ekki gæti orðið samkomulag um nokkrar breyt., sem fremur snerta form en efni, og að því hefur n. unnið milli 1. og 2. umr. málsins. Þessum brtt. á þskj. 419 hefur nú verið útbýtt. N. ræddi málið við formann stjórnar hinnar stjórnskipuðu n., sem frv. þetta hefur samið á sínum tíma, Helga Hermann Eiríksson. Hann er fyrir sitt leyti samþykkur öllum brtt., sem tilgreindar eru á þskj. 419. Ég held, að þessar brtt. skýri sig sjálfar, svo að ástæðulaust sé að rekja efni þeirra með löngu máli.

Um 1. brtt., sem gerð er við 7. gr., a-lið, er það að segja, að n. vildi, að það kæmi skýrt fram í l., að iðnfræðsluráð á að hafa afskipti af tölu nemenda aðeins frá því sjónarmiði, að þeir fái þar sem fullkomnasta kennslu. Þetta er tekið fram til þess, að skýrt sé, að iðnfræðsluráð hafi ekki vald til þess að loka iðngreinum. Þetta vald skal vera í höndum iðnfræðsluráðs til þess eins að tryggja, að ekki sé hrúgað óeðlilega miklum fjölda nemenda inn í greinarnar, svo að þeir geti ekki notið þar fullkominnar kennslu. — Hin brtt. við 7. gr. er þess eðlis, að það er ekki gert ráð fyrir, að úrskurður iðnfræðsluráðs í vissum deiluatriðum sé endanlegur, heldur að slíkum úrskurði megi áfrýja til dómstólanna. — 2. brtt. skýrir sig sjálf. — Um 3. brtt. er það að segja, að n. þótti eðlilegt, að það væri tekið fram í l., að nemendur gætu gengið oftar en einu sinni undir próf, en þó jafnframt ákveðið að hafa það hámark, að það mætti þó ekki nema þrisvar sinnum. — 4. brtt. miðar að því að taka tillit til gildandi almannatryggingal. 5. brtt. er aðeins um það að breyta orðalagi, sem n. þótti ekki viðkunnanlegt. N. þótti óheppilegt að orða ákvæðið eins og hætta væri á, að nemendum væri misþyrmt, og taldi rétt að hafa það orðalag í staðinn „ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð." — Um 6. brtt., b-lið, er það að segja, að þar sem í l. er gert ráð fyrir, að gerðardómur skuli fjalla um mál og fella endanlegan úrskurð, þá er hér gert ráð fyrir, að dómi gerðardóms megi

þó áfrýja til dómstóla, og má segja, að slíkt sé nokkurt aðhald fyrir gerðardóminn.

Ég vil endurtaka það, að hér er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða og fullt samkomulag um brtt. innan n. og einnig við formann þeirrar stjórnskipuðu n., sem samið hefur frv. upphaflega.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. iðnn. fyrir þessa afgreiðslu málsins, sem það hefur fengið hjá henni með þessum breyt. Ég hef ekki neitt við þær að athuga yfirleitt og get vel fallizt á, að þær verði samþ., enda raska þær í engu meginefni frv. Það hefur verið svo undanfarið og er líka lagt til í frv., að úrskurður gerðardóms um ýmis mál sé endanlegur úrskurður, en ég sé ekkert athugavert því til fyrirstöðu, ef hv. n. þykir af einhverjum ástæðum það bera í sér meira öryggi, að það megi vísa málinu frá honum til dómstóla landsins. Það getur verið gott að hafa það aðhald, og sé ég ekkert athugavert við þá brtt. Þetta er aðalbreyt. í brtt. n. Hinar eru ekki efnisbreytingar, heldur miklu fremur til að færa þetta til betra máls. Ég get fallizt á, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hafa komið fram frá n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 419,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
18.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 419,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77., 78., 86. og 87. fundi í Nd., 8. og 10. marz, 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 435, 448, 539).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Meiri hl. iðnn. á hér brtt. á þskj. 539, sem ég vil gera örstutta grein fyrir. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skipað verði iðnfræðsluráð, og í 3 gr. er gert ráð fyrir, að ráðið verði skipað 5 mönnum, skipuðum af ráðh., og verði 2 þeirra skipaðir eftir tilnefningu iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, en 2 eftir tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna. Nefndin hefur við nánari athugun talið óeðlilegt, að sveinarnir væru tilnefndir af undirdeild í Alþýðusambandinu, og talið eðlilegra, að fulltrúar bæði meistara og sveina væru tilnefndir af landssamböndum, Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna. Meiri hl. iðnn. óskar því eftir, að till. þessi verði samþ.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 539, *sem of seint* var útbýtt, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Rang. að leggja fram brtt. á þskj. 448. Aðalefni brtt. felst í 1. brtt., 1. tölulið, en hitt eru aðeins leiðréttingar, sem óhjákvæmilegt er að gera, verði 1. brtt. samþ. Þegar sams konar frv. var síðast hér í þinginu fyrir 1—2 árum, var samhljóða brtt. felld inn í frv. í Ed. Efni hennar er það, að mönnum þeim, sem öðlast leikni í iðngrein, sé leyfilegt að ganga undir próf í þeirri grein án þess að hafa stundað nám hjá meistara. Menn þessir verða að ganga undir próf sams konar og veitir sveinsréttindi og verða að ljúka námi í bóklegum greinum í iðnskóla. Þetta er fullkomið sanngirnismál og sambærilegt við það sem tíðkast í öðrum skólum. Ég vona því, að hv. deild taki þetta til athugunar og samþ. brtt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar til, áður en till. þessar koma til atkv., að lýsa því yfir, að ég hef ekkert annað að segja um brtt. meiri hl. iðnn. á þskj. 539 en að ég tel þær eðlilegar og fellst á þær. En um brtt. á þskj. 448 er allt annað að segja, og ef þær yrðu samþ., vildi ég óska, að frv. í heild yrði fellt.

Frv. þetta er samið af mþn. í iðnaðarmálum, sem hafði fulltrúa frá sveinum og meisturum og lögfræðinga, sem kynnt höfðu sér þessi mál. Nefndin náði samkomulagi, og kemur árangurinn af starfi hennar hér fram. Ef brtt. á þskj. 448 verður samþ., þá er þar með búið að hrinda þeim grunni, sem frv. er byggt á. Frv. er byggt upp á því, að kennsla meistara verði áfram eins og verið hefur og einnig bókleg kennsla í skólum. Í brtt. er gert ráð fyrir, að verkleg kennsla meistara verði burt numin og þar með hægt að útskrifa iðnaðarmenn og gera að sveinum, sem aldrei hafa stundað verklegt iðnnám. Þá er hægt að taka menn, sem hafa vottorð um, að þeir hafi stundað þessa iðn lengur eða skemur. En þetta segir ekki neitt. Flestir verkamenn okkar gætu t. d. lagt fram vottorð um það, að þeir hefðu stundað byggingarvinnu í lengri tíma, og þannig fengið sveinsréttindi án þess að kunna nokkuð að ráði til verka. Og þó að þeir þurfi að ganga undir próf í faginu, þarf það ekki að koma fram, því að ekki er hægt að prófa í öllu, heldur eru aðeins einstök atriði tekin út úr, sem nemandinn þarf að leysa af

hendi, svo að prófin eru enginn algildur mælikvarði á hæfni nemandans. Ef þessi till., sem byggð er á fullkominni vanþekkingu á þessu máli, verður samþ., er því frv. stofnað í fullkominn voða, og ég mundi því óska, að það yrði fellt, ef hún næði fram að ganga. Allar stéttir iðnaðarmanna, sem ég þekki, eru á móti þessari brtt., bæði meistarar og sveinar. Og þó að sams konar till. hafi áður verið hér til umr., þarf það síður en svo að sanna ágæti málsins, heldur var það einmitt látið daga uppi þá vegna þess, að það þótti óhæft. Ég tel brtt. þessa því, ef hún verður samþ., tilræði við frv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi bæta við nokkrum orðum um brtt., einkum út af ummælum þeim, sem hæstv. iðnmrh. hafði um hana. Hann telur, að verði till. samþ., þá sé frv. stofnað í fullkomna hættu og tilgangi þess að verulegu leyti raskað. Út af þessu vil ég minna á það, að á síðustu árum hefur Alþ. afgr. víðtæka löggjöf um skólamál, svo víðtæka, að mönnum hefur fundizt nóg um allar þær skyldur og kvaðir, sem hún hefur haft í för með sér, en í allri þessari löggjöf er það meginregla, að mönnum er heimilt að lesa utanskóla og þreyta síðan próf við skólana. Standist þeir þessi próf, öðlast þeir sömu réttindi og þeir, sem nám hafa stundað í skólunum sjálfum. Þá vil ég minna á það, að í l. þessum er gert ráð fyrir verknámsdeildum, og gilda hinar sömu reglur um þær, að mönnum er heimilt að afla sér þekkingar annars staðar og þreyta síðan próf við deildina og öðlast þannig sama rétt og reglulegir nemendur. Hér er því aðeins farið fram á, að þetta haldist einnig um iðnfræðsluna. Hæstv. ráðh. sagði, að engin trygging væri fyrir því, að nemendur hefðu lært nógu mikið. En mér skilst, að prófin ættu að vera trygging fyrir kunnáttu nemenda þarna eins og annars staðar. Ég hygg, að menn, sem ekkert hafa lært, geti ekki staðizt próf, en standist nemandi, sem ekki hefur lært hjá meistara, prófið, hygg ég, að kunnátta hans sé jafnhaldgóð og varanleg og hins. En nú er það svo um námið hjá meisturum, að það hlýtur fremur að vera kennsla en starf og vinna, og ef svo er, hlýtur að vera erfitt að afla sér sambærilegrar menntunar utanskóla, svo að þetta mundi varla vera notað mikið. Fáir taka stúdentspróf utanskóla vegna þess, hve það er erfitt, og eins hygg ég, að raunin mundi verða um iðnfræðsluna, ef þetta væri samþ. Ég vil láta það koma fram, að nú er svo ástatt í landinu, að manni, sem hafði leyst af hendi iðnnám, eins og að setja upp vatnsaflstöð, sem staðizt hefur próf reynslunnar um tugi ára, er bannað að freista að taka próf, þó að hann hafi til þess kunnáttu og hæfni. Þetta brýtur algerlega í bága við þá meginreglu, sem ríkir í skólamálum okkar, og vil ég stuðla að því, að slíku verði ekki til að dreifa í framtíðinni.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langar umr. um þetta mál. Það liggur ljóst fyrir, en ég get ekki stillt mig um að svara hv. þm. A-Sk. með nokkrum orðum. Aðalrökin, sem hann hafði fram að færa, voru þau, að þessi heimild mundi ekkert eða lítið notuð. Hann bjóst við, að það sama mundi gilda hér sem við aðra skóla, að aðeins fáir mundu nota sér heimildina til að vera utanskóla. En þessi rök sýna bara, hve hv. þm. er þessum málum óendanlega ókunnugur, og vil ég því reyna að skýra þetta fyrir honum. Þegar nemandi ræður sig til meistara til 4 eða 4½ árs, fær hann ½ eða ¼ af kaupi. Hvaða maður heldur þessi hv. þm. að mundi gera slíkt, ef hann ætti kost á að fá venjulegt kaup og öðlast samt sem áður sömu réttindi? Með þessu móti mundi fara svo, að enginn færi í hið reglulega iðnaðarnám, heldur mundu menn vinna verkamannavinnu við iðngreinina, fá þar fullt kaup og síðan slampast einhvern veginn í gegnum próf og öðlast þar með full réttindi iðnsveina. Afleiðingin af þessu mundi aðeins verða sú, að iðnaðarmannastétt okkar mundi smám saman stórhraka. Þetta er megingallinn, sem orsakast af því, ef brtt. verður samþ. Hv. þm. A-Sk. vildi draga samlíkingu milli skólalöggjafarinnar og þessa, en þar er ekki mögulegt að afla sér þekkingar utan skólanna nema að litlu leyti, nema þá með því móti að taka einkatíma, og það verður ekki ódýrara, og er þetta því sáralítið notað. En þegar menn geta stundað iðnaðarvinnu á fullu kaupi og öðlazt sömu réttindi, þá lætur enginn binda sig á klafa um langt árabil við venjulegt iðnaðarnám, og afleiðingin verður sú, sem ég sagði. Ég tel þetta nægilegt svar við ræðu hv. þm. A-Sk. og tef ekki tímann við að telja upp fleiri rök gegn till. hans, sem vissulega eru þó nóg til.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 539 samþ. með 16:2 atkv.

— 448 felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, SK, StgrSt, HelgJ.

nei: LJós, SigfS, SEH, StJSt, StSt, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞG, HB, HermG, BG.

14 þm. (JóhH, JJ, KTh, ÓTh, PO, SB, SG, SkG, ÁkJ, BÁ, EystJ, GTh, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, PÞ, SigfS, SEH, StJSt, StSt, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞG, HB, HermG, BG.

JPálm, JS, JörB, SkG, StgrSt, HelgJ, JG greiddu ekki atkv.

14 þm. (JJ, KTh, ÓTh, PO, SB, SG, SK, ÁkJ, BÁ, EystJ, GTh, HÁ, IngJ, JóhH) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Sþ., 25. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 565).

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. og 93. fundi í Ed., 2. og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 3. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 565, n. 602 og 607, 617).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál, frv. til l. um iðnfræðslu, er gamall kunningi hér í deildinni, því að það lá hérna 1946 og 1947, og í janúar 1947 var það afgr. til hv. Nd. Á frv. voru þá gerðar ýmsar breytingar, sem iðnn. gat fallizt á, og náðu þær brtt. allar samþykki deildarinnar, en auk þess voru þá brtt., sem n. gat ekki öll komið sér saman um, og voru þær samþ. sumar hverjar a. m. k.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af milliþn., en í henni áttu sæti fulltrúar frá atvinnurekendum eða meisturum og fulltrúar iðnsveina og auk þess fulltrúi ríkisstj., og má segja, að frv. sé byggt á samkomulagi þessara aðila. Nú hefur þetta mál verið tekið upp af ráðh. og flutt af iðnn. Nd. Frv. var flutt að mestu eins og 1946, og voru þá ekki teknar með breyt. þær, sem iðnn. Ed. hafði gert á því þá. Hins vegar hefur nú iðnn. Nd. tekið upp í frv. flestar af þeim breyt., sem iðnn. Ed. hafði gert 1946, og náðu þær samþykki Nd. Eftir því sem málið liggur nú fyrir, þá er aðeins ein till., sem flutt var í Nd., sem samkomulag náðist ekki um og var felld þar. Það er sams konar till. og nú er flutt hér í deildinni af minni hl. iðnn., hv. 1. þm. N-M. Annars ætla ég ekki að fara að rökræða þá till. hér, en vil aðeins geta þess hér, að ef hún verður samþ., þá þykir mér það sennilegt, að það muni þýða sama og það, að frv. mundi daga uppi. Í fyrsta lagi af því, að Nd. hefur þegar fellt till. um sams konar efni og er því líklegt, að hún mundi gera slíkt hið sama aftur, þó að hún yrði samþ. hér, og í öðru lagi af því, að mjög skammt er nú til þingloka og líkur til þess, að frv. mundi daga uppi, því að ef Ed. samþykkir þessa till., þá er nokkurn veginn vissa fyrir því, eftir því sem ég hef komizt að hjá iðnn. Nd., að ráðh. óski ekki eftir því, að það verði lögfest, vegna þeirrar ástæðu, að meistarar og sveinar eru andvígir þeirri stefnu, sem fram kemur í brtt. En burtséð frá þessu þá telur meiri hl. iðnn., að full þörf sé á því að fá frv. samþ. á þessu þingi og vildi þess vegna ekki taka undir till. minni hl. n., því að það mundi þýða það, að frv. dagaði uppi.

Ég dreg enga dul á það, að iðnaðarstéttin muni vera orðin langeyg eftir þessari löggjöf, sem að ýmsu leyti er frábrugðin þeirri löggjöf, sem nú gildir í þessum málum. Og það er almenn krafa stéttarinnar, að Alþ. samþ. þessar breyt., og undir þær kröfur vill meiri hl. taka. Ég ætla hér ekki að fara að gera grein fyrir þeim breyt., sem hafa orðið frá því, sem er í núgildandi löggjöf, því að það var gert, þegar málið var hér til umr. í deildinni 1946 og 1947, og öllum deildarmönnum er kunnugt um það, nema e. t. v. einum, hv. 1. þm. Reykv. (BÓ). En ég vildi aðeins með þessum orðum sýna fram á það, að n. vildi orka á það, að frv. yrði samþ. óbreytt, en ella mundi það daga uppi, því að ég hef fært fram rök fyrir því áliti mínu, að ég tel ekki fært, að gerðar verði breyt. á frv., nema eiga það á hættu, að málið dagi uppi. Get ég svo lokið ummælum mínum um málið að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi benda hv. frsm. meiri hl. og reyndar öllum þdm. á það, að því fer svo víðs fjarri, að þetta frv. sé byggt á samkomulagi milli iðnnema og meistara, að 168 iðnmeistarar í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi og fleiri stöðum hér í kring hafa sent skjal til Alþ., þar sem þeir óska eftir margháttuðum breyt. á þessari löggjöf. Þetta skjal hafa allir þm. fengið, svo að ég skal ekki þreyta þm. á að lesa það hér upp. Þeir hafa þar farið fram á það, að breytingar séu gerðar á þann veg, að lagðar séu þar skyldur á menn, að þeir skuli vera búnir að ganga gegnum iðnskólann, áður en þeir hefji verklegt nám. Þrátt fyrir þessar óskir þeirra hef ég lítið tillit tekið til þeirra í þessum brtt. mínum.

Breyt. þær, sem ég legg til, að gerðar verði, á þskj. 602, hafa allar sézt hérna áður, því að þetta er í þriðja sinnið, sem málið er hér til meðferðar. Í þessum brtt. mínum legg ég það til, að tekinn verði upp annar háttur við það, hvernig reiknaður skuli námstíminn, sem nemendurnir vinna hjá meistara, heldur en sá, sem er í frv. eins og það kom frá Nd., en þar segir í 11. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkv. þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með undirskrift sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst ekki hafinn, fyrr en námssamningur hefur hlotið staðfestingu iðnfulltrúa."

Nú er mér kunnugt, seinast af atviki, sem ég heyrði um í gær, að nemandi byrjaði að vinna hjá meistara og það dróst í meira en ár, að samningurinn væri undirskrifaður. Ef það ætti nú að fara eftir þessum l. eins og þau nú hljóða, þá mundi það lengja námstíma nemandans um heilt ár. Í staðinn fyrir þetta legg ég til í minni brtt., að námstíminn byrji á þeim degi, sem nemandi byrjar að vinna hjá meistara, enda þótt samningurinn sé ekki staðfestur fyrr en síðar. Þetta er sjálfsögð réttarbót fyrir nemendur, enda er þetta ein af þeim till., sem við bárum fram og fluttum síðast er málið var hér til umr., en hefur ekki fengið náð fyrir augum þeirra, sem vilja líta á nemendurna sem eins konar vinnuvélar fyrir meistarana, en það virðist hæstv. iðnmrh. helzt gera.

Önnur brtt. á sama þskj. er líka kunn hér í d. áður. Það er svo við allt nám hér á landi, nema við iðnnám, að menn fá að ganga undir próf, þegar þeir telja sig til þess hæfa, þó að þeir séu ekki búnir að vera í skóla einhvern ákveðinn námstíma. T. d. mun nú vera að ganga undir próf í lagadeild háskólans maður, sem búinn er að vera þar aðeins 3 ár, þó að námstíminn sé þar almennt miklu lengri, allt upp í 6 ár. Það hefur ekki nokkur maður á móti því, að maðurinn sýni, hvort hann er búinn að fá þá heildarmenntun, sem þarf til að standast prófið. Ef hann hefur það, fær hann prófið, þó að hann hafi ekki verið þar við nám nema stuttan tíma eða jafnvel ekki neitt. Menn geta tekið stúdentspróf, þó að þeir hafi aldrei í menntaskóla verið. Þetta gildir alls staðar nema í iðnfræðslunni. Þar þarf að gera námssamning og vinna hjá meistara ákveðinn árafjölda. Og það er sama, hvort maðurinn þarf mörg ár til að læra iðngreinina eða getur lært hana á einu ári, hann verður að vera við námið þann ákveðna tíma. Tíminn er miðaður við það, sem meðalmaður þarf að vera, eða eitthvað fyrir neðan það. Það er sanngjarnt, en hitt er ekki sanngjarnt, að menn megi ekki ljúka náminu á skemmri tíma, ef þeir hafa dugnað til, eða fengið að sýna kunnáttu og fá þau réttindi, sem viðkomandi próf veitir, ef þeir hafa kunnáttu til að standast það. Um þetta er 2. brtt. mín. Eins og menn muna frá því, er þetta mál var til umr. áður hér á Alþingi, þá bar ég mikinn kviðboga fyrir því, fyrst þegar þessi till. kom fram, hvort það mundi hægt að koma þannig fyrir prófum í verklegum efnum, sem menn eru prófaðir í í ýmsum iðngreinum, að það yrði eftir þeim dæmt um kunnáttu þeirra. Ég var þá, eins og ég er enn, ákveðinn í því að vilja reyna að láta menn hér fá sömu réttindi og þeir hafa við annað nám og geta sýnt kunnáttu sína og fá skírteini, þegar þeir telja sig hæfa til þess. Ég talaði þess vegna um þetta við ýmsa iðnaðarmenn, m. a. Einar Gíslason og skólastjóra iðnskólans, Helga Hermann Eiríksson, o. fl. Þeim kom saman um, að það yrði að haga nokkuð öðruvísi prófum slíkra manna, það mundi taka lengri tíma, en það væri vandalaust að koma prófunum þannig fyrir, að það mætti að fullu dæma um kunnáttu þeirra, er undir þau gengju.

Eftir að hafa fengið þessar upplýsingar, og ég tek þær trúanlegar, því að þetta voru menn, sem ég tel fullkomlega dómbæra um þessa hluti, hef ég ákveðið haldið þessari till. fram. Ég flyt hana því aftur nú. Hún var samþ. í þessari d. fyrir tveimur árum, þegar málið var hér til meðferðar. Frv. strandaði í Nd., kannske að einhverju leyti fyrir þetta ákvæði, því að þótt undarlegt megi virðast, þá virtist hæstv. viðskmrh. aldrei vilja viðurkenna rétt iðnnemanna til að sýna kunnáttu sína, fyrr en meistararnir væru búnir að hafa þá hæfilega lengi að hans dómi, en hæfilega lengi að hans dómi er allan þann tíma, sem ákveðið er í reglugerð, að iðnnám skuli standa, nám, sem miðað er eitthvað fyrir neðan meðallag námshæfileika.

Þessi grein er orðuð eins og síðast, þegar málið lá hér fyrir, en síðan eru 2 ár. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að þessa till. mætti ekki samþ. inn í frv. hér, því að þá væri hætta á, að það mundi verða svæft eða breytt aftur í Nd., því að þar hefur ekki fengizt meiri hluti fyrir henni. Till. hafi verið flutt þar af tveimur þm., hv. þm. A-Sk. og hv. 2. þm. Rang., en felld. Þetta er rétt, till. var felld í Nd., en hún var felld með litlum atkvæðamun og ekki nema líðlega helmingur deildarmanna á fundi. Hún var felld með 12 atkv. á móti 9 eða 10. Þó fullyrði ég ekki alveg þær tölur, en það var eitthvað því líkt. Þessi atkvgr. sýnir því ekkert, hvernig Nd. mundi nú verða við till., ef hún væri fullskipuð og menn væru þar mættir til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Hinar brtt., 3., 4. og 5., eru afleiðing af tveimur þeim fyrstu, og þarf ég ekkert sérstakt um þær að segja.

Ég hafði upphaflega ekki hugsað mér að flytja aðrar brtt. en þær, sem eru á þskj. 602, en ég hef einnig flutt brtt. á þskj. 617, og geri ég það eftir ósk manna, ekki allra, heldur margra af þeim 164 iðnmeisturum, sem hafa sent Alþingi þetta skjal, sem hv. þm. hafa fengið, þar sem þeir vilja breyta ýmsu í þessum l. C-liðurinn í þessari till. er settur af misgáningi, og er hann, herra forseti, tekinn aftur. Hinar brtt., sem ég ber þar fram, eru við 22. gr., í tveimur liðum, a og b. Í 22. gr., eins og hún er nú, er gert ráð fyrir, að ef kemur verkfall hjá iðnsveinum, svo að stöðva verður vinnu hjá þeim, sem veita þessum nemum kennslu, þá séu meistarar skyldir til að borga nemum fullt kaup allan tímann, sem verkfallið kann að standa. Þetta er ekki réttmætt. Þetta er kennaranum alveg óviðkomandi. Hann hefur ekki getað gert ráðstafanir til að aftra því, að þetta verkfall yrði, og hann getur ekki, meðan á því stendur, látið nemana vinna, fær það ekki. Nú er það að vísu svo, að ósk þeirra er helzt sú, að þeir fái, þótt verkfall sé, að láta nemana vinna, en það vil ég ekki taka upp, en þetta fannst mér fullkomlega sanngirniskrafa, að meistarar þyrftu ekki, meðan verkfall stæði, að borga nemum kaup, og það er aliðurinn, sem að því beinist.

B-liðurinn orðar síðan 2. málsgr. um. Eins og hún er nú, er gert ráð fyrir því, að iðnráð fái leyfi til þess að lengja vinnutíma hjá iðn-

nemum fram yfir umsaminn samningsbundinn tíma, sem nemur því, sem það telur, að nemar hafi misst úr vegna vinnustöðvunar hjá meistara. Í minni brtt. er gert ráð fyrir því, að þetta sé nokkuð öðruvísi. Það er gert ráð fyrir, ef vinnustöðvun er mjög lengi, þá geti samningurinn rofnað af sjálfum sér og þá sé nema heimilt að fara á annan stað og halda sínu námi áfram. T. d. ef vinnustöðvun er í Reykjavík hjá bókbandsmeisturum, þá geti nemar í þeirri grein, þegar verkfallið er búið að standa nokkurn tíma, farið til meistara í Hafnarfirði og haldið þar áfram námi sínu, svo að hann tefjist ekki á sínum námsferli og verði kannske ókleift að halda námi sínu áfram.

Þetta eru þær brtt., sem ég hef flutt við þetta frv.

Ég skal að endingu endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég tel, að það væri langbezta afgreiðsla, sem þetta mál gæti fengið nú, að það yrði ekki að l. á þessu þingi, heldur yrði athugað, að hve miklu leyti hægt væri að koma á móti meisturum og óskum þeirra og þeim brtt., sem tiltölulega nýlega eru fram komnar og hafa ekki verið athugaðar af n., því að þær voru ekki fram komnar, þegar n. var að athuga málið. Jafnframt hefur það skeð, að nú er fram komið í Nd. frv. um iðnskóla, þar sem ætlazt er til, að menn fái í iðnskóla ekki aðeins bóklega kennslu, heldur og verklega, og komi hún þá í staðinn fyrir iðnmeistara og verkstæðin, sem nú veita þessa fræðslu. Er ætlazt til, að iðnskólinn geti prófað menn frá meisturum og þar með létt mjög mikið framkvæmd 2. brtt. minnar á þskj. 602, því að það er dálítið erfitt og tekur dálítinn tíma að koma því prófi fyrir, eins og nú hagar til. En eftir að *kominn væri þessi iðnskóli, sem hefði* möguleika til að kenna verklegt iðnaðarnám og prófa menn í því, væri þetta allt annað. Ég teldi því þetta beztu lausnina, þó að ég geri ekki till. um það, að bæði þessi mál, iðnfræðsluna og iðnskólana, dagaði uppi á þessu þingi, en yrðu samræmd og lögð fram bæði í nýrri og breyttri mynd á næsta þingi og að þau hefðu þá verið borin undir meistarana, svo að þeir þyrftu ekki 164 að senda þessi skjöl og mótmæli gegn samþykkt frv. eins og það er nú eða óska eftir breyt. á því. Ég hef þó ekki viljað leggja þetta til, heldur flytja þessar brtt., sem ég tel mikið til bóta og ég veit frá því fyrir 2 árum, að hafa meiri hl. d. með sér, því að ég geri ekki ráð fyrir, að menn séu hér eitt í dag og annað á morgun. Till. voru samþ. með nafnakalli fyrir 2 árum síðan, og eins vona ég að fari nú, hvað sem kann að verða í Nd. En þótt spádómur hv. 1. landsk. rættist, að frv. dagaði uppi, þá teldi ég, að þar væri enginn skaði skeður, því að frv. liggur ekki á meira en svo, að heppilegast væri, að það væri látið fylgjast með frv. um iðnskóla, sem nú hefur verið lagt fram í fyrsta sinn. Gæfist þá tækifæri til að samræma þessi tvö frv. og sníða af þessu frv. ýmsa þá annmarka, sem meistarar eru nú óánægðir með.

Ég vil geta þess, að einn nm., hv. 1. þm. Reykv., gat ekki verið á tveimur fundum, þar sem þetta mál var til meðferðar, en ég veit, að þótt hann sé ekki kominn fram með brtt., þá er hann með till., sem fara meira í þá átt, sem iðnmeistarar óska eftir í sínu bréfi til þm., og vil ég mælast til þess, þar sem hann er nú ekki á fundi, að málinu verði ekki hraðað það, að honum gefist ekki tími til að koma fram með sínar brtt., því að ég veit, að hann ætlar sér það.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en ég vænti þess, að eins og þessi d. á sínum tíma var með 1. og 2. brtt. minni, sem nú eru fram bornar á þskj. 602, eins verði sömu menn með því nú og eins að till. á þskj. 617 verði samþ.

Umr. frestað.

Á 97., 98., 99., 101., 102., 103., 105. og 106. fundi í Ed., 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 13. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 107. fundi í Ed., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 565, n. 602 og 607, 617, 624).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur svo oft verið til umr. hér í deildinni, að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Sömuleiðis þarf ég ekki að fjölyrða meira um 2. brtt. á þskj. 602, frá 1. þm. N-M., sem gengur út á að opna stéttina fyrir óiðnlærðum mönnum. Þessi brtt. hefur áður verið til umr., og færði ég þá fram rök gegn henni. Svo eru hér nýjar brtt. á þskj. 617 og þskj. 624. Báðar fjalla þær um 22. gr. frv., en hún kveður á um, hvernig fara skuli að, er verkfall verður í þeirri iðngrein, sem iðnnemi stundar nám í. Þetta hefur lengi verið viðkvæmt deiluatriði og skiptar skoðanir um það. Iðnnemar eru við sína vinnu í námi hjá sveinum, og sveinar eru svo aftur ráðnir með kollektívum samningum hjá meisturum. Þessir samningar milli sveina og meistara hafa takmarkað gildi, og þegar þeim er sagt upp, þá nær það yfir alla stéttina. Iðnnemar eru aftur á móti ráðnir með einstaklegum samningum og geta því ekki gert sameiginlegt verkfall. Iðnnemi er ráðinn yfir allt tímabilið, en þó skylt að vinna með sveinum, sem geta yfirgefið vinnu sína. Ég minnist þess, að fyrir um það bil 10 árum voru margir þeirrar skoðunar, að taka ætti iðnnema inn í sveinasamtökin, til þess að það tæki yfir báða þessa flokka, ef til vinnustöðvunar kæmi, en til þess að koma í veg fyrir það, varð Alþingi að setja lög, sem bönnuðu, að iðnnemar væru í sveinafélagi.

Í nefnd þá, sem athugaði þetta mál og samdi frv., voru kvaddir kunnáttumenn á þessu sviði. Þeim kom saman um, að bezt mundi vera að fara bil beggja, eins og gert er í 22. gr., þannig að ef verkfall verður, þá skuli iðnnemar ekki látnir vinna að framleiðslustörfum, heldur skuli þeir aðeins látnir gera við vélar undir stjórn meistara. Ef gr. er hins vegar tekin út, eins og gert er ráð fyrir á þskj. 624, þá stendur allt við það sama, ef til verkfalls kemur, og get ég því ekki lagt til, að sú brtt. verði samþykkt. Á þskj. 617, brtt. frá hv. þm. N-M.,

er einnig lagt til, að 3. málsgr. 22. gr. falli niður. Enn fremur fjallar a-liður þessarar brtt. um það, að á meðan nemandi sé frá vinnu vegna vinnustöðvunar, beri honum ekki kaup. Þetta ætti ekki að þurfa að taka fram, því að ef nemarnir vinna, þótt vinnustöðvun sé, kemur auðvitað ekki til greina að svipta þá kaupi. — 2. málsgr. brtt. eða b-liður fjallar um það, að ef vinnudeilan stendur lengi, þá geti hvor aðili sem er sagt upp samningi. Þetta finnst mér mjög hæpið. Segjum t. d., að meistari hafi tekið nema til starfs, sem hann á erfitt með að ljúka við kennslu á. Hann getur þá notað tækifærið til þess að segja upp samningi við nemann, þótt hann sé kannske á öðru eða þriðja ári sem nemi, og neminn getur átt á hættu að komast ekki aftur í þetta starf og orðið þannig fyrir stórkostlegu tjóni. Mér finnst neminn ekki hafa unnið neitt refsivert og er því mótfallinn þessari brtt.

Fleira hef ég svo ekki um þetta að segja, en ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki teygja þessar umr., en vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til brtt., sem komið hafa fram. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 607 og vil þar með stuðla að framgangi frv. óbreytts, en áskildi mér þó rétt til að greiða atkv. með brtt., svo sem brtt. 602. Ég tel rétt, að námstíminn skuli teljast frá dagsetningu námssamningsins, en bíði ekki staðfestingar iðnráðs. Það hefur komið fyrir, að dráttur hefur orðið á þeirri staðfestingu og nemar hafa þannig verið snuðaðir. Ég tel rétt að setja slík ákvæði, og úr því að þau eru komin hér fram í brtt., þá mun ég greiða þeirri brtt. atkv. Efnislega er ég samþykkur 2. brtt. á sama þskj., að mönnum gefist kostur á að ganga undir iðnpróf, þótt þeir stundi ekki námið hjá meistara. Ég held hins vegar, að ekki sé tímabært að setja slík ákvæði inn í frv. nú, þar sem hvergi er nú til stofnun, þar sem hægt er að ganga undir slíkt verklegt nám. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu.

Í lögum um iðnskóla er gert ráð fyrir vinnustofum, þar sem skilyrði verða til að stunda slíkt nám við skólann, og á þá að verða hægt að ganga undir próf, er veiti sömu réttindi og þeir fá, sem stunda nám hjá meisturum, svo að fullnægjandi sé, og verð ég því ekki með heimildinni, þó að efnislega sé ég sammála.

Um aðrar brtt. er það að segja, bæði á þskj. 617 við 22. gr. o. fl., að ég mun greiða atkv. á móti þeim með sömu rökum og hæstv. ráðh. tók fram, sbr. þskj. 624. Ég tel, að ákvæði verði að vera um þetta, en álít, að ákvæðin, sem eru í 22. gr., séu fullnægjandi. Annars skal ég ekki fjölyrða um málið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að lýsa afstöðu minni til brtt. og málsins í heild. Ég tel brtt. við 22. gr. ekki vera til bóta og mun greiða atkvæði á móti henni. En ég hef verið samþykkur brtt. á þskj. 602, 2. tölul., og er skoðun mín á efni þeirrar till. óbreytt, og eigi einvörðungu efnislega, heldur og er ég sannfærður um, að hægt sé að framkvæma próf í verklegum efnum þannig, að hægt sé að ganga úr skugga um verkhæfni nemenda, án þess að þeir hafi stundað iðnnám hjá meistara. Ég tel margt vera til bóta og vil ekki tefja afgreiðslu málsins eða standa í vegi fyrir, að frv. fái afgreiðslu á þessu þ. Ég mun því greiða atkv. á móti till., en freista þess síðar, þegar sýnt verður um þingvilja, að leiðrétta þetta, svo að menn eigi þess kost, þó að þeir hafi ekki verið undir meistara, að sanna þekkingu sína. Afstaða mín hefur í engu breytzt, og ég vil ekki standa í vegi fyrir, að málið fái afgreiðslu á þessu þ., en ég óttast það, ef þessar brtt. verða samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki tækifæri til að vera við 2. umr. í d. síðast sökum anna við fjárl. og vissi ekki þá, hvað hafði komið fram í þessum málum. Var ég á fundi með hæstv. ríkisstj. Það þarf annars ekki að ræða svo mjög um frv. Við höfum haft þetta mál til meðferðar í mörg ár. Tvö eru þau atriði, sem deilt hefur verið um: 22. gr. og nýja gr., sem er á þskj. 602. Út af þessum ágreiningi hefur málið stöðvazt alltaf. Þegar málið var síðast til meðferðar í n. og d., féllst ég á að fylgja málinu, þótt umbætur fengjust ekki á frv., og tjáði bæði n. og hæstv. ráðh., að ég fylgdi frv. þrátt fyrir þessa ágalla og mundi standa á móti öðrum brtt., sem kæmu fram við umr. Hins vegar var mér þá ekki tvennt ljóst: Í fyrsta lagi, að útbýtt yrði frv. um iðnskóla, þar sem á að taka upp verklega kennslu. Það verður þó eigi afgr. á þessu þ. Í öðru lagi var mér þá ekki ljóst það, sem mér hefur verið tjáð, að meiri hl. iðnaðarmanna sé á móti frv. Hefur komið til mín n. iðnaðarmanna, sem segist vera fulltrúar meiri hl. þeirra, og mótmælir fyrir hönd stéttarinnar. Ég hef eigi getað sannprófað þetta, en hef þó talað við nokkra aðra iðnaðarmenn. Ég hef samt eigi fengið svo mikla fullvissu í þesu efni, að ég vilji láta það hafa áhrif á það, sem ég hef sagt, og mun greiða atkv. með frv. Hæstv. ráðh., sem mun fá þetta til meðferðar, fær þá þann vanda að glíma við að komast yfir þá örðugleika, sem l. kunna að skapa, ef stéttin verður óánægð með þau og lokar þá fyrir alla iðnfræðslu, og jafna það við hana. Ég vil líka leyfa mér að taka það fram, svo að það fari ekki á milli mála, að þegar ég tjáði hæstv. ráðh. afstöðu mína, sagðist ég enn vera þeirrar skoðunar, að inn í l. kæmi brtt. á þskj. 602, tölul. 2, og ég mundi bera fram slíka brtt. næst. Þó er það eigi víst, að ég verði þá á þ. eða hæstv. ráðh. heldur. Vildi ég því láta þetta koma fram. Mér er ljóst, að í frv., sem hefur dagað uppi vegna þessa ákvæðis, var bætt þessu ákvæði. Meiri hl. er fyrir því í þ., svo að þeir menn, er vilja eigi hafa þetta ákvæði í l., geta ekki spyrnt fæti fyrir frv. Ég er ekki bundinn við að fylgja því máli á næsta þ. og hef óbundnar hendur um að taka afstöðu til 22. gr., sem mun skapa óánægju hjá iðnaðarmönnum. En ég mun, eins og ég hef tjáð hæstv. ráðh., fylgja frv. þrátt fyrir þá ágalla,

sem á því eru. Hitt verð ég að segja, að mér eru það mikil vonbrigði að vita hæstv. ráðh. hafa varið þessa stétt í mörg ár, en hefur beitt sér gegn réttindum annarrar stéttar, því að eigi að gera strandhögg í sama mæli á þessa stétt, þá er ég hræddur um, að kurr risi í stéttinni, þar sem talað er um að veita á annað hundrað mönnum réttindi í stétt, þeim er hafa eigi lögbundið nám að baki sér eða próf. Og ég býst við, að hæstv. ráðh. viti eigi um þá erfiðleika, er frá því eiga eftir að stafa. — Ég greiði því m. ö. o. atkv. með frv. og móti öllum brtt.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. sagði, að frv. þetta væri gamall kunningi í d. Mér er sagt, að svo sé og það hafi verið á mörgum þ. Þess vegna má mér vera vorkunn, sem eigi hef setið nema skamman tíma á þ. Þó að þetta sé e. t. v. ekki flókið mál, þá er það svo vafið, að menn þurfa að vera kunnugir þessari iðnaðarstétt til að gera sér glögga grein fyrir málinu. En það er eitt og e. t. v. tvennt, sem enginn maður þarf að hafa setið í mörg ár á þ. til að sjá, og það er 22. gr., sem að mínu áliti á ekki þarna heima. Mér skildist á hv. þm. Barð., að hann væri mjög andvígur því, að 22. gr. standi í frv. En ólíkt er það honum að lýsa því yfir, að hann greiði atkv. með frv., þar sem er ákvæði, sem hann er andvígur. Ég segi, að það sé ólíkt honum. Það hefur verið svo frá öndverðu í þessari stétt, síðan reglur voru teknar upp um iðnfræðslu, að nemendur hafa ekki verið bundnir við verkföll sveinanna, og nú er gerð tilraun til, að verkfallsréttur sveinanna gangi yfir á nemendur. Þótt nemendur fái að hreinsa til og dútla á verkstæðum, þá er það engin bót fyrir þann rétt, sem af meisturunum er tekinn, þegar þeir ráða ekki yfir nemunum um leið og sveinarnir hafa gert verkfall. Ég held að þetta sé röng framkvæmd, og mun þetta hefna sín, ef að l. verður. Ég hef því á þskj. 624 borið fram till. um að gr. verði felld úr l., og þykir leitt, ef hv. þm. Barð., sem hefur staðið á móti því, að kúgaður væri réttur af stéttum, en það álít ég, að sé gert með þessu ákvæði, ætlar að vera á móti henni. (HV: Það er verkfallsréttur.) Þetta er ekki verkfallsréttur. Stéttin hefur þann rétt. Hann er hér yfirfærður á nemendurna og því komið þannig fyrir, að meistarinn má eigi nota sér vinnu nemenda, meðan á verkfalli stendur. Ég gæti trúað, að þessi réttur muni víðast hvar vera talinn þannig, að eigi ekki að taka hann af meisturunum, þó að mér sé eigi kunnugt um það.

Ég get verið með 1. till. á þskj. 602, við 11. gr., að námstíminn teljist frá dagsetningu námssamnings. — Virðist eðlilegt, að svo geti orðið, en mér hefur verið sagt, að dráttur geti orðið á, að menn geti fengið staðfestingu á námssamningi. Í öðru lagi er brtt. við 13. gr., að menn megi ganga undir iðnaðarpróf, þó að þeir hafi ekki ákveðna skólagöngu að baki. Þetta er sami réttur og í flestum öðrum skólum. Iðnskólanám er almennt nám, en lítið um sérfræðinám. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að menn megi sýna hæfni sína með því að ganga undir próf, ef þeir sýna hæfni sína, og fá síðan sitt skírteini, en eigi sé bundið við það, að menn teljist ekki hæfir, nema þeir hafi lokið ákveðinni skólagöngu. (*Samgmrh.:* Till. er ekki um það, heldur að menn hafi verið í iðnnámi.) Jæja þá, en ég álít þó hitt sanngjarnt. En hér vil ég vekja athygli á einu: Hér hefur nú verið útbýtt grg. til Alþ. frá 163 meisturum, sem eru á móti ýmsu í frv. Mér skilst, að meiri hl. n. mæli með, að frv. verði samþ., án þess að gætt sé óánægju hjá mörgum meisturum með frv. Ég vil benda á þá hættu, sem getur stafað frá að setja l., sem meistarar í því nær öllum iðngreinum eru mótfallnir, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Þetta getur valdið því, að meistararnir kippi að sér hendinni með að taka nemendur, og hafi l. þau áhrif, sé ég eigi betur en verr sé af stað farið en heima setið. Ég vil, að d. gefi þessu gaum. Þetta er sannarlega ekki lítið atriði, að meistarar lýsa yfir því, að þeir séu andvígir nokkuð mörgum gr. í frv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir till. mínum og skal ekki endurtaka það. Ég vil benda á hið sama og hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., að með frv. er óánægja, sem m. a. speglast í undirskriftum 163 meistara og nokkrum atriðum, sem koma fram á fjórum vélrituðum síðum, sem Ólafur Hvanndal og fleiri undirrita. Nefnd manna hefur einnig verið send á okkur til að stöðva málið. En ég hef eigi lagt til þess. Breytingatill. á þskj. 602 er gamall kunningi, sem eigi er hægt að deila um. Svo jafnsjálfsögð er hún. En ég er sjálfur sannfærður um, að hæstv. viðskmrh. dytti aldrei í hug að lagfæra þetta. Hitt er jafnsjálfsagt, að menn, er til hafa að bera næga kunnáttu, fái að taka próf. Laganemar geta t. d. tekið lögfræðipróf eftir 3 ár, en venjulegt er, að þeir taki það eftir 5—6 ár. Hvaða gagn hefur þjóðfélagið af að kúska menn niður í meðalmennskuna? Því má eigi maður, sem er meira en meðalmaður, koma fram og sýna þekkingu sína? Þó er mér eins farið og hv. 6. landsk., að ég ber aðeins kvíðboga fyrir, að unnt verði að prófa þá almennilega. En þar eð Einar Gíslason, Helgi H. Eiríksson o. fl. hafa sagt, að það sé vandalaust og muni þó taka lengri tíma og verða dýrara að prófa þessa menn, svo að fullkomlega megi takast að dæma um hæfni þeirra, þá er ég því samþykkur, en þó með því skilyrði, að menn geti eigi hlaupið til og heimtað próf út í loftið án allrar kunnáttu. Gegn þessu til varúðar eru tvö atriði í viðkomandi gr.: próf hafi verið tekin í iðnskóla og menn geti fært sönnur á kunnáttu sína með vottorði frá meistara um, að þeir hafi verið í iðninni. Ætlazt er til, að hann hafi unnið hjá honum, en ekki undirskrifað námssamning, en meistarinn telji hann hæfan til að ganga undir próf. Þarna er því gert ráð fyrir, að hann hafi lagt stund á iðnnám, svo að hann verði fær um að ganga undir próf. Ég tel fráleitt, að nemendur, sem eru á undan öðrum, þurfi að stunda eins lengi bóklegt nám og þeir. Ég trúi Helga Hermanni vel. Ég tel því till. sjálfsagða. Ég skil eigi í því ósamræmi hjá

hæstv. viðskmrh., að hann þorir ekki að láta menn fá leyfi til að ganga undir próf, fyrr en þeir eru búnir að uppfylla námssamning sinn, en á hinn bóginn vill hann láta aðra vera óprófaða og hlaupa til að gæta véla. Vélamennirnir eiga ekki að hafa meiri rétt en hinir. En ætlazt er til, að duglegir menn kunni að koma fram, sem þurfa eigi eins langan námstíma og aðrir, og þá eiga þeir að fá að taka próf, þegar þeir telja sig til þess búna. Ég hef áður rætt um þetta atriði og hirði ekki um að endurtaka það nú.

Þá ætla ég að koma ofur lítið að brtt. við 22. gr. Ég gat ekki fallizt á að fella greinina með öllu niður, en flyt hins vegar brtt. við hana. Þessi brtt. hefur áður verið flutt af þm. Barð., og vona ég, að hann fari ekki að drepa sitt eigið fóstur, þó að því sé haldið undir skírn af mér. Hæstv. iðnmrh. var eitthvað að malda í móinn við till. mínum. En ég vil leyfa mér að spyrja, hvað nemandinn á að vinna, þegar alger vinnustöðvun er. Meistararnir mega enga vinnu taka, og þá er ekki um annað að ræða en að halda verkfærunum í lagi, þ. e. að pússa og smyrja vélar, og mér finnst ekki rétt að skylda meistarana til að greiða nemandanum kaup undir þeim aðstæðum. Auk þess munu reglur um það, að meistarar mega ekki hafa fleiri nema en sveina; en með hverjum eiga nemendurnir að vinna, þegar allir sveinar eru í verkfalli? Hins vegar tel ég rétt og sjálfsagt að heimila aðilum að segja upp námssamningi, ef vinnudeila stendur svo lengi, að nemandi missi verulega í verklegu námi, og fjallar b-liður brtt. minnar á þskj. 617 um það atriði. Það er að vísu tæplega, að slíkt komi fyrir hér í Rvík, en hins vegar gæti það vel hent úti á landi, þar sem um lítil verkstæði er að ræða. Sömuleiðis tel ég rétt að heimila iðnfræðsluráði að lengja námstíma iðnnema, ef hann missir verulega úr námi vegna vinnustöðvunar, svo að fullt nám náist. Þessar breytingar tel ég eðlilegar og réttar, ef það er vilji d., að málið verði afgr. nú. Annars hefði ég talið heppilegra að fresta afgreiðslu málsins og reyna að samræma óskir allra aðila *og þó alveg sérstaklega með hliðsjón af því*, að nú er í undirbúningi frv. til l. um iðnskóla, sem óneitanlega á mikla samstöðu með þessu máli. Þá gæfist líka tími til að athuga nánar möguleikana á því að gefa mönnum, sem þess óska, tækifæri til að ganga undir hæfnispróf, án þess að þeir hafi verið fleiri ár hjá sérstökum meistara. Af þessum ástæðum hef ég lítið svo á, að heppilegast væri að vísa þessu máli til ríkisstj. með þeim fyrirvara, að hún láti samræma og endurbæta frv. um iðnfræðslu og iðnskóla og leggi málið síðan fyrir næsta Alþingi. Ég flyt þó ekki till. um þetta, en vildi gjarna heyra álit d. og hvort vilji væri fyrir slíkri lausn. Hins vegar flyt ég brtt., sem allar hafa sézt áður, þó að aðrir hafi verið flm., og vænti ég, að hinir sömu bregðist nú ekki guðföðurskyldunni.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu þm. N-M. og till. hans um nánari samræmingu á þessu frv. og frv. um iðnskóla. Eftir því sem ég veit bezt, þá hefur milliþn. í skólamálum, sem undirbýr frv. um iðnskóla, sniðið það eftir þessu frv. Hins vegar get ég ekki sagt um, hvernig það hefur tekizt, en þannig hefur mér verið skýrt frá. Af þeim ástæðum held ég, að málið muni ekki græða á frávísun nú, þar sem sömu menn mundu um það fjalla eins og hingað til, þ. e. a. s. milliþn.

Þá vil ég víkja nokkuð að brtt. Till. um það að leyfa hverjum sem er að ganga undir próf í þeirri iðngrein, sem hann óskar að verða fagmaður í, er að mínum dómi nokkuð hæpin. Það er í fyrsta lagi nokkuð vafasamt, að hægt sé að búa til verkefni, sem sýnt geti hæfni manna og kunnáttu, nema því fylgi mikill kostnaður og langur próftími. Í öðru lagi er ekki líklegt, að menn, sem slík próf stæðust, hefðu eins mikla leikni og æfingu í greininni og hinir, sem 4 ára námstíma hafa að baki sér. Auk þess er svo það, sem ég raunverulega tel aðalatriðið, að með slíku fyrirkomulagi er kippt grunninum undan því iðnfræðslukerfi, sem við höfum búið við og reynzt hefur að mörgu leyti vel. Það má telja alveg víst, að mjög fáir eða engir iðnnemar fari að vista sig hjá meistara í 4 ár fyrir mjög lágt kaup, ef þeir eiga kost á að ganga undir próf hvenær sem þeir óska og fá með því sömu réttindi og 4 ára námstíminn veitir. Slíkt fyrirkomulag mundi ekki verða gróði fyrir iðnaðarmannastéttina, því að í flestum tilfellum verða þeir, sem starfa við iðnina í 4 ár undir leiðbeiningu og kennslu góðra meistara, færari og betri iðnaðarmenn en hinir, sem stæðust próf í iðninni með litla æfingu að baki. Reynslan mundi því kenna mönnum, að þetta fyrirkomulag væri ekki nothæft, og afleiðingin verða sú, að ríkið yrði að setja upp verknámsskóla í hinum ýmsu iðngreinum. Sú leið hefur að vísu komið til athugunar fyrr og gæti að sjálfsögðu verið góð, en það væri bara allt of kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð. Þess vegna tel ég, að það iðnfræðslukerfi, sem við notum nú, sé það heppilegasta, sem við eigum völ á, eins og nú standa sakir, enda eru l. um það gerð eftir till. fulltrúa þeirra aðila, sem hlut eiga að máli og fjallað hafa um það á iðnþingi. Það hefur verið leitazt við að samræma sjónarmið beggja aðila, og enda þótt meistararnir teldu sig í fyrstu ekki geta staðið undir þeim kröfum, sem l. gerðu til þeirra, þá hefur það þó ekki reynzt þeim ofvaxið, hvernig sem það verður í framtíðinni. En varðandi þessa till. á þskj. 602, þá er það, sem sker úr, að æfingin er ekki fyrir hendi, jafnvel þó að menn geti staðizt próf, og ég er viss um, að Helgi H. Eiríksson skólastjóri iðnskólans mælir ekki með því fyrirkomulagi, enda þótt þm. N-M. hefði eftir honum, að þessi próf væru möguleg.

Um brtt., sem fer fram á, að námstími sé talinn hefjast, þegar samningurinn er gerður, þ. e. a. s., að ekki sé nauðsynlegt, að iðnfræðsluráð hafi staðfest hann, eins og frv. gerir ráð fyrir, vil ég segja það, að þetta ætti ekki að vera stórt atriði, ef tryggt væri, að samningurinn væri staðfestur af iðnfræðsluráðinu fljótlega eftir að hann er gerður, en aftur á móti

gæti þessi breyting haft þær afleiðingar, að nemendur freistuðu að fá samninginn dagsettan áður en raunverulegur námstími er hafinn, og slíkt væri óheppilegt.

Í sambandi við brtt. þm. N-M. við 22. gr., þess efnis, að meistarar þurfi ekki að greiða nemendum kaup, á meðan á verkfalli stendur, held ég, að það skipti ekki miklu máli, því að slík vinnustöðvun ætti ekki að geta varað lengi, en aftur á móti mjög erfitt fyrir iðnnemana að missa það litla kaup, sem þeim er ætlað, þótt ekki sé nema stuttan tíma.

Út af till. 1. þm. Reykv. um að fella 22. gr. alveg niður, vegna þess að með samþykkt hennar sé verið að kúga rétt af einni stétt, þá vil ég segja það, að þetta er alger misskilningur. Það er ekki verið að kúga rétt af neinum. Það er orðin föst venja, að menn fara ekki inn á verksvið hver annars, ef um verkfall er að ræða, og það er eðlilegt, að eins fyrirkomulag sé í sambandi við iðnnemana, þ. e. a. s., að þeir fái ekki að fara inn á verksvið sveinanna, þegar þeir eru í verkfalli. Það væri því verið að gera iðnnemana að verkfallsbrjótum, ef þeir mættu vinna sveinaverk, þegar vinnustöðvun væri hjá stéttinni. Hv. 1. þm. N-M. vill með sinni brtt. opna þann möguleika, að samningum verði sagt upp í verkfalli. Í 25. gr. frv. eru ákvæði um, að heimilt sé að slíta samningum, ef báðir aðilar koma sér saman um það. Og það vildi ég í raun og veru gera að skilyrði fyrir því, að hægt yrði að segja upp samningum undir þessum kringumstæðum, en að ekki geti annar aðilinn notað sér verkfall að aðstöðu til þess að segja upp samningum, kannske gagnstætt vilja sínum, vegna þess að verkfall hefur skollið á, sem kannske hvorugur þessara aðila, sem hér er um að ræða, á sök á. Og þá virðist mér eðlilegt, að um þetta yrði samkomulag, ef til samningsslita kæmi, þannig að samningsuppsögnin yrði með samkomulagi, samkv. 5. tölul. 25. gr. frv. Svo að ég tel, að þessu þyrfti nú ekki að breyta í þá átt, sem hv. þm. vildi nú vera láta.

Við hv. þm. Barð. þarf ég ekki að segja mikið. Ég tel hans sjónarmið, eftir því sem það kom fram, vera í meginatriðum nokkuð líkt því, sem hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. og hjá honum sjálfum áður. Það þykir mér ekki óeðlilegt. Og mér þykir vænt um, að hann vill greiða götu málsins á þessu stigi. Hins vegar vil ég ekki fallast á, að ég hafi í öðru máli, sem líkt stendur á um og þetta mál, sem hér liggur fyrir, komið fram á mjög annan hátt en ég geri í þessu máli, eða eins og hv. 1. þm. N-M. orðaði það, að ég vildi veita mönnum með sex mánaða námi sama rétt og mönnum með sjö ára námi, því að þar er ekki um neitt sjö ára nám að ræða. (*PZ:* Ekki alveg, en það er hátt upp í það.) Ætli það sé ekki rétt að bæta því við? En það mál kemur til umr. hér í d. síðar. Og ég skal gjarna ræða um það mál við hv. þm., þegar þar að kemur. Hins vegar vil ég þakka hv. þm. Barð. fyrir það, að hann, þrátt fyrir sína skoðun á málinu, sem hér liggur fyrir, vill greiða fyrir því, að það nái fram að ganga. Og þó að hann beri síðar fram brtt. í þá átt, sem hann boðaði, þá hef ég ekkert um það að segja. Hann getur borið þá brtt. fram, hvenær sem hann vill, og hefði getað það, þó að ekkert frv. hefði komið fram um það mál. En ég er jafnsannfærður um, að sú brtt., sem hv. 1. þm. N-M. ber fram nú og hv. þm. Barð. tjáði sig e. t. v. mundu geta fylgt síðar, mundi ekki bæta löggjöfina, og heldur ekki standa lengi, heldur mundi sú breyt. verða numin úr lögum síðar, vegna þess að ég veit, að með því móti yrðu það ekki neinir menn, sem færu til náms á þann hátt í þessum efnum eins og nú er gert.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á flest þau atriði, sem hér hefur borið á góma. Vegna þess, að *nú er svo mjög áliðið þingsins og erfitt er* að vera öruggur um framgang mála, ef þau þurfa að hrekjast á milli deilda, vildi ég leyfa mér að mælast til þess, að þeir, sem á annað borð vilja veita þessu máli brautargengi í þetta sinn — kannske sumir að meira eða minna á móti því, sem þeir hefðu helzt óskað eftir, eins og hér hefur komið fram, en ætla sér að gera það samt, — ég vildi mælast til þess, að þeir fallist á að samþ. þetta frv. eins og það liggur hér fyrir, til þess að við þurfum ekki að fara með það til hv. Nd. á ný. Ég stend í þeirri meiningu, að það felist í þessu frv. ýmislegt, sem horfir til stórra bóta. Og þó að einhverjir meistarar telji, að sínum hag sé svo illa borgið með samþykkt þessa frv., að þeir ekki treysti sér til að taka nemendur þess vegna, þá er ég ekki svo sérlega hræddur um það. Ef þannig skipast málum, þá má á það benda, að kaup og kjör iðnnema hafa alltaf verið samningsatriði á *milli meistara og nemenda, þó að ég* hins vegar viti, að iðnfulltrúar hafa nú yfirleitt beitt sér fyrir því að samræma þessi kaup og kjör í iðngreinum, eins og hægt er. En ef það skyldi sýna sig, að eitthvað það kæmi fram, að iðnmeistarar vildu ekki út í þetta fara undir þessum kringumstæðum, þá er ég viss um, að það eru svo færanleg ýmis atriði í kjaramálum þeirra, sem ekki eru lögbundin, að það er vel hægt á þann hátt að tryggja það, að framkvæmd laga þessara komi ekki til með að stöðvast á því atriði. Ég er reyndar ekki hræddur um, að til þess komi, því að það er yfirleitt ekki mikið í þessu frv. þannig, að með því sé hlutur meistaranna þrengdur frá því, sem hann nú er. Það eru nú liðin tæp 60 ár síðan fyrst voru sett iðnnámslög hér á landi. Og það merkilega er, að þau iðnnámslög, sem sett voru árið 1892 eða 1893, voru í þá daga merkilega frjálsleg að sumu leyti. En það hefur alltaf verið verið að breyta þeim, með ýmsum millibilum, og alltaf hefur þeim þannig verið þokað til samræmis við þá yfirstandandi tíma, sem þau skyldu gilda fyrir. Og ég tel, að með þessu frv., ef samþ. verður, sé einmitt verið að þoka iðnfræðslulöggjöfinni til samræmis við sína tíð með ýmsum ákvæðum, sem eru nýmæli í þessu frv., eins og t. d. ákvæðum viðvíkjandi stöðuvali og prófun í þá átt og ýmislegu fleiru. Og ég vænti því, að þetta frv. verði að l., sem verða að góðu gagni og verði í þá átt einmitt það, sem hv. flm. frv. um sama efni árið 1944 óskaði, að yrði að l. þá, þó að frv. þetta sé ekki

komið fram fyrr en nú, þannig að þetta frv. verði heldur til þess að greiða fyrir þessum málum en að tefja fyrir þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 108. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 602,1 samþ. með 10:5 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 602,2 felld með 8:7 atkv.

— 602,3—5 teknar aftur.

14.—21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 624 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, BBen, BÓ, EE, JJós.

nei: PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BrB, GJ, GÍG, HV, ÞÞ.

HermJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég á brtt. á þskj. 617 við sömu grein, og í trausti þess, að þær verði samþ., segi ég nei.

Brtt. 617,a—b felldar með 8:5 atkv.

— 617,c tekin aftur.

22. gr. samþ. með 9:6 atkv.

23.—32. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HV, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BrB, ÞÞ.

nei: HermJ, LJóh, PZ, BÓ.

BBen, EE greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Eins og ég tók fram í gær, tel ég rétt, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. og frv. samræmt frv. um iðnskóla og leitazt við að draga úr þeirri óánægju, sem orðið hefur með frv., — og í trausti þess, að þetta yrði gert, ef frv. dagaði uppi, segi ég nei.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 761).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GJ, GÍG, HV, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt.

nei: BÓ, LJóh, BBen.

EE, PZ greiddu ekki atkv.

3 þm. (BrB, HermJ, JJós) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Á 110. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SG, StJSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞG, BG.

nei: SkG, JPálm.

JörB, PO, SK, StgrSt, EystJ, HÁ, AG, JóhH, JG, JS greiddu ekki atkv.

13 þm. (JJ, KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SEH, StSt, ÁkJ, GTh, HelgJ, HermG, IngJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

---

73. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. fjhn. Ed.).

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt* [196. mál] (þmfrv., A. 588).

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. N. hefur flutt þetta frv. samkv. beiðni fjmrh., og hafa einstakir nm. áskilið sér að hafa óbundnar hendur um málið.

Sú breyt., sem hér er gerð á 45. gr. skattal., liggur aðallega í því, að farið er fram á, að hægt sé að innheimta tekju- og eignarskatt fyrir fram á fyrra helmingi ársins upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda að upphæð, er nemi helmingi þeirra gjalda, er honum bar að greiða s. l. ár. Þetta er gert til þess, að tekjur ríkissjóðs af sköttum geti komið inn fyrr á árinu en undanfarið hefur tíðkazt, því að eins og kunnugt er, hefur tekju- og eignarskattur verið innheimtur síðustu mánuði ársins. Þessi háttur hefur ekki verið mjög til baga fyrir ríkissjóð að undanförnu, vegna þess að hann hefur haft miklar fjárreiður. En nú, þegar fer að harðna í ári, sýnir það sig, að það er nauðsynlegt fyrir ríkissjóð að geta fengið greiddan helming af þessum skatti fyrir fram, þannig að hann geti haft hann til umráða fyrri part ársins, en ekki síðustu mánuði

ársins, eins og nú hagar til. Þetta er sami háttur og bæjarsjóður Reykjavíkur tók upp fyrir nokkrum árum og var þá upp tekinn af sömu þörf og ríkissjóður gerir nú. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að þessi háttur sé upp tekinn. En ég verð að segja, að ég tel, að þetta geti ekki orðið nema bráðabirgðalausn, eða réttara sagt: þetta ætti ekki að verða nema millistig til þess að koma á þeirri skipun, að bæði ríkis- og bæjargjöld verði innheimt í einu lagi og að hver gjaldandi geti greitt þessi gjöld með jöfnum afborgunum yfir árið. Sá innheimtuháttur, sem hér er hafður nú, í Rvík sérstaklega, er allkostnaðarsamur, og mætti vafalaust spara ríkissjóði og bæjarsjóði talsverð útgjöld í innheimtunni, ef annar háttur væri tekinn upp. Þessi háttur á innheimtunni tíðkast nú hér um bil í hverju landi og er fyrst og fremst gerður til hagræðis fyrir þá opinberu aðila og í öðru lagi til hagræðis fyrir kaupgreiðendur sjálfa. Í sumum löndum greiða menn mánaðarlega skatt af tekjum sínum á sama tíma og þeir vinna fyrir þeim. Nú er skatturinn tekinn af tekjum síðasta árs. En þessi háttur, að greiða skattinn jafnóðum og verið er að vinna fyrir tekjunum, hefur gefizt mjög vel og er vafalaust sá háttur, sem á verður hafður í framtíðinni, þar sem hægt verður að koma því við, þ. e. hjá fólki, sem vinnur fyrir föstum launum. Það eru vissir flokkar skattgreiðenda, sem ekki geta komið undir þessa framkvæmd.

Ég álít, að það sé hverjum manni ljóst, að þennan innheimtuhátt eigi að taka upp og gera skattgreiðendum þannig eins auðvelt og hægt er að greiða skatta sína og koma meiri reglu á skattgreiðslur en nú er og minnka innheimtukostnað frá því, sem nú er. Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vil mæla með því fyrir mitt leyti, að þessi breyt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 98. fundi í Nd., 4. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 588, n. 760).

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Minni hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. Einn nm. er á móti frv., en tveir tóku enga afstöðu á fundinum. Frv. fjallar um innheimtuaðferð á tekju- og eignarskatti, og er farið fram á, að innheimtuaðferðin verði eins og tíðkast hjá sumum bæjarfélögum, t. d. Reykjavík, og er gert ráð fyrir, að gjöldin megi innheimta á mörgum gjalddögum, og er gjaldendum þannig gert hægara fyrir. Um þetta er ekki mikið að segja frekar, en er til þæginda bæði fyrir ríkið og gjaldendur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til athugunar í fjhn., en nm. hafa ekki getað orðið algerlega sammála. Hér er ekki um mikla breytingu að ræða, en þó er fært í þá áttina að herða á innheimtunni og yrði það fært í sama horfið og gert jafnstrangt og hjá bæjarfélögunum. Ég er hikandi að taka afstöðu með þessu máli vegna þess, að innheimta á gjöldum hins opinbera er nú orðin svo ströng, að þegar launþegar fá laun sín greidd, þá er oft meiri hlutinn tekinn upp í gjöld og menn fá aðeins kvittanir. Það má segja, að það sé þægilegra fyrir menn að greiða gjöldin smám saman heldur en láta þau safnast fyrir, en útkoman verður bara oft sú, að menn fá minna en nægir til að draga fram lífið. Mönnum finnst því betra að hafa lánstraust hjá því opinbera og skulda ofurlítið af sköttum heldur en launin hrökkvi ekki til, og þar sem l. eru þegar nógu ströng í þessu efni, þá held ég, að ekki beri að herða á þeim. Þá er þetta verra fyrir bæina, er þeir fá ríkið sem keppinaut um innheimtu gjaldanna, og er það óheppilegra fyrir þá, þar sem þeir byggja einungis á útsvörunum, en ríkið hefur fleiri tekjuliði og því auðveldara fyrir það að líða um skattana. Þetta gerir, að ég er andvígur þessari breytingu. Þó að hún sé ekki stór, þá gerir hún þó innheimtuaðferðina harðari, og launin eru tekin fyrr af mönnum í skatta. Hins vegar er heimild sú, sem nú er í l., svo hörð, að ég held, að ríkið geti látið sér nægja hana. Ég er því á móti frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég fór fram á það við fjhn. Ed., að hún flytti þetta mál. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að þetta er ekki stór breyting, en ég vil benda á það, að mþn. í skattamálum hefur eindregið lagt til, að þessi

breyt. verði gerð. Því er nú svo háttað um álagðan tekjuskatt, að hann verður að greiða, og það er ekki þægilegra fyrir gjaldendur að láta ganga að sér seint á árinu um háar upphæðir heldur en að greiða skattana smám saman. — Þá er, eins og segir í ástæðunum fyrir því, að frv. er borið fram, ráðh. heimilt að skylda atvinnurekendur til að halda eftir af kaupi til skattgreiðslu. Þar segir: „Innheimtuaðferð þessi hefur yfirleitt gefizt vel og er beitt í vaxandi mæli. Mjög margir kaupgreiðendur hafa rækt skyldur sínar skv. reglugerðinni fúslega og samvizkusamlega, en aðrir hafa vanrækt þær og sumir þeirra mjög verulega.“ — Þá er þess að geta, að eftir því sem skattheimtan gengur tregar, þá verður ríkið að taka lán hjá bönkunum til að standa við skuldbindingar sínar. Taldi því rn. og mþn. í skattamálum, að heppilegra væri að taka upp þessa skipan. Þá er þetta flutt af því, að ekki þótti rétt gagnvart ríkissjóði, að hann hefði minni rétt í þessum málum en bæjarsjóðir.

ATKVGR.
1.—2. gr. frv. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 795).

---

74. Menntaskólar (frv. SEH o. fl.).

Á 56. fundi í Nd., 1. febrúar, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946 [120. mál] (þmfrv., A. 302).

Á 57., 58. og 59. fundi í Nd., 3., 4. og 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 9. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Á þskj. 302 eru fimm þm. úr Norðlendingafjórðungi og einn þm. úr Austfirðingafjórðungi, sem leyfa sér að bera fram breyt. á l. um menntaskóla frá 1946 með ákvæði til bráðabirgða um Menntaskólann á Akureyri. Eins og hv. þm. muna, var með l. um menntaskóla ákveðið 1946, að gagnfræðadeildir þeirra skyldu lagðar niður. Nú mun mönnum fljótt á litið verða þannig við, að hér sé lagt til að gera allverulega röskun á fræðslukerfinu, en það er ekki. Hér er aðeins farið fram á, að sett sé ákvæði til bráðabirgða um að fresta framkvæmd l. hvað snertir Menntaskólann á Akureyri. Menntmrh. hefur gefið undanþágur undanfarin 2 ár um frestun á framkvæmd þessara l. hvað þennan skóla snertir, og hefur hann starfað í sama formi og áður. Og eftir því sem menn færast nær því marki, að gagnfræðadeildin verði afnumin, hefur slegið nokkrum ugg í menn, því að mönnum er sárt um að missa þessa gagnfræðadeild, a. m. k. að svo komnu máli, eins og yfirlýsingar bæjarstj. á Akureyri og sýslunefnda Norðlendingafjórðungs, Kaupfélags Eyfirðinga, stjórna félagasamtaka, m. a. fjórðungssambands Norðlendinga, bera með sér. Það hefur vaknað ákaflega mikill áhugi fyrir því að fá að halda þessu fyrirkomulagi fyrst í stað. Það er tekið fram í flestum þessum yfirlýsingum, að þeir skori á menntmrn. að sjá um, að framlenging fáist eða frestun á framkvæmd l. Menntaskólinn á Akureyri er óskabarn þess bæjar og hefur verið það þau 20—30 ár, sem hann hefur starfað sem menntaskóli. Hann setur svip sinn á bæinn, og honum hefur líka verið stjórnað með frábærum dugnaði, og mun óhætt að segja, að hann sé í hinu mesta áliti um land allt, og stjórn þess skóla hefur farið svo vel úr hendi, að til fyrirmyndar er. Sýslun. Eyjafjarðarsýslu bendir á, að verði gagnfræðadeildin flutt úr menntaskólanum, eigi utanbæjarnemendur ekki kost á heimavistardvöl á Akureyri, en miklir örðugleikar eru á húsnæði í bænum og það svo dýrt, að lítt kleift er efnalitlum nemendum að standa straum af því. Það er víst, að verði þessi tengsl slitin nú sem stendur, verður ekki í mörg hús að venda fyrir utanbæjarnemendur. Munurinn á menntaskólanum hér og á Akureyri er, að hér hefur ekki verið heimavist síðan fyrir aldamót, en það hefur alltaf verið heimavist fyrir 50—60 nemendur í Menntaskólanum á Akureyri. Nú hefur verið ráðizt í smíði á heimavistarhúsi við menntaskólann. Er það veglegt stórhýsi. Þar eiga að vera heimavistir fyrir 150 nemendur. Er þá gert ráð fyrir að leggja niður heimavistina í skólahúsinu, og skapast þá aðstaða til, með viðráðanlegum kostnaði, að fá nokkrar kennslustofur til viðbótar, þannig að þær geti orðið 16—18 alls. Eins og margar sýslun. benda á, yrði það til mikils kostnaðarauka fyrir nemendur og óhagræðis, ef gagnfræðadeildin yrði lögð niður, þó alveg sérstaklega fyrir utanbæjarnemendur, sem sækja til Menntaskólans á Akureyri úr fleiri sýslum landsins og jafnvel úr Reykjavík og Hafnarfirði.

Það þarf ekki að hafa langa framsögu um þetta mál, það liggur svo ljóst fyrir, en ég vil taka það skýrt fram, að við förum ekki fram á annað en að þetta ákvæði, sem við viljum fá inn í l., verði aðeins sett til bráðabirgða.

Ég vil svo óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins nokkur atriði, sem mér finnst ástæða til

að taka fram, áður en málið fer til n., og sumpart út af grg. frv. Eins og réttilega er minnt á í grg. frv., voru gerðar marghátt aðar breyt. á fræðslulöggjöfinni og meðal annars þær, að menntaskólar, sem hafa verið 6 ára skólar, skuli vera 4 ára skólar. Í grg. stendur, að fyrir þessari breyt. séu ekki færð nokkur frambærileg rök. Ég ætla ekki að fara út í grg. frekar, en þetta er þungur dómur, því að út í þessar breyt. var ekki farið fyrr en eftir talsverða athugun. Milliþn. var falið að endurskoða gildandi fræðslul., og ég man ekki eftir, að verulegur ágreiningur kæmi upp í sambandi við setningu fræðslulöggjafarinnar, þó munu einhverjir hafa talið þetta varhugavert, en meginþorri og verulegur meginþorri þingsins var á því að gera þessa breyt. Ástæðurnar, sem ráku á eftir mönnum um það að gera þessa breyt., voru m. a., að reynslan sýndi, að ekki nema lítill hluti þeirra nemenda, sem vildu ganga í menntaskóla, gátu fengið gagnfræðamenntun í menntaskólunum sjálfum, og þess vegna varð í sambandi við það að ákveða, hverjir af þeim skyldu fá að fara í menntaskólana, með því að láta þá þreyta samkeppnispróf inn í menntaskólana, og voru margir mjög óánægðir með þá tilhögun, og var einn þáttur í því, að þessu var breytt og horfið að því ráði að láta alla fá sína menntun í gagnfræðaskólum, en gera menntaskólana að 4 ára skólum, sem sé erfiðleikarnir á því að greina á milli, ef lítið brot átti að fara í menntaskóla, en meginþorri nemenda í sérstaka gagnfræðaskóla. Menn voru því yfirleitt ásáttir um að draga línurnar hreint og láta gagnfræðanám verða sérstakt. Ég vildi aðeins minna á þetta, að þessi skipan hefur nýlega verið gerð, einmitt af því að menn töldu hana vera réttari. Það er rétt í þessu sambandi að minna á ástandið í menntaskólanum hér í Reykjavík, sem óþarfi er að hafa mörg orð um og allir töldu óheppilegt, að velja lítinn hóp manna til þess að stunda gagnfræðanám í menntaskóla.

Nú er þessi breyt. komin á, eins og l. gera ráð fyrir, hér í menntaskólanum, og rak þar mjög á eftir þau þrengsli, sem í skólanum eru, og er alveg vandræði að koma þar fyrir því fólki, sem þar átti rétt á framhaldsnámi og hefur tekið landspróf.

Á Akureyri horfir þetta allt öðruvísi við. Þar bera menn sig mjög illa yfir þessari breytingu, og hafa þeir bent á, að gagnfræðadeildin væri fyrir Norðlendinga og Austfirðinga og hefði verið um langan tíma og mjög óheppilegt að leggja hana niður, einkum vegna heimavistarinnar. Eftir að hafa kynnt mér þessi mál, féllst ég á það, þótt mér fyndist rök þeirra, sem vildu halda áfram gagnfræðadeildinni, mjög veik, að setja þar upp einn bekk á þessu hausti, sem er liðið, með því skilyrði, að inn í þann bekk yrðu fyrst teknir þeir utanbæjarmenn, sem væru frá þeim stöðum, þar sem óhægt væri að koma að gagnfræðanámi, og vildi ég á það fallast í þetta skipti, að bekkurinn yrði fylltur upp með Akureyringum, ef ekki sæktu nógu margir. Gerði ég þetta til þess, að það skyldi sýna sig, hvernig þessum málum væri háttað. Í ljós kom, að það voru aðeins 10 utan Akureyrar, sem sóttust eftir því að komast í þessa gagnfræðadeild. Ég veit ekki, hve margir voru frá þeim stöðum, þar sem örðugt er að ná til gagnfræðakennslu, en margir þeirra voru frá stöðum, þar sem tiltölulega var auðvelt að fá slíka kennslu, en vildu af sérástæðum vera þarna. Síðan var bekkurinn fylltur upp af Akureyringum og sett það skilyrði, að ekki yrðu háð samkeppnispróf og skólastjórinn yrði að bera ábyrgð á því sjálfur, hverja hann veldi til þess að fylla bekkinn. Varð bekkurinn svo þannig skipaður í haust, að þar voru 10 utanbæjarmenn og 17 Akureyringar. Þegar maður lítur á heimavistarmálin í þessu sambandi, er þannig ástatt, að í heimavistinni búa í vetur sex 1. og 2. bekkjar nemendur utan Akureyrar, en í fyrra voru það 11 og 1946—47 22 nemendur. Það er þess vegna augljóst af þessu, enda hef ég kynnt mér það vel, að þetta er rétt, sem komið hefur fram viðvíkjandi þessu máli á síðustu missirum, að viðhorfið til þess að afla sér gagnfræðamenntunar utan Reykjavíkur og Akureyrar er það gerbreytt á síðustu árum, að ekki virðist sérstök ástæða til þess að hafa sérskipun á Akureyri vegna utanbæjarnemenda. Og þessi sérskipun sýnir þetta mjög glögglega og þær upplýsingar, sem ég nú hef gefið.

Þá er spurningin, hvort aðrar ástæður geri það eðlilegt að breyta þessu kerfi og gera undantekningu með Akureyri, og kæmi þá t. d. til athugunar það, sem segir í grg. frv.: „Telja verður, að hér í höfuðborginni sé góð aðstaða til gagnfræðanáms, bæði hvað húsnæði og kennslukrafta snertir.“ Menn mundu þá kannske freistast til að halda, að það gerði því ekki mikið til, þó að gagnfræðadeild menntaskólans sé lögð niður, en þetta sé öðruvísi á Akureyri. En þetta er ekki rétt, miðað við þær upplýsingar, sem ég hef fengið. Bæði fræðslumálastjóri og skólastjórinn á Akureyri fullyrða, að gagnfræðaskólinn á Akureyri geti vel tekið á móti öllum nemendum, sem til hans sækja, og geti á næstunni. Og varðandi möguleika gagnfræðaskólans á Akureyri til þess að sjá mönnum fyrir kennslu, gæti menntmn. þessarar d. kynnt sér skólahald gagnfræðaskólans á Akureyri til þess að sjá, hvort þess vegna sé ástæða fyrir menn að fælast frá að fá gagnfræðamenntun sína þar, og mundi þá koma í ljós, að þeir nemendur mundu ekki verða afskiptir, sem þangað kæmu til að leita sér menntunar. — Ég vil líka minna á það, að samkv. nýju fræðslulöggjöfinni er gert ráð fyrir, að ríkið reki menntaskólana, en bær og héruð skóla gagnfræðastigsins, þannig að sérákvörðun yrði gerð um Akureyri, ef ríkið ætti að halda áfram að reka þar gagnfræðaskóla, eftir að fræðslulöggjöfin hefur verið sett um þetta atriði. — Hér kemur einnig til greina, að menntaskólanum á Akureyri eða menntaskólanum er skylt að taka við öllum þeim, sem tekið hafa landspróf og þangað vilja fara. Hvílir sú skylda á ríkinu að hafa góða skóla fyrir þetta fólk, og Akureyrarskóla er skylt að taka við því fólki, sem þangað sækir.

Ég held, að það væri mjög skynsamlegt fyrir menntmn., sem þetta mál að sjálfsögðu fer til,

að kynna sér þetta mál gaumgæfilega, bæði með því að sjálfsögðu að ræða við flm. og líka að fá álit mþn. í skólamálum og ræða við fræðslumálastjóra, sem hefur allra manna bezta vitneskju um, hvernig þetta horfir við. Einnig er sjálfsagt fyrir n. að hafa samband við forráðamenn gagnfræðaskólans á Akureyri og taka ekki afstöðu fyrr en hún hefur kynnt sér umsögn þessara aðila.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég fæ ugglaust tækifæri til að tala um þetta mál í menntmn., og er því óþarfi að fara að ræða um það á þessu stigi. En þó eru í því ýmis atriði, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á nú þegar. — Ég vil þá í fyrsta lagi benda á þann mikla ósóma, sem upp hefur verið tekinn á Alþ., að taka hina margþættu umbótalöggjöf, sem sett var á árunum 1945—46, og brjóta hana að nokkru leyti niður og þá fyrst og fremst með því að fresta ýmsum ákvæðum. Ég vil í fyrsta lagi í þessu sambandi minna á tryggingalöggjöfina, þar sem ár eftir ár er frestað framkvæmdum merkrar nýjungar í þeim mjög svo merku lögum, þ. e. kaflanum um heilsugæzlu. Þá má líka minna á lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum. Er búið að fresta merkri nýjung þeirrar löggjafar, þ. e. að ganga frá því á skipulagsbundinn hátt að útrýma heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum. Nú er komið að þriðju stórmerku löggjöfinni, sem sett var í tíð fyrrv. ríkisstj., skólalöggjöfinni, og gerð till. um að fresta einu þýðingarmiklu nýmæli í þeirri löggjöf að nokkru leyti. Farið er fram á í þessari till., að Menntaskólinn á Akureyri starfi áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku þessara laga, en landspróf gildi til upptöku í þriðja bekk skólans. Fyrir þessari breyt. hafa ekki verið færð nein frambærileg rök. Ég held þess vegna, að það sé tímabært að rifja upp þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir þessari fullyrðingu, og sjá, hvort þau hafa verið frambærileg eða ekki.

Það hefur alltaf gegnum aldaraðir verið talið aðalsmerki íslenzkra menntamála, að framhaldsnám í skólum hefur ekki verið forréttindi ákveðinna stétta. Það hefur alltaf verið svo gegnum aldaraðir, að bændaefni hafa átt þess nokkurn kost, ekki síður en embættismannaefni, að stunda skólanám. Þegar verkamannastétt tók að myndast, var það einnig um sinn, að verkamannasynir áttu þess nokkurn kost að stunda framhaldsnám og ekki miklu síður en synir ríkismanna. Þetta segi ég, að hafi verið aðalsmerki íslenzkra menntamála og þjóð okkar til mikillar blessunar. En þá er þess að minnast, að frá þessari braut virðist þjóðin vera að hverfa á árunum frá svona 1930 og fram til þess tíma, að þessi löggjöf er sett. Þá var málum svo háttað, að inn í Menntaskólann í Reykjavík, annan af tveimur höfuðskólum landsins, voru menn valdir með samkeppnisprófi, þannig að engin ákveðin einkunn eða frammistaða tryggði mönnum rétt til skólavistar, heldur voru teknir ofan af 25, sem hæstar höfðu einkunnirnar. Þetta var aldrei framkvæmt svona við Menntaskólann á Akureyri, en sótti í sama horfið. Í framkvæmd þýddi þetta forréttindi fyrir vissar stéttir, þ. e. hina efnuðu Reykvíkinga, því að þeir gátu keypt til þess ýmsa menn að sitja með sonum sínum og dætrum og troða í þau, þangað til tryggt væri, að þessi börn gætu tekið gott próf. Ég tala hér af nokkurri reynslu, því að ég hef kennt þessum unglingum og reynt að tryggja, að þeir gætu tekið góð próf, og auðvitað er slíkt hægt með nógu miklum peningum. Afleiðingin af þessu varð svo sú, að nemendur hrúguðust í Menntaskólann á Akureyri, þar sem þar var þá ekki um sömu lokun að ræða og í Rvík. Fyrstu rökin fyrir því að endurskoða íslenzku skólalöggjöfina voru líka þessi vandræði, sem að steðjuðu hvað menntaskólann snerti, og þegar fyrst var flutt um það þáltill. 1940, var hún rökstudd með því, að komið væri á svo mikið ófremdarástand hvað snerti inntökuskilyrði í menntaskólann, að þar yrði að hverfa að allsherjar endurskoðun, og væri höfuðverkefni skólamálanefndar að koma skólakerfinu í það horf, að nemendur úr hinum ýmsu gagnfræða- og héraðsskólum landsins hefðu jafna aðstöðu til að komast inn í menntaskóla, og yrði að koma málinu á allt annan grundvöll, þannig að hvorki landfræðileg né fjárhagsleg aðstaða veldi menn í skóla landsins, og við þetta var skólalöggjöfin miðuð.

Ég vil þá hverfa að því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri almenn ósk Norðlendinga að halda gagnfræðadeildinni áfram á Akureyri, því að þörf væri á því að koma unga fólkinu úr sveitunum í þessa gagnfræðadeild. Hæstv. menntmrh. hefur upplýst, við hvaða staðreyndir þessi rök styðjist, sem ég tel mjög hæpin, en þau eru á þá leið, að aðeins 10 nemendur utan Akureyrar hafi sótzt eftir að komast í þessa gagnfræðadeild. En hver er aðstaða Norðlendinga til að koma nemendum inn í fyrsta bekk hins 4 ára menntaskóla? Hún er þessi: Í gagnfræðaskólanum á Laugum geta menn tekið landspróf og fengið réttindi til inntöku í skólann. Í gagnfræðaskólanum á Húsavík geta menn þreytt landspróf, á Siglufirði geta menn þreytt próf, á Akureyri, Sauðárkróki og víðar. Allir þessir skólar hafa réttindi og aðstöðu til að senda nemendur undir þetta próf. Svo má bæta við, að á Seyðisfirði og Dalvík eru þegar farnir að starfa gagnfræðaskólar, sem á næsta vori geta sent nemendur undir þetta próf. Þá má enn bæta við, að við marga barnaskóla norðanlands starfa nú framhaldsdeildir, og þar geta menn komizt nokkuð áleiðis að þessum prófum, og mundu flestir láta sér nægja eitt ár að Laugum, Húsavík, Akureyri, Siglufirði eða Sauðárkróki til undirbúnings því að þreyta landspróf. Mér sýnist, að með þessu hafi Norðlendingum verið sköpuð jöfn og góð aðstaða til að koma sonum sínum og dætrum inn í fyrstu bekki hins nýja menntaskóla á Akureyri. En fari svo, að haldið verði áfram að hafa gagnfræðadeild við skólann á Akureyri, er augljóst mál, að þeir nemendur, sem stunda þar nám, fá sérstöðu, forréttindi fram yfir aðra nemendur, þar sem þeir njóta handleiðslu menntaskólakennara í

tvö ár áður en þeir koma inn í hinn eiginlega menntaskóla. Þeir þreyta svo próf við hlið nemenda úr öðrum skólum, en þegar þeir koma þar inn, koma þeir þar sem kunnugir öllum tökum og hafa þannig betri aðstöðu en hinir. Og svo er þess ekki að dyljast heldur, að sá mjög eðlilegi háttur hefur verið upp tekinn að láta kennara við menntaskólana á Akureyri og í Rvík annast landsprófið að verulegu leyti, sem veitir inntöku í menntaskólana. Ég segi sá eðlilegi háttur, því að það er eðlilegt, að það skólastig, sem á að taka við nemendunum, hafi um það að segja, með hvaða undirbúningi þeir koma til stigsins, og óeðlilegt, að kennarar við skóla gagnfræðastigsins ættu að annast prófið. Varla er um aðra að ræða en kennara til að annast þetta próf, og er þá eðlilegt, að menntaskólakennararnir geri það, því að þeir eiga að taka við þeim, sem prófaðir eru. En þá er augljóst, að að svo miklu leyti sem kennarar Menntaskólans á Akureyri annast prófin, þá fá þeir nemendur, sem áður hafa verið í gagnfræðadeild sama skóla, forréttindi fram yfir aðra nemendur, sem prófið þreyta. Mér dettur ekki í hug, að kennarar Menntaskólans á Akureyri verði neitt hlutdrægir í því sambandi. Síður en svo. En sérhver kennari kennir með sínum hætti og býr til próf og dæmir úrlausnir í samræmi við það. Þess vegna fá þeir nemendur forréttindi, sem notið hafa kennslu þeirra manna, sem útbúa prófin og dæma lausnirnar. Auk þess vil ég minnast á það meginatriði, að ef farið er inn á þessa braut, þá er ég hræddur um, að draga mundi til sama óheillaástandsins og var við Menntaskólann í Reykjavík, þess óheillaástands, að skólinn yrði yfirfullur og svo yrði farið að finna ráð til að takmarka aðgang nemenda. Nú liggur fyrir frv. um að reisa 2 eða 3 nýja menntaskóla, og ef þörfin fyrir þá er fyrir hendi, eins og hv. flm. þess frv. munu halda fram, skyldi þá ekki vera rétt að nota húsnæði Menntaskólans á Akureyri til hlítar fyrir nemendur, sem lokið hafa landsprófi?

Ég skal svo ekki fara um þetta öllu fleiri orðum að sinni. Ég mun fá tækifæri til að fjalla um málið í menntmn. Ég hef nú hlustað á rök hv. flm., en enn þá hef ég ekki heyrt þau rök, sem mér þyki frambærileg fyrir því, að farið sé nú að höggva í menntaskólalöggjöfina, eins og höggvið hefur verið í tryggingalögin og lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og því mun ég verða á móti þessu frv., ef ekki koma fram önnur og sterkari rök, sem með því mæla.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi ekki láta þetta mál ganga svo til n., að ekki kæmi fram, að ég er andvígur þessu frv. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, sýnist vera sú, að hv. flm. telji, að stefna sú, sem tekin var upp í málum menntaskólanna af Alþingi 1946 og milliþn. í skólamálum, sé röng, sú stefna, að hafa fjögurra ára menntaskóla í stað sex ára. Í raun og veru er þó frvgr. ekki að öllu leyti í samræmi við það, sem segir í grg., þar sem í grg. er talið rangt að hafa ekki gagnfræðadeildir við menntaskólana. Hefði því frv. átt að vera um það að afnema núgildandi lagaákvæði um menntaskóla og leggja til að taka aftur upp hið eldra skipulag, en ekki aðeins að fara fram á bráðabirgðabreytingu og það aðeins varðandi Menntaskólann á Akureyri. Ég álít stefnu milliþn. og Alþingis 1946 rétta, að hafa gagnfræðanámið sérstakan áfanga á menntabrautinni. Ég tek undir þau rök hv. 6. þm. Reykv., að óheppilegt sé, að skólar séu mjög langir, þ. e. a. s. taki yfir lengri tíma en 4 ár. Í 6 ára skóla eru nemendur á svo ólíkum aldri, að ég tel það ekki heppilegt. Auk þess tel ég, að skólar eigi ekki að vera mjög stórir, — helzt ekki fyrir miklu fleiri en 300 nemendur, en augljóst er, að 6 ára skóli verður alltaf fjölmennari en 4 ára skóli; það væri tvímælalaust í betra samræmi við skoðanir hv. flm., að þeir legðu til að láta þetta líka gilda í Reykjavík, því að það væri mjög óeðlilegt að hafa 6 ára skóla á Akureyri, en 4 ára skóla í Reykjavík, og reka menntaskólana þannig sinn með hvorum hætti.

Nú er að athuga, hvort nokkur ástæða sé til að setja sérstök ákvæði varðandi Menntaskólann á Akureyri. Ég hef sannfærzt um það af ræðu hæstv. menntmrh., að svo er ekki. Það hefur komið í ljós, að það er á misskilningi byggt, að setja þurfi sérstök ákvæði af húsnæðisástæðum eða því um líku, þegar það er upplýst, að ekki nema 10 gagnfræðadeildarnemendur búa í heimavist, og sýnast engar ástæður vera fyrir hendi, sem réttlæti þá prinsipbreytingu, sem gert er ráð fyrir í frv. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Ég er andvígur þeirri meginstefnu, sem fram kemur í grg. frv., og ég sé enga ástæðu til þess að láta sérstök ákvæði gilda um Mennatskólann á Akureyri.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Ég harma það mjög, að hæstv. menntmrh. skyldi taka þannig í þetta mál á þessu stigi sem hann gerði. Ákjósanlegra hefði verið, að hann hefði getað orðið við tilmælum okkar flm., úr því að hann hefur á annað borð brotið ísinn og gert undantekningu sem þá, er hér er farið fram á, enda virðist enginn háski á ferðum, þótt framkvæmd laganna sé frestað í bráð. Hæstv. menntmrh. vildi segja það, að fræðslulögin hafi haft stuðning meginþorra skólamanna landsins. Ja, hann virðist vera kunnugur hugum skólamannanna, en minna má á það, að skólamenn á Akureyri voru látnir vera utan við undirbúning löggjafarinnar, og enginn þeirra átti sæti í milliþn. Kemur það og fram í ályktun kennarafundar á Akureyri, að þeir eru ekki hrifnir af fræðslul. Það má náttúrlega segja, að þetta mál sé sérmál kennaranna á Akureyri og Akureyringa, en það eru fleiri en Akureyringar, sem óska eftir breyt. á l., því að næstum allur Norðlendingafjórðungur óskar eftir þeirri frestun, sem frv. gerir ráð fyrir, og liggja fyrir um það áskoranir og samþykktir frá ýmsum aðilum, svo sem aðalfundum kaupfélaga, hreppsnefndum, bæjarstjórnum o. fl. En það má náttúrlega reyna að láta líta svo út, að hér sé um að ræða hégómamál, sem litlu máli skipti. Hæstv. menntmrh. vildi láta svo vera, að fáir gagnfræðadeildarnemendur hefðu verið í heimavist Menntaskólans á Akureyri í vetur,

og var þetta gripið á lofti af hv. 4. þm. Reykv. (GÞG). En þess ber að gæta í þessu sambandi, að gamla heimavistin tekur aðeins 50—60 nemendur, og er þá eðlilegt, að skólameistari láti nemendur menntadeildar sitja fyrir. En þegar nýja heimavistarhúsið, sem tekur 150 nemendur, er komið upp, þá skulum við sjá, hvort nemendur gagnfræðadeildar verða þar ekki hlutfallslega fleiri, ef gagnfræðadeildin verður þá lifandi enn. Hæstv. menntmrh. hélt því og fram, líklega eftir upplýsingum frá skólastjóranum, að Gagnafræðaskóli Akureyrar gæti tekið á móti öllum og hefði getað s. l. haust. Ég veit nú ekki betur en skólinn sé fullur, og samt er aðsókn að gagnfræðadeild menntaskólans, svo að hér skýtur nokkuð skökku við. Svo kemur hv. 6. þm. Reykv. og telur upp alla skóla á Norðurlandi, sem geti búið menn undir landspróf. En þá gleymir hann víst þeim kröfum, sem hann sjálfur og aðrir í milliþn. gerðu til hæfni kennaranna við slíka skóla. Mér þætti gaman að sjá úrslit rannsóknar á kennslukröftum í öllum þessum skólum og vita, hvort nokkur af kennurum uppfyllti þær kröfur, sem n. gerði. Ég efast um, að nokkur þessara kennara geri það, jafnvel ekki sjálfur skólastjóri Gagnfræðaskóla Akureyrar, en góðir kennslukraftar eru einmitt undirstöðuatriði í okkar skólamálum.

Þá koma þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. eins og nokkurs konar stórskotalið á eftir hæstv. menntmrh. í þessu máli og segjast vera algerlega fráhverfir 6 ára menntaskólanámi. Þeir fullyrða báðir, að það sé óheppilegt að hafa námið svo langt. En sjálfir leggja þeir blessun sína yfir 3 ára gagnfræðanám og 4 ára menntaskólanám, og þótt ég sé ekki reikningsmaður á borð við hv. 6. þm. Reykv., þá held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að 4+3 séu 7 og að 7 séu meira en 6, svo að það, sem þeir hafa gert, er að lengja námið um eitt ár, þótt þeir segist vera á móti löngu námi, því að það er náttúrlega hégómi, þótt náminu sé skipt og kallað gagnfræðanám og menntaskólanám. Það verður nokkuð svipað, þótt það beri annað nafn. Hv. 4. þm. Reykv. taldi það stórhættulegt, að skólarnir væru stórir, og væri það augljóst, að 4 ára skóli yrði aldrei eins stór og 6 ára skóli, og er þetta rétt. Um hitt held ég geti verið skiptar skoðanir. Ef menntaskólunum verður nú brátt fjölgað um þrjá, þá eru heldur ekki líkur til, að menntaskólarnir verði mjög stórir. Varla verða þar fleiri nemendur en um það bil 300, og er ég ekki hræddur við það, og ég held það sé heppilegt, að menn komi sem fyrst undir áhrif kennaranna og skólaagann. Hv. 6. þm. Reykv., eins og hans er vani, braut málið til mergjar, því að hann er rökfastur maður, og byrjaði á byrjuninni, er hann átti sæti í milliþn. í skólamálum og setti upp það kerfi, sem nú er í l. Honum líkaði náttúrlega ekki, þegar hér á að raska við kerfi hans, en röskunin er þó ekki meiri en það að fá frestun á framkvæmd l. um stundarsakir. Það er meira að segja gert ráð fyrir, að landspróf veiti áfram inngönguréttindi í Menntaskólann á Akureyri, og slítur því þetta frv. ekki samhengi fræðslukerfisins. Ég vona því, að hv. menntmn. líti á þetta frv. með velvild og ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. sem gamall Norðlendingur og nemandi Menntaskólans á Akureyri mun líta á málið með sanngirni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. sagði, að sér leiddist, hvernig ég tæki í málið. Það eina, sem ég hef gert, er að skýra frá mínu sjónarmiði og upplýsa staðreyndir málsins og óska þess, að hv. menntmn. athugaði það gaumgæfilega og hlutlaust. Ég hef varað við vissum atriðum og þarf ekki að endurtaka það. — Þá sagði hv. flm., að ég hefði viljað láta svo vera, að fáir gagnfræðadeildarnemendur hefðu verið í heimavist Menntaskólans á Akureyri í vetur. Ég kann ekki við þetta orðalag, því að ég upplýsti aðeins þær staðreyndir, sem ekki er hægt að raska og fara á engan hátt eftir því, sem ég kann að vilja vera láta.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er aðallega til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. þm. Ak. Hann hélt því fram, að kennarar Menntaskólans á Akureyri hefðu verið látnir vera utan við samningu hinna nýju fræðslul. En staðreyndir málsins eru þessar: 1. Kennurum Menntaskólans á Akureyri voru send frumdrögin að frv. með spurningum og beiðni um athugasemdir, sem þeir gerðu. 2. Skólameistari þáverandi, Sigurður Guðmundsson, var kvaddur á fund milliþn., og var hann með n. í þrjá daga og ræddi við hana atriði, er vörðuðu kaflann um menntaskóla. 3. Frv. var lagt fyrir sameiginlegan fund kennara við báða menntaskólana. Þetta kalla ég ekki að setja kennara Menntaskólans á Akureyri utan hjá. En hitt er rétt, að hjá ýmsum þeirra kom fram það sjónarmið, að rétt væri að viðhalda 6 ára menntaskóla, en engar ákveðnar till. komu fram um það, og þáverandi skólameistari hélt ekki fast á þessu atriði og sagðist geta sætt sig við frv. — Svo eru það kaupfélögin. Ég hef, eins og allir vita, mikinn áhuga á þeim. Hv. flm. sagði, að nær allur Norðlendingafjórðungur óskaði eftir, að frv. hans næði fram að ganga, og bar m. a. fyrir sig samþykktir kaupfélagsfunda. Já, kaupfélögin eru sterk á Norðurlandi, og er gott eitt um það að segja, en það er alveg spánýtt starfsvið þeirra að skipta sér af skólamálum, og ég held, að aðalfundir kaupfélaganna séu aðallega um annað að hugsa og kunni betur skil á lausn annarra vandamála en skólamálanna. — Svo er það hæfni kennaranna. Það er rétt að milliþn. gerði háar kröfur, en n. datt aldrei annað í hug en gera mætti undantekningar. Svo segir í 37. gr. l., er talin hafa verið skilyrði, sem gagnfræðaskólakennarar þurfa að uppfylla: „Heimilt er og að gera að föstum kennurum þá, sem kennt hafa tvö ár hið minnsta með góðum árangri við skóla, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi, enda komi meðmæli skólastjóra til." Og enn fremur: „Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá skólanefnd og fræðslumálastjórn leitast við að fá

til hæfan mann, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.“ Og loks segir: „Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við skóla gagnfræðastigsins, þegar lög þessi koma til framkvæmda.“ Milliþn. var sem sé ljóst, að það mundi kosta alllangt árabil að fá kennarahóp, sem uppfyllti kröfur þær, sem taldar eru í l., og gekk því út frá því, að gamlir kennarar við skólana héldu stöðu sinni og að veita mætti undanþágur, og það skal ég segja þeim til hróss, er við gagnfræðaskólana hafa kennt, að þeir hafa sýnt það, að þeir geta undirbúið nemendur sína prýðilega undir landspróf. Ég er eðlilega sammála hv. þm. Ak. í því, að æskilegt er að hafa sem bezta kennara, og vil benda á í þessu sambandi, að reynsla kennaranna, sem þeir hafa öðlazt í löngu starfi, er kannske eins mikils virði og háskólanám. — Svo er það þetta, að ég segist vera móti löngum skólum, en leggi þó til, að menntaskólanámið sé 7 ár. Þetta er hártogun. Gagnfræðanámið og menntaskólanámið fær nemandinn ekki skv. l. í sama skóla, þótt hvort tveggja sé nauðsynlegur undanfari stúdentsprófs. Laugaskóli og Menntaskólinn á Akureyri verða t. d. aldrei sami skólinn. Það er heldur ekki alls kostar rétt, að námið til stúdentsprófs hafi verið lengt um eitt ár, úr 6 árum í 7, því að 7. árið er fengið með því að lækka barnaskólanámið um eitt ár, svo að skólatíminn lengist raunar ekkert. Ég fjölyrði þetta svo ekki meir að sinni. Ég lofa hv. þm. Ak. því, sem hann treysti mér til, að athuga vandlega öll gögn í málinu, ef ég fæ tækifæri til að fjalla um það í menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 611).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta mál lengi til athugunar og hefur rætt við fræðslumálastjóra, skólastjóra Menntaskólans á Akureyri, rektor Menntaskólans í Reykjavík, skólastjóra Gagnfræðaskólans á Akureyri og auk þess við milliþn. í skólamálum, eða hún hefur fengið skriflega álitsgerðir frá þessum aðilum. Ég hygg, að öllum í n. hafi verið það ljóst, hvílík vandkvæði væru á því að höggva slíkt skarð í fræðslulöggjöfina sem gert er ráð fyrir á þskj. 302. Með því að fara inn á þá braut hefði skapazt svo mikið ósamræmi milli Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans í Reykjavík, að n. taldi ekki fært að samþykkja þá till., en vildi hins vegar taka eitthvert tillit til óska skólameistara og kennara Menntaskólans á Akureyri, sem óskuðu eindregið eftir því, að gagnfræðadeildin fengi að vera áfram við skólann.

Nú er verið að fullgera hið glæsilega heimavistarhús menntaskólans, og er vonazt eftir, að hægt verði að taka það í notkun á komandi hausti. Þá verður hægt að taka 160 nemendur í heimavist í stað 70 áður, sem þá bjuggu í sjálfu skólahúsinu. Forstöðumenn skólans bentu á það, hvílíkt ósamræmi væri í því, að á sama tíma og húsrúm skólans ykist að miklum mun, þá væru lagðir niður 2 bekkir í skólanum, og þeir fóru því fram á að fá að hafa gagnfræðadeildina áfram, eins og greint er frá á þskj. 302. Meiri hl. n. vildi ganga nokkuð til móts við þessar óskir norðanmanna og vildi fallast á það, að starfrækt yrði miðskóladeild við Menntaskólann á Akureyri og yrði hún aðallega fyrir utanbæjarnemendur, sem gætu þannig notið góðs af heimavist skólans. Um próf yrði svo að setja reglur með reglugerð fyrir þessa deild, og væri eðlilegast, að þær reglur yrðu með svipuðum hætti og verið hefur. Um leið og þessi háttur yrði hafður á, leggur meiri hl. n. til, að lærdómsdeild skólans starfi áfram eftir l. nr. 58 frá 1946, um menntaskóla, og að sams konar reglur gildi um Menntaskólann á Akureyri og aðra menntaskóla.

Minni hl. n., hv. þm. A-Sk. og hv. 6. þm. Reykv., töldu þessa breytingu meiri hl. vera til bóta, en eru þó andvígir frv. og munu greiða atkv. gegn því.

Samkv. þessu leggur því meiri hl. n. til, að í næstu 2 ár verði starfrækt miðskóladeild við Menntaskólann á Akureyri, og auk þess leggur meiri hl. til, að við frv. bætist ný grein, svo hljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Meginhugsun meiri hl. með þessu er sú að koma til móts við óskir forstöðumanna Menntaskólans á Akureyri, án þess þó að höggva mikið skarð í fræðslulöggjöfina, og að hjálpa utanbæjarnemendum með þessu móti til þess að njóta góðs af heimavist menntaskólans. Ég hygg, að Alþingi gerði rétt í að mæta kröfum norðanmanna á þennan hátt, og tel, að með þessu sé ekki skapað neitt það fordæmi, sem gæti komið sér illa síðar meir. Það er vissulega eðlilegt, að Alþingi standi fast um framkvæmd hinnar nýju löggjafar, en það má þó ekki einskorða sig svo, að engu sé hægt að hnika til, hvernig sem málum er háttað, og þess vegna legg ég til, að Alþingi samþykki það, að þessi miðskóladeild verði starfrækt við Menntaskólann á Akureyri næstu tvö ár.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Menntmn. var á einu máli um það, að ekki væri ráðlegt að mæla með þessu frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 302. Ég mun þess vegna ekki eyða löngum tíma í að færa almenn rök gegn þessu frv., eins og það er frá hendi hv. flm., og liggja til þess þrjár ástæður. Í fyrsta lagi gerði ég allýtarlega grein fyrir minni afstöðu til máls-

ins við 1. umr. þess. Í öðru lagi eru með nál. á þskj. 611 prentaðar mjög ýtarlegar álitsgerðir, bæði með frv. og móti. Í þriðja lagi hefur hv. frsm. n., þm. N-Ísf., gert grein fyrir því sjónarmiði hennar allrar, að ekki sé æskilegt, að frv. þetta nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það er í á þskj. 302. Ég mun aðallega takmarka mína ræðu við það að leiða rök að því, að þótt það sé að vísu veruleg framför að fá frv. samþ. í þeirri mynd, sem lagt er til á þskj. 611, þá sé það einnig í þeirri mynd óæskilegt. En eins og fram kemur í nál. er afstaða minni hl. n. sú, að hann mun að vísu fylgja brtt. þeirri, sem menntmn. er sammála um, en jafnvel þó að hún verði samþ., mun minni hl. n., hv. þm. A-Sk. og ég, samt sem áður greiða atkv. gegn frv. við lokaatkvæðagreiðslu um það. Þegar frv. er komið í þá mynd, sem verður samkv. brtt. n., þá er ætlazt til þess, að næstu tvö árin eigi að starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, þ. e. a. s. ef húsrúm leyfir, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Ég vil í fyrsta lagi gera grein fyrir þeim rökum, sem mér hafa verið lögð í hendur um málið. Það er sem sé eitt meginatriðið í röksemdafærslu þeirra, sem hlynntir eru frv., að það sé svo gott og mikið húsnæði við Menntaskólann á Akureyri, bæði til kennslu og einnig til dvalar fyrir nemendur, sem æskja heimavistar, að sjálfsagt sé að nota það. Því hefur einnig verið haldið fram og er haldið fram í grg. hv. flm., að Gagnfræðaskólinn á Akureyri sé ekki við því búinn að taka á móti þeim nemendum, sem til þessa hafa sótt neðstu bekki menntaskólans. Þetta þurfum við að líta á, og lítum nú bara á staðreyndirnar, sem eru þessar: Í Menntaskólanum á Akureyri eru níu kennslustofur og tvær af þeim eru í kjallara hússins, og það er óhætt að fullyrða það, að að dómi allra skólamanna er kjallarinn undir gamla skólanum á Akureyri lítt hæfur fyrir kennslustofur. Það mun óhætt að fullyrða það, að kennarar séu yfirleitt sammála um það, að úr þeim kennslustofum beri að flytja með kennslu strax og tækifæri leyfir. Utan skólans eru svo 3 kennslustofur í húsnæði, sem keypt var handa skólanum fyrir nokkrum árum, en áður hafði það húsnæði verið einkaíbúð. Að sjálfsögðu hefur að því ráði verið horfið út úr neyð vegna húsnæðisvandræða að kaupa einkaíbúð og breyta henni í kennslustofur. Mér skilst einnig á grg. frá kennurum Menntaskólans á Akureyri, að þeir eins og aðrir séu sammála um það, að að því beri að stefna, að hætt verði að nota kennslustofurnar í þessu einkahúsi, sem skólinn hefur keypt, enda er það gefið mál, að enginn skólastjóri og engir kennarar munu óska eftir að verða að hafa skóla sinn til heimilis á tveimur stöðum. Það hefur ætíð gefizt illa og er andstætt öllum kennurum og öllum kennslustörfum. Einnig er þá á það að líta, að kennslustofur, sem sniðnar eru upp úr gömlum íbúðum, eru að sjálfsögðu ekki æskilegar. Ég hygg þess vegna, að það muni allir vera sammála um það, að ef eitthvað um hægist með húsnæði Menntaskólans á Akureyri, þá sé rétt að hætta við að nota þær kennslustofur, sem eru utan hins eiginlega skóla. Málið stendur þá þannig, að skólinn hefur níu kennslustofur og þar af tvær í kjallara. Nú er þarna um fjögurra vetra skóla að ræða samkvæmt núgildandi l. Allir eru bekkirnir tviskiptir og hafa verið um langt skeið og stundum þrískiptir. Mega þá allir sjá, að húsnæði til kennslu er ekki aflögu í skólanum. Þó að þeir væru aðeins tviskiptir, þá væri mikil þörf á því að hafa eina kennslustofu fyrir ýmiss konar sérkennsluiðkanir, eins og skólamenn þekkja af reynslu. Því er haldið fram, að auðvelt sé að auka við húsnæði til kennslu í Menntaskólanum á Akureyri. Það er rétt. Það er áreiðanlega auðvelt að auka við kennsluhúsnæðið þar. En ef einhverjir hv. þm. eru þeirrar skoðunar, að slíkt sé bara að segja það, þá eru þeir áreiðanlega haldnir hinni mestu villu. Ég held, að ef hv. þm. fara að hugsa málið í alvöru, þá ætti þeim að verða ljóst, að ef taka ætti gömlu heimavistarbygginguna og breyta henni í kennslustofur, þá verður að rífa skilrúm, klæða gömlu loftin og veggina og mála. Ekki er heldur ósennilegt, að eitthvað verði að breyta hita- og ljósalögnum og að þá komi fleiri eða færri breytingar til greina. Við skulum gera okkur það ljóst, að það að breyta gömlu heimavistarbygginguni í kennslustofur þýðir gerbreytingu á húsinu, en það þýðir aftur, að leggja verður fram til þess stórkostlega fjárhæð. Mér er að vísu kunnugt um það, af því að svo vill til, að ég þekki hvern krók og kima í húsinu, þar sem ég hef verið þar sem bæði nemandi og heimavistarmaður, að það er tiltölulega auðvelt að búa til tvær nýjar stofur, en eigi hins vegar að bæta við fjórum stofum, eins og virðist vera áætlun þeirra, sem um málið hafa fjallað fyrir norðan, þá þarf að gera mjög víðtæka breytingu á húsinu. Ég held, þegar á þetta er litið, að það mundu vera nokkuð hæpin rök að segja, að vegna þess að það sé svo mikið kennsluhúsnæði í Menntaskólanum á Akureyri, þá eigum við að veita nokkur afbrigði frá fræðslul. Þetta er misskilningur, því að húsnæði er ekki fyrir hendi, nema fram verði lagt stórfé. Það fullyrði ég, og ég fullyrði líka, að allir, sem eitthvað þekkja til skólamála, mundu verða samdóma kennurunum á Akureyri um það, að rétt væri að hætta að nota það húsnæði, sem er nú notað utan skólans.

Næstu röksemdirnar eru þær, að það sé svo mikið heimavistarhúsnæði á Akureyri. Það er nú svo. Það er rétt, að á Akureyri er verið að byggja stórhýsi fyrir heimavist, en það er jafnrétt, að þessu verki er ekki lokið. Það kemur fram í umsögn kennaranna, að þeir gera sér vonir um, að á komanda hausti verði pláss í nýju heimavistinni fyrir 30—40 nemendur. Við höfum nú nokkuð séð af því, þm. og allur landslýður, að áætlanir um framkvæmdir standast ekki alltaf vel. Það gæti vel svo farið, að á næsta hausti yrði ekkert pláss tilbúið í nýju heimavistinni. Meðan svo er, verður að nota þá gömlu, og meðan hún er notuð, verður henni ekki breytt í kennslustofur. Mér sýnist, þegar á þetta er litið einnig, að nokkuð

mikið fljótræði sé að ætla að breyta skólalöggjöf landsins vegna þess, að svo mikið heimavistarhúsnæði sé til á Akureyri. Það kemur vonandi, en það er ekki komið.

Þá er komið að því, að sagt er, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri geti ekki tekið við þeim nemendafjölda, sem hefur verið í fyrstu tveimur bekkjum menntaskólans, en í fyrstu tveimur bekkjunum hafa samkv. upplýsingum kennaranna á Akureyri verið um 100—110 nemendur. Það er nú eiginlega með því furðulegasta, sem ég hef séð í grg. fyrir frv., að staðhæfa það, að gagnfræðaskólinn geti ekki tekið við þessum nemendum, því að það er upplýst með umsögn skólastjórans og vottorði héraðslæknisins á Akureyri, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri geti ekki aðeins tekið við 110 nemendum, heldur 260 nemendum og það án þess að þrengja að sér. Akureyri býr sem sé við þá mjög ánægjulegu staðreynd að hafa nóg húsnæði fyrir sína gagnfræðaskólanemendur og getur nú þegar farið að framkvæma hina nýju fræðslulöggjöf til fulls, þannig að börnin koma 12 ára eða á því ári, sem þau verða 13 ára, úr barnaskólanum í gagnfræðaskólann. Og svo vel er fyrir öllu séð þarna, að skólinn getur þegar tekið við þessum nemendum og innt af höndum allar þær skyldur, sem fræðslul. leggja á herðar honum í þeim efnum. Betur að svo mætti segja um Reykjavík, en hér er ástandið þannig, að í raun og veru er enginn gagnfræðaskóli til. Allar kennslustofur eru tví- og þrísettar, og unglingadeildin verður nú að starfa í húsnæði barnaskólanna. Mér finnst þess vegna meira en hæpið að ætla að fara að breyta skólalöggjöf landsins til þess að leyfa Menntaskólanum á Akureyri að starfrækja miðskóladeild, m. a. á þeim forsendum að það vanti húsnæði í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Ég vildi mjög eindregið mælast til þess við hv. þm., að þeir kynntu sér mjög ýtarlega og vel öll plögg, sem prentuð eru með nál. á þskj. 611, því að ég veit, að þá sannfærast þeir um það, að allt, sem sagt er um húsnæði í sambandi við þetta mál, er byggt á misskilningi. Ég efa það ekki, að hv. þm. endurskoði sína afstöðu til fulls, þegar þeir sjá, að þarna er um misskilning að ræða.

Næsta atriði, sem ég vil benda á, er það, að í brtt. hv. menntmn. er gert ráð fyrir því, að við Menntaskólann á Akureyri starfi miðskóladeild. Án þess að ég ætli að væna hv. þm. um það, að þeir geri sér ekki ljóst, hvað miðskóladeild er, skal ég taka það fram, að miðskóladeild er þriggja ára skóli, deild gagnfræðastigsins, sem tekur við, þegar börnin hafa lokið barnaskólaprófum, sem fram fara eftir nýju fræðslul., þegar barnið er 12 ára eða á því ári, sem það verður 13 ára. Og í þeirri deild á barnið að vera í þrjú ár og þá er miðskólapróf þreytt og landspróf fyrir þá, sem það vilja, ef þeir ætla að fara í menntaskóla eða kennaraskóla. Nú hefur mér alltaf skilizt það á þeim norðanmönnum, að þeir reikna með tveggja ára gagnfræða- og miðskóladeild, en eftir orðalagi frv. á þetta að vera þriggja ára deild, og þá er skólinn ekki sex ára skóli, heldur sjö ára skóli. Mér er nær að halda, að þetta yrði ekki framkvæmt svona, heldur yrði þetta framkvæmt þannig, að það yrði aðeins um tveggja ára skóla að ræða. Þá yrði aðstaðan slík, að börnin færu úr barnaskólunum og væru eitt ár á Gagnfræðaskólanum á Akureyri eða öðrum skóla, sem veitti sömu fræðslu. Eftir þetta eina ár ætti svo Menntaskólinn á Akureyri að tína úr þeim skólum nokkra nemendur á því ári, sem þeir verða fjórtán ára, og taka þá til sín. Mest mundu þessi viðskipti fara fram við Gagnfræðaskólann á Akureyri. Þetta mundu verða mjög óeðlileg og slæm viðskipti, því að þá mundi aftur verða horfið að því ráði, sem þekkt er hér í Reykjavík, að framhaldsskólinn hefði þá aðstöðu að tína út nokkra nemendur úr skólum, sem yrðu honum hliðstæðir, sem sé, menntaskólarnir mundu tína úr gagnfræðaskólunum áhugasömustu og beztu nemendurna. Það álit mundi skapast, að gagnfræðaskólar væru annars flokks stofnanir, en menntaskólar fyrsta flokks stofnanir. Og þetta er mjög óæskilegt og óeðlilegt. Og það var einmitt þetta, sem svo mjög bar á í Reykjavík og á Akureyri, þetta samband menntaskólanna við aðra skóla, sem var ein orsök þess, að nauðsynlegt þótti að endurskoða skólalöggjöfina í heild. Og ég hef áður fært rök fyrir því, hversu heppilegt slíkt hafi verið. En ég vil undirstrika það, að þetta er ákaflega óheppileg aðstaða, sem Gagnfræðaskólinn á Akureyri yfirleitt er settur í. Því að sannarlega á gagnfræðastigið að fá þá aðstöðu í skólakerfinu, að það hljóti fulla virðingu og sæmd og það verði skoðað sem eðlilegur og sjálfsagður liður í skólakerfinu, en ekki sem hjáleiga við hliðina hjá öðrum skólum, sem í gagnfræðadeild hjá sér keppa við þetta stig.

Þá er bent á, að þessa miðskóla eigi að hafa til þess að sjá fyrir sveitafólkinu, sem vill komast í skóla. Sú staðreynd liggur fyrir, að í 1. bekk Menntaskólans á Akureyri eru aðeins 10 nemendur, sem heima eiga utan Akureyrar. „Af hverju", segir nú einn hv. þm. Þeir segja það, kennararnir á Akureyri, að það hafi verið af því, að það hafi verið auglýst svo seint. „Já, vitanlega", segir nú hv. þm. Ég skal segja honum betur af þessu. Það liggur ekki fyrir, að nokkur einasti nemandi hafi orðið að hætta við að fara inn í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri í haust vegna þess, að seint hafi verið auglýst, hvort menntaskólinn tæki við þeim eða ekki. Hitt er staðreynd, að gagnfræðaskólar eru að vaxa upp um allt Norðurland, sem leiðir til þess, að þörfin á því, að slíkir nemendur fari til Akureyrar, verður með ári hverju minni. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að fræðsla gagnfræðastigsins er veitt á Raufarhöfn, Húsavík, á Laugum í Þingeyjarsýslu, Siglufirði, að nokkru leyti í Ólafsfirði, að nokkru leyti á Dalvík, á Sauðárkróki og á Reykjum í Hrútafirði. Á öllum þessum stöðum eru þessir skólar að vaxa upp og á fleiri stöðum. Nú er verið að hefja unglingafræðslu í sambandi við barnaskólana. Þetta skapar sveitunum þá aðstöðu, sem þær eiga að fá og þurfa að fá, að geta haft sína unglinga í sveitaskólum eins lengi og hægt

er, þ. e. a. s. allt fram að miðskólaprófi, allt fram að því, að þau þreyta inntökupróf í menntaskóla, kennaraskólann og aðra sérskóla. Það er meiningin með fræðslulögunum að skapa þessa aðstöðu, og hún á að skapast og er að skapast. Og það er ekki vegna neinna auglýsinga, að aðeins 10 nemendur komu í 1. bekk Menntaskólans á Akureyri, heldur vegna þess, að það er verið að fullnægja þörf fyrir þessa kennslu á annan hátt en verið hefur. Látum svo vera, að einhverjir úr sveit á Norðurlandi vildu koma sínum unglingum að gangfræðanámi á Akureyri, þá liggur eðlilega leiðin inn í gagnfræðaskólann, en ekki í menntaskólann, fyrr en að loknu gagnfræðaprófi.

Þá koma aftur fram frá meðhaldsmönnum frv. röksemdir um heimavist. Nú ætla ég að varpa því fram við þá hv. þm., sem flestir eiga börn á þroskaskeiði: Ef þeir senda börn sín í kaupstað 12—13 ára gömul, mundu þeir þá fyrst og fremst vilja koma þeim í heimavist, þar sem eru unglingar allt fram til 20 ára aldurs? Ég mundi heldur vilja koma þeim fyrir hjá einstökum mönnum, og þannig kjósa menn yfirleitt. Og reynslan er líka sú, að yfirleitt reyna foreldrar að koma börnum sínum á þessum aldri fyrir hjá einstökum mönnum. Og það tekst furðu vel. Og ef einhverjir vildu t. d. koma þeim í heimavist við þennan skóla og gætu ekki komið þeim fyrir annars staðar, þá er því til að svara, að heimavist Menntaskólans á Akureyri er ekki fullbyggð. Síður en svo. Og sú heimavist er byggð upp í æði mörgum deildum, þannig að ekki sé hafður samgangur á milli deilda. Má vera, að það sé skynsamlegt. Hvað væri nú í veginum fyrir því, að ríkið, sem á þessa byggingu, legði Gagnfræðaskólanum á Akureyri til eina þessa deild fyrir þá nemendur, sem kynnu að sækja úr sveitum til þess skóla og vilja og þurfa að komast í heimavist? Ég sé ekkert í veginum fyrir því, og sérstaklega vegna þess, að húsið er byggt upp til þess að vera í aðgreindum deildum, þar sem enginn samgangur er á milli. Ég held, að þær séu sex heldur en fjórar. Ég held, að það séu ekki neinar röksemdir fyrir því að breyta skólakerfinu af þessum sökum. Ef á að breyta heimavistum á Akureyri vegna þeirra nemenda, sem þurfa að stunda gagnfræðanám, þá skulum við láta gagnfræðaskólann þar fá eitthvað af þessum herbergjum, sem menntaskólinn hefur, þegar til kemur. En þau eru ekki til enn.

Áður en ég skil við þetta atriði um miðskólana, verð ég að segja nokkur orð í viðbót. Það vita allir, að miðskólar, og skólar gagnfræðastigsins yfirleitt, eru kostaðir með öðrum hætti en menntaskólar. Það vita allir, að ríkið eitt ber kostnaðinn af menntaskólunum, en að ríki og sveitarfélög bera kostnað af skólum gagnfræðastigsins. Hvers vegna á að taka nú út úr einn skóla gagnfræðastigsins, þegar ríki og sveit eiga að greiða kostnað allra hliðstæðra skóla sameiginlega, en láta þennan eina skóla gagnfræðastigsins vera að öllu leyti kostaðan af ríkinu? Ég fæ ekki skilið það. Og kennarar hafa önnur launakjör við menntaskóla en við miðskólana. Kennarar við menntaskóla eru í hærri launaflokki, eins og eðlilegt má vera. En hér er farið fram á, að stofnað sé til þess, að kennarar við miðskóladeild í menntaskóla kenni á hærri launum en þeir, sem kenna sömu kennslu við gagnfræðaskóla. Þetta er óeðlilegt og mundi leiða til þess, að kröfur kæmu frá kennurum gagnfræðastigsins yfirleitt um að fá að njóta sömu launa og kennarar gagnfræðastigsins við menntaskóla, ef hér væri farið að mismuna kennurum gagnfræðastigsins. — Enn þykir mér rétt að benda á í þessu sambandi, að hér á Alþ. hafa verið uppi allháværar kröfur um það að fjölga menntaskólum. Þessi hv. d. hefur að vísu tekið þann kostinn að vísa því máli frá að svo stöddu, og hygg ég, að það hafi verið vel ráðið. En þegar við vorum að greiða atkv. um að vísa því máli frá, var það ekki af því, að við vildum torvelda mönnum að komast í menntaskóla. Síður en svo. En við höfðum það í huga, að það er verið að breyta menntaskólunum báðum, afnema þeirra gagnfræðadeildir að lögum, og þá ætti í þeim báðum að fást aukið húsrými fyrir hina eiginlegu menntaskólanemendur. Og það er rétt, að þegar heimavistin við Akureyrarmenntaskólann er komin, þá er hægt að auka kennsluhúsnæðið. Og ég hygg, að eftirspurnin eftir því að komast að menntaskóla muni vaxa að sama skapi, svo að bæði kennslustofur og heimavist skólans verði fullskipað menntaskólanemendum. Og Menntaskólinn í Reykjavík, — sem er rúmlega 100 ára gömul bygging, — er ekki stærri en það, að hún rúmar illa þá nemendur, sem vilja komast að skólanum, enda færist þróunin meir í það horf, að Menntaskólinn á Akureyri verði skóli fyrir allt landið, að undanskilinni Reykjavík. Það er kannske ekki óeðlileg þróun og ekki lakara fyrir menn að fara til Akureyrar til menntaskólanáms en til Reykjavíkur, og þess vegna verður aðsóknin til menntaskólans á Akureyri meiri og meiri.

Að síðustu vil ég geta þess, að mjög hefur verið haft í frammi við þessar umr. að benda á, hve ágætur skóli Menntaskólinn á Akureyri væri og að allir hans velunnarar hlytu að mæla með því, að hann fengi að halda gagnfræðaeða miðskóladeild. Ég mundi verða síðastur manna til þess að draga úr því, að á Akureyri hafi verið hinn ágætasti skóli, þar sem er þessi skóli. Og ég vil sérstaklega minnast þess, að á meðan hann var þriggja ára gagnfræðaskóli undir stjórn Stefáns Stefánssonar, þá hygg ég, að skólinn hafi skipað einhvern allra fremsta sess, sem skóli hefur skipað á Akureyri, ekki af því, að hann var þriggja ára skóli, heldur af því að skólastjórinn hafði hæfileika til þess að stjórna kennurum og hæfileika til þess að stjórna nemendunum og umfram allt afburða hæfileika til að kenna. Þessi skóli var þá fyrirmyndarskóli. — Svo kom Sigurður Guðmundsson að skólanum. Ég hygg, að hann hafi verið mjög ólíkur sínum fyrirrennara að öðru leyti en því, að hann var skólamaður líka. Hann kunni ákaflega góð tök á nemendum, að því er ég bezt fæ skilið, þó að ég þekki hann ekki eins og hinn fyrr nefnda. En Sigurður Guðmunds-

son var mjög merkur skólamaður. Á hans árum er þessum þriggja ára gagnfræðaskóla breytt í menntaskóla. Og árangurinn af því verður, að þarna skapast áframhaldandi skólastarf, sem er með því fremsta og bezta í landinu — ekki af því, að skólinn væri sex ára skóli, heldur af því, að hann hefur mjög góða forustu. — Það er sem sé ekkert aðalatriði við skóla, hvort hans starf er þrjú ár, fjögur ár eða sex ár. Hvort hann skipar sinn sess með heiðri, fer ekki eftir þessu, heldur fyrst og fremst eftir þeim manni eða mönnum, sem þar stjórna. Ég á hinar beztu óskir til handa Menntaskólanum á Akureyri. Og mín ósk er nú fyrst og fremst sú í því efni, að skólinn megi ætíð hafa í stjórnarsessi mann, sem gerir skólann að fyrirmyndarskóla, og að það verði þeir menn, sem ég vona, að verði, sem séu á borð við Stefán Stefánsson eða Sigurð Guðmundsson — hvort sem skólinn starfar í fjögur, þrjú eða sex ár. En hins vegar væri honum enginn greiði gerður með því að fara nú að gera veruleg frávik frá skólakerfinu vegna þessa skóla sérstaklega og stuðla að því, að það verði ekki sú samræmda heild, sem því er ætlað að vera, og koma Gagnfræðaskólanum á Akureyri vægast sagt í mjög óþægilega aðstöðu.

Ég held, að þetta mál hafi verið sótt af of miklu kappi, en ekki forsjá. Mér er kunnugt um, að það er kappsmál ýmissa kennara á Akureyri, að skólinn fái áfram að vera sex ára skóli. Og þeir hafa verið feikilega duglegir í að fá menn til þess að líta svo á, að vegur skólans yrði minni, ef hann færi að starfa eftir nýja skólakerfinu. Og þeir hafa skírskotað til tilfinninga ýmissa mætra manna, sem meta skólann mikils. En þeir mætu menn hafa ekki sett sig inn í þetta mál eins og þurft hefði. — Hv. þm. vil ég einnig benda á þá staðreynd, að þeir menn, sem stjórna íslenzkum skólamálum, fræðslumálastjóri og menntmrn., þeir leggja eindregið á móti því, að frv. verði samþ. í hvaða mynd sem er, hvort sem það er í þess upphaflegu mynd eða þeirri mynd, sem lagt er til á þskj. 611. Ég vil einnig benda á, að sú endurskoðun, sem gerð var á fræðslulögunum, var ekki gerð í flýti. Það var lagt í það mjög mikil vinna, er þeim var breytt. Og þegar undirbúið var frv. um menntaskóla, var uppkast sent kennurum við báða skólana og rætt á sameiginlegum kennarafundi skólanna. Og frá slíkum kennarafundi liggur engin ályktun fyrir um það að hafa löggjöfina um þá á annan hátt en þann, sem lögfestur var. Og sá mjög mæti skólamaður, Sigurður Guðmundsson, var kvaddur á fund í milliþn. í skólamálum, þegar hún var að semja þetta frv. Hann var með henni nokkra daga. Það var rædd með honum hver einasta grein frv., og hann lét ekki frá sér fara nokkurt ágreiningsatriði. Hann féllst á till. n. Og menntaskólakennarar á Akureyri hafa ekki sent mótmæli í þessum efnum á þeim tíma, sem þeir gátu sent þau. Og þeir fengu að fjalla um málið. — Ég held, að hv. þm., sem af eðlilegum ástæðum eru nú ekki á hverjum degi að hugsa um skólamál, ættu að gera sér nokkra grein fyrir því, að þessi mál hafa verið þaulrædd af þar til settum mönnum af ríkisstj. Og ég held, að þeir ættu að kynna sér þeirra skoðanir ýtarlega, áður en þeir ganga inn á þá braut að höggva það skarð, sem hér er stefnt að, í fræðslukerfið.

Ég skal svo á þessu stigi málsins láta útrætt um þetta, en endurtaka þá afstöðu minni hl. n., hv. þm. A-Sk. og mína, að við munum greiða atkv. með þeim brtt., sem hv. meiri hl. menntmn. hefur lagt fram á þskj. 611, en þó að hún verði samþ., greiðum við atkv. á móti frv., þegar það kemur til endanlegrar atkvgr. Ég álít, að ekkert frávik eigi að gera frá núgildandi skólalögum hvað þetta atriði snertir.

Umr. frestað.

Á 98. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hverju það sætir, að síðasta dagskrármálið er tekið af dagskrá. Og ég vildi beina þeim tilmælum til hæstv. forseta f. h. meiri hl. menntmn., að hann reyndi að hraða því máli.

Forseti (BG): Orsök þess, að málið er ekki til umr., er sú, að menntmrh. hefur tjáð veikindaforföll og hefur ekki getað sótt þennan fund í dag. Hefur verið lýst yfir af forseta Sþ. áður, að af þessari ástæðu liggi nú fyrir beiðni frá menntmrh. um, að frestað sé afgreiðslu málsins og honum verði gefinn kostur á að taka þátt í umr. Þótti sanngjarnt að verða við þessari beiðni, þar sem hér er um fyrstu bón að ræða og málið snertir mjög rn. hæstv. menntmrh.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki deila á forseta fyrir þetta, úr því að menntmrh. er veikur. En ég vil benda á, að þessu máli hefur einu sinni verið frestað áður, að því er forseti sagði mér fyrir beiðni eins nm. í menntmn. Ég skal ekki átelja það, en vildi mælast til þess við forseta að ýta heldur undir málið.

Á 101. fundi í Nd., 5. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í framhaldi af því, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Ég lét þess getið þá, að ég sæi ekki ástæðu til að gera þær breytingar á fræðslulöggjöfinni, sem frv. fer fram á, og taldi þær beinlínis mjög varhugaverðar. Þessa skoðun hefur einnig athugun í nefndinni stutt. Ég skal ekki endurtaka mikið af því, sem ég sagði við 1. umr., en þó get ég ekki stillt mig um að minnast örlítið á einstök atriði.

Því var haldið fram, að mikið húsnæði mundi, ef gagnfræðadeildin væri afnumin, verða lítt eða ekki notað í Menntaskólanum á

Akureyri. En þetta er, eins og hv. 6. þm. Reykv., frsm. minni hl., tók fram og skýrði, hinn mesti misskilningur. Það mun ekki af því leiða, að húsnæði verði of mikið fyrir það fólk, sem leitar þangað til framhaldsnáms, því að nú fjölgar þeim óðum, sem taka landspróf, og munu þeir unglingar fyrst og fremst leita norður vegna þess, hve þröngt er í Menntaskólanum í Reykjavík.

Önnur aðalröksemd flm. frv. er, að nú sé að rísa við Menntaskólann á Akureyri stórt og vandað heimavistarhús. Því er þar til að svara, að þótt lokið sé við það, sem frekast er unnt af því húsi, verður ekki hægt að taka í notkun á hausti komanda heimavistir nema fyrir 30—40 nemendur og með öllu óvíst, hvenær hægt verður að ljúka smíði þess vegna fjárskorts. Þessara heimavista mun og verða full þörf, þótt ekki verði þarna, eins og á að vera, nema fjögurra bekkja framhaldsskóli. Það mun og sýna sig, ef haldið er yngri deildum skólans, að ekki verður hægt að kenna nema í óviðunandi húsnæði og gengið því mjög á rétt þeirra, er stunda framhaldsnám í skólanum. En það er viðurkennt af flm. frv., að þeir, sem eru í framhaldsdeildum skólans, eigi mun fyllri rétt á kennsluplássi en yngri deildirnar og ekki komi til mála að halda þeim nema meðan húsnæði sé fyrir hendi. Þá er nú upplýst að óþarfi hefði verið að innleiða deilur um þessi mál hér, því að full vissa er nú fyrir því, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri getur bæði hvað stærð og útbúnað snertir tekið á móti öllum þeim, er stunda vilja gagnfræðanám á Akureyri. En hér í Reykjavík er hins vegar mikill skortur á húsnæði til þess að taka á móti nemendum úr gagnfræðaskólum. En í grg. þessa frv. er það jafnvel gefið í skyn, að ástandið sé í þessu efni betra í Reykjavík en á Akureyri og þess vegna sé sérstök ástæða til þess að gera undanþágu með þetta viðkomandi menntaskólanum. Þessu er alveg öfugt farið, eins og 6. þm. Reykv., frsm. minni hl., hefur greinilega undirstrikað.

Eina röksemdin, sem þá er eftir að svara, er sú, að það sé stórtjón fyrir utanbæjarnemendur eða fyrir landsmenn utan Akureyrar, að neðstu bekkir þessa skóla verði lagðir niður, vegna þess að þá eigi unglingar ekki kost á slíku námi annars staðar, sem þeir hafa notið í mjög ríkum mæli áður á Akureyri, og einnig dvalar í heimavistinni. Vitanlega er hægt að stunda undirbúningsnám í þessum 2 eða 3 bekkjum í Gagnfræðaskóla Akureyrar, — en hann hefur ekki heimavist. Það er þá eina atriðið, að það sé slíkur missir fyrir landsfólkið að tapa af heimavistinni á Akureyri fyrir börn sín. Þetta er þýðingarmikið atriði til athugunar. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, þá hefur heimavistin á Akureyri aðallega verið notuð fyrir þá, sem lengra eru komnir, en mjög lítið fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Þessi röksemd, að hér sé miklu bjargráði burtu svipt, ef heimavistin sé ekki opin fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar, fær að örlitlu leyti staðizt. Ég skal upplýsa það, sem ég upplýsti hér við 1. umr., að síðast þegar skýrslur voru teknar um þessi efni af fræðslumálastjóra, í sambandi við þetta mál, þá var af 20 nemendum, sem í 1. bekk voru, 1 nemandi í heimavistinni. Þessir nemendur hefðu því allir getað gengið í Gagnfræðaskólann á Akureyri, en aðeins 1 nemandi hefði misst af skóla vegna þess að geta ekki notið heimavistar. Af 37 nemendum, sem voru í 2. bekk, voru 9 í heimavistinni. Af þessum 57 nemendum, sem voru í 1. og 2. bekk, voru aðeins 10 í heimavistinni. S.l. vetur var gengið mjög fast eftir þessu máli, og ég neyddist til að gera tilraun með undanþágu að taka eina deild og láta utanbæjarmennina sitja fyrir. Það var gert til þess að sýna, hvað þessi þörf væri brýn. Skólastjórinn tók þá utanbæjarmenn, sem sóttu og honum fannst að ættu réttinn til þessarar skólavistar. Reynslan varð sú, að það voru 10 eða 11 utanbæjarmenn, sem fengust í þessa deild, sem leyfð var s. l. haust, sem var 1. bekkur. Síðan voru teknir Akureyringar til að fylla upp í bekkinn. Ég held, að það hafi verið 1 eða 2 af þessum 10 eða 11 mönnum í heimavistinni, svo að þessi röksemd, að það verði að gera þessa undanþágu frá fræðslul. vegna þess, hvernig ástatt er með möguleika manna í sveitum landsins til að koma börnum sínum til gagnfræðanáms, fær ekki staðizt. Eins og áður er sagt, leyfði ég undanþágu þarna til þess að prófa það, hve þörfin væri brýn, og það sýndi sig, að málin stóðu svona, eins og ég hef lýst. Fram hjá þessu er ómögulegt að ganga. Ég var mjög veikur fyrir þessu upphaflega, þangað til ég hafði kynnt mér alla málavexti og séð það svart á hvítu, að heimavistin hafði ekki verið neitt bjargráð fyrir yngstu nemendurna, heldur voru það frekar þeir, sem lengra voru komnir, sem notuðu hana. Og ég sá líka af þessari reynslu, sem varð í fyrravetur, að það er ekki brýn þörf að gera þessa undanþágu, af því að menn hafa margvíslega möguleika til þess að koma börnum sínum til framhaldsnáms, aðra en að setja þau í lægstu bekki Menntaskólans á Akureyri. Þetta hefur gerbreytzt á nokkrum árum, eins og fræðslumálastjóri hefur greinilega sýnt fram á í álitsgerð sinni um málið. Fyrir nokkrum árum hefði það verið mjög þungt áfall fyrir fólkið víðs vegar um landið, ef þessi breyting hefði verið gerð, en nú er þetta ekkert áfall, því að ótal möguleikar standa mönnum nú opnir, sem ekki voru til fyrir fáum missirum síðan.

Sannleikurinn er sá, að talsvert af þessum áhuga fyrir því, að ekki megi breyta þessum skóla á Akureyri, eins og gert hefur verið hér í Reykjavík, stafar af gömlum misskilningi. Menn hafa ekki áttað sig á því, að ástandið er breytt frá því, sem það var, þegar þeir voru sjálfir í skóla og það var eini möguleikinn að komast í þennan skóla. Sama er að segja um þá, sem áttu unglinga, sem sóttu skóla fyrir 5—6 árum síðan. Ástæðurnar eru gerbreyttar frá því, sem þá var. Þá hefði verið óviðunandi að gera þessa breytingu. Menn verða að gefa sér tóm til þess að athuga allar ástæður, en láta ekki einhverjar óljósar tilfinningar ráða í þessu efni. Nú mætti kannske segja sem svo: Þetta getur allt verið rétt fram tekið hjá

frsm. minni hl., en er það ekki útlátalaust að verða við þessum óskum forstöðumanna skólans á Akureyri? Því að sannleikurinn er sá, að þetta er mikið sótt af forstöðumönnum skólans. Fyrir þeim er þetta prinsipmál, sumpart metnaður fyrir sína stofnun og sumpart trúin á, að þetta sé betra skólakerfi að hafa menn 6 ár í einum skóla heldur en 2 ár í einum og 4 ár í öðrum skóla. Þá er þess að geta, að þetta atriði var gert upp, þegar nýju fræðslul. voru sett. Þá voru menn yfirleitt sammála um að hafa svona skipan á þessum málum. Það hafa engin málefnisleg rök komið fram, sem hníga í þá átt, að ástæða sé til þess að hverfa frá þeirri skipan og taka upp þá gömlu. Spurningin er þá: Er ekki útlátalaust að gera þetta? Mér finnst á meiri hl., að þeim virðist ekki rétt að breyta kerfinu, en þeim finnist rétt að taka tillit til óska skólastjórans og kennaranna. Í þessu sambandi vil ég í fyrsta lagi benda mönnum á þetta: Það er, eins og ástatt er nú í Menntaskólanum á Akureyri, eins og trú þeirra manna, sem þar stjórna, á því, að það sé um að gera að hafa þarna 6 vetra skóla, sé svo sterk, að það megi alveg gera ráð fyrir því, að það verði haldið svo fast í það í framkvæmdinni, að það geti orðið til baga fyrir þá, sem eiga rétt á að stunda þarna framhaldsnám, heimildin gæti orðið til þess, ef hún væri veitt, að Menntaskólinn á Akureyri tæki upp kennslustofur og heimavist fyrir fólk, sem er að stunda nám í 1. og 2. bekkjum, — sem eru nemendur, sem auðveldlega geta aflað sér náms annars staðar, — á sama tíma sem útilokaðir yrðu frá að fá skólavist nokkurs staðar nemendur, sem búnir eru að taka landspróf og eiga fullkominn rétt á að komast í skóla til framhaldsnáms. Auk þessa eru margar fleiri ástæður, sem mæla á móti því sérstaklega að gera þetta. Ég vil nefna hér eina. Eina ástæðan fyrir því, að þessi breyting var gerð á skólakerfinu, var sú, að menn vildu losna við hið ægilega kapphlaup, sem var um það að komast í Menntaskólann í Reykjavík og var háð í sambandi við samkeppnispróf inn í 1. bekk. Þetta var samkeppnispróf, sem allir höfðu andstyggð á. Nú vil ég benda mönnum á það, að ef þetta frv. verður samþ. og námsfólk á Akureyri óskar af einhverri ástæðu að komast strax í þann skóla, sem það ætlar að vera áfram í, menntaskólann, heldur en fara fyrst í gagnfræðaskólann, — og það er enginn vafi á því, að menn velja heldur menntaskólann, þó að engin málefnisleg rök séu fyrir því, — þá er verið að innleiða á Akureyri samkeppnisprófið, sem menn vildu losa sig við hér í Reykjavík með nýju skólal.

Þegar ég gekk inn á það, að þessi eini bekkur væri hafður til reynslu í Menntaskólanum á Akureyri, sagði ég skólastjóranum, að ég vildi ekki samþ. þetta samkeppnispróf. Skólastjórinn spurði þá um það, hvernig hann ætti að velja nemendur í bekkinn, og sagði ég honum að gera það eftir eigin mati í þetta skipti. En mér skildist á honum, að samkeppnispróf yrði að hafa, ef deildin yrði starfrækt áfram, og er þá komið á Akureyri alveg sama ástandið og var hér í Reykjavík og það alveg að ástæðulausu. Það má einnig búast við því, að ef þetta verður gert, þá byrji sams konar áróður í Reykjavík um það, að ef Menntaskólinn á Akureyri eigi að fá þetta, sem mér skilst, að sumir skólamenn kalli réttindi, þá eigi Menntaskólinn í Reykjavík að hafa þau líka. Og mér er kunnugt um það, rektor Menntaskólans í Reykjavík hefur sagt mér það, að ef Menntaskólinn á Akureyri verði ekki gerður að 4 vetra skóla, eins og l. um menntaskóla ætlast til, þá leggi hann áherzlu á, að Menntaskóli Reykjavíkur fái líka heimild til þess að hafa 1. og 2. bekkjar deildir hjá sér. Og með hvaða rökum ætla menn þá að neita Menntaskólanum í Reykjavík um þetta, og hvernig ætti þá að haga inntökuprófi í hann?

Auk þess er annað, sem ástæða er til að undirstrika, af því, sem hv. frsm. minni hl. upplýsti, sem sýnir, hvað þetta er takmarkað allt saman. Nú er gert ráð fyrir því, sem er til bóta, hjá allri n., að það skuli kveða svo á, að í menntaskólanum skuli vera miðskóladeild. Eins og hv. frsm. minni hl. gat um, er miðskóladeildin 3 vetra skóli. Er menntaskólinn reiðubúinn til að hafa þarna 7 vetra skóla? Ef hann er það ekki, hvernig á þá að fara með þetta? Á að tína út einhverja útvalda, eftir að þeir eru búnir að vera eitt ár í öðrum skólum, og taka þá inn í menntaskólann? Á að tína þá úr með samkeppnisprófi eða hvað? Námstilhögun er ekki sú sama í miðskólum og nú er í lægstu bekkjum Menntaskólans á Akureyri. Ég veit ekki, hvort þeir, sem að þessu standa, hafa gert sér fyllilega grein fyrir því, hvernig á að koma þessu öllu heim og saman. Svo vil ég líka benda á það, að ef hluti af gagnfræðanáminu á að vera áfram í menntaskólunum, þá koma kennararnir úr gagnfræðaskólunum, sem hafa lægri laun en kennarar menntaskólanna, og spyrja um það, hvers vegna þeir eigi að hafa lægri laun fyrir að kenna hið sama.

Það má kannske segja, að það hafi verið rangt af mér að leyfa að hafa þessa undirbúningsdeild í skólanum s. l. vetur. En ég gerði það til þess, að það væri ómögulegt að væna mig um það, að ég vildi ekki reyna þetta til hlítar, hvernig ástandið væri í þessum efnum og hversu þörfin væri brýn. Hins vegar hefur mér verið ómögulegt að loka augunum fyrir þeirri reynslu, sem fékkst, og þess vegna er ég alveg eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að samþ. þetta frv. og ekki heldur, þó að því sé breytt í það horf, sem n. leggur til, þó að það sé að vísu skárra að hafa þetta eins og hún leggur til heldur en frv. óbreytt. Það er að því leyti betra, að heimildin er bundin við 2 ár. Þá á Alþ. að taka málið til umr. aftur. Einnig er tekið fram, að þarna skuli starfa miðskóladeild, og enn fremur er tekið fram, að þetta skuli framkvæmt, ef húsrúm leyfir, en ekki, ef húsrúm leyfir að dómi skólastjóra. Það yrði þá að vera að dómi fræðslumálastjóra, og ég lít þannig á, að á þann hátt eigi að túlka þetta ákvæði.

Ég vil svo að lokum segja það, að ef það kemur til mála, að Alþ. vilji hafa sérákvæði um Menntaskólann á Akureyri eftir því, sem

frv. fer fram á, þá sýnist mér, að það þurfi að takmarka þau enn betur en gert er í þeim brtt., sem hér liggja fyrir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Mér ber að þakka hv. menntmn. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í athugun frv. Þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með niðurstöður hv. n. í heild, þá mundi ég sætta mig við þær breyt. — eftir ástæðum —, sem orðið hafa fyrir aðgerðir hennar. Í till. hennar er farið miklu skemur en upphaflega var til ætlazt. Í frv. var farið fram á að fá að hafa gagnfræðadeildina eins og hún var, en nú er gert ráð fyrir að leyfa að hafa miðskóladeild í 2 ár í sambandi við Menntaskólann á Akureyri. Ég geri ráð fyrir því, að við flm. frv. munum sætta okkur við þessa lausn á málinu, þó að ekki sé gengið til fulls til móts við óskir okkar.

Nú hefur hv. frsm. minni hl. skýrt frá afstöðu minni hl. til málsins, lýst sig hálfvegis fylgjandi þessum brtt., en þeir muni hins vegar vera á móti frv. Ég skil nú ekki vel þann rökstuðning, að menn geti verið á móti frv., sem þeir eru þó með.

Bæði hæstv. menntmrh. og hv. frsm. minni hl. gerðu lítið úr þeim rökum, sem fram voru borin þessu máli til stuðnings, og þeir vildu halda því fram, að um hefði verið að ræða rakaleysi frá upphafi til enda. Það er nú hins vegar vitað, að almennar óskir Norðlendinga standa að þessu. Það eru ekki aðeins kennarar Menntaskólans á Akureyri, sem standa að þessu, heldur hafa komið óskir alls staðar að úr fjórðungum norðurlands, frá sýslum, kaupfélögum o. fl., um, að skólinn megi starfa áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku nýju fræðslul. Eru allar þessar óskir byggðar á misskilningi? Nei, það er hreint og beint álit fólksins, að í rétta átt sé stefnt með því að fá þetta fyrirkomulag, sem óskað er eftir. Þessi stofnun er nú aldarfjórðungsgömul og hefur notið svo mikils trausts, að fólkið hefur fengið það á tilfinninguna, að þangað sé vert að senda börn sín, og þeir lærisveinar, sem þar hafa verið, hafa getið sér hinn bezta orðstír. Það er viðurkennt af öllum, ekki sízt foreldrunum, sem hafa fengið börn sín heim úr þessum skóla. Í þessu liggur afar mikið, sem stuðlar að þessum kröfum eða óskum þessa fólks, og ég hef sannfærzt um réttmæti þeirra.

Hv. frsm. minni hl. og fleiri, sem talað hafa í þessari umr., hafa gert eins lítið úr heimavistinni í sambandi við þetta sem mögulegt er; en fólkið úti í sveitum vill senda börn sín til dvalar í heimavistina, þar sem þeir álíta, að hún sé betri og hollari til dvalar fyrir þau en aðrir staðir. Það munu nú vera í heimavist menntaskólans 50—60 manns. Þá sagði hæstv. ráðh., að það mundu vera fáir í neðri bekkjunum, sem dveldu í heimavistinni. Það mun vera rétt, að menntadeildin sé látin sitja fyrir með heimavist. Ef maður hugsar sér, að heimavistin aukist það, að 160 manns fái dvalarstað í henni, ætli hún mundi þá ekki aukast tiltölulega fyrir gagnfræðadeildina, ef hún yrði við skólann? Rök hv. þm. hvað heimavistina snertir eru veik að mínum dómi. Það er rétt, að nýja heimavistarbyggingin er ekki fullgerð. Ein álma hússins mun verða tilbúin í haust, og verður þar rúm fyrir 30—40 nemendur. Það er hugsað að láta gömlu heimavistina halda sér, meðan verið er að koma hinni upp, og verður þá pláss fyrir 100 nemendur í heimavist næsta haust. Þetta er kannske lítil viðbót, en mér finnst hún sæmileg.

Hv. frsm. minni hl. menntmn. var að tala um það, að þetta mál væri sótt af meira kappi en forsjá. Það má deila um það, hvað er forsjárlegt í þessu falli. Mér virðist það mjög mikil forsjá að halda í það gamla og góða, en ekki hlaupa eftir því nýja. Þessi hv. þm. sagði einnig, að verið væri að skapa gagnfræðaskóla um allt Norðurland, svo sem hann taldi upp. Og það virtist sem stóri skólinn á Laugum væri orðinn gagnfræðaskóli líka. En eftir svo eða svo mörg ár er kannske líka kominn gagnfræðaskóli á Blönduósi og jafnvel norður á Raufarhöfn. Og hann rak sig á þá staðreynd, að þetta allt og alls staðar væri svo ágætt. — Hann vildi halda fram, að upp úr heimavist væri ekki svo mikið leggjandi. Hann vildi gjarna heldur koma börnum sínum fyrir í privathúsum. Hvar hefur hann hugmynd um, að hann mundi geta komið niður þessum börnum? Ég held, að það gæti stundum orðið erfitt. Og reynslan hefur sýnt, að það hefur gefizt illa. Börn frá privathúsum hafa sýnt, að þau hafa getað orðið skólanum til minnkunar upp á síðkastið. En það hefur verið sótt á með að fá að koma börnunum í heimavist við skólann, vegna þess að þar náði skólaaginn til. (*SigfS:* Þar hafa þau farið út um glugga.) Það var nú í gamla daga, og í köðlum stundum, en slíkt er hægt að gera í privathúsum líka. — Það hefur enn fremur verið talað um það, að það væri enginn vandi, þegar ríkið væri búið að leggja svo mikið fé í þá nýju heimavistarbyggingu, þá væri ekki annað en að skipta heimavistinni á milli Gagnfræðaskólans á Akureyri og Menntaskólans. Mér þætti gaman að sjá þá menntaskóla, sem vildu taka að sér heila hersingu af nemendum úr öðrum skóla. Ég held, að þessu hafi verið kastað fram af hv. þm. til þess að gylla sinn málstað. — Það er sagt, að þessi nýi gagnfræðaskóli sé rúmgóður. Það er rétt. Hann er svo rúmgóður, að hann getur fullnægt þeim kröfum, sem hingað til hafa verið gerðar til þessa skóla. Áður þurfti að leigja víða húspláss fyrir hann, en nú er komin ágæt bygging þarna. En þegar fullyrt er, að þessi skóli geti bætt við sig 260 nemendum, þá er það fjarstæða, nema hann eigi að vera kvöldskóli líka, en þá má koma í hann allt að þúsund börnum.

Ég ætla ekki að kappræða um þetta mál. En mér er það dálítið áhugamál, vegna þess að ég veit, hve óskir manna eru miklar og áhugi um þetta mál á Norðurlandi, alla leið frá Húnavatnssýslu, í Skagafirði, Þingeyjarsýslunum báðum og ég tala nú ekki um í Eyjafirði og á Akureyri. Það er sameiginlegt álit allra þeirra manna sem í þessum héruðum hafa mikinn áhuga fyrir þessu máli, að það beri að samþ., að þarna geti verið gagnfræðaskóli áfram í sam-

bandi við Menntaskólann á Akureyri, og sérstaklega af því, að menn af efnahagsástæðum gætu komið fátækum börnum þar fremur en ella einmitt vegna heimavistarinnar. Ég vona, að þessi breyt. fari í gegn hér, — og jafnvel, að vinur minn, hv. frsm. minni hl. menntmn., verði nú með þessu.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er nú ekki orðið mjög margt, sem ég sé ástæðu til að segja fyrir hönd meiri hl. menntmn. í tilefni af þeim andmælum, sem hér hefur verið hreyft gegn þeirri breyt., sem meiri hl. n. leggur til, að þetta frv. verði afgr. með. Þessi mótmæli eru raunverulega tvíþætt, eru byggð annars vegar á því, að það sé ekki unnt að framkvæma þessa skipan á málefnum Menntaskólans á Akureyri vegna húsnæðis skólans, vegna þess ástands, sem hann eigi við að búa í húsnæðissökum. Og í öðru lagi byggjast mótbárurnar gegn sjálfu fyrirkomulaginu, sem lagt er hér til, að verði haft um rekstur skólans.

Ég vildi fyrst leyfa mér að fara nokkrum orðum um nokkrar aths. hv. frsm. minni hl. n., 6. þm. Reykv. Hann reyndi að færa rök að því, að það yrðu í raun og veru aldrei nema níu kennslustofur, sem skólinn hefði yfir að ráða, eftir að heimavistin væri flutt úr sjálfu skólahúsinu, og benti á það í því sambandi, að tvær af núverandi kennslustofum skólans væru í kjallara hans og lítt nothæfar. Ég verð að segja, að í þessum efnum held ég, að hv. þd. hljóti að leggja meiri trúnað á það, sem sjálfir forráðamenn skólans segja um þetta atriði. Þeim hlýtur að vera betur kunnugt um það, hvernig húsnæði skólans verður háttað, eftir að heimavistin er flutt úr honum, heldur en hv. 6. þm. Reykv. er um það, enda þótt hann hafi á sínum æskuárum numið í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Stofurnar þarna eru nú níu. En það þýðir ekki það, þó að þær séu níu nú, að það sé alveg óumbreytanlegt lögmál, — eins og t. d. miðflóttaaflið, — að það geti þess vegna aldrei verið nema níu kennslustofur í Menntaskólanum á Akureyri. Það er engin Pýþagórasarregla, að það geti aldrei verið nema níu kennslustofur í Menntaskólanum á Akureyri, enda þótt flutt sé úr honum önnur starfsemi hans. Ég hygg, að allir hv. þm. viti, að í menntaskólahúsinu á Akureyri er nú heimavist. Þar er matsalur og þvottahús, og þar er fjölþætt starfsemi rekin í sambandi við heimavistina. Það liggur í augum uppi, að það hlýtur að vera rétt, sem forráðamenn skólans segja, að það skapast mikið aukið húsnæði við það, að heimavistin fer úr skólahúsinu. Þessu má ekki hv. frsm. minni hl. menntmn. ganga fram hjá eða segja, að það, að aldrei geti orðið nema níu kennslustofur í Menntaskólanum á Akureyri, sé jafnóyggjandi og Pýþagórasarreglan. (*SigfS:* Ég held, að hv. þm. N-Ísf. sé búinn að fá óráð.) Hv. 6. þm. Reykv. hefur eiginlega aldrei farið úr þeim ham að vera eins rökvís eins og þegar hann hefur verið að kenna Pýþagórasarregluna. Hún á alls ekki við menntaskólahúsið á Akureyri. (*SigfS:* Þingmaðurinn er alveg búinn að tapa sér.) Ég vil halda mig við það, sem menntaskólamenn á Akureyri segja um þetta, að það séu ekki níu, heldur 16—18 stofur, sem fást í þessu húsi, er heimavistin er úr því farin. Og ég trúi þessu, ekki aðeins vegna áreiðanleika þessara manna, heldur vegna þess, að ég þekki þetta sjálfur og þarf ekki að láta hv. frsm. minni hl. menntmn., 6. þm. Reykv., segja mér neitt um þetta. (*SigfS:* Ég sagði, að hægt væri að fjölga stofunum upp í þetta.) Ég skil vel, að hv. þm. vill nú draga í land, þegar hann sér, að þessi rök hans eru svo gersamlega haldlaus. — Þetta er nú í sambandi við þá mótbáru hv. 6. þm. Reykv., sem er í sambandi við húsnæði skólans.

Hv. 6. þm. Reykv. minntist þessu næst á það, og vildi upplýsa okkur í meiri hl. n. um það, að samkv. fræðslul. væri gert ráð fyrir, að miðskóladeild væri þrjú ár. Það er rétt, og það hefur okkur verið ljóst. Það er þess vegna um tvær leiðir að velja fyrir Menntaskólann á Akureyri, þegar stofnuð hefur verið miðskóladeild í staðinn fyrir gagnfræðadeild hans, þá annars vegar, að hafa þar þriggja ára miðskóladeild og gera skólann þannig að sjö ára skóla, og í öðru lagi þá, að hafa þessa miðskóladeild tvö ár, þannig að þar verði 2. og 3. bekkur miðskóla, þannig að tekið verði próf í raun og veru upp í 2. bekk miðskóla, þegar nemendurnir koma í skólann. Og ég hefði talið eðlilegast, að tekið væri próf inn í þennan miðskóla, og þannig inn í menntaskólann, eins og gert hefur verið undanfarið. Það hefur verið undanfarin ár haldið inntökupróf inn í Menntaskólann á Akureyri. Og mér þykir eðlilegast, að sá háttur yrði hafður á áfram. Og ég sé ekki, að það sé nein hætta í því, þó að það próf verði haldið og að það væri þá ýmist, að nemendur kæmu þá beint úr barnaskólanum, 13 ára, eða að þeir kæmu úr unglingaskólum eða öðrum miðskólum. Ég sé enga hættu í þessu og það fyrst og fremst vegna þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja hér frá forráðamönnum Menntaskólans á Akureyri. Og undanfarin ár hefur fjöldi nemenda komið inn í skólann 13 ára að aldri, þeir hafa tekið sitt próf og tekið sæti í skólanum að því loknu. Þetta hefur gefizt vel, og ég sé ekki, að það þurfi að gefast neitt verr í framtíðinni en það hefur gefizt á liðnum árum. Og þetta hefur stöðugt verið að fara í vöxt, að unglingar hafa verið að koma yngri og yngri til skólans, og liggja til þess ýmis rök, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér. — Ég held þess vegna, að það sé ekkert óeðlilegt við þá till. n. að leggja til, að við skólann starfi miðskóladeild. En það verður að vera á valdi skólastjórnarinnar og fræðslumálastjórnarinnar og menntmrh., hvernig þessu verður fyrir komið, hvort þetta verður þriggja ára deild, eins og ég minntist á, eða hins vegar þannig, að 1. bekkur skólans svaraði til 2. bekkjar miðskóla. Ég hygg, að það hljóti að verða samkomulag skólastjórnarinnar og hæstv. menntmrh. um þetta, sem hefur nú sýnt, hæstv. ráðh., með því að leyfa 1. bekk að starfa þarna í vetur, að hann vill mæta sanngjörnum óskum skólans og stjórnenda hans.

Ég skal ekki mikið ræða um Gagnfræðaskólann á Akureyri og gagnfræðaskólana fyrir norðan — ekki sízt þegar hv. þm. Ak. hefur minnzt á þá staðhæfingu hv. 6. þm. Reykv., að þessir skólar væru að vaxa upp um allt Norðurland og af því væri ekki eins mikil þörf fyrir gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri eins og áður. En áður en vaxið hafa upp gagnfræðaskólar í flestum sýslum norðanlands eða jafnvel í flestum byggðarlögum norðanlands, hlýtur langur tími að líða. Við vitum það hér, hvernig horfir í byggingamálum skólanna yfirleitt nú, og þá ekki hvað sízt gagnfræðaskólanna. Við vitum um möguleikana til þess að leggja fram fé til þessara stofnana. Og sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að koma þessari fræðslu á traustan og öruggan grundvöll án þess að byggja fjölda af skólum víðs vegar um allt landið fyrir þessa fræðslu. Og þess vegna væri það geysilegt óhagræði fyrir héruðin á Norðurlandi, og ekki aðeins á Norðurlandi, heldur líka á Vestur- og Austurlandi, ef afnumin yrði miðskólakennsla við Menntaskólann á Akureyri. Og ég mun koma nánar að því síðar í sambandi við annað atriði.

Varðandi þá skoðun hv. 6. þm. Reykv., frsm. minni hl. menntmn., að öruggara sé og heppilegra fyrir fólk út um land að senda börn sín, sem á þennan skóla fara, til dvalar hjá einstaklingum á Akureyri heldur en í heimavist, þá er ég á alveg gagnstæðri skoðun í því efni. Ég held, að starfsemi heimavistarinnar við menntaskólann þar og fyrr við gagnfræðaskólann hafi sýnt, að nemendur eigi þar kost á mjög ákjósanlegum dvalarstað. Og ég held, að hin djúptæku uppeldisáhrif Menntaskólans á Akureyri séu ekki hvað sízt heimavistinni að þakka. Og ég þekki fjölda fólks, sem hefur verið þar, og hef sjálfur verið þar. Og ég held, að dvölin í heimavistinni þar sé sá þáttur í skólalífinu, sem við einna sízt vildum vera án. Og við höfum mörg horft upp á, að þeir, sem bjuggu úti í bæ, voru miklu lausbeizlaðri og afstaða þeirra til skólans var í raun og veru allt önnur en hinna, sem í heimavistinni bjuggu. Þetta er líka staðreynd, sem talar sínu máli.

Varðandi þá röksemd hv. frsm. minni hl. menntmn., að það sé varhugavert fyrir hv. d. að afgr. þetta mál, vegna þess að fræðslumálastjóri og milliþn. í skólamálum og menntmrh. séu mótfallin því, þá verð ég að segja, að ég ber fullkomna virðingu fyrir þekkingu hv. frsm. minni hl. n. í skólamálum. Ég veit, að hann er kennari, og góður kennari og þrautþekkir þetta. Ég veit og, að hæstv. menntmrh. er glöggur maður á þetta, svo og fræðslumálastjórinn. En ég vil benda þessum hv. mönnum á það, að það eru líka merkir skólamenn, sem eru á gersamlega öndverðum meið við þá í þessu máli og leggja áherzlu á það við hæstv. Alþ. vegna þeirrar stofnunar, sem þeir stjórna, og vegna hagsmuna þess fólks, sem sækir skólann, að þetta sé sjálfsögð og eðlileg breyting. Þannig stendur þarna orð á móti orði. Þarna standa merkir og reyndir skólamenn hvor á sínum meiði í málinu, þannig að þetta er engin röksemd, sem eigi að vera hægt að slá hv. þm. við með, eins og mér skilst, að eigi að vera áhrifin af þessum röksemdum, sem í munni hv. 6. þm. Reykv. eiga að líta svo út, að séu óskaplega þungvægar.

Ég vildi næst minnast á orð úr ræðu hæstv. menntmrh. Röksemdir hans gegn þessu frv. skiptust svipað og mótmæli hv. 6. þm. Reykv., nefnilega um húsnæðismál skólans og hins vegar sjálft fyrirkomulag skólans samkvæmt þessari brtt. Hæstv. menntmrh. sagði, að full þörf væri á næstunni fyrir allt rúm hinnar nýju heimavistar fyrir menntaskólann og það væri því full hætta á því, að ef þessi brtt. yrði samþ. og skólinn starfaði þannig áfram, þá mundu nemendur 1. og 2. bekkjar taka plássið frá menntaskólanemendunum. Ég vil nú spyrja: Á hverju byggir hann þá vitneskju? (*Menntmrh.:* Ég byggi þá skoðun á því ofurkappi, sem fram hefur komið um að hafa þessa deild í skólanum, hvað sem það kostar.) Ég get ekki dregið þá ályktun af því kappi. Mér virtist þá nær að draga þá ályktun af þessu kappi, að skólastjórn Menntaskólans á Akureyri væri hrædd um, að ekki kæmu nógir nemendur í Menntaskólann á Akureyri til þess að taka upp plássið, og þá vildu þeir fá fólk til þess að fylla þar upp í og þaðan kæmi ólgan, að skólastjórinn vildi ekki sitja með hálftómt hús, enda segir kennarafundurinn, að hann búist ekki við það mikilli aðsókn að skólanum á næstunni, að það verði hægt að gera ráð fyrir því, að menntaskólanemendum verði útrýmt úr heimavistarplássinu vegna aðsóknar frá hinum í neðri bekkjunum, og þess vegna furðar mig á þessu álitl hæstv. menntmrh. — Sú röksemd hæstv. menntmrh., að það sé ekki þörf á að halda við kennslu þarna í neðri bekkjunum vegna utanbæjarmanna, vegna þess að það hafi sýnt sig á undanförnum árum, að það hafi verið svo að segja engir neðribekkingar í heimavist, er fjarri sanni, að mér virðist. Vegna hvers hafa þeir ekki verið í heimavist? Vegna þess, að þeir hafa ekki fengið hana, þó að þeir hafi sótt um hana í tugatali, vegna þess að efribekkingar hafa setið fyrir, sem hafa verið búnir að vera lengur í skólanum. (*SigfS:* Hvað mörgum hefur verið vísað frá?) Mér er ekki kunnugt um það síðasta ár. En það hefur alltaf verið þannig, að um heimavistina við Menntaskólann á Akureyri hafa sótt nokkuð á annað hundrað manns, misjafnlega mikið, en 60 hafa komizt þar inn. Og þeir, sem skornir hafa verið í því efni neðan af, hafa einmitt verið nemendur gagnfræðadeildarinnar og þá fyrst og fremst 1. og 2. bekkjar. Þetta veit hver maður, sem eitthvað hefur kynnzt starfsemi skólans. Þetta afsannast alls ekki með því, sem hæstv. menntmrh. benti á, að nú í vetur væru ekki nema 10 eða 11 í neðsta bekk skólans, og þar af ekki nema einn í heimavist. Það eru áraskipti að þessu með inntöku í skólann. Og í 4. tölul. grg. ályktunar kennarafundarins á Akureyri í febrúar s. l. geta menn séð, að um þetta er rætt töluvert ýtarlega. Með leyfi hæstv. forseta, er upphaf þess liðar svo: „Undanfarin ár hafa verið í 1. og 2. bekk að jafnaði rúmlega 100 nemendur, um 60 í 2. bekk og 40—50 í 1. bekk. Í

2. bekk hefur meira en helmingur (30—40 og stundum fleiri) verið utanbæjar, en í 1. bekk tæpur helmingur (kringum 20). Það hefur verið nokkur áramunur að aðsókninni og hlutfallinu milli innan- og utanbæjarnema, en í heild virðist ekki veruleg breyting, þó að nýir skólar hafi risið. Utanbæjarnemendur hafa verið víða að, en þó flestir úr sveitum og kauptúnum norðanlands.“ Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira upp úr þessu. En þannig er þetta. Og ég dreg ekki í efa, að þessar upplýsingar frá kennarafundi þessum séu réttar. Af þessu, sem ég hef hér lesið, held ég, að ekki sé hægt að draga þá ályktun að telja aðsóknina, 10—11 að 1. bekk í vetur, neina algera sönnun um aðsókn utanbæjarnema til neðri bekkja skólans.

Í þessu sambandi vildi ég aðeins minnast á það, að hæstv. menntmrh. sagði, að hætta væri á því, — og það hef ég drepið á áður, — að fólk í 1. og 2. bekk í þessum skóla útilokaði landsprófsmenn frá menntaskólanum. Í því sambandi vildi ég benda á, að n. hefur lagt til, að miðskóladeild starfi við skólann í næstu tvö ár. Einnig á þessu sést, að hér er ekki mikil hætta á ferðum. Það er í höndum fræðslumálastj. að koma í veg fyrir það, að slíkt ástand skapist. Að með þessu sé verið að innleiða samkeppnispróf, held ég, að sé fjarri sanni. Það hefur alltaf þurft að taka próf inn í 1. bekk Menntaskólans á Akureyri, ekki svipuð þeim, sem verið hafa í Reykjavík, því að svo að segja allir hafa staðizt það og komizt inn í skólann, þar sem markið er sett lágt. Ég sé ekki, að það sé meiri hætta nú á ferðum, er risið hafa upp þó nokkrir gagnfræðaskólar og unglingaskólar á Norðurlandi. Að þröngin verði svo mikil, að af því leiði svipuð samkeppnispróf og verið hafa við Menntaskólann í Reykjavík, þar sem fólk hefur bókstaflega verið keypt inn í skólann með margra ára undirbúningskennslu, sé ég ekki ástæðu til að óttast, eftir að gagnfræðaskólunum og unglingaskólunum hefur verið fjölgað.

Ég held svo, að ég hafi ekki fleira að ræða við hæstv. menntmrh. og hv. minni hl. menntmn., en ég vildi endurtaka það, sem ég sagði í framsöguræðu fyrir meiri hl. n. N. hefur leitazt við að gera tvennt, í fyrsta lagi að höggva ekki óbætanleg skörð í framkvæmd hinnar nýju og samræmdu skólalöggjafar og í öðru lagi að reyna að koma til móts við óskir Menntaskólans á Akureyri með því að leggja til, að honum verði heimilað að reka miðskóla í tvö ár. Ég skil að vísu andstöðu fræðslumálastjóra, hæstv. menntmrh. og hv. 6. þm. Reykv., og sérstaklega fræðslumálastjóra og hv. 6. þm. Reykv., er starfað hafa að undirbúningi löggjafarinnar. Ég skil, að þessir aðilar vilji fá meiri reynslu, áður en breytt er til, en þó að ég sjálfur hafi átt þátt í því að setja þessa löggjöf, finnst mér ekki skynsamlegt að neita gersamlega allri tilhliðrun um framkvæmd löggjafarinnar, þegar jafnvirðuleg stofnun biður um að fá að starfa nokkru lengur á svipuðum grundvelli og hún hefur áður gert með ágætum.

Ég vildi minnast aðeins á það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að hann vænti þess, að Menntaskólinn í Reykjavík fengi að reka miðskóladeild, ef Menntaskólanum á Akureyri væri heimilað það. Ég fæ ekki séð, að nokkur hliðstæða sé í þessum efnum. Að minnsta kosti er ekki sú röksemd til, hvað Menntaskólann í Reykjavík snertir, að hann geti boðið 160 nemendum upp á heimavist og þurfi miðskóladeild vegna utanbæjarmanna. Menntaskólinn í Reykjavík hefur svo til enga heimavist haft og er ekki að fá neina nýja, svo að þetta er gerólíkt. Ég held, að hv. þm. geti með góðri samvizku tekið óðruvísi á umsókn Menntaskólans á Akureyri en Menntaskólans í Reykjavík. Ég er ekki að hafa á móti því, að aðstaða og þróun Menntaskólans í Reykjavík sé bætt, en ég vil ekki láta því ómótmælt að skólarnir séu lagðir að jöfnu að þessu leyti, þar sem þeir eru gersamlega ósambærilegir.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að segja, að ég er sannfærður um, að ef ekki er gengið til móts við óskir Menntaskólans á Akureyri í þessum efnum, þá á eftir að skapast af því mikið óhagræði. Heimavistin hefur gert tugum og hundruðum kleift að komast til stúdentsprófs og síðan til háskólanáms, ekki bara frá Norðurlandi, heldur jafnvel frá Suðurlandi og Reykjavík. Ef þessir möguleikar eru teknir frá mönnum, mun það skapa ófyrirsjáanlega erfiðleika fyrir fjölda manna, þó að efnahagur manna hafi batnað frá því, sem áður var, og aðstaðan til þess að komast í æðri skóla. Ég vil því skora á hv. d. að samþ. þessa meinlausu og sjálfsögðu brtt., sem flm. frv. hafa sagt, að þeir sætti sig við.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég held, að hv. þm. N-Ísf. hafi verið að gera að gamni sínu, og það getur farið vel á því, að hann geri það við og við. Hann hélt því t. d. fram, að ég hefði sagt, að það væru níu kennslustofur í Menntaskólanum á Akureyri og að þetta væri eins og Pýþagórasarreglan, þær hefðu verið níu, væru níu og yrðu níu. Þetta sagði hv. þm., að ég hefði sagt í ræðu minni um daginn. Það er fjarri mér að halda þessu fram, því að þegar ég var í skólanum, voru kennslustofurnar fjórar, svo að síðan hefur orðið breyting á, því að nú eru þær níu. Svo skýrði hv. þm. frá því, að kennslustofunum mætti fjölga til muna. Þetta er þó fyrst hægt að gera, þegar heimavistarhúsið nýja verður til, auk þess sem því fylgir mikill kostnaður í sambandi við breytingar á skólahúsinu. Það er tiltölulega auðvelt að bæta við tveimur kennslustofum með því að nema burt skilrúm, en meira verður ekki gert án þess, að verulegt rask verði á húsinu. Ég gekk ekki út frá því eins og Pýþagórasarreglu, að kennslustofurnar væru níu og hlytu að verða það. Það er augljóst mál, að fjölga má kennslustofunum, þegar heimavistin er farin. En hún er ekki farin, það er staðreynd, og aðeins von til, að eitthvað af nýja heimavistarhúsinu verði til í haust. Það er líka staðreynd, að ríkið þarf að leggja fram stórfé til þess að umbylta gamla húsinu, ef fjölga á kennslustofum fram yfir þær tvær, sem ég nefndi áðan. Ég held, að mönnum muni þykja

annað brýnna en að fjölga kennslustofunum í gamla húsinu, eins og nú standa sakir.

Þá er það einnig staðreynd, að Akureyri er svo vel stæð, að hún hefur byggt myndarlegt gagnfræðaskólahús, er fyrst um sinn fullnægir þörfinni fyrir Akureyri og nágrenni. Mér skildist á hv. þm. Ak., mínum gamla kennara, að þetta væri kannske fleipur, að gagnfræðaskólinn hefði svona mikið húsnæði. Einmitt nú er mér rétt vottorð, er um þetta fjallar og ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Að gefnu tilefni skal eftirfarandi tekið fram um húsnæði Gagnfræðaskóla Akureyrar. — Skólahúsið er nýtt steinhús, bæði vandað og vistlegt. Kennslustofur eru 16 í húsinu, og eru 3 þeirra teknar til handavinnukennslu. Allar eru kennslustofurnar vel bjartar og vistlegar, nema hvað dagsbirtu vantar að mestu í eina handavinnukennslustofuna. Í þeim 13 stofum, sem ætlaðar eru undir bóklega kennslu, er mjög rúmt um 350 nemendur, án þess að nokkurs staðar sé tvísetin stofa, og sé gert ráð fyrir, að 50 nemendur séu til jafnaðar í handavinnu, leikfimi og sundi, ætti að vera vel rúmt um 400 nemendur í skólanum með sama fyrirkomulagi og nú er á haft.“ Þetta bréf er undirritað 10. febr. 1949 af héraðslækninum, Jóhanni Þorkelssyni. Samkvæmt upplýsingum skólastjórans má bæta í skólann 260 nemendum, miðað við nemendatöluna síðasta ár. Það er því staðreynd, að húsnæði er fyrir hendi og hægt að fjölga nemendum að þessum mun. Það er líka staðreynd, að í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, þeim tveimur bekkjum, sem eiga að hverfa, eru 109 nemendur.

Hv. þm. N-Ísf. drap á það, að Akureyri og Reykjav. væru ekki hliðstæður í þessum efnum. Því ekki það? Ég skal viðurkenna, að að einu leyti er svo ekki, þessu, að Akureyri hefur, eins og sýnt hefur verið fram á, nóg húsrými fyrir gagnfræðaskólastigið, en Reykjavík ekki. Eins og ég hef áður sagt, á Reykjavík ekkert hús fyrir gagnfræðastigið, en tekið verður í notkun á komandi hausti nýtt hús á Skólavörðuholtinu. En eftir sem áður verður kennt í franska spítalanum, gamla stýrimannaskólanum í Vesturbænum, Sjómannaskólanum, sem þó vill verða laus við þessa kennslu, og í tveimur af barnaskólum bæjarins, og kannske bætist sá þriðji og fjórði í hópinn áður en langt líður, því að það vantar húsnæði til þess að framkvæma gagnfræðaskólastigið í Reykjavík. Og svo ætlar hv. þm. N-Ísf. að halda því fram, að um brýna nauðsyn sé að ræða á Akureyri, en ekki í Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að þegar skólameistari Menntaskólans á Akureyri mætti á fundi menntmn., var rektor Menntaskólans í Reykjavík einnig mættur og sagði, að ef horfið yrði frá núverandi fræðslul. á Akureyri, þá gerði hann einnig sömu kröfu fyrir Reykjavík, hann liti svo á, að skólarnir ættu að vera hliðstæður og starfa á sama hátt. Ég verð að segja um þetta, að mér finnst það eðlilegt. Ef skólinn á Akureyri á að fá að velja úr nemendur og kenna þeim í tvo vetur í gagnfræðadeild, þá er eðlilegt, að skólinn í Reykjavík vilji fá sömu aðstöðu til þess að velja úr í bænum og nágrenninu. Það er líka vert að minnast þess, að skólastjóri Gagnfræðaskóla Akureyrar hefur sagt, að ef taka eigi upp þann hátt, að Menntaskólinn á Akureyri velji úr nemendur, þá leggi hann til, að menntaskólanum verði falið að annast alla gagnfræðaskólakennslu á Akureyri. Þetta er líka eðlilegt, því að það er leitt fyrir gagnfræðaskólann, að menntaskólinn tíni úr beztu nemendurna og sú skoðun skapist, að annar skólinn sé æðri, hinn lægri. — Það er leitt, að hv. þm. N-Ísf. skuli vera horfinn. (*Atvmrh.*: Það er farið að fara af gamanið.) Það er líklegt. — Ég vildi upplýsa, að ég hef uppgötvað þá staðreynd, að þessir hv. þm. hafa ekki hugmynd um fræðslul., sem þeir voru með um að setja, því að þeir vita ekki, við hvað er átt, þegar talað er um skóla gagnfræðastigsins. Samkvæmt l. er ætlazt til, að börn ljúki barnaprófi 12 ára, eða þegar þau verða 13 ára. Þegar því er lokið, ganga þau í skóla gagnfræðastigsins. Ef skólinn er tveggja ára skóli, heitir hann unglingaskóli, og börnin geta lokið þar skyldunámi. Ef hann er þriggja ára skóli, heitir hann miðskóli, en tveir fyrstu bekkirnir starfa eins og unglingaskóli, og eftir að hafa verið í þeim geta börnin lokið unglingaprófi. Ef skóli gagnfræðastigsins er fjögurra ára skóli, heitir hann gagnfræðaskóli. Þrír fyrstu bekkirnir starfa eins og miðskóli, og með prófi upp úr þriðja bekk gagnfræðaskóla er lokið miðskólaprófi. Á Raufarhöfn, Húsavík, Laugum, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Sauðárkróki og Reykjum við Hrútafjörð starfa nú skólar, sem allir hafa rétt til að senda menn til miðskólaprófs beina braut inn í menntaskóla og kennaraskóla. Það er leiðinlegt, ef þetta hefur ekki verið gamansemi hjá hv. þm. N-Ísf., heldur misskilningur, og ég get þá ekki gefið honum annað ráð en að setjast í heimavist og 1. bekk aftur til þess að afla sér meiri skilnings og til þess að læra að hafa rétt eftir, jafnvel þó að einn sólarhringur líði á milli.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að svara hv. þm. Ak. Hann talaði um, að rétt væri að viðhalda því gamla og góða, en það má um það deila, hvað það góða sé í þessum efnum, hvort það sé fjögurra, sex eða sjö ára menntaskóli. Um þetta eru skiptar skoðanir, en 1946 töldu þm. rétt að ákveða fjögurra ára skóla. Þá var tími til þess að athuga, hvað var gamalt og gott, og niðursaðan varð sú, að vegna kerfisins í heild væri fjögurra ára menntaskóli heppilegastur. Það er næsta kynlegt að vera að ræða það hér nú, hvort allt, sem gert var 1946, hafi ekki verið vitleysa og betra hefði verið að hafa sex eða sjö ára menntaskóla, eins og víða er.

Því er haldið fram, að allir Norðlendingar séu með því að veita þessa undanþágu frá l. Það getur verið, ég veit það ekki, en skrýtin er röksemdafærslan. Einn ágætur maður, er ræddi við mig um málið og sótti það fast, að ég yrði því hlynntur, sagði, er honum þótti ganga seint: „Af hverju er þú á móti þessu? Flokksmenn þínir á Akureyri eru með því.“ Ég gat þess til, að þeim væri málið kannske

ekki svo vel kunnugt. En þá sagði hann mér, að mágur minn í Svarfaðardal, sem er greindur og mætur maður, væri með þessu og frændur mínir og systkini. Það vill svo til, að ég er ættaður úr grenndinni við Akureyri, og svo er ég spurður að því, hvernig á því standi, að ég sé á móti þessu, þegar frændur mínir og venzlafólk þar nyrðra sé með því. Allir Norðlendingar eru með þessu, bara ekki þú! Allir Norðlendingar hafa ekki hugsað um þetta mál eða kynnt sér það sérstaklega. Þeir, sem það hafa gert, eru efalaust sárafáir, en margir þeirra eu þeirrar skoðunar, að rétt sé að leyfa þetta. Það getur þó ekki breytt minni skoðun á málinu, og ég hef satt að segja varið allmiklum tíma til þess að hugsa um þessi mál.

Ég veit ekki, hvort það er mikil ástæða til að fjölyrða frekar um málið. Ég held þó, að upplýst sé, að húsnæðisrökin eru byggð á misskilningi. Og það er engin vanvirða fyrir alþm. að viðurkenna það, sem sannara reynist og upplýst er með rökum. Skólaleg rök hafa ekki heldur verið færð fyrir þessu, nema þá helzt, að betra sé að hafa 6 ára skóla en 4 ára. En deila má um þetta, þótt þ. 1946 hafi tekið að sér að skera úr um þetta. Slík próf hafa sýnt sig að vera meinsemd, og úr þessu var bætt 1946, og við skulum fyrir alla guðsmuni ekki fara að innleiða það aftur og eyðileggja það, sem gert var. Það er staðreynd, að aðsókn að lægstu bekkjum Menntaskólans á Akureyri fer þverrandi, því að unglingar fá betri aðstöðu til að nema heima hjá sér. Ég vil minna á, að það er rétt, sem ég sagði, að menn mundu heldur kjósa að láta börn sín nema í heimahúsum, ef kostur væri á. En ég tók það fram um 14—15 ára krakka. Ég sagði, að slík börn vildu menn hafa í heimahúsum. En sé um 17—19 ára krakka að ræða, er þeim vel borgið í heimavist. Þetta vildi ég taka fram, og reynslan styður það, að menn vilja fremur koma börnum sínum á 13—15 ára aldri fyrir hjá vandamönnum sínum en í heimavist. — Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég geri ráð fyrir, að athugað verði við 3. umr. að breyta einhverju til bóta. Vona ég, að þetta verði rætt í n., og býst við, að hæstv. menntmrh. vilji ræða við menntmn. milli umræðna um einhverja endurbót.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem ég vildi taka fram út af ræðum hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Ak. Hv. þm. Ak. undirstrikaði enn á ný, að það væru almennar óskir á Norðurlandi og víðar, að 1. og 2. bekkur Menntaskólans á Akureyri héldust. Það er rétt, að fram hafa verið bornar slíkar óskir, en ég hygg, að þær séu byggðar á misskilningi. Fólk hefur sem sé ekki athugað, hve miklar breytingar hafa orðið síðustu árin á möguleikum til öflunar almennrar fræðslu. Annars ætla ég ekki að fara að þylja upp aftur það, sem ég hef sagt í fyrri ræðum mínum um þetta mál, en nægilegt er að benda á, hve margir skólar hafa verið reistir. Þá minntist hv. þm. Ak., og að vísu hv. þm. N-Ísl. einnig, á hið mikla húsnæði, sem fengist, er hið nýja heimavistarhús væri risið. Um þetta er það að segja, að þeim fjölgar nú óðum, sem landspróf taka, og koma þeir til með að þurfa á allri heimavistinni að halda. Aftur á móti eru sköpuð nægileg skilyrði fyrir þá, sem annars yrðu í 1. og 2. bekk menntaskólans, að stunda gagnfræðanám sitt annars staðar. Þetta er nú það, sem ég vildi aðallega taka fram um ræðu hv. þm. Ak. Um ræðu hv. þm. N-Ísf. er það að segja, að ekkert nýtt kom þar fram, en þó vil ég minnast á þrjú eða fjögur atriði í ræðu hans. Hv. þm. sagði, að engin hætta væri á því, að framhaldsskólanemendur fengju ekki rúm í heimavistinni, þótt gagnfræðadeildin héldist. Um þetta getur nú hv. þm. ekkert fullyrt. Heimavistin nýja á mjög langt í land, og aðsókn framhaldsskólanemenda vex stöðugt. Þessi atriði bæði hefur hv. frsm. minni hl. n. tekið mjög skýrt fram, en ég vil þó benda á, að miklar fjárveitingar þarf til þess að fullgera heimavistarhúsið, en til þess eru ekki veittar á fjárlögum nema mjög takmarkaðar upphæðir, svo að búast má við, að langt líði þar til það er fullgert. Þá þarf og mikið fé til þess að breyta gamla skólahúsinu, svo að þar aukist til muna fjöldi kennslustofa. — Þá sagði þm., að það væri ekki haldgóð röksemd að segja, að nemendur misstu ekki mikils í, þótt lagðir væru niður 1. og 2. bekkur. Þetta er þó röksemd, sem stendur, því að það er ekki hægt að halda því fram, að þeir missi mikið, þegar það liggur fyrir, að mjög fáir nemendur úr 1. og 2. bekk hafa að undanförnu fengið heimavist. Í þessu sambandi töluðu þeir báðir, hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Ak., um þá miklu möguleika, sem menn misstu, til að geta komið börnum sínum í skóla, þar sem þeir gætu þá ekki komið þeim í heimavist. En þetta er auðvitað hin mesta rökvilla, því að að undanförnu hafa nemendur 1. og 2. bekkjar ekki getað fengið heimavist, vegna þess að þeir, sem í framhaldsdeildinni hafa verið, hafa setið fyrir húsnæði þar. Þá sagði hv. þm., að ekkert væri að marka, þótt ekki væru nema 10 eða 11 utanbæjarnemendur í 1. og 2. bekk í vetur vegna þess, hve seint var ákveðið að halda þessum deildum áfram. Ég er þarna alveg á öndverðri skoðun. Þetta, að þurfa að taka 14 eða 15 Akureyringa í 1. bekk til þess að fylla deildina, tel ég einmitt vera órækasönnun fyrir því, hve möguleikar til gagnfræðanáms eru orðnir miklir og því alveg óþarft að halda þessu skipulagi við Akureyrarskólann áfram.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta mikið frekar, því að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem ég hef um þetta sagt í hv. deild áður, og vona, að allir hv. þm. hafi kynnt sér til hlítar það, sem hér liggur fyrir í þessu máli. Ég vil þó taka fram, að ef þetta frv. verður samþ. til 3. umr., mun ég við þá umr. gera tilraun til að fá þetta takmarkað meira en nú er í frv., t. d. að í 1. og 2. bekk séu aðeins teknir

utanbæjarmenn og bekkirnir séu óskiptir. En um þetta atriði mun ég ræða nánar við 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál hefur þegar verið rætt allmikið og dregin fram þau rök, sem þar að lúta með og móti. Ég ætla því ekki að tala langt mál, en vísa til þeirra raka, sem hv. 6. þm. Reykv. og hæstv. menntmrh. hafa flutt svo skilmerkilega. Ég ætla þó að segja nokkur orð til viðbótar, áður en málið kemur til atkv. nú við 2. umr.

Þau rök, sem hv. flm. og aðstandendur málsins á Akureyri hafa fram að færa, eru aðallega þrenns konar:

1. Að það húsrými, sem skólinn mun koma til með að fá, notist ekki til fullnustu. 2. Að það sé af uppeldisástæðum betra að hafa 6 ára skóla en 4 ára. 3. Að reynsla af gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri hafi verið mjög góð og ekki sé heppilegt að breyta því, sem vel hafi gengið.

Ég ætla nú að leiða hjá mér að ræða um fyrstu röksemdina. Um aðra röksemd er það að segja, að nefndin hefur átt um þetta tal og aflað sér álits margra og vel reyndra skólamanna, og hafa þeir síður en svo verið á eitt sáttir viðvíkjandi þessu atriði. Frá rektor Menntaskólans í Reykjavík fékk n. ekki skriflegt álit, en hún átti um þetta tal við hann, og lagði hann mikla áherzlu á, að eitt yrði yfir báða skólana látið ganga. Er það og mjög eðlilegt, að tveir hliðstæðir skólar hliti sömu reglum og skilyrðum. Á það hefur verið bent, að þegar Menntaskólinn í Reykjavík átti 100 ára afmæli, vaknaði hreyfing í þá átt að veita allríflega fjárupphæð, til þess að skólinn ætti hægra með að koma sér í betra horf, t. d. að lagfæra húsnæði sitt. Átti þetta að vera nokkurs konar afmælisgjöf til hans. Niðurstaða þessa varð sú, að fénu var deilt á báða skólana. En nú er svo komið að Menntaskólinn á Akureyri er að verða betur settur en hinn skólinn, og um það er ekki nema gott eitt að segja. Ef þetta á nú að verða til þess, að Menntaskólinn á Akureyri starfi eftir einhverjum öðrum reglum og njóti þeirra fríðinda, samkv. því, sem kennarar þar álíta, að halda sinni gagnfræðadeild, þá er ekki nema eðlilegt, að Menntaskólinn í Reykjavík æski framlags til þess að geta látið það sama gilda hjá sér. Og ef það er rétt, að af uppeldisástæðum sé það betra, að skólinn fyrir norðan sé 6 ára skóli, en ekki fjögurra, þá gildir það auðvitað einnig fyrir skólann í Rvík. Hins vegar er það svo, að deilt er mjög um þetta atriði meðal skólamanna, og skal ég engan dóm þar á leggja.

Síðan n. skilaði áliti sínu hefur henni borizt álitsgerð varðandi þetta mál frá stj. Landssambands framhaldsskólakennara. Þessi álitsgerð var send n. algerlega óumbeðið, og hirði ég ekki um að lesa hana alla hér upp, en þm. geta auðvitað fengið hana og kynnt sér. Þó vil ég hér, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp niðurstöðu þessarar greinargerðar, sem er á þessa leið: „Stjórn L.S.F.K. telur af framansögðu, að í greinargerð þessa frv. á þskj. 302 komi ekki fram nein rök, er réttlæti breytingu á einu grundvallaratriði skólalöggjafarinnar frá 1946. Það er einnig augljóst mál, að lægju uppeldisfræðileg rök fyrir þeirri breytingu, sem hér um ræðir, væri litt sæmandi annað en láta breytinguna einnig má til Menntaskólans í Rvík, enda mjög sennilegt, að í kjölfar slíkrar breytingar á Akureyri komi fram krafa um sama hátt í Reykjavík." Undir þessa álitsgerð rita Helgi Þorlákssson og Haraldur Ágústsson. Um þessa álitsgerð bað n. ekki, eins og ég hef áður fram tekið, og var búin að skila sínu áliti, þegar henni barst hún. Mér þótti samt rétt að skýra hér frá þessu.

Þá er þriðja röksemdin, þar sem því er haldið fram, að gagnfræðadeildin hafi starfað með mjög góðum árangri og ekki sé rétt að breyta því, sem vel hafi gengið. Þetta má víst allt til sanns vegar færa, sem sagt hefur verið um þá reynslu, sem fengizt hefur af náminu í Menntaskólanum á Akureyri. En sama gildir um fjölmarga aðra skóla. Nú er það svo, að með þeirri skólalöggjöf, sem sett var fyrir tiltölulega skömmu og skólarnir í landinu almennt starfa eftir, verður í mörgum tilfellum nokkur breyting á starfsháttum skólanna, bæði æðri og lægri skóla, vegna þess samræmda skólakerfis, sem tekið var upp, og það er í sjálfu sér ekkert sérstakt fyrir Menntaskólann á Akureyri. Ég hygg, að það megi segja það sama um gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík, að árangurinn af hennar starfi hafi verið tiltölulega góður, svo að þau rök, sem færð eru fram fyrir Akureyrarskóla að þessu leyti, geta náð líka til Reykjavíkurskólans. Og viðkomandi barnaskólunum er gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem er að koma til framkvæmda, a. m. k. í kaupstöðum, að taka efstu bekkina úr barnaskólunum og sameina þá gagnfræðastiginu. Það mætti með nokkrum rökum segja, að að þessu væri sviptir fyrir barnaskólana út af fyrir sig, ef litið væri á þetta eingöngu, en ekki í sambandi við skólakerfið í landinu. Ég hygg, að mörgum kennara finnist, að beztur árangur sé af náminu í síðustu bekkjum barnaskólanna, þegar börnin hafa náð meiri þroska. Ég held, að reynslan hafi sýnt það, að þessu sé mætt með skilningi af hálfu barnaskólanna, a. m. k. hef ég ekki orðið var við kröfur, sem gangi í öfuga átt.

Eins og þetta er orðað í frv., er gert ráð fyrir, að skólinn á Akureyri starfi með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku hinna nýju laga. Nú vil ég benda á það, og það hefur komið fram að nokkru leyti, en ekki alveg tæmandi hér í umr., að með þessu orðalagi, eins og það er í frv., gildir það yfir allmörg fleiri atriði en gagnfræðadeildina eina út af fyrir sig. Með hinni nýju fræðslulöggjöf var nokkur breyting gerð á ýmsum atriðum frá því, sem hafði verið ákveðið áður, og skal ég ekki fara langt út í að rekja það. Ég skal taka dæmi, t. d. um þá hlið l., sem að kennurunum sjálfum snýr. Með nýju l. var gefinn nokkur afsláttur á skyldustundum fyrir kennara, þegar þeir væru orðnir 55 ára að aldri, og það var gengið enn lengra, þegar kennararnir væru orðnir 60 ára. Þetta hefur ekki verið samkvæmt eldri l.

Enn fremur voru með nýju l. kennurum við menntaskóla, eins og æðri skóla, veitt nokkur fríðindi til orlofs. Það hafði heldur ekki verið í eldri l. Nú er mér ekki alveg ljóst, hvort hv. flm. þessa frv. hafa hugsað sér það, ef það yrði samþ. óbreytt og skólinn á Akureyri ætti að starfa eftir eldri l., hvort hin eldri l. ættu þá líka að ná til kennaranna, hvort kennararnir, sem starfa við Menntaskóla Akureyrar, ættu þá að hafa fleiri skyldustundir en kennararnir við Menntaskólann í Reykjavík og hvort kennararnir við Menntaskólann á Akureyri ætluðu að afsala sér þeim fríðindum til orlofs, sem nýju l. veita kennarastéttinni. Ég hygg, m. a. af viðræðum, sem áttu sér stað innan n., þegar þetta mál var rætt og athugað þar, að þetta muni ekki vaka fyrir þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli. Ég hygg, að það muni vaka fyrir t. d. aðstandendum Menntaskólans á Akureyri, að kennararnir hlíti í einu og öllu ákvæðum hinna nýju l., en innri starfsemi skólans að öllu leyti, skiptingin milli gagnfræða- og menntadeilda, námsskrá og þess háttar fari eftir hinum eldri l. Nú eru hin eldri l. í raun og veru ekki gildandi sem l. lengur. Niðurstaðan af þessu yrði því sú, að forráðamenn Menntaskólans á Akureyri fylgdu eiginlega ekki neinum l., sem þingið hefði sett, heldur sköpuðu sér sjálfir sinar eigin starfsreglur fyrir skólann og sumar af þeim starfsreglum væru teknar úr l., sem áður giltu, en sumt væri í samræmi við þau nýju l., sem eru um þessi efni. Ég held, að þegar menn athuga þetta, þá geti engum blandazt hugur um, að þetta er mjög óeðlileg skipan. Með þeirri brtt., sem meiri hl. n. stendur að og prentuð er í nál., er séð fyrir þessu þannig, að skólinn starfi eftir hinum nýju l., og það, sem einungis komi til greina, sé, hvort gagnfræðadeildin eigi þarna að vera með eða ekki. Að því leyti er brtt. mun aðgengilegri en frv., eins og það var flutt, væri það samþ. óbreytt.

En það, sem eftir er þá af röksemdum í þessu máli, er aðstaða manna utan úr sveitum á Norðurlandi og reyndar víðar um landið, aðstaða utanbæjarmanna til námsdvalar á Akureyri. Ég get fyrir mitt leyti ekki lokað augunum alveg fyrir því, að þetta sé röksemd, sem vert sé að líta á. En þá hafa komið fram ýmsar uppástungur um það, hvort ekki væri hægt að sjá borgið hlut þessara manna án þess að gera þá breytingu á menntaskólal., sem hér er stefnt að. Ein uppástungan hefur verið sú, sem gagnfræðaskólastjórinn á Akureyri hefur borið fram og kemur fram í álitsgerðinni, sem prentuð er hér, — að Gagnfræðaskólinn á Akureyri verði hreinlega lagður niður og skólarnir sameinaðir og Menntaskólinn á Akureyri taki við öllu gagnfræðanáminu. Málið virðist ekki liggja þannig fyrir, að forráðamenn Menntaskólans á Akureyri kæri sig um þessa lausn eða vilji á hana fallast. Þá hefur það komið fram einnig, hvort ekki væri hægt að leysa þetta á þann hátt, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi til leigu einhvern hluta af heimavistarhúsi því, sem ríkið á og reisir á Akureyri, vegna fólks, sem ætlar að stunda nám í skólum ríkisins. Væri þá óhugsandi, að þessir tveir skólar á Akureyri gætu átt samleið um að nota þetta hús? Ég er ekki kunnugur staðháttum þarna nyðra, en ég held, að ég fari rétt með það, að t. d. á Laugarvatni, þar sem starfa bæði héraðsskóli og íþróttaskóli, hafi þessir skólar að ýmsu leyti samvinnu um húsakynni, t. d. sameiginlega heimavist, matstofu, eldhús og þvílíkt fyrir fólkið, sem þarna dvelur, og hefur sú samvinna gengið mjög vel. Ef að þessu ráði yrði horfið, þá mundu nemendur, sem dveldu á heimavistinni, að sjálfsögðu verða að hlíta reglum og aga menntaskólastjórans að því leyti, sem þeir væru heimilismenn þar í húsinu, en gengju svo í gagnfræðaskólann meðan þeir væru að ljúka því stigi náms, en færu svo ef til vill inn í menntaskólann síðar og ættu þá athvarf í heimavistinni þar eins og áður. Þessi uppástunga virðist ekki heldur falla þeim í geð, sem standa sérstaklega að þessu máli. Og þó að þetta hafi komið fram og á það hafi verið bent, bæði af mér og öðrum, í sambandi við þetta mál, þá virðist samt sem áður nokkur áherzla á það lögð að halda þessu máli fram til streitu, einmitt í því formi að breyta l.

Út af þessu, sem ég hef nú þegar sagt, og þeim rökum, sem aðrir hafa áður dregið fram hér í þessu máli, þá finnst mér, að brtt. sú, sem prentuð er í nál., stefni mjög til bóta um þetta mál, en ég tel ekki þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, hvaða nauðsyn það sé að breyta l. um þetta efni, vera svo sterk, að ástæða sé til að samþ. þetta frv., og mun því greiða atkv. gegn því við lokaatkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 611,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, SK, SkG, StSt, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, AG, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KTh, BG.

SG, JG greiddu ekki atkv.

5 þm. (StgrSt, GTh, JJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 611,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StSt, StgrSt, EmJ, FJ, GTh, HÁ, AG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, PO, SB, SEH, SK, BG.

nei: SkG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EystJ, HelgJ, JG, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SG.

HermG greiddi ekki atkv.

4 þm. (GÞG, JJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 652, 655)

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 655. Ég skal taka fram, að ég hef látið prenta till. upp og breytt henni þannig, að felldur er nið-

ur b-liður till., en a-liður till. fer fram á þá breyt., að það sé tekið fram berum orðum, að það skuli vera fræðslumálastjórnin, sem dæmi um, hvort húsrúm leyfi neðri bekkina, en í c-liðnum er tekið fram, að bekkirnir skuli vera óskiptir, þ. e. a. s. ekki meira fjölmenni en hægt er að koma fyrir í óskiptum bekk. Mér finnst það eðlileg takmörkun á þessu. Það er sams konar og er nú í framkvæmdinni í vetur. Þá eru utanbæjarmenn látnir sitja fyrir og fyllt upp með nemendum úr Akureyrarkaupstað.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið almennt. Það var tæmt við 2. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Ég hef ekki heldur ástæðu til að orðlengja um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess, að meiri hl. menntmn. hefur haft til athugunar brtt. hæstv. menntmrh., og ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu meiri hl.

Hæstv. ráðh. hefur tekið aftur b-lið till. sinnar. Það var sá liður, sem meiri hl. taldi versta hluta þeirra breyt., sem till. felur í sér, og kemur hann þess vegna ekki til umr. hér. En varðandi fyrsta liðinn er það að segja, að það virðist nokkurn veginn liggja í augum uppi, að mat á því, hvenær húsrúm leyfir, hljóti að vera gert með samkomulagi skólastjóra sjálfs og fræðslumálastjórnarinnar, þannig að mér virðist og meiri hl., að þessi brtt. sé óþörf, auk þess sem í henni felst dálítið vantraust að óþörfu á stjórn skólans. Ég held þess vegna, að betur færi á því, að þessi brtt. yrði ekki samþ., og er það álit meiri hl. menntmn. Varðandi hitt atriðið, c-liðinn, að deildirnar skuli vera með óskiptum bekkjum, er það að segja, að eins og frv. er nú, þá er fyrst og fremst utanbæjarmönnum tryggður aðgangur að þessari deild, og það er að sjálfsögðu andi þessara bráðabirgðaákvæða. Þess vegna er það ekki tekið fram berum orðum, að deildin skuli starfa með óskiptum bekkjum, en það er lagt til með þessari brtt., að það skuli tekið fram berum orðum. En nokkrir möguleikar eru fyrir Akureyringa til að komast í þessa deild og að því er virðist að óþörfu, því þótt Akureyri hafi undanfarin ár haft tækifæri til að sækja menntaskólann, neðstu bekkina, þá hefur gagnfræðaskólinn á Akureyri dafnað ágætlega og vaxið upp við hliðina á menntaskólanum og er nú orðinn fjölmennur og öflugur skóli. Mér skilst, að þessi brtt. sé þess vegna einnig óþörf, og meiri hl. n. taldi sig ekki geta mælt með henni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil endurtaka það, að meiri hl. n. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það var afgr. við 2. umr. málsins.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Þessi brtt., sem liggur fyrir á þskj. 655 frá hæstv. menntmrh., gefur mér tilefni til að standa upp og segja örfá orð.

Ég hef orðið þess var, að hæstv. ráðh. leggur mikið kapp á að koma þessu máli fyrir kattarnef með einhverju móti. Ég hélt, að hann mundi sætta sig við þann kost, sem búið er að þröngva því við 2. umr. málsins, en hann lét þess getið þá, að hann mundi ekki nema staðar við svo búið, og hefur hann nú færzt meira í fang og flutt brtt. í þremur liðum. Ég held, að það þurfi meira en meðalhugkvæmni til að geta komið fram með svona till., því að hún er svo langt sótt, að ég er hissa, að sjálfur menntmrh. skuli bera þetta fram. Ég tala hér ekki um fyrstu till., því að það er álitamál, hvort það sé ekki eingöngu fræðslumálastjórnin, sem á að dæma um, hvort húsnæðið er nóg eða ekki. Það skiptir ekki máli í raun og veru. En svo kemur b-liðurinn, og mér finnst hann svo athugaverður, að ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur komið til hugar að bera hann fram (*HÁ:* Hann er tekinn aftur.) Ég bið afsökunar, ég heyrði það ekki, ég ætlaði einmitt að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann tæki hann til baka. En ég skil ekki c-liðinn. Hvað er átt við með óskiptum bekkjum? Ég hélt, að miðskólanám væri tveggja ára nám. Er það meiningin, að það eigi að vera einn bekkur bæði þessi ár? Það hlýtur að vera svo. Það er þá þessi eina deild. Hver er meiningin með þessu orðalagi, að deildin sé með óskiptum bekkjum? Spyr sá, sem ekki veit. Ég hef ekki séð þetta orðalag fyrr. Ef aðsóknin verður það mikil að skólanum, að allir komast ekki fyrir í þessum eina bekk, hvað þá? Ég geri reyndar ekki ráð fyrir, að svo mikil aðsókn verði að þessari deild. Það væri gaman að fá skýringu á þessu hugtaki hér. En ég bið afsökunar á því, að ég skyldi ekki heyra, að hæstv. ráðh. tók aftur b-liðinn. Mér þótti miður, að hann skyldi koma fram, ef svo hrapallega hefði farið, að hann hefði verið samþ.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er *slæmt, að brtt. mín skuli ekki liggja fyrir* í endurprentuninni. En þegar b-liðurinn fellur niður, leiðir af sjálfu sér, að orðin „fyrir utanbæjarnemendur" falla niður úr c-liðnum, því að þau orð standa í föstu sambandi við b-liðinn.

Út af því, sem hv. þm. hafa sagt, sem hér hafa talað, vil ég fyrst taka fram um a-liðinn, að það er eðlilegt, að það standi þar tvímælalaust, að fræðslumálastjórnin skuli dæma um þetta atriði. En það leiðir af sjálfu sér, að hver, sem hefði á hendi embætti menntmrh. eða fræðslumálastjóra, mundi hafa um þetta atriði náið samstarf við skólastjóra, en það er leiðinlegt, að það sjáist ekki í l., hver á að skera úr, ef það kæmi til, að um það yrði álitamál.

Varðandi c-liðinn þá er ég hissa, að hv. þm. Ak. skuli misskilja hann. Það er átt við, að þar skuli vera 1. og 2. bekkur, hvor í sínu lagi. Mér finnst það hæfileg takmörkun, fyrst menn vilja hafa þetta svo, að það sé ekki farið að reka þarna stóran skóla fyrir 1. og 2. bekk með skiptum bekkjum. Ég held, að þeir, sem hafa talað hér frá sjónarmiði utanbæjarnemenda, ættu að geta sætt sig við það og að felldir séu inn í nemendur úr Akureyrarkaupstað eftir því, sem ástæður leyfa, eins og var í vetur.

Annars get ég ekki annað en sagt, að ég hef gaman af þessu, af því að eina ástæðan, sem fram hefur verið færð fyrir að halda þessu fyrirkomulagi, var sú, að þetta væri gert fyrir

utanbæjarnemendur og aðeins vegna heimavistarinnar. Þess vegna hafði ég gaman af að styðja fingri á þetta og láta sjá, hvernig þetta liti út, ef farið væri eftir þessum rökum. Nú kemur í ljós, að þessir menn hafa engu síður hugsað um nemendur á Akureyri, og kannske er það undirrótin að þessu, að menn setji eitthvað niður við að byrja nám í gagnfræðaskóla fremur en menntaskóla. En hvað sem um það er, þá er sýnilega þingvilji fyrir, að þetta verði eitthvað áfram, og þá virðist mér það hæfileg takmörkun, að c-liðurinn sé samþ., en b-liðurinn úr sögunni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en lokið er umr. um þetta mál, gera lítils háttar aths. út af einu atriði, sem fram kom í ræðu við fyrri umr. þess frá hv. þm. Ak. Ég held, að hann hafi tekið fram oftar en einu sinni í sinni ræðu, að frv. væri flutt einkum fyrir almennar óskir, sem fram hefðu komið í Norðlendingafjórðungi um það, að þessu máli yrði komið fram á þann veg, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil út af þessu taka fram, að ég hef ekki orðið var við neinar slíkar óskir í mínu kjördæmi, sem tilheyrir þó Norðlendingafjórðungi. Þar er enginn áhugi fyrir því, að þessi breyt. verði að l., sem frv. fer fram á, enda geri ég ráð fyrir, að íbúar þess héraðs telji heppilegra að senda ungt fólk, sem ætlar að nema til gagnfræðaprófs, í þann skóla, sem er þar innan héraðs og getur veitt gagnfræðamenntun.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál. Ég vildi aðeins gera aths. við þessa fullyrðingu hv. þm. Ak.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Það er mikið rétt, að ég gat þess í umr. um daginn, að þetta frv. væri fram komið fyrir almennar áskoranir manna í Norðlendingafjórðungi allt úr Húnavatnssýslu og í Norður-Þingeyjarsýslu. En ég gerði það með vilja að nefna ekki Húnavatnssýslu nema með einu orði, því að þær eru tvær, og er þá átt við Austur-Húnavatnssýslu, en ekki Vestur-Húnavatnssýslu, svo að hv. þm. V-Húnv. má það til sanns vegar færa, að Vestur-Húnvetningar hafa ekki gert áskoranir um breyt. í þessu máli. En það þarf ekki að leiðrétta það, sem ég sagði fyrir því, því að það er laukrétt. Áskoranirnar um þetta eru frá sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, úr Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og þar að auki frá ýmsum kaupfélagsstjórnum. En Vestur-Húnavatnssýsla er undanskilin — ég skal játa það — því miður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 655,a felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, PÞ, SigfS, SG, SkG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, JG.

nei: ÓTh, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StSt, StgrSt, EmJ, FJ, GTh, GÞG, AG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, BG.

4 þm. (JJ, KTh, BÁ, HermG) fjarstaddir.

Brtt. 655,b felld með 17:13 atkv.

Frv. samþ. með 20:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 102. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 105., 106. og 107. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Ed., 14. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 652, n. 728 og 751).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 751. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það dæmist á mig að hafa orð fyrir meiri hl. menntmn., sem gefið hefur út nál. á þskj. 728. Þess ber að geta, að form. n., hæstv. forseti þessarar d., er lasinn, en hefur þrátt fyrir það skrifað undir nál. meiri hl. Það er stutt og laggott, en mælir með frv. eins og það kom frá hv. Nd. Varðandi orð, sem hafa verið látin falla um það, að við höfum eigi viljað leita álits rektors og fræðslumálastjóra, þá er það bæði rétt og ekki rétt, því að þeir voru kvaddir til fundar. Hins ber að geta, að nú er mjög áliðið þingtímans, og töldum við því frekari kvaðningu óþarfa, því að álit þeirra er prentað í þskj., sem fylgir frv. frá Nd. Í þeirri álitsgerð stendur, hvað þeir vilja. Ég hafði lofað að tilgreina fund til viðræðna, en er til kom, kom ég því eigi við.

Mjög hefur verið rætt um málið sjálft, og skal ég vera fáorður. Það hefur valdið ágreiningi, hvort veita skyldi Menntaskólanum á Akureyri þessa undanþágu. En ég hef eigi þá ánægju að hlusta á sjálfan mig tala, að ég hafi skap til að halda þeim umr. fram. Hitt má deila um, játa ég, að um málsástæður þær, sem komið hafa fram, má deila. Ég geri ráð fyrir, að hvort tveggja sé rétt: að eðlilegt sé, að þetta raski skólakerfinu í landinu, en málið eigi miklum og góðum vinsældum að fagna í Menntaskólanum á Akureyri og víða norðanlands. Þessi hlýja héraðsbúa til skólans réð miklu um afstöðu mína. Hér er heldur ekki um mikla röskun að ræða, þar sem ekki er gert ráð fyrir nema 2 ára starfsemi gagnfræðadeildarinnar og auk þess hægt að breyta ákvæðinu fyrr, ef þurfa þykir. En annars er gert ráð fyrir, að þetta renni í sama farveginn að tveimur árum liðnum. — Ég var nú að fá í hendur nál. minni hl. n. og hef ekki enn haft tíma til að lesa það

yfir, en sé þó, að þeir geta sætt sig við, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að deildin starfi aðeins fyrir utanbæjarnemendur. Við höfðum ekki rætt þetta atriði í n., en mér skilst, að í því sambandi skipti meginmáli, hversu mikið húsrúm er til staðar, og þar sem vitað er að allmikill húsakostur er nú í smíðum fyrir M.A., má ætla, að verulegt hlauprúm verði þar fyrir marga nemendur. Ef niðurstaðan yrði sú, að nægilegt kennslurúm væri fyrir hendi í skólanum, finnst mér ástæðulaust að meina Akureyringum að senda nemendur til skólans eða þessarar deildar hans, ekki sízt þegar þess er gætt, að þeir leggja mesta áherzluna á, að deildin fái að starfa áfram við skólann. Meiri hl. n. er ljóst, að minni hl. hefur nokkuð til síns máls, en markar afstöðu sína á því, að hann telur þetta frv. meinlaust og vill uppfylla óskir þeirra fjölmörgu Norðlendinga og annarra, sem beðið hafa um þessa undanþágu, og vildi ekki svipta þá gagnfræðadeildarnemendur, sem þess óskuðu, að vera undir þaki skólans, meðan þeir eru ekki fyrir öðrum nemendum, sem ætlað er rúm í skólanum eftir fræðslulögunum nýju, með hliðsjón af því, að ekki er um nema 2 ára undanþágu að ræða. — Ég þarf nú að fara af fundi, en mun koma fljótlega aftur, en vænti, að meðnm. mínir verði viðstaddir umr., á meðan að minnsta kosti.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það er sýnt, að fyrir fram mun ákveðið, hvaða afgreiðslu þetta frv. skal fá. Það er hespað í gegnum þingið með miklum hraða og því borið við, að brátt líði að þinglokum, enda varla gefinn tími til að gefa út nál. Það var líka auðheyrt á ræðu frsm. meiri hl. n., að hann gerði ekki ráð fyrir miklum umræðum um málið. Sannleikurinn er sá, að stuðningsmenn þessa frv. loka augunum alveg fyrir öllum rökum í málinu, þó að frsm. meiri hl. n. hafi ekki komizt hjá að viðurkenna, að við í minni hl. hefðum nokkuð til okkar máls. Það er að vísu rétt, að nokkrar upplýsingar liggja fyrir í málinu í sambandi við meðferð þess í Nd., en þær upplýsingar eru allar á einn veg og mæla á móti samþykkt frv. Fjöldi flm. frv. sýnir líka, að mikils hefur þótt við þurfa til þess að koma frv. í gegn, þar sem þeir eru ekki færri en 6, en slíkt er mjög óvenjulegt hér í Alþingi.

Rökin, sem færð eru fyrir frv., eru á ýmsan veg, t. d. er rætt um þann mikla kostnað við fræðslulögin frá 1946. Það er nú ekki alveg nýtt, og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að telja allan kostnað við skólahald í landinu, sem nú mun vera um 30 millj. kr., vera afleiðingar af fræðslul. nýju. Ég þarf ekki að fara út í það mál, því að hvert mannsbarn hlýtur að sjá, hversu mikil rök eru í slíkum málflutningi. En í sambandi við þetta mál liggja fyrir upplýsingar um, að verði frv. samþ., hefur það í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkið, því eins og kunnugt er kostar viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag nokkurn hluta af gagnfræðanáminu á hverjum stað, en starfi gagnfræðadeild við M. A. áfram, yrði ríkið að kosta hana að öllu leyti, og má af þessu sjá, hvað sparnaðarrök flm. eru haldgóð.

Annað atriði, sem flm. bera fram sem meðmæli með frv., er það, að nauðsynlegt sé, að nemendur komi ungir í þann skóla, sem þeir ætla sér að stunda framhaldsnám í, svo að skólinn geti mótað þá frá byrjun. Ég efast ekki um, að allmargir halda þessari skoðun fram, en hinir eru þó fleiri, sem hafa þá skoðun, að ekki sé heppilegt fyrir unglinga að vera mjög lengi í sama skóla, og þar af leiðandi heppilegra fyrir þá, sem langskólanám stunda, að vera í fleiri en einum skóla.

Allir sjá líka, hversu mikið ósamræmi er skapað milli menntaskólanna, ef þetta frv. verður samþ., og um leið aðstöðumunur, enda hefur rektor Menntaskólans í Rvík lýst því yfir, að sams konar krafa muni koma frá honum, ef þetta frv. verður samþ., og slíkri kröfu verður erfitt að standa á móti með nokkurri sanngirni. En verði Menntaskólanum í Reykjavík veitt líka sömu réttindi og M. A. fer fram á með þessu frv., þá er búið að kippa grunninum undan nýju fræðslulögunum og það áður en nokkur reynsla er á þeim fengin og horfið aftur að því fyrirkomulagi, sem áður var, með öllu því óhugnanlega misrétti og kapphlaupi, er því var samfara. Á þetta bendir skólamálanefndin mjög greinilega í umsögn sinni, sem fylgir nál. menntmn. Nd. Tilgangur nýju fræðslulaganna var m. a. sá að jafna aðstöðumun æskufólksins um land allt. Það muna allir eftir samkeppnisprófunum hér við menntaskólann, sem oft voru lítill mælikvarði á hæfni nemendanna, heldur fóru meira eftir því, hvað aðstandendur viðkomandi nemenda höfðu sterka aðstöðu til að kaupa kennslu handa nemendunum fyrir prófið, og slíku fyrirkomulagi held ég, að fáir óski eftir aftur, en á því má eiga von, ef þetta frv. verður samþ. og Menntaskólinn í Reykjavík gerir kröfu til að fá sömu réttindi.

Þá segja flm. í grg. sinni, að það sé fjarri, að rúm sé í Gagnfræðaskóla Akureyrar fyrir alla þá, er nú stunda nám í 1. og 2. bekk menntaskólans, en í þeim hafa verið 110 nemendur að meðaltali s. l. 5 ár. Ég verð að segja, að þessi fullyrðing flm. er dálítið undarleg, þegar athugað er fylgiskjal, sem fylgir nál. menntmn. Nd., því að þar segir, að Gagnfræðaskóli Akureyrar geti ekki einungis tekið á móti þessum 110 nemendum, heldur mun fleiri, og fylgir vottorð héraðslæknis því til staðfestingar. Í fylgiskjali með sama nál. frá kennurum Gagnfræðaskóla Akureyrar eru færð allýtarleg rök fyrir því, að þetta frv., ef að 1. verður, sé tilraun til að draga mjög úr starfsemi þess skóla og jafnvel til að eyðileggja þá stofnun, og verður að telja það mjög vafasama þróun, ekki sízt þegar þess er gætt, að nýbúið er að reisa stórhýsi fyrir skólann.

Sannleikurinn er sá, að það eru fá rök til, sem mæla með þessu frv., og þær samþykktir, sem gerðar hafa verið, eru allar á einn veg, benda ekki á rök, heldur slá á tilfinningar manna. Og ég get vel skilið, að gamlir nemendur M. A., sem eru margir og bera hlýjan

hug til skólans, vilji veg skólans sem mestan, en hins vegar er það bara misskilningur, að verið sé að draga úr stofnuninni, þó að gagnfræðadeildin sé lögð niður. Og það er ákaflega hæpið að gera þetta að tilfinningamáli eins og t. d. byggingarmál Menntaskólans í Rvík, þar sem sá misskilningur er kominn inn hjá mörgum gömlum nemendum skólans, að það sé nauðsynlegt að hafa hann á sama stað um alla framtíð og hann stóð, þegar þeir voru nemendur, án minnsta tillits til þess, hvort sá sá staður er heppilegur eða ekki. Slíkt er mjög varasamt, þó að auðvelt sé að skilja, að menn beri hlýjan hug til skólans, sem þeir hafa numið í, og vilji allt fyrir hann gera, en þessi velgerningur getur orðið stofnuninni versti grikkur, ef tilfinningarnar eru látnar ráða, án þess að um leið sé beitt skynsemi og allar aðstæður athugaðar gaumgæfilega.

Það má ef til vill segja að þessi undanþága skipti ekki miklu máli svona rétt í tvö ár, en það liggur hér fiskur undir steini, því að ætlun þeirra, sem mest berjast fyrir þessu, er, að þessi undanþága verði framlengd, annars væru þeir ekki að leggja svo hart að sér sem raun ber vitni. Það lítur betur út að fara aðeins fram á tveggja ára undanþágu fyrst, og svo hugsa þeir með sér, að það verði hægara að fá framlenginguna síðar. En með slíkri undanþágu er raunverulega verið að kippa grunninum undan því skólakerfi, sem við nú erum byrjaðir að byggja upp, og það löngu áður en nokkur reynsla er fengin á það, og skapa misræmi, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða mjög óheppilegt í framkvæmd. Því hefur verið haldið fram í þessu máli, að það verði hægara fyrir unglinga að stunda nám við M. A., vegna þess að þar verði betri aðstaða með húsnæði. Í sambandi við það vil ég benda á, að það hafa verið leidd rök að því í þessum umr., að aðsókn gagnfræðanema til Akureyrar muni fara minnkandi, þar sem verið sé að koma upp hliðstæðum skólum í nærliggjandi kauptúnum og kaupstöðum, enda er það einn þátturinn í hinu nýja skólakerfi, að unglingum gefist tækifæri til að stunda gagnfræðanám sem næst heimilum sínum. Þessi vitanlega fækkun nemenda, sem leita til Akureyrar, dregur mjög úr aðsókninni til gagnfræðaskólanna á Akureyri. Verði nú farið eftir þessu frv. og undanþága gefin fyrir M. A. til að starfrækja gagnfræðadeild, eru miklar líkur fyrir, að sú deild mundi eyðileggja möguleikana fyrir Gagnfræðaskóla Akureyrar til að starfa, en af því kemur glöggt í ljós, hversu veigalítil rök mæla með frv. eða að það sé fram komið til hagsbóta fyrir Norðlendinga. Nei, þetta mál er einungis fram komið sem tilfinninga- og metnaðarmál, enda flutt af unnendum skólans vegna þess, að þeim finnst hann minnka við það að verða 4 ára skóli, enda þótt sannleikurinn sé, að vegur hans vex að mun. Enn fremur má benda á, að með samþykkt frv. er verið að skapa aðstöðumun milli þeirra, sem fengju að stunda nám sitt frá byrjun í M. A., og hinna, sem verða að stunda sitt gagnfræðanám annars staðar, og fari svo, sem líkur benda til, að Menntaskólinn í Rvík fari fram á sams konar sérstöðu, þá er komið í sama farið og áður, sköpuð sömu forréttindi fyrir þá, sem njóta náðar og komast í gagnfræðadeild þess skóla, forréttindi fram yfir þá, sem verða í fyrsta lagi að stunda gagnfræðanám annars staðar, en ekki undir handarjaðri þeirra kennara, sem eiga síðar að verða aðalkennarar þessara nemenda í lærdómsdeildarnáminu.

Það er nú alveg sýnilegt, eins og ég sagði áðan, að aðferðin við að koma þessu máli fram á að vera sú, að samið er að fullu fyrir fram, og síðan á að takmarka umræður á þann hátt, að þeir, sem standa að þessu meirihlutaáliti, meira að segja frsm., láta sér ekki detta í hug að hlusta á rök á móti málinu. Kemur þetta raunar vel heim við það, sem tveir nm., sem voru á þessum eina nefndarfundi um málið, létu um mælt, nefnilega að þeir hefðu alls ekkert um það meira að tala, það væri búið að taka ákvörðun um málið. Það sýnist þess vegna vera ákaflega þýðingarlítið um þetta að ræða.

Við hv. 3. landsk. skilum minnihlutaáliti, eins og kunnugt er, þar sem við flytjum þá brtt., að á eftir orðinu „miðskóladeild" komi „fyrir utanbæjarnemendur", þannig að gert sé ráð fyrir því, að það sé fyrst og fremst fyrir utanbæjarnemendur; þeir skuli sitja fyrir nemendum af Akureyri um heimavistarpláss. Mér þykir miður, að frsm. meiri hl. n. skuli ekki vera hér til þess að ræða þennan hluta till. fremur en annað, sem þessu máli við kemur.

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka það fram út af ræðu hv. 8. landsk., að við mig hefur ekkert verið samið um þetta frv. og ég þekki ekki til neinna samninga þar um. Ég veit, að undiralda er nokkur og leitað er á um að fá málið fram. Og ég get sagt hv. þdm., að ætlun mín er, þó að ekki sé víst, hvað verður, að umr. verði lokið í kvöld, en afgreiðsla fari ekki fram fyrr en eftir helgi. Vildi ég sannast að segja óska þess, að hv. þdm. hagi sér þar eftir. Okkur verður þetta þægilegast. Menn verða að tala það, sem þeir vilja og álita málinu koma við. Kannske fari svo, að ég endist ekki að sitja og verði að slíta fundi. Þrauka mun ég þó í sæti enn nokkra stund. En hv. 3. landsk. tekur næst til máls.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að þar sem sýnilegt er, að nálega allir dm. hafa tekið sér það frjálsræði að fá sér kvöldverð, þá gefi hann okkur hinum þolinmóðu og þrautseigu einnig kost á að næra okkur og gefi fundarhlé. Ég mundi þurfa að tala hátt á annan klukkutíma, og það þýðir, að ég verð ekki búinn fyrr en á 10. tímanum. Þess vegna skil ég, að örli á dálitlum kvíða hjá hæstv. forseta um það, að hann verði að fresta umr., ef hann skortir þrek til að halda þetta út. Fyrir mér vakir að fá að ræða þetta mikilsverða mál allýtarlega, með því að ég þykist hafa nokkuð mikinn kunnugleika á því, og sjá, hvort hæstv. forseti vill ekki á þessum laugardegi, sem ekki er venjulegur virkur dagur þingsins, veita okkur tóm til

kvöldverðar í þeirri von, að meiri hl. n. komi og hlusti á.

Forseti (ÞÞ): Ég heyri, að hv. 3. landsk. bregður mér um þrekleysi og kannske ekki að ástæðulausu. En ég held, að heppilegast sé, að hann byrji á ræðu sinni, og við sjáum, hvað setur. Gef ég honum orðið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. rakti aðdraganda þessa máls og meðferð á því í n. En hún var í skemmstu máli sú, að ég fékk boð frá formanni meiri hl. menntmn., sem er veikur, að hann óskaði, að ég sem ritari n. beitti mér fyrir því að boða fund til þess að afgr. málið. Ég varð samdægurs við þessari ósk og kallaði n. saman. Kom þá fram eindregin ósk frá einum nm. um það að leita álits og umsagnar tveggja sérfræðinga, fræðslumálastjóra og rektors Menntaskólans í Rvík. Ég hef ekki vitað, að nokkur n. synji slíkrar óskar, og taldi því ekki fært að neita. En þegar ég bar þetta atriði undir atkv., hafði ekki nema annar þrek til að standa við ósk sína, og þannig var samþ. að leita umsagnar fræðslumálastjóra og rektors með því að fá þá til viðtals við n. strax kl. 10 árdegis morguninn eftir. Sá, sem mótatkv. greiddi, lét sem hann vildi ekki doka við eftir niðurstöðum þessa viðtals, skrifaði þegar nál., og meiri hl. gaf það strax út og vildi ekki á rök hlýða. Aftur á móti gaf hv. 2. þm. Árn. vilyrði fyrir að mæta á nefndarfundi og hlýða á rök fræðslumálastjóra og rektors, en efndi það ekki morguninn eftir. Fyrir okkur hv. 8. landsk. vakti ekki að þvæla þetta mál eða draga það á langinn. Við gengum frá okkar nál. strax og við höfðum náð tali af fræðslumálastjóra og rektor.

Nú er niðurstaðan af viðtali við þessa mætu menn sú, að báðir létu í ljós, að þeir teldu þetta frv. ekki stefna til réttrar áttar. Fræðslumálastjóri taldi, að það væri frávik frá hinni nýju skólalöggjöf, og væri hann þess vegna andvígur málinu. Hann taldi fráleitt með öllu að ganga inn á nokkurt slíkt fyrirkomulag, þegar skólalöggjöfin ætti að vera komin til framkvæmda að fullu, en taldi frv. hafa ívið breytzt til bóta, frá því er það var fyrst flutt. En rektor menntaskólans kvað sig eiga langerfiðast með að sætta sig við að gera upp á milli tveggja menntaskólanna, þegar annarri stofnuninni er leyft að hafa miðskóladeild, en hinni ekki. Var eindregin ósk rektors, að flutt yrði þá till. um að jafna metin milli beggja menntaskólanna og leyfa þá Menntaskólanum í Rvík slíkt hið sama. Þetta tel ég líka svo sjálfsagðan hlut, að ekki verði staðið gegn því. Mun ég taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að flytja brtt. í þá átt við 3. umr., ef það hefur komið í ljós, að ætlun d. sé að knýja málið fram.

Áður en ég fer lengra inn á að ræða rök þessa máls, vil ég taka fram, að ég er einn af nemendum Gagnfræðaskóla Akureyrar, þ. e. a. s. núverandi menntaskóla, og ég ann engum skóla á Íslandi meir en þessum skóla. Það, sem ég því segi um þetta mál, stjórnast ekki af neinni óvild til þessarar stofnunar. Síður en svo. Ég mundi vilja allt fyrir skólann gera og þetta líka, ef ég teldi, að það væri honum til nokkurs góðs. En ég efast einnig mjög um það. Bæði rektor og nokkrir kennarar þessa skóla hafa átt tal við mig og reynt að sannfæra mig um nauðsyn þessa máls. En ég hef ekki getað sannfærzt af viðræðum við þessa gáfuðu menn, að þetta væri nein nauðsyn fyrir Menntaskólann á Akureyri. Ég lít á þetta sem almennt skólamál og mun túlka það út frá því einu, en af fullum velvilja og vinsemd til Menntaskólans á Akureyri.

Þetta frv. var flutt inn í þingið snemma í vetur af hv. þm. Ak., hv. 2. þm. Eyf., hv. þm. A-Húnv., hv. 2. þm. N-M., hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Skagf. Þeir fluttu frv. í því formi, að Menntaskólanum á Akureyri skyldi, meðan húsrými leyfði að dómi skólastjóra þar, leyft að starfa áfram með sama fyrirkomulagi og hann starfaði fyrir gildistöku þessara laga, að því viðbættu, að landspróf gilti til inntöku í 3. bekk. M. ö. o., Menntaskólanum á Akureyri skyldi heimilað að starfa áfram í því gamla formi, sem var fyrir starfi hans áður en nýja skólalöggjöfin gekk í gildi, eða sem sameinaður gagnfræðaskóli og menntaskóli með þriggja ára gagnfræðadeild og þriggja ára lærdómsdeild. Það var sem sé til þess mælzt, að skólinn fengi að starfa áfram gersamlega utan og ofan við hið nýja skólakerfi landsins, sem lögleitt var með skólalöggjöfinni 1946. Það var leitað umsagna um frv. í þessari mynd, og þá auðvitað þeirra, sem hafa með menntaskóla landsins að gera. Fræðslumálastjóri var spurður, hvernig honum litist á að taka þennan skóla úr skólakerfinu. Hann svaraði, að honum litist hvergi nærri á það. Mþn. í skólamálum, sem hafði það trúnaðarstarf á hendi fyrir fyrrv. stj. að semja skólalöggjöf, tjáði sína skoðun einróma á þá lund, að þeim litist ekki á frv. í þeirri mynd og beittu sér gegn því, að það yrði samþ. Fleiri aðilar voru spurðir. En hver, sem spurður var, svaraði á sömu lund: Þetta var talið heldur til að spilla en til bóta. Frv. fékk því engan byr, þegar það kom til menntmn. Nd., ekki einu sinni í þeirri n. Var þá farið inn á þá braut að breyta frv. og á þann veg, að meðan húsrými leyfði í Menntaskóla Akureyrar, skyldi skólanum leyft að starfrækja miðskóladeild með því skilyrði, að lærdómsdeild skólans breytti þá starfsháttum sínum í samræmi við l. um menntaskóla frá 1946. Er það ekki nokkuð furðulegt, að það þurfi að ganga til kaupskapar við menntastofnun um það, hvort hún beygi sig undir lög landsins, að því tilskildu, að henni sé veitt undanþága í tvö ár? Það ætti að virðast nokkuð sjálfsagður hlutur, að þegar mþn. er búin að ganga frá löggjöfinni um nýtt skólakerfi, leggja í það margra ára starf með samanburði við skólakerfi annarra þjóða og er búin að þaulkynna sér skólamálahugsjónir sinnar eigin þjóðar og bera síðan fram till. á Alþ. og fá þær samþ. og lögfestar, þá skuli ekki þegar í stað, áður en reynsla er komin á þetta skólamálakerfi, koma fram tillögur í þá átt, að gera breyt. og veita undanþágur til

þess að ónýta vissa þætti kerfisins, áður en reynslan kemst að, og verði svo löggjöfin hvorki fugl né fiskur. Slíkt virðist hin mesta fjarstæða. Hverjar voru nú höfuðbreyt. í íslenzkum skólamálum með skólalöggjöfinni 1946? Að menntastofnunum þjóðarinnar yrði skipað í samfellt kerfi. Barnaskólastigið skyldi ná yfir sex ár, unglingaskólastigið yfir fjögur ár. Menntaskólastigið skyldi ná yfir fjögur ár. Síðan kom efst háskólastigið. Ákveðið var í 1., að að því skyldi stefnt að koma þessu nýja skólakerfi til framkvæmda á árabilinu frá 1946—51. Þá átti það helzt að vera komið að fullu til framkvæmda. Nú sjá menn það, að með þessu frv. er farið út á þá braut að víkja frá því ákvæði skólalöggjafarinnar nýju, að gagnfræðaskólastigið og menntaskólastigið skuli vera algerlega aðskilin skólastig, sem taka við hvort af öðru. Úr barnaskólanum eiga nú að koma 12 ára gömul börn, sem eiga rétt til að sitja í 1. bekk gagnfræðaskóla, eru þar skólaskyld næstu tvö ár og eiga þá að ljúka svokölluðu unglingaprófi. Þegar nemendur hafa stundað nám í gagnfræðaskóla hinn þriðja vetur, eiga þeir að ljúka miðskólaprófi. Jafnframt taka þeir landspróf í vissum greinum, og fái þeir meðaleinkunnina sex hið minnsta, öðlast þeir rétt til að stunda nám í kennaraskóla eða menntaskóla. En þegar þessu prófi er lokið, á að vera sem efsti bekkur í gagnfræðaskólum fjórði bekkurinn, þar sem frjálst og praktiskt nám sé stundað fyrir þá, sem ekki ætla sér að halda áfram langskólanámi. Með þessari aðgreiningu milli gagnfræðastigsins og menntaskólastigsins var það ákveðið að gera þá höfuðbreyt. á menntaskólum landsins að leggja niður gagnfræðadeildirnar, sem störfuðu við þá, þriggja ára deildina við Menntaskólann á Akureyri og tveggja ára deildina við skólann í Reykjavík. Skyldi þá hvor skóli verða fjögurra ára menntaskóli. Megintilgangurinn með þessu var sá, að báðir menntaskólarnir gætu tekið við nemendum, sem hefðu lokið miðskólaprófi, með meðaleinkunninni 6 sem lágmarki, hvaðan sem þeir koma af landinu, úr héraðsskólum og gagnfræðaskólum, og skyldu þeir allir hafa jafna aðstöðu til að setjast í menntaskóla. Þetta var greinilega stórt spor í réttlætisátt og fagnað um allt land af öllum skólamönnum. Reykjavíkurunglingarnir höfðu haft alveg sérstök forréttindi til þess að geta notið sín og farið strax inn í 1. bekk menntaskólans og fullskipað bekki gagnfræðadeildar. Einnig var þessu þannig háttað á Akureyri. Svo komst ekki nema einn og einn nemandi af landsbyggðinni í 4. bekk menntaskólanna, sem þá voru. En með því að leggja gagnfræðadeildirnar niður á báðum stöðum var leikurinn gerður jafn. Þá var nemendum úr miðskólaprófi í gagnfræðaskóla í Reykjavík og Akureyri engin forréttindi veitt yfir þá, sem luku miðskólaprófi á Ísafirði, Seyðisfirði eða hvar sem var í sveitum landsins, þar sem þeir gátu gengið undir miðskólapróf í héraðsskólum. Hvorir tveggja voru settir hlið við hlið í fyrsta bekk menntaskólanna. Nú á að fara að víkja frá þessu aftur og stíga sporið aftur á bak, taka upp gagnfræðadeild við annan menntaskólann og fullskipa í neðstu bekkina, svo að ekki geti orðið nema hrafl utan af landi, þó að menn ljúki miðskólaprófi, vegna þeirra, sem eru búnir að hreiðra um sig í gagnfræðadeild menntaskólans. Þessi breyt. mundi því vekja óánægju um allt land meðal allra þeirra skólamanna, sem urðu glaðir við það jafnrétti, sem skólalöggjöfin nýja veitti. Að þessu leyti snertir þetta mál ekki Akureyri eingöngu, heldur allt landið.

Menn hafa yfirleitt viljað komast hjá að ræða þetta sem skólamál, heldur sem velgerðarmál við Menntaskólann á Akureyri og sem húsnæðismál. Ég skal þá minnast á það sem húsnæðismál. Þar er mergur málsins sá, að það verði að heimila Menntaskólanum á Akureyri að hafa gagnfræðadeild, því að öðrum kosti verði talsvert mikið húsnæði ónotað í gamla menntaskólanum. Að vísu viðurkenna menn, að ef þetta verði gert, þurfi að breyta heimavistarherbergjum í gamla menntaskólahúsinu í kennslustofur, og menn gera ákaflega lítið úr, að það kosti neitt verulegt. Ég þekki þessa byggingu og hef starfað heilt sumar við að breyta henni. Og ég þori að segja, að það mundi kosta marga tugi þúsunda, ef ekki hundruð þúsunda, að breyta heimavistarhúsnæðinu í báðum álmum í kennslustofur. En þannig stendur á því, að heimavistir losna í menntaskólanum, að stórt heimavistarhús er í byggingu. Þó segja menn: Annar þátturinn í þessu sem húsnæðismáli er sá, að það þarf að nota hina nýju heimavistarbyggingu fyrir fólk víðs vegar að úr Norðlendingafjórðungi og víðs vegar að af landinu og ekki sé útlit fyrir, að nýja heimavistarhúsið verði fullnotað, ef eingöngu starfi lærdómsdeild skólans. Þá hafa menn dregið fram þriðja atriðið í þessu máli sem húsnæðismáli, að ef gagnfræðadeildin hætti að starfa, verði aðsókn að Gagnfræðaskóla Akureyrar svo mikil, að húsnæði þess skóla standist ekki við. Þetta væru rök, ef þau styddust við staðreyndir. En það gera þau því miður ekki. Ég vil þá fyrst taka húsnæðismál Gagnfræðaskóla Akureyrar. Það er upplýst, að í gagnfræðadeildum Menntaskólans á Akureyri eru nú 110 nemendur. Og nú er spurningin: Getur Gagnfræðaskóli Akureyrar tekið við 110 nemendum í viðbót? Um þetta liggja fyrir þær upplýsingar frá skólastjóra þess skóla, að nú séu þar 260 nemendur og að hann geti tekið við miklu fleiri en 110 nemendum, án þess að þurfa þó að tvísetja í nokkra kennslustofu. M. ö. o., það er ekki rétt, að grípa þurfi til þess að stofna gagnfræðadeild í Menntaskólanum á Akureyri af því, að Gagnfræðaskólinn þar geti ekki tekið við nemendum. Það er líka rangt, að ráðast þurfi í kostnaðarsama breytingu á gamla menntaskólahúsinu með því að breyta heimavist í kennslustofur af því, að húsnæðisskortur sé hjá hinum skólanum.

En eru þá líkur til, að húsrúm í gamla Menntaskólanum á Akureyri verði ónotað um langa framtíð, verði þar ekki gagnfræðadeild? Ég hygg, að því fari fjarri, eftir því sem ég þekki til. Í fyrsta lagi er það, að meðan þrengslin voru mest í Menntaskóla Akureyrar,

varð að grípa til þess að innrétta í kjallarahæð hússins 2—3 kennslustofur. Auðvitað ætti út frá heilbrigðisástæðum að rýmka undir eins nokkuð til og flytja úr kjallaranum og á efri hæð hússins. Og ef það er hægt nú, væri það vel. Það er ekki forsvaranlegt skólahúsnæði, skólastofurnar í kjallarahæð hússins. Ætla mætti þá söfnunum, sem eru stór og góð, heldur rúm í kjallarahæð hússins. Væri það mikil breyt. til bóta um notkun skólahúsrýmisins. En svo er annað. Þó að gagnfræðadeildin leggist niður við Menntaskólann á Akureyri, verður nóg um nemendur, því að þá fer að streyma í hann fólk, sem útskrifast úr hinum nýja gagnfræðaskóla Húsavíkur, gagnfræðaskóla Siglufjarðar, unglingaskóla Ólafsfjarðar og Dalvíkur og gagnfræðaskóla Sauðárkróks og héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði. Þessi nemendafjöldi mundi vaxa mikið með hverju ári, sem líður. Og hlutverkið, sem menntaskólinn á að rækja, er einmitt það að taka við nemendum á menntaskólastiginu og hafa húsrými til þess, en ekki ná í unglinga á gagnfræðaskólastiginu, sem eiga kost á að fá nám í ýmsum öðrum skólum. Það er þess vegna alveg rangt stefnt með þessu frv., bara út frá þessu húsnæðismáli. Það er sem sé ekki neinn fótur fyrir því, að hægt sé að leysa málið sem húsnæðismál, af því að það er laust húsrými í báðum skólunum, Menntaskólanum og Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Og það er auðskilið mál, að þetta auðar húsrými á að nota með því að beina unga fólkinu á gagnfræðastiginu til gagnfræðaskólans, en hinu, sem lokið hefur miðskólaprófi víðs vegar, til Menntaskóla Akureyrar og nota húsrýmið í þeirri stofnun fyrir það.

Ef nú litið er á þetta mál sem uppeldismál, sem fyrst og fremst ætti að gera, því að hér er um stórkostlegt skólamál að ræða, þá sér hver maður í hendi sér, að ef það eru gild uppeldisfræðileg rök, að heppilegra sé og líklegra til uppeldisfræðilegs árangurs að hafa menntaskólann ekki fjögurra ára, heldur sjö ára, þannig að nemendur séu frá 12 ára og upp í 20 eða 21 árs aldur, þá ætti að breyta báðum menntaskólum landsins í samræmi við þessa uppeldisfræðilegu kenningu. Það er ekkert vit í því að setja þá Menntaskólann í Reykjavík hjá. Hins vegar þarf varla skólamann til að sjá, að 12 ára börn eiga litla félagslega samleið með og eru á allt öðru þroskastigi en fólk frá 18 til 21 árs. Slíkur skóli er ósamstæður skóli, sem er mikill vandi að stjórna, svo að vel sé, þegar nemendahópurinn er á svo ólíku þroskastigi. Það veldur stórkostlegum uppeldislegum vandkvæðum að setja nokkurn skóla svona saman. Þar af leiðir, að það er óhyggilegt að breyta menntaskólunum í þetta horf. Það væri uppeldislegt spor aftur á bak. Það er miklu nær réttu marki uppeldisfræðilega að láta menntaskólana ekki vera lengri en fjögurra ára skóla, eins og nýja löggjöfin ætlast til. Unglingar á gagnfræðastiginu eru það ólíkir að þroska, að gagnfræðastigið er langt um betur komið út af fyrir sig í sérstakri stofnun.

Enn fremur vil ég minnast á í sambandi við húsnæðismálið, að flm. töldu meðal þyngstu raka fyrir breytingunni, að svo mikil húsnæðisþröng væri í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. En ástæðan til þess, að ekki væri þörf fyrir sams konar breyt. í Reykjavík, væri sú, að svo prýðilega væri séð fyrir húsnæðismálum gagnfræðaskólanna í Reykjavík. Það færi betur, að þetta byggðist á staðreyndum. En því fer fjarri. Það er ömurlegt ástand í húsnæðismálum gagnfræðaskólanna í Reykjavík. Ég hef í höndum bréf frá stjórn Landssambands framhaldsskólakennara. Þessir stjórnendur eiga heima hér í Reykjavík og eru kennarar við framhaldsskóla. Í bréfi sínu um þetta mál til menntmn. Nd. segja þeir, með leyfi hæstv. forseta: [Tilvitnunina í bréfið vantar í handrit þingskrifara.]

Menn geta því ekki snúið sannleikanum rækilegar við en gert er í grg. flm. í samanburðinum á skólahúsnæðinu á Akureyri fyrir gagnfræðastigið og hins vegar í Reykjavík. Það er gott ástand á Akureyri, en hið ömurlegasta ástand hér í höfuðborg landsins. Ætti þá út frá þessu að setja frekar upp gagnfræðadeild við Menntaskólann í Reykjavík og bæta þannig úr því ömurlega ástandi í húsnæðismálum gagnfræðaskólanna í Reykjavík. En ég hygg, að þó að till. kæmi um að láta Menntaskólann í Reykjavík fá sams konar undanþágu, yrði það kolfellt í d., af því að það er offorsið, sem ræður afstöðu manna, en rökum vilja þeir ekki hlýða né kynna sér staðreyndir, enda er valinn sá kostur að heyra ekki staðreyndir. Þeir eru hræddir um, að þeir kynnu að sannfærast, ef þeir heyrðu þær.

Enn vil ég koma inn á eina hlið þessa máls, sem ekki er sem auvirðilegust í augum þeirra manna, sem allt miða við krónur, svo sem margir í þessari virðulegu stofnun gera. Væri líklegt, að þeir ætluðu fótum sínum forráð, ef þetta kæmi fjárhagslega óhagstætt út fyrir ríkissjóð. Ég gæti skilið, eftir annarri afstöðu þessara manna, ef þeir vildu gera breyt. á skólakerfi landsins í sparnaðarskyni. En eins og nú er háttað löggjöf í landinu, eru skólar gagnfræðastigsins kostaðir að hálfu af viðkomandi héraði og að hálfu af viðkomandi bæ að byggingar- og rekstrarkostnaði, nema kennaralaun fastra kennara að öllu leyti af ríkinu. Þannig er skiptingin að því er snertir Gagnfræðaskóla Akureyrar. En gagnfræðadeildirnar við menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri voru kostaðar að öllu leyti af ríkinu. Og sú gagnfræðadeild, sem yrði við Menntaskólann á Akureyri, yrði að öllu leyti kostuð af ríkinu, svo að þm. eru hér að sækja um að taka meiri þátt í kostnaði slíks skólahalds en í nokkrum öðrum kaupstað landsins, þó að hann hafi notið þeirra sérréttinda síðan 1905, að ríkið kostaði hann að öllu leyti, ekki síður en Möðruvallaskóla. En önnur héruð kosta sjálf að nokkru sína skóla. Hér er verið að taka upp ranglæti og auka útgjöld, sem ríkið var búið að losa sig við. Þetta er gert á því Alþ., þegar ríkisstj. emjar sem ámátlegast um það, að hún komi endum fjárlaganna ekki saman og verði að grípa til hvers óyndis-

úrræðisins eftir annað til að leggja nýja skatta á landsmenn. Ekki nóg með þetta, heldur fær ríkið meiri kostnað að því er þetta snertir. Það er nú fullskipað kennaralið við Gagnfræðaskóla Akureyrar. Ef gagnfræðadeild verður sett á stofn við Menntaskóla Akureyrar við hliðina á þessum gagnfræðaskóla, sem þar er, leiðir af því, að stórum fækkar nemendum við Gagnfræðaskóla Akureyrar. Ekki mun þó draga úr kennarakostnaði ríkisins við gagnfræðaskólann, þó að nemendaliðið skiptist frá þeim skóla yfir til annars skóla, sem hefur hærra launaða kennara. Eftir öllu þessu er hinn sárþjáði ríkissjóður að slægjast, að biðja um þá framkvæmd á þessum þætti fræðslumálanna, sem dýrust er. En það, sem verður verst þolað, er það, sem ég áðan drap á, að ríkið er að troða sér fram til þess að taka meiri þátt í kostnaði af kennslu gagnfræðastigsins á Akureyri en nokkurs staðar annars staðar. Ég veit, að þetta spor hlýtur að leiða til þess, að hver kaupstaður, sem hefur gagnfræðaskóla á sinni könnu að hálfu á móti ríkinu, mun fara fram á það á næsta Alþ., að gagnfræðastigið verði algerlega á kostnað ríkisins þar eins og á Akureyri, hversu sárt sem fjmrh. kynni að emja og ríkisstj. að bera sig illa. Ekki er hægt að bjóða landslýðnum, að ríkið seilist eftir þessu í einum kaupstað landsins, en neiti öðrum héruðum. Hér er á stórkostlegan hátt stofnað til þeirrar áhættu, að öllum kostnaði af gagnfræðastiginu í landinu verði komið á ríkissjóð. Þeir, sem stjórna menntamálum landsins, mega ekki láta sér yfirsjást svo, að þeir geri ráðstafanir gagnvart einni menntastofnun, sem verði mjög á kostnað annarra. En það verður naumast hrakið, að það, sem kynni að verða gert fyrir Menntaskólann á Akureyri með því að samþ. þetta frv., er gert nálega til eyðileggingar á annarri menntastofnun landsins, sem sé Gagnfræðaskólans á Akureyri. Þessi orð verður auðvitað að heimfæra við staðreyndir. Þeir nemendur, sem teknir kynnu að verða úr Akureyrarkaupstað eða annars staðar inn í hina nýstofnuðu gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, væru búnir að fá sérstöðu til þess að halda áfram námi í gegnum þann skóla, svo framarlega sem þeir stæðust próf þar. Það mundi þykja girnilegra að fara í hann strax en í gagnfræðaskólann við hliðina, án tillits til þess, hvor stofnunin veitti betri kennslu. Með því að koma nemendum inn í fyrsta bekk ætti að vera búið að tryggja nemendum að halda sína braut til stúdentsprófs. Þetta þýðir, að Gagnfræðaskóli Akureyrar mundi missa úrvalið úr námshæfasta unga fólkinu á Akureyri fram hjá sér inn í Menntaskóla Akureyrar. Eftir sæti gagnfræðaskólinn með hið minna námshæfa unga fólk og á að leiða það til sama prófs og úrvalsfólkið í menntaskólanum á að ganga undir. Síðan sýndi gagnfræðaskólinn lélegri próf og yrði fyrir það fordæmdur. Þarna er verið að baka þessum skóla miklu lakari aðstöðu en nokkrum öðrum gagnfræðaskóla á landinu, því að enginn hinna hefur þá aðstöðu að hafa menntaskóla við hliðina, sem veitir sérréttindi við inngöngu í fyrsta bekk. Þetta mundi leiða til eyðileggingar á Gagnfræðaskóla Akureyrar. Og væri ég í sporum Þorsteins M. Jónssonar, mundi ég á þeirri stundu, sem frv. þetta er samþ., segja af mér. Það virðist heldur ekki fjarri þessum skólastjóra, því að hann sagði, að ef þetta yrði samþ., telji hann ekki fært að halda áfram með sérstakan skóla, heldur yrði að leggja gagnfræðaskólann niður og láta stjórna báðum stofnununum undir einum hatti, þ. e. a. s. frá menntaskólanum. Og ég held, að annað væri ekki fært. Gagnfræðaskólinn hættir þá að hafa þá aðstöðu að fá frekar þá, sem síður eru hæfir til bóklegs náms. En gagnfræðaskólinn á einnig að standa undir fleiri skyldum gagnfræðastigsins, ekki einungis bóklegri fræðslu, heldur líkamsíþróttum og verklegri kunnáttu. Auk þess sem Menntaskólinn á Akureyri hefði námshæfasta fólkið, yrði honum hlíft við því að dreifa kröftum og tíma námsfólksins milli bóklegs og verklegs náms, hefði færri námsgreinar til þess að einbeita sínum nemendum að. Ekki eru kennd kristinfræði og ekki handavinna í gagnfræðadeildinni þar, og ekkert er í þessu frv., sem bendir til, að leggja eigi þær skyldur á herðar í framtíðinni. Leikfimi hefur ekki heldur verið kennd í Menntaskólanum á Akureyri fram að síðustu árum, ef það er þá byrjað enn, vegna þess að fyrrverandi skólameistari vildi ekki verja tíma nemenda til slíks, nema útiíþrótta og sunds.

Ég held yfirleitt, að það væri gersamlega ómögulegt fyrir Gagnfræðaskóla Akureyrar að starfa við slíka aðstöðu sem hlyti að verða við hlið gagnfræðadeildar menntaskólans. Þetta finnst mér mjög alvarlegt atriði um stóra og merka stofnun með á þriðja hundrað nemenda. En þá skulum við líta á viðhorf Akureyrarbúa til þessarar breytingar. Og það er allalvarleg hlið á málinu. Efnaðri borgarar Akureyrarkaupstaðar fengju sömu aðstöðu með þessari breyt. eins og efnaðri borgarar í Rvík höfðu meðan Menntaskólinn í Rvík hafði gagnfræðadeild og ströng inntökuskilyrði. Það var keypt þekking fyrir of fjár í börn ríka fólksins, en börn fátæka fólksins fengu því ekki inngöngu. Þannig yrði þetta á Akureyri. Pyngjan yrði tekin upp hjá efnaðri borgurunum og keyptir kennarar til að liggja yfir börnunum og troða þeim inn í gagnfræðadeild menntaskólans þegar í stað. Um fátæku börnin yrði kylfa að ráða kasti, hvort þau með því að fara gegnum Gagnfræðaskóla Akureyrar og dreifa kröftunum til miklu fleiri námsgreina og með því að njóta sín ekki nægilega í hóp miklu minna gefinna barna, — kylfa að ráða kasti um það, hvort þau stæðust miðskólapróf að þremur árum liðnum. En aðstöðunni hefur verið spillt. Það er ekki demókratisk hugsun á bak við svona breytingar á löggjöfinni. Og áreiðanlegt er, að almenningur á Akureyri mun gera sér þennan meginmun fyllilega ljósan, þegar þessi l. eru komin til framkvæmda. Auk þessa, sem ég hef nefnt, er ljóst, að þeim fátækari væri ætlaður ófínni skóli, sem hefði erfiðari aðstöðu. Fína fólkið gæti keypt sín

börn strax inn í skóla, sem opnaði þeim beina braut til stúdentsprófs og embættissæta í þjóðfélaginu. Og þetta skil ég, að íhaldsflokkurinn í Ed. beiti sér fyrir. Þetta er það lýðræði, sem íhaldið alltaf vill, að útiloka alþýðuna frá menntunaraðstöðu og koma peningunum að til að afla sínum börnum menntunar. En ég get ekki skilið, hvers vegna Alþfl.-menn og Framsfl.-menn eru að gefa sig í þjónustu íhaldsins í þessu máli.

Ég held ég hafi nú gert þeim sálum, sem hér eru viðstaddar, nokkurn veginn ljóst, að hér er um hreint og beint ranglætismál að ræða gagnvart þeim fátæku, en sérréttindi handa þeim ríku. Það er verið að greiða fyrir börnum efnaðri borgara Akureyrar og bregða fæti fyrir börn hinna. Það er verið að búa til tvenns konar gagnfræðaskóla fyrir Akureyrarkaupstað. Milli þeirra verður ójafn leikur. Þetta verður vandræðamál í Akureyrarkaupstað. Auk þess sem verið er að stofna til tveggja gagnfræðaskóla á Akureyri hlið við hlið með hina ólíkustu aðstöðu, er líka verið að stofna til óvildar og rígs milli beggja menntaskólanna í landinu, þar eð þeim er ekki búin sama aðstaða. Það er mjög misráðið. Það á aldrei að breyta l. á þann hátt, að annar þeirra njóti réttinda á kostnað hins. Það var ekki alveg beiskjulaust hjá rektor Menntaskólans í Reykjavík, þegar hann sagði, að þegar Menntaskólinn í Reykjavík átti 100 ára afmæli árið 1946, hefði Alþingi lofað að leggja eina milljón til hliðar til byggingar fyrir menntaskóla. Við þetta loforð á 100 ára afmæli skólans var ekki staðið af Alþ., þar sem upphæðin var lækkuð um helming, eða niður í 500 þús. kr.

Það er slæmt, að hv. frsm. meiri hl. skuli ekki vera hér staddur, því að ég get ekki komizt hjá því að fá vitneskju um það, hvernig annars meiri hl. hugsar sér fyrirkomulagið á þeirri gagnfræðadeild, sem á að stofna við Menntaskólann á Akureyri, því að lítið er í frv. um það. Á þetta að vera gagnfræðadeild, sem byrjar með 12 ára börn, er staðizt hafa barnaskólapróf, eða á þetta að byrja með strangara inntökuprófi og vinza úr á þann hátt? Þetta skiptir miklu máli að vita, því að þá fær maður betri vitneskju um það, hvert hlutverk þessarar deildar á að vera. — Annað atriði skiptir og miklu máli, þegar rætt er um tilhögun þessarar væntanlegu deildar við Menntaskólann á Akureyri. Hugsa þeir sér, að gagnfræðadeildin starfi bara í einskiptum ársdeildum, fyrsta, annars og þriðja bekkjar, eða hugsa þeir sér, að þessi gagnfræðadeild verði með tvískiptum eða þrískiptum ársdeildum í fyrsta, öðrum og þriðja bekk? Ég teldi bráðnauðsynlegt að fá það upplýst hér og staðfest í alþt., hvað fyrir hv. meiri hl. n. vakir með þessu og hvort þetta eigi að vera gagnfræðadeild með óskiptum deildum eða það eigi að vera undir stjórn skólans að ákveða, hvort hafa eigi tvíeða þrískiptar deildir. En það fást engin svör frá hv. meiri hl., hvorki fyrr né síðar, því að stólarnir eru auðir og þeir hafa hvorki mál né heyrn. En umr. má ekki ljúka svo, að við eigum þess ekki kost að eiga orðastað við hv. frsm. meiri hl. n.

Ég vék að því fyrr í ræðu minni, að með samþykkt þessa frv. væri verið að stofna til tvenns konar gagnfræðaskóla. Gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri væri öðruvísi gagnfræðaskóli en gagnfræðaskólinn, sem nú starfar samkvæmt gagnfræðaskólal., og öðruvísi en efri bekkir héraðsskólanna, því að þessi skóli væri í beinu áframhaldandi prófsambandi við efri bekki Menntaskólans á Akureyri. Enn þá einu sinni væru þá tvenns konar gagnfræðapróf komin í landið. Það væri ekki til bóta. Áður en nýja skólalöggjöfin gekk í gildi var þannig ástatt og skipulagsleysið þvílíkt í þessum efnum, að það voru fjórar tegundir gagnfræðaprófa í landinu. Á þetta batt nýja skólalöggjöfin endi, en nú á aftur að fara að koma á nýrri tegund gagnfræðaprófs í landinu, sem veitir réttindi til framhaldsnáms. Það er áreiðanlega leitun á þeim manni, sem getur fundið nokkurn skynsamlegan rökstuðning fyrir því, að að þessu leyti sé rétt stefnt, — að fara nú með breyt. á löggjöf, sem búið var að koma í skynsamlegt horf, að stefna út í sömu vitleysuna og við vorum í áður en nýja skólalöggjöfin gekk í gildi. Með samþykkt svona frv. er aftur búið að koma á tvenns konar gagnfræðaprófi í landinu, sem veitir mismunandi aðstöðu til framhaldsnáms og byggir á ólíkri kennslu og ólíkum námsgreinum. Þetta mundi bitna hart á unga fólkinu almennt, en koma þó alveg sérstaklega illa við það fólk, sem flyzt til í þjóðfélaginu. Gamla skipulagið, með 4 gagnfræðaprófum, var ómögulegt, þegar fólkið flutti milli byggðarlaga, því að þá þurfti að athuga, hvaða tegund gagnfræðaprófs unglingurinn hafði, til þess að vita, hvaða réttar hann ætti að njóta, þegar hann kæmi í hið nýja byggðarlag. Tvenns konar gagnfræðapróf væri ávöxturinn af þessu, — ekki eins vitlaust og það var þó orðið með þau fjögur, en mundi hafa það annað í för með sér, að við fengjum tvenns konar menntaskóla. Landslýðurinn mundi þá ekki eiga þess kost að velja milli tveggja skóla með sömu próf og sömu kröfur, Menntaskólans í Rvík og Menntaskólans á Akureyri. Nei, látum þá vera með ólíkum hætti og knýja kannske fólk til að senda börn sín í þann menntaskólann, sem það kannske teldi að einhverju leyti óheppilegra.

Ég mundi mjög óska þess, að hæstv. forseti léti grennslast eftir því, hvort frsm. meiri hl. er hér í húsinu. Vildi ég gera hlé á ræðu minni á meðan, svo að ég gæti borið upp fyrir meiri hl. þær spurningar, sem ég bar fram hér áðan í ræðu minni. Ég vil því beina því til forseta, hvort hann vill ekki verða við þeirri ósk minni að fresta umr., til þess að gefa mér tækifæri að fá svarað þeim spurningum, sem hér hafa verið bornar fram. Frá mínu sjónarmiði er það óverjandi að verja okkur í minni hl. þess að fá upplýsingar frá meiri hl. um málið. Ég bíð eftir svari hæstv. forseta við þessu. [Frh.]

Forseti (ÞÞ): Hv. þm. hefur snúið máli sínu til mín. Ég get svarað því, að það er ekki á

minu valdi að draga hv. frsm. hingað undir ræðu hv. ræðumanns. Hann ræður sér sjálfur, og ég get ekki sótt hann hingað með lögregluvaldi. En ég álít heppilegast nú, að umr. þessum sé hætt í þetta skipti, og mun ég þá fresta atkvgr. þangað til á mánudag, en vil þá, ef ég á kost á því, lofa þm. að leiða hesta sína saman við 3. umr., ef frv. lifir þangað til. Ætti þá hvorugur að draga af sér, en auðvitað sýna hófsemd og snyrtimennsku. Ef annars ræðumaður vill halda áfram, er þetta aðeins hlé á ræðu hans.

Hannibal Valdimarsson: Ég þakka forseta fyrir þau svör, sem hann gaf mér, en ekki spurði ég hann nú, hvort hann treysti sér til þess að draga hv. 2. þm. Árn. (EE) inn í d. Ég spurði hann aðeins, hvort hann væri fáanlegur til þess að fresta umr., svo að ég gæti fengið svör við þeim spurningum, sem ég hef beint til meiri hl. Ég óskaði, að hann gæfi mér kost á að bera þessar spurningar upp við þessa umr., áður en henni lyki, sem er því aðeins hægt, að hæstv. forseti fresti umr. þangað til hv. frsm. finnst.

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka fram, að ég treysti mér ekki til að fresta umr. í þetta skipti, en það mun reka að því sama í málinu, því að nú er umr. búin að standa í fulla tvo tíma. En sem sagt, ef ég verð forseti næstkomandi mánudag, skal ég hlutast til um, að hv. frsm. standi hér eða sitji undir ræðu hv. 3. landsk. og sé tilbúinn til svara, eftir því sem föng eru á og efni leyfa.

Hannibal Valdimarsson: Ég held þá áfram ræðu minni, þegar ég heyri af munni forseta, að hann telur sér ekki fært að fresta umr.

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka fram, að ég mun sitja hér og bíða undir ræðu hv. 3. landsk. til kl. 10, en þá eru komnir 3 klukkutímar og þá mun ég fresta umr., ef d. sýnist, og getur hún þá skorið úr því á næsta fundi, hvernig fara skuli með málið. Annars held ég, satt að segja, að hv. frsm. sé búinn að rekja meginefnið, en annars þoli ég að sitja einn klukkutíma enn.

Hannibal Valdimarsson [Frh.]: Ég hugsa, að ég ofbjóði ekki svo þreki hæstv. forseta. Það liggur fyrir, að ég fæ ekki svör við spurningum mínum við fyrri hluta þessarar umræðu. Ég vil því rifja upp það helzta, sem meginmáli skiptir í þessu máli. (*Forseti:* Ég vil mælast til, að hv. þm. tvílesi ekki ræðu sína.)

Hér er farið fram á það, að Menntaskólanum á Akureyri sé heimilað að stofna miðskóladeild, sem megi starfa í næstu tvö ár, ef húsrúm skólans leyfir. Þetta er gert fyrir stofnunina sem merka menntastofnun og til þess að gera sóma hennar og veg sem mestan. Ég held, að það sé mjög vafasamt, að sómi og vegur Menntaskólans á Akureyri vaxi nokkuð við það, þó að hann fái undanþágu frá skólalöggjöf landsins, sem hliðstæðri stofnun, Menntaskólanum í Rvík, var neitað um. Ég held líka, að það væri miklu betra fyrir Menntaskólann á Akureyri að leggja niður gagnfræðadeildina núna en þurfa að gera það eftir tvö ár, en eftir tvö ár eru litlar eða engar líkur til, að slík undanþága sem þessi fengi framlengingu, því að þá á skólalöggjöfin að fullu og öllu að vera komin til framkvæmda, og þá eiga engar gagnfræðadeildir að vera til við menntaskólana, þar sem þeir eiga þá að vera orðnir 4 ára skólar. Mér finnst því, að þessi vingjarnlegu orð til Menntaskólans á Akureyri hafi ekki við rök að styðjast.

Ég vil þá einnig minnast á það, að eitt atriði gerir það þó að verkum, að kannske er fremur hægt að samþ. þessa tveggja ára undanþágu er frv. eins og það var í sinni upphaflegu mynd, sökum þess að með því að veita aðeins tveggja ára undanþágu er því slegið föstu, að undanþágan gildi einungis meðan skólakerfið nýja er ekki að fullu komið til framkvæmda. Mér skilst því vera slegið föstu, að þegar sá dagur rennur upp, að skólalöggjöfin nýja ákveður, að nýja kerfið skuli að fullu komast í framkvæmd, þá gildi engin undanþága lengur frá löggjöfinni. Að þessu leyti er frv. nú aðgengilegra og brýtur ekki eins í bága við skólalöggjöfina og það gerði. Ég og hv. 8. landsk. viljum þó af vinsemd við Menntaskólann á Akureyri fallast á, að sú ein breyt. verði gerð á l., að miðskóladeild megi starfa fyrir utanbæjarnema, ef rúm leyfir og búið er að taka við öllum þeim nemendum, sem búnir eru að ljúka 2 vetra námi og rétt hafa að setjast í skólann. Gagnfræðaskóli Akureyrar getur þá veitt viðtöku innanbæjarnemendum. Till. þessi, ef hún kemst í gegn, greiðir fyrir utanbæjarnemendum og hefur einnig í för með sér allt það, sem hv. flm. töldu aðalrök fyrir málinu, og ætti því að vera til bóta að samþ. brtt. okkar hv. 8. landsk.

Það dylst engum, að allir þeir, sem leitað hefur verið til um umsögn um þetta frv., telja, að uppeldislega séð sé hér stefnt í ranga átt. Fræðslumálastjóri telur rangt að leyfa þetta, en engan veginn frágangssök samt sem áður, þar sem aðeins er um tímabundið leyfi að ræða. Rektor Menntaskólans í Rvík, Pálmi Hannesson, lætur í ljós það álit, að hans skóli sé metinn minna, ef honum sé synjað um að setja upp miðskóladeild á sama tíma og Menntaskólinn á Akureyri fær heimild til þess. Ég tel eðlilegt, að rektor Menntaskólans í Reykjavík vilji, að skóli hans fái sömu hlunnindi og Menntaskólinn á Akureyri. Pálmi Hannesson hefur svarað því aðspurður, að hann telji misráðið að samþ. þessa heimild, og einnig hafa fleiri, sem rætt hefur verið við, tekið sams konar afstöðu, og á ég þar einkum við mþn. í skólamálum, sem er eindregið andvíg þessu og rökstyður það með því, að ekki megi trufla og koma ruglingi á skólakerfið, heldur verði að koma reynsla á það, áður en því verði breytt með bráðabirgðaákvæðum eða varanlega, og að nýtt kerfi verði að fá að reyna sig og ekki megi brjóta það niður, fyrr en reynsla hefur fengizt á því, og ekki megi brjóta það niður fyrr en reynslan sýni, að það

sé ómögulegt. Það er slæmt við verklegar framkvæmdir að gera mistök, en það er verra þegar um slík mál er að ræða. Það er verra að fá hv. þm. til að athuga málin, þegar um uppeldi æskulýðsins er að ræða, heldur en þegar skipa- eða húsabyggingar eru annars vegar.

Ég held, að ég hafi nú gert grein fyrir helztu sjónarmiðum í máli þessu, og tel, að ég hafi að engu leyti hallað á Menntaskólann á Akureyri, sem er mæt og góð menntastofnun, og á ég honum mikið að þakka, sennilega engum eins. Þeir, sem þar starfa, eru að mestu leyti skóla- eða bekkjarbræður mínir og vinir. Það er því ekki af óvild til skólans eða kennaranna, að ég get ekki greitt þessu frv. atkv., og þó að ég eigi skólanum og þeim margt að þakka, held ég, að það sé ekki bezt gert á þennan hátt. Þá er einnig hætta á því, að Gagnfræðaskóli Akureyrar verði skemmdur, ef ekki lagður í rúst, eins og ég hef áður getið um í ræðu minni. Ég tel þetta mál svo mikilsvert, að ekki sé hægt að víkja af götu sannleikans fyrir vináttu sakir. Ég vona, að þeir hv. þm., sem ekki hafa kynnt sér málið, greiði atkv. með till. okkar hv. 8. landsk. Ég mun greiða atkv. eins og málið blasir við mér. Ég hef krufið það til mergjar meir en flestir aðrir og get því ekki látið vinsemd til kennaranna eða bænastaf skólameistarans, Þórarins Björnssonar, hafa áhrif á afstöðu mína, heldur tek efnislega afstöðu til málsins. Því mun ég gera það, sem ég held, að sé skólamálunum fyrir beztu, og ég óttast þann eld, sem það gæti kveikt á Akureyri, ef frv. þetta væri samþ. Þá væri einnig hætta á, að aftur mundi myndast sama ófremdarástandið og var í þessum málum, þegar gagnfræðaprófin voru á fjóra vegu. — Ég læt svo lokið máli mínu, en harma, að meiri hl. hv. þm. skuli hafa tekið svo flokkslega afstöðu í þessu máli og hlaupizt síðan í burt. Ég ásaka ekki hæstv. forseta fyrir þetta og þakka honum mikla þolinmæði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 571 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BrB, HV.

nei: JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BK, BÓ, EE, GJ, GÍG, HermJ, BSt.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við þetta mál. Hv. þm. Ak. flutti á þessu þingi frv. um, að Menntaskólinn á Akureyri fengi að starfa áfram óbreyttur í sama formi og hann hefur verið bæði áður en nýja skólalöggjöfin gekk í gildi og eftir að hún gekk í gildi að nokkru leyti. En í nýju skólalöggjöfinni er ætlazt til, að menntaskólarnir verði fjögurra ára skólar og gagnfræðadeildin verði sniðin af. Tilgangurinn með þessu er sá, að inn í fyrsta bekk fjögurra ára menntaskóla ættu rétt á að setjast unglingar úr gagnfræða- og héraðsskólum hvaðanæva af landinu, ef þeir hefðu þreytt landspróf og hlotið minnst aðaleinkunnina 6. En nú mætti kannske spyrja: Til hvers á að afnema þessar deildir hjá menntaskólunum? Jú, til þess að menntaskólarnir á Akureyri og í Reykjavík yrðu ekki búnir að leggja undir sig öll sæti í lærdómsdeildunum. Til þess að jafna leikinn gagnvart nemendum alls staðar að af landinu var gagnfræðadeildin sniðin af menntaskólunum með nýju skólalöggjöfinni eða m. ö. o. til þess, að jafnrétti næðist betur. Ég tel þetta því mjög til bóta og stefnt með setningu þessarar löggjafar mjög í rétta átt, en ef vikið væri nú frá einu eða fleiri ákvæðum hennar, þá væri stigið skref aftur á bak. Þá var með skólalöggjöfinni öllu skólakerfinu nákvæmlega skipað niður þannig, að fyrst er barnaskólastigið í 6 ár, síðan kemur unglinga- eða gagnfræðaskólastigið, sem tekur 4 ár, þá er menntaskólastigið önnur 4 ár og síðast á toppinum háskólastigið. Þannig er því öllu skólakerfinu skipað niður í ákveðna og aðgreinda flokka.

Nú er með frv. því, sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir, að bráðabirgðaundanþága sé veitt öðrum menntaskólanum í landinu til þess að halda sinni gagnfræðadeild, og skilst mér, að hann eigi þá ekki að vera 6 ára skóli, eins og hann hefur verið, heldur 7 ára og hafa það hlutverk að fræða börn frá 12 ára aldri þar til þau eru orðin 20 og 21 árs. Ég verð að segja, að ef litið er á þessa breytingu frá skólamannsins sjónarmiði, þá er hún síður en svo skynsamleg eða til bóta, þar sem hún gerir ráð fyrir að brjóta svo kerfisbundna og vel hugsaða skólalöggjöf. Þá er og gert ráð fyrir, að þarna verði nemendur með mjög mismunandi þroska, þ. e. a. s. 12 ára börn innan um 20 ára unglinga, og tel ég það frá uppeldislegu sjónarmiði mjög óheppilegt. Ábyggilega fer mun betur á því, að 12—15 ára börn séu sér og 17—21 árs unglingar sér. En með þessu frv. á að veita heimild til að slengja þessu saman. Öðru máli væri um þetta að gegna, ef reynslan sýndi, að slíkt hefði gefizt vel, en því er ekki til að dreifa. Ástæðan fyrir því, að fram á þetta er farið, er líka allt önnur og stýðst ekki við nein uppeldisfræðileg rök. Sú raunverulega ástæða er, að verið sé að byggja stórt heimavistarhús og mikið af því húsnæði verði ónotað, ef þessi undanþága er ekki gefin. En allir sjá, hver fjarstæða það er að fara að umturna kerfi, sem byggt er upp af sérfróðum mönnum, þótt ríkið hafi ákveðið að veita fé til steinbyggingar á Akureyri. Það tekur ekki að eyða orðum að því, hve mikil vitleysa það er að ætla að sníða skólalöggjöfinni stakk eftir steinbyggingu sem

þungamiðju. Þá er það annað atriði, sem er uppeldisfræðilegs eðlis, og það er, að á Akureyri starfar stór og myndarlegur gagnfræðaskóli, við beztu ytri aðstæður. Þessi skóli hefur nægilegt húsrými og aðrar aðstæður til þess að taka á móti öllum þeim unglingum á Akureyri, sem miðskólastigið vilja taka. Samkv. nýju skólalöggjöfinni á sá skóli og aðrir gagnfræðaskólar að annast bæði bóklega og verklega kennslu. En gagnfræðanámið hefur verið framkvæmt þannig í gagnfræðadeild menntaskólans, að verklega námið og sumt af því bóklega hefur alls ekki verið þar á skrá, t. d. hefur þannig verið um kristinfræði og allt verklega námið, sem þó er annar meginþátturinn í miðskólastiginu. Það er því ljóst, að unglingar á gagnfræðaskólastiginu fengju öðruvísi og aðra menntun en ætlazt er til með nýju skólalöggjöfinni í þeim menntaskólanum, sem þessi réttindi fengi. Mér þykir og eðlilegt, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri, úr því að hann hefur allar ytri aðstæður til þess, annist gagnfræðakennsluna á Akureyri og að ekki sé hlaupið í kapp við hann með það. Nú er sagt, að fyrir hendi sé autt húsrúm í Menntaskólanum á Akureyri, en það er bara líka í gagnfræðaskólanum. Ef aftur á móti væri ekki húsrúm þar fyrir þá, sem gagnfræðamenntun vildu hljóta, þá væri fyrst ástæða til þess að veita þessa undanþágu. En er nú ekki líklegt, að allt húsrúm menntaskólans notist við kennslu þeirra unglinga, sem á menntaskólastiginu eru? Ég hygg, að svo muni verða, og skal nú leiða rök að því. Vegna þess að nýja skólalöggjöfin heimilar bæjar- og sveitarfélögum að stofna unglinga- og gagnfræðaskóla, þá hefur verið farið út á þá braut víða norðanlands, t. d. á Húsavík, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Reykjum í Hrútafirði og víðar. Það leiðir af sjálfu sér, að unglingarnir stunda frekar það nám, ef þeir geta, í sinni heimasveit heldur en sækja það í önnur byggðarlög. Þeir ljúka því miðskólaprófi í gagnfræðaskóla sinnar eigin sveitar og fara að því loknu til Akureyrar í menntaskóla, þeir, sem það vilja. Ég tel því, að þegar nýja skólalöggjöfin er komin verulega í gang, þá komi straumurinn aftur til Akureyrar í menntaskólann, og verður þá húsrými að vera til staðar þar fyrir þá nemendur, sem vilja stunda menntaskólanám. Nú eru kennslustofur á kjallarahæð hússins, og æskilegt væri að flytja þær þaðan á efri hæðir hússins. Yrði aðsóknin nú það mikil, að kennslurúm á efri hæðunum dygði ekki, en gömlu heimavistirnar stæðu auðar, þá teldi ég fyrst koma til mála að breyta þeim í kennslustofur. Ég hygg því, að heppilegra sé að gera ekki þessa bráðabirgðabreytingu á skipun Menntaskólans á Akureyri, þar sem hennar er alls ekki þörf vegna þess húsrúms, sem er í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, þótt eitthvað húsrúm sé autt í menntaskólanum eins og er. Heppilegra væri að láta það standa autt í bili, svo að skólinn sé betur undir það búinn að taka við straumnum, þegar hann kemur.

Það er kunnugt, að deilt er um þessa breytingu á Akureyri, hvort hún sé til bóta eða ekki. Þeir, sem standa að Gagnfræðaskólanum á Akureyri, eru mjög sárir yfir því, ef þetta nær fram að ganga. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [Frh.]: Herra forseti. Ég hef lofað hæstv. forseta að reyna að vera stuttorður um málið, og vil ég reyna að efna það.

Ég hafði, þegar hæstv. forseti frestaði umr. í gær, rætt um það, að ég teldi misráðið að víkja frá nýju skólalöggjöfinni, áður en hún væri komin til framkvæmda, og sérstaklega misráðið að skella saman í einn skóla unglingum frá 13—20 ára, og skal ég ekki fara frekar út í það. Þá hafði ég einnig fært fram, að húsnæðisástæðurnar, sem færðar voru fram sem meginrök í málinu, væru ekki rétt rök, því að húsrúm væri ekki aðeins nóg í Menntaskólanum á Akureyri, heldur líka í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem ætti að inna af hendi gagnfræðakennsluna.

Þá er ég kominn að því, hvaða þýðingu þetta mál hafi fyrir Gagnfræðaskólann á Akureyri. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það er ójafn leikur hjá þessum tveimur skólum, Gagnfræðaskólanum og Menntaskólanum á Akureyri. Vil ég þar til stuðnings máli mínu vitna í það, sem skólastjóri Gagnfræðaskólans á Akureyri segir um þetta atriði. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel ekki heppilegt, að tveir gagnfræðaskólar starfi hér í bænum með mismunandi réttindum til inntöku nemenda, þannig að annar megi velja úr eftir prófeinkunnum, en samt verði gerðar sömu kröfur til miðskólalandsprófs í þessum skólum báðum, og enn fremur, að sá skóli, sem úrvalið fær, megi sleppa tveim námsgreinum, sem þó lögum samkvæmt á að kenna á gagnfræðastiginu. En það hefur M. A. fengið til þessa. Hann hefur hvorki látið kenna kristinfræði eða handavinnu, en báðar þessar námsgreinar eru kenndar í G. A., eins og hin nýja skólalöggjöf mælir fyrir."

Ég fer ekki lengra út í þetta, en þetta er hárrétt. Það er ákaflega erfitt fyrir Gagnfræðaskólann á Akureyri að sýna jafngóðan árangur við miðskólapróf að þremur árum liðnum, ef hann fær nemendur, sem hafa minni bóklega hæfni, en menntaskólinn fær úrvalið. Þarna verða þá tveir skólar, þar sem annar hefur fleiri námsgreinar en hinn og fær þá nemendur, sem hafa minni bóklega hæfni en hinn, og ekki eins samvalið fólk til bóknáms. Það verður því að öllu leyti ójafn leikur milli þeirra. Sama er að segja gagnvart öðrum gagnfræðaskólum í landinu. Gagnfræðaskólinn á Akureyri hefur hér verri aðstöðu en nokkur annar gagnfræðaskóli á landinu, með því að annar skóli velur úr nemendunum, en hann fær þá, sem dregizt hafa aftur úr í úrslitum á landsprófi.

Þá er kostnaðarhliðin við þetta mál. Það mundi verða tilfinnanleg fækkun í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, því að menntaskólinn tæki svo mikinn nemendahóp. Kennaralið er

nægilegt við gagnfræðaskólann til að sinna kennslu allra unglinga á gagnfræðastiginu. Það er því hætt við, að næsta vetur yrðu fastráðnir kennarar við gagnfræðaskólann ekki í fullu starfi. Það er kostnaðarauki fyrir ríkið. Þá er það, að kennarar við menntaskólann eru á hærri launum en kennarar á gagnfræðastiginu. Að því leyti er nám við menntaskóla dýrara. Í þriðja lagi er það, sem mestu skiptir um kostnaðarhliðina, en það er það, að ríkið á ekki að borga nema hálfan kostnað við kennslu og rekstur í gagnfræðaskólum og héraðsskólum og yfirleitt öllum skólum, sem starfa á gagnfræðastiginu, en við menntaskólana borgar ríkið allan kostnað. M. ö. o., ríkið er með þessari lagabreyt. að seilast eftir að bera allan kostnað af gagnfræðanáminu, sem nú á að verða við Menntaskólann á Akureyri. Ég veit, að þetta er veruleg upphæð. Og það skulum við gera okkur ljóst, að þegar búið er að lögfesta þetta, mundu kröfur koma frá gagnfræðaskólum og héraðsskólum annars staðar, að ríkið tæki að sér allan kostnað við gagnfræðanámið þar. Það er ekki nema sanngirniskrafa, sem varla er hægt að standa á móti, þegar þetta er komið í kring. Þarna væri komið misrétti, sem yrði að leiðrétta með því, að ríkið tæki að sér allan kostnað við gagnfræðanám annars staðar á landinu. (*BSt:* Þetta er nú bráðabirgðaástand.) Já, það er bráðabirgðaástand, sem líklega yrði gert að meginreglu. Með þessu móti er verið að stofna tvenns konar gagnfræðanám. Það er gagnfræðanám frá skólum gagnfræðastigs, og það er nám við þessa deild við Menntaskólann á Akureyri, sem gefur aðstöðu til áframhaldandi náms við annan menntaskóla landsins.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að áður en skólalöggjöfin kom í gildi, voru þrjú stig gagnfræðaprófs. Það var gagnfræðapróf í gagnfræðaskólunum sjálfum. Það var gagnfræðapróf við Menntaskólann í Reykjavík eftir tveggja ára nám, og það var gagnfræðapróf í Menntaskólanum á Akureyri eftir þriggja ára nám. Það þurfti sérfræðing í skólamálum til að vita, við hvaða gagnfræðapróf var átt hverju sinni. Nú á að fara að stefna í sömu átt aftur. Nú er eitt gagnfræðapróf, en það á að fara að gera þau tvö. Það er góð stefna í átt til vitleysunnar. Það yrðu þá tvenns konar gagnfræðaskólar og líka tvenns konar menntaskólar. Skólinn í Reykjavík yrði þá fjögurra ára skóli, en sjö ára skóli fyrir norðan. Það yrðu því tvenns konar menntaskólar líka, sem fengjust upp úr krafsinu.

Ef það væru uppeldisfræðileg rök fyrir því að gera menntaskóla að sjö ára skóla, væri öðru máli að gegna, og þá væri nær fyrir okkur að afgr. þessa undanþágu þannig, að hún gilti fyrir báða menntaskólana. Það væri engin sanngirni að setja Menntaskólann í Reykjavík þannig hjá, ef þetta væri uppeldisfræðilega til bóta. Fleiri orð þarf ég ekki að hafa um það, en það er röksemd, sem hefur fullt gildi.

Þá er sagt: Þetta er gert vegna velvildar við Menntaskólann á Akureyri og til sóma honum. Ég vil segja það, að með því að veita skólanum slíka tveggja ára undanþágu er hann settur í aukinn vanda og honum til ógagns. Ég mundi verða fyrstur manna til þess og vilja mikið til þess vinna að gera mínum góða skóla gagn og sóma, ef ég mætti á einhvern hátt auka hans veg, því að ég er gamall nemandi hans, og mér þykir ekki eins vænt um neinn skóla. En ég er á móti þessu, af því að það er honum til ógagns. Þessi undanþága orsakar eilífan eld á Akureyri milli menntaskólans og gagnfræðaskólans, og það er vond gjöf til Menntaskólans á Akureyri. Forstöðumaður þessa skóla á Akureyri er einn af mínum gömlu bekkjarbræðrum, kunningi minn og vinur, og líklega meira en helmingur kennaranna eru úr mínum kunningjahópi. Ég hefði því viljað seilast langt, ef það væri á réttan hátt. En þetta er svo alvarlegt mál, að það er ekki hægt að láta vinsemd til manna ráða afstöðu sinni til þess.

Það er ein ástæða til viðbótar við vinsemd mína og ræktarþel, sem gæti fengið mig helzt til að fylgja þessu máli. Ef komið væri á gagnfræðanámi við menntaskólana á Akureyri og Reykjavík, svo að aðgangur torveldaðist fyrir nemendur frá öðrum bæjum og byggðarlögum, sem hefðu lokið miðskólaprófi, þá væri síður hægt að standa á móti sanngirniskröfu Aust- og Vestfirðinga um menntaskóla í þeim landsfjórðungum. Það gæti því orðið til að flýta fyrir byggingu menntaskóla á Austur- og Vesturlandi að samþ. þetta frv. Samt vil ég ekki ganga inn á að samþ. þetta mál.

Ég vil svo að endingu bera fram þrjár fyrirspurnir til hv. frsm. eða forsvarsmanna þessa frv. í þessari d. Ég vil leggja áherzlu á að fá þeim svarað, því að þær skipta miklu máli.

Í fyrsta lagi: Er það ætlunin, að þessi fyrirhugaða gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri verði lögð niður að tveimur árum liðnum, þegar nýju skólalögin verða komin til fullrar framkvæmdar?

Í öðru lagi: Er það tilætlunin, að aðeins óskiptar ársdeildir starfi við þessa gagnfræðadeild?

Í þriðja lagi: Á að kenna þarna bæði bókleg og verkleg fræði, eins og löggjöfin krefst nú um nám á gagnfræðastiginu?

Það eru þessi þrjú atriði, sem ég vil fá svör við. Svo skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta mál, nema tilefni gefist af svörunum.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Það er af menntmn. búið að ræða margt um þetta mál, en af minni málfu, sem tókst á hendur að nefnast frsm. meiri hl., ekki nema örlítið. Ég áleit það enga nauðsyn að hafa þau orð mörg, því þótt orðið hefðu heilla daga ræðuhöld um málið því til stuðnings eða falls, þá hefði fátt af rökum komið þar fram umfram það, sem lesa má í frv. sjálfu og fylgiskjölum þess. Ég fer ekki út í þá sálma og tel það nægilegt. Það eru þessar langlokuræður um þetta mál, sem ég geri ekki mikið úr, því að þær skýra lítið. Ég hef valið þann kostinn að taka ekki þátt í þeim, en mun fylgja málinu, af því að mér finnst það sanngirnismál, þó að sitt hvað kunni að mæla á móti.

En ég tel rétt, úr því að beint var fyrirspurnum til mín, að svara þeim nokkrum orðum. Það er þá fyrst, hvort það sé ætlunin, að þessi fyrirhugaði gagnfræðaskóli verði lagður niður að tveimur árum liðnum, þegar nýju skólalögin verða komin til fullrar framkvæmdar. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef ekki þá skólamálaforustu í dag og býst ekki við að hafa hana, að ég geti fullyrt um þetta, en mér virðist þetta vera talað út í bláinn, ef það er ekki tilætlunin. Ég geri því ráð fyrir eftir frv. og málefnum, eins og þau horfa við nú, að það sé meiningin.

Þá er önnur fyrirspurnin, hvort þessi deild eigi að starfa með óskiptum ársdeildum. Ég er ekki sá skólafræðingur, að ég geti svarað þessu svo, en ég geri ráð fyrir, að fyrirkomulag þessarar gagnfræðadeildar í þessi tvö ár verði ákveðið með reglugerð. Það er engin ástæða til að óttast, að þessum málum verði ekki skipað á þann veg, sem bezt má fara, til að gagnfræðadeildin njóti sín sem gagnfræðadeild og menntaskólinn, sem á að halda sínum rétti, njóti sín sem menntaskóli á allan hátt.

Þá er þriðja spurningin, hvort þarna eigi að kenna bæði bókleg og verkleg fræði, eins og löggjöfin um gagnfræðanám krefst. Hér er um það að ræða í þessu frv., að þessi gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri fái enn að starfa í tvö ár. Þessi undanþága er gerð vegna liðna tímans. Þetta hefur verið góður skóli, og hafa margir fengið þar ágæta fræðslu, svo sem hv. 3. landsk. og margir fleiri. Ég hygg með tilliti til þess, að reynt verði nú í þessi tvö ár að haga skólanum þannig, að hann megi rækja sitt hlutverk sem bezt, og treysti ég hæstv. kennslumrh. til að setja þar um þær reglur, sem bezt gegna gagnfræðaskólanum annars vegar og menntaskólanum hins vegar.

Ég fer ekki lengra út í þetta, af því að ég er ekki svo þrautsmoginn í skólamálum eins og hv. 3. landsk. Ég hef heyrt, að menn hafi stundum verið veiddir með spurningum, og það er bezt að vera tortrygginn og forðast þessa karla, sem slíkri freistni valda, og læt því máli mínu lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var lítil örugg vitneskja, sem maður fékk gegnum svörin við þessum fyrirspurnum. Ég stend því nokkurn veginn jafnnær eftir það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði. En ég verð að ætla, að það sé samkvæmt orðanna hljóðan, að þessi deild eigi að fá heimild til að starfa í næstu tvö ár, en þá eigi að leggja hana niður, þar sem nýju fræðslulögin eiga að vera komin til fullrar framkvæmdar árið 1951. Ég geri einnig ráð fyrir, að þessi gagnfræðadeild verði látin starfa eftir sömu reglum og aðrir skólar á gagnfræðastigi. Og í trausti þess, að þetta verði svo, greiði ég ekki atkv. á móti þessari undanþágu. Ég álít stefnuna ranga, hvort sem litið er á húsnæðishliðina, uppeldishliðina eða fjárhagslegu hliðina. Það er verið að seilast eftir útgjöldum, en hins vegar hefur þingið verið að emja á sparnað á öllum sviðum, og frá hvaða sjónarmiði sem er, eru rökin á móti þessu máli góð og hrein og skynsamleg rök. Og af því að þetta er eðli málsins, þá er það vafalaust rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það þýða ekki langar umr. um það. Ég býst við, að menn séu pottheldir fyrir rökum í málinu, og skal ég þess vegna ekki eyða frekar orðum að því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 805).

75. Skipun læknishéraða o. fl.

Á 68. fundi í Sþ., 25. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða [193. mál] (þmfrv., A. 570).

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu að meginefni var flutt á síðasta þ. Ég vil hér vísa til umræðnanna þá og grg. þeirrar, sem fylgir þessu frv. Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins taka það fram, að ég mun geyma mér að ræða málið efnislega þangað til við 2. umr. En ég óska eftir að hafa tal af n. um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 570, n. 737).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur um nokkurt skeið verið ágreiningur um verkaskiptingu borgarlæknisins og héraðslæknisins í Reykjavík. Til þess að ráða bót á því var þetta frv. flutt, sem hér liggur fyrir. Nú hefur verið unnið að því, síðan frv. kom fram, að ná samkomulagi, og hefur nú tekizt að ná samkomulagi, annars vegar milli fulltrúa bæjarstj. Reykjavíkur og hins vegar heilbrigðisstjórnarinnar. Hefur heilbr.- og félmn. tekið málið til meðferðar á fundi sínum í gær og náð fullri einingu um málið, og leggur hún til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem greindar eru í nál. á þskj. 737. Í stuttu máli er þetta samkomulag á þá lund, að yfirstjórn heilbrigðismálanna hér

í Reykjavík verður á einni hendi, þ. e. a. s. í höndum héraðslæknisins, en um það hefur ágreiningur verið, hvort ætti að skipta því embætti. Hins vegar skal héraðslæknisstarfinu í Reykjavík gegna borgarlæknir, skipaður af ráðh. eftir tilnefningu bæjarstj. Reykjavíkur. M. ö. o., bæjarstj. fær úrslitavald um það, hver skuli skipaður í það þýðingarmikla embætti í heilbrigðismálum höfuðstaðarins á hverjum tíma. Hitt er svo það, að þessi skipting komi til framkvæmda, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavík lætur af störfum, en þangað til þessi skipting verði, skuli borgarlæknir í stað héraðslæknis annast allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykktum. Við, sem að þessu máli stöndum, væntum þess, að nú sé úr sögunni óvissan, sem mjög hefur háð heilbrigðiseftirlitinu að undanförnu. N. var einhuga um málið og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem á nál. eru.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 737,1 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 737,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 737,3 (ný 5. gr., í stað 5.—8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 745).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 108. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 745, n. 747, 770).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrir síðasta þingi mun hafa legið frv. um sama efni, þ. e. a. s. um borgarlæknisembætti í Reykjavík, en náði þá eigi fram að ganga, enda var það mjög heitt deilumál. Málinu mun hafa verið vísað frá með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum, að ráðh. ynni að skipulegri lausn þessara mála. Nú er málið komið fram aftur, og hefur nú náðst um það samkomulag og það flutt á þeim grundvelli. Þegar við fórum að athuga málið í n., kom í ljós, að frv. var ekki í þeim búningi sem skyldi, og hafði augsýnilega ekki verið til hans vandað. N. gerði því smávægilegar breyt. á frv., þó ekki efnislegar, og mælti með samþykkt þess. Hv. 1. þm. N-M. lét þó í ljós þá skoðun sína, að hann væri ekki alls kostar ánægður með búning þess, en mundi þó ekki standa í vegi fyrir samþykkt frv. Eftir að n. hafði afgr. frv., mun hv. form. n., 1. þm. N-M., hafa átt tal við landlækni um málið. Þeirra niðurstaða varð sú, að þeir töldu heppilegra að haga búningi þess nokkuð á aðra leið, og liggja þær brtt. fyrir á þskj. 770. — Þegar n. fór að athuga frv., kom í ljós, að í 1. gr. var skökk tilvitnun í 1. gr. l. nr. 35 1940, þar gat þessi setning, sem segir í frv., alls ekki komið, heldur átti hún við 2. málsl. 2. gr. l. frá 1940. Heilbr.- og félmn. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að í staðinn fyrir orðin „Á eftir 1. málsl. 1. gr." komi: Á eftir 2. málsl. 2. gr. — En við athugun, sem fram fór, eftir að n. hafði afgr. málið þannig, og gerð var af hv. form. n., 1. þm. N-M., og landlækni, kom í ljós, að heppilegra væri að sleppa alveg 1. og 2. gr. úr frv.; einnig, að sú breyting yrði gerð á 5. gr. frv., að á eftir orðunum „samkvæmt heilbrigðissamþykkt" komi: og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. — Þá varð einnig samkomulag um, að fyrirsögn frv. væri réttari þannig: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. — Á allar þessar brtt. féllst n. Þá voru þær einnig bornar undir Sigurð Sigurðsson berklayfirlækni, sem átti hlut að fyrrnefndu samkomulagi, og átti hann að mér viðstöddum tal við borgarstjóra í morgun, og féllst hann á, að þessar breyt. væru gerðar í samræmi við það samkomulag, er deiluaðilar höfðu með sér gert.

Mér er ekki kunnugt um annað en þær brtt., sem greinir á þskj. 770, séu í samræmi við vilja allra aðila, og tökum við því aftur brtt. á þskj. 747. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, kom til mín og bað mig að greiða fyrir málinu, sagði hann mér, að fullt samkomulag allra aðila væri um það. Þetta sama sagði hæstv. menntmrh. mér. Ég sagði þeim þá strax, að ég væri á móti málinu, en mundi þó greiða fyrir afgreiðslu þess, en láta það afskiptalaust að öðru leyti. Ég vil þó benda á, hve málið er illa undirbúið, en hver það hefur gert, veit ég ekki. Ég hef þó fullvissu fyrir, að hvorki landlæknir né Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir hafa gert það, en um borgarstjóra veit ég ekki. Undirbúningurinn er þannig, að 1. gr. frv., sem sagt er að eigi við 1. gr. l. nr. 35 1940, á augsýnilega við 2. gr. sömu l., og eftir 1. gr. frv. gæti Rvík ekki haft neinn heilbrigðisfulltrúa. Slíkur er undirbúningur frv., og þannig fer það í gegnum 3 umr. í Nd., af því að hv. þm. Nd. er tjáð, að fullt samkomulag sé um málið milli allra

aðila, og því athugar hún það ekki. En svo sendir stjórn Læknafélags Íslands heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar svo hljóðandi bréf, er ég nú ætla að lesa upp — með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Læknafél. Íslands leyfir sér hér með að mótmæla, einkum fyrir hönd embættislækna landsins, mjög eindregið frv. því um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, sem nú mun vera komið til hv. Ed. Alþingis, og vísar að öðru leyti til bréfaskrifta þeirra, sem farið hafa milli hennar og hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþingis."

Þetta er þá allt samkomulagið, að læknastétt landsins mótmælir. Og vegna hvers mótmælir hún? Jú, vegna þess, að gert er ráð fyrir í frv., að ráðh. skipi borgarlækni í Rvík eftir till. bæjarstjórnar, en ekki eftir ráðum læknanna í landinu. Ég er alveg á bandi læknanna í þessu málum og teldi mun réttara að hafa þá hér sem eins konar millilið. Þá vil ég og benda á það, að þegar síðast voru gerðar breyt. á l., var samþ. að fella saman gildandi lagafyrirmæli um skipun læknishéraða. Þetta hefur aldrei verið framkvæmt, og verður því af þeim sökum að vitna í mörg l., sem óþarfi hefði verið, ef lagastafnum hefði verið hlýtt. Þá vil ég einnig benda á, að ég tel hæpið, að úr gildi séu felld l. nr. 21 13. júní 1937, eins og 5. gr. þessa frv. kveður á um. Ég tel þetta vafasamt vegna þess, að þá yrði fellt niður allt, sem í l. stendur um starf héraðslæknis í Reykjavík, en þar segir m. a.: „Hann aðstoðar við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds." Að vísu tjáðu mér bæði landlæknir og Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, að þetta ætti að vera starf hans áfram. En mér er spurn, hvort hægt er að fella úr l. ákvæði um starf einhvers manns öðruvísi en það sé ábending frá Alþ. um, að þetta eigi hann ekki að gera, þótt ákvæði séu um það sett í reglugerð, sem enga stoð á í l. Ég náði að vísu ekki í lögfræðing, en hygg, að slíkt feli alltaf í sér þannig ábendingu.

Þetta allt gerir það að verkum, að ég mun sitja hjá við atkvgr., þótt ég hins vegar telji mjög vafasamt, að málið eigi að ná fram að ganga í þeim búningi, sem það nú er í. Þar að auki er að þeim lækni, sem líklegt er, að verði borgarlæknir, mjög margt að finna, t. d. hefur hann gert sig sekan um að nota til eitrunar fyrir rottur eitur, sem annars staðar er bannað að nota, og farið mjög óvarlega með, svo skepnur, eins og kálfar, hafa komizt í það og drepizt af. En sem sagt þá ætla ég ekki að gera annað í sambandi við þetta mál en að segja þessi orð hér og sitja svo hjá við atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 747 tekin aftur.

— 770,1 (1.—2. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 770,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 770,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 770,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 775).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 113. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég finn ekki hér í þskj., hvaða breytingum málið hefur tekið í Ed., og ég sé hér hvergi, hvernig málið hefur litið út eftir 3. umr. Ég vildi óska, að þeir, sem eru mér fróðari, gefi mér upplýsingar um þetta, og ef ekki er hægt að fá þær upplýsingar, þá óska ég, að málinu sé skotið til nefndar, svo að hægt sé að athuga það nánar.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær breyt., sem gerðar voru í Ed., eru eingöngu orðalags- og formsbreytingar, og brtt. voru fluttar í samráði við mig. 1. og 2. gr. voru felldar niður úr frv., en inn í 3. gr. sett ákvæði í stað sjálfstæðrar 1. gr. — Ég legg svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forseti (BG): Ég vil beina þeirri fsp. til hv. 6. þm. Reykv., hvort hann lætur sér nægja þessar upplýsingar.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér virðast þetta skaðlausar breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., en ég verð að segja það, að mér finnst óviðfelldið, að þm. viti ekki, hvernig frv. lítur út, sem þeir greiða atkv. um. Ég tek algerlega trúanleg þau orð hv. þm. Snæf., að hér sé aðeins um breyt. á formsatriðum að ræða, en engar efnisbreytingar, en ég get

ekki skilið, hvað það hefur átt að þýða hjá háæruverðugri Ed. að vera að fikta með breyt., sem eru einskis virði, og þvæla þannig málið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 812).

76. Eyðing refa og minka.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu refa og villiminka [186. mál] (þmfrv., A. 532).

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Snemma á þessu Alþingi var vísað til landbn. frv. til l. um útrýmingu minka og bann við minkaeldi. Frv. þetta var síðar sent Búnaðarfélagi Íslands, atvinnudeild háskólans og loðdýraræktarráðunaut ríkisins til umsagnar. Eftir að þessar umsagnir höfðu borizt n., tók hún til að undirbúa nýtt frv. um eyðingu refa og villiminka, og liggur það nú hér fyrir á þskj. 532. Frv. þetta er byggt á því, að rétt þykir að færa í eina heild lagaákvæði til varnar þeirri plágu, sem villtir minkar og refir hafa reynzt, og tilgangurinn sá að tryggja landsnytjar og búpening betur en verið hefur gegn þessari plágu. Frv. er í samræmi við samþykktir síðasta þings í þessu máli, og sé ég ekki ástæðu til að rekja efni þess nánar, nema tilefni gefist, þar sem þm. hafa það við höndina og geta kynnt sér efni þess. Ég vil þó vekja athygli á IV. kafla, því að þar eru ákvæði um, að sýslunefndir og bæjarstjórnir hafi ákvörðunarrétt um, hvort þær vilji banna minkaeldi eða ekki í umdæmum sínum, enda skulu viðkomandi sýslu- eða bæjarsjóðir greiða eigendum skaðabætur, eftir mati dómkvaddra manna, ef til slíks kemur. — Í V. kafla frv. er farið fram á nýtt ákvæði um skiptingu kostnaðar af refa- og minkaveiðum og eyðingu þeirra á annan hátt. Eftir því ákvæði er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar, sýslusjóður ⅓ og svo viðkomandi hreppsfélag ⅓. Að öðru leyti setur landbrh., að fengnum till. loðdýraræktarráðunautar, reglugerð um útrýmingu villiminka, eftir því sem þurfa þykir.

Ég óska svo eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni, og vænti, að það fái góðar undirtektir hjá hv. deild.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál, en ég vil aðeins benda á eitt atriði, sem ég tel þurfa að breyta. Það er í sambandi við 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir að eitra á afréttum og víðlendum heimalöndum. Þessu tel ég þurfa að breyta þannig, að einungis verði heimilað að eitra á afréttum. Ég hef fengið kvartanir í sambandi við Dýraverndunarfélagið og sömuleiðis úr Skagafirði, að fólki þykir hart að sjá sína uppáhalds fjárhunda engjast sundur og saman af refaeitri, sem þeir hafa étið, í sambandi við þá refaeitrun, sem framkvæmd hefur verið að undanförnu, og það oft með lítilli fyrirhyggju um það, hvort slíkt eitur gæti orðið öðrum skepnum að fjörtjóni. Um þetta tel ég, að þurfi að setja nánari ákvæði og koma í veg fyrir, eftir því sem hægt er, að eitrun fyrir refi og minka verði öðrum skepnum að fjörtjóni.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var af hálfu hv. landbn. gerð nokkur grein fyrir þessu máli. — Það er síður en svo, að ég hafi nokkuð við það að athuga, að upp séu tekin ný ákvæði og endurbætt ákvæði fyrri laga um útrýmingu refa og þá eitthvað ákveðið um útrýmingu villiminka. Það er sannarlega þess vert, að reynt sé að ganga sem bezt fram í því sem hægt er að stemma stigu fyrir útbreiðslu þessara skaðræðisdýra og koma í veg fyrir það tjón, sem þau valda, ef þau ná að breiðast mikið út. — Um ákvæði frv. viðkomandi útrýmingu refanna ætla ég ekki að fjölyrða, og þar sem þetta er 2. umr. málsins, ætla ég ekki heldur að fjölyrða neitt um málið í heild sinni, heldur víkja örfáum orðum að einstökum gr. þess.

Ég býst við, að það sé meining hv. landbn., að í þessu frv. eigi að felast afgreiðsla á frv. okkar hv. þm. Borgf. (PO), sem var meðflm. minn að frv. um útrýmingu villiminka og um bann við minkaeldi. Því miður hefur hv. landbn. samkv. þessu frv. ekki getað fallizt á að banna algerlega minkaeldi. Eftir till. hennar samkv. IV. kafla þessa frv., 13. gr., þá er það á valdi bæjar- og sveitarfélaga, hvort leyft verður í umdæminu eldi minka. Ég fyrir mitt leyti get látið mér mjög í léttu rúmi liggja, þó að löggjöfin sé byggð á þessum grundvelli hvað snertir sveitarfélögin, því að fyrir fram er ég alveg sannfærður um það, að ekki ein einasta sýslunefnd eða sveitarstjórn mundi innan síns umdæmis leyfa minkaeldi. Það kunnugt er orðið um landið, hvert tjón villiminkurinn gerir, að ekki þarf að fjölyrða um það, að það er ekki til neitt öryggi fyrir því af hálfu þeirra, sem þetta dýraeldi stunda, að minkar sleppi ekki úr haldi. Engri af þeim þjóðum, sem þessa dýrarækt hafa, hefur tekizt að hafa þessi dýr svo í haldi, að þau

hafi ekki sloppið út, meira og minna. Og t. d. í Noregi og Svíþjóð valda þessi dýr stórtjóni, og er ekki séð fyrir endann á því, og hér er sama plágan í uppsiglingu. Nú ætla ég ekki að þessu sinni að fara langt út í það atriði, því að það á ekki við, þar sem við 2. umr. á að ræða einstakar gr., en ég geri ráð fyrir að víkja nánar að þessari hlið málsins við 3. umr.

Mér þykir það miklu miður, að ætlazt er til þess hér, að bæjarstjórnirnar ráði þessu, hvort minkaeldi skuli leyft í þeirra umdæmi. Vel má vera, að bæjarstjórnir þessa lands setji sig svo í spor þeirra manna, sem eiga mikið í hættu, ef þessi dýr sleppa og auka kyn sitt og haldast villt við í landinu, að þær af þeim ástæðum leyfi ekki minkaeldi hjá sér í umdæminu hver fyrir sig. En það er, að mér finnst, samt sem áður fullmikið treyst í þessum till. á það, að þeir menn, sem með stjórnarvöld bæjanna fara, setji sig svo inn í þetta mál sem skyldi, þar sem það er nokkuð fjarstætt þeim og þeir hafa tæplega nægan kunnugleika á þessum málum, þegar þeir taka sínar ákvarðanir um það, hvort leyfa skuli eldi minkanna eða ekki. Mér finnst fullmikið treyst á þetta til þess, að það sé rétt að eiga þetta undir þeirra áliti. Stjórnarvöld bæjanna eiga líklega í flestum tilfellum annaðhvort ekkert í hættu eða þá mjög lítið, þó að minkar sleppi úr haldi og verði villtir. Það eru aðrir þegnar landsins, sem þar eiga allt á hættu.

Í 14. gr. frv. er talað um fyrirkomulag við útrýmingu og hvernig greiða skuli kostnaðinn, sem af útrýmingu hvorra tveggja þessara dýrategunda leiðir. Fjallskilasjóðir eiga að greiða kostnaðinn fyrst, en svo eiga þeir að fá endurgreitt úr sýslusjóði einn þriðja hluta og úr ríkissjóði einn þriðja hluta kostnaðarins. Hvað snertir útrýmingu refanna, þá er þetta fyrirkomulag út af fyrir sig; ég hef ekki mikið að athuga við það. En það gegnir nokkuð öðru máli með útrýmingu villiminkanna hvað þetta ákvæði snertir, vegna þess að fyrir útrýmingu þeirra verður miklu meira haft. Og tjón það, sem þau dýr valda, ef ekki heppnast að uppræta þau, mun sýna sig, að verður drjúgt hér eins og annars staðar og það miklu meira, sem þarf til þess að eyða þeim dýrum. Ég ætla ekki að fara ýtarlegar út í það að þessu sinni. Við 3. umr. mun ég koma að því hirðisbréfi, sem loðdýraræktarráðunauturinn hefur sent landbn., og bera það saman við reynslu annarra þjóða í þeim efnum og bregða upp nokkurri mynd af því, hvaða þekkingu sá embættismaður hefur á þessum málum, því að ég ætla honum ekki annað en að hann hafi sagt það, sem hann vissi réttast, en því miður hefur hann ekki nægilegan kunnugleika á málinu, því að annars mundu till. hans hafa orðið allt aðrar. (*FJ:* Eru ekki friðunarákvæði í 5. gr.?) Það má nú kannske segja. En þetta á nú aðeins við refina, þar sem stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkv. 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.“ En þetta er nú ekki sett fram sem friðunarákvæði hjá hv. landbn., þó að það kunni fyrir sumum að líta svo út við fyrstu sýn, og þetta er ekki alveg út í loftið. Það hagar sem sé víða svo til við greni, að það er illt að vinna þau nema hafa nokkur tækifæri til þess og góð tök á því. Og þá er forðazt, þar sem menn hafa ekki slíkan útbúnað, að koma nærri greninu, til þess að dýrið styggist ekki frá, þar til nauðsynleg tæki eru til staðar til þess að vinna grenið. Það mun vera vegna þess, sem þetta ákvæði er sett inn í frv. af hv. landbn. og er dálítið sérstaks eðlis. En e. t. v. mætti setja þetta ljósar fram, svo að menn misskildu ekki ákvæðið.

Ég geri ráð fyrir, að við hv. þm. Borgf. freistumst til þess að bera nú fram brtt. við þetta frv. við 3. umr., til þess að gera tilraun til að gera frv. þannig úr garði hvað snertir útrýmingu minkanna, að leitazt verði við að framkvæma hana eftir beztu getu. — Ég ætla svo ekki að þessu sinni að gera málið frekar að umtalsefni. En ég vil beina því til hv. frsm., hvort það sé ekki svo að skilja, að þetta frv. eigi að vera afgreiðsla á okkar máli, hv. þm. Borgf. og mín um útrýmingu minka. Ég hef tekið það svo.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. benti ég á verulegan galla, sem mér fannst vera á frv., sem er í 10. gr. þess, að ætlazt til þess, að sú ábending yrði tekin til greina hjá hv. landbn., sem flytur frv. Ég sé, að n. hefur ekki sinnt þessu að neinu leyti, og sé ég mér þá ekki annað fært en að koma með brtt. við þessa gr. frv. við 3. umr. En það, sem ég benti á og gat nú um, er um eitrun fyrir refi, og tel ég þar stefnt svo djarft, að til stórhættu gæti orðið, ef framkvæmt væri það ákvæði frv. eins og það er óbreytt. Það hafa heyrzt raddir um það úr ýmsum áttum, að hundar hafi orðið fyrir refaeitri, sem hafi orðið þeim að bana, þar sem eitrað hefur verið svo gáleysislega eins og víða hefur verið gert um landið. Og ekkert form er fyrir því, hvernig eitrið er lagt út fyrir refina. Og ef það á að vera lagaskylda að eitra í heimalöndum, þó að það séu viðlend heimalönd, þá getur verið spurningin þessi: Hvað eru viðlend heimalönd? Og ef ætti að fara að eitra þar, mundi nú vera hætt við, að fleiri yrðu fyrir eitrinu, ekki aðeins hundar, heldur jafnvel fé sjálft, þar sem eitrið gæti runnið ofan í kindurnar með drykkjarvatninu. Það er því stórhættulegt að hafa þetta í löggjöfinni og má ekki eiga sér stað. Ég lýsi því yfir hér með, að ég neyðist til að koma með brtt. við þessa gr. til 3. umr., ef ekki verður öðruvísi ráðið fram úr þessu máli.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. (JörB), hvort það sé ætlun landbn., að með þessu frv. sé líka afgr. frv. hans og hv. þm. Borgf. (PO) um bann gegn minkaeldi, vil ég taka fram, að það er einmitt svo. Það er ætlun n., að það frv. fái um leið afgreiðslu, þótt það sé ekki tekið sérstaklega fram. Í rauninni held ég, að það sé alveg þýðingarlaust, að við förum hér mikið að þrátta um þessi mál. Það er engum vafa

bundið, að bæði öll landbn. og flm. að hinu frv. hafa sameiginlega fullan vilja og áhuga fyrir því, að reynt sé að koma með sem heppilegust ráð til varnar því tjóni, sem af þessum dýrum stafar og þetta frv. fjallar um. Og sannleikurinn er sá, að mér fannst ekki miklar aths. koma fram hjá hv. 1. þm. Árn. við þá leið, sem landbn. hefur hér farið inn á með þessu frv. Aðallega fannst mér honum þykja of skammt gengið í því að banna ekki að fullu allt minkaeldi. Nú er þarna nokkru lengra gengið en á sér stað með þeim 1., sem nú gilda um þessi atriði. Samkv. loðdýraræktarl. þurfa allir, sem vilja rækta loðdýr, að fá leyfi sveitarstjórna eða bæjarstjórna. Nú er lagt til samkv. þessu frv. landbn., að það sé á valdi ekki beint sveitarstjórna í héruðum landsins, heldur sýslunefnda og bæjarstjórna að banna með öllu eldi á minkum, og við erum þeirrar skoðunar, að það sé heppilegasta leiðin úr þeim ágreiningi, sem um þessi mál hefur verið. Aðalatriðið í þessum efnum er ekki eldi þeirra dýra, sem lokuð eru inni í traustum búrum, heldur að útrýma hinum villta stofni, sem er orðinn til mikils tjóns í þessu landi. Refirnir hafa verið til tjóns um langt skeið, minkarnir hafa verið það um nokkurra ára skeið, og virðist það tjón fara mjög vaxandi, sem af þeim stafar.

Hv. 1. þm. Árn. sagðist vera viss um, að allar sýslunefndir mundu tafarlaust samþykkja það að banna minkaeldi, ef þetta næði fram að ganga, og við þá hlið málsins hafði hann ekki neitt að athuga, en óttaðist, að bæjarstjórnir, sem þetta kynni að heyra undir, kynnu vegna öðruvísi aðstöðu að líta öðrum augum á þetta mál, vegna þess að þær og þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, ættu ekkert á hættu varðandi þau mistök, ef minkar kynnu að sleppa. Því er nú alls ekki þannig varið, því að bæjarfélögin eiga alveg eins mikið í hættu og sveitirnar, ef áfram heldur það tjón, sem af þessum dýrum hlýzt. Eins og kunnugt er, hefur það tjón, sem af þessum dýrum hefur hlotizt, orðið einna magnaðast þar, sem þau hafa lagzt á hænsni og aðra fugla, sem vissulega eru jafnalgengir innan bæjarfélaganna og í sveitunum. Að svo miklu leyti sem hætta stafar af þessum dýrum fyrir fiskistofninn, heyrir það líka undir bæjarfélögin. Annars skal ég ekki mikið út í þetta fara. Ég sé ekki ástæðu til að hefja um þetta miklar þráttanir, því að það er áreiðanlega vilji allra aðila að ráða þar á þær bætur, sem heppilegastar eru.

Varðandi þær aths., sem komu hér fram frá hv. þm. Ak. (SEH) um eitrunarákvæði þessa frv., skal ég taka fram, að í þessu frv. er heimild til eitrunar mjög takmörkuð frá því, sem er í eldri lögum, því að undanförnu hefur verið eitrað á ári hverju og a. m. k. annað hvert ár og í reglugerðum margra héraða lögð áherzla á að láta eitrunina verða sem ræki-legasta. Í þessu frv. er því slegið föstu, að ekki skuli eitrað nema þriðja hvert ár. Ég veit sjálfur af eigin raun og annarra, að dýrmætir fjárhundar hafa komizt í eitur. En hér er ekki um gott að velja, ef menn vilja þá ekki á annað borð banna alla eitrun. Ég skal taka fram, að við skulum ræða þetta mál við hv. þm. Ak., áður en 3. umr. fer fram, ef okkur gæti komið saman um að setja þarna gleggri ákvæði varðandi þær takmarkanir, sem þarna skyldu vera, því að aðalatriðið er það, að hér sé eins varlega að farið og unnt er, svo að ekki sé eins mikil hætta á því, að nytjadýr yrðu fyrir því tjóni að komast í eitrið. Nú er það svo varðandi þetta frv. allt, að það byggist á því, að því fylgi reglugerð, þar sem nánari ákvæði eru tekin fram um framkvæmd l., og þetta atriði, um eitrunina, er einmitt eitt þeirra atriða, sem miklu nánari ákvæði þarf um og yrði þá að vera reglugerðarákvæði. — Ég vona, að hv. þm. Ak. láti sér þetta nægja, og verður þá að sýna sig með tímanum, hvort samkomulag getur orðið um frekari takmarkanir varðandi það atriði. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. landbn. þessarar d. hefur nú gefið yfirlýsingu um það, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, um eyðingu refa og villiminka, eigi af hálfu n. að fylgja afgreiðsla á frv. því, sem við hv. 1. þm. Árn. fluttum hér snemma þings og vísað var til landbn. og búið er að vera þar þrjá mánuði eða lengur. Nú, þegar komið er að þinglokum, kemur fram þetta frv. frá landbn., sem felur í sér, eftir því sem mér virðist, ákaflega litla úrlausn að því er snertir útrýmingu villiminka. Aðalefni þessa frv. er að taka upp ákvæði, sem nú eru í gildi í sýslufundarsamþykktum um eyðingu refa og án þess að þar séu gerðar neinar verulegar breytingar frá því, sem víða gildir í landinu. Aðalkafli þessa frv., III. kafli-inn, sem er um eyðingu villiminka, felur því ekkert í sér fram yfir það, sem nú er í framkvæmd, sem að vísu styðst ekki við nein laga-ákvæði, heldur reglugerð, sem landbrh. hefur sett um það efni og hefur fengið viðurkenningu Alþingis fyrir með þeim hætti, að samþ. hefur verið fjárframlag til eyðingar villiminka. Í sambandi við þessa reglugerð er loðdýraræktarráðunaut falin framkvæmd þessa máls, þannig að í þessum III. kafla frv. er ekkert um framkvæmd þessa máls umfram það, sem nú er starfrækt. Raunar segir, að hreppsnefndir skuli hafa þessa framkvæmd á hendi — og mun það vera svo nú eftir þeirri framkvæmd, sem á þessu er, — og loðdýraræktarráðunautur setja reglugerð um þetta. Hreppsnefndaroddvitar, sem borga út þessi verkalaun, fá þau aftur endurgreidd fyrir milligöngu loðdýraræktarráðunautar. Mér finnst þess vegna, að hér sé að litlu leyti orðið við því, sem í frv. okkar felst og almennar óskir og kröfur landsmanna standa á bak við. Það eru ekki tekin upp nein bein ákvæði um það, hvernig haga skuli eyðingu þessa vargs, auk þess sem algerlega er fram hjá því gengið, sem segja má, að sé meginatriðið, ef nokkurn tíma á að takast að útrýma villiminkinum, en það er að útrýma minkaeldi í landinu. Því að þótt frsm. segi, að þessi dýr séu í traustum búrum, er traustleikinn ekki meiri en svo, að þau hafa sloppið úr búrunum og valdið sívax-

andi tjóni, þannig að æðarvarp er að eyðileggjast gersamlega þar, sem það er á landi eða í eyjum, sem eru ekki svo langt undan landi, að sundfærni þessa vargs dugi ekki til. — Þannig les ég þetta frv. og get ekki annað úr því fengið.

Ég vil í sambandi við þetta benda á, að í okkar frv. er sagt í ekki færri en 10 gr. um það, hvernig útrýma eigi þessum skaðsemdardýrum. Þar eiga hreppsnefndirnar að hafa á hendi framkvæmdirnar, en sýslumaðurinn í hverri sýslu á að vera þar einnig að verki og aðstaða hans sú, að hann geti tryggt, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári útrýmingarstarfsemi gegn þessum dýrum og hvar sem þeirra verði vart, skuli hreppsnefndir hafa tiltæka menn til þess að vinna á þeim. Það er þessi mikli munur þarna á, að við bættu því, sem ég minntist á áðan, að gengið er í þessu frv. fram hjá því, að banna skuli eldi villiminka. Það hefði þess vegna ekki þurft að taka svona langan tíma hjá landbn. að sinna þessu máli að því er villiminkana snertir, þar sem því eru ekki gerð svo mikil skil.

Eins og hv. 1. þm. Árn. minntist á hér, eru þau ákvæði sett inn í þetta frv., að sýslunefndir og bæjarstjórnir geti bannað minkaeldi. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Árn., að ég tel lítið öryggi í því að fela bæjarstjórnum þetta atriði, einmitt vegna þess, eins og hann tók fram, að það snerta bæjarfélögin yfirleitt svo lítið þær skemmdir, sem stafa af villiminkum. Innan bæjarfélaganna flestra er þannig ástatt, að þar er lítið af þeim nytjum, sem villiminkar verða að tjóni. Varplönd eru þar víðast engin og ekki heldur silungur eða laxár, þegar frá eru teknar Elliðaárnar hér í Rvík. Frsm. landbn. vildi halda fram, að bæjarstjórnir væru í nokkurri hættu í þessum efnum, en það er í svo hverfandi litlum mæli, enda ekki gert ráð fyrir í þessu frv., að bæjarstjórnir hafi á hendi framkvæmd á eyðingu refa eða villiminka, og sýnir það bezt álit landbn. á því, hve mikið sé í húfi fyrir þá, sem í bæjarfélögunum búa.

Við munum að sjálfsögðu reyna að koma fram endurbótum á þessu frv. við 3. umr., hvernig sem því kann nú að verða tekið af öðrum en þeim, sem í landbn. sitja. Við verðum að vænta, að fram komi hjá þeim betri skilningur á eðli þessa máls en ákvæði þessa frv. benda til, að finna sé hjá landbn.

Viðvíkjandi ákvæðum 10. gr., sem þeir deildu um hv. þm. Ak. og hv. frsm., þá vil ég taka undir það, að það sé síður en svo dregið úr ákvæðunum um eitrun fyrir refi, og það er vitanlega líka alveg sjálfsagt að gera það sem oftast og alltaf þegar nauðsyn krefur, til þess að halda þessum bitvargi í skefjum, sem að vísu er miklu viðráðanlegri en minkurinn, og auk þess er skaðsemi hans tengd við miklu þrengra svið en skaðsemi minksins, sem er jafnhættulegur bæði á landi og í vötnum.

Ég vil enn fremur benda á það í sambandi við 11. gr., sem lýtur að eyðingu villiminka, að það er nokkuð valt að ætla að byggja allt sitt traust á loðdýraræktarráðunautnum um leiðbeiningar um þetta efni, því að það er kunnugt, að uppi eru raddir um það, í sambandi við ráðstafanir til sparnaðar á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, að leggja niður þessa starfsemi, sem nú er orðin mjög þýðingarlítil og svarar engan veginn til þess kostnaðar, sem af henni leiðir. Loðdýraræktin í landinu hefur mjög minnkað og sums staðar algerlega lagzt niður, og starf loðdýraræktarráðunautarins er ekkert orðið samanborið við það, sem áður var. Og verði þetta starf lagt niður, eru þessi ákvæði í frv. algerlega þýðingarlaus, því að þá er enginn, sem hefur neinar skyldur til þess að gefa bendingar eða ráðleggingar um það, hvernig haga skuli eyðileggingu á þessum vörgum. Til þessa verður að taka tillit í sambandi við lagasetningu um þetta efni, að framkvæmdin verður að byggjast á miklu traustari grundvelli en þarna hefur átt sér stað.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. að sinni. Eins og hv. 1. þm. Árn. hefur tekið fram, munum við reyna að gera hér á breyt. til batnaðar og freista þess, hvort við getum ekki fengið samkomulag við n. um að ganga nokkurn veginn sómasamlega frá þessum kafla frv. og svo frv. í heild.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég hafði nú reyndar ekki beðið um orðið, en ég þakka forseta fyrir þá hugulsemi að veita mér það. Ég vildi svara hv. frsm. landbn. í nokkrum atriðum. Ég þakka hv. n. fyrir þann velvilja að hafa við mig viðræður fyrir 3. umr. málsins.

Hv. þm. vill halda því fram, að ekki fari mikið milli mála. Það eru þó aðallega hin viðlendu heimalönd, sem ég vildi láta afréttar- og upprekstrarlönd koma í staðinn fyrir í l. Ég mundi fella mig mun betur við, að þessi orð kæmu í stað orðanna „víðlend heimalönd", því að annars væri hætt við misnotkun í sambandi við þetta.

Þá gat hv. frsm. um, að ekki væri mikil breyting í þessu frv. frá því, sem er í eldri löggjöf, en hún er nú bara sú, að hér er það skylda, sem áður var aðeins heimild. Og ekki getur ráðh. breytt með reglugerð frá því, sem lagastafur er fyrir.

Ég er reiðubúinn að ræða við n. um lagfæringar og breyt. á frv. og þakka enn hv. frsm. fyrir þá vinsemd og heiður, er hann hefur sýnt mér með því að bjóða mér að sitja fund um þessi mál með hv. nefnd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 94., 95., 96., 97. og 101. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, 2., 3. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 532, 578, 603).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég bjóst við því, að hv. frsm. landbn. mundi máske mæla nokkur orð fyrir brtt. n., sem hún flytur við þessa umr., og það þess vegna ekki um orðið samstundis.

Því miður virðist mér, að hv. n. hafi ekki getað fallizt á þær brtt., sem við hv. þm. Borgf. (PO) berum hér fram við frv. Ég sé að vísu, að þeir hafa tekið upp í aðra brtt. sína atriði, sem við gerðum brtt. um til lagfæringar á frv., en meira er það nú ekki. Ég vil strax geta þess, að önnur brtt. okkar á þskj. 578, stafl. b, 12. gr., er í raun og veru óþörf, því að í 1. gr. frv. er það efni, sem brtt. fjallar um. Verði brtt. okkar samþ., sem við gerum við 1. gr., getur efni hennar staðizt fyrir frv. allt. Vildi ég biðja hæstv. forseta, þegar til atkvgr. kemur, að bera stafl. b (12. gr.) á þskj. 578 ekki undir atkv. Við höfum nú, hv. þm. Borgf. og ég, borið fram allmikið úr því frv., sem við fluttum, sem brtt. við þetta frv. Við flytjum brtt. um það atriði frv., sem snertir eingöngu villiminka, um III. kafla, sem nú liggur fyrir, og IV. kafla. Við ætlumst til þess, að það komi aðeins einn kafli í staðinn fyrir þessa tvo kafla, og ég vildi biðja hæstv. forseta að athuga það við atkvgr., að þó að þannig takist til með brtt. okkar við III. kafla undir stafl. a, að hún næði ekki samþykki, þá geta hinir síðari stafliðir, c o. s. frv., komið inn í frv., því að það varðar aðferðir til að útrýma dýrunum eða eyðingu þeirra og gæti þess vegna komið inn í frv., þó að minkaeldi yrði ekki bannað. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að rekja efni þessara brtt. Ég ætlast til þess, að hv. þm. hafi kynnt sér þær. Þær eru einfaldar og liggja ljóst fyrir. Efni þeirra varðar, hverja tilhögun ber að hafa við útrýmingu dýranna.

Við flm. þessarar brtt. erum þeirrar skoðunar, að þetta verk muni lánast betur, ef farið er eftir þessum fyrirmælum, heldur en ef látið er með öllu íhlutunarlaust frá löggjafans hálfu, hvernig hafin verði útrýming dýranna. Og ég er hálfhissa, að hv. landbn. skuli ekki hafa getað á þetta fallizt. Þó að skoðanir okkar fari ekki saman um það, hvort banna skuli minkaeldi eða ekki, skilst mér, að fyrir landbn. geti tæplega vakað annað en að gera sem ýtarlegastar ráðstafanir til þess að útrýma þessum villiminkum. Og það er ekkert vafamál, að eftir þessum till. okkar eru meiri líkur fyrir því, að samræmi verði í vinnubrögðum við útrýminguna en ef þetta er látið nokkuð fyrirmælalaust eða menn eigi að sækja sín fyrirmæli meir eða minna í hvert skipti til loðdýraræktarráðunautar hér í Reykjavík. Skil ég ekki, hvert erindi slík till. á í löggjöfina, því að mér virðist nær, að yfirvald hvers sýslufélags gefi fyrirmælin. Nágrannahéruð geta talað sig saman um að ráðast í eyðingarherferð samtímis, það mundi hafa meiri áhrif. Ég vona, að landbn. rígskorði sig ekki svo við það, sem hún ber fram, að hún geti ekki á þessar brtt. fallizt. Þær hafa þegar talsvert verið ræddar, og fyrir því er ekki þörf að ræða þær svo mikið nú. En eitt atriði vil ég nefna, en það er, hvort eldi skuli leyft eða ekki. Ég er viss um, að það hefur stórkostlega þýðingu um það, hvort tekst að fá menn til að leggja sig fram, hvort þeir geti alltaf búizt við, að dýrin sleppi úr haldi og verði af þeim eilíf uppspretta. Menn skulu ekki gera lítið úr því, sem hér er í uppsiglingu. Tvö dýr sluppu í Breiðafjarðareyjum. Nú er mér sagt, að þau séu úti um allar eyjar. Svona verður þetta á allflestum stöðum á landinu, ef ekki verður hafizt handa um algera útrýmingu. Fyrir utan að eyðileggja fuglalífið skemma þeir stórkostlega veiði í minni ám og vötnum, en eyðilegging á stofninum í minni ám þýðir skerðingu á stofninum í stærri vatnsföllum, því að hrygningarstöðvarnar eru fyrst og fremst í hinum minni bergvatnsám. Ég ætla í þessum efnum að skírskota til reynslu annarra þjóða, en fyrst vil ég drepa á eitt atriði, sem kom fram á síðasta þingi. Það var talað um, að nú væri orðin svo fullkomin gæzla, að ekki væri hætta á, að dýrin slyppu. En rétt eftir páskafríið í fyrra sagði kunningi minn einn í þessum bæ, að hann hefði komið að einu af þessum búum, og þá voru dýrin komin út að ytri girðingunni. Hann sá að vísu ekkert dýr sleppa, en þó eiga þau stutta leið eftir, þegar þau eru sloppin úr innri girðingunni, því að hún er miklu vandaðri. Og svo mikið er víst, að Norðmenn og Svíar, sem eru engir viðvaningar í loðdýrarækt, hafa tapað þessum dýrum. Svo að það má, því miður, telja litla tryggingu fyrir því, að dýr sleppi ekki, enda reynslan orðin sú. Maður í nágrenni við mig átti í fyrra vor mikið hænsnabú. Var hann búinn að selja unga fyrir 5 þús. kr. Einn dag þegar hann kemur að líta eftir búi sínu, eru minkar búnir að eyða á annað hundrað ungum og hafði þetta gerzt á tæpu dægri. Þetta er nú bara sýnishorn. En þeir, sem halda með minkunum, segja bara, að hænsnin eigi að vera geymd í steinsteyptum húsum, svo að kvikindin komist þar ekki inn. En slíkar leiðbeiningar er nú varla hægt að taka til þakka. Því er nú þannig varið, að þessum fuglum er miklu betra og hollara að hafa frjálsræði til að vera úti og tína í sarpinn það, sem þeim fellur bezt. Þeir gera meira gagn með því en vera innilokaðir, eins og nú verður að vera, meðan þetta dýr veður um allar jarðir. Þá verða menn að byrgja fuglana vetur og sumar.

Okkar virðulegi embættismaður í loðdýrarækt hefur látið í té álitsgerð, sem í er ýmiss konar fróðleikur frá Kanada. En ályktunin, sem hann dregur af þessum fróðleik, er alveg furðuleg. Þekkingin á háttum þessa dýrs virðist ekki ná lengra en það, sem hann hefur úr þessari átt, eftir því sem hann setur málið fram. Hann segir t. d., á hverju minkar lifa í Ameríku. En flest af þeim dýrum eru ekki til staðar hér, og verða minkar hér því að lifa á öðru, og þá gengur fæðuöflun þeirra út yfir fiskistofn og fugla, sem eru hlunnindi í þessu landi. Dýralíf er miklu minna og fábreyttara hér en í Ameríku, og þá segir það sig sjálft, að dýrið verður að lifa á þeim dýrategundum, sem það getur veitt hér. Ráðunauturinn telur, að við hv. þm. Borgf. höfum staðhæft helzt til mikið í grg. okkar, og lætur í ljós að slíkur málflutningur sé engum til gagns og betra að halda

sig við staðreyndir. Það er einmitt það, sem ég tel æskilegt. Og hverjar eru staðreyndirnar hér? Að þar, sem minkur kemst í alifuglabú, drepur hann það, sem hann kemst yfir. Í öðru lagi gengur hann á æðarfuglinn, bæði í varplöndum og með sjónum, eftir því sem hann nær, drepur það, sem hann kemst yfir, og drepur í bunka. Það er upplýst af mörgum stöðum, að þetta er staðreynd. Í þriðja lagi, að hann tekur þá fugla, sem hann ræður við, hvort heldur er alifugla eða aðra úti í villtri náttúrunni. Og sú staðhæfing í álitsgerðinni, að dýrið leggist ekki á stærri dýr en það er sjálft, er fjarri öllu lagi. Ég hef séð hann í varplandi í Skálholti, þar sem villigæsir verpa mjög mikið, og strax lágu gæsahamirnir í hrönnum. Ég hef séð hann taka álft á hreiðri og drepa hana, og vegur hún 8—9 kg. Ég get ekki sagt, hvað þetta dýr er þungt, en tel fullt í lagt, að það sé svona 1—2 kg.

Svo skal ég til viðbótar því, sem fram er tekið, minnast á það, að í þeim héruðum í Noregi, sem þetta dýr hefur lengst verið í, er búið að eyða fuglalífi mikið til. Þar er einnig búið að ganga á fiskstofninn. Í þeim sömu héruðum er minkurinn lagztur á lömbin. Þetta eru upplýsingar, sem við höfum frá Noregi. Virðulegur sendiherra Gísli Sveinsson, sem við hv. þm. Borgf. snerum okkur til, gaf okkur rækilegar upplýsingar um, hvað þessu liði í Noregi. Það, sem við sumpart drápum á, að líklegt væri, er nú staðfest í þeim skýrslum, sem við höfum fengið frá sendiráði Íslendinga í Noregi. Allt þetta sama bíður okkar hér á Íslandi, ef okkur lánast ekki að útrýma dýrinu. Það er gott og nauðsynlegt, að þetta komi fram í tæka tíð. Menn geta þá svarað fyrir sína afstöðu síðar, þegar þetta er orðin hrein landplága. Í sumum héruðum Noregs er þetta talin skæðasta plága. Þar hafa verið gerðar allróttækar ráðstafanir, þó sjálfsagt ekki nægilegar, til útrýmingar, því að það á víst langt í land, að slíkt heppnist, enda víst ekki nógu vel frá öllu gengið.

Ég vil nú vona, þó að landbn. hafi verið erfið í þessu máli, að hún samþ. algert minkabann, svo að við getum hafizt handa um að uppræta þetta dýr hér á landi. Því auðsóttara ætti þetta að vera sem ekki eru nema fá dýr af þessari tegund í eldi nú. Menn hafa verið að gefast smátt og smátt upp á að stunda þessa loðdýrarækt, sakir þess að ekkert hefur verið upp úr henni að hafa.

Ég held ég fjölyrði ekki frekar um þetta. Ég vænti þess, að hv. d. reyni að afgr. málið þannig, að líkur séu fyrir því, að við getum upprætt þennan ófögnuð.

Finnur Jónsson: Ég vildi lýsa fylgi mínu við till. hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf. í þessu máli. Ég hef heyrt málfærslu manna bæði með og móti, og ég hygg, að ekki leiki á tveim tungum, að það sé nauðsynlegt að banna minkaeldi hér á landi með öllu og þá meðfram vegna þess, að það hefur komið í ljós, að ákvæði l. nr. 108 frá 11. ág. 1933, um loðdýrarækt, þ. e. a. s. ákvæðin um að geyma dýrin tryggilega, hafa alls ekki verið haldin, enda mun vart hafa verið reynt að líta eftir því að þessi löggjöf væri haldin.

Sagan um loðdýrarækt okkar á Íslandi er heldur ömurleg. Ég man eftir, að þegar þessi löggjöf var sett á þingi, var talað fyrir henni af mjög miklum hita. M. a. sagði einn þm., að loðdýrin væru til að skapa nýja atvinnugrein á jörðinni. Hér á okkar jörð, Íslandi, hefur þessi atvinnuvegur tekizt alveg hrapallega. Nú er mér ekki vel ljóst, hvort l. nr. 108 frá 1933 eru að öllu leyti óbreytt í gildi. Í 2. kafla þeirra l. er svo ákveðið í 13. gr., að hver sá, sem ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi eði eldi annarra loðdýra, hvort heldur er til skinnaframleiðslu eða til sölu á lifandi dýrum, þurfi til þess leyfi sýslunefndar. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að sýslunefnd eða bæjarstjórn geti bannað minkaeldi í umdæmi sínu og sömuleiðis eldi refa. Um önnur loðdýr er ekki talað, og er þó vitanlegt, að til eru fleiri loðdýr í veröldinni en þessar tvær tegundir. Ef þessi löggjöf verður þess vegna samþ. eins og hún liggur fyrir, væri hægt að stunda hvaða loðdýrarækt aðra sem er, án þess að sækja um það til nokkurrar opinberrar stofnunar. Ef landbn. hefur ekki flutt þetta svona af ráðnum huga, vildi ég benda á, að mér virðist vera breytt til hins verra frá því, sem er í l., sem ég nefndi áðan. Í þessari löggjöf frá 1933 er bannað að geyma refi eða önnur loðdýr, sem gætu orðið skaðleg, ef þau eru ekki í haldi, nema í fulltryggum girðingum, og varði sektum, a. m. k. 200 kr., fyrir hvert dýr, sem sleppur. Það er enn fremur sagt, að atvmrn. geti sett ákvæði um refagirðingar og aðrar loðdýragirðingar, flutning dýra, læknieftirlit o. s. frv. Þessi lagafyrirmæli eru, að mér skilst, gersamlega felld úr gildi, ef það frv., sem er á dagskrá, verður samþ., nema því aðeins, að búið sé að setja um þetta einhverja aðra löggjöf, sem mér er ekki ljóst, að hafi verið gert, en gæti þó vel verið. Vænti ég upplýsinga frá hv. frsm. landbn. um þetta. Og vera má, að þessi aths. mín sé óþörf. En ef ekki, verð ég að telja fulla þörf á frekari íhugun.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég vil nú byrja á því að svara ræðu hv. þm. Ísaf., sem hann hefði algerlega getað sparað sér, ef hann hefði nokkuð kynnt sér þetta mál. Hann talaði um l. frá 1933, sem að vísu er lagt til að nema úr gildi. En síðan hafa verið sett þrenn l. um loðdýrarækt, 1937, 1940 og 1947. Þau síðustu eru náttúrlega fullkomnust, og þar er ekki lagt til með þessu frv., að neitt sé fellt úr gildi. Þar eru ákvæðin, sem hörðust hafa verið sett um allt, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um. Þetta getur hann séð, ef hann vill hafa fyrir því að lesa þessi l.

Landbn. hefur flutt hér tvær smábrtt. við frv. á þskj. 603. Önnur eru varðandi eitrun, að takmarka hana meir en gert er samkv. frv., og er sú till. flutt í samráði við hv. þm. Ak. (SEH), sem taldi mjög óvarlega farið varðandi þetta ákvæði eins og gert er í frv., þar sem talað er um afréttir og viðlend heimalönd. Samkv.

till. er miðað við heimalönd, sem notuð eru sem afréttir og ekki eru nær bæjum en 5 km frá. Ein lítil brtt. er tekin upp samkv. bendingu, sem kom fram í brtt. hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf., að reikningum yfir kostnað við refa- og minkaveiði sé skilað samhliða hreppsreikningum. N. telur þetta miklu hagkvæmara en tiltaka 1. des., eins og gert er í frv.

Út í þá deilu, sem hér hefur háð verið milli flm. brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 578, og landbn., skal ég ekki mikið fara, því að það er óþarft. Um þetta mál var mjög rætt á þingi í fyrra og raunar í hittiðfyrra líka. Deilan er aðallega um það, hvort banna skuli með öllu eldi á minkum. Landbn. hefur ekki getað fallizt á það og setur fram í sínu frv. þá miðlunartill., að það skuli lagt í vald hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna að framkvæma þetta bann hver hjá sér og bera þá að sínum hluta skaðabætur, sem um er að ræða. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. benti á við 2. umr., að fyrir 2—3 árum var ég alveg með því, að það væri réttast eins og sakir stóðu að banna líka minkaeldi. Síðan hefur komið í ljós, að villiminkar eru miklu meir útbreiddir en gert var ráð fyrir. Það er enginn ágreiningur, sem að líkum lætur, milli landbn. og nokkurs annars um það, hvílíkt skaðræðis villidýr hér er um að ræða. Allir fyrirlestrar um það eru væntanlega óþarfir fyrir alla þm. En aðalatriðið er það, hvað er öruggast til að útrýma þessu dýri. Ég er sannfærður um, að baráttan gegn því hlýðir alveg sömu lögum, í mörgum atriðum a. m. k., eins og baráttan gegn refunum, sem hefur nú staðið hér á Íslandi um margar aldir, og því miður hefur ekki tekizt að útrýma þeim. Nú er það rétt, að minkarnir eru orðnir svo útbreiddir, vegna gáleysis og ræfildóms í sambandi við þessa rækt áður, að ströng ákvæði hafa verið sett um þessi mál, og samkv. upplýsingum, er landbn. hefur fengið, eru það undantekningarlaust minkar af þeirri tegund, sem hafa sloppið, en ekki þeir, sem nú eru í rækt. (*PO:* Allt annað segir sá maður, sem vinnur að því að útrýma þeim á vegum ríkisstj.) Það er nýtt fyrir mér, og ég mun ekki þræta um það atriði.

Í brtt. á þskj. 578 eru nokkur atriði, sem n. hefur athugað, en getur ekki mælt með. Sumt er rétt, en er betur komið í reglugerð, t. d. hvenær útrýming skuli fara fram, en aðalatriðin eru í frv. Þó er eitt atriði, þar sem talsvert ber á milli. Samkv. brtt. flm. á að útiloka loðdýraræktarráðunautinn frá yfirstjórn þessara mála, og lítur út fyrir, að sýslumennirnir eigi að koma í staðinn. Í frv. er ákveðið, að sýslunefndir eigi að sjá um það, að hreppsnefndir geri skyldu sína varðandi útrýmingu refa og minka. Sýslumennirnir eru form. sýslunefndanna, og það er ekkert nýtt, þó að sett sé inn, að það sé þeirra skylda að annast þetta að svo miklu leyti, sem sýslunefndir og hreppsnefndir vanrækja eftirlitið samkvæmt l. og reglugerð. Þá er hitt, hvort rétt sé að útiloka loðdýraræktarráðunautinn frá því að vera leiðbeinandi um það, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað. N. getur ekki fallizt á það og telur betra að njóta þekkingar hans en ekki. Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði við 2. umr., að komið hefur fram nýlega till. um, að rétt væri að leggja niður þetta embætti. Ef það verður gert, þyrfti auðvitað að fela öðrum aðila þetta starf.

Að öðru en þessu sé ég ekki ástæðu til að ræða málið frekar fyrir n. hönd, þar sem málið er þrautrætt áður, og ég vænti þess, að hv. d. samþ. frv. Öllum er ljóst, að a-liður 2. brtt. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., varðandi það, hvort skilyrðislaust skuli banna allt minkaeldi á landinu, er það eina ágreiningsatriði, sem máli skiptir.

ATKVGR.

Brtt. 578,1 samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, FJ, GÞG, HelgJ, HermG, JG, JörB, PÞ, PO.

nei: StgrSt, BÁ, EystJ, HÁ, IngJ, JPálm, JS, SigfS, SG, BG.

SK, JóhH greiddu ekki atkv.

12 þm. (SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, GTh, JJ, KTh, LJós, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Brtt. 603,1 samþ. með 19:1 atkv.

Jón Pálmason: Ég óska að atkvgr. verði frestað.

Atkvgr. frestað.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið atkvgr. um frv.

Brtt. 578,2.a felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, JG, JJ, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SkG, StSt, FJ, GÞG, AG, HelgJ.

nei: IngJ, JPálm, JS, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StgrSt, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, HÁ.

JóhH, BG greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 578,2.b tekin aftur.

— 578,2.c-i samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JJ, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SkG, StSt, ÁkJ, EOl, FJ, GÞG, AG, HelgJ, HermG, IngJ, BG.

nei: JPálm, JS, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, HÁ.

5 þm. (JóhH, ÓTh, StJSt, ÁÁ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 578,3 samþ. með 16:6 atkv.

— 603,2 kom ekki til atkv.

— 578,4 samþ. með 17:1 atkv.

— 578,5 samþ. með 17:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um eyðing refa og minka.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 660).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. —

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 660, n. 748, 749).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd. og hefur þar tekið miklum breyt. frá upprunalegri mynd sinni. Fannst okkur nm. það vera orðið hálfgerður vanskapningur eftir síðustu umr. þar, eins og það liggur fyrir á þskj. 660. Varð það til þess, að við lögðum vinnu í það, og hefur frv. aftur tekið miklum breyt. hjá n. Eins og það kom frá Nd., er ætlazt til, að eyðing refa verði í svipuðu horfi og verið hefur. En þó er farið inn á þá nýju braut, að kostnaður skiptist að jöfnu milli hreppssjóða, sýslusjóðs og ríkissjóðs. Mun þetta byggt á því, hversu refum hefur fjölgað. Leggja þeir, er vinna þá, mikið í kostnað og gera þetta eigi aðeins fyrir sjálfa sig, heldur einnig aðra hreppa, sem liggja að sama afrétti. Þess vegna þótti rétt í Nd. að skipta kostnaðinum í þrennt, láta ríkið taka þátt í honum að ⅓, sýsluna að ⅓ og hreppa að ⅓. Þessi ákvæði höfum við látið standa. Eyðing refa standi undir fjallskilastjórn, þar sem fleiri sveitir eiga afréttarlönd saman, undir umsjón sýslumanns, og landbrn. hefur þar haft yfirumsjón. Þessu er haldið og engu breytt að ráði, nema tekið er í eina gr., 10. gr., að eitrað skuli fyrir ref „minnst þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum, sem notuð eru sem afrétt, þó eigi nær bæjum en 5 km". Þetta ákvæði, um 5 km, leggjum við til, að fellt verði niður. Þar, sem refar ganga um daglega, fara þeir nær bæjum en þetta. Má og vinna mörg dýr með því að eitra fyrir þau á götuslóðum, og kemur það ekki að sök. En ætlazt er til, að um eitrunina verði sett reglugerð, sem kveður á um, hvaða eitur sé notað.

Eins og frv. kom frá Nd., er öðruvísi kveðið á um minkana. Gert er ráð fyrir, að sýslumaður sjái um þetta og fyrirskipi allsherjar útrýmingu minkanna og ríkið kosti hana að öllu leyti. Okkur þótti þetta óviðeigandi. Við viljum breyta þessu og leggjum til, að eins verði farið að í þessu efni og varðandi tófurnar. Sé sá maður kallaður bogmaður, sem annast minkaleitina, en grenjaskyttunafnið skotmaður látið haldast varðandi tófurnar. Eru minkarnir veiddir í boga. Við gerum ráð fyrir, að kostnaðurinn af útrýmingu minka skiptist á milli hreppanna, sýslunnar og ríkissjóðs, eins og hagar til um refi, en skiptist þó dálítið öðruvísi, þannig: „Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að ⅜, ⅝ frá ríki og ⅛ úr sýslusjóði." Við höfum og yfirfært þær reglur, er skapazt hafa um fyrirkomulag eyðingar á tófunum, á minkana og höfðum eigi betri reynslu fyrir okkur. Þó að sagt sé, að útrýma megi bæði minkum og refum með sérstakri veiðiaðferð, þ. e. með hundum, sem þefa dýrin uppi, þá er sú aðferð óreynd enn. En væri hún reynd og reyndist vel, þá mundu hreppsnefndir taka hana upp að sjálfsögðu. En við gerum hér ráð fyrir, að maður, er fer á grenin, hafi byssu.

Þetta er rauði þráðurinn, og sé ég enga ástæðu til að fara að gera grein fyrir einstökum brtt., eins og liðið er á þingtímann. Frv. hefur tekið þessum breyt. frá Nd. varðandi minkana: Þá skyldi kostnaðurinn allur greiddur úr ríkissjóði, en nú af hreppssjóðum, sýslusjóði og ríkissjóði í sameiningu. Hins vegar er refaeyðingarfyrirkomulagið hið sama og verið hefur, nema refaeitruninni er komið þarna inn. En að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í þetta. Brtt. n. liggja hjá hv. dm., og geta þeir kynnt sér þær og séð, í hverju þær eru fólgnar, með því að bera þær saman við frv. Nd., en þaðan kom það að áliti okkar í óhæfum búningi. Okkur fannst fráleitt og ókleift fyrir sýslumenn að standa í þessu, nema þeir fengju aðra sér til aðstoðar. Gerum við ráð fyrir, að það verði hreppsnefndir. — Skal ég svo ekki lengja tímann að ástæðulausu.

ATKVGR.
Brtt. 749,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 749,2 (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 749,3 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 749,4 (ný 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 749,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 749,6 (ný 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 749,7 (ný 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 749,8 (ný 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 749,9 (ný fyrirsögn II. kafla) samþ. án atkvgr.
Brtt. 749,10 (III. kafli (11.—17. gr.) falli niður) samþ. með 11:1 atkv.
18. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 749,11 (ný 19. gr., verður 12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 749,12 (ný 20. gr., verður 13. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
21.—23. gr. (verður 14.—16. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 808).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 113. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vil ekki láta þetta mál fara þannig úr d., að ég veki ekki athygli á því, hversu gagnmerkar upplýsingar mátti fá af hinum löngu umr. um málið, en þær upplýsingar eru þannig, að niðurstaða mín kemur í bága við þetta frv., sem hér á að gera að lögum. Þeir, sem hér hafa talað gegn minkaeldi og villiminkum, hafa sannfært mig um, að þetta er sjálfsögð atvinnugrein og að hér eru ágæt skilyrði til þess, að þetta geti orðið álitlegur atvinnuvegur. Ég er sannfærður um, að allur ótti þessara manna um skaðræði þessara villidýra er algerlega ástæðulaus. Og eitt hafa þessar umr. sannfært mig um, og það er það, að starf þessara dýra er hin mesta friðun fyrir fiskiár landsins. Það vita sem sé allir, að helzti óvinur vatnafiskanna eru ýmsar andartegundir, sem ráðast á ungviðin og hrognin. Þetta hindrar minkurinn, og þó að hann drepi eitthvað, þá er það ábyggilega mjög lítið hjá því, sem hann friðar.

Á einu vil ég vekja athygli, og það er 18. gr. frv., en þar segir, að bæjarstjórnir og sýslunefndir geti bannað minkaeldi í héruðum sínum. Það er þó gott, að Alþingi vill einhvers staðar hafa héraðabönn, þótt það hafi aldrei viljað leyfa einstökum héruðum að friða sig fyrir áfengi með því að setja héraðabönn, en hér á að setja bönn við arðvænlegri og sjálfsagðri atvinnugrein. En er ekki með þessu verið að gefa bæjarstjórnum og sýslunefndum of mikið vald, og er ekki Alþingi að afsala sér valdi, sem því raunverulega ber? Og þar sem hér er um að ræða svipuð héraðabönn og áfengishéraðabönnin, þá má geta þess, að þar datt engum í hug að láta sýslunefndir eða bæjarstjórnir ákveða það, heldur átti að leggja þetta í vald kjósendanna í héraðinu. Ef þannig væri farið að hér, mætti segja, að þetta væri þó lýðræðislegt. Ég held líka, að það megi fullyrða, að þeir menn, sem að málinu standa, hafi ekki gert sér ljóst, hver kostnaður verður af framkvæmd þess og hvern bagga þeir eru að binda sveitarfélögum sínum með þessu. Og það væri hugsanlegt, að hv. þm. Borgf. (PO), sem er hreppstjóri, að því er ég ætla, og hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem tekur mikinn þátt í störfum sveitarfélags síns, eða gerði það að minnsta kosti meðan hann var í Tungunum, og ég vona, að hann geri það líka eftir að hann er kominn á láglendið við Ölfusá, — það væri hugsanlegt, að þeir kæmu síðar og bæðu vel fyrir sínum hreppum.

Mér þykir ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, en ugglaust fæ ég að heyra nokkrar sagnfræðilegar staðreyndir frá Breiðafjarðareyjum áður en lýkur, og hver veit nema það geti haft áhrif á afstöðu mína til málsins og breytt skoðun minni, því að hv. þm. hafa haft mikil áhrif á skoðanir mínar með þessum skýrslum, svo að ég held, að það væri þarft að fá ýtarlega skýrslu um það, hvernig þessu háttar á Breiðafjarðareyjum, og einnig ef hv. þm. Árn. gæfi skýrslu um það, hvernig þetta gengur fyrir sig við veiðiárnar fyrir austan. Kannske kemur þá fram eitthvað nýtt, sem breytti skoðun minni.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það er alveg augljóst, að þessu frv. hefur verið breytt mjög í Ed., og ég vil vekja athygli á því, að af því að nú er komið fram undir þinglok, hefur landbn. Nd. ekki haft tækifæri til þess að athuga þessar breyt. og bera saman ráð sín. Ég sé, að ýmis atriði í fyrri hlutanum eru breytt og þar sett inn að verulegu leyti önnur ákvæði. Ég held því, að það sé bezt, að þetta mál bíði næsta þings, enda er ekki það langt þangað til þing kemur saman aftur.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að andmæla uppástungu hv. þm. A-Húnv. Eftir því sem landbn. Nd. hefur gengið erfiðlega að fást við þetta mál, þá er það langbezta lausnin á því að fá það afgreitt á þessu þingi, þó að það skorti ef til vill nokkuð á, svo að það geti náð verulegum árangri. Breyt. þær, sem gerðar voru í Ed., voru aðallega fólgnar í því að færa saman gr. og ákvæði frv. Að öðru leyti er frv. alveg eins og þegar það fór héðan, og finnst mér, að Nd. geti látið sér það vel lynda, og ættu menn að geta látið sér afgreiðslu þess vel lynda og einmitt sérstaklega hv. þm. A-Húnv., því að aðalatriðin eru óbreytt. Þess vegna kemur mér það einkennilega fyrir sjónir, að hann skuli koma með þessar upplýsingar.

Ég vænti þess svo, að hv. þdm. geti fallizt á frv., þó að það sé ekki alveg í þeim búningi, sem við hv. þm. Borgf. álitum, að það mundi koma að mestu gagni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er nú ekki sérstaklega vel inn í þessu máli, en mér þætti vænt um, ef þeir, sem sótt hafa þetta mál fastast, upplýsi það ofurlítið betur fyrir mér. Hitt verð ég að segja, að oft þegar ég hef fylgzt með þessu máli og öðrum svipuðum, um útrýmingu refa, minka og svartbaks og hvað það nú er allt saman, þá hefur mér oft dottið í hug, hve undarlegt það sé, að þessir sömu menn, sem berðust gegn þessum dýrum, skuli ekki snúast til baráttu við refina í mannlegu þjóðfélagi. Það er undarlegt, hvernig þar er löghelguð sú eyðing þeirra dýra, sem þeir vilja útrýma úr dýraríkinu. Það mætti margt um þetta ræða og filósófera, en í þessu máli held ég, að mætti upplýsa ýmis atriði betur en orðið er og ýtarlegar. En það hefur nú verið svo að undanförnu, að mörg mál hafa verið sett í gegn án þess að þau væru rædd ýtarlega, ef ríkisstj. hefur lagt áherzlu á það, jafnvel þó að um mikilsvarðandi mál hafi verið að ræða. Sumum þessum málum höfum við sósialistar verið andvigir, en þrátt fyrir það held ég, að mér sé óhætt að segja, að við höfum ekki tafið fyrir þeim eða gert erfiðara fyrir að koma

þeim í gegn, þó að vitanlegt sé, að sumt af þessum málum er þannig, að réttara hefði verið að ræða þau betur. Hins vegar skiptir það allt öðru máli með þetta mál. Þetta er þingmannamál og hefur nú verið afgr. frá Ed. með miklum breyt. Þess vegna væri ekki óeðlilegt, að það væri athugað af landbn. og hún segði okkur álit sitt á því, eftir þær breyt., sem búið er að gera, og það er vel hægt að gera það núna, það er vel hægt að skjóta á nefndarfundi, sem tæki ekki langan tíma. (*Forseti BG:* Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort ræða hans muni taka langan tíma, og vil benda hv. þm. á, að tími er mjög naumur, þar sem fundur á að hefjast í Sþ. eftir rúmlega klukkutíma. Ég vænti þess, að hv. 2. þm. Reykv. stytti ræðu sína svo sem mögulegt er.) Ég mun nú verða við ósk hæstv. forseta um að stytta ræðu mína og ljúka máli mínu með nokkrum orðum.

Ég álít rétt, að landbn. fengi þetta frv. til athugunar, en að öðru leyti væri það ekki illa farið að fara eftir till. þm. A-Húnv. og fresta málinu, ef landbn. treystir sér ekki til þess að afgr. það á svo skömmum tíma.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, PO, SB, SkG, StJSt, StSt, StgrA, ÁÁ, EystJ, FJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, BG.

nei: SG, EOl.

SigfS greiddi ekki atkv.

12 þm. (KTh, LJós, ÓTh, SEH, SK, ÁkJ, BÁ, EmJ, GÞG, AG, HermG, JJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Enda þótt ég áliti það mjög óviðfelldið að láta svo miklar breyt. fara fram í Ed., án þess að landbn. þessarar hv. d. athugi þær, þá sé ég tækifæri til þess að flytja brtt. síðar og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 814).

Önnur mál.

I. Marshallaðstoðin.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var tekin til meðferðar:

Skýrsla ríkisstj. um Marshallaðstoðina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Að heimsstyrjöldinni lokinni voru ekki aðeins mörg byggðarlög, landshlutar og fjöldi borga víðs vegar í Evrópu í rústum, heldur var einnig allt efnahagskerfi þjóðanna í upplausn, bæði innanlands hjá ýmsum þeirra og ekki síður varðandi öll samskipti þeirra á milli, enda varð víxlun á gjaldmiðli þeirra með hverjum degi örðugri. Af öllu þessu magnaðist öngþveiti svo mjög, að við lá, að eðlileg verzlunarviðskipti þjóðanna stöðvuðust og að veruleg bið yrði á, að unnt væri að græða hin ógurlegu sár, er enn stóðu opin eftir styrjöldina.

Þá var það, að Mr. Marshall, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hélt sína nafntoguðu, í bókstaflegum skilningi uppbyggilegu, ræðu í Harvard 5. júní 1947, þar sem lýsti sér meiri víðsýni, stórhugur og sannur hjálparvilji en áður hefur þekkzt þjóða í milli. Í ræðunni hét Mr. Marshall Evrópuþjóðunum stuðningi Bandaríkjanna, ef þær mynduðu samtök sín í milli í því skyni og sýndu fram á, að væntanleg fjárhagsaðstoð Bandaríkjanna yrði til þess notuð fyrst og fremst að koma iðnaði Evrópuþjóðanna og matvælaframleiðslu í það horf, að þær gætu af eigin afrakstri séð sér farborða.

Ræða þessi varð til þess, að utanrrh. Breta, Frakka og Rússa hittust skömmu síðar í París og ræddu þar um, hvort slíkri samvinnu Evrópuþjóðanna skyldi komið á. Því miður náðist ekki samkomulag milli þessara fulltrúa þriggja höfuðþjóða álfunnar. Hefur utanrrh. Breta, Bevin, hvað eftir annað skýrt frá því, að utanrrh. Rússa hafi ekki aðeins verið ófáanlegur til að taka þátt í þessari samvinnu, heldur hafi hann beinlínis haft í hótunum um, að þjóðir hinna mundu hafa verra af, ef þær, þrátt fyrir synjun Rússa, efndu til samvinnu þessarar. Utanríkisráðherrar Breta og Frakka létu þó ekki aftra sér frá að gera það, sem þeir töldu rétt vera, og boðuðu til fundar Evrópuríkjanna allra, nema Spánar, í júlí 1947, til viðræðna um, hvort slíkri efnahagssamvinnu ætti að koma á.

Íslenzka ríkisstj. taldi, með samþykki utanrmn., frá upphafi sjálfsagt að taka þátt í þvílíkri samvinnu. En því miður urðu það ekki nema 16 ríki, sem boðið þáðu. Rússland og öll ríkin fyrir austan járntjald höfnuðu boðinu. Er þó á almannavitorði, að sum þeirra, svo sem Pólland, Finnland og Júgóslavía, höfðu mikla löngun til að þiggja boðið, þó að ekki yrði af. Eitt þeirra, Tékkóslóvakía, meira að segja þáði boðið í fyrstu, en treysti sér ekki til að standa við þá afstöðu, þegar til átti að taka. Blandaðist aldrei neinum hugur um, hvernig á því fráhvarfi stóð, og ef svo hefði verið, að einhver hefði efast um orsökina, þá hlaut sá efi að hverfa við atburðina þar í landi á s. l. vetri. Sú sorgarsaga skal eigi rakin að sinni, en hitt verður seint nægilega harmað, að hin austrænu ríki skyldu snúast svo við sem þau gerðu.

Ríkin 16, sem þátt tóku í ráðstefnunni í París, eru aftur á móti einmitt þau ríki í álfunni, sem frjáls eru gerða sinna, og gátu farið eftir því einu, er hagsmunir þeirra sögðu til um. Hér á landi varð þegar í stað ljóst, að allir landsmenn, að undanteknum þeim hv. sósíalistum, Sameiningarflokksmönnum alþýðu, sem slegnir eru austrænu blindunni, voru sammála um, að sjálfsagt væri að taka frá upphafi þátt í þessu endurreisnarstarfi Evrópu.

Við Íslendingar, sem gott viljum eiga við allar þjóðir, hljótum að vísu — ekki síður en aðrir — að harma, að samtök þessi urðu eigi svo víðtæk sem ætlað var í fyrstu og til var stofnað af utanríkisráðherrum Bandaríkjanna, Breta og Frakka. En alveg án tillits til þess, að samúð okkar hlýtur að verða með lýðræðis- og menningarþjóðunum í vestri, ef í odda skerst, þá hlaut öllum óblinduðum mönnum að vera ljóst, að hagsmunir landsins krefjast náinnar samvinnu við lönd þau, sem ákváðu að taka þátt í Parísarráðstefnunni.

Allir heilskyggnir menn sjá, hver landfræðileg lega Íslands er. Að vísu eru fornar sagnir um það, að fjórir uxar, sem raunar voru að hálfu jötnaættar úr Austurvegi, hafi dregið Sjáland úr miðri Svíþjóð út í Eyrarsund. En þó að ég efist ekki um, að hér á landi séu nú ýmsir, sem vildu ganga fyrir plógi bóndans í Kreml, þá tel ég þó engar líkur til, að þeir verði uxunum hálfaustrænu þeim mun kröft-

ugri, að þeir megni að draga Ísland úr miðju Atlantshafi alla leið inn á sléttur Sviþjóðar hinnar köldu eða Rússlands, svo sem nú er nefnt.

Á sama veg og lega landsins segir til um, að við séum vestrænt ríki og hljótum að verða háðir örlögum þess heimshluta, skipar verzlun landsins okkur í hóp þeirra ríkja, sem gerzt hafa aðilar að viðreisnaráætluninni. Athugun á verzlunarviðskiptum okkar og þessara þjóða, og tel ég þá Þýzkaland auðvitað með, leiðir þetta óumdeilanlega í ljós.

Frá og með árinu 1945 og þangað til nú, svo langt sem skýrslur ná, hefur 83,25% af útflutningi Íslands verið til þátttökuríkja viðreisnaráætlunarinnar austan hafs og vestan, en 85,27% af innflutningnum hingað til lands komið frá þeim. En fyrir heimsstyrjöldina síðari var þetta þannig, að 1936—38 var 91,7% af útflutningnum til þessara landa og 94,63% af innflutningnum frá þeim.

Hvernig sem á þetta verður litið, verður þess vegna ekki um það deilt, að hagsmunir okkar eru svo tengdir þessum heimshluta, að alger ófarnaður mundi blasa við, ef tengslin við hann yrðu slitin.

Um fyrstu Parísarráðstefnuna get ég að öðru leyti mjög stytt hér mál mitt, því að ég skýrði frá niðurstöðum hennar hér í hv. sameinuðu þingi 19. okt. 1947. En á ráðstefnu þessari samþykktu þátttökuríkin að halda áfram samvinnu til að ná tilteknum höfuðmarkmiðum, sem öll miðuðu að stórkostlegri nýsköpun í heimalöndum þeirra. Eftir að þetta samkomulag hafði náðst, varð áframhaldið tvíþætt. Annars vegar unnu þátttökuríkin í Evrópu að því að koma upp föstum samtökum sín á milli í framangreindum tilgangi. Hins vegar vann stjórn Bandaríkjanna að því að útvega sér nauðsynlegar heimildir eftir lögum lands síns til að geta staðið við og fullnægt fyrirheiti Mr. Marshalls í Harvard-ræðunni 5. júní 1947.

Að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu var unnið á langvarandi ráðstefnu í París. Voru þar að verki fulltrúar þátttökuríkjanna 16 og hernámshluta Vesturveldanna í Þýzkalandi. Hinn 16. apríl 1948 komu þessir aðilar sér saman um samning um efnahagssamvinnu Evrópu, og var hann fullgiltur af forseta Íslands 3. júlí 1948 og hefur verið birtur sem auglýsing nr. 61 5. júlí 1948, um aðild Íslands að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu. Hv. þingmenn hafa hann fyrir framan sig í Stjórnartíðindahefti, sem útbýtt hefur verið.

Sjálfur aðalsamningurinn er 28 greinar, en auk þess upphafsákvæði og loks fylgiskjal með sérstöku viðbótarákvæði. Þar að auki er svo viðbótarsamkomulag nr. 1 varðandi rétthæfi, sérréttindi og forréttindi stofnunarinnar í 20 greinum og viðbótarsamkomulag nr. 2 varðandi ákvæði um fjármál stofnunarinnar, og er það í 9 greinum.

Um sjálfan samninginn er það að segja, að í inngangínum og 1.—9. gr. eru aðallega viljayfirlýsingar samningsaðila um samvinnu þeirra á milli að efnahagsmálum og almennar skuldbindingar. Flestar eru þær þó lítt ákveðnar að orðalagi og láta samningsaðilum því eftir mikið svigrúm um framkomu sína, þó að nokkur höfuðatriði séu tekin fram. Eru þau flest eða öll svo sjálfsögð, að flest ríki, eða a. m. k. Ísland, mundi hafa leitazt við að fullnægja þeim, þó að um það væri enginn samningur gerður.

Í inngangínum er sett fram sú meginregla, sem óumdeilanleg er, að samningsaðilar viðurkenna, að efnahagskerfi landanna séu hvert öðru háð og að velmegun hvers um sig sé undir velmegun allra komin. Með þessa staðreynd fyrir augum koma ríkin sér svo saman um þá samvinnu, sem nánar er tilgreind í samningnum.

Í 1. gr. segir, að samningsaðilarnir séu samþykkir því að hafa með sér nána samvinnu í efnahagsmálum og semja sameiginlega viðreisnaráætlun og framkvæma hana. Markmið áætlunar þessarar muni verða það að ná sem fyrst og viðhalda fullnægjandi efnahagsafköstum án óvenjulegrar utanaðkomandi aðstoðar, og mun því í áætluninni sérstaklega tekið tillit til þess, að samningsaðilar þurfi að auka sem mest útflutning til þeirra ríkja, sem ekki taka þátt í henni. Til að greiða fyrir þessu skuldbinda löndin sig svo til að koma á fót efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

Í 2. gr. segir, að samningsaðilar muni efla sem mest má verða framleiðslu sína. Eru þar hafðar fyrir augum svipaðar framkvæmdir sem hér á landi hafa hlotið nafnið nýsköpun.

Í 3. gr. binda samningsaðilar sig til að gera almennar áætlanir um framleiðslu og skipti á vörum og þjónustu og síðan að leitast við að tryggja framkvæmd slíkra almennra áætlana.

Í 4. gr. segir, að samningsaðilar muni efla, svo sem frekast er unnt, með samvinnu sín á milli skipti á vörum og þjónustu; í þessu skyni muni ríkin sem fyrst koma á marghliða greiðslufyrirkomulagi sín á milli og hafa samvinnu um að draga úr viðskipta- og greiðsluhömlum sín á milli.

Í 5. gr. er aðalákvæðið það, að löndin muni halda áfram athugunum sínum á tollabandalögum eða svipuðum ráðstöfunum, svo sem myndun tollfrelsissvæða, er gætu orðið einn liður í því, að náð verði markmiðum þeim, sem sett eru með samningi þessum.

Rétt er að geta þess, að Ísland hefur tekið þátt í athugun á almennu tollabandalagi milli þátttökuríkjanna. Fram að þessu mun sú athugun einkum hafa verið fólgin í því, að safnað hefur verið viðtækum upplýsingum. Þá hefur Ísland einnig tekið þátt í athugun á tollabandalagi milli Danmerkur, Noregs, Sviþjóðar og Íslands. Þær rannsóknir standa enn yfir og miðast auðvitað fyrst og fremst við samvinnu hinna þriggja fyrrtöldu landa. Ísland hefur mjög ólíka aðstöðu þessum löndum og hefur fullkominn fyrirvari um þá sérstöðu verið gerður strax í upphafi rannsóknanna.

Í 6. gr. heita samningsaðilar því, að þeir muni hafa samvinnu um að lækka tolla og draga úr öðrum höftum á auknum viðskiptum í þeim tilgangi, að komið verði á marghliða viðskiptakerfi, er sé heilbrigt og í jafnvægi og í

samræmi við meginreglur Havanasáttmálans.

Samkv. 7. gr. mun hver samningsaðili gera þær ráðstafanir, sem í hans valdi eru, til þess að ná eða viðhalda öryggi í gjaldeyrismálum sínum og innanlandsfjármálum, réttu gengi og trausti á peningamálum sínum yfirleitt. Með þessum skuldbindingum er ekki annað undirgengizt en það, sem hver góð stjórn hlýtur að leitast við að gera af sjálfsdáðum, enda er það algerlega á mati hennar sjálfrar, hvað unnt sé að gera á hverjum tíma í þessum efnum.

8. gr. fjallar um hagnýtingu vinnuaflsins á hinn hentugasta hátt og leitast skuli við að útvega öllum vinnu. Þá er ráðgert, að samningar muni verða teknir upp á milli landanna um flutning verkamanna þeirra á milli, ef vinnuaflsskortur er í einhverju þeirra. Eiga aðilar og að hafa almenna samvinnu um að draga úr tálmunum á ferðalagi manna.

Skv. 9. gr. munu samningsaðilar veita stofnuninni allar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir, til þess að auðvelda framkvæmd starfa sinna.

10.—23. gr. fjalla um fyrirkomulag efnahagssamvinnustofnunarinnar. Aðilar stofnunarinnar eru hinir sömu og aðilar samningsins.

Í 11.—13. gr. segir nánar frá um markmið, störf og valdsvið stofnunarinnar. Tilgangur hennar er fyrst og fremst sá að greiða fyrir efnahagssamvinnu þeirri, sem hér er stofnað til, og hafa samstarf af hálfu Evrópuríkjanna við stjórn Bandaríkjanna varðandi höfuðatriði þeirrar hjálpar Bandaríkjaþjóðarinnar, sem efnahagssamvinnunni er komið á til að fá.

Um ákvarðanir stofnunarinnar segir í 14. gr., að þær skuli teknar með samkomulagi allra aðila, nema stofnunin ákveði annað í sérstökum málum. Samkv. þessu verður enginn aðili að stofnuninni, og þá heldur ekki Ísland, bundið af nokkurri ákvörðun hennar, nema sérstakt samþykki hans liggi fyrir. Stjórn stofnunarinnar er í höndum ráðs, þar sem öll þátttökuríkin eiga sæti, en auk þess er svo framkvæmdanefnd, framkvæmdastjóri og skrifstofa. Hefur öll sú starfsemi aðsetur í París samkv. ákvörðun, sem gerð var á fyrsta fundi stofnunarinnar.

Í 24.—28. gr. eru lokaákvæði, m. a. um gildistöku, en samningurinn hefur nú þegar tekið gildi, um áhrif vanefnda og uppsögn samningsins, en aðili getur horfið úr þessu samstarfi með 12 mánaða uppsagnarfresti.

Ákvæðin í fyrra viðbótarsamkomulagi varðandi rétthæfi, sérréttindi og forréttindi stofnunarinnar eru svipuð því, sem gerist um slíkar alþjóðastofnanir, og virðist ekki ástæða til að ræða það frekar.

Varðandi seinna viðbótarsamkomulagið, um fjármál stofnunarinnar, skal tekið fram, að framlög aðila verða ákveðin með samkomulagi eftir svipuðum reglum og gilda um hliðstæðar stofnanir. Enn hefur Ísland ekki verið krafið um nema rúmlega 21 þús. kr., en óákveðið til hve langs tíma það er.

Samtímis því sem fulltrúar Evrópuríkjanna unnu að því að ná þessu samkomulagi um efnahagsstofnunina, var í Bandaríkjunum unnið að því að útvega heimildirnar fyrir þeirri hjálp, sem Marshall utanríkisráðherra hafði lofað í Harvardræðu sinni. Sú heimild var veitt í lögum, sem Bandaríkjaþing samþykkti og staðfest voru 3. apríl 1948. Er það allmikill lagabálkur, og er ástæðulaust að rekja hann hér, enda fjalla þau lög að vonum að verulegu leyti um það, hvernig Bandaríkjamenn hugsa sér að láta afla hjálparinnar, vinna að framkvæmd hennar og annað slíkt.

Samkv. 115 gr. laganna er hins vegar gert ráð fyrir, að til þess að ríki geti orðið hjálparinnar aðnjótandi, þurfi það hvort tveggja: að taka þátt í samstarfi Evrópuþjóðanna sín á milli, svo sem samkomulag varð um í París 16. apríl, og að hvert ríki um sig geri samning við Bandaríkin um hjálpina til þess.

Kveðið er á um nokkur skilyrði, sem ætlazt er til, að tekin séu fram í þeim sérsamningum, sem Bandaríkin þannig eiga að gera við hvert ríki. Þessi fyrirmæli eru auðvitað almenn og eiga ekki öll við alla samningsaðila. Engu að síður varð raunin sú, þegar þessir samningar voru gerðir, að skilyrðin voru að mestu tekin upp í samningana við hvert ríki um sig. Bandaríkjastjórn gat ekki horfið frá þeim skilyrðum, er lögin höfðu sett. Eru því nokkur atriði í flestum samninganna, sem ekki eiga til hlítar við það land, sem er aðili þess samnings. Leiddi þetta og til þess, að um sumt varð að gera beinan fyrirvara við samningsundirskrift.

Að vonum var gert ráð fyrir því, að nokkurn tíma tæki að koma á öllum þessum samningum, og var frestur settur um það til júlíbyrjunar s. l. Hins vegar var heimilt að veita þátttökuríkjunum nokkra hjálp strax frá aprílbyrjun. Til þess að geta orðið hennar aðnjótandi þurfti að gefa sérstaka yfirlýsingu um, að ætlunin væri að gera samning við Bandaríkin á grundvelli þeirra skilyrða, sem talin eru í 115. grein.

Af Íslands hálfu var slík yfirlýsing gefin með bréfi 28. apríl 1948, sem Thor Thors sendiherra Íslands í Washington undirritaði af hálfu íslenzku stj. Í sambandi við þessa yfirlýsingu var, vegna sérstaks ákvæðis í 115. gr. laganna varðandi atvinnuréttindi, sem varhugavert þótti geta orðið, gerður svo hljóðandi fyrirvari, í íslenzkri þýðingu: „Stjórn mín óskar að leggja áherzlu á, að hún getur ekki breytt fiskveiðilöggjöf Íslands né atvinnuréttindalöggjöfinni, þar sem hvort tveggja veitir íslenzkum hagsmunum lífsnauðsynlega vernd.“ Var þess vegna þegar frá upphafi gerður um það skýlaus fyrirvari af Íslands hálfu, að þegar til samninga kæmi samkv. 115. gr., væri ekki hægt að veita svo ótakmörkuð atvinnuréttindi sem þar eru ráðgerð. Og sætti Bandaríkjastjórn sig að fullu við þennan fyrirvara íslenzku stj.

Um sjálfa samningsgerðina fór svo, að Bandaríkjastjórn afhenti þátttökuríkjunum frumdrög að samningum fyrir hvert og eitt þeirra. Varð þá raunin sú, að frumdrög þessi voru í öllum verulegum atriðum eins fyrir öll ríkin. Auk þess sem hver stjórn fyrir sig athugaði frumdrögin út frá sínu sjónarmiði, varð

því að samkomulagi, að fulltrúar þeirra skyldu, bæði í París og Washington, hafa nána samvinnu um athugun á þessum samningsfrumdrögum. Komu löndin sér saman um nokkrar æskilegar breytingar, og varð niðurstaðan sú, að Bretlandi, Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð skyldi falið að hafa forustu um samningsgerðina af hálfu allra ríkjanna. Þær breytingar, sem óskað var eftir af löndunum í sameiningu, náðust fram að mestu leyti vegna forgöngu fulltrúa þessara fjögurra landa og þá sjálfsagt ekki síst fulltrúa brezku stjórnarinnar, að ógleymdri samningslipurð Bandaríkjastjórnar. En þessi aðferð varð hins vegar til þess, að hvert hinna landanna um sig fékk skemmri tíma en ella til ákvörðunar um, hvort það vildi ganga að samningunum í endanlegu formi eða ekki, en orðið hefði, ef hvert land um sig hefði að öllu haft með samningsgerð fyrir sjálfs sín hönd að gera. Þetta kom þó ekki að sök varðandi Ísland, því að það fékk engu að síður komið fram sínum sérstaka fyrirvara, þeim er mest á reið.

Hinn skammi frestur torveldaði hins vegar að kalla saman Alþingi til að taka afstöðu til samningsins. Þessa var þó ekki þörf af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem það var algerlega innan valdssviðs stj. með atbeina forseta að gera slíkan samning. Og eftir að ríkisstj. hafði kynnt sér vilja þeirra stuðningsmanna sinna, sem til náðist, og heyrt álit utanrmn., hikaði hún ekki við að fallast á samninginn. Var hann undirritaður hinn 3. júlí s. l. hér í Reykjavík af mér sem utanríkisráðherra, eftir að ég hafði fengið til þess umboð forseta Íslands, og sendiherra Bandaríkjanna í umboði stjórnar hans.

Síðan var samningurinn birtur með auglýsingu, dags. 5. júlí, nr. 62, um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu. Hv. þm. geta lesið hann í hinu sama Stjórnartíðindahefti og samninginn, sem ég rakti hér áður.

Samningur þessi er í tólf greinum, og auk þess fylgir honum fylgiskjal með athugasemdum til skýringa, og hafa þær athugasemdir sama gildi sem samningurinn sjálfur.

Í sambandi við samningsgerðina áttu sér einnig stað nótuskipti milli Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi beztu kjara ákvæði og eru þau einnig birt 5. júlí og eru nr. 63.

Í inngangi samningsins er stuttlega gerð grein fyrir ástæðum samningsgerðarinnar og tilganginum með samningnum, þeim, að greiða fyrir efnahagssamvinnu þátttökuríkjanna í Evrópu með aðstoð Bandaríkjaþjóðarinnar til að efla og viðhalda grundvallarreglum einstaklingsfrelsis í frjálsu stjórnskipulagi og sönnu sjálfstæði í ríkjum Evrópu.

Með 1. gr. samningsins, 1. tölulið, tekst ríkisstj. Bandaríkjanna á hendur að gefa ríkisstj. Íslands eða þeim, er hún tilnefnir, kost á þeirri aðstoð, sem samkomulag kann að verða um milli ríkisstj. beggja. Er síðan að sjálfsögðu tekið fram, að Bandaríkjastjórn veiti þessa hjálp aðeins samkv. lögum um efnahagssamvinnu, sem í gildi eru í Bandaríkjunum á hverjum tíma, og því aðeins, að fjárveitingar til hjálparinnar séu fyrir hendi.

Í 2. tölulið heitir ríkisstj. Íslands því að starfa að viðreisnaráætluninni fyrir Evrópu eftir því, sem ráðgert er í Parísarsamningnum frá 16. apríl s. l.

Í 3. tölulið er ráð fyrir gert, að sumt af þeirri aðstoð, sem Íslandi verði veitt, kunni að vera upprunnið utan Bandaríkjanna. Þær vörur, sem þannig eru tilkomnar, en eru engu að síður greiddar með aðstoðarfé frá Bandaríkjunum, lofar Ísland að kaupa með sanngjörnu verði, sanngjörnum skilyrðum og á þann veg, að ekki verði brotið á móti samningum Bandaríkjastjórnar og hlutaðeigandi ríkis um ráðstöfun þeirra dollara, sem þannig eru til komnir.

Almennar skuldbindingar eru taldar allýtarlega upp í 2. gr. samningsins.

Um þær skuldbindingar ber að minna á það, sem ég áður sagði, að þær eru byggðar á efnahagssamvinnulögunum bandarísku og að Bandaríkjastjórn treysti sér ekki gagnvart neinu einstöku ríki að hverfa berum orðum frá þeim skilyrðum, sem lögin settu, þó að hitt væri ljóst, að þau skilyrði ættu ekki öll við nema sum landanna og alls ekki á hinn sama veg um öll þeirra.

Rétt er og að vekja athygli á því, að um öll skilyrðin, sem talin eru í 1. tölulið 2. gr., er tekið fram, að ríkisstj. Íslands muni gera sitt ýtrasta til þess að ná því, sem þar er sagt. Skuldbindingin er sem sagt ekki skilyrðislaus, heldur einungis á þann veg, að stj. muni gera sitt ýtrasta um nánar tiltekna viðleitni, og auðvitað er það íslenzka stj. sjálf, sem metur, hvenær hún hafi gert sitt ýtrasta í þessum efnum. Um fyrir fram ákveðnar skuldbindingar til alveg tiltekinna athafna er ekki að ræða.

Með þessum fyrirvara skuldbindur íslenzka stj. sig í (a)-undirlið 1. tl. 2. gr. til að gera þær ráðstafanir, eða halda áfram slíkum ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja hagkvæma og hagsýna notkun allra auðlinda landsins. Þetta er eðlilegt ákvæði, því að efnahagshjálpin er fyrst og fremst veitt til að greiða fyrir og efla fullkomna hagnýtingu auðlinda landsins. Kemur þetta berlega fram í (i)-undirskilorðinu í (a)-lið, þar sem íslenzka stj. skuldbindur sig til að nota þær vörur, sem hún fær samkv. samningnum, bæði í samræmi við ákvæði samningsins sjálfs og þær ráðagerðir, sem átt hafa sér stað milli stjórnanna áður en tilteknar vörur voru útvegaðar. Um þetta fyrirmæli eru nánari skýrinar 1. tl. fylgiskjalsins.

Þá er ætlazt til þess samkv. (ii)-undirskilorðinu í (a), að rannsókn eigi sér stað á auðlindum landsins, eftir því sem samkomulag verður um við efnahagssamvinnustofnun Evrópu, þ. e. a. s. Parísarstofnunina.

Loks segir í (iii)-undirlið, að íslenzka stj. muni að því leyti sem við verður komið gera ráðstafanir til að hafa upp á, finna eigendur að og nota á viðeigandi hátt til eflingar sameiginlegri áætlun um viðreisn Evrópu eignir og tekjur, sem tilheyra íslenzkum ríkisborgurum og eru innan Bandaríkja Ameríku. Með ákvæði

þessu er þó engin skylda lögð á ríkisstj. Bandaríkja Ameríku til þess að aðstoða við framkvæmd slíkra ráðstafana né á ríkisstj. Íslands til að ráðstafa slíkum eignum.

Um þetta ákvæði er það að segja, að íslenzka ríkisstj. hafði þegar á árinu 1947 gert ráðstafanir til þess, að reynt yrði að hafa upp á eignum Íslendinga erlendis, þeim, sem hér hafa ekki verið taldar fram. Að athuguðu máli taldi ríkisstj. þá helzt líklegt, að Landsbankanum yrði ágengt í þessum efnum, og var honum falið að taka þetta upp við viðeigandi aðila í þeim löndum, er helzt voru talin geta komið hér til greina.

Árangurinn af þessum umleitunum varð því miður enginn. Íslenzka stj. taldi hins vegar sjálfsagt að taka málið upp að nýju við stjórn Bandaríkjanna, þegar hún sá þessi ákvæði í frumdrögum samningsins, enda var um svipað leyti í opinberum skýrslum þar vestra sagt frá nokkrum inneignum Íslendinga þar, að vísu miklum mun lægri heldur en sagnir gengu um austur í Hornafirði, en þó svo miklum, að sjálfsagt var og er að gera það, sem unnt er, til að ná þeim.

Íslenzka stj. leitaðist því við að fá þessu samningsákvæði við Bandaríkin breytt á þann veg, að Bandaríkjastjórn skyldaði sig til að láta Íslendingum í té þær upplýsingar um þessi efni, er hún kynni að geta aflað. Tókst það ekki, heldur varð Ísland að sætta sig, með sama hætti og öll önnur þátttökulöndin, við, að Bandaríkin taka berum orðum fram, að í ákvæði þessu sé engin skylda lögð á ríkisstj. Bandaríkja Ameríku til að aðstoða við framkvæmd slíkra ráðstafana. Ef Bandaríkin fást eigi til að aðstoða við framkvæmdina á þessu, er hætt við, að samningsákvæðið — því miður — nái ekki tilætluðum árangri.

Íslenzka ríkisstj. hefur þó ekki látið sitja við synjunina á því, að samningsákvæðinu væri breytt í samræmi við óskir Íslendinga, heldur hefur hún síðar borið fram beina ósk til Bandaríkjastjórnar um, að hún veiti þessa umræddu aðstoð. Bandaríkjastjórn hefur þó svarað, að hún treysti sér ekki til þess, þar sem hún hafi ekki fullnægjandi gögn með höndum til að segja til um þessi efni. Þrátt fyrir þá yfirlýsingu Bandaríkjastjórnar hefur íslenzka stj. nú nýlega falið sendiráðinu í Washington að taka málið enn að nýju upp við Bandaríkjastjórn. Get ég ekki sagt, hvernig þeirri síðustu málaleitun muni lykta, en hitt er víst, að íslenzka stj. mun einskis láta ófreistað til að fá óskum sínum í þessum efnum framgengt.

Í þessu sambandi er einnig rétt að geta þess, að á s. l. sumri var sendiráðum víðs vegar í Norðurálfu falið að taka það upp við stjórnirnar þar, að þær veittu atbeina sinn til að hafa upp á inneignum Íslendinga í löndum þeirra, en enn hefur harla lítill árangur orðið af þessu, hvað sem síðar kann að verða.

Undirliður (b) í 1. tl. 2. gr. ræðir um framleiðsluaukningu, að reynt skuli að ná þeim framleiðslumarkmiðum, sem sett kunna að verða fyrir atbeina efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Kemur og fram, að ef Ísland ætlar að ráðast í einhverja ákveðna framkvæmd og fá til hennar fé samkv. samningi þessum, svo að hún verði að verulegu leyti gerð fyrir þá aðstoð, þá er íslenzku ríkisstj. að eðlilegum hætti skylt að láta Bandaríkjastjórn í té nákvæmar tillögur um slíkar framkvæmdir, sem ætlazt er til, að fram verði komið fyrir atbeina Bandaríkjamanna.

Samkv. undirlið (c) 1. tl. 2. gr. mun ríkisstj. Íslands gera sitt ýtrasta til að koma gjaldmiðli sínum í öruggt horf og koma á eða viðhalda réttu gengi, afnema halla á fjárlögum svo skjótt sem því verður við komið, koma á eða viðhalda öryggi í innanlands fjármálum og yfirleitt að endurreisa eða viðhalda trausti á peningamálum sínum.

Reynt hefur verið að gera þessi ákvæði sérstaklega tortryggileg, og er þó ljóst, að ekkert felst í þeim annað en það, sem hvert þjóðfélag verður að gera, ef ekki á að leiða til öngþveitis á skömmum tíma.

Um halla á fjárlögum er sú viðbótarskýring í 2. tölulið fylgiskjalsins, að samkomulag er um, að skuldbindingin um að afnema slíkan halla svo fljótt sem verða má mundi eigi koma í veg fyrir halla um stundarsakir, heldur að átt sé við fjármálastefnu, er mundi leiða til hallalausra fjárlaga, er fram líða stundir. Gerir þetta skuldbindinguna auðvitað enn óákveðnari en áður var.

Um gengið er rétt að taka það fram, að þrátt fyrir þennan samning er ótvírætt, að það eru íslenzk stjórnarvöld, sem endanlega kveða á um, hvað skuli vera rétt gengi. Hitt er annað mál, að í samningnum um alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur Ísland tekið á sig vissar skuldbindingar í þessu sambandi, og fer skuldbindingin samkv. þessum samningi hvergi fram úr því, sem þar var áður búið að binda sig til óumdeilt af öllum.

(d) undirliður 1. tl. 2. gr. fjallar um vaxandi viðskipti milli þátttökuríkjanna og við önnur ríki og að draga skuli úr hömlum fyrir slíkum viðskiptum.

Í 2. tölulið 2. gr. segir, að ríkisstj. Íslands muni taka til velviljaðrar athugunar tillögur, sem gerðar eru í samráði við alþjóðaflóttamannastofnunina og miða að sem fullkomnastri hagnýtingu mannafla. Þarna sem ella kemur glöggt fram, að úrslitavaldið um það, að hve miklu leyti skuli orðið við þessum tillögum, er hjá íslenzkum stjórnarvöldum, enda er um þennan tölulið að segja, að hann er einn þeirra, sem frekar á við önnur og stærri lönd en Ísland, þó að orðið hafi að taka hann einnig upp í samninginn við okkur af ástæðum, sem áður eru raktar.

3. töluliður 2. gr. segir, að ríkisstj. Íslands muni gera þær ráðstafanir, sem hún telur viðeigandi til að koma í veg fyrir nánar tiltekna óheimila verzlunarhætti, og er frekari upptalning á þeim í 3. tölulið fylgiskjalsins, og í 4. tl. þess er tiltekið nánar, hvenær til afskipta íslenzku ríkisstj. komi. Skuldbindingin til að koma í veg fyrir þvílíka verzlunarhætti er þó takmörkuð við, að slíkar aðferðir eða ráðstafanir verði til þess að hefta framgang hinnar

sameiginlegu áætlunar um viðreisn Evrópu. Er það auðvitað eðlilegt, að jafnframt því sem gerðar eru virkar ráðstafanir til viðreisnar í Evrópu, þá sé ekki með annarri hendinni rifið niður það, sem byggt hefur verið upp með hinni.

3. gr. samningsins fjallar um ábyrgðir ríkisstjórnar Bandaríkjanna á gjaldeyrisyfirfærslu, ef Bandaríkjamenn ráðast í framkvæmdir hér á landi. Um rétt þeirra til slíkra framkvæmda er fjallað nánar í 5. gr. Þar sem sá réttur hefur mjög verið takmarkaður í sérákvæði varðandi Íslandi í 6. tölulið fylgiskjalsins, geri ég ráð fyrir, að þessi ábyrgðarheimild út af fyrir sig hafi litla þýðingu. Að svo miklu leyti sem framkvæmdir Bandaríkjamanna hér kæmu til greina, sem harla ólíklegt er samkv. framansögðu, virðist hins vegar ábyrgðarheimildin út af fyrir sig ekki óeðlileg.

Áður en ég vík að 4. gr., þykir mér gleggst til yfirlits að gera grein fyrir, með hverjum hætti aðstoð samkv. þessum ráðagerðum hefur verið fyrirhuguð.

Í fyrsta lagi er þátttökuríkjunum ætlaður forgangsréttur að ýmsum mikilvægum vörum í Bandaríkjunum. Í öðru lagi er ætlazt til, að greitt verði fyrir lántökum þeirra þar. Er beinlínis ráðgert, að nokkur hluti aðstoðarinnar verði veittur að láni, enda verði lánsféð þá endurgreitt með venjulegum hætti, eftir því sem nánar semst um hverju sinni. Í þriðja lagi er ráðgert, að greitt verði fyrir sölu á vörum þátttökuríkjanna á þann veg, að þau fái frekar dollara eða jafnvirði þeirra fyrir vörur sínar eða nokkurn hluta þeirra en ella hefði orðið. Hafa víðtækar ráðstafanir átt sér stað um þetta og hvernig helzt verði dregið úr vörukaupum þátttökulandanna frá Bandaríkjunum, en innbyrðis viðskipti þeirra efld, og hafa í því sambandi verið settar reglur um óbeina aðstoð.

Loks er í fjórða lagi ætlazt til, að veittar verði beinar gjafir, eða eins og í 4. gr. segir, að veitt verði aðstoð af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, án þess að endurgjald komi fyrir.

Mest af því fé, sem ákveðið hefur verið í Bandaríkjunum að veita samkvæmt þessum ráðagerðum, á að veita á þennan hátt, þó að hitt sé ekki endanlega ákveðið um öll löndin, á hvern veg hjálpin til hvers einstaks lands verði látin í té, og óskir einstakra landa í þessu efni séu nokkuð mismunandi. En þar sem mestum hluta fjárins í heild á að verja til gjafa, er eðlilegt, að gefandi setji nokkur skilyrði um það, hvernig þessu gjafafé skuli varið, og þau fyrirmæli eru í 4. gr. samningsins.

Framlög þessi eru af Bandaríkjastjórn innt af höndum í dollurum eða jafngildi þeirra. Að því litla leyti sem endurgreiðsla kann að koma til greina, fer hún þó aldrei fram í dollurum, heldur eingöngu svo, að íslenzka stj. þarf að inna mjög takmarkaðar greiðslur af hendi í íslenzkum krónum.

Samkvæmt meginákvæðinu í 2. tölulið 4. gr. þarf íslenzka stj. þó að greiða að fullu jafnvirði þeirra framlaga, sem hún á þennan veg fær frá Bandaríkjastjórn, í íslenzkum krónum inn á sérstakan reikning í Landsbankanum. Af þessum reikningi á að leggja til hliðar til ráðstöfunar ríkisstj. Bandaríkjanna samkv. 4. tölulið, vegna útgjalda hennar á Íslandi, fimm af hundraði, eða einn tuttugasta hluta.

Af þessu fé á fyrst og fremst að greiða þann sérstaka kostnað, sem Bandaríkjastj. verður fyrir við framkvæmd efnahagssamvinnulaganna frá 1948 hér á landi, og mundi þar einkum koma til greina kostnaður af sérstökum sendimönnum Bandaríkjanna hér á landi í því skyni, sbr. 3. tl. 4. gr. En af þessum 5% mundi og væntanlega, að svo miklu leyti sem þau endast, mega taka greiðslu á vörum til birgðasöfnunar skv. 5. gr. samningsins.

Þá er og ráðgert, að af hinum sérstaka reikningi eigi að greiða flutningskostnað hér innanlands á gjafasendingum og bögglum, sem Bandaríkjamenn kynnu að senda til einstaklinga eða stofnana hér á landi, sbr. 5. tl. 4. gr.

Það er því ekki ráðgert að endurgreiða Bandaríkjunum nema örlitinn hluta af þeirri fjárhæð, sem greidd verður inn á hinn sérstaka reikning. Rétt er að taka það fram, að inn á hinn sérstaka reikning verður ekki greitt nema sem svarar dollaraandvirði varanna og einungis sem nemur þeim útgjöldum Bandaríkjastj. Vel má vera, að vörurnar verði seldar eitthvað, stundum mun hærra hér innanlands, en þann mismun er ekki ætlazt til að binda á þennan veg, heldur verður hann til frjálsrar ráðstöfunar íslenzkum stjórnarvöldum.

En þau h. u. b. 95% á hinum sérstaka reikningi, sem ekki þarf að endurgreiða Bandaríkjunum, verða þó háð nokkurri bindingu, sbr. 6. tl. 4. gr. Þessu fé má ekki ráðstafa nema með samþ. ríkisstj. Bandaríkjanna. Í greininni kemur hins vegar glögglega fram, að peningunum á fyrst og fremst að verja til að efla framleiðslu og atvinnulíf Íslendinga og auka öryggi í fjármálum okkar. Kemur þar m. a. fram, að ef Íslendingar geta fyrir aðstoð, sem veitt verður samkv. þessum samningum, ráðizt í einhver stórfyrirtæki, þá er mögulegt að afla fjár til þeirra innanlands með því að verja til þess peningum af þessum sérstaka reikningi, og verða þá slík mannvirki engu að síður að öllu kvaðalaus eign Íslendinga.

Þá er einnig ráðgert, að þessu fé megi verja til niðurgreiðslna, sem um muni, á þjóðarskuldunum, einkum á skuldum Landsbanka Íslands eða annarra bankastofnana. Enn er og á það drepið, að ef að ráði verður að gera hér á landi leit að efnivörum, sem skortur er á í Bandaríkjunum eða líklegt er að skortur verði þar á, þá er heimilt að verja af þessu fé kostnaðinum við slíka leit.

Langlíklegast er, að öllu þessu fé verði ráðstafað nokkuð jafnóðum með samkomulagi beggja ríkisstjórnanna Íslandi til hags. En ef eitthvað verður óeytt af þessum peningum hinn 30. júní 1952, er fram tekið í 7. tölulið 4. gr., að þeim skuli ráðstafað á Íslandi í þeim tilgangi, sem þá verður samkomulag um milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, enda er vakin athygli á, að til slíks samkomulags kunni þá að þurfa samþykki Bandaríkjaþings.

Í 5. gr. ræðir um öflun efnivara á Íslandi, sem líklegt er, að Bandaríki Ameríku þarfnist vegna skorts, sem er eða líklegt er, að verði á þeirra eigin auðlindum. Í 1. tl. lofar ríkisstj. Íslands að greiða fyrir, að Bandaríkin fái slíkar vörur hér á landi með sanngjörnum söluskilmálum, eftir því sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma, eftir að hæfilegt tillit hefur verið tekið til sanngjarnra þarfa Íslands til eigin notkunar og venjulegs útflutnings slíkra efnivara, sbr. og skýringuna í 5. tl. fylgiskjalsins.

Hér er um að ræða venjuleg verzlunarviðskipti, og væri ekki nema gott um þau að segja, ef líklegt væri, að til þeirra kæmi, því að þarna kynni þá að vera séð fyrir markaði á íslenzkum vörum. En til þessa eru ekki miklar líkur, vegna þess að því miður mun vandfundin sú efnivara, sem hér er framleidd og Bandaríkin þarfnast vegna skorts, sem er eða líklegt er, að verði á þeirra eigin auðlindum. Ákvæði 5. gr. eru miðuð við önnur lönd en Ísland og einkum lítt hagnýttar nýlendur, en fyrirmælin varð einnig að taka upp um Ísland vegna ákvæðanna í efnahagssamvinnulögum Bandaríkjanna, sem Bandaríkjastj. með eðlilegum hætti taldi sig bundna við í samningsgerðinni.

Svipað er að segja um ákvæðið í 2. tölulið 5. gr., en þar segir, að ríkisstj. Íslands muni, þegar ríkisstj. Bandaríkja Ameríku fer þess á leit, taka þátt í samningaumleitunum um viðeigandi ákvæði til þess að framkvæma fyrirmæli 115. gr. (b) (9) laga frá 1948, um efnahagssamvinnu, er varðar framleiðslu og afhendingu á efnivörum, sem Bandaríki Ameríku þarfnast.

Með þessu fyrirmæli áskilja Bandaríkjamenn sér, að samningar séu teknir upp um heimild þeirra til nýtingar vissra efnivara í öðrum löndum á sama grundvelli og borgarar þar. Þessar efnivörur eru þó þær einar, sem skortur er á í Bandaríkjunum eða líklegt er, að skortur verði á þar.

Eins og menn heyra, er samningsákvæði þetta bundið tveim þýðingarmiklum skilyrðum. Hið fyrra er, að hér er alls ekki um að ræða skyldu hinna einstöku ríkja til að veita Bandaríkjamönnum slík réttindi sem þar um ræðir. Um það eitt er samið, að taka þátt í samningaumleitunum varðandi þetta atriði. Í þeim samningum getur Ísland sett Bandaríkjunum þau skilyrði, sem okkur hentar, og ef ekki gengur saman um þau skilyrði, verður ekkert úr samningum.

Annað höfuðskilyrðið er það, að hér er einungis um að ræða efnivörur, sem skortur er á eða líklegt er, að skortur verði á í Bandaríkjunum. Þegar meta skal ákvæðið, verður þess vegna að gera sér grein fyrir, hvort líklegt sé, að á Íslandi séu efnivörur, sem Bandaríkin skorti nú eða á allra næstu árum. Bandaríkin eru sem kunnugt er eitt ríkasta land í heimi, og Ísland á því miður fáar eða engar auðlindir, sem Bandaríkin séu ekki miklu auðugri af.

Að þessu athuguðu er ljóst, að ákvæðið er sýnu varhugaminna en það virðist í upphafi. Íslenzku ríkisstj. þótti þó ekki fært að una því, að minnsta hætta væri á, að Bandaríkjastj. gæti notað þetta ákvæði samningsins Íslandi til óhags. Þess vegna var fyrirvari um það gerður strax í bréfinu 28. apríl, svo sem ég áður hef getið um, þar sem tekið var fram, að íslenzka stj. gæti ekki breytt fiskveiðilöggjöf landsins né atvinnulöggjöfinni, þar sem hvort tveggja er íslenzkum hagsmunum lífsnauðsynleg vernd. Við sjálfa samningsgerðina fengum við síðan samþ. ákvæði, sem segir í 6. tölulið fylgiskjalsins, og hljóðar það svo:

„Samkomulag er um, að ákvæði 5. gr. 2. mgr. samningsins skuli eigi skýrð þannig, að af þeim leiði samningaumleitanir um breytingu á fiskveiðalöggjöf Íslands. Þá er og samkomulag um að ákvæði, sem 5. gr. kynni að gefa tilefni til og háð eru samkomulagi beggja ríkisstjórnanna, muni verða í samræmi við ákvæði íslenzkra laga."

Með þessu segir berum orðum, að engar samningaumleitanir komi til greina varðandi fiskveiðalöggjöfina, en það eru þau atvinnuréttindi, sem okkur eru dýrmætust. Því til viðbótar er tekið fram, að ef samningaumleitanir verði teknar upp um rétt Bandaríkjanna til að afla hér annarra efnivara með þeim takmörkunum, sem í sjálfum samningnum segir, þá verði ákvæði slíkra samninga að vera í samræmi við ákvæði íslenzkra laga. En sennilega ætlast enginn, sem ekki er sleginn blindunni austrænu, til þess, að sett séu sérstök ákvæði um, að Bandaríkjamenn megi ekki njóta ákvæða íslenzkra laga, sem aðrir útlendingar geta notið góðs af.

Eins og ég hef tekið fram áður, er harla ólíklegt og nærri óhugsandi, að til samningaumleitana samkv. þessari grein geti nokkru sinni komið, þar sem við eigum engar auðlindir, sem um er vitað og Bandaríkjamenn fái rétt til samninga um, samkv. téðum samningsákvæðum. En jafnvel þó að til samningaumleitana kæmi, er sá fyrirvari umsaminn, að ákvæði hugsanlegs samnings yrðu að vera í samræmi við ákvæði íslenzkra laga.

Nú er það vitað, að íslenzk atvinnulöggjöf er strangari en flestra annarra ríkja, þ. e. veitir útlendingum minni rétt en flest önnur ríki gera. Á þetta var samningamönnum Bandaríkjanna rækilega bent og það, að Íslendingar teldu sér lífsskilyrði að slaka ekki á þessum fyrirmælum. Er erfitt að hugsa sér, að betur hefði verið hægt að búa hér um Íslandi til hags heldur en gert hefur verið, og er allt tal um, að með þessu sé skapað hættulegt jafnréttisákvæði fyrir Ísland, hliðstætt því, sem var í sambandslögunum, gersamlega ástæðulaust sem betur fer.

Ákvæðið í 3. lið 5. gr. skiptir ekki miklu máli til eða frá.

Í 6. gr. ræðir um, að greiða skuli fyrir ferðalögum Bandaríkjaþegna hér og í öðrum þátttökuríkjum, og er það eðlilegt frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að núverandi hömlur á ferðalögum manna í heiminum séu ekki æskilegar og geti ekki staðizt til lengdar, auk þess sem dollaratekjur munu fást af slíkum ferðalögum.

Upphafsákvæði 7. gr. er eðlilegt og í sam-

ræmi við það, sem tíðkanlegt er í slíkum samningum, þar sem segir, að báðar ríkisstjórnirnar muni, þegar önnur þeirra óskar þess, ráðgast um hvers konar atriði, er snerta framkvæmd samnings þessa, svo og framkvæmdir eða ráðstafanir, sem gerðar eru í framhaldi samningsins. Samkv. ákvæðum greinarinnar að öðru leyti, sbr. og 7. tl. fylgiskjalsins, er gert ráð fyrir, að Íslendingar láti stjórn Bandaríkjanna í té gögn, svo að séð verði, hvort Íslendingar standi við samninginn af sinni hálfu, hvernig þeir framkvæmi hann og verji fé samkv. honum og til undirbúnings þess, að við getum fengið áframhaldandi aðstoð samkv. samningnum frá Bandaríkjastj. Allt þetta er eðlilegt og óhjákvæmilegt frá sjónarmiði þeirra, sem á annað borð eru samningnum fylgjandi og telja hann horfa til góðs.

Í 8. gr. kemur fram viðurkenning þess, að nauðsynlegt er, að almenningur fylgist sem allra bezt með framkvæmd samnings þessa í heild og einstökum atriðum og áhrifum hans á efnahagslíf þjóðarinnar og þátttökuríkjanna yfirleitt.

Að sjálfsögðu er ráðgert, að Bandaríkjamenn þurfi að hafa sérstaka sendimenn til þess að sjá um framkvæmd og fullnæging samningsins af sinni hálfu, og ræðir um þá og réttindi þeirra í 9. gr. Þau réttindi eru með sama eða svipuðum hætti og venjulegra diplomatiskra sendimanna, svo sem sjálfsagt er. Þessar sendinefndir Bandaríkjamanna eru í sumum löndum allfjölmennar, einkanlega í París, þar sem efnahagssamvinnustofnun Evrópu á heima, og hugsanlegt er, að slík sendinefnd eða nefndir komi einnig hingað til landsins, en enn þá hefur ekki svo orðið, heldur hefur sendiráð Bandaríkjanna hér eitt farið með þetta mál, og er íslenzka ríkisstj. mjög ánægð með þá skipan.

Í 10. gr., sbr. 9. tölulið fylgiskjalsins, ræðir um rétt til að leggja nánar tilteknar kröfur, er ríkisstjórnir beggja landanna taka að sér, fyrir gerðardóm, þ. e. a. s. alþjóðadóminn eða annan dóm, sem samkomulag verður um. Þetta er gagnkvæmt og skiptir væntanlega ekki miklu máli fyrir Ísland, en berum orðum er fram tekið í 3. tölulið, að hvorug ríkisstj. muni taka að sér kröfu samkv. þessari grein fyrr en hlutaðeigandi þegn hefur leitað réttar síns fyrir öllum þeim stofnunum og dómstólum, sem eru í því landi, er krafan varð til í.

11. gr. samningsins fjallar um orðaskýringar, og þarf ekki frekar um hana að ræða.

Samkv. 12. gr. öðlaðist samningurinn gildi með undirskrift og á að vera í gildi til 30. júní 1953. Frá þeim tíma er hægt að segja honum upp með 6 mánaða fyrirvara. Fyrir þennan tíma er hægt að segja samningnum upp samkv. ákvæðum 12. gr., og kemur það til álita, ef önnur hvor ríkisstj. telur, meðan á samningstímabilinu stendur, að grundvallarbreyting hafi orðið á höfuðsjónarmiðum þeim, sem samningurinn byggist á. Getur hún þá tilkynnt það skriflega hinni ríkisstj., og ráðgast þær síðan við um málið. Ef samkomulag næst ekki innan þriggja mánaða frá því, að slík tilkynning kom fram, getur hvor ríkisstj. tilkynnt hinni skriflega, að hún vilji, að samningur þessi falli úr gildi. Fellur hann þá úr gildi 6 mánuðum eftir, að slík tilkynning um uppsögn hefur farið fram, og með styttri fyrirvara, ef samkomulag verður um.

5. gr. og 3. mgr. 7. gr. skulu þó halda gildi sínu þar til tvö ár eru liðin frá slíkri tilkynningu um uppsögn, þó eigi lengur en til 30. júní 1953, en samkv. framansögðu mun 5. gr. hafa litla eða enga þýðingu varðandi Ísland.

Ákvæði 4. gr. haldast auðvitað þangað til búið er að ráðstafa fé því, sem lagt hefur verið til hliðar skv. gr. Samsvarandi ákvæði eru um 2. mgr. 3. gr.

Ríkisstjórnirnar geta og hvenær sem er breytt samningi þessum með samkomulagi sín á milli, svo sem sjálfsagt er.

Ég hef talið rétt að rekja samningsgerð þessa allýtarlega fyrir hv. þingmönnum, svo að þeir gætu til hlítar áttað sig á henni, því að þó að ríkisstj. hafi haft fulla heimild til samningsgerðarinnar og hafi áður en henni var lokið kynnt sér, að hún hafði öruggan stuðning meiri hl. alþingismanna til hennar, þá hefur þessi samningur svo mikla grundvallarþýðingu til góðs fyrir Íslendinga, að nauðsynlegt er, að hv. alþm. séu bæði sjálfum samningsatriðunum og aðdraganda þeirra svo kunnugir sem föng eru til.

Að öðru leyti er rétt að taka fram, að samningur þessi veitir Íslandi engan rétt til neinnar tiltekinnar eða ákveðinnar aðstoðar, heldur verður um það að semja hverju sinni. Sumri af þeirri aðstoð er og svo varið, að ekki er heimilt við henni að taka, nema samþykki Alþingis sé fyrir hendi. Þannig er það t. d. með lántöku. Hana er auðvitað óheimilt að gera, nema skýlaus lántökuheimild sé fyrir hendi. Svo sem kunnugt er, veitti síðasta Alþingi heimild til þess af sinni hálfu, að tekið væri að láni í dollurum allt að 15 millj. kr., einkum til eflingar síldariðnaðarins. Ríkisstj. hafði þá von um að geta útvegað þetta lán eftir venjulegum viðskiptaleiðum. En þegar til átti að taka, brást sú von, og virtust horfur á, að þær nauðsynlegu framkvæmdir, sem gera átti fyrir þetta fé, færu út um þúfur. Stj. taldi því sjálfsagt, þegar í ljós kom, að fé var ekki hægt að fá að láni í Bandaríkjunum nema fyrir milligöngu viðreisnarstjórnvaldanna þar í landi, að nota sér þá milligöngu, og var lánssamningur samkv. því undirritaður 22. júlí 1948.

Þau síldarvinnslutæki, sem undanfarið hafa verið að koma til landsins og eru að koma þessa dagana, eru því fengin fyrir fé, sem veitt er samkv. þeim samningi, sem hér er um að ræða, þó að það sé að öllu leyti lánsfé, sem Íslendingar eiga að endurgreiða með venjulegum hætti á 10 árum. En vegna þess, að hér er um hluta af Marshallaðstoðinni að ræða, urðu vextirnir óvenjulega hægstæðir.

Um afgreiðslu þessara vara hefur Ísland og að sjálfsögðu notið forréttindaaðstöðu þeirrar, sem þátttökuríkjunum er ætluð, og má búast við, að vörurnar hefðu ekki fengizt svo fljótt afgreiddar sem raun ber vitni um, ef Ísland hefði ekki verið þátttakandi í viðreisnaráform-

unum, jafnvel þótt ráðgert sé, að lánið hefði fengizt, ef svo illa hefði farið, að Ísland hefði ekki gerzt aðili að þessari stórfenglegu áætlun.

Fram að þessu hefur íslenzka stj. þó lagt á það megináherzlu í sambandi við viðreisnaráformin, að þau greiddu fyrir sölu á íslenzkum afurðum.

Er þá fyrst að geta, að samningurinn um sölu á ísfiski til Vestur-Þýzkalands, sem gerður var á s. l. ári, var gerður í beinu sambandi við undirbúning viðreisnaráformanna, þó að það yrði að formi til um sjálfstæða samningagerð að ræða og fiskurinn sé greiddur í pundum, en ekki dollurum. Öllum kunnugum eru þó ljós þau tengsl, sem hér eru á milli, enda var ísfisksamningurinn kallaður „inngangur Marshallsamvinnunnar" af þeim viðsemjanda okkar, sem gerst mátti um þetta vita og mest greiddi fyrir samningsgerðinni. Nú í septemberlok var skv. þessum samningi búið að flytja til Þýzkalands rúm 50 000 tonn af fiski, auk þess sem rúm 40 000 tonn höfðu verið flutt til Englands. Til samanburðar má geta þess, að allur ísfiskútflutningurinn var árið 1946 aðeins 72 000 tonn og enn minni 1947, eða aðeins 61 000 tonn. Á tímabilinu frá 1. marz til 31. ágúst nam ísfiskútflutningurinn til Bretlands og Þýzkalands samanlagt rúmum 67 000 tonnum.

Ísfiskkvóti okkar í Bretlandi á þessu tímabili var aðeins rúm 52 000 tonn. Heildarútflutningur Íslands á ísfiski á þessu tímabili hefur þess vegna verið rúmum 14 000 tonnum meiri heldur en við hefðum mátt selja til Bretlands samkv. gerðum samningum. Togurunum hefði ekki verið haldið út til að afla þess fisks, ef Þýzkalandsmarkaðarins hefði ekki notið við. Er og rétt að hafa í huga, að ef íslenzkir togarar hefðu ekki getað selt ísfiskinn til Þýzkalands á þessu tímabili, hefði þó að öllum líkindum ekki verið hægt að fylla upp í brezka kvótann, vegna þess að Bretlandsmarkaðurinn krefst allt annars fisks en Þýzkalandsmarkaðurinn. Auk þess er ekki nokkur vafi á, að verðlagið á brezka markaðinum hefur verið miklu tryggara en ella frá því í vor, vegna þess að hann hefur ekki yfirfyllst af fiski, svo sem yfirvofandi hætta hefði verið á, ef Þýzkalandsmarkaðurinn hefði ekki verið. En í Þýzkalandi hefur sem kunnugt er fengizt tryggt viðunandi verð fyrir fiskinn, svo að sölur þangað hafa verið miklu öruggari en tíðkanlegt er með ísfisksölur.

Af öllu þessu er ljóst, hvílíka úrslitaþýðingu fyrir afkomu okkar þessi samningur um ísfisksölur til vesturhluta Þýzkalands hefur. Eru ekki ýkjur, að hér á landi væri nú allt annað og miklu verra ástand, ekki aðeins hjá togaraútgerðarmönnum og sjómönnum, heldur hjá þjóðinni allri, ef ekki hefði tekizt að koma þessum samningi á. En eins og ég áður sagði, var sú samningsgerð í mjög nánu sambandi við undirbúninginn að viðreisnaráformunum. Við þetta hefur þó engan veginn verið látið sitja. Mikilsverðar sölur á afurðum landsmanna hafa átt sér stað fyrir beina milligöngu og fyrirgreiðslu viðreisnarstofnunarinnar í Washington. Hefði þó verið mun hægara að eiga við þau mál en raun ber vitni um, ef síldarvertíðin síðasta hefði ekki brugðizt svo gersamlega sem nógsamlega er kunnugt. Missir þeirra síldarafurða, sem varlega hafa að andvirði verið taldar nema 80 milj. kr., hefur auðvitað komið fram með mörgu og tilfinnanlegu móti, en ekki sízt í því, að erfiðara varð að afla dollara fyrir útflutningsvörurnar en vonir manna höfðu staðið til. Engu að síður var fyrir milligöngu viðreisnarstofnunarinnar í Washington hægt að selja 1000 tonn af síldarmjöli til Austurríkis og 4000 tonn af síldarlýsi til Þýzkalands, hvort tveggja fyrir dollara. Þarna var um að ræða eftirstöðvar frá vetrarsíldarvertíðinni.

Loks kem ég að þeirri sölu, sem mest er um vert, en frá henni var skýrt í fréttatilkynningu 14. okt. s. l. á þessa leið:

„Undanfarna mánuði hefur ríkisstj. verið að leita fyrir sér um sölu á því magni af hraðfrystum fiski, sem enn þá er óselt af þessa árs framleiðslu.

Nú hafa tekizt samningar við efnahagssamvinnustofnunina í Washington (ECA) um sölu á meginhluta þessa fisks til ríkja, er taka þátt í endurreisnaráætlun Evrópu, á eftirfarandi grundvelli:

Efnahagssamvinnustofnunin veitir Íslandi 3500000 dollara gegn því, að samsvarandi upphæð í íslenzkum krónum verði greidd inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, er notist til greiðslu á fiskinum. Þessi upphæð dregst frá 11000000 dollara framlagi því, sem Íslandi hefur verið úthlutað fyrir tímabilið 1. júlí 1948 til jafnlengdar 1949.

Nú er óselt í landinu um 9000 smálestir af hraðfrystum fiski, en láta mun nærri, að 8000 smálestir af hraðfrystum fiski séu að verðmæti 3½ millj. dollara, þegar miðað er við það verð, sem ríkissjóður ábyrgist framleiðendum."

Þess hefur orðið vart, að sumum hefur virzt einkennilegt formið á þessum viðskiptum. Þess er t. d. getið í blaði einu, að þetta væri líkast því, er vinsali einn hefði sagt: „Ég skal gefa þér flöskuna, ef þú gefur mér peningana." Með þessu hugðist sá góði maður firra sig ábyrgðinni af vínsölunni. Blaðið, sem minnti á þessa sögu, gleymdi að geta þess, að þrátt fyrir þetta taldi hæstiréttur, að hér hefði verið um ótvíræða sölu að ræða. Á sama veg um um þessi viðskipti. Formið er að vísu óvenjulegt, en þó er um ótvíræða sölu að ræða efnislega.

Ástæðan til þess, að þetta form var valið, er sú, að á fundi þátttökuríkjanna í París á s. l. sumri varð ofan á, að slík skilorðsbundin framlög, svo sem þau eru kölluð, mundu greiða meira fyrir viðskiptunum en reglulegar formbundnar sölur. Hvorttveggja sýnist koma í einn stað fyrir Ísland. En úr því að þau Evrópuríkin, sem mest áttu í húfi, óskuðu eindregið eftir þessu formi, taldi íslenzka stj. ástæðulaust að hafa á móti samkomulagi milli þátttökuríkjanna um þetta form.

Þess ber að minnast, að hér er ekki um að ræða sérstakt form, sem haft sé á milli Bandaríkjanna og Íslands eins í þessum skiptum, heldur það form, sem haft er til að greiða fyrir sölu afurða innbyrðis milli þátttökuríkjanna, og

leggja Bandaríkin fram dolllara til að greiða fyrir slíkum viðskiptum. Þannig kemur dollaraframlag Bandaríkjanna að tvöföldu gagni, annars vegar fyrir seljanda, sem skortir dollara til kaupa á nauðsynlegum innflutningsvörum, og hins vegar móttakanda, sem fær vörurnar sem óbeina hjálp, enda er þessi háttur ekki tekinn upp eftir tillögu Bandaríkjastj., því að í sjálfum Marshalllögunum er gert ráð fyrir venjulegri aðferð og reglulegri sölu, heldur voru það Evrópuríkin, sem töldu sér þetta form hentara, og úr því að allt kom í einn stað niður fyrir Ísland, gat það sér að meinalausu samþykkt þennan hátt á málunum.

Þá hefur einnig komið fram sá misskilningur, að vegna fyrirmælanna í 4. gr. samningsins milli Íslands og Bandaríkjanna þurfi að leggja til hliðar 5% af andvirði þessarar sölu og Bandaríkin eigi rétt á þeim. Þarna er um algeran misskilning að ræða. Í 4. gr. ræðir um framlag án endurgjalds, og þá á að leggja umgetin 5% til hliðar. En hér er alls ekki um að ræða framlag án endurgjalds, því að fullt endurgjald eða sem því svarar er einmitt látið í staðinn. Þess vegna eiga 5%-ákvæðin hér alls ekki við, og hefur Bandaríkjastj. auðvitað alls ekki farið þess á leit, að þau yrðu greidd. Þrátt fyrir sérstakt form er hér því um reglulega sölu á afurðum okkar að ræða, sölu, sem allir góðviljaðir menn hljóta vissulega að fagna. Hitt verða menn að hafa í huga, að þessi sala hefði ekki átt sér stað, ef sérstök fyrirgreiðsla hefði ekki komið til greina, og verður að skoða einstaka skilmála í því ljósi.

Um allar þessar afurðasölur er það að segja, að dollararnir, sem fyrir þær fást, verða dregnir frá dollaraúthlutun þeirri, sem okkur hafði verið ákveðin í viðreisnaráformunum fyrir þetta ár. Hins vegar koma þessir dollarar okkur auðvitað að gagni til kaupa á nauðsynjum okkar. Að því er upphæð þeirra nemur, dregur aftur á móti úr möguleikum okkar til þess að fá lán eða beinar gjafir af viðreisnarfénu.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að það er algerlega rangt, sem mjög hefur verið haldið fram í áróðri á móti þessum aðgerðum og sumir góðviljaðir menn einnig hafa trúað, að Bandaríkjastj. mundi skammta okkur vörur eftir sínu höfði fyrir það viðreisnarfé, sem okkur væri ætlað. Að vísu er það svo, að Bandaríkjastjórnarvöld þurfa að samþykkja, hvernig viðreisnarfénu skuli varið, og svarar það t. d. til þess, að útflutningsleyfi þarf fyrir vörum frá Íslandi, en hins vegar þvingar Bandaríkjastj. ekkert þátttökulandið til að taka við vörum, sem það óskar ekki eftir. Eitt aðaleinkenni þessarar starfsemi er þvert á móti það, hver áherzla er lögð á að efla samskipti Evrópuþjóðanna sjálfra og hvetja þær eða nærri knýja til að kaupa hver hjá annarri allt, sem þær geta látið í té. Ekki er ætlazt til, að frá Bandaríkjunum verði flutt annað en það, sem ófáanlegt er meðal þátttökulandanna í Evrópu.

Ýmsir hafa haldið, að listar þeir, sem fyrr á þessu ári voru birtir um hugsanlegar vöruúthlutanir til ýmissa landa, væru bindandi, þar með væru löndin orðin skyldug til að taka við þessum vörum, ef þau vildu njóta hjálparinnar. Þetta er alger misskilningur. Þarna var einungis nefnt, hverjar vörur hugsanlegt væri, að Bandaríkin gætu látið í té, og þá nokkuð, en þó ekki til hlítar, stuðzt við þær skýrslur, sem komið höfðu frá hlutaðeigandi landi um þarfir þess. Það var strax tekið fram, að þessar áætlanir væru engan veginn bindandi. Þegar viss öfl voru t. d. í vor að hræða Íslendinga með, að okkur ætti að neyða til að taka á móti mörg hundruð vörubílum, þá var þar aðeins um að ræða slíkt ímyndað dæmi fjarskylt veruleikanum.

Framkvæmdin hefur orðið sú, að Bandaríkin láta hverju landi í té þær nauðsynjar, sem það land þarf á að halda, þ. e. a. s. ef Bandaríkin eiga þá vöru eða geta útvegað hana. Það eru óskir viðtakandans, sem þarna eru látnar skera úr.

Af því, sem ég þegar hef sagt, skilst, að Ísland hefur þegar fengið aðstoð samkv. viðreisnaráformunum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi höfum við fengið lán. Í öðru lagi höfum við notið forgangs um kaup á vörum í Bandaríkjunum. Í þriðja lagi höfum við hlotið mikilsverða fyrirgreiðslu um sölu á afurðum okkar og fengið fyrir þær dollara, sem ella hefði verið torvelt að útvega.

Enn sem komið er höfum við ekki notið fjórðu aðstoðarinnar, þ. e. a. s. framlags án endurgjalds. Er þó ætlazt til, að langmestur hluti aðstoðarinnar verði einmitt veittur í þessu formi. En hvort tveggja er, að hingað til hefur okkur ekki verið gefinn kostur á slíkum framlögum og íslenzka stj. ekki haft heimild til að taka á móti þeim, þó að í boði hefðu verið, því að þó að þessi framlög séu í framkvæmd að mestu leyti hrein gjöf, hvíla þó á þeim þær kvaðir, að samkv. stjórnskipulögum ríkisins er öruggast að hafa lagaheimild til að taka á móti þeim.

Er það að vísu svo, að fljótt á litið ætti Ísland ekki að þurfa á gjöfum eða framlögum án endurgjalds að halda. Eyðileggingar styrjaldarinnar léku flest þátttökuríkin svo hörmulega, að ætla mætti, að ekki væri sambærilegt, hversu þau væru verr stödd en Ísland, sem óneitanlega hagnaðist fjárhagslega á styrjöldinni og þjó á meðan á henni stóð við betri kjör en nokkur önnur þjóð í Evrópu.

En þetta er ekki nema hálfsögð saga. Íslendingar byggja eflaust það land í Evrópu, sem erfiðast er og fátækast af náttúrunnar gæðum, og þó að mörg stríðslöndin væru illa útleikin, megum við ekki gleyma því, að um síðustu aldamót var Ísland örsnautt land og nærri allt, sem gert hefur verið til uppbyggingar í landi okkar, hefur verið gert á þeim fáu áratugum, sem síðan eru liðnir. Þrátt fyrir það, að Ísland hafi að mestu leyti komizt hjá eyðileggingu á stríðsárunum, og var þó verulegur hluti skipastóls okkar skotinn í kaf, þá er uppbygging hér nú, jafnvel eftir hina miklu nýsköpun síðustu ára, mun skemmra á veg komin en jafnvel þeirra Evrópuþjóða, sem harðast urðu úti á stríðsárunum, er við hafa að styðjast óslitna uppbyggingu margra undanfarinna alda

á því tímabili, þegar allt steini léttara var flutt burt frá Íslandi. Þá verður og að líta á þá sérstöku örðugleika, er við eigum við að etja út af verðbólgunni, sem að verulegu leyti á rætur að rekja til ófriðaráranna og þess sérstaka ástands, sem skapaðist við dvöl setuliðsins hér.

Þessu til viðbótar kemur svo það, að atvinnuvegir Íslendinga, svo frumstæðir sem þeir eru — landbúnaður og fiskveiðar, — eru miklu ótryggari en flestra annarra landa, og er þess skemmst að minnast, hvílíkt afhroð við hlutum við síldarbrestinn s. l. sumar. Ég tel þess vegna hiklaust, að Íslendingar eigi að reyna að afla sér framlaga án endurgjalds samkv. þessum mikilfenglegu viðreisnaráformum, ef slík framlög eru fáanleg, svo sem ástæða er nú til að ætla.

Greinilegt er, að ef ekki á að draga mjög verulega úr framkvæmdum hér á næstu árum og nýsköpunin að stöðvast að mestu eða öllu, eru aðeins þrír möguleikar fyrir hendi.

Fyrsti er sá að draga mjög verulega úr innflutningi neyzluvara. Þetta hefur verið gert svo rösklega undanfarið, að erfitt er þar nokkru á að auka, sem þýðingu hafi, enda mun sanni nær, að óhjákvæmilegt sé að auka innflutning á ýmiss konar neyzluvörum frá því, sem verið hefur.

Annar möguleikinn er sá að taka erlend lán til framkvæmdanna, svo sem gert hefur verið með fullri lagaheimild um síldariðnaðinn á þessu ári. Um lántökur gegnir að vísu mjög ólíku máli eftir því, til hvers þær eru ætlaðar. En lántökur til hreinnar eyðslu tel ég að komi ekki til greina. Allt öðru máli gegnir um lántökur til uppbyggingar, — lán til framkvæmda eins og Sogsvirkjunarinnar, hitaveitunnar og annars slíks hafa fært okkur ómetanlega blessun, og slík lán þarf ekki frekar að óttast í framtíðinni en hingað til. Gjaldgetu okkar fátæka lands eru þó sett mikil takmörk. Við getum seint gert allt það, sem hér þarf að gera, ef við þurfum að taka til þess erlend lán.

Þriðji möguleikinn er að ganga úr skugga um, hvort við eigum kost á framlögum án endurgjalds. Svo sem hæstv. viðskmrh. mun sýna fram á, munum við, ef við fáum slík framlög, geta ráðizt í ýmsar æskilegar framkvæmdir, sem menn hafa lengi haft í huga, en ella eru litlar líkur til, að ráðizt verði í í náinni framtíð.

Ég geri ráð fyrir, að bráðlega muni verða lagt fram á Alþingi frv. um heimild ríkisstj. til að taka við slíkum framlögum án endurgjalds.

Auðvitað eigum við ekki að taka á móti slíkum framlögum, ef það er óvirðing fyrir Ísland. En við skulum ekki eitt augnablik ætla okkur svo stóra, að við séum í raun og veru ríkari þjóð en t. d. Danir eða Norðmenn. Þessar þjóðir telja framfarir sínar og góðan efnahag algerlega háðan þeirri aðstoð, sem þær fá samkv. viðreisnaráformunum. Þær óttast ekki frekar en aðrar frjálsar Evrópuþjóðir þann hug, sem stendur á bak við aðstoðina. Allir frjálshuga menn skilja, að þar ræður skilningur á því, að atvinna og velsæld geti ekki ríkt í einu landi til lengdar, ef það er umkringt af atvinnuleysi, fátækt og eymd. Þennan skilning á því, að ef manni á sjálfum að vegna vel, þá verði meðbræðrum hans einnig að gera það, hefur allt of lengi skort í samskiptum þjóðanna. Þeim mun meiri ástæða er til þess að fagna því, þegar hann birtist á jafnáþreifanlegan hátt og nú í framkvæmdum voldugustu þjóðar í heimi.

Íslandi jafnt og öðrum þjóðum ber að gera sitt til þess, að þessar hugsjónir um viðreisn, framfarir og velmegun megi rætast.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þátttöku Íslands í Marshallaætluninni hafa verið lagðar fyrir efnahagssamvinnustofnunina í París áætlanir um utanríkisverzlun okkar og greiðslujöfnuð fyrir einstaka ársfjórðunga og fyrir árið 1. júlí 1948 til 30. júní 1949. Stofnuninni í París, sem er samtök hinna 19 þátttökuaðila, var falið af Bandaríkjunum að gera tillögur um skiptingu á Marshallhjálpinni á milli þátttökuríkjanna fyrsta árið. Í þessu starfi voru lagðar til grundvallar áætlanir, sem öll ríkin afhentu fyrir 15. júlí. Áætlun okkar fyrir þetta tímabil sýndi neikvæðan verzlunarjöfnuð við Bandaríkin og Kanada, sem nam 11,9 milljónum dollara, eða 77350000 krónum. Þennan halla var gert ráð fyrir, að hægt væri að greiða að miklu leyti með dollurum, sem Marshallhjálpin mundi væntanlega borga fyrir afurðir okkar, sem seldar væru fyrir milligöngu hennar til þátttökuríkjanna í Evrópu.

Samkvæmt þessari áætlun var Íslandi úthlutað til bráðabirgða 11 milljónum dollara fyrir missirin 1948—49, og var eflaust gert ráð fyrir því, að talsverður hluti af þessari greiðslu kæmi til greiðslu fyrir íslenzkar afurðir. Annars var það ekki starf Parísarstofnunarinnar að ákveða, hvort þessi úthlutun kæmi Íslandi til góða sem lán, gjöf eða fyrir afurðasölur. Það atriði er ákveðið af efnahagsstofnuninni í Washington.

Er bráðabirgðaúthlutun hafði farið fram um miðjan ágúst, áttu öll þátttökuríkin að endurskoða áætlanir sínar og reikna nú með þeirri dollaraupphæð, sem þeim var úthlutað. Vegna síldarleysis varð að lækka allverulega útflutningsáætlunina, hvað snertir þátttökuríkin og önnur Evrópuríki, en innflutningsáætlunina frá Bandaríkjunum og Kanada var lítið hægt að lækka, þar eð hún var upphaflega miðuð við aðeins bráðnauðsynlegar vörur, sem ómögulegt eða illmögulegt var að fá annars staðar. Er gert ráð fyrir, að eftirtaldar vörur verði fluttar inn gegn dollaragreiðslu frá 1. júlí 1948 til 30. júní 1949:

Kornvörur	1828000	dollarar
Feiti og jurtaolíur	564000	—
Tóbaksblöð vegna tóbaksgerðar	42500	—
Hrísgrjón og baunir	84000	—
Olíur og benzín	2850000	—
Járn og stál	468000	—
Timbur, aðallega harðviður	600000	—
Pappír og pappi fyrir fiskumbúðir	200000	—
Manila-hampur frá Filipseyjum	200000	—
Kjötpokar	30000	—

Síldarnætur og netagarn	470000	dollarar
Tilbúinn áburður	504000	—
Efnavörur og lyf	700000	—
Hjólbarðar	145000	—
Ýmsar vörur (m. a. járn- og stálvörur og niðursuðudósir)	2470000	—
Vélar fyrir rafveitur	100000	—
Vélar til ullariðnaðar	90000	—
Beltisdráttarvélar	120000	—
Hjóldráttarvélar	148000	—
Landbúnaðarvélar	218000	—
Ýmsar vélar, efni og varahlutir (fyrir síldarverksm., landssímann, flugþjónustuna o. fl.)	2500000	—
Samtals	14331500	dollarar

Í þessari áætlun eru taldar með síldarverksmiðjuvélar, síldarvinnsluskipið Hæringur og síldarnætur, sem greiðast af 2,3 millj. dollara láninu, er tekið var í sumar. Að því meðtöldu er halli á dollaraviðskiptunum áætlaður 11 millj. dollarar eða eins og úthlutunin. En andvirði afurða, sem seldar eru fyrir dollara fyrir milligöngu Marshallhjálparinnar, verður einnig talið sem framlag til okkar og verður því dregið frá úthlutuninni. Á þriðja ársfjórðungnum var selt síldarlýsi og síldarmjöl á þennan hátt fyrir 1,9 millj. dollara, en nú er verið að ganga frá sölu á frystum fiski fyrir 3½ millj. dollara. Ekki er enn ákveðið, hvort við fáum eftirstöðvarnar af úthlutuninni sem greiðslu á afurðum okkar, gjöf eða lán.

Fyrir 1. okt. var lokið við að semja áætlanir um innflutning, útflutning og greiðslujöfnuð fyrir árið 1949—50. Ástæðan fyrir því, að leggja þurfti svo snemma fram áætlun fyrir næsta tímabil, er sú, að efnahagssamvinnustofnunin í París þarf að gefa Bandaríkjastofnuninni sundurliðaða áætlun um dollaraþörf þátttökuríkjanna fyrir næsta fjárhagstímabil Bandaríkjanna, svo að þingið í Washington geti tekið ákvörðun um aðra fjárveitingu til Marshallhjálparinnar.

Samkvæmt þessum lauslegu bráðabirgðaáætlunum er búizt við, að dollarahallinn á tímabilinu 1949—50 nemi um 10 millj. dollara eða 65,5 millj. króna, en hins vegar er reiknað með 3,4 milljónum dollara tekjuafgangi af viðskiptum við önnur ríki en Bandaríkin og Kanada. Heildarhallinn á greiðslujöfnuðinum er því talinn 6,6 millj. dollarar eða 42,09 millj. króna. Í sambandi við þessar niðurstöður er ástæða til að benda á, að á næsta ári er gert ráð fyrir eftirfarandi gjaldeyrisútgjöldum vegna sérstakra framkvæmda og innflutnings á framleiðslutækjum:

Togarar (10)	2.900.000	dollarar
Fiskimjölsverksmiðjur	150.000	—
Frystihús	950.000	—
Sementsverksmiðja	530.000	—
Herzluverksmiðja	350.000	—
Áburðarverksmiðja	1.325.000	—
Þurrkvíar (2)	300.000	—
Skip	2.600.000	—
Landbúnaðarvélar	1.600.000	—
Rafveitur	2.500 000	—
Samtals	13.205.000	dollarar

Þessi útgjöld eru helmingi hærri en hinn áætlaði halli á greiðslujöfnuðinum, og má það teljast gott, ef gjaldeyristekjurnar, aðallega af útflutningi, geta staðið undir að borga auk eðlilegs innflutnings helming af gjaldeyriskostnaði hinna fjárfreku framkvæmda.

Þá hefur einnig samkvæmt ósk efnahagssamvinnustofnunarinnar verið samin 4 ára áætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir til þess að tryggja fjárhagslegt og atvinnulegt öryggi hér á landi. Var sérstök áherzla lögð á það af hálfu Bandaríkjamanna, að þátttökuríkin notuðu Marshallhjálpina til þess að byggja upp iðnað og atvinnugreinar, sem annað hvort öfluðu þeim dollaratekna eða drægju úr dollaraútgjöldum þeirra. Í 4 ára áætluninni átti sérstaklega að koma fram, hvernig þátttökuríkin gætu komizt hjá því að vera fjárhagslega háð Bandaríkjunum, er hjálparstarfseminni lýkur á miðju ári 1952.

Þessi fjögurra ára áætlun var send Parísarstofnuninni um 1. okt. s. l., eins og tilskilið var. Í henni er fyrst gerð grein fyrir verzlunarjöfnuði Íslands út á við s. l. þrjú ár, endurnýjun fiskveiðiflotans, og þeim þætti, sem sjávarútvegurinn hefur átt í útflutningsverzlun þjóðarinnar eftir að styrjöldinni lauk, og loks eru þar verðlagsmál og fjármál þjóðarinnar nokkuð skýrð. Síðan er gerð grein fyrir þeim framkvæmdum, sem ríkisstj. leggur áherzlu á, að unnar verði á þessu fjögurra ára tímabili til að tryggja efnahagslíf þjóðarinnar í framtíðinni og til að draga úr dollaraþörfinni, en þessar framkvæmdir eru:

1. Aukning fiskiflotans.
2. Aukning síldariðnaðarins.
3. Bygging lýsisverksmiðju.
4. Bygging fiskimjölsverksmiðju.
5. Aukning kaupskipaflotans.
6. Aukning hraðfrystihúsanna.
7. Bygging skipasmíðastöðvar og þurrkvíar.
8. Kaup á landbúnaðarvélum og aukning ullarverksmiðja.
9. Bygging raforkuvera.
10. Bygging áburðarverksmiðju.
11. Bygging sementsverksmiðju.
12. Bygging kornmyllu.

Um þessi atriði segir svo í áætluninni. (Ég vil biðja hv. alþingismenn að athuga, að áætlunin er samin fyrir menn, sem lítið þekkja til hér á landi, og ber sums staðar merki þess í orðalagi og uppbyggingu):

„Endurnýjun íslenzka fiskiflotans, sem var langt á eftir tímanum vegna styrjaldarinnar og langrar fjárhagskreppu fyrir styrjöldina, hófst þegar að lokinni síðari heimsstyrjöldinni árið 1945. Þá var fiskiflotinn aðeins 27.000 brúttósmál. Árið 1945 samdi ríkisstj. um kaup á 32 nýtízku togurum, 175 til 180 fet hver. Af þessum togurum hafa 27 þegar verið afhentir, og þegar við þá bætist mikill fjöldi smærri skipa, 50 til 70 feta að lengd, er fiskiflotinn nú orðinn 54.000 brúttó-smál. að stærð.

Ríkisstj. hefur ákveðið að kaupa 10 togara til viðbótar frá Bretlandi, og er þess vænzt, að smíði þeirra ljúki árið 1951—52. Heildarkostn-

aðarverð þessara togara er áætlað 6.2 millj. dollara og mun þurfa að greiðast sem hér segir:

1948—49	1.4	millj. dollara
1949—50	2.4	— —
1950—51	2.4	— —

Áætlað er að panta tvo togara, sem afhendast 1951—52 til viðbótar og endurnýjunar.

Útgjöld í erlendum gjaldeyri til bygginga og viðgerða smærri fiskiskipa, 50 til 70 fet, er áætlað, að nemi 500 þús. dollurum á ári í næstu 4 ár.

Á þessu ári er verið að auka afkastagetu síldarverksmiðja um rúmlega 30 af hundraði. Þessi aukning hefur reynzt fær vegna veitingar endurreisnarláns, að upphæð 2.3 millj. dollara, til kaupa á vélum í Bandaríkjunum fyrst og fremst.

Vegna þess, hve síldveiðar eru ótryggar, eru allar áætlanir um framleiðslu síldarlýsis mjög óvissar. Samt sem áður má með nokkrum rökum áætla árlega framleiðslu síldarlýsis 40—50 þús. tonn, þegar lokið hefur verið hinum nýju verksmiðjum. Árlega framleiðslu síldarmjöls má með sama hætti áætla 45—55 þús. tonn.

Öll síldarlýsisframleiðslan er flutt út, og sama er að segja um síldarmjölið, að undanskildum 7000 smálestum, sem notaðar eru innanlands. Í ár hafa 7000 tonn af síldarmjöli verið flutt til Bandaríkjanna fyrir rúmlega 1 millj. dollara, þannig að síldarmjöl nemur um ⅓ af heildarverðmæti útflutnings Íslendinga til Bandaríkjanna á árinu. Kaup á síldarlýsi og mjöli fyrir endurreisnarfé (off-shore purchases) hafa numið 1.9 millj. dollurum, svo að augljóst er, að síldariðnaðurinn er sú atvinnugrein á Íslandi, sem gefur einna mestar dollaratekjur. Mestur hluti útflutningsins fer samt sem áður til þátttökuríkjanna, þar sem feitmetisskortur er mikill. Þróun síldariðnaðarins er þess vegna til hagsbóta þátttökuríkjunum. Hvað snertir Ísland, er vart hægt að ofmeta þýðingu síldariðnaðarins fyrir efnahagsafkomu þess. Í stuttu máli má segja, að það, hvort Ísland nái greiðslujöfnuði við önnur lönd, sé undir því komið, hvernig árar með síldveiðar og síldariðnað.

Á næstu árum mun þróun síldariðnaðarins fyrst og fremst verða takmörkuð við að endurnýja og bæta vinnsluaðferðir í þeim verksmiðjum, sem þegar eru fyrir hendi. Þó verða ef til vill reistar nýjar verksmiðjur, enda þótt áætlanir um það séu ekki fyrir hendi nú.

Með hinni auknu afkastagetu íslenzkra síldarverksmiðja má áætla, að árleg framleiðsla síldarlýsis nemi um 50 000 tonnum, nema síldveiðar bregðist. Til þess að auka útflutningsverðmæti síldarlýsis er mjög þýðingarmikið að geta boðið það hreinsað og hert. Síldarolía hefur áður verið og mun sennilegast verða flutt aðallega til þátttökuríkjanna og mun þannig stuðla að því að minnka innflutning þeirra á feiti og feitiolíum frá dollaralöndum. Auk þess mun bygging lýsisherzluverksmiðja á Íslandi minnka innflutning þess á hertum olíum, en innflutningsverð þeirra hefur að mestu leyti þurft að greiðast í dollurum.

Af framangreindum ástæðum hefur ríkisstj. Íslands ákveðið að byggja lýsisherzluverksmiðju, sem afkastar 50 smál. á sólarhring. Áætlaður byggingarkostnaður er 1,2 millj. dollara. Um 0,8 millj. dollara mun þurfa að greiðast í erlendum gjaldeyri, 0,5 millj. dollara fyrir vélar og 0,3 millj. dollara fyrir ýmiss konar byggingarefni. Gert er ráð fyrir, að mestur hluti vélanna verði keyptur í Bandaríkjunum, en byggingarefnis mun verða aflað frá þátttökuríkjunum. Vegna rafmagnsskorts fram að árinu 1950—51 getur bygging verksmiðjunnar ekki hafizt fyrr en árið 1949, og mun verða lokið á árinu 1951. Skipting greiðsla er þannig (talið í þús. dollara):

	USA	Þáttt.ríkin
1949—50	200	150
1950—51	150	150
1951—52	150	
Samtals	500	300

Árleg framleiðsla fiskimjöls hefur á undanförnum árum aukizt talsvert og er nú 5—6 þús. smál. Fjöldi verksmiðja er samt sem áður langt frá því að fullnægja. Miklu af fiskúrgangi er fleygt vegna vöntunar á verksmiðjum.

Áformað er að byggja á næstu 4 árum 13 fiskimjölsverksmiðjur, og er áætlaður heildarkostnaður þeirra 1,6 millj. dollara. Vélar og útbúnaður frá útlöndum er áætlað að kosti 600 þús. dollara og skiptist jafnt á árin. Vélar munu aðallega keyptar frá þátttökuríkjunum.

Fyrir eyland, sem rekur tiltölulega mjög mikla utanríkisverzlun, eins og Ísland, er mjög mikilvægt að eiga nógu mikinn kaupskipaflota til að flytja megnið af útfluttum og innfluttum varningi. Ísland hefur aldrei haft slíka aðstöðu. Árið 1947 jafngiltu farmgjaldagreiðslur í erlendum gjaldeyri 8,2 millj. dollara. Aðstaða Íslands að þessu leyti fer batnandi, þar sem samið var um kaup á nýjum skipum skömmu eftir styrjaldarlok, sumpart til að fylla í skörðin fyrir þau skip, sem fórust í stríðinu, og sumpart til aukningar kaupskipaflotans.

Í árslok 1947 var íslenzki kaupskipaflotinn 13 924 brúttó-smál. að stærð. Afhendingar nýrra skipa og greiðslur fyrir þau í sterlingspundum og dollurum er reiknað með að verði svo, talið í þús. dollara:

	Fjöldi skipa	Brúttó-smál.	Greiðslur doll.	stp.
1948	6	11.340	1070	2300
1949	2	5.810	460	1900
1950	2	5.800		3000
1951 (áætl.)	1	2.300		1000
1952	1	2.500		1100

Flest þessi skip hafa verið greidd úr sérstökum sjóði, sem lagður var til hliðar til nýbygginga.

Þegar framangreind áætlun hefur verið framkvæmd, er talið, að ekki þurfi erlend skip til að annast flutninga nema á olíu, kolum og salti til landsins.

Á síðasta áratug hafa hraðfryst fiskflök komið í stað saltfisks sem ein af aðalútflutningsafurðum Íslendinga. Nú eru 72 hraðfrystihús á Íslandi, sem afkastað geta 700 tonnum af fiskflökum á sólarhring. Árleg framleiðsla er á milli 25—30 þús. tonn.

Enn þá eru nokkrir útgerðarstaðir án hraðfrystihúsa. Tvö ný hraðfrystihús eru nú í smíðum og verið er að endurnýja alveg fjögur, en sum þessara fjögurra eru einnig notuð við frystingu kjöts. Auk þess er áformað að byggja á næstu árum 5 ný hraðfrystihús. Árið 1952 munu heildarafköst hraðfrystihúsanna væntanlega verða 830 tonn af flökum á sólarhring.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður að nema um 4 millj. doll., en af þeirri upphæð mun þurfa um 1750 þús. dollara til kaupa á vélum og útbúnaði frá útlöndum. Greiðslur fyrir þennan innflutning eru áætlaðar þannig (í þús. dollara):

	Bandar.	Páttt.r.
1948—49	80	460
1949—50	105	846
1950—51	35	124
1951—52		100

Hin öra aukning fiski- og kaupskipaflota Íslendinga hefur í för með sér auknar þarfir fyrir stærri og betur útbúnar skipasmíðastöðvar. Í nýreistri skipasmíðastöð í Reykjavík og fjölda smærri skipasmíðastöðva úti um land er nú hægt að gera við hina nýju gufutogara og smærri fiskiskip. Þetta hefur haft í för með sér talsverðan sparnað á erlendum gjaldeyri, sem fram að þessu hefur orðið að greiða erlendum skipasmíðastöðvum, einkum vegna togaraflotans. Skipasmíðastöðvar fyrir kaupskipaflotann eru þó alls ónógar, þar sem stærsta stöðin getur ekki tekið stærri skip en 1000 brúttó-smál. Til að leysa þetta mál til bráðabirgða hafa að ósk Alþingis verið gerðar áætlanir um kostnað við byggingu tveggja þurrkvía í Reykjavík, annarrar 130 m og hinnar 87 m að lengd. Stærri þurrkvíin er ætluð fyrir skip allt að 8000 tonn dw. Samkvæmt þessum áætlunum er heildarkostnaður áætlaður 4,3 millj. dollara, en af því þyrfti að greiða 1,5 millj. dollara í erlendum gjaldeyri. Undirbúningi er haldið áfram, og líklegt virðist, að byggingarframkvæmdir hefjist á árunum 1949—50. Áætlað er, að bygging þurrkvianna taki 4 ár, og greiðslur fyrir innflutt efni skiptast þannig eftir löndum og árum (í þús. dollara):

	Bandar.	Páttt.r.
1949—50		300
1950—51	100	300
1951—52		400
1952—53		400

Höfuðþættir íslenzks landbúnaðar eru nautgripa- og sauðfjárrækt. Gras í högum eða verkað, þurrkað eða súrhey, er langþýðingarmesti jarðgróðurinn. Kornvörur eru enn sem komið er ræktaðar svo lítið, að ræktunar þeirra gætir ekki í efnahagsafkomu þjóðarinnar. Ísland er sjálfu sér nóg hvað framleiðslu kjöts og mjólkurafurða snertir, að undanteknu smjöri, en af því eru nú um 400 smálestir fluttar inn á ári hverju. Í áætlunum um landbúnað er gert ráð fyrir aukinni smjörframleiðslu, svo að Ísland þurfi ekki að flytja inn smjör. Þessu marki er vænzt að ná árið 1951—52.

Uppskera kartaflna og grænmetis er ekki nægjanleg í meðalárferði. Því, sem á vantar, að hún verði nægjanleg, mun leitazt við að ná árið 1952. Framleiðsla íslenzks landbúnaðar árið 1952, samanborið við 1948, er áætluð svo:

	1948	1952
Mjólk	62.000 tonn	90.000 tonn
Smjör og rjómi	800 —	1.500 —
Skyr	3.500 —	5.000 —
Ostur	325 —	500 —
Kjöt (innanlands-neyzla)	9.000 —	9.000 —
Kjöt (til útflutnings)	1.000 —	2.500 —
Mör og tólg	500 —	600 —
Annar innmatur úr sauðfé	650 —	800 —
Ull	750 —	850 —
Gærur og húðir (1400 til útfl.)	1.700 —	2.000 —
Kartöflur	10.000 —	17.000 —
Grænmeti	1.500 —	5.000 —
Egg	750 —	1.000 —

Til þess að ofangreind aukning framleiðslunnar geti orðið, mun vera nauðsynlegt að auka á næstu árum hið ræktaða land um 50%. Slík ræktunaráætlun hefur óhjákvæmilega í för með sér áframhaldandi innflutning landbúnaðarvéla og traktora í tiltölulega ríkum mæli. Hin hraða vélaþróun í íslenzkum landbúnaði á síðari árum hefur gert bændum kleift að auka framleiðsluna þrátt fyrir hinn öra flutning fólks frá sveitum til borga og bæja. Þar sem þessum flutningum fólksins heldur áfram, getur hinn fækkandi hópur, sem stundar landbúnað, aðeins fullnægt þeirri framleiðsluáætlun, sem getið var að framan, með aðstoð landbúnaðarvéla og tækja. Innflutningsþarfirnar næstu 4 ár eru áætlaðar þannig (í þús. dollara):

	1949/50		1950/51		1951/52		1952/53	
	USA	Páttt.ríkin	USA	Páttt.ríkin	USA	Páttt.ríkin	USA	Páttt.ríkin
Beltistrakt.	100	—	100	—	—	—	—	—
Hjólatrakt.	500	200	500	500	300	500	—	500
Landbún.v.	—	800	—	1100	—	1100	—	1800

Auk þess er gert ráð fyrir, að innfluttir verði á næstu fjórum árum um 375 jeppar á ári frá Bandaríkjunum til notkunar við íslenzkan landbúnað.

Talsverður hluti íslenzkrar ullarframleiðslu hefur verið fluttur út. Þetta er nú að breytast, og tvær stærstu ullarvinnsluverksmiðjurnar eru nú að auka framleiðslu sína mjög. Hluti ullarvinnsluvélanna er þegar kominn, en eftirtalinn innflutning þarf til að fullgera fyrirhugaða aukningu (í þús. dollara):

	Bandar.	Páttt.r.
1948—49	90	63
1949—50	20	240

Heildarrafmagnsframleiðsla raforkuvera á Íslandi er um 50 000 kw, en það samsvarar um 370 kw. á mann. Af þessu orkumagni eru um 60% vatnsorka. Raforka var árið 1947 140 millj. kw

hrs. (kílówattsstundir) eða 1000 kw hrs á mann. Um 80% þessarar orku fóru til heimilisþarfa, en aðeins um 20% til iðnaðar, aðallega til fiskiðnaðar.

Nú eru 50 rafveitur á Íslandi. Næstum allar þessar rafveitur og öll aðalorkuverin eiga bæjar- og sveitarfélög. Stærstu orkuverin eru við Sog, 17000 kw, og 7500 kw eimtúrbínustöð í Reykjavík, sem notuð er sem toppstöð. Reykjavík á bæði þessi orkuver, og þau sjá Reykjavík, *nágrenni hennar og nokkrum* bæjum og þorpum í suð-vesturhuta landsins fyrir raforku. Þriðja stærsta orkuverið er við Laxá, en það framleiðir 4300 kw. Árið 1946 var samþ. frv. á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir stórkostlegum rafveitum um landið á vegum ríkisins. Enn þá hefur ríkið ekki reist nein orkuver, en nokkrar rafmagnslínur, sem ríkið á, hafa verið lagðar.

Þrátt fyrir hina öru aukningu rafmagnsframleiðslu, sem orðið hefur á síðustu 10 árum, er allt of mikið álag á þau orkuver, sem fyrir hendi eru. Til að bæta úr auknum þörfum hafa verið gerðar áætlanir um nokkrar nýjar framkvæmdir. Þýðingarmest þeirra er aukning vatnsorkuversins við Sog um 32.000 kw og nýtt 8000 kw orkuver við Laxá. Á næstu 4 árum er gert ráð fyrir aukningu rafmagnsframleiðslu á Íslandi um 57.5 þúsund kw. Heildarkostnaður samkvæmt áætluninni er um 20 millj. dollara, en af því greiðast 8.2 millj. dollara í erlendum gjaldeyri. Greiðslur fyrir efni og vélar eru áætlaðar svo (í þús. dollara):

1948—49	2000	dollarar
1949—50	2500	—
1950—51	2500	—
1951—52	800	—
1952—53	400	—

Enn þá hefur ekki verið hægt að ákveða, frá hvaða löndum vélar og efni, sem þarf til þessara framkvæmda, verða keypt. Leitazt mun verða við að fá mikinn hluta þeirra frá þátttökuríkjunum.

Auk þess er áætlað, að þurfi 4.3 millj. dollara til að kaupa efni til rafmagnslína í sambandi við fyrrgreindar framkvæmdir, aðallega frá þátttökuríkjunum.

Aukning raforkuveranna hefur afar mikla þýðingu fyrir þróun iðnaðarins á Íslandi. Framkvæmdir eins og áburðarverksmiðja, lýsisherzluverksmiðja og sementsverksmiðja, sem gert er ráð fyrir í 4 ára áætluninni, eru alveg háðar aukinni rafmagnsframleiðslu. Hægt er á ódýran hátt að framleiða þessa orku með því að virkja vatnsafl á Íslandi. Talið er, að hægt sé að fá 2.5 millj. kw orku með virkjun alls vatnsaflsins. Þessi orkulind veitir mikla athafnamöguleika auk þeirra, sem þegar eru taldir. Í því sambandi má minna á framleiðslu aluminium, enda þótt engin áform séu fyrir hendi í þá átt.

Vatnsaflið og hverirnir eru einu orkulindir úr náttúrunnar skauti á Íslandi. Á undanförnum árum hefur Íslendingum tekizt að minnka kolainnflutning um 30% með því að virkja þessar orkulindir. Áform eru á prjónunum um að stækka hitaveitu Reykjavíkur frá því, sem nú er. Sú hitaveita, sem nú er, sér um 75% af íbúum höfuðborgarinnar fyrir miðstöðvarupphitun. Áformað er, að stækkun hitaveitunnar nægi til að fullnægja allri upphitunarþörfinni. Aðrar framkvæmdir á þessu sviði eru í undirbúningi, en nánari áætlanir eru ekki fyrir hendi enn þá.

Vöntun á köfnunarefnisáburði hefur vafalaust verið á undanförnum árum sú ástæðan, sem einna mest hefur dregið úr framleiðslu íslenzkra bænda. Enda þótt eitthvað kunni á næstu árum að rætast úr þeim skorti, sem nú er á tilbúnum áburði í heiminum, hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að byggja áburðarverksmiðju, og liggja til þess eftirfarandi höfuðástæður.

1) Til að spara og afla erlends gjaldeyris. Áætlað er, að innanlandsþarfir nemi allt að 3500 smál. af köfnunarefnisáburði árið 1952, og gætu því 4000 smál. komið til útflutnings, miðað við 7500 smál. verksmiðju.

2) Til að tryggja jarðrækt á Íslandi nægilegt magn af áburði, svo að hún haldi áfram að aukast, og minnka þannig innflutningsþarfir fyrir fóðurkorn, sem greiða verður í dollurum.

3) Til þess að nota afgangsraforku, en af henni mun hægt að fá nægilegt magn árið 1950—51.

4) Til þess að styrkja atvinnu- og efnahagsafkomu Íslendinga með því að auka fjölbreytni í framleiðslu þeirra.

Í þeim áætlunum, sem nú hafa verið gerðar um byggingu áburðarverksmiðju, er gert ráð fyrir 7500 smál. framleiðslu af köfnunarefnisáburði á ári. Byggingarkostnaður er áætlaður 6,9 millj. dollara, en af þeirri upphæð munu 3,8 millj. dollara þurfa að greiðast í erlendum gjaldeyri. Talið er, að meginhluti véla til verksmiðjunnar muni keyptur frá Bandaríkjunum, enda þótt reynt muni af fremsta megni að fá sem mest af þeim frá þátttökuríkjunum.

Þess er vænzt, að byggingarframkvæmdir hefjist árið 1949 og taki 2—3 ár. Áætlað er, að greiðslur fyrir innfluttar vélar og útbúnað komi á eftirgreind tímabil og skiptist á milli dollaralanda og þátttökuríkja sem hér segir (í þús. dollara):

	Bandar.	Þáttt.r.
1949—50	1150	175
1950—51	1100	375
1951—52	1000	
Samtals	3250	550

Bygging sementsverksmiðju á Íslandi hefur verið fyrirhuguð um nokkurra ára skeið. Vegna skorts á innlendu byggingarefni eru flest hús á Íslandi byggð úr steinsteypu. Innflutningur Íslendinga á sementi árið 1946 var 73.000 smál. og 64.000 smál. árið 1947, að cifverði 1.8 millj. dollara hvort ár.

Í marzmánuði 1948 samþykkti Alþingi lög, þar sem ríkisstj. var heimilað að reisa sementsverksmiðju og afla láns til framkvæmda. Sú verksmiðja, sem nú er áformað að reisa, mun framleiða 75.000 smál. á ári, en það er talið nægilegt til að fullnægja þörfum innanlands. Byggingarkostnaður slíkrar verksmiðju er á-

ætlaður um 3 millj. dollara, en af þeirri upphæð þarf að greiða 1.5 millj. dollara í erlendum gjaldeyri. Ætlunin er að byggja sementsverksmiðjuna á árunum 1950—52, en hún mun verða knúin með raforku. Greiðslum fyrir innfluttar vélar og útbúnað mun verða að haga svo (í þús. dollara):

	USA	Þátttr.ríkin
1949—50	300	300
1950—51	300	230
1951—52	300	70
Samtals	900	600

Athugað hefur verið, hvort unnt mundi að fá vélar frá þátttökuríkjum, en þær athuganir hafa leitt í ljós, að afgreiðslutími mundi þá verða mun lengri en ef vélarnar væru keyptar í Bandaríkjunum. Þetta mun þó verða athugað nánar.

Frá styrjaldarbyrjun hafa allar kornvörur til Íslands verið fluttar inn frá Kanada og Bandaríkjunum, aðallega hveitimjöl og malað korn. Til þess að spara dollara hefur verið hafinn undirbúningur að byggingu kornmyllu, sem afkasti árlega 12.000 smál., en afköstin gætu með góðu móti orðið aukin í 20.000 tonn.

Heildarbyggingarkostnaður þessarar myllu er áætlaður um 1 millj. dollara, en af þeirri upphæð þyrftu um 700 þús. dollarar að greiðast í erlendum gjaldeyri. Vélar frá Bandaríkjunum munu væntanlega keyptar fyrir aðeins 50 þús. dollara, en aðrar vélar og byggingarefni mun verða keypt frá þátttökuríkjunum.

Áætlað er, að kornmyllan verði byggð á árunum 1950—52.

Þegar þessar framkvæmdir allar eru dregnar saman, verður heildarkostnaður eins og hér segir:

	Millj. doll. Erlendur gjaldeyrir	Millj. doll. Innlendur kostnaður
2+10 togarar og viðhald	9,44	
Síldarverksm. og fleira	2,3	2,5
Lýsisherzluverksm.	0,8	0,4
Fiskimjölsverksm.	0.6	1,0
Kaupskip	10,83	
Hraðfrystihús og iðjuver	1,75	2,25
Þurrkvíar og skipasmíðast.	1,5	2,8
Landbúnaðarvélar	9,5	
Raforkuvinnsla	8,2	11,8
Raflínuefni	4,3	2,0
Áburðarverksmiðja	3,8	3,1
Sementsverksmiðja	1,5	1,5
Kornmylla	0,7	0,3
Samt. millj. doll.	55,25	27,65

eða 361,69 millj. kr. erl. gjaldeyris
og 181,11 millj. kr. ísl. gjaldeyris.

542,8 millj. kr. samtals,
eða 135,7 millj. kr. á ári að meðaltali.

Það liggur í augum uppi, að þessi fjögurra ára áætlun, eins og hún er fram sett hér og eins og hún hefur verið send efnahagssamvinnustofnuninni í París, er nánast að kalla óskalisti og drög að áætlun, því að á þeim stutta tíma, sem var til ráðstöfunar við samningu hennar, var hvergi nærri hægt að gera tæmandi rannsókn á ýmsum atriðum, sem þó skiptu höfuðmáli.

Að samningu þessarar áætlunar og raunar allra þeirra, er gerðar hafa verið, hafa unnið þeir Þórhallur Ásgeirsson skrifstofustjóri, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, og frá fjárhagsráði þeir dr. Oddur Guðjónsson og Sigtryggur Klemenzson, en þeir hafa svo aftur haft samráð við þá aðila flesta á sviði atvinnulífsins og ríkisstofnanir, sem áætlunin snertir, og fengið upplýsingar frá þeim.

Nokkur atriði, sem í áætluninni eru talin, eru þegar komin til framkvæmda, um önnur hefur verið samið og framkvæmdir ákveðnar, en langflest þeirra eru á undirbúningsstigi og hafa verið það lengi, án þess að lengra yrði komizt af ýmsum ástæðum, gjaldeyrisskorti, féleysi o. fl.

Hér hefur komið upp í hendurnar á okkur, svo að segja, tækifæri, sem er alveg einstakt og kannske eini möguleikinn í fyrirsjáanlegri framtíð til að gera þessar hugmyndir að veruleika.

Ég viðurkenni að vísu, að hér er um stórkostlega fjárfestingu að ræða á okkar mælikvarða, þegar tillit er tekið til þess, að þar fyrir utan kemur svo hin venjulega fjárfesting, húsbyggingar, vegagerðir, brúarbyggingar, hafnargerðir o. s. frv. — og þegar þess er gætt, að framleiðslustarfsemin í landinu má ekki líða við það að missa vinnukraft yfir í þessar fjárfestingarframkvæmdir.

Ríkisstj. hefur þó viljað setja markið þetta hátt og mun leitast við að fella öll þessi atriði inn í áætlanir næstu fjögurra ára, eftir því sem möguleikar frekast leyfa og fé og vinnuafl verður fáanlegt til.

Mér er kunnugt um, bæði frá fundi viðskiptamálaráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í Stokkhólmi fyrir rúmum mánuði, og af þeim fjögurra ára áætlunum þátttökuríkjanna, sem hingað hafa borizt, að þátttökuríkin hyggja á miklar fjárfestingar á svipaðan hátt til skjótrar uppbyggingar efnahagsstarfsemi sinnar á þessu tímabili og að allar meiri háttar framkvæmdir hjá þeim eru miðaðar við Marshallaðstoðina.

Það eru nú liðnir 3—4 mánuðir síðan Marshallsamningurinn var undirritaður. Á þessu tímabili hefur komið til framkvæmda:

1. Að Íslendingum hefur verið úthlutað 11 millj. dollara á fyrsta ári, til 30. júní n. k.
2. Lán að upphæð allt að 2,3 millj. dollara hefur verið tekið til að byggja upp síldariðnað við Faxaflóa, kaupa síldarvinnsluskip o. fl.
3. Sala á síldarlýsi og síldarmjöli til Evrópu, að upphæð 1,9 millj. dollara, hefur verið greidd í dollurum af þessu fé og þannig bætt úr yfirvofandi dollaraskorti í sumar.
4. Í gegnum þetta greiðslukerfi verður unnt að selja eftirstöðvar okkar af hraðfrystum fiski fyrir um 3,5 millj. dollara og vinna þannig tvennt í senn, losna við fiskinn fyrir gott verð og afla nauðsynlegra dollara.

Ef þannig verður fram haldið eins og byrjað er, má gera sér miklar vonir um, að þessi samn-

ingur hafi ómetanlega þýðingu fyrir Íslendinga næstu 4 ár, og raunar miklu lengur fyrir þau framleiðslutæki, sem við eignumst á þessu tímabili.

Mér þykir rétt að taka fram að lokum, að gefnu tilefni, að fulltrúar Bandaríkjanna, bæði í París og Washington, hafa jafnan haldið því fram, að við ættum fyrst og fremst að einbeita öllum okkar viðskiptum til Evrópulandanna — þátttökuríkjanna — á þeirri stefnu byggist öll von um viðreisn þessara landa í efnahagsmálum, frá Ameríku kæmi ekki til greina að kaupa nema þær vörur, sem ekki væri unnt að komast af án með góðu móti og ekki væri hægt að kaupa í Evrópu. Allt tal um kaup á afgangsvörum frá Bandaríkjunum, sem verið sé að neyða upp á þátttökuríkin, er hreinn uppspuni.

Þegar reiknað er með öllum þeim framkv., sem 4 ára áætlunin gerir ráð fyrir, og raunar mörgum fleirum, er áætlað, að Íslendingar muni geta jafnað dollarahallann á árinu 1952—53 og þó búið við allgóð lífskjör. Þessi ályktun byggist á því í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir, að þátttökuríkin muni þá geta látið Íslendingum í té nauðsynjar, sem nú er aðeins hægt að fá frá Bandaríkjunum, og í öðru lagi, að Íslendingar geti aukið útflutning sinn úr 3,4 millj. dollara, sem hann er ætlaður 1948—49, í 6 millj. dollara árið 1952—53, og þá er megintilganginum náð, en hann er sá fyrst og fremst, að ná þessum dollarajöfnuði.

Forseti (JPálm): Ríkisstj. hefur nú lokið skýrslu sinni og verða umr. um hana að bíða næsta fundar.

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var skýrslan tekin til umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. þóttist boða þjóðinni mikil gleðitíðindi í skýrslu þeirri er hún flutti í gær um svokallaða efnahagssamvinnu Evrópuþjóðanna; — hún hefði með samningum við Bandaríki Norður-Ameríku tryggt afkomu Íslendinga, skapað þeim möguleika til að selja afurðir sínar, afla stórfjár til áframhaldandi nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar, og enn fremur hefði hún gert fjögurra ára áætlun um þá nýsköpun í samræmi við hina nýju möguleika til fjáröflunar — áætlun, sem í öðru orðinu var þó nefnd hinu hógværa nafni: óskalisti —, og ætti þannig allur grundvöllurinn að vera úr sögunni fyrir bölsýnissóninum, sem lengst hefur kveðið við og hæst hjá Framsfl.

Ég mun nú taka ofur lítið fyrir þrjú aðalatriði í þeim boðskap — þeirri skýrslu, sem ríkisstj. flutti hér á Alþ. í gær, og veita ef til vill nokkrar upplýsingar til viðbótar um atriði, sem stj. lét hjá líða að minnast á. Er þá fyrst að vikja að hinni svokölluðu efnahagssamvinnu Evrópuþjóðanna.

Hæstv. utanrrh. lýsti yfir því, að ekki þyrfti nú framar að kvíða neinu um afkomu Íslendinga, verzlun okkar væri svo háttað, að einungis 15% hennar væru við lönd „austan járntjaldsins", en 85% við þau lönd, sem þátt tækju í þessari efnahagssamvinnu; það hefði verið svo, og á ræðu hans skildist, að þannig hlyti það að verða framvegis; með aðild okkar að efnahagssamvinnunni væri afkoman tryggð og öryggi skapað í afurðasölumálunum. Lega landsins, sagði hann, væri slík, að viðskiptalega heyrðum við vestrinu til, afkoma okkar væri því trygg, ef við tækjum ekki upp á því að færa landið til í Atlantshafinu. Mér virtist eins og hann gengi út frá því sem gefnu, að ný og fullkomin skip okkar væru ófær um að sigla nokkuð lengra en rétt til næstu strandanna, þó að við sigldum til dæmis með fiskinn til Grikkland fyrir stríð; þó að forfeður okkar færu á sínum smáu skipum til Kænugarðs, þá þyrftum við ekki að hafa fyrir því nú, allt væri tryggt með efnahagssamvinnunni — lega landsins skipaði okkur í vestur og ekkert meira um það.

Þetta er þá hið fyrsta, sem rannsaka þarf. Er þetta öruggt, að þótt við höfum selt 85% framleiðslu okkar til þessara landa, þá muni svo verða hér eftir sem hingað til?

Ég hefði gengið út frá því, að ávinningur okkar Íslendinga við aðild að þessari efnahagssamvinnu hlyti fyrst og fremst að verða sá, að okkur væru tryggðir markaðir í Evrópu áfram. Ég hef lagt það svo niður fyrir mér, að okkur Íslendingum væri lífsnauðsyn að afla okkur markaða alls staðar þar, sem hægt væri að selja afurðir okkar, og án tillits til þess, hvaða stjórnarfar ríkti í viðkomandi löndum; við þetta þyrftum við að miða allar okkar áætlanir, rannsaka, hvar slíkra viðskiptasambanda væri helzt að leita, og selja til þeirra landa, sem vildu kaupa.

Nú er það svo, að þau lönd, sem fyrst og fremst taka þátt í þessari efnahagssamvinnu, hafa verið og eru — eins og t. d. England, Noregur, Holland og Frakkland — miklar fiskveiðiþjóðir, sem hafa jafnvel sótt alla leið hingað á Íslandsmið. Það er því augljóst, að ef hæstv. ríkisstj. ætlaði að tryggja afkomuöryggi Íslendinga með efnahagssamvinnu við þessi lönd, þá hlaut hún að leggja á það höfuðáherzlu, að Íslendingum væri tryggt, að þeir fengju að belta sér að fiskveiðum, þar sem það er sá atvinnuvegur, sem afkoma þeirra hvílir á, og að þeim væru tryggðir markaðir í þessum löndum.

Hefur hæstv. ríkisstj. þá gert þetta? Hefur hún reynt að leggja þennan grundvöll, sem afkomuöryggi okkar í slíkri efnahagssamvinnu hlýtur fyrst og fremst að hvíla á? Hæstv. ríkisstj. láðist í gær að skýra frá nokkrum afrekum af sinni hendi í þá átt. Henni láðist að skýra Alþ. frá þeim skýrslum, sem liggja fyrir efnahagsnefnd samvinnustofnunar hinna 16 Evrópuþjóða, og árangrinum af samningum um að breyta svo til, að Ísland fái trygga markaði í þessum löndum. — Það er nauðsynlegt, að allar þær skýrslur komi fram, en til bráðabyrgða skal ég bæta svolítið úr því, sem hæstv. ráðherrum láðist í gær, og lofa hv. þm. að heyra, hvernig útlitið er með afurðasöluna samkvæmt áliti efnahagssamvinnustofnunar Evrópuþjóðanna.

Ég hef hér skýrslu frá hæstv. ríkisstj., sem gefin er út af The Committee of European Economic Cooperation, eða þeirri nefnd, sem annast efnahagssamvinnu Norðurálfuríkjanna. Skýrslan er frá 1947, og er þar fjallað um ýmsa þætti framleiðslunnar í þessum löndum, svo sem landbúnað, fiskveiðar o. s. frv. og ástand og horfur í þeim efnum. Um fisksölumál er fjallað í 35. gr. á bls. 19, og skal ég lesa það fyrst á enskunni, svo að ekki fari milli mála. Þar segir svo:

„The quantities available for export will increase in 1950—51 by 600,000 tons or 55 per cent. over the 1934—38 average. Stated import requirements in 1950—51 in participating countries amount to about 750,000 tons (or little above the pre-war average), leaving nearly 1,200,000 tons over the stated needs of participating countries."

Þetta þýðir nokkurn veginn, að það magn, sem til er til útflutnings, mun vaxa 1950—51 um 600 þús. tonn, eða um 45% fram yfir meðaltalið 1934—38. Innflutningsþörfin í þátttökuríkjunum 1950—51 er talin 750 þús. tonn (eða nokkru hærra en meðaltalið fyrir stríð), svo að þannig verður 1 millj. og 200 þús. tonn umfram það, sem þátttökuríkin telja sig þurfa. — Í næstu grein er sagt, að sum löndin eigi þegar við mikla útflutningsörðugleika að stríða, m. a. vegna markaðserfiðleika í Vestur-Þýzkalandi, og samkv. skýrslunni nemur framleiðslan sem sagt umfram þörf 1 millj. og 200 þús. tonnum. Niðurstaðan er því sú, hvað fiskinn snertir, að það er yfirvofandi kreppa nú þegar, og lagzt hefur verið undir höfuð að skipa málum svo, að þær þjóðir — eins og við Íslendingar, sem mest eiga undir fiskframleiðslu sinni, fengju að stunda hana, en hinar þjóðirnar einbeittu sér að öðru, en aðeins með því móti hefði útflutningur okkar verið tryggður.

Hefur annars hæstv. ríkisstj. snúið sér að því að fá þessu framgengt? Frá henni hefur ekki heyrzt eitt orð um það — hún steinþegir og vanrækir það verkefni, sem fyrst og fremst lá fyrir henni. Mér finnst það slæm frammistaða hjá hæstv. ráðh. er þeir leggja skýrslu sína fram og lofa þjóðinni afkomuöryggi með fögrum orðum, en ganga algerlega fram hjá þeim vandamálum, sem eru grundvallareðlis, þegar um afkomuöryggi okkar er að tefla.

Hafa þá þessar þjóðir sýnt þá tilhliðrunarsemi og það bróðurþel gagnvart minnstu þjóðinni, að þær dragi úr sínum fiskveiðum, svo að aðalatvinnuvegi okkar sé ekki stefnt í voða? Því fer fjarri. Það er þvert á móti vitað mál, að þær búa sig undir að auka fiskframleiðslu sína sem mest. Það er fróðlegt að athuga, hvað Fiskeribladet norska hefur t. d. að segja um þessi mál. Í blaðinu frá 9. sept. 1948 er grein, sem hefur fyrirsögnina: „Tyskerne vil fordoble sine Fiskerier neste år." Segir þar m. a. svo: „Aftenpostens korrespondent i London telegraferer: En sak af stor betydning for Norge kommer opp når den økonomiske politikk i Vest-Tyskland skal behandles i Underhuset i neste sesjon. En sterk fraksjon av Labour-Partiet vil kreve at den politikk, som går ut på å rive ned fabrikker i Tyskland og forby tyskerne å fabrikere en rekke produkter i konkurranse med vestmakterne, blir opgitt. — — Når det gjelder fiskeriene, gjør den opfatning seg gjeldende, at Tyskland må få full frihet og likestilling med andre Nordsjö-land. Man får et tydelig vink om dette hvor det på redaksjonell plass framholdes at det er meningsløst å tvinge tyskerne til å importere fisk og sild fra Norge og Island, mens tyske fiskefartøjer ligger uvirksomme i de tyske nordsjøhavnene, og tyske sjøfolk og fiskere forgjeves søker etter arbeid. — — — Etter de undersøkelser som bladets korrespondent har foretatt, er det grund til å tro at en utvidelse av de tyske havfiskerier meget snart vil komme opp til overveielse. — — Amerikanerne har fra begyndelsen vært i mot forbud av noen art. — — Som følge av Marshall-hjelpen er det imidlertid å vente at den amerikanske innflytelse på den økonomiske utvikling i Vest-Europa, særlig i Tyskland, snarere vil øke enn avta."

Ég þarf ekki að þýða þetta. Allir munu skilja, hver er mergur málsins, sá, að í London séu mjög sterk öfl í verkamannaflokknum, sem standi með Bandaríkjamönnum að því, að unnið verði að eflingu þýzka fiskveiðiflotans; það séu hagsmunir Bandaríkjanna, og áhrifa þeirra í því efni muni gæta enn meir vegna Marshallaðstoðarinnar.

Í öðru blaði hins sama dagblaðs, frá 2. sept. 1948, er sagt frá því, að samvinna sé hafin milli Englendinga og Þjóðverja um fiskveiðar — á þessa lund: „Etter hva Fiskeribladet erfarer, har flere britiske trålerredere i den senere tid leiet båtene sine ut til tyske rederier. Båtene blir drevet med tysk mannskap, og fisken går til tysk konsum. — — Vi må i Norge være klar over at tyskerne, etter opmuntring fra vestmakterne, kommer til å gjenreise fiskerflåten på langt kortere tid enn vi har regnet med."

Það sést glöggt af þessu, að Norðmenn óttast, að verið sé að kippa grundvellinum undan fiskverzlun Noregs og Bretar og Bandaríkjamenn hafa samvinnu um að auka fiskframleiðslu Þjóðverja, og þeir búa sig undir af fullum krafti að auka flotann. Og ef það væri reynt af ráðherrunum að segja sannleikann í stað gyllinganna, þá mundi koma í ljós, að þarna er ekki um samvinnu að tala, heldur vægðarlausa samkeppni, þar sem hinir stóru munu knosa þá smáu. — Það er leitt að hæstv. ráðh. skuli láta undir höfuð leggjast að skýra frá þessum hlutum og segja þjóð sinni sannleikann um þá. — E. t. v. afsakar ríkisstj. sig með því, að henni hafi verið ókunnugt um þetta. En það er sjálfsagt ekki rétt, því að t. d. hefur birzt í sjálfu málgagni forsætisráðherrans í byrjun febr. s. l. skýrsla, sem ljóst er af, hvað okkar muni bíða. Skýrslan er samin af sérfræðingum Marshalláætlunarinnar; fjallar hún um framtíð Íslands og atvinnuhorfur, og sjálft kemst Alþýðublaðið svo að orði í grein um hana 16. janúar: „Í kaflanum um Ísland í skýrslunni segir, að búizt sé við, að um 1950 verði framboð á fiski orðið meira en eftirspurnin, og gerir því skýrslan ekki ráð fyrir að framlag Íslands hafi mikla

þýðingu eftir þann tíma.“ M. ö. o. — við Íslendingar gátum fengið að framleiða fisk handa Þjóðverjum meðan þeir syltu og meðan þeir væru að koma sér upp flota, en þegar því væri lokið, þá væri ekki meira við framlag Íslendinga að gera — eða eins og þarna stendur eftir 1950. Þetta er það, sem stj. hefði mátt vita, að beið okkar. Það er hægt að nota okkur fyrstu árin, meðan matvælaskorturinn er sem mestur, síðan er hægt að sparka í okkur. „Der Mohr hat seine Dienst getan, der Mohr kan gehen.“ Þrællinn hefur gert skyldu sína og getur farið. En þessi hlið málsins er ekki rædd. Hæstv. ríkisstj. lýsir yfir afkomuöryggi 1952, og þótt svo kunni að fara, að þá verði allt sokkið, gerir það ekkert til! Það er eins og það eina, sem við þurfum, séu dollarar, um annað er ekki rætt. Hæstv. ríkisstj. hét okkur afkomuöryggi, en henni láðist að ræða nánar grundvöllinn fyrir því. Henni láðist að geta um þá markaði, sem hún hefði tryggt okkur, enda hefur henni ekkert orðið ágengt í þeim efnum, en áætlunin liggur fyrir.

Allar fiskveiðiþjóðir hugsa um að auka fiskframleiðslu sína, og það veit hver maður, að þær þjóðir, sem búa austan við hið margumtalaða járntjald, hafa engan frið fyrir fiskveiðiþjóðum Evrópu, svo áfjáðar eru þær að selja þeim fisk. Norðmenn, Englendingar, Hollendingar, Danir og Svíar eru að gera samninga við þessar þjóðir, þar sem áherzla er lögð á fisk. Án efa er Ísland látið út undan, það er þessum þjóðum í hag, að Ísland sofi. Alþingi er ekki látið vita um þetta, og því er leynt fyrir þjóðinni. En það er of seint að uppgötva það 1951, að við höfum vanrækt að gera það, sem okkur bar að gera. Þrátt fyrir samvinnu þjóðanna á Parísarfundinum skulum við ekki vera þau börn að halda, að stórþjóðirnar hugsi ekki um sinn hag eða láti hið svo kallaða járntjald hindra sig frá samningum. Forustumenn þessara þjóða í fjármálum og viðskiptamálum eru það vel að sér, að þeir vita, að þar eru öruggir markaðir. Það er leitt að vita, að hæstv. ríkisstj. skuli í stað góðrar, raunverulegrar áætlunar hafa hægt og bítandi undirbúið gjaldþrot á sviði verzlunarmálanna 1952. Þá mun verða lítið eftir af áætlun hæstv. ríkisstj. og koma í ljós, að við höfum látið þessar þjóðir plata okkur. Þegar við þá stöndum uppi markaðslausir, stoðar það lítið, þótt hæstv. ráðh. komi og segi: Við héldum, að þær væru heiðarlegar og hægt að taka mark á þeim. Það er lítil huggun. Það, sem þarf að gera nú, er að afla markaða, og það gerir stj. ekki. Þvert á móti hefur hún verið að eyðileggja þá markaði, sem nýsköpunarstj. vann. Árin 1946 og 1947 voru gerðir samningar við Sovétríkin og Tékkóslóvakíu, sem voru það stórir, að ætla mátti, að þangað væri hægt að selja ⅓ eða allt upp í 40% af framleiðslunni. Möguleikarnir voru fyrir hendi, en hæstv. ríkisstj. hefur í blindni, svo að ekki sé meira sagt, eyðilagt þessa byrjun. Samningar hæstv. ríkisstj. hafa ekki flutt neitt afkomuöryggi, og stj. hefur ekki getað sýnt fram á það. Verzlunarpólitík hæstv. ríkisstj. er órjúfanlega tengd Bandaríkjunum og leiðir til þess, að við eyðileggjum áframhald nýsköpunarinnar. Þetta vildi ég hafa sagt viðvíkjandi þeim þætti, sem hæstv. utanrrh. ræddi fyrst.

Þá skal ég taka fyrir Marshallsamninginn eða samning hæstv. ríkisstj. við Bandaríkin, sem sérstaklega er gerður að umræðuefni hér. Ég geri þó ráð fyrir því, að hann komi hér til umr. síðar og að um hann verði þá rækilegri umr.

Það er þá fyrst til að taka, að það er skrýtið, hvernig ákvörðunin um þennan samning var tekin. Við vorum komnir saman hér á Alþingi í marzlok 1947, og lögð var á það áherzla að flýta þinginu. Rétt á eftir, eða 3. apríl, samþ. þing Bandaríkjanna l. um aðstoðina, og virðist íslenzka stj. þá hafa verið búin að ákveða að semja, en viljað senda þingið heim áður. Þann 8. apríl heldur hæstv. utanrrh. ræðu á fundi í Varðarfélaginu um Marshallaðstoðina, og sama kvöld halda hæstv. menntmrh. og Hermann Jónasson ræður um aðstoðina á fundi í félagi framsóknarmanna í Reykjavík. Í Tímanum er því lýst yfir, að ákveðið hafi verið að gera Marshallsamninginn, og því er enn fremur lýst yfir, að ekkert sé við hann að athuga. Þann 3. apríl eru l. samþ. af þingi Bandaríkjanna, og þar sem sendiherra okkar í Bandaríkjunum fer aldrei hænufet þaðan, nema þá eins og nú til að sitja fund sameinuðu þjóðanna í París, þá skyldi maður ætla, að hann hefði þegar í stað símað hæstv. ríkisstj. um innihald l. Til einhvers höfum við utanríkisþjónustuna. En 8. apríl, er hæstv. utanrrh. talar í Reykjavík, veit hann ekki, hvernig l. eru, og segir því ekki frá hlutum, sem eru aðalatriðið og hann fyrst síðar rekur sig á. Þegar áður nefndar ræður voru haldnar, höfðu þeir haft fyrir sér eitthvað frv., en ekki kynnt sér l. Þeir vissu ekki um ákvæði laganna um fjárfestinguna, um jafnrétti Bandaríkjanna til fjárfestingar. Ef utanríkisþjónustan væri í lagi, hefði þetta strax verið símað heim, og hæstv. ríkisstj. hefði getað kynnt sér málavexti. Í stað þess er hlaupið í flokksfélögin og sagt, að sjálfsagt sé að gera samninginn, áður en vitað er um innihald hans. Svo upplýsir Þjóðviljinn þetta atriði, og þá áttar hæstv. ríkisstj. sig. Þetta er sláandi dæmi um það, hvernig milliríkjasamningar eru gerðir, án þess að vitað sé, um hvað er verið að semja. Slíkt er auðvitað óþolandi og bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. sé ekki sjálfri sér ráðandi. Þetta vildi ég segja um undirbúning málsins.

Þá er meðferðin á sjálfri samningagerðinni lagabrot. Málið hefði átt að leggja fyrir utanrmn. og ræðast þar, ekki bara „principielt“, heldur nákvæmlega lið fyrir lið, svo að nm. gætu rannsakað það, án tillits til fyrir fram skoðana.

Samningurinn er einnig brot á stjskr., þar sem hann leggur kvaðir á land og þjóð, án þess að samþykki Alþingis væri fengið. Stjórnarfarsleg meðferð málsins, að gera samninginn án þess að kalla Alþingi saman, stríðir einnig á móti anda laganna, enda hefur engin önnur Norðurálfuþjóð farið svo að, svo að mér sé kunnugt. Það er ekki nægilegt, að hæstv. ríkisstj. láti sína þm. vita um málið og fylgjast

með því. Það er ekki gefið, að hæstv. ríkisstj. láti þm. vita um allt, sem komið getur fram á Alþingi, og þó að hæstv. ráðh. séu gáfaðir og fróðir, vita þeir ekki allt. Út frá sjónarmiði lítillar þjóðar er það óhyggilegt að ganga að samningum eins og þessum með slíku offorsi.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um samninginn sjálfan. Með ákvæðunum í II. kafla, 1. gr. c-lið, er verið að skuldbinda Íslendinga til að taka tillit til annarrar þjóðar við samningu fjárlaganna, en um fjárlögin á Alþingi eitt að fjalla. Með þessum ákvæðum fá Bandaríkin áhrif á fjárlög og gengi á Íslandi, svo að maður nú ekki tali um þá praktisku aðstöðu, sem Bandaríkin hafa til að hafa áhrif á gengið með svörtum markaði á Keflavíkurflugvelli undir umsjón hæstv. ríkisstj. Þessi ákvæði eru stórhættuleg.

Þá eru það ákvæðin varðandi rannsókn á auðlindum landsins. Auðhringar Bandaríkjanna eru nú alls staðar í veröldinni að reyna að ná undir sig náttúruauðæfum og orkulindum. Hér eru gífurlegar orkulindir ónotaðar og því fyllsta ástæða til að vera hræddur við slík ákvæði.

Bandaríkjunum er einnig veittur réttur til þess að hafa hér eftirlitsnefnd til þess að hafa eftirlit með efnahag okkar. Enn hefur að vísu engin nefnd verið send hingað, heldur annast sendiráðið þetta, en ýmsar stofnanir verða nú fyrir daglegum heimsóknum, skýrslur eru heimtaðar og hnýstst í allt. Þannig er verið að leggja fjármál Íslands fyrir auðmenn Ameríku eins og opna bók. Við erum skyldugir að gefa upplýsingar, og þessar upplýsingar fara síðan til hringanna og gefa þeim aðstöðu til þess að grípa inn í, þar sem þeir óska.

Þá er með 10. gr. verið að taka dómsvaldið úr höndum Íslendinga, þar sem gert er ráð fyrir, að málum, sem upp kunna að koma, verði áfrýjað til alþjóðadómstólsins. Með þessu er réttaröryggi íslenzkra borgara rýrt og verið að selja þá undir erlent dómsvald.

Eins og ég sagði áður, geri ég ráð fyrir því, að tækifæri gefist til að ræða þetta mál rækilegar síðar, en ég vil þó enn taka fyrir tvö—þrjú þýðingarmestu atriðin.

Á síðasta Alþingi var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að taka 2 millj. kr. lán. Þegar þessi l. voru fyrst til umr. í Ed., gerði fulltrúi sósíalista í fjhn., hv. 4. landsk., fyrirspurn um það, hvort lánsheimildin mundi aðeins gilda fyrir lán með venjulegum skilyrðum um vexti og afborganir, og hæstv. fjmrh. lýsti því þá yfir, að hann liti svo á. Þegar málið var til meðferðar í fjhn. var um það rætt, hvort ekki væri rétt að bóka þetta, en form. n., hv. þm. Str., lýsti því yfir, að það væri óþarfi, l. heimiluðu aðeins venjulegar lántökur. Nú er hv. þm. Str. fjarverandi, hann er í París á fundi Sameinuðu þjóðanna, en þetta var endurtekið af hæstv. fjmrh. við 2. umr. í Ed.

Þegar málið kom til Nd., kom ég með sömu fyrirspurn og hv. 4. landsk. hafði komið fram með í Ed. og fékk þann skilning staðfestan, að heimildin gilti aðeins um venjulegt lán. Í fjhn. var þetta bókað, og í nál. fjhn. á þskj. 643 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einar Olgeirsson tekur fram, að hann fylgi frv., þar sem fjmrh. hafi lýst því yfir, að samkvæmt því, ef að lögum verði, sé einvörðungu hægt að taka lán með venjulegum skilyrðum um vexti og afborganir, en eigi annars háttar skilyrðum.“ Við 2. umr. í Nd. lýsti hæstv. fjmrh. því enn yfir, að ekki kæmi til mála annað en venjulegt form, og form. fjhn. Nd., hv. þm. V-Ísf., hann er líka fjarverandi, hafði sömu skoðun á málinu og hv. þm. Str. Það liggur því beint fyrir, og er samþ. bókun fjhn. Nd., að samkv. þessari lánsheimild var ekki hægt að taka lán nema með venjulegum skilyrðum.

En hvað skeður svo? Hvað gerði hæstv. ríkisstj. til þess að ná í lán? Þegar málið kom fyrir utanrmn., spurðist ég fyrir um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefði gert í málinu, og fékk þau svör, að ekki hefði getað orðið samkomulag um lán með venjulegum skilyrðum. Ég veit nú ekki, hvað fast það hefur verið sótt af hálfu hæstv. ríkisstj., það hef ég ekki haft tækifæri til að ganga úr skugga um. Hitt veit ég, að amerískir fésýslumenn hafa boðið hingað lánsfé með venjulegum skilyrðum. Þeir hafa t. d. boðið Ísafjarðarkaupstað lán, sem skiptir nokkrum milljónum. Það er því hægt að fá venjulegt lánsfé.

Á fundi utanrmn. spurðist ég fyrir um það, hvort reynt hefði verið að fá lán hjá alþjóðabankanum og gjaldeyrissjóðnum, en Íslendingar eiga þar 2 millj. dollara í hlutafé og því ekki ómögulegt, að hægt væri að fá lán þar. Fulltrúi okkar fyrir þessar stofnanir er hv. þm. V-Ísf., hann varð að ganga af fundi, og ég fékk aldrei upplýsingar um, hvað reynt hefði verið í þessum efnum. Síðar sá ég í blöðunum, að Tékkóslóvakía hafði fengið 12 millj. kr. lán hjá alþjóðabankanum. Þar sem bankinn er undir amerískum áhrifum, hefði það ekki átt að vera erfiðara fyrir Ísland að fá þar lán. Mér er nær að halda, að litlar tilraunir hafi verið gerðar til þess að fá lán hjá þessari stofnun. Hæstv. ríkisstj. getur upplýst, hvaða tilraunir hafa verið gerðar í þá átt. Ég spurði, hvort tilraun hefði verið gerð um að fá lán á þessum grundvelli, því að vissulega var þar um gjaldeyri að ræða, sem að minnsta kosti er jafndýrmætur dollurum, en ég fékk ekki neinar upplýsingar um það. Ég er ákaflega hræddur um, að hæstv. ríkisstj. hafi fyrst og fremst viljað taka þetta lán samkv. Marshallsamningnum. Ríkisstj. hefur í raun og veru látið undir höfuð leggjast að reyna að fá lán með eðlilegum hætti fyrir Íslendinga. Stefna ríkisstj. er ákaflega undarleg, bæði hvað snertir að ganga inn á þessa samninga um okkar afurðir og einnig að ganga inn á 3% vexti af láninu. Mér kom það ákaflega undarlega fyrir, þegar tilkynnt var, að búið væri að ákveða þessi 3% og ganga þannig að utanríkisviðskiptum á grundvelli Marshallsamningsins. Öllum, sem eitthvað fylgjast með fjármálum eftir stríð, er kunnugt um, að það stóð upp undir heilt ár, þegar Englendingar og Bandaríkjamenn sömdu um milljarðalánið, að komast að samkomulagi um, hvað vextirnir ættu að vera háir. Englendingum þótti hart að gengið að þurfa að greiða 2¾%, eins og Banda-

ríkjamenn fóru fram á, að þeir greiddu, þeir vildu komast að samkomulagi um 2%. En nú, þegar Bandaríkin setja fram sínar kröfur við íslenzku ríkisstj., er ekki verið að hika, það er undir eins gengið að því að taka lán með 3% vöxtum. Mér þótti þetta undarleg ráðstöfun hjá hæstv. ríkisstj., því að ég trúði því varla, að aðrar þjóðir, sem taka slík lán, mundu svo fljótt ganga inn á slíkar kröfur Bandaríkjanna. Skýringin kom líka fljótt. Íslendingar eru fyrsta þjóðin, sem tekur slíkt lán, og þeir eru látnir skrifa undir samninginn um lán með 3% vöxtum. Ísland, landið, sem sízt þurfti að taka lán, gengur þarna á undan. Það þurfti sízt allra þjóða að sækja nokkra hjálp til Bandaríkjanna. Ísland átti þarna að vera sem nokkurs konar prufuklútur fyrir Bandaríkjastj. til þess að vita, hvað langt væri hægt að komast í því að færa upp vexti í alþjóðaviðskiptum og tryggja Bandaríkjastj. hærri vexti af lánum, sem hún veitir Evrópuþjóðunum, heldur en hún gat knúið fram, þegar Englendingar áttu bágast og þurftu á hennar hjálp að halda. Íslenzka ríkisstj. var þess vegna látin skrifa undir samninginn, og hún var ekki lengi að hika, hún var ekki að hafa fyrir að leggja málið fyrir utanrmn. eða hv. Alþ. Nei, það átti að skáka í því skjóli, að vextir í Landsbankanum hafa verið svo háir sem öll íslenzka þjóðin þekkir, en hún treysti því, að þjóðin fylgdist ekki eins vel með alþjóðafjármálum og að þjóðin héldi þess vegna, að þessir 3% vextir væru afbragð í samningi ríkisstj. og þarna hefði hæstv. ríkisstj. tekizt svo afskaplega vel að semja við þetta erlenda ríki, þegar Landsbankinn okkar væri svona dýr.

Hvað skeður svo, þegar Bandaríkin fara að ræða við aðrar þjóðir og aðrar ríkisstj. um þessi mál, þjóðir, sem hafa ólíkt meiri hugmynd um alþjóðafjármál en við hér á Íslandi? Aðrar þjóðir og ríkisstj., sem halda í við Bandaríkjastj., fara öðruvísi að. Þá reka Bandaríkin sig á, að það muni ekki vera hægt að fá 3% vexti af sínu fé, sem þeir veita af sinni miklu samúð til nauðstaddra þjóða Evrópu. Það er svo tilkynnt, að Bandaríkin hafi lækkað vextina niður í 2½%, þegar það þótti sýnilegt, að ekki væri hægt að fá aðrar þjóðir til þess að ganga inn á þá samninga, sem íslenzka ríkisstj. lét sig ekki muna um að ganga inn á og skrifa undir. Ég held, að það hafi verið alveg óhætt fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja málið fyrir Alþ. og fá það rætt þar, áður en hún undirskrifaði slíka samninga. Þessi lántaka, sem þarna hefur átt sér stað, brýtur alveg í bága við þá heimild, sem Alþ. hefur gefið ríkisstj. Ríkisstj. hefur látið nota sig á mjög leiðinlegan hátt, í trausti þess, að íslenzkur almenningur fylgist ekki svo vel með í fjármálum, að hann sjái ekki, hvers konar hlutverk íslenzka ríkisstj. er látin leika þarna.

Það var rætt hér um efni í gær, sem mér kom undarlega fyrir, þegar farið er að athuga málið til hlítar, að ríkisstj. virðist vera komin í vandræði. Í tilkynningu ríkisstj. um þessa aðstoð Bandaríkjanna eins og hún birtist í Morgunblaðinu 15. okt. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Efnahagssamvinnustofnunin veitir Íslandi 3 500 000 dollara gegn því, að samsvarandi upphæð í íslenzkum kr. verði greidd inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, er notist til greiðslu á fiskinum. — Þessi upphæð dregst frá 11 millj. dollara framlagi því, sem Íslandi hefur verið úthlutað fyrir tímabilið 1. júlí 1948 til jafnlengdar 1949.“ Sem sé í tilkynningu ríkisstj. segir blátt áfram, að þessi fjárhæð sé aðeins veitt gegn samsvarandi framlagi, sem lagt sé inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands. Hvaða ákvæði samnings ríkisstj. við Bandaríki Norður-Ameríku er um þann sérstaka reikning? Það er 4. gr. Það er ekki gert ráð fyrir þessum sérstaka reikningi í sambandi við nokkurn skapaðan hlut annan. Morgunblaðið segir beinlínis í leiðaranum 16. okt., með leyfi hæstv. forseta: „Það, sem gerzt hefur, er þess vegna það, að Íslendingum hefur verið úthlutað hluta af þeim dollurum, sem þeir samkvæmt Marshallsamvinnunni áttu kost á að fá að láni eða sem skilyrta gjöf upp í andvirði nauðsynjavöru, sem þeir selja á vegum efnahagssamvinnustofnunarinnar til Vestur-Evrópu.“ Með öðrum orðum, þarna er beinlínis gengið frá því formi og þeirri kröfu, sem okkur er sett frá Bandaríkjunum, að það sé tekið á þennan hátt af því fé, sem við getum fengið að láni, og þess vegna verðum við að ganga með okkar viðskipti í gegnum sérstakan reikning í þessu sambandi. Þegar ríkisstj. er búin að gera svona samning, kemst hún auðvitað í vanda, og hún fer að verða hrædd um fordæmingu þjóðarinnar, þá er breytt um tón. Og 19. okt. segir svo í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta: „Það sanna í málinu er hins vegar það, að ekkert af þessu er rétt. Efnahagssamvinnustofnunin kaupir þennan fisk hreinlega af Íslendingum, borgar þeim hann í dollurum og sendir hann síðan Evrópuþjóðunum, sem taka þátt í Marshalláætluninni. Andvirði hinnar seldu vöru er hins vegar dregið frá þeirri heildarupphæð, sem Íslendingum hefur verið ætluð af Marshallfé fram til miðs næsta árs.“ Með öðrum orðum, blað hæstv. utanrrh. er orðið tvísaga á þremur dögum. Það er komið svo, að ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð, hvernig hún á að snúa sér út úr þessu, og það er satt að segja dálítið skiljanlegt, að hún verður þarna tvísaga, vegna þess að hún hefur komið sér í mjög óþægilega aðstöðu, sem sýnir um leið, í hvert öngþveiti hún er búin að koma okkar afurðasölumálum og fjármálum nú sem stendur.

Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir í gær, að Íslendingar hefðu getað fengið 11 millj. kr. í ár hjá Bandaríkjunum annaðhvort sem lán eða sem skilyrta gjöf, en frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj., sem hefur gert þessa samninga, er allt annað heppilegra. Hæstv. viðskmrh. lýsti yfir í gær, að það væri t. d. hægt að nota þetta fé til kaupa á framleiðslutækjum og öðru slíku í Bandaríkjunum. En Íslendingar hefðu getað selt sinn fisk til hinna og þessara þjóða, þar sem þeir hefðu getað haft markaði, en hefðu svo getað fengið þetta lán eða þá skilyrta gjöf. En hvað hefur gerzt? Ríkisstj. er búin með þessu ráðslagi sínu að koma afurðasölumálum okkar

í það öngþveiti, að í staðinn fyrir að geta hagnýtt sér þetta, sem hæstv. viðskmrh. lýsti svo fagurlega í gær, að við gætum fengið þetta sem lán eða sem skilyrta gjöf, þá mun íslenzka ríkisstj. verða að fara til stj. Bandaríkjanna og hvísla að henni: Heyrið nú, elsku vinir, hjálpið mér nú, því að nú er ég í vandræðum. Ég get ekki selt nokkurn hlut af því, sem ég á eftir. Látið nú heita sem þið kaupið af okkur, við skulum í staðinn ekki ganga eftir því láni, sem okkur var ætlað. — Þetta viðurkenndi hæstv. utanrrh. í raun og veru, þegar hann sagði, að þetta dragist frá því láni, sem Íslendingar gætu fengið í Bandaríkjunum.

Það er verið að tala öll ósköp um, hvað hægt sé að byggja upp í landinu, og útmála það, að það sé vegna Marshallsamningsins. En það, sem er að gerast og ríkisstj. segir sjálf, að sé að gerast, er það, að það fé, sem hægt hefði verið að fá sem lán eða sem skilyrta gjöf, er nú verið að nota til þess að selja okkar afurðir fyrir, og mun ég koma betur inn á, hvaða þýðingu þessar aðfarir ríkisstj. hafa fyrir okkur. Þessar aðfarir ríkisstj. þýða í raun og veru það, að við erum á góðum vegi með að komast á nokkurs konar fátækraframfæri hjá Bandaríkjum Norður-Ameríku hvað afurðasölu snertir og þetta tækifæri til lántöku verður að engu í höndum ríkisstj. vegna þess, að hún sér enga möguleika til þess að selja okkar afurðir. Bandaríkjastj. er að fá yfirráð yfir okkar afurðasölu, og í einni af þeim greinum Marshalllaganna, sem ríkisstj. skrifaði undir, en hún kærir sig ekki um að segja frá, er beinlínis ákvæði um það, að Marshalllöndin verði að hlíta sérstökum fyrirskipunum í þessu efni. Vil ég aðeins minna á það, og ég vona, að þessi lög eigi eftir að koma fram fyrir sjónir íslenzku þjóðarinnar, það veitir ekki af, til þess að hv. þm. hafi hugmynd um, að hverju er verið að ganga, að í 117. gr., b-lið, er fjárhagsstjóra, sem Bandaríkjastj. hefur skipað, falið vald til þess að setja viðskiptabann á þau lönd af Marshalllöndunum, sem ekki beygja sig undir framkvæmd ákvæða samningsins, þannig að ef Bandaríkin banna útflutning á sérstökum hlutum úr einstökum löndum, þá er viðkomandi Marshallland skyldugt til að hlýða þeirri skipan. Það er verið að gera utanríkisverzlunina háða Bandaríkjunum með þessu móti, og það er verið að selja yfirráð okkar Íslendinga yfir okkar afurðum og möguleikana til þess að tryggja markaði í Evrópu í hendur Bandaríkjunum.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 8. júlí í sumar, rétt eftir að þessi samningur var samþ., er skýrt frá því, með hvaða hætti þessi samningur er gerður, og er greinin ekki ólík því, að hæstv. utanrrh. hafi skrifað hana. Þar er gerð stutt grein fyrir því, að Ísland hefur samþ. þennan samning. Þar kemur það sama fram eins og komið hefur fram hér við umr., að grundvallarskilyrðið fyrir því, að hægt sé að fá þessa aðstoð, sé í raun og veru það, að við látum af hendi yfirráð yfir okkar afurðasölu og samningurinn sé gerður fyrst og fremst á þeim grundvelli, að við getum selt okkar afurðir. En ef þetta hefði verið hreinskilnislega sagt strax, þá hefði verið hægt að ræða þetta á allt öðrum grundvelli, ef ríkisstj. hefði haft manndáð í sér til þess að koma fram fyrir sína þjóð og segja hreinskilnislega: Bandaríkin hafa sett okkur stólinn fyrir dyrnar, þau ætla að banna okkur að gera okkar afurðasölusamninga sjálfir, og okkur er nauðugur einn kostur að ganga að þeim skilyrðum, sem þau setja. En íslenzka ríkisstj. gengur að þessum kröfum Bandaríkjanna í trausti þess, að þau launi ef til vill með því að skaffa okkur markaði í eitt til tvö ár, og þegar svo Marshallaðstoðinni er lokið, verðum við að ganga inn á ný skilyrði, hvernig sem þau svo verða, en ríkisstj. reynir eftir megni að leyna þjóðina þessu, og það, sem í raun og veru er verst, er, að hún er að spila úr höndum þjóðarinnar möguleikunum, sem þjóðin hefur fyrir vestan og austan járntjaldið, og það er þegar að koma í ljós, að valdið, sem Bandaríkin hafa þannig fengið yfir okkur með þessum aðgerðum ríkisstj., gerir það að verkum, að ríkisstj. er að missa út úr höndum sér markaðsmöguleika, sem við höfum, og einnig þær vonir, sem ríkisstj. hefur verið að gera sér í sambandi við aðstoð frá Bandaríkjunum til uppbyggingar í landinu, og þannig mun verða haldið áfram, meðan þeir, sem landinu ráða, sjá ekki neitt annað úrræði en að vera auðsveipir við Bandaríkin og gera það, sem þau fyrirskipa, ef til vill í trausti þess, að þau launi kannske með því að útvega okkur markaði í eitt eða tvö ár, þó að þau svo síðan reki okkur út á kaldan klaka, þegar Marshallaðstoðinni er lokið, nema því aðeins að við göngum inn á ný skilyrði, sem hún kann að setja okkur.

Ríkisstj. reynir svo eins og hún getur til þess að blekkja þjóðina með fagurgala sínum. Það liðu að minnsta kosti ekki nema nokkrir dagar frá því, að þetta var samþ., og þangað til málgagn hæstv. utanrrh., Morgunblaðið, fór að skrifa um, að nauðsynlegt væri að koma á samvinnu milli Bandaríkjanna og Íslands um virkjun Þjórsár og framleiðslu í því sambandi til útflutnings til Evrópu, og einmitt með Marshallsamningnum opnuðust slíkir möguleikar við auðvald Bandaríkjanna, og í blaði hv. þm. S-Þ., Landvörn, hefur verið minnzt á, að einn af þeim frambjóðendum, sem Sjálfstfl. hefur ákveðið í kjördæmi við næstu kosningar, hafi komið með þá hugmynd, að Bandaríkin og Íslendingar kæmu upp stóriðju í sambandi við virkjun Þjórsár. Það virðist vera að færast nú þegar nýtt líf og áhugi innan Sjálfstfl. um verulega fjárhagslega samvinnu við Bandaríkin og beinlínis stóriðju í sambandi við hana, sem vitanlega þýddi það, að auðvald Bandaríkjanna réði yfir þessu öllu. Fjárfestingarákvæðin eru tvímælalaust hættulegustu ákvæði Marshallsamningsins, þar eð þau veita bandarísku auðvaldinu rétt til fjárfestingar á Íslandi. Eru þannig þrátt fyrir l., eins og þau eru nú á Íslandi, alltaf möguleikar til meiri og minni fjárfestingar með leppmennsku íslenzkra þegna, sem er í því fólgin að eiga eitthvert hlutafé í fyrirtæki, sem áskilið er samkvæmt

íslenzkum l., og ameríska auðvaldið mun varla þurfa lengi að leita að mönnum, sem vilja láta nota sig þannig. Með öðrum orðum, það er möguleiki fyrir Bandaríkin, jafnvel án þess að brjóta opinberlega í bága við íslenzk lög, að byrja þarna leppmennsku og færa sig upp á skaftið og skírskota til ákvæða þeirra í Marshallsamningnum, sem ríkisstj. hefur samþ., meðan þau eru að smeygja inn litla fingrinum, og koma sér þannig lengra og lengra áfram, þangað til þeir geta gleypt okkar efnahagslíf. Það er auðséð, að vissir menn innan Sjálfstfl. hafa augastað á slíkri samvinnu, að geta komið hér upp sem leppar bandarískri stóriðju, sem þjóðin svo ekki ræður við. Hér hef ég þó ekki gert ráð fyrir raunveruleikanum í sambandi við þetta, heldur aðeins rætt um samþykktir og lög. En hver er raunveruleikinn, þegar Bandaríkin eru annars vegar? Við höfum þegar reynsluna. Við höfum gert Keflavíkursamning, og hvernig er ástandið þar? Öll íslenzk lög, sem hægt er að brjóta, hafa verið þverbrotin. Reynsluna höfum við af hæstv. ríkisstj., þegar hún á að sjá um framkvæmdir íslenzkra laga og samþykkta við Bandaríkin. Það er ekki staðið við lagaákvæði, jafnvel þó að um fjárhagslegan gróða sé að ræða. Þótt hægt hefði verið að fá milljónir dollara í skattatekjur, þá er því sleppt. Þetta er reynslan, þegar Bandaríkin eru annars vegar. Sjálfur Marshallsamningurinn er nógu slæmur út af fyrir sig, en þegar við höfum fyrir okkur framkvæmd Keflavíkursamningsins, þá vitum við, á hverju við megum eiga von. Í hvert skipti sem Íslendingur kemur og segir: „Nú er þessi samningur brotinn, og nú færa Ameríkanar sig upp á skaftið og brjóta íslenzk lög," — þá er sagt: „Þið eruð óvinir Bandaríkjanna og eruð að reyna að spilla vináttu Íslendinga og Bandaríkjanna, og við tökum ekki tillit til þess." Ef Íslendingar brjóta lög, þá varðar það tugthúsi, en ef það eru Bandaríkjamenn, þá er ekkert sagt við þá. Þess vegna sé ég það eftir reynslunni, að með þessum Marhallsamningi og þeim framkvæmdum, sem vænta má af honum, er verið að fórna efnahagslegum yfirráðum okkar Íslendinga yfir okkar eigin landi og opna voldugu auðmagni leið inn í okkar land og gefa því möguleika til að ná tökum á verzlunar- og atvinnulífi okkar. Þá verða það ekki lengur Íslendingar, sem ráða í landinu. Nú þegar hefur ríkisstj. gert okkar svo háða Bandaríkjunum, að jafnvel sala á síldar- og fiskafurðum okkar verður að fara fram með samþykki Bandaríkjastjórnar. Með þessu er verið að stofna sjálfstæði Íslands í hættu. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur, og ég vona, að það verði hægt að fá þingmenn til að athuga þessi mál, ekki eftir því, hvar þeir skipa sér í flokk, heldur til að athuga, hvað þarf að gera viðvíkjandi framtíðinni.

Svo komu hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskmrh. að því í ræðum sínum, að það væri ekki nóg fyrir okkur Íslendinga að hafa þennan samning og taka lán, eins og þegar er búið að gera. Við verðum líka að búa okkur undir að þiggja gjafir af Bandaríkjunum. Ég man svo langt, að þegar fyrst var talað um það af ríkisstj., að við Íslendingar tækjum þátt í Marshallaðstoðinni, þá tilkynnti hún, að við mundum koma til með að verða veitendur með þessum samningi. Þá var sagt: „Það eru öll hin stríðshrjáðu ríki í Evrópu, sem eiga við neyð að búa, sem verið er að hjálpa með góðum viðskiptum. Við munum vera með. Við Íslendingar þurfum enga hjálp." Þetta var fyrsta yfirlýsingin. Undir þessu yfirskini átti að fá okkur með í samninginn. Þetta var í samræmi við þann stórhug, sem þá var ríkjandi með þjóðinni, og þá bjartsýni, sem enn þá einkenndi hana, og í samræmi við það traust á sjálfri sér, sem hún þá hafði vegna nýsköpunar atvinnuveganna. Síðan hefur ríkisstj. verið að reyna að fá okkur til þess að hugsa smærra. Næst er imprað á því í Vísi 11. ág. 1947, að við Íslendingar ættum máske að athuga að taka lán í Bandaríkjunum. Það var nú ekki verið að taka undir það. Alþýðublaðið og Landvörn skrifuðu bæði á þá leið, að ekki kæmi til mála að taka útlent lán. Ríkisstj. vissi, að það þýddi ekki enn þá að tala um það við þjóðina að taka lán. Hún vissi, að það þurfti að beygja hana betur, áður en hægt yrði að segja henni að taka lán. Þjóðin mundi eftir því, hvað það þýddi fyrir hana fyrir stríðið að taka lán, og þess vegna þurfti að endurreisa aumingjaskapinn dálítið aftur, áður en þýddi að bjóða henni það. Svo var farið að tala um að taka lán, en þá var því hins vegar lýst yfir, að öðruvísi aðstoð kæmi ekki til greina. Hér á Alþingi 14. okt., fyrir réttu ári síðan, sagði hæstv. utanrrh. — ég held í útvarpsumræðum — þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður er efnahagur margra Evrópuríkja svo slæmur eftir eyðileggingar styrjaldarinnar, að þeim er um megn að standa sjálfar straum af endurreisnarstarfinu. Þess vegna er það von þeirra, að Bandaríkin veiti þeim fjárhagslegan tilstyrk.

Ísland er hins vegar ekki í hópi þeirra þjóða, sem hafa beðið um slíka aðstoð, og við skulum vona, að við berum gæfu til að haga svo málum okkar, að við þurfum ekki á henni að halda."

Þetta voru orð hæstv. utanrrh. fyrir rúmu ári síðan. Það var annað hljóð í hæstv. ráðh. hér í gær. Það þurfti 5 ára styrjöld, ægilegustu og grimmilegustu styrjöld, sem háð hefur verið, með allri þeirri skelfilegustu eyðileggingu, sem mannkynið hefur þekkt, til þess að koma Evrópu þannig á kné, að hún þyrfti að knékrjúpa fyrir Bandaríkjunum um fjárhagslega aðstoð, en ekki nema eins árs stjórn hæstv. utanrrh. og forsrh. til þess að koma Íslandi í þá aðstöðu, miðað við álit hæstv. utanrrh. í fyrra. Svona hefur ríkisstj. notað völdin til þess að ganga frá málum okkar Íslendinga á þessu eina ári. Við erum rændir stórhug og bjartsýni, þangað til við erum komnir í það ástand, að við förum að biðja og betla hjá þessu volduga ríki. Fyrst þarf að stjórna landinu svo illa, að bölsýni grípi um sig, og þá er hægt að bjóða þjóðinni upp á þessa hluti og koma okkur í það ástand, sem skáldin okkar 1908 voru

að tala um, að okkur bæri að forðast, — að verða próventuþjóð Dana. Þorsteinn Erlingsson kvað þá: „Skarta þá skal á skörinni próventuþjóðin.“ Hæstv. ráðh. er að fá íslenzku þjóðina til þess að sætta sig við að verða próventuþjóð bandarískra auðvaldsins.

Hæstv. utanrrh. var að tala um, að við værum svo snauð, landið okkar væri svo snautt, að við þyrftum ekki að skammast okkar fyrir að betla. Aldrei höfum við Íslendingar verið eins stoltir og ríkir eins og nú. Meira að segja forfeður okkar, sem mest voru rúnir, — hér var svo að segja ekkert til af veraldlegum verðmætum að heita mátti, sem ekki var hægt að ræna burt, — þeir voru svo stoltir, að þeir fóru ekki að betla eða selja landið til framandi þjóða. Það er þessi ríkisstj., sem nú situr, sem smám saman er að fá okkur til að minnka, þannig, að við förum að una slíku hlutskipti. Það var einkum tvennt, sem hæstv. ráðherrar komu með í gær, sem átti að ginna Íslendinga með. Annað var það að lýsa með fögrum orðum gæzku bandarískra auðmanna. Allt væri gert í góðum tilgangi og okkur væri óhætt að treysta á það, að ekkert lægi bak við annað en einskær mannkærleikur. Hins vegar voru svo fyrirrætlanirnar um það, hvað við Íslendingar gætum haft upp úr að þiggja gjafirnar. Hæstv. viðskmrh. veifaði framan í þjóðina fallegum „óskalista“. Hann var svo orðheppinn að tala um „óskalista“. Það var orðið, sem Marshall notaði um þá skýrslu, sem þær 16 Evrópuþjóðir samþykktu í París í júlí 1947 að senda til Bandaríkjanna, þar sem farið er fram á þá aðstoð, sem þær álitu sér nauðsynlegt að fá. Marshall sagði, að þetta væri bara óskalisti, og svo var tekið til að strika út ýmislegt, sem Evrópuþjóðirnar óskuðu helzt að fá. Þetta orð getur því minnt okkur á óskir Evrópuþjóðanna til Bandaríkjanna, því að megnið af þeim var skorið niður. Mér datt í hug, þegar hæstv. viðskmrh. var að hvítþvo bandarískra auðvaldið í augum okkar Íslendinga, til þess að búa okkur undir að þiggja gjafir þeirra, erindi:

„Svona eru helguð bæði borðin
betls og nautna, öllum megin.
Mammon vor er alhreinn orðinn
kristindóms í kirkju — þveginn.

Í sambandi við allt tal hér í gær um hjálparvilja Bandaríkjastjórnar, þá var ýmsum staðreyndum sleppt. Hæstv. ráðh. sagði, að Marshallaðstoðin byggðist öll á þeim gífurlega hjálparvilja, sem Marshall hefði átt frumkvæði að. Er hæstv. utanrrh. búinn að gleyma því, að það voru til tvær stofnanir áður, sem framkvæmdu þennan hjálparvilja í verki og miklu betur en Marshallaðstoðin? Annað voru láns- og leigulögin. Hvað var það fyrsta, sem Bandaríkjastjórn gerði eftir stríðið? Það var að afnema þessi lög. Samkvæmt þeim var hægt að láta í té hjálp við Evrópuþjóðirnar án pólitískra skuldbindinga, en þær voru þá hungraðar og hjálparþurfi. Þessi stofnun starfaði á grundvelli mannúðar. Það var líka til önnur stofnun, UNNRA, sem Íslendingar voru þátttakendur í. Þessi stofnun var rekin af Sameinuðu þjóðunum og byggðist á mannúð og mannkærleika, og til þess að hjálpa þessum hungruðu og þjáðu þjóðum var nauðsynlegt að halda UNNRA áfram. Allar þjóðir, að einni undanskilinni, vildu það. Það voru Bandaríkin, sem ekki vildu það. Hæstv. utanrrh. getur athugað umsögn þess manns, sem mest hafði með framkvæmd matvælahjálparinnar hjá UNNRA að gera, um, hvað það þýddi, þegar matvælagjafir UNNRA voru lagðar niður og hætt var við að hjálpa hinum sveltandi Evrópuþjóðum. Af hverju var UNNRA lagt niður? Af því að Bandaríkjastjórn vildi koma á skipulagi, þar sem hún gæti sett pólitísk og fjárhagsleg skilyrði fyrir því, hvernig sú hjálp væri veitt þjóðunum. Þeir skyldu enga aðstoð né hjálp fá, heldur svelta áfram, sem ekki gengju inn á skilyrði Bandaríkjanna. Þetta eru staðreyndir, sem hæstv. utanrrh. gleymdi, þegar hann var að tala um hjálparvilja Bandaríkjastjórnar. Þá sagði hæstv. ráðherra, að þær þjóðir, sem þarna hefðu sameinazt, hefðu gert það af því, að þær væru frjálsar gerða sinna. Ég skal nú reyna að lýsa því ofurlítið fyrir hæstv. utanrrh., hvernig á því muni standa, að þær hafa gengið að þessu. Bretland, Holland, Belgía og Frakkland eru hin gömlu og ríku nýlenduveldi Evrópu. Það eru þau ríki, sem eiga stóra hluta af Afríku og Asíu. Yfirstéttir þessara þjóða hafa í nokkur hundruð ár ráðið yfir ríkustu nýlendum jarðarinnar. Eftir styrjöldina var ástandið heima fyrir hjá þessum þjóðum þannig, að þær sultu og voru þess vegna nauðbeygðar til að semja við þá, sem gátu gefið þeim mat. Þær áttu gífurlegar auðlindir og þessar ríku Vestur-Evrópuþjóðir hafa í raun og veru afhent Bandaríkjunum yfirráð yfir nýlendum sínum að miklu leyti, sums staðar að öllu leyti. Að öðru leyti vildu þær fá aðstoð Bandaríkjanna til þess að geta haldið niðri þeim nýlendum, sem farnar voru að berjast fyrir frelsi sínu. Bandaríkin ráða nú yfir öllum úraníumútflutningi Kongó og Belgíu. Þeir hafa neyðzt til að gera slíka samninga við auðhringa Bandaríkjanna, svo að segja afhent þau fyrir „baunadisk“. Það er sannarlega ekki af frjálsum vilja, að þessar þjóðir hafa neyðzt til að ganga inn á þessa hluti. Það er sumpart fyrir slæmar ástæður heima fyrir og sumpart af því að þær óttast að tapa nýlendum sínum, að þær sömdu við Bandaríkjastjórn. Við skulum ekki halda, að þessir hlutir gerist af því, að það sé að myndast bræðralag og Bandaríkin séu af mannkærleika að hjálpa. Við þurfum ekki annað að gera en að tala við hinn almenna *Englending og heyra hljóðið til Bandaríkjanna*. Það er hatur fyrir það, hvernig þeir nota sér neyðarástand Englendinga. Þetta er stórkostleg fjárhagsleg og pólitísk árás á Vestur-Evrópuþjóðirnar til þess að ræna þær raunverulegum völdum yfir nýlendum þeirra. Þetta er stríð Bandaríkjaauðvaldsins móti vestur-evrópska auðvaldinu. Þetta er mergurinn málsins, ef við athugum þessi mál án þess að láta blekkjast af einhverjum gyllingum.

Nú skulum við athuga þá reynslu, sem fengizt hefur á framkvæmd þessa samnings. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þátttökuríki Marshallaðstoðarinnar hefðu forgangsrétt að vörukaup-

um í Bandaríkjunum og þau létu hverju landi í té þær vörur, sem þau óskuðu eftir. Mér liggur við að spyrja hæstv. ráðh., hvort þeir trúi þessu sjálfir, hvort þeir haldi það, að þátttökuríkin geti fengið þær vörur hjá Bandaríkjastjórn, sem þau sjálf óska eftir, og að Bandaríkin séu að hugsa um að láta þessum löndum þær í té. Ég skal nú nefna dæmi og taka vöru, sem öll þátttökuríkin lögðu mest upp úr. Það var beðið um brotastál frá Bandaríkjunum. Því var neitað með öllu. Það var beðið um hrástál og hálfunnið. Það var skorið niður í ⅓. Það var beðið um stál fyrir Evrópu til þess að vinna úr í eigin verksmiðjum, en því var neitað, ýmist alveg eða að ⅔ hlutum. Hvað gat Evrópa þá fengið? Jú, hún gat fengið meira af fullunnum stálvörum en hún bað um. Verksmiðjur Bandaríkjanna máttu vinna af fullum krafti fyrir markaði í Evrópu. Stálverksmiðjur Evrópu áttu ekki að geta keppt við framleiðslu Bandaríkjanna. Það var beðið um stálframleiðslutæki fyrir 400 millj. dollara. Það var skorið niður í 192 millj., og þykir ganga einkennilega hægt að fá það afgreitt. Hvernig var það með skipasmíðar, sem Englendingar lögðu langmest upp úr? Ríkisstj. hefur kannske sögu að segja af sinni eigin reynslu? Jú, við Englendinga hefur það orðið þannig, að vegna þess, hve mikið var skorið niður af því, sem Englendingar fóru fram á að fá af stáli, hefur enska stjórnin orðið að skera niður við skipasmíðastöðvar í Englandi um að minnsta kosti 20%. Þeir gátu ekki fullnægt pöntunum fyrr en seinna, vegna þess að þeir fengu ekki nægilegt stál frá Bandaríkjunum. Af hverju? Af því að Bandaríkin liggja nú uppi með mikinn skipaflota, en Englendingar eru að byggja fyrir sig og aðra mjög mikinn flota. En Bandaríkin segja: Það er hægt að kaupa og leigja skip frá okkur. Englendingar gerðu það tilboð, að þeir keyptu 300 skip og leigðu 300 skip. Og í Marshalllögunum er ákveðið, að flytja skuli þessar hjálparvörur að helmingi með amerískum skipum. Þessar fátæku þjóðir máttu ekki einu sinni nota sín eigin skip, nema Bandaríkin fengju að flytja helming af öllu saman. Var þetta af manngæzku og hjálparvilja Bandaríkjanna? Nei, það var verið að gera tilraun til að móta allan iðnað og framkvæmdir þessara þátttökuþjóða út frá hagsmunum Bandaríkjanna, að tryggja það, að bandarískur skipafloti hefði nóg, en Englendingar yrðu að draga úr og Norðmenn yrðu að draga úr, og það var verið að hindra stálverksmiðjur Evrópu, til þess að Ameríka gæti sent meira af fullunnum stálvörum til Evrópu. Svona má taka hvert einasta atriði að heita má fyrir, nema þær vörur, sem Ameríka átti ekki of mikið af. Hvernig var með áburðinn og landbúnaðarvélarnar? Þjóðirnar lögðu einna mest upp úr þeim vörum, vegna þess að það þýddi matvælaframleiðslu. Parísarráðstefnan bað um landbúnaðarvélar fyrir 1200 milljónir dollara, og áætlunin er skorin niður í 637 milljónir dollara. Af hverju lýstu Bandaríkin yfir, að þau vildu ekki auka sinn áburðarútflutning? Af því að Bandaríkin eru að tempra framleiðslu landbúnaðarafurða í Evrópu, halda henni á ákveðnu stigi, að hún verði ekki svo mikil, að markaður fyrir amerískt korn spillist þess vegna. Með því að skera svona niður útflutning á landbúnaðarvélum og áburði frá Bandaríkjunum er verið að halda landbúnaði Evrópu í heljargreipum, til þess að Evrópulöndin verði markaðssvæði fyrir kornútflutning frá Ameríku. Svona er langt frá því, að verið sé að hjálpa þjóðunum. Og ég skal geta þess um leið, að auðvitað hafa þau stóru fyrirtæki Bandaríkjanna, sem framleiða þessar landbúnaðarvélar, mjög mikinn áhuga á að flytja þær út. En það er stjórn Bandaríkjanna, sem stendur á móti og er að hugsa um markað einnar stærstu útflutningsvöru bænda, sem er hveiti og annað korn. Hún hugsar sem svo: Það kemur okkur í koll sem of mikil framleiðsla hjá Evrópuþjóðum. Þannig er hægt að halda áfram að rekja.

Ég skal nú minnast nokkuð á „óskalistann" og reynsluna nú fyrstu fjóra mánuðina eftir að lögin voru samin í Bandaríkjunum í apríl. Maður rekur sig fljótt á, að svo slæm sem áætlunin er og svo lítið tillit sem hún tekur til raunverulegra þarfa Evrópu, þá er framkvæmdin enn þá lakari. Fyrstu fjóra mánuðina er ekki enn þá búið að flytja út nema 18% af þeirri upphæð, sem leyfð var. En berum nú saman hina ýmsu liði. Það er búið að flytja út 51% af hestakjötinu, sem Ameríkumenn eiga að flytja út, en ekki nema 8% af því stáli, sem talað var um, og þó var búið að skera það niður. Á þessum fjórum mánuðum er búið að flytja 20% af því tóbaki, sem Evrópuþjóðirnar neyddust til að taka og fæstir óskuðu eftir, en ekki nema 2,7% af iðnaðarvélum, sem lofað var, og var þó orðinn stór niðurskurður frá því, sem óskað var. Það er búið að flytja á þessum fjórum mánuðum fyrir 18 milljónir dollara þurrmjólk og lélegan ost, en ekki fyrir nema 1½ milljón dollara landbúnaðarvélar, eða ekki nema 1,7% af þeim landbúnaðarvélum, sem lofað var. Þannig er sama, hvar við drepum niður. Ef við færum að gefa Alþingi skýrslu um, hvernig þetta hefur verið framkvæmt, yrði það skýrsla um það, hvernig Bandaríkjastjórn og auðhringarnir fyrirskipa Evrópuþjóðunum í sína eigin þágu, hvernig þær eigi að haga sínum atvinnumálum. Það má hins vegar vera, að Íslendingar gætu komizt að betri kjörum en ýmsar aðrar þjóðir, af því að við framleiðum ekki korn til að keppa við þá vestra.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um það, að sú staðhæfing, að Bandaríkin vildu neyða sínum afgangsvörum upp á þátttökuríkin, væri uppspuni frá rótum. Mér þykir hart, — þó að hæstv. ráðh. beri ekki mikla virðingu fyrir alþm., — að hann skuli bera þetta á borð fyrir þá. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi lesið lögin frá Congress Bandaríkjanna í vor. Í 112. gr., b-lið, segir hvernig skuli fara með það, sem Bandaríkjamenn kalla: surplus agricultural commodity. Eru tveir undirliðir, og sá síðari byrjar svona: „The Administrator shall authorize the procurement of any such surplus agricultural commodity only within the Unated States." Og þessi efnahagsstjórn á að

leyfa að útvega slíkar landbúnaðarafurðir, sem of mikið er til af, eingöngu innan Bandaríkjanna, þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Það er gert ráð fyrir því af hálfu Bandaríkjanna sjálfra og er í Marshalllögunum, að þegar um afgang væri að ræða þar í landi, þá skuli þátttökuríkin ekki fá að kaupa slíkar vörur hvort hjá öðru, heldur kaupa í Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa því gert sérstakar ráðstafanir til að tryggja markað fyrir offramleiðslu sína. *Ég veit ekki, hvort hæstv. viðskmrh.* hefur þekkt þessa gr., sem ég vitnaði í. Mér þykir það satt að segja frekar ólíklegt. Hann hefði varla tekið þá svona til máls. En hæstv. utanrrh. sagði, að það væri ástæðulaust að rekja lagabálkinn hér. Ég er á annarri skoðun. Ég held það sé full ástæða til að þýða hann fyrir hæstv. ríkisstj. sjálfa í fyrsta lagi, og í öðru lagi fyrir Alþingi. Ég held við ættum að fá þennan kafla hér þýddan allan saman, þannig að við gætum athugað, hvernig hann væri, og þyrfti ekki að koma í ljós hvað eftir annað, að ráðh. hafa ekki hugmynd um, hvernig þarna er komið. Frá sjónarmiði Bandaríkjanna skilur maður þessa niðurstöðu vel. Þeir óttast offramleiðslu á korni í haust og hafa þess vegna gert mjög skarpar ráðstafanir til þess að reyna að hindra aukna kornframleiðslu í Evrópu. Sama náttúran, sem hefur orðið okkur hér erfið með síldina, hefur verið mild við bændur vestra. Þar eru því uppi kröfur um að tryggja hagsmuni *bænda á kostnað annarra þjóða.*

Nei, öll fögru orðin, sem hæstv. ráðh. hafa haft í frammi, eru hjóm. Það kemur í ljós, að þessi Marshalláætlun er vægðarlaus „business", eins og Ameríkumenn kalla það. Hæstv. ráðh. kvað Ameríkumenn skilja það, að ekki mætti verða atvinnuleysi hjá Marshalllöndunum. Ég held þvert á móti, að það sé skilningur á því, að það megi ekki vera nema tiltölulega lítið atvinnuleysi í Bandaríkjunum, en það megi vera í Evrópu. Það virðist vera áætlun um að flytja út atvinnuleysi frá Bandaríkjunum. Þess vegna er verksmiðjunum í Ítalíu neitað um stál til framleiðslu á bílum, en Ítalir skikkaðir til að flytja inn vörubíla. Ítölum er og neitað um hveiti til að framleiða maccarónur, en neyddir til að kaupa þær tilbúnar frá Bandaríkjunum. Frönskum flugvélaverksmiðjum er neitað um efni, en Frakkar eru neyddir til að kaupa flugvélar hjá Bandaríkjunum. Á hverju einasta hagsmunasviði þessara þjóða er sá hlutur nú að gerast, að *stórfyrirtæki eru ýmist að loka* vegna samkeppni frá Bandaríkjunum eða að Bandaríkin eru að kaupa þau upp. Og ef stofnuð eru ný fyrirtæki, eins og ný frétt um gúmmíverksmiðjur á Englandi hermdi, þá tryggja Bandaríkin sér helmings þátttöku. Gúmmískorturinn styrkti aðstöðu Englands gagnvart Bandaríkjunum fyrr meir, en nú er Bandaríkjaauðvaldið búið að brjóta England niður á þessu sviði. Svona eru ýmsar ráðstafanir Bandaríkjanna vægðarlausar til að tryggja réttindi og aðstöðu og vald á kostnað Evrópuþjóðanna.

Svo luku hæstv. ráðh. sínu máli með því að segja, að þegar allt væri athugað, væri rétt af okkur Íslendingum að ganga inn á að þiggja gjafir frá Bandaríkjunum, og væri okkur þar ekki vandara um en þeim þjóðum, sem illa hefðu farið út úr stríðinu. Ríkisstj. tilkynnti, að hún mundi leggja frv. seinna fyrir þingið, *sem gerði henni mögulegt að taka á móti* þessum gjöfum og skilyrðum fyrir þeim. Ég hef sýnt fram á, með hvers konar hugarfari slíkar gjafir eru gefnar og hvernig er reynsla annarra landa. Við þurfum ekki langt að leita um afleiðingar af því að taka á móti þessum gjöfum. Fyrstu skipin á vegum Marshallhjálparinnar voru varla komin til hafna í Evrópu fyrr en Bandaríkjastjórn tilkynnti þessum Evrópuþjóðum, að það næsta sé að gera hernaðarbandalag við Bandaríkin. Og það má mikið vera, ef atvinnuleysisherinn, sem Bandaríkin ætla að skapa á Ítalíu og víðar, fær ekki seinna það hlutverk að verða málalið hjá Bandaríkjunum, sem gætu þá sparað sína drengi. Hvað mundi koma næst á Íslandi, þegar við þiggjum slíkar gjafir með því hugarfari, sem ríkisstj. vill skapa hjá þjóðinni? Ég er hræddur um, að það komi dálítið ákveðnari kröfur um herstöðvar og enn þá hatrammari framkvæmdir Ameríkumönnum í vil en þegar er orðið. Einn af samflokksmönnum hæstv. forsrh. lýsti í fyrra sínum vilja og hans, nefnilega andstöðu sinni gegn því að segja upp flugvallarsamningnum. Og við getum gert okkur í hugarlund, hvert verður svar þeirra manna í framtíðinni, sem nú búa íslenzku þjóðina undir að þiggja gjafir. Ætli maður heyri þá ekki talað um móðgun og óvináttu við Bandaríkin, þessa góðu þjóð, sem gefur góðar gjafir, ef við ætlum að dirfast að segja upp svona samningi eða yfirleitt viðhafa einarðlegri framkvæmdir en við höfum hingað til gert gagnvart Ameríkumönnum? Nei, það á að beita okkur diplómatiskum brögðum, þangað til við sættum okkur við ekki aðeins að segja ekki samningnum upp, heldur líka förum að ganga inn á enn þá meiri samninga.

Hæstv. viðskmrh. lauk sinni ræðu um framtíðaráætlunina með því, að þetta væri allt miðað við það að geta staðið á eigin fótum 1952. Ég er hræddur um, að raunveruleikinn verði sá, ef haldið er áfram eins og nú er byrjað, að allt sé miðað við, að Ísland eigi að krjúpa á knjám árið 1952 og biðja um fleiri dollara, af því að markaðir séu eyðilagðir, og muni þá Íslendingar bjóða upp á meiri friðindi í landinu til þess að mega verða áframhaldandi vináttu Ameríkumanna aðnjótandi.

Sósialistaflokkurinn hefur frá upphafi tekið afstöðu móti þessum samningi. Og við munum gera það, sem við getum til þess að reyna að fá Alþingi til þess að staðfesta hann ekki, ef hann verður lagður fyrir það, segja honum sem fyrst upp, ef hann verður samþ. Við álítum, að við getum verzlað bæði austan og vestan járntjaldsins, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það, tryggt okkar hagmuni bezt með því að standa sjálfstæðir og binda okkur ekki neinum aðila. Sé hins vegar slíkur samningur gerður, eins og stj. hefur nú gert, verður auðvitað að reyna að sjá til þess að nota hann á þann hátt, sem þó er skástur fyrir þjóðina.

Ég vil nú gera að umtalsefni þá yfirlýsingu stj. að ætla að byggja á þessum samningi áætlun til ársins 1954. Íslendingum munu hafa verið áætlaðar 38 milljónir dollara á öllum tímanum. Hæstv. viðskmrh. leiðréttir, ef þetta er ekki rétt. Á þessu fyrsta ári Marshalláætlunarinnar koma 2—3 millj. dollara. Þessi upphæð sem heild ætti eftir þessari lýsingu ráðh. að vera grundvöllurinn. Og nú stöndum við frammi fyrir því að sjá í reyndinni, hvernig varið er fyrsta hlutanum af þessum 11 milljónum dollara, sem ríkisstj. ætlar sér að fá. Frá hennar sjónarmiði eru þessar 11 milljónir dollara undirstaðan í þessu efni. Hvernig hefur hún farið með þetta fé? Hún hefur selt til Bandaríkjanna síldarmjöl, síldarolíu og hraðfrystan fisk fyrir samtals 5,5 milljónir dollara af þessum 11 milljónum á vegum þessarar stofnunar. Eru þannig þessar 5,5 milljónir teknar af þessum 11 milljónum, í staðinn fyrir að selja þessar vörur á öðrum frjálsum mörkuðum og að nota þessar 5,5 millj. dollara til uppbyggingar fyrir Ísland. Ég veit ekki, hvort hv. þm. skilja þetta. Ef við hefðum selt áðurnefndar vörur til ýmissa landa Evrópu, hefðum við einnig getað notað þessar 5,5 millj. dollara fyrir afurðir okkar til að byggja upp okkar atvinnulíf. M. ö. o., ríkisstj. er sjálf að gylla fyrir okkur, hvað við vinnum með því að fá þetta fé, en samtímis er hún byrjuð að éta út þennan „óskalista“ sinn. (*Forsrh.:* Hún tekur þá lítið sem gjöf.) Hún sleppir að selja á markaði, sem hún gat selt á, og sleppir að taka að láni 5,5 milljónir dollara, sem hún er að gylla fyrir okkur sem möguleika fyrir framtíðar nýsköpur. Hvað þýðir það, þegar svona er ástatt á fyrsta árinu? Markaðsástandið fer versnandi. Fiskveiðar þátttökuþjóða annarra fara vaxandi. Við getum verið orðnir óþarfir á því sviði 1951. Ríkisstj. mun þá þurfa að biðja Bandaríkin á hverju ári að kaupa upp birgðirnar af okkar afurðum upp í það, sem heitir skilyrtar gjafir, og það þýðir, að meira eða minna af óskalistanum verður étið upp í daglegar þarfir landsmanna. Þetta, sem ríkisstj. básúnar út sem örugga grundvöll fyrir Íslendinga, er hún sjálf að eyðileggja með því að eyðileggja fyrir Íslandi markaði, sem það gat fengið, þannig að við stöndum uppi og betlum til Bandaríkjanna um að taka vörur upp í skilyrtar gjafir eða lán. Ég álít, að við Íslendingar getum haldið áfram að byggja upp okkar atvinnulíf án þessara ráðstafana. Við getum unnið fyrir þeim vörum, sem við þurfum á að halda, og þeim framleiðslutækjum, sem við þurfum að kaupa, með því að auka okkar útflutningsframleiðslu og hagnýta þá markaði, sem opnast, og eigum við ekki að láta pólitíska þröngsýni og stórbokkaskap hindra okkur. Ríkisstj. er að loka þessum möguleika. Og samtímis er hún að gera okkur enn háðari Bandaríkjunum. Ennfremur er hún að rífa grundvöllinn undan þeirri byggingu, sem hún þykist sjálf vera að byggja frammi fyrir þjóðinni með svokallaðri fjögurra ára áætlun.

Eftirtektarvert er það, að þegar hæstv. viðskmrh. var að telja upp, hvar við ættum að kaupa hin og þessi framleiðslutæki, talaði hann mest um Bandaríkin og Vestur-Evrópu. Það var eins og það væri útilokað að verzla á stærsta markaði okkar á undanförnum árum, eins og t. d. Tékkóslóvakíu. Ég hef áður bent ríkisstj. á, að eitt af því, sem Tékkóslóvakar eru sérstaklega færir um, er að útbúa vélar eins og sementsverksmiðjur. Lönd, sem þannig eru tæknilega vel undirbúin, geta keppt við Bandaríkin hvað snertir framleiðslu vélasamstæðna, sem aðeins eru steyptar einu sinni, þó að þau geti ekki keppt við stóriðju Vesturheims hvað snertir fjöldaframleiðslu véla, og var því fullkomin ástæða fyrir okkur að gera ráð fyrir að kaupa okkur slíkar vélar á mörkuðum, sem við erum nýbúnir að vinna. (*Forseti:* Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af sinni ræðu.) Ég á að vísu nokkuð eftir, en skal stytta mál mitt, svo að ræðunni verði lokið á svo sem 5 mínútum, heldur en fundi verði frestað og ræðan þannig slitin sundur. — Ég tek eftir því, að af hálfu hæstv. ríkisstj. er ekki gert ráð fyrir að hagnýta þá markaði, sem við höfum unnið. Hraðfrysta fiskinn var hægt að selja í Tékkóslóvakíu fyrir ábyrgðarverð, en aðeins fyrir helming ábyrgðarverðsins í Bandaríkjunum, — þótt þeir kannske borgi eitthvað meira fyrir hann núna, þegar þeir fá hann raunverulega sem gjöf, — en verksmiðjurnar eru álíka dýrar í Tékkóslóvakíu og Bandaríkjunum, þannig að ef við verzluðum við Tékkóslóvakíu, þýddi það raunverulega, að við fengjum ábyrgðarverð í dollurum fyrir fiskinn. Þetta verðum við að gera okkur ljóst, og við megum aldrei láta það henda okkur að láta pólitíska þröngsýni hvika okkur frá því að tryggja sem bezt okkar eigin hagsmuni. Ég vildi einnig benda hæstv. ráðh. á niðurstöður efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, en formaður þeirrar nefndar er Gunnar Myrdal, fyrrv. verzlunar- og viðskiptamálaráðherra Svía, sem er álitinn einhver fróðasti maður um efnahagsmál Evrópu. En í áliti þessar nefndar er lögð áherzla á, að það beri að auka viðskiptin milli Austur- og Vestur-Evrópu, ef efnahagur Vestur-Evrópu eigi að vera blómlegur í framtíðinni. Ég minni hæstv. ríkisstj. á að kynna sér þetta rækilega, áður en hún rígbindur sig við Bandaríkin með Marshallaðstoðinni og eyðileggur um leið þann velmegunargrundvöll, sem hún þykist vera að skapa með sinni verzlunarpólitík.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða þá stefnu, sem ég tel, að við Íslendingar eigum að taka í verzlunarmálunum. Ég geymi það til síðari tíma, og e. t. v. leggur hæstv. ríkisstj. 4 ára áætlun sína fyrir þingið á sérstöku plaggi, og gefst þá tækifæri til að ræða þetta nánar. En út frá þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gáfu hér í gær, þá vildi ég óska þess, að hv. þm. stingi við fótum og rannsaki málin til hlítar og geri sér ljósa þá ábyrgð, sem þeir bera gagnvart þjóðinni, því að þær ákvarðanir, sem við tökum núna, munu að líkindum skera úr um afkomuöryggi okkar næstu áratugi, og láti ekki afstöðu sína mótast af pólitískri þröngsýni. Við verðum að gera okkur ljósa ábyrgð-

ina, sem á okkur hvílir um að tryggja atvinnuöryggi þjóðarinnar í framtíðinni. Mér virðist hæstv. ríkisstj. ekkert hafa gert til þess. Allt hennar starf er hjóm og út í bláinn og það er okkar hlutverk að bæta hér úr. Og hæstv. ríkisstj. hefur eytt of löngum tíma í ekki neitt. Því má það ekki seinna vera, að Alþingi láti til sín taka, ef það vill forða þjóðinni frá því öngþveiti — mér liggur við að segja algerðu gjaldþroti, sem blasir við, ef fylgt er stefnu hæstv. ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 21. okt., var fram haldið umr. um skýrsluna.

Forseti (JPálm): Ég hef hugsað mér að slíta þessari umr. í dag, þar eð ég tel ekki fært að halda henni lengur áfram, enda kemur þetta mál sjálfsagt fyrir Alþ. síðar. — Næstur á mælendaskrá er hv. þm. S-Þ.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Undanfarna daga hafa farið fram hér merkilegar umræður um merkilegt mál. Í þeim umr. hefur glögglega komið fram sá munur, sem skiptir ekki aðeins stórþjóðum heimsins í tvær andstæðar fylkingar, heldur skiptir og okkar litla þjóðfélagi í tvennt. Hér er barizt um það, hvort gilda skuli á Íslandi austræn kúgun eða vestrænt frelsi.

Þetta mál er þriðja stórmálið, sem komið hefur fyrir Alþingi á síðari árum og snertir þjóðina í heild. Fyrst var lýðveldisstofnunin 1944. Í öðru lagi tilboð um varnir landsins, sem kom sérstaklega til greina 1946. Í þriðja lagi er Marshallsamstarfið, sem varðar atvinnusjálfstæði Íslands og framtíð þjóðarinnar um ófyrirsjáanlegan tíma. Þetta eru mikilvægustu málin, sem Alþ. hefur haft til meðferðar síðan stríðið hófst.

Eftir að hæstv. viðskmrh. flutti ræðu sína í fyrradag, mættust tveir merkir menn hér í bænum og tóku tal saman um ræðuna. Annar þeirra sagði: „Nú er allt glatað, fjárhagslegt sjálfstæði og framtíð þjóðarinnar. Íslandi verður ekki bjargað úr þessu, nema ef brátt byrjar heimsstríð. Þá koma Rússar hingað og setja *á stofn deild í Sovét*". *Hinn maðurinn sagði:* „Hér er á ferðinni hagnýt framkvæmd á hinum djörfu skáldadraumum Einars Benediktssonar um síðustu aldamót. Hann vildi flytja inn fjármagn í stríðum straumum til að ummynda náttúrugæði landsins". — Þessi tvö ólíku sjónarmið sýna glögglega viðhorf þjóðarinnar. Nokkrir menn líta svo á, að framtíð Íslendinga, atvinnusjálfstæði og stjórnarfarslegt öryggi byggist á því, að Ísland verði deild af Sovét. En meiri hluti íslenzku þjóðarinnar vill sízt af öllu drukkna í hafi bolsévismans, en kýs sér samstarf við vestrænu lýðræðisþjóðirnar í Evrópu og Ameríku. Hér er um að ræða kapphlaup kommúnista við borgarastefnuna. Fyrir Íslendinga er höfuðatriði að átta sig á þessum straumum og dæma réttilega um styrk og veikleika andstæðinganna til að geta sigrað þá.

Það verður að segjast eins og það er, að kommúnistar hafa sett sinn svip á landspólitíkina síðan 1942, þótt þeir séu í miklum minni hluta. Þeim hefur orðið mikið ágengt, og þeir hafa unnið mikla sigra, sem rétt er, að andstæðingar þeirra geri sér grein fyrir og viðurkenni. En ef litið er á allar aðstæður og spurt, hvers vegna kommúnistar hafi oft og tíðum sigrað borgarana, þá er ljóst, að sigrar þeirra spretta af föstu skipulagi, hörðum aga og mjög verulegum fjárstuðningi erlendis frá. Það er talið, að kommúnistar í lýðræðislöndum fái gjafir erlendis frá til að mæta um 95% af útgjöldum sínum. Hugsjón þeirra er hin sama og Sverris konungs, og það er auðveldara að vinna henni fylgi en flestum öðrum hugsjónum. Hugsjón Sverris er sú, að sá, sem fellir lendan mann, hertoga eða höld, erfir þann dauða. Þessi hugsjón er ávísun á eignir, líf og metorð annarra. Hins vegar kom það seinna fram og er sorglegasti þátturinn í sögu Noregs, að þegar frá leið valdadögum Sverris konungs, hrundi Noregur í rústir eins og spilaborg. Blóðtakan reyndist of mikil. Þegar búið var að höggva niður máttarviði þjóðfélagsins, hrundi hásætið einnig. Landið komst undir Danakonung, og þjóðin var kúguð og þrautpínd í margar aldir. Sú hugsjón, að taka með ofbeldi eignir annarra, á meira og minna fylgi að fagna í öllum löndum, en þó helzt þar, sem menn éta hungurbrauð. Þar, sem þjóðir búa við frelsi og velgengni er, hverfur kommúnisminn eins og dögg fyrir sólu.

Borgaraflokkarnir íslenzku hafa beðið marga ósigra í skiptum sínum við kommúnista á undanförnum árum, en upp á síðkastið hafa þeir þó haldið velli, og liggja til þess þrenn rök. Í fyrsta lagi þau, að þeir hafa betri málstað og mikill meiri hluti þjóðarinnar stendur að baki þeim, og í öðru lagi þau, að borgararnir hafa borið gæfu til nokkurrar samvinnu. Kommúnistar unnu sinn fyrsta stórsigur 1942, er þjóðstjórnin var rofin og þeim tókst að sundra borgaraflokkunum. Þá héldu leiðtogar borgaraflokkanna, að þeir gætu átt samleið með kommúnistum og gert við þá bandalag um þingstjórnarmálefni. Þetta sama sumar fengu kommúnistar stórkostlegt tækifæri til að auka dýrtíðina með skefjalausum skæruhernaði. Það þarf ekki annað en minna á eitt dæmi. Kommúnistar veittu þáverandi stjórn stuðning, en engu að síður létu þeir skip, sem kom með efni til hitaveitunnar, bíða svo lengi uppskipunar, að tilviljun ein réð því, að það sigldi ekki aftur vestur um haf óafgreitt. Önnur dæmi um skefjalausan ofsa í verklýðsmálum voru daglegt brauð þá um sumarið. Þetta hefði átt að sýna borgurunum áþreifanlega, hvílíkt djúp var staðfest milli þeirra og kommúnista, en þeir aðgættu ekki hættuna. Hefur mikil ógæfa hlotizt af sundrung og auðtryggni borgaraflokkanna. Á þennan hátt myndaðist hin ægilega dýrtíð í landinu, og nú er svo komið, að margar nauðsynjar eru þrisvar til fjórum sinnum dýrari hér en í nágrannalöndunum, og hefur það komið fram á sorglegan hátt að undanförnu.

Næsti stórsigur kommúnista var þjóðnýting útvegsins, sem hófst undir stjórn Áka Jakobs-

sonar 1945 og hefur varað við síðan. Ég þarf ekki að lýsa því, hvílíkur ósigur þetta er fyrir borgaraflokkana, þegar svo er komið, að sá atvinnuvegur, sem skapar útflutningsverðmætin, getur ekki staðizt nema með tugmilljónastyrk úr ríkissjóði, sem ríkið borgar með fiskinum á erlendum markaði. Hér er um að ræða þjóðnýtingu af verstu tegund, þar sem tapið eitt er þjóðnýtt, en ef hagnaður er af sölunni, fær ríkið ekkert af honum.

Skömmu eftir að þessi upplausn var komin í algleyming, tókst kommúnistum að hafa úrslitaáhrif á það, hvernig innstæðum þjóðarinnar frá stríðsárunum yrði varið. Og þótt nokkrum hluta af þessum innstæðum væri vel varið, hurfu þær fljótt og með óskiljanlegum hætti. Eftir nokkur missiri var þjóðin komin í stórkostleg gjaldeyrisvandræði, og nú er svo komið, að búðir landsmanna standa að mestu leyti tómar. Segja verður verzlunarfólki upp vinnu, og vöntun er á fjölmörgum af hinum allra nauðsynlegustu vörum, sem aldrei gengu þó til þurrðar á erfiðleikaárunum fyrir 1939. Það vantar jafnauðfengnar, ódýrar og nauðsynlegar vörur eins og tölur. Í sumum kaupstöðum úti um land eru negldar fjalir fyrir búðarglugga vegna glerskorts. Það þarf ekki annað en athuga þessa undarlegu fátækt og bera hana saman við hinn undarlega auð stríðsáranna, sem nú er horfinn, til að sjá, að hér er ekki allt með felldu. En kommúnistar hafa ekki villt á sér heimildir. Með þessari óhemjulegu eyðslu hafa þeir aðeins unnið það, sem var yfirlýst stefna kommúnistaflokksins. Þeir hafa stofnað til pólitískra verkfalla, bæði fyrr og í tíð núverandi stjórnar, og náð góðum árangri á sinn mælikvarða. Kommúnistar leika nú í Frakklandi sama leik, er þeir hleypa vatni ofan í námurnar og eyðilegga atvinnulíf þjóðarinnar og ótalin verðmæti. Á þessum velgengnisárum tókst kommúnistum að koma þeirri trú inn hjá fjölda manna, að ekki væri hægt að stjórna án þeirra, hvorki ríkinu né bæjarfélögum. Mitt í þessari sigurvímu þeirra kom það fyrir Alþ. 1946 að skera úr, hvort Ísland ætti að vera vel varið eða varnarlaust. Kommúnistar tóku þá afstöðu, að landið skyldi vera varnarlaust, svo að það gæti átt von á sömu forlögum og Eystrasaltslöndin. Ekki er hægt að áfellast íslenzka kommúnista fyrir þetta. Þeir voru sjálfum sér samkvæmir, þeir eru fimmta herdeild í þjónustu erlendra valdhafa. En borgarana verður að áfellast, sem ekki gerðu sér ljóst, hvert stefndi. Þessi sigur kommúnista 1946 gerir það að verkum, að allar nágrannaþjóðir eru nú hræddar við Ísland, sem er opið og varnarlaust, hræddar um, að landið verði tekið og notað sem virki gegn þeim. Norska skáldið Överland sagði, að þegar búið væri að taka Ísland, sem er varnarlaust, væri Noregi, Danmörku, Englandi og Bandaríkjunum hætta búin. Ef einræðisstórveldi tekur landið, getur farið svo, að sá atburður ráði úrslitum um það, hvort austræn kúgun eða vestrænt frelsi verður ofan á í heiminum. Sumir menn á Norðurlöndum eiga raunar skilið að vera hræddir. Ýmsir valdamenn í þessum löndum beittu áhrifum sínum 1946 í þá átt að letja þess, að við hefðum tryggar landvarnir, sem stóðu þá til boða. Þá bjuggust þessir norrænu leiðtogar ekki við bráðri hættu úr austri, en nú eru þeir farnir að sjá yfirvofandi og aðsteðjandi hættu. Nú óska þessir sömu menn, að Ísland hefði tryggar varnir gegn innrás í heimsófriði. Það er óhjákvæmilegt að skilja baráttuaðferðir og ráðagerðir kommúnista. Takmark þeirra hér, eins og í öðrum löndum, er að koma á Sovét í stjórnmálum og andlegum efnum og vera algerlega hlýðnir og háðir móðurlandinu. Þetta kemur nú gleggst í ljós í Júgóslavíu. Móðurlandið á að sitja fyrir öllu. Því er rétt að meta andstöðu kommúnista gegn því máli, sem hér er til umræðu, og gefa gaum ákafa þeirra. Hann ber þess ljóst vitni, að þeir líta svo á, að nú sé mikið í húfi, hér sé á ferðinni gífurleg sókn gegn stefnu þeirra. Hin langa ræða hv. 2. þm. Reykv. í gær var áreiðanlega ekki haldin að ófyrirsynju af kommúnista hálfu.

En þrátt fyrir mörg og alvarleg mistök borgaraflokkanna hér á landi hafa kommúnistar ekki unnið alla sigrana og munu væntanlega ekki gera það í framtíðinni. Þegar herferð fimmtu herdeildarinnar hófst, skall bylgjan á Jóni heitnum Baldvinssyni. Hann sagði: „Íslendingar beygja sig aldrei fyrir Moskva, nema hervald beygi þjóðina varnarvana". Skömmu síðar andaðist Jón Baldvinsson. Nokkur hluti flokksmanna hans vantreysti síðustu ráðleggingum hans og gekk í fimmtu herdeildina. Hinir voru þó fleiri, sem vildu standa á þjóðlegum grundvelli, en létu þó sveigja sig, margir sárnauðugir, inn í samstjórn með Moskvamönnum. Hafa þessi stefnuhvörf lamað Alþfl. svo, að hann hefur ekki sambærilega aðstöðu við bræðraflokka sína á Norðurlöndum, sem aldrei hafa látið ginna sig til samstarfs við bolsévika. En litlu síðar markaði ég sömu stefnu í Framsfl., og þegar samherjar mínir í flokknum 1942 og síðar lögðu áherzlu á að byggja flatsæng með kommúnistum, beitti ég mér eindregið gegn þessari óheillastefnu, með sömu rökum og Jón Baldvinsson. En samherjar mínir létu ginnast og um nokkurra ára skeið stóðu yfir samningaumleitanir við kommúnista, en þeirri tilraun lyktaði á þann veg, að framsóknarmenn náðu ekki samningum. Kommúnistar höfðu aldrei ætlað sér annað en að hafa hina samningafúsu framsóknarmenn að leikfangi. Eftir langa biðilsraun, frá 1942 til 1946, fór svo, að þessir gömlu samstarfsmenn mínir sannfærðust um, að þeim hefði yfirsézt, en að ég hefði haft á réttu að standa. Þeir komu þrekaðir og sigraðir frá kommúnistunum og gengu til samstarfs við borgaraflokkana og mynduðu stjórn með sjálfstæðismönnum, en um þetta atriði hafði staðið deila milli mín og þeirra. Mér var fullljóst, að sjálfstæðismenn voru ekki gallalausir, enda hafði ég um það langa reynslu. En við Jón Baldvinsson vissum, að það, sem aðskilur borgaralegu flokkana, eru smámunir borið saman við það, sem aðskilur kommúnistaflokkinn frá öllum öðrum mönnum. Framsóknarmenn deildu á mig fyrir, að ég skyldi taka hreina afstöðu gegn kommúnistum, en ég get vel unað þeim málalokum. Held ég, að nú sé

óhætt að vona, að hinir afvegaleiddu framsóknarmenn séu frelsaðir um alla framtíð frá fyrri villu og frá að verða leiksoppar manna, sem vinna eftir fyrirskipun stjórnarvaldanna austan járntjaldsins.

Í Sjálfstfl. varð vart við eindregna mótstöðu gegn samvinnu við kommúnista frá 5 mönnum haustið 1944, og í þeirra hópi var elzti þm., sem nú á sæti á Alþ., hv. þm. Borgf. (PO). Það er eftirtektarvert, að einmitt þeir þrír þm., sem lengsta reynslu hafa að baki, létu aldrei blekkja sig í þessu efni. Mjög mundi nú vera annar svipur á Alþýðu-, Frams- og Sjálfstfl., ef þeir hefðu fylgt fordæmi okkar Jóns Baldvinssonar og Péturs Ottesens, en ekki dregið lokur frá hurðum til framdráttar hættulegum glæframönnum.

Haustið 1944 gerði Sjálfstfl. þá tilraun, sem Framsfl. hafði svo mjög óskað eftir, að mynduð yrði stjórn með kommúnistum. Þegar ég bar fram vantraust á þessa nýju stjórn, var trúin á kommúnista svo mikil hjá framskónarmönnum, að þeir sátu hjá við atkvgr. um vantraustið af ótta við, að þeir styggðu kommúnista. Þeir voru ekki alveg vonlausir um samstarf við kommúnista og vildu þess vegna ekki eiga á hættu að særa leiðtogana. Að mér frátöldum greiddu allir þm. atkv. með bolsévikum í ríkisstj. eða sátu hjá. Gat Ólafur Thors ekki kosið á betri móttökur í valdasessinum. Velvild Framsóknar var eftirtektarverð, þar sem flokkurinn hlífði Ólafi Thors við vantrausti. En ekki leið nema stutt stund þangað til leiðtogar Sjálfstfl. fundu, að þeim hafði líka yfirsézt. Þegar þeir héldu fund um nauðsynleg málefni í sínu eigin húsi, réðust kommúnistar inn í húsið og létu ófriðlega. Ef leiðtogar sjálfstæðismanna hefðu ekki tekið þessu ofbeldi með mikilli stillingu og beðið flokksmenn sína að gæta hófs og ráðast ekki í að hrinda þeim ofbeldismönnum út með valdi, mundi ekki hafa orðið sneitt hjá stóróhöppum. Það var því vegna stillingar leiðtoga sjálfstæðismanna, að ekki varð af meiðingum og manntjóni. Þegar svo þessum fundi var lokið, veittu kommúnistar leiðtogum sjálfstæðismanna eins konar fyrirsát, og lá við borð, að kommúnistar sviptu þá lífi á Austurvelli tvo æðstu valdamenn þjóðarinnar. Þessi atburður er sérstaklega táknrænn um það, að ekki er hægt fyrir lýðræðisflokkana að vinna með kommúnistum eða hafa við þá nokkur mök um félagsframkvæmdir. Ef sjálfstæðismenn hefðu ekki borið gæfu til þess að sigra í flugvallarmálinu, en um það stóð baráttan við kommúnista, þá stæðu ekki þessar umr. yfir hér nú. Þá stæðu Íslendingar nú utan við vestræn mannfélög.

Það hafa orðið margir árekstrar milli leiðtoga kommúnista og borgaraflokkanna hér á Alþingi. Einn hinn eftirminnilegasti var þegar kommúnistar kröfðust þess á útmánuðum 1945, að Ísland segði tveimur stórveldum stríð á hendur. Rússar heimtuðu þetta. Stríðsyfirlýsing Íslendinga átti að verða inngangseyrir að Bandalagi hinna sameinuðu þjóða. Sá orðmargi ræðumaður, sem talaði í gær, hv. 2. þm. Reykv. (EOl), hélt þá langar og þunnar ræður um það, hve óhjákvæmilegt væri og sjálfsagt, að íslenzka þjóðin færi í stríð við Þýzkaland og Japan. Hv. þm. lýsti því með mörgum orðum, hvílík fullsæla og hamingja fylgdi því að vera í Bandalagi hinna sameinuðu þjóða og hvílík eyðilegging og útskúfun það væri að vera utan við bandalagið. Ekki má gleyma því, að 1918 var sett í stjórnarlög landsins, að Íslendingar vildu engin vopn hafa. Ef fylgt hefði verið ráðum kommúnista og þessum stórveldum sagt stríð á hendur, þegar þau voru að gefast upp, mundi slíkt framferði frá hálfu hlutlausrar og vopnlausrar þjóðar hafa sett varanlegan smánarblett á íslenzku þjóðina um allar ókomnar aldir. Sýnir þetta dæmi, að það má aldrei trúa kommúnistum né fylgja ráðum þeirra.

Rússar vissu, að ekki mundi vera hægt að knýja fram sem skilyrði fyrir þátttöku í félagi hinna Sameinuðu þjóða, að þær hefðu allar verið í stríði við Þýzkaland og Japan. Létu þeir þar við sitja, því að í þeirra augum var ákvæðið um neitunarvaldið meginatriðið, enda hafa þeir leikið sér bæði ósæmilega og gálauslega að þeirri jarðsprengju síðan byrjað var á samstarfi Sameinuðu þjóðanna. Neitunarvaldið og krafan um stríðsyfirlýsingu hlutlausrar og vopnlausrar þjóðar sýndi, hvers konar áhrif bolsévikastórveldi mundi hafa á sambúð þjóðanna.

Ofsi kommúnista hér á landi náði hámarki, þegar flokkurinn beitti sér, eftir fyrirlagi frá útlöndum, fyrir því, að Ísland yrði algerlega varnarlaust og neitaði að þiggja vernd Bandaríkjanna. En þegar þetta var fengið, kröfðust kommúnistar og nálega helmingur þm. þess, að Bandaríkin yrðu svo að segja landræk á Íslandi í sambandi við flugsamgöngur við Þýzkaland. Þessir menn lögðu til, að Bandaríkjunum, sem höfðu verndað Ísland í stríðinu, yrði bannað að hafa afnot af þeim flugvelli, sem þeir höfðu byggt í Keflavík, og að þeim yrði sýnd svívirðing og reynt að gera þeim allt sem erfiðast, svo að öllu sambandi yrði slitið við þau. Kommúnistar heimtuðu, að það yrði ekki samið um leigu flugvallarins nema til eins árs í senn, og ef slíkur sáttmáli hefði verið gerður, geta menn gert sér ljóst, hvernig umræður hefðu farið fram á Alþingi hvert ár. Menn muna enn þær ofstækisfullu fullyrðingar um svik og undirferli, sem kommúnistar létu sér þá sæma að viðhafa um stjórn Bandaríkjanna haustið 1945. Við áttum að gleyma, hvað við eigum að þakka Bandaríkjunum og leiðtoga þeirra, Roosevelt forseta. Honum eigum við allra þjóðhöfðingja mest að þakka, að við erum nú sjálfstæð þjóð. Það var hann, sem fyrstur viðurkenndi sjálfstæði okkar, en aðrar þjóðir fylgdu fordæmi hans. Til samanburðar er fróðlegt að athuga, hvernig Norðmönnum gekk 1905 að fá sjálfstæði sitt viðurkennt af stórveldunum. Eftir allt það, sem Bandaríkin höfðu gert fyrir okkur styrjaldarárin, áttum við, að dómi kommúnista, að segja við þau: Við vanþökkum ykkur allt, sem þið hafið gert fyrir okkur. Við ætlum að rífast grimmilega á hverju ári um það, hvort þið fáið að hafa afnot um stundarsakir af því mikla mannvirki, sem þið skiljið eftir hjá okk-

ur. — Ef tekizt hefði að fella mig í Suður-Þingeyjarsýslu 1946, þá hefði það mál, sem um var deilt, verið fellt með jöfnum atkvæðum. Með till. um heimild til Bandaríkjanna til að fá Keflavíkurflugvöllinn til afnota í eitt ár voru 10 kommúnistar, 12 framsóknarmenn og 3 kratar. Hins vegar voru 20 sjálfstæðismenn og 6 kratar. Ég naut þeirrar ánægju að vera oddamaður.

Nú hafa verið raktir sigrar kommúnista. En borgararnir hafa líka unnið sigra. Sá var fyrstur, þegar borgarstjóranum í Rvík, sem nú er hæstv. dómsmrh., tókst að fá borgaralegan meiri hluta í bæjarstjórn gegn kommúnistum. Hafði hann ritað eina góða grein í Morgunblaðið gegn kommúnistum hvern dag í 10 vikur. Eftir þetta hófst undanhald í liði kommúnista.

Næsti sigur var unninn þegar sá maður, sem Jón Baldvinsson gerði að sínum pólitíska erfingja, myndaði þá stj., sem nú situr. Sá maður, sem kommúnistum mun nú vera minnst um gefið, hefur borið gæfu til þess að sameina borgaraflokkana um nýja þjóðstjórn. Héðan af verður aldrei rætt um það, að ekki sé hægt að mynda ríkisstj. án kommúnista á Íslandi og að ekki sé hægt að vinna dagleg störf án þess, að þeir stjórni verkalýðsfélögunum, því að eins og kunnugt er hafa borgaraflokkarnir einnig unnið sigra um yfirstjórn verkalýðsfélaganna. Nú er liðinn sá tími, þegar kommúnistar þóttust hafa hálft landið á valdi sínu og hafa vald til að banna bandarískum flugvélum að koma hér við á leiðinni til Þýzkalands. En í staðinn fyrir þá einangrun þjóðarinnar, sem kommúnistar keppa að, erum við nú að samstarfi við 16 vestrænar þjóðir til að bægja ófriði og hungri frá Vestur-Evrópu. En fyrir kommúnista er hungrið og erfiðleikarnir bezta vopnið. Þegar almenningur er hungraður, er auðvelt að benda á, að það sé hægasta leiðin að taka af þeim, sem eitthvað hafa, án tillits til afleiðinga. En þegar þjóðirnar hafa sæmilega afkomu, kemur annað viðhorf. Þá unna menn friði og frelsi og langar ekki til þess að ráðast á aðra menn eða þjóðir. Þess vegna er samhjálparkerfi þjóðanna, sem kennt er við Marshall, stærsta vörn gegn hungri og ófriði. Rússar óska eftir hungri hjá öðrum þjóðum til þess að geta aukið áhrif sín. Frjálsar þjóðir þurfa frið og öryggi til að geta blómgazt. Þátttaka Íslands í samstarfi Marshallríkjanna á að geta bætt atvinnuaðstöðu landsmanna á ókomnum tímum og tryggt frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Auk margra annarra kosta mun Marshallféð verða til þess að tengja íslenzka kommúnistaflokkinn við Vesturlönd og stjórnarhætti þeirra. Vil ég nefna eitt dæmi því til sönnunar, og það snertir hv. 2. þm. Reykv. — Fyrsta kvíslin úr Marshallelfunni hefur staðnæmzt í Örfirisey, hinni nýju síldarverksmiðju og tilheyrandi síldarskipi. Það skip og þær vélar hefðu alls ekki komið til landsins nema fyrir samtök hinna 16 þjóða. Þetta er öllum ljóst og einnig hv. 2. þm. Reykv. En þegar Marshallgullið kom til landsins, var hv. 2. þm. Reykv. ekki nógu vel á verði, því að auðvitað varð hann að reyna að rísa á móti því, að Marshallpeningarnir væru notaðir á þennan hátt. Það þurfti að skipa stjórn þessarar verksmiðju, en ef ég hef skilið þau boðorð, sem hv. 2. þm. Reykv. á að fara eftir og hlýða, þá á hann hvorki að ganga í of náið bandalag við íslenzkt né amerískt auðvald, en stærsta auðvaldsfyrirtæki Íslands, Kveldúlfur, er annar aðaleigandi í þessu fyrirtæki, en hinn eigandinn er í raun og veru Marshall sjálfur, því að þaðan eru peningarnir komnir. Og í þessari stjórn er hv. 2. þm. Reykv. Hann situr nú við hliðina á traustum íhaldsmönnum frá Kveldúlfi og fulltrúum Marshall hins vegar og þiggur kaup fyrir vandann og vegsemdina. Ég ætla ekki að dæma hv. 2. þm. Reykv. fyrir þetta, en ég vil benda honum á, að þessi framkoma hans er meir en nóg til þess að skera úr um það, að hans langa ræða í gær var gagnslaus. Það eru fleiri menn með holdi og blóði í kommúnistaflokknum en hv. 2. þm. Reykv., og það er alveg víst, hvað sem hann og flokkur hans reynir að halda fram, að þá munu samherjar hans sækja fram í þéttum fylkingum til að fá lífibrauð og atvinnu við Marshallfyrirtæki. — Það var í einhverri orrustu, að Friðrik Prússakonungur var að taka hæð og gerði áhlaup móti fallbyssuskothríð Austurríkismanna. Þetta var erfið sókn, en að lokum tók konungur hæðina. En í Marshallorrustunni verður erfitt fyrir kommúnista að sigra, af því að annar aðalleiðtogi flokks þeirra er fallinn í valinn og verður þeim til tafar í sókninni upp á hæðir hlunnindanna. Þar liggur líka hinn kæni prestur, sem er fulltrúi kommúnista í bæjarstjórn, því að hann barðist fyrir að fá þessa ágætu Marshallverksmiðju í Örfirisey.

En það er bezt að taka skýrt fram, að Bandaríkin mundu varla leggja fé sitt í svona framkvæmdir, ef þeim kæmi það ekki sjálfum vel. Bandaríkin vita það, að ef Evrópa er hungruð, þá er hún lítt fær um að verja frelsið. Og þegar öll Evrópa er svipt frelsi og mannréttindum, kemur hættan að dyrum Vestmanna. Þess vegna þurfum við ekki að áfellast samstarfið í Örfirisey. Það er auðséð, að kommúnistaflokkurinn telur sér ekki fært að sækja á móti þessum eldi. Hann telur sér ekki fært að standa við það, sem blað flokksins heldur fram í dag, að við getum gert þessar miklu framkvæmdir einir og án lántaka. Ég vil aðeins benda á það, sem réttilega er tekið fram í kommúnistablaðinu nýlega, að þegar við getum ekki vegna fátæktar fullgert nokkurra kílómetra veg, sem er bráðnauðsynlegur fyrir heilbrigði fólksins í Rvík, þá verður lítið úr öllum hinum glæsilegu framkvæmdum, sem viðskmrh. lýsti í ræðu sinni, ef ekki kemur til skjalanna aðfengið fjármagn.

Ég vil að lokum benda á þrjá þætti í sögu okkar: Við höfum fengið pólitískt frelsi að forminu til, og það er gott, það sem það nær. Við erum varnarlausir og höfum neitað að þiggja hjálp til að koma upp vörnum. Og í þriðja lagi er atvinnulíf þjóðarinnar ákaflega óstöðugt, fyrst og fremst vegna dýrtíðar. Það þarf að eflast og þroskast, og þeirri þróun á það að geta náð fyrir Marshallsamstarfið. Að því er snertir varnarleysi landsins, hlýtur sá þátt-

ur að verða tekinn til meðferðar að nýju. Er aðstaða annarra þjóða í landvarnarmálum orðin allt önnur en áður var. Vil ég í þeim efnum benda á þróunina í Danmörku og Noregi, sem eru næstu lönd við okkur. Bændur og verkamenn og svo kallaðir frjálslyndir menn vildu hafa litlar hervarnir. En nú er svo komið, að þessir sömu flokkar eru samhuga í því að leggja á stórkostlega skatta í báðum þessum löndum vegna hervarna. Hvers vegna? Vegna þess, að báðar þessar þjóðir hafa reynt, hvað það er að láta einræðisríki hersetja sig. Ég held, að það sé ekki til svo fávís maður utan Íslands, að hann afsaki afstöðu okkar. Kommúnistar mega eiga það, að varnarleysi landsins er skynsamlegt frá þeirra sjónarmiði og út frá þeirra stefnu, en með borgaraflokkana gegnir öðru máli.

Ég vil skjóta því til hæstv. viðskmrh., að hann líti ekki á óskalista sinn sem óbreytanlega stjórnarskrá, heldur sem frumdrög að starfsskrá, þar sem ýmislegt þarf að athuga og umbæta. Mér virðist, að þeir, sem gerðu þessa skrá, hafi ekki lesið það, sem sérfræðingar nýbyggingarráðs hafa gefið út í miklu álitsskjali, að það mætti búast við, að fiskimið okkar tæmdust eftir fimm ár. Og þeir leggja til, að þessi mikla aukning flotans sé gerð til að geta verið með, meðan einhver fiskur er til á miðunum. Það getur því farið svo, að við verðum innan skamms að lifa á einhverju öðru en rányrkju á sjónum og breytum þess vegna óskalistanum í samræmi við það.

Ég vil sérstaklega minna hv. þingheim og hæstv. ráðh. á eitt mál í þessu sambandi, en það er rafmagnsmálið. Hæstv. ráðh. talaði um stórkostlega aukningu Sogs- og Laxárstöðvanna. Það situr ekki á mér sem Reykvíkingi og þm. S-Þ. að mæla á móti stækkun þessara stöðva. En ég vil minna á, að þriðjungur Íslendinga hefur ekkert rafmagn fengið enn, og þó að þessar stöðvar verði stækkaðar, fer ekki nema lítið brot af því til sveitanna. Það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að það liðu mörg ár frá því, að Sogið og Laxá voru virkjuð, þannig, að aðeins einn sveitabær fékk rafmagn frá hvorri stöð. Það voru þeir bæir, sem höfðu leigt landið til stöðvanna. Af hverju var ekki dreift raforku út um allar næstu byggðir? Af því, að það er svo miklum erfiðleikum bundið að leiða raforkuna til strjálbýlisins. Það er að vísu von til, að eitthvað verði hægt að gera í því efni á næstu árum, en frá hinni nýju virkjun við Andakílsá hygg ég, að ekki fái nema tveir bæir rafmagn. Allt fer til kauptúnanna, Akraness og Borgarness. Við megum ekki blekkja okkur með því, að verði haldið áfram á næstu árum að láta alla rafmagnsaukninguna fara til bæja og kauptúna, en strjálbýlið fær ekki neitt, þá fara byggðirnar í eyði. Ég hef hugsað mér að bera bráðlega fram þáltill., þar sem lögð sé áherzla á, að sveitabæir fái hráolíuvélar til að framleiða rafmagn á hverju heimili, sem ekki er sjáanlegt, að fái rafmagn á næstu árum. Ég vil treysta, að hæstv. viðskmrh. geri þá breyt. á óskalista sínum, að þrjú þúsund smástöðvar fyrir raforkuframleiðslu sveitabæja verði liður í innflutningi samkvæmt Marshallsamstarfinu.

Ef ekki hefði komið til greina fisksalan til Þýzkalands nú í sumar, segja kunnugir menn, að orðið hefðu stórkostlegir erfiðleikar að selja fiskinn úr nýsköpunartogurunum. Þegar ástand útvegsins er svo slæmt, er hættulegt að búa með fullkominni léttúð að sveitunum, heldur verður þvert á móti að haga þjóðarbúskapnum þannig, að byggðin aukist með ræktun og skiptingu jarða. Það hefur margsinnis sýnt sig, að engin þjóð getur leikið þann leik að lifa, eftir að sveitirnar hafa verið farnar í auðn. Tvö glæsilegustu menningarríki fornaldarinnar, Aþena og Róm, visnuðu, eftir að búið var að þurrka upp sveitirnar. Það er einn hlutur, aðeins einn, sem þarf að gera til þess að jafna metin. Sveitirnar verða að fá rafmagn til sinna þarfa. Ég endurtek ósk um þetta til hæstv. viðskmrh. að hafa þetta í huga, þegar hann fer að endurskoða hina ýmsu þætti í þessari framkvæmdagerð hæstv. stjórnar.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hér er um að ræða svo mikið og merkilegt mál, að mér finnst rétt, að stjórnarandstaðan fengi tækifæri til að hafa það málfrelsi, sem hún telur þörf, ekki sízt með tilliti til þess, að kommúnistar um allan heim hafa fengið fyrirmæli um að vera á móti Marshalláætluninni. Þeir eru hér að leika það hlutverk, sem þeim hefur verið falið, og verður að taka því með fullri ró og þeim skilningi, sem það hlutverk verðskuldar.

Ég ætla hér ekki að gera sérstaklega að umræðuefni sjálft álitið, sem hér liggur fyrir, eða samninginn, en ég vil taka undir það, sem hv. þm. S-Þ. sagði í sinni ræðu hér síðast, að aðalatriðið í þessu máli er samvinna þjóðanna, en ekki sá fjárstyrkur, sem þær fá. Það getur varla leikið á tveim tungum, að það var sjálfsagt fyrir Ísland að taka þátt í samvinnu hinna 15 Evrópuþjóða, sem Ísland hefur nú samvinnu við um endurreisnarmál. Og það hlýtur hver maður að sjá, að ef Ísland hefði skorazt undan þeirri samvinnu, þá hefði það ekki gert annað en að einangra sig, draga sig út úr og slíta sig úr öllum tengslum við þessi lönd, sem Ísland þarf að hafa mest af sínum viðskiptum við.

Það var einnig útilokað fyrir Ísland í sambandi við þessa samvinnu að skerast úr leik í sambandi við Marshalláætlunina. Ef haldið er skynsamlega á þessu máli, ætti þessi hjálp að geta orðið stórkostlega mikils virði meðan Evrópa er að rísa úr rústum eða þangað til hún getur aftur orðið góður viðskiptavinur. Ég fyrir mitt leyti er ekki sérstaklega hrifinn af gjafafé. Ég tel það nægilega aðstoð og góða aðstoð, ef Ísland í sambandi við þessa hjálp getur selt afurðir sínar fyrir yfirverð, meðan við erum að leitast við að ná jafnvægi í okkar eigin verðlagsmálum, en það er það, sem hefur gerzt nú, þegar frysti fiskurinn var seldur. En ég tel, að gjafir séu hvorki hollar né æskilegar, nema um hreint öngþveiti sé að ræða.

Ég skal þá koma að þeim hlut í þessu máli, sem ég ætlaði aðallega að ræða um, en það er fjárfestingarhlið málsins. Hæstv. viðskmrh.

gaf skýrslu um stórkostlegar framkvæmdir, sem hann tók skýrt fram, að væru óskalisti. En ég verð að segja það, að þótt ræða hans gæfi ekki tilefni til að taka það á annan hátt en þann, þá virðist, að í umr., sem farið hafa fram í blöðum um málið, að það gæti talsvert mikillar bjartsýni um, að þetta geti komizt í framkvæmd. Þetta er mjög glæsilegur draumur, ef ég mætti svo segja, og ég vænti þess, að eitthvað af honum komi til framkvæmda í náinni framtíð. En mig langar til að spyrja hæstv. viðskmrh., hvort jafnframt þessu sé verið að undirbúa ráðstafanir af hendi hæstv. ríkisstj. til að hafa í fullu tré við dýrtíð og verðbólgu, til þess að möguleikar séu á því að koma svona áformum í framkvæmd. Ég ætla ekki að fara miklu nánar út í að skýra þetta atriði, það skýrir sig að mörgu leyti sjálft. Það má benda á það, að ef ætti að reisa þau mannvirki, sem hér er um að ræða, á fjórum árum, þá þyrfti að líkindum til þess meiri vinnukraft en við höfum yfir að ráða. En umfram allt álít ég, að þetta sé óframkvæmanlegt, nema breytist sá grundvöllur, sem við höfum nú til að byggja á.

Það stendur nú yfir landsfundur útvegsmanna í landinu. Fyrsti fundurinn var haldinn í gær, og formaður þessa sambands hélt ræðu á þeim fundi, og það er lítið eitt frá henni sagt í einu blaðinu í dag. Ég ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa eina klausu úr ræðu hans. Hún hljóðar svo: „ástandið, eins og það blasir við í dag, sem er í stuttu máli þannig, að rekstrargrundvöllur er ekki fyrir hendi hjá íslenzka fiskiskipaflotanum og hefur ekki verið undanfarin fjögur ár". — Þetta er ástandið, og við vitum allir, hvernig það er. Á svona ástandi er ekki hægt að byggja stórkostlegar fyrirætlanir. Ef við látum okkur dreyma um slíkt, sem við viljum allir, þá verðum við að líta niður fyrir fæturna á okkur og sjá, á hvaða jarðvegi við stöndum. Öll fjárfesting rennur meira og minna út í sandinn, meðan verðbólgan og dýrtíðin hangir eins og brugðinn brandur yfir öllu atvinnulífi þjóðarinnar. Við getum keypt prýðileg skip. Öllum kemur saman um, að nýi flotinn sé prýðileg skip og það bezta, sem við höfum fengið út úr nýsköpuninni. En þessi tæki verða að sandi og ösku í höndunum á okkur, ef ekki er til í landinu rekstrargrundvöllur fyrir þau. Það er ekkert leyndarmál, að meginhlutinn og jafnvel allur íslenzki togaranýsköpunarflotinn hefði legið í höfn undanfarandi sumarmánuði, ef ekki hefðu fengizt samningarnir við Þýzkaland. Og ástæðan fyrir því, að hann hefði orðið að liggja í höfn, er sú, að þrátt fyrir þann sparnað, sem þessi skip veita í rekstri, þá geta þau ekki tekið við áföllum, svo að neinu nemur, vegna þess, hve kostnaðurinn við útgerðina er mikill. Við getum reist áburðarverksmiðju. Það vilja vafalaust allir og óska allir, að áburðarverksmiðja verði reist í landinu, en hvernig mundum við standa, ef útlendur áburður yrði seldur helmingi lægra verði en íslenzkar verksmiðjur gætu framleitt? Sama má segja um sementsverksmiðju, sem við höfum stórkostlega þörf fyrir. Þetta verður allt óarðberandi, nema við getum tekið til í húsinu hjá okkur og látið þessar verksmiðjur bera sig á heilbrigðan hátt. Ég er ekki á móti fjárfestingu, síður en svo. En ég vil ekki, að þjóðin reisi sér hurðarás um öxl í þessu efni. Það er líka hægt að sligast undir of mikilli fjárfestingu, þó að það heiti framfarir, þegar við erum að koma því á laggirnar. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef ekki verður breytt um stefnu, svo að annað verði til að byggja á, þá munum við lenda í feni hríðversnandi verðbólgu, ef við förum út í aðra eins fjárfestingu og hér er gert ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir 300 millj. kr., sem megi fá út úr Marshallaðstoðinni og 200—300 millj. frá sjálfum okkur til að koma þessu í framkvæmd. Ég er ekki í vafa um, að þjóðin er í dag komin út í meiri fjárfestingu en hún ræður við. Fjárfestingin er komin út í svo miklar öfgar, að það er alvarleg þurrð á nauðsynjavörum í landinu. Fyrir fáum dögum voru hér engar birgðir af hveiti, engar af rúgmjöli, engar af kaffi, litlar af sykri. Nú er komið skip hingað á höfnina með birgðir af þessum vörum, en til tiltölulega skamms tíma. Ég segi: Ef við þurfum vegna fjárfestingar að hafa landið birgðalaust af nauðsynjavörum, þá er fjárfestingin komin út í öfgar Hér er skortur á nauðsynlegum klæðum, nauðsynlegum skófatnaði. Það gengur svo langt, að fólk fær ekki vissar stærðir af skóm á börn sín. Hér er í raun og veru þurrð og skortur á hverjum hlut nema áfengi. Ég vil ekki segja, þegar svona er komið, að það eigi að hætta við öll áform og ráðagerðir fyrir framtíðina. En ég segi, að þegar svona er komið, þá er nauðsynlegt að breyta svo til, að þjóðin hafi í sig og á og að ástandið í landinu verði lagfært á þann veg, að einhver áætlun geti staðizt, en ekki að við þurfum að byggja allt okkar líf á fúafeni kínverskrar verðbólgu.

Ég vildi að síðustu mega óska þess, að Marshallhjálpin verði bæði Íslandi og öðrum löndum Evrópu til blessunar. En við megum ekki gleyma því nokkra stund, að þetta verður engin hjálp fyrir okkur, nema við hjálpum okkur sjálfir og breytum þannig ástandinu í okkar eigin þjóðarbúskap, að við getum tekið við hjálpinni og hún orðið að notum.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að svara svo að nokkru nemi því, sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar í ræðu hv. 2. þm. Reykv. í gær, því að að svo miklu leyti sem þeim ráðh., er flutt hafa skýrslu ríkisstj. í sambandi við þetta mál, þykir ástæða til að fara inn á þessa ræðu, munu þeir að sjálfsögðu gera það. Ég vil það eitt um þá ræðu segja, sem var bæði mjög löng og ýtarleg, að rökin og samræmið var ekki í réttu hlutfalli við hina löngu ræðu. En ég vildi með nokkrum orðum minnast á þann stórpólitíska bakgrunn, sem blasir raunverulega við í átökunum hér í sambandi við Marshallaðstoðina.

Það er ekkert launungarmál, heldur fullkomlega auðséð af öllum þeim, sem nokkuð fylgjast með í alþjóða stjórnmálum, að frá því fyrsta að stjórn Bandaríkjanna boðaði þessa

hugmynd sína um að styrkja af sinni hálfu efnahagslega viðreisn Evrópu, hefur Evrópa skipzt í tvennt. Annars vegar kommúnistasamtökin og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst þeir, sem eru ráðandi austan járntjaldsins, og svo einnig kommúnistar Vestur-Evrópu, sem hafa gert það, sem þeir hafa haft dug til, en hins vegar eru svo yfirleitt allir lýðræðisflokkarnir. Hæstv. utanrrh. drap á það í ræðu sinni, að sum ríki Evrópu önnur en þau, sem þátt hefðu tekið í aðstoðinni, hefðu gjarna viljað verða þessarar hjálpar aðnjótandi, ef þau hefðu verið sjálfum sér ráðandi, eins og t. d. Tékkóslóvakía og Finnland, sem fengu ekki að taka þátt í þessari samvinnu Vestur-Evrópu, með aðstoð Bandaríkjanna, vegna þessa ofurkapps, sem á það var lagt af hálfu Sovét-Rússlands og kommúnista að hindra, að þetta næði fram að ganga. — Fyrsta spurningin, sem blasir við, þegar þessi staðreynd er höfð í huga, að þannig skiptist afstaða manna í Evrópu til Marshallaðstoðarinnar, að annars vegar eru kommúnistar með Sovét-Rússland að bakhjarli og hins vegar lýðræðisflokkarnir, — sú spurning er þessi: Af hverju mótast afstaða hins alþjóðlega kommúnisma til þessa máls? Hún getur ekki mótazt af því, að það séu nokkrir auðjöfrar Vesturheims, sem séu að koma fjárfúlgum sínum fyrir í Evrópu sér til aukins ávinnings. Og hún getur ekki heldur mótazt af því, að verkalýðurinn líti ekki vonaraugum til þessa endurreisnarstarfs, sem samtök Vestur-Evrópuríkjanna taka þátt í með aðstoð Bandaríkjanna. Það getur af hvorugu þessu mótazt. Ályktunin hlýtur því að verða sú, sem dregin hefur verið hiklaust og skýrt, að hinn alþjóðlegi kommúnismi með Rússland að bakhjarli óski þess ekki, að hafin verði fjárhagsleg endurreisn í Evrópu. Og hvers vegna óska þessi öfl í austri, að þetta takist ekki. Þeirri spurningu verður ekki heldur svarað nema á einn veg: Þetta er ekki vegna andúðar alþýðunnar í þessum löndum, heldur vegna þess, að þeir telja, að áhrif kommúnismans verði minni meðal þessara þjóða, ef þessi fjárhagslega endurreisn tekst. Þessar eðlilegu ályktanir eru dregnar af hinni hatrömmu andstöðu allra kommúnista í hvaða landi sem er gegn viðreisnaráformum samtaka Vestur-Evrópuríkjanna með Bandaríkjaaðstoð að bakhjarli.

Ég sagði áðan, að það væri blekking ein, þegar því væri stundum haldið fram af andófsmönnum þessarar hugmyndar, að það væri auðvald Ameríku, sem fylgdi fram þessari hugmynd. Þetta er mjög fjarri sanni. Í Bandaríkjunum eru vaxandi verkalýðssamtök, sem nú telja um 16 milljónir manna. Þessi samtök hafa styrkzt á síðastliðnum árum, og það er sá þáttur í Bandaríkjunum, sem harðast hefur barizt með hugmyndinni um Marshallaætlun og aðstoð, sem að sjálfsögðu kom þó fyrst fram hjá viðsýnum og lýðræðissinnuðum bandarískum stjórnmálamönnum. Ég get því nefnt dæmi um það, að því er snertir yfirlýsingar og skoðanir verkalýðssamtaka í Bandaríkjunum um þetta mál, og ég ætla að drepa á raddir tveggja forustumanna úr hópi verkalýðssamtakanna. Annar þeirra hefur sagt: „Verkalýðshreyfing Bandaríkjanna styður Marshallaðstoðina af öllu afli, af því að hún (verkalýðshreyfing Bandaríkjanna) óskar þess eindregið, að verkalýður Englands geti búið við sem bezt kjör og haft fullt frelsi. Ef England getur tryggt íbúum sínum fjárhagslegt öryggi, er það bezti stuðningurinn að varanlegum friði. Verkalýðurinn hlýtur að styðja að öllum áformum, sem tryggja frið í heiminum og farsæld almennings". — Ameríkumaður hefur látið svo um mælt: „Bandarískur verkalýður hefur frá upphafi stutt meginstefnu Marshallaætlunarinnar. Öll verkalýðssamtök hinna frjálsu ríkja Evrópu standa óskipt að baki Marshallaætluninni".

Það má einnig láta þess getið, að þau tvö eða þrjú verkalýðsfélög í Bandaríkjunum, sem nokkuð kveður að, hafa heitið fullum stuðningi sínum við framkvæmd Marshallaætlunarinnar, og einn af aðalframkvæmdastjórum Marshallaætlunarinnar, Hoffmann, hefur sagt: „Það er óhætt að fullyrða, að frá upphafi Marshallaætlunarinnar hefur engin stétt Bandaríkjanna veitt henni jafneinróma stuðning né unnið jafndyggilega að henni í framkvæmd og ameríska verkalýðshreyfingin".

Við vitum það einnig, sem fylgjumst með og látum ekki blekkjast af moldviðri hins alþjóðlega kommúnisma, að þeir, sem vildu draga úr Marshallaðstoðinni, voru flestir hinir mestu auðjöfrar Bandaríkjanna. Af þessu sést greinilega, að það eru ekki þau öfl í Bandaríkjunum, sem kommúnistar vilja vera láta, sem mest styrkja Marshallaðstoðina og vilja, að hún geti sem mest og bezt notið sín.

En hvað segja þá yfirleitt verkalýðssamtök Vestur-Evrópu, sem eru ekki háð kommúnistum? Þau segja nákvæmlega sama og verkalýðssamtök Vesturheims. Ég get nefnt nokkur dæmi því til stuðnings. — Eins og menn vita, þá voru hin fornu verkalýðssamtök í Frakklandi undir stjórn kommúnista. En þegar þar fyrir áhrif kommúnista var farið að gera pólitísk verkföll, m. a. til þess að hindra framkvæmd Marshallaðstoðarinnar, þá klofnaði þetta sterka verkalýðssamband Frakklands. Það myndaðist þá nýtt verkalýðssamband, og einn forustumaður þess hefur sagt, að hið nýja verkalýðssamband hafi lýst yfir eindregnum stuðningi sínum við Marshallaætlunina.

Sama er að segja um þau verkalýðssamtök á Ítalíu, sem líku máli gegnir um. En ég vil taka til dæmis forustumann verkalýðssambands eins Norðurlandanna, þ. e. Svíþjóðar, en meðlimir þess sambands telja á aðra milljón af þeim tæpum 7 milljónum, sem búa í Svíþjóð. Forseti þess, Axel Strand, sem margir hér á landi kannast við frá því að hann kom hingað til lands, hefur sagt á þessa leið: „Við í sænsku verkalýðshreyfingunni teljum Marshallaætlunina vera stórkostlega og öfluga tilraun til þess að tryggja fjárhag Evrópu, tryggja verkamönnum aðstöðu til nægrar atvinnu og koma á heilbrigðu, bættu skipulagi meðal þjóðanna. Sænska verkalýðshreyfingin styður þessi samtök af alhug".

Forseti hollenzka verkalýðssambandsins hefur gefið yfirlýsingu á þessa leið: „Öll verka-

lýðshreyfing Hollands er mjög þakklát fyrir hina amerísku aðstoð og telur skyldu sína að vinna af öllu afli að framkvæmd Marshalláætlunarinnar og viðreisn allrar Evrópu".

Ég hef aðeins nefnt þetta sem dæmi um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í Bandaríkjunum annars vegar og verkalýðshreyfingar Vestur-Evrópu hins vegar til þessa máls, sem hér er rætt af Alþingi Íslendinga. Og skýrast enn þá betur áform hins alþjóðlega kommúnisma í sambandi við þetta mál, og línurnar í þessum efnum skýrast æ betur og betur en nokkru sinni fyrr. Hringekja kommúnismans, sem byrjaði 1930 á höfuðhringnum, er nú komin aftur á sama stað í hringnum og hún var þá. Þá voru jafnaðarmenn höfuðandstæðingarnir, sósíalfasistar, höfuðstoð auðvaldsins. Þetta breyttist seinna í samfylkingar- og samvinnuskraf. En svo snerist ekjan áfram í hring og er nú komin á sama stað og 1930. Þannig eru starfsaðferðir hins alþjóðlega kommúnisma. Jafnvel hér í okkar litla og fátæka þjóðfélagi er hópur manna í þessari hringekju og tekur þátt í því að fara hringinn, vilja dansa eftir tóninum að austan. Það er ekkert vafamál, heldur fullkomin staðreynd, að það var ríkið í austri, Sóvét-Rússland, sem hóf harða baráttu gegn framkvæmd Marshallaðstoðarinnar. Það er heldur ekkert vafamál, að Kominform, hin nýju alþjóðasamtök kommúnista, sem raunar formlega telja ekki innan sinna vébanda nema nokkur ríki í Evrópu, hafa skorið upp herör gegn þessum framkvæmdum. Og þegar austur á aðalstöðinni er skorin upp slík herör, bergmálar það í öllum löndum heims, þar sem angi er til af þessari hreyfingu. — Ég held, að enginn hafi í raun og veru skýrt þetta betur en einn af fremstu og að mörku leyti reyndustu forustumönnum í verkalýðshreyfingu Norðurlanda, sem er formaður danska kommúnistaflokksins, í mjög langri ræðu, sem hann hélt þar í landi 18. sept. s. l. Sú ræða hefur verið birt orðrétt í kommúnistablaðinu „Land og Folk", en auk þess verið gefin út sérprentuð, en þetta blað, „Land og Folk", er höfuðfréttalind Þjóðviljans á Íslandi, því að þeir, sem lesa bæði þessi blöð, sjá greinilega hið nána samband, sem er á milli þessara tveggja höfuðmálgagna íslenzkra og danskra kommúnista. — Þessi forustumaður segir m. a.: „Stefna Sovét-Rússlands er sú eina rétta". Það er í raun og veru fyrsta undirstöðuboðorðið, sem útibúin eiga að fylgja að staðaldri. Hann bætir við seinna: „Flokkur Lenins og Stalins er persónugervingur hinnar fullkomnu reynslu og beztu þekkingar. Við teljum kommúnistaflokk Sovét-Rússlands vera hinn mikla læriföður. Við vitum, að stjórnmálastefna hans er rétt og til gagns fyrir mannkynið."

Hér er sagt hispurslaust og rétt frá. Það er ekki nokkrum vafa bundið, að íslenzkir kommúnistar hafa tekið afstöðu gegn Marshalláætluninni á Íslandi vegna þess, að sú afstaða var tekin upp í Rússlandi, og af engu öðru. Og það er þeim mun hörmulegra til þess að vita, þar sem það eru margir greindir og gegnir menn, sem skipa þennan flokk og meðal annars sitja hér á Alþingi og hljóta að sjá það, ef þeir eru ekki slegnir fullkominni blindu, að barátta gegn Marshallaðstoðinni er hvað Ísland snertir barátta gegn hagsmunum íslenzku þjóðarinnar og fyrst og fremst barátta gegn hagsmunum íslenzkrar alþýðu. Enginn á meira undir því en alþýðan, í hvaða landi sem er, að hægt verði að koma á öruggu atvinnulífi, útrýma atvinnuleysi og halda atvinnunni öruggri. Það er grundvallarhugsunin í Marshallaðstoðinni að byggja svo upp fjárhagskerfi Vestur-Evrópu á 4 árum, að eftir þann tíma verði þessar þjóðir sjálfbjarga og sjálfum sér nægar. Og ég verð að segja það, að þegar litið er til þeirrar áætlunar, sem íslenzka ríkisstj. hefur látið gera sem sinn undirbúningsþátt í sambandi við Marshallaðstoðina, þá mega það vera menn slegnir mikilli blindu og ofstæki, sem berjast gegn þessu máli. Ég vil ekki segja af illvilja eða vegna þess, að þeir vilji alþýðunni illt eða þjóðinni illt, heldur vegna ofsatrúar sinnar og blindrar trúar á forustu ákveðins stjórnmálaflokks austur í Evrópu.

Um sjálfan Marshallsamninginn þarf ég ekki að ræða, því að það væri að bera í bakkafullan lækinn, eftir að hæstv. utanrrh. hefur glöggt og skýrt greint frá honum hér á Alþingi Íslendinga og hrakið verstu firrurnar og blekkingarnar, sem hafðar hafa verið í frammi í baráttunni gegn Marshalláformum og Marshallaðstoð. Ég ætla ekki heldur að fara inn á þá áætlun, sem hæstv. viðskmrh. rakti hér í umr. í fyrradag, að gerð hefði verið að tilhlutan ríkisstj. En ég vil segja það í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykv., að það kemur að sjálfsögðu margt til greina í sambandi við það, hvernig hægt verði að framkvæma þessa risaáætlun. Ég vil segja, að m. a. séu það 3 atriði. Það er það, að við fáum þá aðstöðu út í frá, sem við vonum og gerum ráð fyrir í sambandi við Marshallaðstoðina. Það er það, að við höfum nægilegt fjármagn innanlands til þátttökunnar, og í þriðja lagi, að við höfum nægilegt vinnuafl, án þess að tekið sé frá neinum framleiðslugreinum, til þess að framkvæma þessa stóru áætlun. Einnig má bæta því við, sem 1. þm. Reykv. benti á, að til þess að framleiðslan geti gengið og vonir geti staðið til, að nýjar verksmiðjur, ný skip og nýjar vélar geti notið sín, þurfa að verða þær breytingar í íslenzku þjóðfélagi, að hægt verði að framleiða með því verði, að vörurnar verði seljanlegar á erlendum markaði. Sú ríkisstj., sem nú situr, hefur viljað gera sitt til þess, að svo gæti orðið, og hún mun, meðan hún situr, gera sitt til þess, að svo geti orðið, hvernig sem það kann að takast. Ég vil segja það líka, að ég tel, að ég geti lýst yfir því, að ríkisstj. muni gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að framkvæma þá merkilegu áætlun, sem hér hefur verið skýrt frá, í hvaða röð sem framkvæmdirnar yrðu, og án þess að ég geti sagt um það, hvort hægt væri að framkvæma þetta út í yztu æsar. En eitt er nauðsynlegt í því sambandi, og það er, að frjálslynd, lýðræðissinnuð öfl í landinu vinni saman að framkvæmd þessarar áætlunar. Það þarf ekki að gera því skóna, að ó-

vinir þessa máls vilja spilla fyrir framkvæmd þess á allan hugsanlegan hátt. Ég vildi vona, vegna íslenzku þjóðarinnar og Íslands, að þau frjálslyndu, lýðræðislegu öfl geti orðið nógu sterk í landi hér til þess að framkvæma þessa áætlun, og ég er öruggur um það, að með henni er hægt að tryggja þjóð vorri betri og blómlegri framtíð en áður. Það er tilgangur okkar, sem að henni vinnum, og tilgangur allra þeirra, sem vinna að framkvæmd hennar víðs vegar um heim, hver fyrir sína þjóð, og það er von mín, að þeim tilgangi verði náð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að bæta miklu við það, sem ráðherrar þeir, er skýrslur fluttu um þetta mál í fyrradag, tóku þá fram um Marshallæætlunina og framkvæmdir og fyrirætlanir í því efni. En þótt ekki sé mikil ástæða til þess, vil ég fara um þetta nokkrum orðum. Ég mun þó ekki svara neitt ræðu hv. 2. þm. Reykv., því að ég geri ráð fyrir, að henni verði fullkomlega svarað af þeim, er með þetta mál fara fyrst og fremst af hálfu ríkisstj. Ég mun heldur ekki ræða um þann ómerkilega róg um Bandaríkin, sem rekinn hefur verið í þessu sambandi; get þess aðeins sem minnar skoðunar, að mér virðist Bandaríkjastjórn hafa sýnt óvenjulega mikið viðsýni, framsýni og stórhug með framkomu sinni í þessu máli, sem hefur verið furðulega laus við eiginhagsmunasjónarmið. Það skýrist nú æ betur og betur til hrellingar fyrir þá, sem hafa skipað sér til andstöðu, en hinum til ánægju, sem hafa áhuga fyrir því, að Marshallaðstoðin verði til blessunar fyrir þær þjóðir, sem hún á að gera gagn. Það hefur verið reynt að hártoga þetta. Því hefur t. d. verið haldið fram, að Marshallaðstoðin væri leið fyrir Bandaríkin til þess að koma út alls konar afgangsvörurusli, en þetta hefur verið skemmtilega kveðið niður af Bandaríkjastjórn, sem leggur einmitt höfuðáherzluna á það, að sem allra mest vöruskipti fari fram milli þjóðanna sjálfra, en sem minnst verði sótt til Bandaríkjanna. — Ég mun ekki fjölyrða meira um þetta, en eina spurningu vil ég taka til athugunar. Átti Ísland að standa utan við þessi samtök? — Ég skil ekki, að nokkur Íslendingur haldi því fram ótilneyddur, að það hefði verið æskilegt, að við útilokuðum okkur frá samstarfi hinna 16 Evrópuþjóða, sem margar eru okkar beztu viðskiptaþjóðir. Slíkt gat ekki orðið nokkurt vit. Og ef Íslendingar hefðu tekið sig út úr, hefði ekki verið hægt að líta á það nema á einn veg, að þeir vildu ekkert samstarf eiga og aðeins duga þeim málstað, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur tekið að sér að þjóna.

Þá kemur spurningin um það, hvort einhverjir sérstakir ágallar væru á því af hálfu Íslendinga að taka þátt í þessu samstarfi, sem réttlættu það að skerast úr leik. — Engu slíku er til að dreifa. Ef Íslendingar hefðu átt að stíga slíkt skref, hefði það verið vegna þess, að í samningnum hefðu falizt einhver þjóðhættuleg skilyrði. En engin slík skilyrði felast í honum frá okkar sjónarmiði, eftir að búið er að fá hann svo úr garði gerðan sem hæstv. utanrrh. hefur skýrt frá. Ráðleggingar hv. 2. þm. Reykv. í þessu efni eru því álíka viturlegar eins og ráðleggingar hans á stríðstímunum um að hætta að senda fisk til Bretlands, þegar Bretar stóðu einir í styrjöldinni gegn nazistum.

Sá árangur, sem orðið hefur af Marshallaðstoðinni, er þegar mikill og verulegur fyrir Ísland, og þarf ég ekki að endurtaka það, sem um það hefur komið fram; en gerðir hafa verið stórir samningar, sem ekki hefðu orðið okkur jafnhagstæðir með öðru móti. Beinn ávinningur er alveg stórkostlegur. Hitt er svo annað mál, að réttindi þau og hlunnindi, sem við verðum aðnjótandi, fela í sér áminningu til okkar um það, að við verðum að halda vel á málum okkar heima fyrir og verðum alltaf illa staddir, ef atvinnuvegir okkar geta ekki borið sig. Óbreytt stendur það, að stórfelldur hagur hefur orðið af þessu samstarfi nú þegar.

En eftir hverju eiga þá Íslendingar að sækjast í sambandi við Marshallaðstoðina? — Fyrst og fremst hagstæðum verzlunarsamningum. Það hefur líka verið meginstefna ríkisstj., eins og nú þegar hefur komið glöggt í ljós. En á svo að sækjast eftir meiru? Í því sambandi þarf að gera sér þess grein, hverjar þarfir Íslendinga muni verða á næstu árum. Þar mun verða mikil nauðsyn á margháttuðum stórframkvæmdum, og þótt við náum fullum greiðslujöfnuði við útlönd, þá kunnum við, ef ráðizt verður í stórar framkvæmdir, að þurfa á meira fé að halda en fást kann fyrir útflutning okkar, og er þá hugsanlegt að leysa þetta í sambandi við Marshallaðstoðina. Mundi þá verða um tvennt að ræða: lán eða óafturkræft framlag. Varðandi lántöku þarf að athuga möguleikana til þess að greiða lánin, sem væru aðeins tekin til arðgæfra framkvæmda, en þar sem bezt er að komast sem mest hjá lánum, hef ég verið fylgjandi þeirri stefnu innan ríkisstj. að leita fyrir sér um það, hvort Íslendingar gætu orðið aðnjótandi óafturkræfs framlags.

Nú má segja vitanlega, að það væri æskilegt, að Íslendingar væru svo á vegi staddir fjárhagslega, að þeir þyrftu ekki að hugleiða lántöku til þess að koma upp raforkuverum, verksmiðjum o. s. frv., en því er nú engan veginn þannig farið; innstæður eigum við nú engar, og því aðeins um þetta að velja: eitthvert erlent lánsfé eða óafturkræft framlag, ef fengizt gæti.

Um áætlunina, sem viðskmrh. gerði skil í skýrslu sinni, er þess að geta, að ráðgert er, að allar þjóðir, sem þátt taka í þessu samstarfi, geri 4 ára áætlanir um innflutning sinn og útflutning og geri í sambandi við þær grein fyrir fyrirætlunum sínum í framtíðinni, þar sem innflutningurinn hlýtur að takmarkast af framkvæmdunum í landinu. Því lét ríkisstj. gera drög að áætlun eða óskalista, eins og tekið hefur verið fram. Vitanlegt er, að inn í þessa áætlun er ekki allt tekið, smátt og stórt, sem til greina gæti komið, t. d. kaup á ýmsum tækjum öðrum en nefnd eru í áætluninni og margs konar byggingarframkvæmdir. Það eru aðeins stærstu liðirnir, sem teknir eru í þessi drög að áætlun. Hins vegar er óhætt að segja, að þessi áætlun er sett upp frá því sjónarmiði, að Ís-

lendingar frá byrjun tapi engu tækifæri til þess að fá fjármagn inn í landið. Það hefur komið fram hér í umræðum, að áætlun þessi væri ekki hnitmiðuð þannig, að hún geti fallið inn í fjárfestingaráætlun þessa tímabils frá ári til árs. En að hnitmiða hana þannig er verkefni, sem ekki verður unnið fyrir fram; áætlunina verður að endurskoða frá ári til árs til þess að raða þannig niður, að fjárfestingin verði viðráðanleg og skynsamleg og hafi ekki truflandi áhrif.

Að lokum ber þess að minnast, sem er hvað þýðingarmest, að því aðeins snýst þetta okkur til góðs, að við höfum þroska og skilning til að skapa heilbrigt atvinnulíf innan lands og meira jafnvægi og samræmi í fjármálalífið en nú er, og undir því er kominn árangur þessarar efnahagssamvinnu. Ef um hættu er að ræða í sambandi við hana, þá býr sú hætta í okkur sjálfum, og hún er sú, að þessi aðstoð verði til þess að svæfa okkur á verðinum heima fyrir og við förum að byggja óeðlilega mikið á utanaðkomandi aðstoð og gleymum því, að við verðum að standa á eigin fótum. Við verðum að hafa vit á að nota alla möguleika til að bæta hag þjóðarinnar án þess að missa sjónar á þessu stóra atriði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú skýrt Alþ. frá þeim samtökum um viðreisn Evrópu, sem 16 þjóðir hafa ákveðið að taka þátt í og Ísland hefur gerzt aðili að. Einnig hefur hæstv. ríkisstj. látið þm. heyra drög að framkvæmdaáætlun fyrir næstu fjögur ár. Virðist manni fljótt á litið, að þar séu teknar til athugunar þarfir allra helztu atvinnuvega landsins, og er vel, að hæstv. ríkisstj. hefur gert grein fyrir þessu, þótt enn sé þörf ýmissa skýringa þar að lútandi. — Þetta er nú ekki í fyrsta skipti, sem um það er rætt á Alþ. að gera áætlanir um atvinnuframkvæmdir fyrir nokkurt tímabil. Haustið 1944 voru sett lög um nýbyggingarráð, sem átti að hafa það aðalverkefni að gera heildaráætlun um uppbyggingu atvinnulífsins á næstu 5 árum. Eftir að lögin höfðu verið samþ., var tekið til óspilltra málanna af hinu nýja ráði — ekki fyrst og fremst við að semja áætlunina, heldur við að eyða þeim peningum, sem landmenn áttu erlendis. Og þegar ráðið hætti störfum, var hver eyrir uppétinn, en engin heildaráætlun sjáanleg. Að vísu fór ekki allt þetta fé — en því miður allt of mikið — til óþarfra hluta og framkvæmda, sem hefðu átt að sitja á hakanum. Það munu hafa verið fullar 500 millj. kr., sem Íslendingar áttu erlendis, þegar lögin um nýbyggingarráð voru sett árið 1944. Ákveðið var, að þar af færu 300 millj. til nýrra atvinnuframkvæmda. Þá kom tillaga frá fulltrúum Framsfl. í fjhn. í báðum deildum Alþ. um það, að í stað 300 millj. skyldi leggja til hliðar 450 millj. í þessu skyni. En þeir, sem stóðu að fyrrv. ríkisstj., hindruðu það. Þeir bera því sameiginlega ábyrgð á því, að þær 150 millj., sem ágreiningur var um, eyddust á annan veg. Mér skildist á ræðu hv. 2. þm. Reykv. í gær, að hann teldi erlendar lántökur vafasamar og varasamar, og er ég þar sammála. Og ég býst nú við, að hv. þm. sjái nú, hve mikil mistök það voru, sem hann og hans flokkur bera ábyrgð á, að ekki voru lagðar til hliðar meira en 300 millj. af fullum 500 millj., sem inneign okkar var 1944. Sá hv. þm. og flokkur hans er að vísu ekki einn undir þá sök seldur, hún er sameiginleg sök þeirra, sem studdu stj. Það voru valdamenn í landinu, sem vildu heldur, að 150 millj. færu til að auka eyðslu og óhóf, því að þeir töldu sig græða meir á því en ef þeim væri beint inn í atvinnulífið. Eftir þeirri áætlun, sem hæstv. viðskmrh. las upp, er gert ráð fyrir því, að þær framkvæmdir, sem þar er reiknað með á næstu 4 árum, muni kosta um 360 millj. í erlendum gjaldeyri, en samtals um 540 millj. kr. Það er því svo, að þessar 150 millj. kr., sem feykt var út í veður og vind, eru full 40% þess, sem gert er ráð fyrir, að þurfi í erlendum gjaldeyri til að framkvæma þessa áætlun. Við værum því ólíku betur staddir, ef við hefðum þessa fúlgu nú í erlendum gjaldeyri. Þá hefði aðeins vantað röskar 200 milljónir í erlendum gjaldeyri til þess að koma áætluninni í framkvæmd í stað 360 millj., sem ekki er neitt útlit fyrir, að við munum taka í útflutningsverðmæti á næstu 4 árum, svo að áætlunin virðist ekki framkvæmanleg án nýrrar lántöku. Nú stoðar ekki að sakast um orðinn hlut, nú verðum við að líta á ástandið eins og það er. Það er þörf nýrra framkvæmda, en okkur skortir erlendan gjaldeyri, til þess að greiða með framkvæmdirnar. Það kemur þá til athugunar, hvernig ráða eigi fram úr þessum vandkvæðum. Ef ekki er tekið lán, verður þjóðin að bíða eftir framkvæmdunum.

Í l. um fjárhagsráð, frá 1947, er ákveðið, að taka skuli undan 15 af hundraði af verðmæti útflutningsins til nýrra framkvæmda. Það væri æskilegt, að stj. upplýsti, hvernig þessu hefur verið varið 1947, og það, sem af er árinu 1948. Stj. hefur ef til vill ekki tök á því að gefa upplýsingar um þetta í þessum umr., en ég vænti þess, að þingið fái fljótlega upplýsingar um þetta. Það skiptir miklu í sambandi við þetta mál, að upplýst sé, hvað þjóðin getur varið miklu af tekjum sínum til nýrra framkvæmda.

Það er margt í áætlun stj., sem ástæða er til að fá nánari upplýsingar um. Ég hef nýlega borið fram fyrirspurn varðandi vélaþörf landbúnaðarins, sem leyfð var í dag og kemur því væntanlega eftir nokkra daga á dagskrá. Ég fresta því að ræða það atriði. Þá væri æskilegt að fá nánari skýringar varðandi fyrirhugaðar raforkuframkvæmdir. Hæstv. viðskmrh. gat um stækkun Sogsvirkjunarinnar og nýtt orkuver við Laxá, en meiri framkvæmdir virðast fyrirhugaðar.

Það væri æskilegt að fá nánari skýringar á áætlun stj. eða óskalista yfirleitt. Það er gott, að gerð séu drög að slíkri áætlun, en margt þarf vel að athuga, t. d. hvað er æskilegt og mögulegt með tilliti til vinnuaflsins, svo að það dragist ekki frá aðalatvinnuvegunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ekki ráð fyrir því, að stj. skýri þetta frekar nú, en vænti þess, að stj.

gefi nánari skýringar á málinu áður en langt um líður.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér finnst, að í sambandi við þetta mikilsverða mál, sem hér er til umr., sé um þrjú höfuðatriði að ræða. Í fyrsta lagi það, hvort Marshallaðstoðin svonefnda hafi eðlilegu og gagnlegu hlutverki að gegna í heimsmálunum yfir höfuð að tala. Í öðru lagi, hvort Íslendingar hefðu átt að gerast aðilar að Marshalláætluninni og þá á hvern hátt, og í þriðja lagi, hvað Íslendingar hefðu getað gert, ef þeir hefðu ekki gerzt aðilar að Marshalláætluninni, og hvaða úrræði þeir flokkar og þau öfl benda á til lausnar þeim vandamálum, sem Marshallaðstoðinni er ætlað að leysa, ef úr þátttöku Íslendinga hefði ekki orðið. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um hvert þessara þriggja höfuðatriða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að heimsstyrjöldin síðari gerbreytti allri fjárhagsaðstöðu Evrópuríkjanna. 1938 var verzlunarjöfnuður Evrópu að Sovétríkjunum frátöldum óhagstæður um 2.1 milljarð dollara. En þessi halli var jafnaður með duldum tekjum. Stærsti liður duldu teknanna voru vaxtatekjur, að upphæð 1,4 milljarðar dollara, og aðrar duldar tekjur námu 0.7 milljörðum dollara. Á síðasta árinu fyrir stríð og einnig á næstu árum á undan breyttist efnahagsafstaða Evrópuríkjanna því ekki gagnvart umheiminum þrátt fyrir hinn gífurlega óhagstæða verzlunarjöfnuð. Á árinu 1947, eða á s. l. ári, var aðstaðan hins vegar gerbreytt. Hinn óhagstæði verzlunarjöfnuður var þá 6.9 milljarðar dollara. Hins vegar hafa vextir af eignum Evrópulandanna í öðrum heimsálfum stórminnkað og voru á þessu ári aðeins 0.4 milljarðar dollara. Og í stað þess, að Evrópuríkin höfðu fyrir stríð ýmsar duldar tekjur auk vaxtateknanna, hafa þau nú dulin gjöld að upphæð 1 milljarður dollara. Greiðsluhalli Evrópuríkjanna varð því hvorki meira né minna en 7.5 milljarðar dollara s. l. ár. En sé litið á aðstöðu Evrópuríkjanna gagnvart Bandaríkjunum einum, þá var gjaldeyrisaðstaðan enn óhagstæðari. Hin mjög svo óhagstæða gjaldeyrisaðstaða Evrópuþjóðanna gagnvart umheiminum var jöfnuð á s. l. ári, 1947, með miklum lántökum í Bandaríkjunum og annars staðar, sérstaklega í Kanada, og enn fremur með sölu gulls og dollaraeigna. Hinn mikli greiðsluhalli, sem hafði orðið stríðsárin, hafði verið jafnaður á þennan sama hátt.

Það má segja, að höfuðorsakir þessara miklu gjaldeyriserfiðleika Evrópuríkjanna hafi einkum verið þrjár, þ. e. a. s. í fyrsta lagi hin gífurlega eyðilegging framleiðslutækja í stríðinu, í öðru lagi sú breyting á allri iðnbyggingu Evrópu, sem hlauzt af hinu algera hruni framleiðslunnar í Þýzkalandi, og í þriðja lagi sú gerbreyting, sem varð á efnahagsafstöðu Evrópuríkjanna gagnvart umheiminum. Þau höfðu verið lánveitandi lönd fyrir styrjöldina, og inneignir þeirra voru að henni lokinni ekki nema brot af því, sem þær voru fyrir hana, og mörg lönd, sem áður höfðu átt inneignir, voru nú orðin skuldunautar. Þetta á við Evrópuríkin í heild, en erfiðleikar þeirra voru þó mjög misjafnlega miklir. Gjaldeyriserfiðleikar Vestur-Evrópuríkjanna voru meiri en Austur-Evrópuríkjanna, vegna þess að þau voru meiri matarframleiðslulönd og gátu hjálpað sér sjálf að því leyti miklu fremur en Vestur-Evrópuríkin, sem hafa verið meiri iðnaðarlönd og verða að flytja inn matvæli og greiða með iðnaðarvörum, og komu framleiðsluerfiðleikarnir í stríðinu og eftir það því að ýmsu leyti verr niður á Vestur-Evrópuríkjunum.

Eins og kunnugt er, var stríðskostnaður bandamannaríkjanna allra að mjög verulegu leyti greiddur af Bandaríkjum Norður-Ameriku, og eftir að stríðinu lauk, hættu Bandaríkin ekki, sem betur fer, þeim miklu vörusendingum til Evrópu, sem þau tóku upp í styrjöldinni, heldur héldu þeim áfram. Í stríðinu og fyrst eftir stríðið fóru vörusendingarnar, svo sem kunnugt er, fram í sérstöku formi, þ. e. a. s. samkvæmt hinum svonefndu láns- og leigulögum. En eftir að vörusendingar í því formi hættu, tóku við lánveitingar af hálfu Bandaríkjanna til einstakra Evrópuríkja. En þær lánveitingar voru ekki í skipulögðu formi og voru ekki gerðar samkv. neinni heildaráætlun. Það er alveg óhætt að fullyrða, að ef Bandaríkjamenn hefðu stöðvað vörusendingar sínar til Evrópu í lok stríðsins, hefði viðreisn Evrópu sótzt mjög seint. Viðreisn Evrópu hefði ekki getað gengið með þeim hraða, sem hefur þó tekizt að hafa á henni, án aðstoðar þessa ríkis, Bandaríkjanna, sem eitt allra stórveldanna var auðugra við lok styrjaldarinnar en í upphafi hennar.

Raunverulega er það kjarni Marshalláætlunarinnar svokölluðu, að henni er ætlað að verða framhald af láns- og leiguvörusendingunum á styrjaldarárunum og lánveitingunum eftir stríðsárin. Það er óvefengjanleg staðreynd, að ef Evrópuríkin eiga að geta reist fjárhag sinn úr rústum með þeim hraða, sem æskilegt væri, geta þau ekki komizt af án áframhaldandi aðstoðar frá Bandaríkjunum. Það, sem gerist með hinni svokölluðu Marshallaðstoð, er það fyrst og fremst, að sú aðstoð, sem Bandaríkin veittu á styrjaldarárunum og hafa veitt eftir stríðið, heldur áfram, en er sett í ákveðið kerfi, til þess að það megi vera tryggt, að það fé, sem óhjákvæmilegt er, að Bandaríkin leggi fram til Evrópuríkjanna, sé notað skynsamlega og samkvæmt heildaráætlun.

Auðvitað er Marshalláætlunin ekki góðgerðarstarfsemi af hálfu Bandaríkjanna eintóm og jafnvel ekki fyrst og fremst. Það er hagsmunamál Bandaríkjanna sem eins helzta forusturíkis í heimsmálum, að efnahagur Evrópuríkjanna sé bærilegur og ekki sé þar allt í kalda koli, enda gæti það orðið til þess að efla óeðlilega vaxtarskilyrði sumra flokka, en eymd og volæði og erfiðleikar virðast vatn á myllu vissra flokka og einmitt þeirra, sem Bandaríkin telja aðallega á öndverðum meiði við sig í heimsstjórnmálum yfir höfuð að tala.

Eins og hæstv. forsrh. lýsti greinilega í ræðu áðan, hafa það verið framfaraöfl í Bandaríkjunum, sem hafa viljað stuðla að framkvæmd Marshalláætlunarinnar, en hin íhaldssamari

hafa verið henni andvíg. Þau hafa einnig reynt að hafa þau áhrif, að Bandaríkin hagnýttu sér þessa áætlun þannig, að þau græddu á hinum stórfelldu vörusendingum til Evrópu, og þarf engan að undra það, en það er óhætt að fullyrða, að stjórnarvöld Bandaríkjanna hafa verið þar vel og skynsamlega á verði, þannig að það er ekki hægt að segja, að áætlunin mótist af hagsmunum bandarískra auðvaldsins og bandarískra stóriðjuhringa. Bandarísk stjórnarvöld hafa haft úrslitavaldið, sem betur fer fyrir þau ríki, sem aðstoðarinnar eiga að njóta. Sannleikurinn er sá, að hagsmunir Bandaríkjanna sem stórveldis og hagsmunir Vestur-Evrópu hafa farið saman, fyrst og fremst að því er snertir nauðsynina á aðstoðinni yfirleitt og ennfremur að því er snertir veigamikil atriði í framkvæmd hennar, og þess vegna hefur áætlunin orðið og verður Vestur-Evrópuríkjunum til góðs.

Það mun því óhætt að svara þeirri spurningu, sem ég varpaði fram í upphafi, þ. e. hvort Marshalláætlunin hefði gagnlegu hlutverki að gegna í heimsmálunum yfirleitt, þannig, að óhætt sé að fullyrða, að það sé fagnaðarefni fyrir Vestur-Evrópuþjóðirnar, að til hennar hefur verið stofnað.

Þá kem ég að öðru höfuðatriðinu, sem ég nefndi í upphafi, þ. e. hvort Íslendingar hefðu átt að gerast aðilar að þessu samstarfi og á hvern hátt. Fjárhagsvandamál okkar Íslendinga eru að ýmsu leyti önnur en flestra hinna ríkjanna 15, sem að þessu samstarfi standa. Meginverkefnin hér eru ekki viðreisn atvinnuveganna eftir styrjöldina. Sem betur fer varð hér nær engin eyðilegging af völdum styrjaldarinnar. Meginfjárhagsvandamál okkar er fólgið í því, að þótt íslenzka þjóðin hafi við lok styrjaldarinnar verið miklum mun ríkari en við upphaf hennar, og ríkari en nokkru sinni áður í sögu sinni, þá fór fjárhagskerfi hennar allt úr skorðum í styrjöldinni og vegna áhrifa, sem beinlínis má rekja til styrjaldarinnar. Fjárhagskerfið fór þannig úr skorðum, að gífurlegt misræmi hefur skapazt milli verðlags og framleiðslukostnaðar innanlands og verðlags í viðskiptalöndunum, miðað við gengisskráninguna hér. Af þessu mikla misræmi milli verðs og framleiðslukostnaðar innanlands annars vegar og erlendis hins vegar hefur leitt almennan gjaldeyrisskort, þannig að eftirspurn eftir gjaldeyri er miklu meiri en fyrir styrjöldina og miklu meiri en hægt er að fullnægja með afrakstri útflutningsins. En það er ekki einungis um almennan gjaldeyrisskort að ræða, heldur einnig tilfinnanlegan skort á sérstökum gjaldeyri, þ. e. dollurum. Og jafnvel þótt við hefðum gnægð annars gjaldeyris, þá minnkaði ekki þar með skorturinn á þessum sérstaka gjaldeyri, dollurunum. Því er þannig háttað, að mikið af þeim vörum, sem flytja þarf inn og bráðnauðsynlegar mega teljast, svo sem kornvörum, áburði og vélum, verður bókstaflega ekki keypt nema fyrir dollara. Það má segja, að almenni gjaldeyrisskorturinn sé mál, sem Íslendingar geti ráðið einir við. Það eru skilyrði til að leysa það vandamál, ef vilji er fyrir hendi og ef menn geta orðið sammála um að gera þær ráðstafanir, sem til þess væru nauðsynlegar, og gæti þar margt komið til greina, þótt ég ræði það ekki frekar nú. En hitt er víst, að dollaraskorturinn er þess konar vandamál, að það getur ekki verið á valdi okkar Íslendinga einna að leysa það mál. Jafnvel þótt okkur tækist að bæta úr hinum almenna gjaldeyrisskorti og þótt við kæmum fjárhagskerfi okkar og utanríkisviðskiptum á heilbrigðan grundvöll þannig, að ekki væri um almennan gjaldeyrisskort að ræða, þá gæti samt sem áður verið um hinn sérstaka gjaldeyrisskort að ræða, dollaraskortinn. Hér er um að ræða þátt í alþjóðlegu vandamáli, sem er ekki á okkar valdi að leysa með innanlandsaðgerðum einum. En einmitt með Marshalláætluninni er verið að leitast við að leysa þetta mikla vandamál, dollaravandamálið, og þess vegna er alveg sérstök ástæða fyrir okkur að fagna henni. Við getum ekki vænzt þess, að nokkur utanaðkomandi aðstoð geti verið einhlít til þess að leysa hin almennu fjárhagsvandamál okkar, enda ættum við ekki að þurfa á slíkri aðstoð að halda. En það er engin minnkun að því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til að leysa þann vanda, sem er ekki á valdi okkar einna að leysa og er hluti af alþjóðlegu vandamáli, er ekki steðjar að okkur Íslendingum einum, heldur flestum þjóðum í Vestur-Evrópu og víðar. En hins vegar þurfum við auðvitað að athuga vel og rækilega, hvort nokkur þau skilyrði fylgi, sem geti ekki talizt aðgengileg.

Ég ætla ekki að rekja ákvæði þess samnings, sem gerður var á sínum tíma við Bandaríkin af íslenzku ríkisstj., en einungis taka fram, að ég tel engin þeirra skilyrða, sem sett voru, eins og endanlega var gengið frá samningnum, geta talizt óaðgengileg fyrir Íslendinga eða hafa í för með sér nokkra hættu fyrir fjárhagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði landsins. En um einstök atriði má segja, að þau séu ekki alls kostar heppilega orðuð og íslenzk ríkisstjórnarvöld hefðu vafalaust orðað þau öðruvísi, ef þau hefðu átt þess kost að orða samninginn, en ekkert af þeim atriðum getur talizt höfuðatriði.

Þá kem ég að því atriði, hvernig þátttöku Íslendinga er ætlað að verða. Það er hægt að gerast aðili að þessu samstarfi á fleiri en einn hátt. Ég tel tvímælalaust, að með tilliti til aðstöðu okkar sé eðlilegast, að þátttöku okkar verði hagað á þann veg, að landið reyni að afla sér aðstöðu til þess að selja afurðir sínar gegn dollurum. Aðstaða Íslendinga meðan á stríðinu stóð og eftir það hefur ekki verið með þeim hætti, að nauðsynlegt ætti að vera fyrir þá að verða aðnjótandi beinnar fjárhagslegrar aðstoðar. En af ástæðum, sem eru Íslendingum alveg óviðráðanlegar, er hér um að ræða sérstakt vandamál, dollaraskortinn, sem mjög er æskilegt, að hægt væri að nota þessa framkvæmd til að bæta úr, og það gæti orðið, ef Íslendingar öðluðust aðstöðu til þess að selja afurðir sínar með aðstoð þessa kerfis og fá dollaragreiðslu fyrir. Þá væri ráðið fram úr þessu sérstaka vandamáli, dollaraskortinum, án þess að Íslendingar yrðu nokkurrar beinnar að-

stoðar aðnjótandi. En það má fullyrða, að flestar þjóðir, sem taka þátt í þessu samstarfi, hafa þörf fyrir meiri aðstoð en Íslendingar.

Þá tel ég einnig vel geta komið til greina að taka lán til kaupa á æskilegum og nauðsynlegum framleiðslutækjum. Hins vegar get ég tekið undir þau ummæli hv. 1. þm. Reykv., að ég er ekki sérstaklega hrifinn af því, að Íslendingar þiggi beinlínis gjafir, af því að ég tel, að aðrar þjóðir, sem þátt taka í þessum framkvæmdum, séu betur að slíku gjafafé komnar. En þó sýnist mér geta komið til greina að veita viðtöku tækjum, sem væru notuð til þess að auka framleiðslu þjóðarinnar, þannig að það heildarmarkmið, sem samstarfinu er sett, gæti náðst betur en ella. En ég tel undir engum kringumstæðum geta komið til greina að taka lán til kaupa á neyzluvörum, og það ætti helzt ekki að taka við neyzluvörum sem gjöf, því að slíkt er ekki lausn á neinu fjárhagsvandamáli, hvorki fyrir okkur Íslendinga eina né heldur fyrir þær þjóðir í heild, sem að þessu samstarfi standa. Í því sambandi vil ég algerlega taka undir orð hæstv. menntmrh. áðan, að það er rétt að vera vel á verði gegn því að þátttaka okkar í Marshalláætluninni verði ekki til þess, að við sláum lausn fjárhagsvandamála okkar á frest, en mér sýnist alveg sérstaklega, að lántaka til nauðsynjavörukaupa gæti orðið til þess og jafnvel líka það, að þiggja nauðsynjavörur að gjöf.

Þá er ég kominn að þriðja og síðasta atriðinu, sem ég ætla að gera að umtalsefni, þ. e. a. s. því, hvað Íslendingar hefðu getað gert, ef þeir hefðu hafnað þátttöku í Marshalláætluninni. Hér vaknar m. ö. o. sú spurning, hvaða ráð það séu, sem andstæðingar þess, að við Íslendingar tökum þátt í Marshalláætluninni, benda á til úrlausnar þeim vanda, sem þátttökunni er ætlað að leysa. Þær staðreyndir, sem við blasa, eru, að hér er nú almennur gjaldeyrisskortur og enn fremur sérstakur skortur á dollurum. Fulltrúar hv. Sósfl. hafa ekki heyrzt benda á nein úrræði, sem alvarlega verði tekin, í dollaravandamálinu. Aftur á móti hafa þeir bent á úrræði, sem ætlað mun að vera lausn á hinum almenna gjaldeyrisskorti þjóðarinnar, og úrræðið er ofur einfalt. Þeir segja sem svo: Það er nógur markaður fyrir útflutningsvörur okkar, t. d. freðfiskinn. Það er nógur markaður í Austur-Evrópu fyrir allar þær útflutningsvörur okkar, sem er ekki hægt að selja með góðu móti í Vestur-Evrópu. Við getum selt meginhlutann af vörum okkar í vöruskiptum fyrir ágætt verð. Við eigum því ekki að vera að heimta dollara eða pund fyrir þær. En hér er því fyrst til að svara, að það er algerlega út í bláinn, þegar haldið er fram, að við getum fengið allar þær vörur, sem við þurfum á að halda, í vöruskiptaloendunum. Margar vörur eru ófáanlegar nema gegn dollurum, ófáanlegar nema í Bandaríkjunum, og jafnvel mjög þýðingarmiklar vörur, t. d. áburður og vélar. Það er því alveg óhætt að fullyrða, að vöruskiptaverzlunin, sem forustumenn hv. Sósfl. eru alltaf að benda á, getur ekki talizt neitt alls herjar úrræði, því að hún gæti ekki tryggt okkur allar þær vörur, sem við þurfum. Auk þess held ég, að það sé óhætt að fullyrða, eða það er a. m. k. mjög vafasamt, að það geti tekizt að fá markaði í þessum löndum fyrir allar útflutningsafurðir okkar, sérstaklega hraðfrysta fiskinn, en jafnvel þó að það væri hægt, er rétt að athuga, hvað það þýddi fyrir þjóðarbúskap Íslendinga, ef þessi leið væri farin til úrbóta. Það jafngilti nefnilega gengislækkun. Það er vitanlegt, að það veldur útflutningi íslenzkra afurða erfiðleikum, sérstaklega hvað snertir hraðfrysta fiskinn, að skipta við ýmsar gömlu viðskiptaþjóðirnar. Verðlagið er ekki nógu hátt. Það má hins vegar vel vera, að verð í clearinglöndunum reyndist hærra. En með því er ekki nema hálfsögð sagan, að bera saman útflutning til t. d. Bretlands annars vegar og clearinglandanna hins vegar. Við verðum að bera saman kaupmátt andvirðis útflutningsvörunnar, þ. e. a. s. verð þeirrar vöru, sem við mundum ráðstafa gjaldeyristekjunum til kaupa á. Ef við athugum þá hlið málsins, þá er það kunnugt, að verðlagið á þeim vörum, sem við þurfum að flytja inn, er miklu hærra í clearinglöndunum en í löndum, sem hafa dollara- eða pundagjaldeyri. Þetta er staðreynd, sem er alkunn, en oft skortir nákvæman rökstuðning fyrir. Ég hef því athugað nokkrar vörutegundir og borið saman verðlag á þeim í dollara- eða pundagjaldeyri og í clearinggjaldeyri. Ég valdi tvær vörutegundir, sem fluttar eru inn bæði frá Englandi og Tékkóslóvakíu. Hér er um nákvæmlega sömu vöru að ræða og gæðin eru jöfn. Annað eru galvaniseruð rör af ýmsum stærðum. Frá Englandi kostuðu hálftommu rör kr. 2.43 pr. metra, en frá Tékkóslóvakíu kostuðu þau kr. 3.88 pr. metra í heildsölu hér. Verðið var m. ö. o. 50% hærra frá Tékkóslóvakíu. Heiltommu rör kostuðu frá Englandi kr. 4,08 pr. metra, en frá Tékkóslóvakíu kr. 6,60. Tveggjatommu rör kostuðu frá Englandi kr. 9,70 pr. metra, en frá Tékkóslóvakíu kr. 15,57 pr. metra. Verðlagið á þessari þýðingarmiklu vöru er þannig um 50% hærra frá Tékkóslóvakíu en frá Englandi. Hér er svo önnur vörutegund, líka fullkomlega sambærileg. Það er gaddavír í 50 kg rúllum. Frá Englandi kostar hann í heildsölu hér kr. 85,12 50 kg rúlla, en frá Tékkóslóvakíu í heildsölu hér kr. 110.12 nákvæmlega eins rúlla. Enn þá eitt dæmi, um þvottaduft. Frá Englandi er verðið á rinsoþvottadufti hér í heildsölu kr. 1,86 pakkinn, en jafnmikið af ítölsku persilþvottadufti kostar í heildsölu hér kr. 4,78. Hér er ekki um sömu gæði að ræða. Hið enska er betra, því að í því er sápa, en klór í hinu ítalska. Um þetta mætti nefna fjöldamörg fleiri dæmi, en ég læt þetta nægja til þess að renna skýrum rökum undir þá staðreynd, að verðlagið í clearinglöndunum, þ. e. verðlagið á innflutningi þaðan, er miklu hærra en verðlagið á innflutningi frá löndum, er hafa dollara- eða pundagjaldmiðil. Með öðrum orðum, það sem skeður í clearingviðskiptunum er það, að við seljum útflutningsvöruna við hærra verði gegn því að kaupa innflutningsvöruna hærra verði. Gjaldeyrisskortur útvegsins og útflutningsverzlunarinnar er leystur með því að láta innflutninginn, neytendurna, greiða

hærra verð fyrir hina innfluttu vöru. Gjaldeyrisskorturinn er leystur með því einfalda móti, að verðlagið innanlands er látið hækka, neytendurnir látnir borga brúsann til styrktar útflutningnum. Þetta er leið, sem er þekkt undir öðru nafni. Hún er venjulega kölluð gengislækkunarleiðin. Í hverju er hún fólgin? Í því að hækka skráð verð erlendrar myntar og auka þannig tekjur útflutningsverzlunarinnar í krónum, en láta innflutninginn greiða tilsvarandi hærra verð fyrir innflutningsvöruna og selja hana svo almenningi með tilsvarandi hærra verði. Clearingviðskiptin valda almennri verðhækkun innanlands, um leið og þau auka tekjur útflutningsatvinnuveganna, og eru því nákvæmlega hliðstæð gengislækkunarleiðinni, enda getur hver maður séð það í hendi sér, að það er enginn vandi að gera útflutningsverzlunina til þeirra landa, sem hafa dollara- eða pundgjaldmiðil, arðbæra með því að breyta gengisskráningu dollarans eða pundsins, en það mundi þýða, að innflutningsverzlunin og að lokum almenningur yrði að borga vörur frá þessum löndum þeim mun hærra verði. Á þessi atriði hefur ekki verið bent nógu rækilega í umræðunum. Þetta eru úrræðin, sem Sósfl. bendir á sem helzta ráðið í stað þátttöku okkar í Marshalláætluninni, og þau ráð jafngilda raunverulega gengislækkun. Sósfl. hefur ekki bent á neitt ráð gegn hinum sérstaka gjaldeyrisskorti, dollaraskortinum, og til úrbóta hinum almennu erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna og útflutningsverzlunarinnar ekki annað en ráð, sem jafngildir gengislækkun. Það eru hörmuleg örlög, að það skuli reynast meginstefna Sósfl. í utanríkismálum að mæla með ráðstöfunum, sem eru í rauninni ekki annað en gengislækkun.

Sannleikurinn er sá, og með því vil ég ljúka máli mínu, að Sósfl. tekur á sig mjög þunga ábyrgð til þess að taka undir herópið, sem hljómar frá Moskvu. Það eru augljósir hagsmunir fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Marshallsamningnum. Þar er um að ræða samstarf vestrænna þjóða. Afskiptaleysi Íslendinga af því samstarfi væri hið sama og að stofna mjög þýðingarmiklum viðskiptahagsmunum okkar í augljósa hættu. Þess vegna er það vissulega mikill ábyrgðarhluti, sem hv. Sósfl. tekur á sig með því að beita sér gegn svo augljósum hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. En þó má vera, að það geti orðið Íslendingum til nokkurrar gæfu, að hv. Sósfl. skuli taka undir það austræna lag, sem nú er kveðið um allan heim, þ. e. ef þessi söngur hans hjálpar einhverjum Íslendingi til þess að átta sig á eðli og tilgangi þessa flokks.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ræða hv. þm. V-Húnv. minnti mig á ræðu hv. 2. þm. Reykv. Í síðari hluta ræðu sinnar talaði hv. 2. þm. Reykv. mjög mikið um það, hversu við hefðum lítillækkað okkur með því að gerast aðilar að þessum samningi, og fór um það sem hörðustum orðum, hvílík óstjórn það hefði verið í landinu, sem hefði leitt til þess. Svo fór hann að ásaka okkur fyrir það, að við hefðum ekki enn þá þegið gjafir. Það var að hans áliti hið mesta glapræði, sem við höfðum framið, að nota samninginn til þess að selja afurðir landsins, og hann kom þar hæst í sinni löngu ræðu, þegar hann skýrði þessa meginfirru, sem við hefðum framið, að þiggja ekki gjafir, heldur láta nægja að greiða fyrir sölu afurðanna. Það er ekki þörf á að fjölyrða um þetta. Þetta eru algerlega rökþrot hjá hv. 2. þm. Reykv. og eðlileg afleiðing þess, hvern málstað hann er að verja. Því verður ekki neitað, að þegar þessi hv. þm. leggur stund á ræðuhöld, þá er honum lagið að verja vondan málstað. En þegar ég sagði það, að hógværar athugasemdir hv. þm. V-Húnv. minntu á þetta, er það vegna þess, að fram að þessu hafa allir vitað, að hv. þm. V-Húnv. hefur verið sannfærður um það af öllum mætti sínum, hvílíkur ófögnuður nýsköpun atvinnuveganna hefur verið. Við könnumst öll við þetta: Fyrst er spýta, svo er spýta; — ég vil sízt gera lítið úr því, sem þessi hv. þm. með sína viðtæku þekkingu hefur lagt gott til málanna á Alþ., en við gátum skilið afstöðu hans, af því að við vitum, að hann er langíhaldssamasti þm., sem hér á Alþ. hefur setið um áratugi. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að honum blöskri, þegar á að taka svona margar spýtur og byggja úr þeim svona mikið. Málflutningur hv. þm. V-Húnv. viðvíkjandi nýsköpuninni minnti of mikið á málflutning hv. 2. þm. Reykv., og ástæðan er sú sama, að þótt maðurinn sé snjall, er málstaðurinn svo göróttur, að hann hlýtur að verða erfiður til varnar. Ég vil nú ekki hafa um þetta mörg orð, en úr því að hv. þm. V-Húnv. fór að blanda umræðum um nýsköpunina inn í þetta mál, sem verið er að ræða hér, þá er sjálfsagt að svara honum eins og rök standa til. Það hefur ekki verið tekin önnur upphæð til nýsköpunarinnar en sú, sem á sínum tíma var tekin frá til þeirra hluta, og raunverulega ekki verið eytt til hennar á þessum árum öðru en þeim milljónum, sem þar voru teknar frá.

Hv. 2. þm. Reykv. lagði mér þau orð í munn, og var það undirstaðan í hans ræðu, að ég hefði sagt, að Íslendingar hefðu haft 85% af verzlunarviðskiptum sínum við þátttökulöndin í viðreisnarsamstarfinu og með þessu samstarfi væri tryggt, að þetta héldi svona áfram, og þar með væri allt í lagi. Ekkert af þessu sagði ég, og minn rökstuðningur er á annan veg. Eins og hv. 2. þm. Reykv. getur lesið, ef hann lítur í *pretun af ræðu minni*, þá vakti ég athygli á því, að bæði inn- og útflutningsverzlun okkar væri nálægt því að nema 85% við þessi þátttökulönd í viðreisnarsamstarfinu og að það þyrfti ekki að fara mörgum orðum um það, hvílíkur voði væri á ferðum, ef verzlunartengslin við þessi lönd væru slitin. Ég sagði ekki, að allt væri í lagi, þó að þessum tengslum væri haldið áfram, heldur lagði ég áherzlu á það, að voði væri fyrir hendi, ef þau væru slitin. Allir, sem hafa heyrt ræður hv. 2. þm. Reykv., bæði þá löngu í gær og eins aðrar styttri og lengri ræður, bæði að nótt og degi, sumar og vetur, vita, að aðaláhugamál hans er að slíta þessi tengsl, og það án þess, að hann,

eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, gæti bent á nokkuð annað frambærilegt, sem ætti að koma í staðinn fyrir þau verzlunartengsl, sem hann þannig vill losna við. Hvað væri það annað en að segja, að við hefðum ekki áhuga fyrir áframhaldandi verzlunarviðskiptum við þessar þjóðir, ef við svöruðum tilboði um þátttöku í endurreisnarsamstarfinu með því, að við hefðum ekki áhuga fyrir þessu samstarfi? Það er margtekið fram, að það er verið að ryðja úr vegi óeðlilegum verzlunarhöftum milli þjóðanna og efla eðlileg verzlunarviðskipti þeirra á milli og meðal annars til að koma á eðlilegri verkaskiptingu í uppbyggingu þessara landa. Þetta er allt í þeim samningi, sem ríkisstj. gerði með samþykki forseta Íslands á s. l. sumri, og ef við hefðum neitað að gera þennan samning, þá hefði það verið sama og að segja: „Við viljum ekki efla og tryggja viðskipti við okkur". Við hefðum slegið á útrétta hönd, og það þarf meira en þriggja tíma ræðu hv. 2. þm. Reykv. til að sannfæra nokkurn mann um það, að slík yfirlýsing hefði ekki jafngilt því að segja, að við vildum ekki viðskipti við þessar þjóðir. — Hv. 2. þm. Reykv. segir, að þessar þjóðir séu að efla fiskveiðar sínar, það sé bara í bili, sem þær þurfi á fiski frá okkur að halda. En þær upplýsingar, sem hann fór með, voru allar úr lagi færðar, og er ekki við öðru að búast vegna þeirrar firru, sem hann hefur haldið fram. Setjum svo, að einhverjar líkur séu til þess, að þessar þjóðir sumar, og kannske allar, vilji efla fiskveiðar sínar, — heldur þá hv. 2. þm. Reykv., að bezta ráðið til þess fyrir okkur að halda mörkuðum hjá þessum þjóðum, sé að neita þeim um fisk, á meðan þær þurfa á honum að halda, og að við getum þá selt hann til þeirra, þegar þær eru búnar að búa sig út til að afla fisksins sjálfar, og þetta er alveg án tillits til þess, hvort við höfum í annað hús að venda, og mun ég víkja að því síðar. Hv. 2. þm. Reykv. kemst ekki fram hjá þeirri staðreynd, að öll hans rök hníga í þá átt, að við slítum verzlunarviðskiptum við þær þjóðir, sem við höfum haft 85% af verzlunarviðskiptum okkar við að meðaltali hin síðari ár eftir stríðið.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það langt mál, að ríkisstj. hefði algerlega látið undir höfuð leggjast að minna á það, hverja þýðingu fiskveiðar hefðu fyrir Íslendinga, og einnig að fá því svo skipað í því samstarfi um efnahagsuppbyggingu, sem nú fer fram, að tekið verði tillit til Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar. Þetta átti að vera okkar höfuðsök. Ég vil nú minna á það, að raunar var óþarfi fyrir mig og aðra að fara um þetta atriði mörgum orðum að þessu sinni, vegna þess að í umr., sem fóru fram í Sþ. 14. okt. s. l. ár, gat ég þess, að einmitt þetta væri höfuðþátturinn í þessu samstarfi af okkar hálfu, með leyfi hæstv. forseta:

„Umfram allt beindist þó þátttaka Íslands að því að minna þær þjóðir, sem þarna voru saman komnar, á, að Ísland hefði til sölu fisk, sem þær gætu notað. Mun það öllum vera augljóst, að það er lífsskilyrði fyrir Íslendinga, að í áætlunum um endurreisn Norðurálfu sé hæfilegt tillit tekið til fiskveiðanna og séð fyrir, að flestir geti orðið neytendur fisks, bæði sjálfum sér og framleiðendunum til gagns.

Fulltrúi Íslands beindi áhrifum sínum einkum að því að brýna þetta fyrir mönnum. Skal ekki um það sagt, að hverju gagni það kemur. En hitt er ljóst, að ekki hefði okkar hlutur orðið betri, ef fiskurinn hefði alveg fallið niður, þegar rætt var um matarþörf þessara Evrópuþjóða og áætlanir gerðar um fullnægingu hennar".

Þetta, sem hv. þm. taldi nú vera höfuðsök okkar í þessum efnum, var þannig fyrsta atriðið, sem við lögðum fyrir fulltrúa okkar í þessu samstarfi að minna á, og hv. þm. vissi þetta óskaplega vel. Ég veit að vísu, að hann varð mállaus í umr. í fyrra, en ég hef ekki orðið var við, að hann hafi misst minnið, allra síst til langframa, enda kom málið aftur, og þá vonandi líka minnið. En ríkisstj. hefur fyllilega gert skyldu sína í þessu efni. Auðvitað var ekki látið við það sitja, sem þá kom fram, heldur hefur okkar starf beinzt að því, að þetta samstarf gæti greitt fyrir sölu okkar afurða, það er margoft tekið fram, og það er gersamlega ástæðulaust fyrir hv. þm. að eyða löngu máli í það að láta svo sem hann viti ekkert um þetta.

Þá var veigamikill þáttur í ræðu hans tal um það, að við hefðum einnig gert okkur seka um að vanrækja öflun markaða í Austur-Evrópu. Hefðum við gert það vafalaust fyrir áhrif frá þessum Marshalllöndum, áhrif auðjöfranna þar, á sama tíma sem fiskveiðahringirnir í þessum vesturlöndum væru svo bæði að taka undan okkur markaðina í Vestur- og Austur-Evrópu. Hv. þm. minntist þar á sinn gamla vin, Semenoff, og taldi þeim að kenna, hversu hann hefði flekað okkur. Hann hélt líka einu sinni fram, að ég væri hluthafi í Unilever. Því miður hef ég ekki komizt svo hátt í fjármálaheiminum að eiga hlutabréf í svo fínu félagi. Hitt get ég mæta vel skilið, að hv. þm. sé þetta félag mjög hugstætt, þannig að hann getur naumast haldið hér ræðu án þess að minnast á það, því að það lítur út fyrir, að þessi fiskveiðahringur, eða hvað þetta er, hafi náð sambandi við sum ríki í Austur-Evrópu. Ég hef hér í höndum rit, skýrslu frá júlí 1948, og segir þar, að þá nýlega, eftir að kommúnistar brutust til valda í Tékkóslóvakíu, hafi Unileverhringurinn verið gerður agent tékkóslavnesku stj. til að kaupa sérstakar tegundir olíu og feitmetis. Þetta er nú hringurinn, sem hv. þm. er alltaf að hræða okkur með. Íslenzka stj. hefur ekki haft samband við hann fram að þessu. En við megum þá eiga von á því, ef þessi hv. þm. einhvern tíma nær hér völdum, sem ég vona að seint verði, að þá verði það hans fyrsta verk að kalla þessa fornvini sína til að gera þá að einkaumboðsmönnum varðandi alla lýsissölu okkar og feitmetis. Þannig hafa bræður hans í Tékkóslóvakíu farið að, enda þekkjum við, að menn í þessum flokki ávíta aðra mest fyrir þá hluti, sem þeir sjálfir eru staðráðnir í að taka upp. Og það er líka vitað, að margir auðmenn hafa komið sér vel fyrir um samstarf við ráðandi menn í kommúnistaflokkum margra landa. Og flestir limirnir dansa nú eins á þessum slóðum,

og þarf vart að efa, að ástin muni einnig ná til íslenzkra flokksbræðra, þótt þeir telji í bili hagkvæmara að skamma þessa menn þar úti.

En hvað er til í þessum sögum, sem hv. 2. þm. Reykv. er alltaf að segja um það, að ríkisstj. hafi vanrækt að afla markaða fyrir afurðir landsmanna í Austur-Evrópu? Nú er það að vísu alveg eins og þessi hv. þm. sagði, að stundum er vafasamur hagnaður af þessum verzlunarsamningum, þó að viðkomandi lönd kaupi hærra verði, með því að oft verður að greiða hærra verð fyrir þær vörur, sem þaðan eru keyptar. Á þetta er oft bent, og hv. þm., sem síðast talaði, færði að því óvenjulega glögg rök, sem var ágætt að fá fram. Þó verður að hafa í huga, að það er munur á vörutegundum. Og sumar vörur frá þessum löndum hygg ég að séu allt að því samkeppnisfærar, og það réttlætir að nokkru það, sem ríkisstj. hefur verið að gera, að hún hefur þegar lagt allt kapp á og ekkert látið undir höfuð leggjast til þess að ná verzlunarsamningum við þessi austrænu lönd. Ég hef nú gaman af því, að hér í Alþ. flytur hv. 2. þm. Reykv. engar ræður svo um þetta efni, að hann tali ekki um, hversu mikill munur sé á þröngsýni íslenzku stj. og norsku stjórninni, — hún sé ekki hrædd við að skipta við Austur-Evrópu. En sannleikurinn er sá, að norsku kommúnistablöðin segja nákvæmlega það sama um norsku stj. eins og kommúnistar segja hér um mig og aðra meðlimi stj. Eins og drepið var á í umræðum um daginn, eru kommúnistablöðin uppprentun hvert upp úr öðru. Ég las í vor grein, sem birtist 27. marz 1948, um stjórnmálin í Noregi. Mér brá, því að mér fannst þetta allt vera skammir um mig úr Þjóðviljanum. En það var Lange utanrrh. Noregs, sem talað var um. Það var talað um Bandaríkin og yfirráð og einokun og herstöðvar og allt, sem heiti hefur. Og svo var sagt um Lange, eins og mig, að hann vildi ekki skipta við Austur-Evrópu. Og sérstök áherzla var lögð á ríkin í Suðaustur-Evrópu. Orðalagið var það sama og hér er notað, aðeins breytt til um mannanöfn og landa eftir því, sem þurfti á að halda. Þetta er ekki óeðlilegt. Menn eru meir og meir að skilja, að öll skrif og allar kenningar þessara hv. þm., svo glöggir og greinagóðir sem þeir sýnast í daglegri umgengni, þær koma utan frá. Þetta er allt úr einni allsherjar uppsprettu. Þeir verða að taka það, sem að þeim er rétt, hvort sem það er vegna þess, að þeir fá peningana þaðan, sem halda þeim og þeirra flokki uppi, eða eingöngu af trúarlegu ofstæki fyrir kenningunni. Hitt er óumdeilanlegt, að það er nákvæmlega sami söngur, sem þeir kyrja í öllum löndum, alveg án tillits til þess, þótt aðstæður séu ólíkar í hverju einstöku landi, af því að þessir menn hafa ekki frjálsræði til þess að hreyfa sig og ráða ekki nema að sáralitlu leyti, hverju þeir mega halda fram á hverjum tíma. Þetta kemur einnig fyrir æðstu postula í þessum félagskap. Þeir afvenjast að beita sinni gagnrýni. Það var hlegið að því á fundi Sameinuðu þjóðanna, þegar Vishinsky, einn snjallasti og mælskasti maður í heimi, fór að vitna til þess um árásarvilja Bandaríkjanna, að olíufélag í Bandaríkjunum væri búið að gefa út kort um þriðju heimsstyrjöldina, sem átti að heyjast mjög yfir Kyrrahafseyjum. Þegar kortið var skoðað, kom í ljós, að þetta var þriðja stríðskortið, sem var gefið út af þessu félagi. Fyrri stríðskort þess voru annað frá austurvígstöðvunum og hitt frá vesturvígstöðvunum. Þriðja stríðskortið var yfir Kyrrahafsvígstöðvarnar. Öll voru kortin frá árunum 1944 og 1945. En þetta var nú ein af aðalröksemdunum hjá Vishinsky fyrir árásarvilja Bandaríkjanna, að nú væri búið að semja kortið um næsta stríð, og skyldi því til skarar skríða og ráðast á þá friðelskandi Rússa. Þessi saga er ákaflega einkennandi fyrir baráttuaðferð þessara manna. Það sýnist vera einhver allsherjar áróðursvél, sem ryður út ósköpum öllum af upplýsingum. En jafnvel þeir, sem eru meðal þeirra fremstu og snjöllustu og njóta jafnvel alheimsaðdáunar fyrir greind og dugnað í sínu starfi, eins og Vishinsky, þeir hafa enga gagnrýni í sér til þess að vara sig á því, sem úr áróðursvélinni kemur. — Alveg eins er það með hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans hér. Þeim hefur verið sagt að halda fram, að við Íslendingar vildum engin skipti hafa við Austur-Evrópu. Það hefur engin áhrif, þó að staðreyndirnar tali allt öðru máli. Væri miklu nær sönnu — og fólst jafnvel í rökstuðningi hjá hv. þm., sem síðast talaði — að ávíta stj. fyrir að hafa gert of mikið af clearingviðskiptasamningum við Austur-Evrópu. En hinu er haldið fram, af því að þessum mönnum er sagt það, þó að stj. hafi ekkert tækifæri látið ónotað til þess að reyna að skipta við þessi lönd, sem og dæmin sýna. Við skulum líta á þessi lönd, sem helzt koma til greina. Árið 1946 var selt til Finnlands fyrir 1 millj., 308 þús. kr. Árið 1947, þegar samningar voru gerðir á mína ábyrgð, fer salan upp í 3 millj., 778 þús. kr. Og 1948, þegar samningar eru enn gerðir á mína ábyrgð, er flutt út þangað í jan. til ágúst fyrir 7 millj., 46 þús. kr. Lýsir þetta ekki ákaflega vel vilja mínum til að hindra viðskipti við Finnland? Lítum þá á Pólland. Árið 1946, þegar hv. þm. Siglf. var ráðh. sjávarútvegsmála og hafði með söluna að gera, var flutt út þangað fyrir 752 þús. kr. Árið 1947, þegar þetta var á minni ábyrgð, var þangað flutt út fyrir 4 millj., 598 þús. kr. Það, sem af er þessu ári til ágústloka, er þangað flutt fyrir 3 millj., 232 þús. kr., eða meir en fjórum sinnum meira en árið 1946, og þó er mikið af vörunum, sem fara eiga til Póllands, ófarið enn þá. Þannig verður enginn vafi, að langhæsta árið verður 1948. Enn má geta í sambandi við Pólland og Finnland, að það hefur verið gengið mjög eftir þeim að taka við sérstaklega freðfiski og þeir lýst yfir, að hann vildu þeir alls ekki kaupa og ekki ísaðan fisk heldur. Þeir hafa fengizt til að gera samning um aðrar afurðir, en ekki þessar fisktegundir. Þetta hefur þeim þó verið margboðið.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. sagði, að þjóðir Austur-Evrópu ætluðu ekki að veiða fisk, svo að við þyrftum ekki að óttast, að þær vildu ekki skipta við okkur eftir nokkur ár. Á árinu 1947, um það bil sem hv. þm. Siglf. var að láta

af embætti, keyptu Pólverjar togara frá Englandi, til þess að þeir gætu veitt fisk sjálfir. Og það er ekki launungarmál, að Pólverjar eru að falast eftir að fá keypta íslenzka togara. Þeir vilja ekki kaupa af okkur fiskinn, en vilja kaupa af okkur togarana. Við höfum gengið á eftir þeim með grasið í skónum, en þeir hafa ekki viljað fiskinn. Það er öfugt með þá við þjóðir Vestur-Evrópu. Þær vilja kaupa afurðir okkar og hafa samstarf við okkur um að byggja atvinnulífið þannig, að við getum lifað með okkar framleiðslu.

Hv. þm. hefur mikið talað um Tékkóslóvakíu og þann einstaka fjandskap, sem ég eigi að hafa sýnt viðskiptunum við það land. Árið 1946, þegar þessi hv. þm. hafði enn þá áhrif á ríkisstj., var þangað flutt fyrir 8 millj., 519 þús. kr. Árið 1947 fyrir 14 millj., 161 þús. kr. Og jan.—ágúst 1948 fyrir 22 millj., 651 þús. kr. Og mikið er enn eftir að flytja þangað. Lýsir þetta því, að ég hafi haft mikla andúð á að semja við Tékkóslóvakíu? Ég hef lagt mig allan fram við að finna möguleika til að auka viðskipti við Tékkóslóvakíu og önnur lönd Austur-Evrópu. Það er einmitt ég og það eru einmitt þeir flokkar, sem nú standa að ríkisstj., sem vilja gera það, sem hv. þm. segist hafa viljað, að skipta við allar þjóðir alveg án tillits til pólitískra skoðana. Og ég vil nú leggja strax eitt dæmi fyrir hv. þm. Hann sagði í gær, að við ættum að skipta við allar þjóðir. Hvað segir hann um það að taka upp viðskipti við Spán? Við skulum sjá, hverjar undirtektirnar verða í Þjóðviljanum. Ég hef gert ráðstafanir til þess, en nauðsynlegt er þá að taka upp diplómatiskt samband við Spán. Ég álít ekki fært að neita diplomatisku sambandi við þjóð, sem við hugsanlega getum haft mikil viðskipti við. Þarna fáum við einfalt skóladæmi um það, hvort hv. þm. lætur sér standa á sama, hvaða stjórnarfyrirkomulag er í landinu, sem við skiptum við. Nei, sannleikurinn um þennan hv. þm. er, að hann vill ekki hafa viðskipti við aðrar þjóðir en þær, þar sem hans stjórnmálastefna, kommúnisminn, ræður svo miklu, að við Íslendingar verðum verzlunarlega algerlega háðir fyrirskipunum frá slíkum þjóðum. Það er það, sem fyrir þessum hv. þm. vakir, og ekki neitt annað.

Varðandi Austur-Þýzkaland er rétt að geta þess, að nú, eftir að okkur hefur tekizt að ná samkomulagi um sölu á ísuðum fiski til Vestur-Þýzkalands, þótti okkur sjálfsagt að reyna að ná samkomulagi líka þangað. Þetta var reynt á þeim tíma þegar hv. þm. Siglf. var sjútvmrh., en kom algert nei við. Síðan hefur lítið í þessu gengið. En nú sendi ég gagngert í sumar sérstakan sendimann til Berlínar til að tala þar við rétt stjórnarvöld um þetta. Það var að vísu sagt, að fyrir væri viss áhugi þar um kaup á ísuðum fiski, en aðeins með vöruskiptum. Og því miður gerðu vörurnar, sem boðnar voru, töluverða erfiðleika á að koma þeim vöruskiptum á. Og við gætum tekið dæmið og velt því fyrir okkur, hvort Þýzkalandssamningurinn, sem nú er í gildi, mundi hafa svipaða þýðingu fyrir okkur, ef hann væri hreinn vöruskiptasamningur. Við höfum ekki einungis óskað eftir að taka upp almenna samninga, heldur einnig boðið fram ákveðnar vörutegundir, t. d. hraðfrystan fisk einan um 8000 tonn, eða svipað magn og við erum nú að selja fyrir aðstoð viðreisnarráðstafanarinnar, en þessu boði var hafnað. Við höfum einnig boðið hvallýsi með fiski og fleira, en svarið hefur alltaf verið nei, þannig að Rússar hafa því miður ekki séð sér fært að skipta við okkur. Þó er rétt að geta þess, að í ágúst og oftar en einu sinni síðar hafa Rússar leitað eftir að kaupa af okkur lýsi, bæði hvallýsi og síldarlýsi, en það var ekki fyrr en séð var, að aflabrestur yrði á sumarsíldarvertíðinni, svo að við mundum ekki einu sinni geta staðið við gerða samninga, hvað þá heldur meira. Þannig gátum við ekki selt þeim lýsið eitt, en eins og ég sagði áðan höfum við boðið hvallýsi með fiski, en því var algerlega hafnað. Nú skal ég játa, að nokkur merki sjást þess, að Rússar vilji þó halda uppi viðskiptatengslum við okkur, því að þeir hafa selt áfengisverzlun ríkisins eitthvað af vodka, og verð ég að segja, að það er gott að halda viðskiptunum við, þótt á mjóum þræði sé. Enn fremur hafa þeir selt KRON og Máli og menningu eitthvað töluvert af blöðum og tímaritum, sem ekki hafa farið í gegnum hendur réttra innflutningsyfirvalda og ekki hefur verið veitt gjaldeyrisleyfi fyrir. Ég hef þó ekki gert gangskör að því að rannsaka, hvort þessi innflutningur stæðist íslenzk lög, einmitt af því, að ég hef svo mikinn áhuga á því, að viðskiptatengsl haldist við Rússa, að ég hef ekki viljað brjóta þá litlu brú, sem þeir þannig hafa skotið yfir til okkar, og vona ég, að vegna lipurðar okkar í þessu sambandi verði þeir fúsir til að kaupa okkar fiskafurðir í framtíðinni, og því lofa ég, að við undirbúning á sölu afurða ársins 1949 skal það verða mitt fyrsta verk að senda boð austur til Moskva þess efnis, að við séum reiðubúnir að gera við þá viðskiptasamninga, og ef hv. 2. þm. Reykv. efast um, að boðin komist til skila, þá skal ég biðja hann að koma þeim áleiðis upp í rússneska sendiráðið, ef hann heldur, að við hinir þekkjum ekki leiðina þangað. — Það er annars ákaflega lítið æskilegt að þurfa þannig að standa í fyrirsvari fyrir, að ekki hafi tekizt að ná viðskiptasamningum við Rússa, því að það kynni að mega líta svo á, að í orðum mínum fælust ásakanir í garð þessarar voldugu þjóðar, en því fer víðs fjarri. Ég tel víst, að Rússar hafi gildar ástæður til að hafna viðskiptum við okkur, og þótt þeir hefðu engar ástæður til þess, þá ráða þeir náttúrlega sjálfir gerðum sínum, og í orðum mínum felst ekki snefill af ásökunum í þeirra garð, en málflutningur hv. 2. þm. Reykv. gerir það óhjákvæmilegt, að ég geri grein fyrir því, sem gerzt hefur, en það er eins og ég hef margoft tekið fram, að við höfum hvað eftir annað leitað eftir viðskiptum við Rússa, en þeir hafa ekki treyst sér til að verða við óskum okkar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri öruggt, að eftir stuttan tíma mundum við ekki halda viðskiptum okkar við Vestur-Evrópu, því að skv. blaðafregnum hefðu ríkin þar nú uppi á-

ætlanir um að auka fiskframleiðslu sína um 40—45%, og vildu þessi ríki þannig beita okkur vélabrögðum, svo að við mundum innan skamms enga markaði hafa fyrir fiskinn, ef við bindum viðskipti okkar við Vestur-Evrópu. En hvað gerist í löndunum í Austur-Evrópu? Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu, sem birzt hefur í Ægi, þar sem segir frá fiskveiðiáformum Rússa. Skv. 5 ára áætlun þeirra eiga fiskveiðarnar árið 1947 að vera orðnar jafnmiklar og fyrir stríð, og árið 1950 á framleiðsla hinna ýmsu fiskafurða að vera 1,5 sinnum, 1,8 eða 2 sinnum meiri en fyrir stríð. Það eru fleiri en þjóðir Vestur-Evrópu, sem ætla að auka fiskveiðarnar. Enn fremur ætla þeir að auka fiskiflotann um 150 togara, byggja 13 fiskvinnsluverksmiðjur og 30 kælihús. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. var skv. lauslegum blaðafregnum að ógna okkur með, að mundi verða í Vestur-Evrópu, hafa Rússar sem sagt lögbundið hjá sér, þannig að ef það er hættulegt að treysta á fiskmarkaði í Vestur-Evrópu, hversu hættulegt er það þá ekki í Rússlandi, þar sem ákveðið er að margfalda framleiðslu fiskafurða, og þeir góðu herrar, sem þar sitja að völdum, eru ekki vanir að láta sitja við orðin tóm? Sannleikurinn er sá, að þjóðir Austur-Evrópu vilja auka sína fiskframleiðslu, og ef það er vogunarspil að treysta á Vestur-Evrópu, hversu mikið vogunarspil er það þá ekki, sem hv. 2. þm. Reykv. vill, að hrinda frá sér mörkuðum Vestur-Evrópu, en byggja á mörkuðum Austur-Evrópu, sem við höfum ekki aðgang að og hverra ráðamenn vilja ekki einu sinni við okkur tala? Það er ekki furða, þótt hv. þm. þurfi að tala lengi, og sannast það á honum, að sannleikurinn er stuttorður, en lygin langorð.

Ég hef nú rakið það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um afurðasölumálin. Það var flest gamalkunnugt og ekki margt nýtt; hv. þm. heldur gömlu ósannindaræðuna, en ég skýri frá staðreyndum, og með hverjum degi bætist við ný staðreynd, er sannar mitt mál, en hv. þm. verður þá að gripa til nýrra blekkinga, og ég verð að segja það, að ég finn til með honum, jafnvænum manni og góðlátlegum, að hann skuli láta hafa sig í þetta. En það er svo með þennan hv. þm., að hann er ekki sjálfráður gerða sinna. Aðrir segja honum, hvað hann eigi að tala og skrifa. Það er allt saman tilbúið austur í Moskva, svo að það er ekki furða, þótt það komi kynlega fyrir sjónir hér á Íslandi. Menn tala nú um að fljúga til tunglsins eftir svo sem 10 ár. Ég held, að mannskepnan yrði þar heldur framandi og kynni illa við sig fyrst í stað. Eins er þessi austræni áróður hv. 2. þm. Reykv. og hans félaga ákaflega framandi hér, þó að hann gæti verið ágætur austur í Moskva, þar sem bundið er fyrir alla þá, sem ekki eru á sömu skoðun og stjórnarvöldin. Ég neita því ekki, að það er nokkur styrkur í því til að byrja með fyrir hv. 2. þm. Reykv. að geta hagað áróðri sínum eftir fyrir fram gerðri áætlun, og þessi áróður, sem upprunninn er erlendis, kemur hér fyrst mjög ókunnuglega fyrir sjónir, en fer brátt að þekkjast, og þá verður það, sem áður var styrkur, til trafala og niðurdreps.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að samningurinn um Marshallaðstoðina væri ekki löglegur. Fyrir þessu færði hann engin rök, aðeins máttlausar fullyrðingar, enda er samningurinn fyllilega löglegur, gerður af réttum og hlutaðeigandi stjórnarvöldum, enda mun samningurinn ekki lagður sérstaklega fyrir Alþingi, því að það á ekki við eftir íslenzkum stjórnskipunarlögum. — Þá efaðist hv. þm. um, að heimilt hafi verið að taka lán það, sem tekið var skv. viðreisnaráætluninni, og vitnaði þar í bókun sína, er hann mótmælti lántökunni. Sannleikurinn er sá, að bókun hv. þm. hefur ekkert lagagildi, ekki meira gildi en þótt hann færi hérna út á svalirnar og ræki út úr sér tunguna. Ríkisstj. hefur í þessu efni ekki farið út fyrir þá heimild, sem Alþingi veitti henni, enda var vitað, að meiri hluti þingmanna var því fylgjandi, að lánið yrði tekið skv. viðreisnaráætluninni. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hægt hefði verið að fá lán annars staðar. Hér talar hv. þm. um það, sem hann veit ekkert um. Þeir, sem þetta mál athuguðu, sögðu lánið ófáanlegt á þann veg, sem leitað var eftir í fyrstu, þannig að ef þau tæki, sem keypt voru fyrir þetta lánsfé, áttu að vera komin til landsins fyrir þá sildarvertíð, sem við vonum, að nú fari í hönd, þá mátti enginn frestur á lántökunni verða, og eins og hv. þm. S-Þ. tók fram áður, þá situr það sízt á hv. 2. þm. Reykv. að fordæma þessa lántöku, því að hv. þm. er einmitt í stjórn þess fyrirtækis, sem byggir tilveru sína á því, að þetta lán fékkst. Ef hv. þm. telur þessa lántöku þjóðhættulega, þá ætti hann að bera fram í stjórn Örfiriseyjarverksmiðjunnar till. þess efnis að endursenda vélarnar, sem fyrir lánsfé voru keyptar. Þá fyrst, ef hann vill þannig standa við orð sín, er hægt að ráða málið alvarlega við hann. — Þá hélt hv. 2. þm. Reykv. því enn fram, að með viðreisnarsamningnum fengju Bandaríkjamenn fjárfestingarleyfi hér á landi. Ég gerði í fyrradag grein fyrir þessum málum, og reyndi hv. 2. þm. Reykv. ekki að hnekkja því, enda ekki hægt, því að Bandaríkin fá ekkert fjárfestingarleyfi og ekkert dæmi hefur verið nefnt um, að þeir gætu öðlast slíka heimild, ekki einu sinni að þeir ættu rétt á að krefjast samningaviðræðna, hvað þá meira. Talað hefur verið um vatnsafl í þessu sambandi. En það er nú svo, að þótt mikið vatnsafl sé ónotað hér, þá er mun meira ónotað vatnsafl í Bandaríkjunum, svo að ekki er því til að dreifa, að Bandaríkjamenn öðlist hér rétt til vatnsvirkjana. Þessu hefur svo verið ruglað saman við það, sem fram hefur komið í blaðagreinum, að nauðsynlegt væri, að vatnsvirkjanir yrðu stórauknar frá því, sem nú er. Það er einmitt sú hugsun, sem kemur fram í þeim drögum að áætlun, sem nú hafa verið lögð fram. Þar er sízt of langt gengið, og væri rétt að athuga, hvort ekki væri hægt að ganga enn þá lengra, því að reynslan hefur sýnt það, að meðan við eigum allt undir svo frumstæðum atvinnugreinum sem sjávarútvegi og landbún-

aði, þá erum við allt of háðir ófyrirsjáanlegum sveiflum, og má í þessu minna á aflabrestinn á síldveiðunum undanfarið. Það er því nauðsynlegt að efla fleiri atvinnugreinar, því að það er ljóst, að það er beinlínis erfitt að halda uppi ríkisskipun þegar við fáum margar vertíðir eins og undanfarið. Fjárhagur ríkisins þolir það ekki, framkvæmdir áætlaðra framkvæmda truflast, og erfitt er að halda uppi nauðsynlegu embættismannakerfi. Það þarf því gaumgæfilega að athuga, hvort ekki muni unnt að stórauka raforkuframkvæmdirnar, jafnvel enn meira en drög áætlunarinnar gera ráð fyrir, enda þótt með henni sé svo stórt spor stigið, að stórum dregur úr þeirri atvinnuóvissu, sem verið hefur. Menn sjá, hve mikinn fjárfestingarrétt Bandaríkin fá við þessar framkvæmdir, sem áætlunin gerir ráð fyrir, og ekki eykst hann, þótt lengra sé gengið, þegar svo dyggilega er búið um af Íslands hálfu sem raun ber vitni. Hér er aðeins um að ræða drög að áætlun, sem þarf að endurskoða frá ári til árs, en bak við þessa áætlun liggur hugmyndin um það, að Ísland verði í framtíðinni frjálsara og óháðara, en ekki, að Ísland verði hneppt í ánauð, eins og hv. 2. þm. Reykv. lét hafa sig til að segja. — Hv. þm. gerði einnig mikið úr því, að við hefðum heldur átt að þiggja gjöf en selja afurðir okkar. Allt, sem hann sagði um þetta, stangaðist, eins og ég sagði í upphafi, en í þessu sambandi get ég ekki látið hjá líða að benda á, hvílíkt ósamræmi það er hjá hv. þm., þegar hann býsnast yfir því, að við megum ekki þiggja gjafir skv. Marshallaðstoðinni, en þótti hins vegar ekkert varhugavert við það, þegar Bandaríkjamenn héldu uppi láns- og leigulögunum eða þegar UNNRA starfaði. Í sambandi við þetta, þegar hann fordæmir, að Íslendingar skuli selja vörur sínar fyrir aðstoð viðreisnaráætlunarinnar, má minna á, að í allmörg ár seldum við skv. láns- og leigulögunum vörur okkar til Bandaríkjanna, svo að ef það er óviðeigandi nú að selja skv. viðreisnaráætluninni, þá er það ekki ný óvirðing, og minna má einnig á það, að það fé, sem við fengum fyrir afurðir okkar seldar skv. láns- og leigulögunum, var einmitt undirstaða nýsköpunarinnar. Enn fremur var selt á vegum UNNRA, og þótti ekki óvirðing að því, og þar sem það sama er raunverulega gert nú, er fróðlegt að íhuga, hvers vegna hv. 2. þm. Reykv. lofar láns- og leigulögin og UNNRA annars vegar, en fordæmir viðreisnaráætlun Norðurálfunnar hins vegar. Það stendur þannig á því, að láns- og leigulögin voru þannig, að Bandaríkin gáfu Rússum gífurleg hergögn. Kommúnistum fannst vitanlega allt í lagi með þá aðstoð Bandaríkjanna. Alveg eins var það með UNNRA. Vörunum, sem UNNRA sendi til Júgóslavíu, var haldið frá almenningi, og þær voru notaðar til að vígbúa stóran her. Þá þótti þjóðunum, sem stóðu að UNNRA-hjálpinni, nóg komið. Það voru ekki aðeins Bandaríkin, sem ákváðu að leggja UNNRA niður, þótt þau stæðu að mestu leyti undir þessari hjálp, og það sýndist ákaflega einkennilegt, að þau og önnur ríki legðu hart að sér til að hjálpa þjóðum Austur-Evrópu til að vígbúast. En þegar það kom á daginn, að Bandaríkjamenn vildu stofna til enn þá víðtækari hjálpar en áður var um að ræða, til sannrar viðreisnar eingöngu, þá er það sem hv. 2. þm. Reykv. og hersingin frá Moskva ærast. Þannig er þá með samræmið hjá kommúnistum um afstöðu þeirra til láns- og leigulaganna og UNNRA, og svo til Marshallaðstoðarinnar.

Því hefur verið haldið fram hér í umræðum um þetta mál, að nær væri að gefa öðrum þjóðum gjafir en okkur og við ættum ekki að þiggja gjafir til þess að taka slíka hjálp frá öðrum þjóðum, sem hefðu ríkari þörf fyrir hana. Þetta er nú bæði rétt og ekki rétt túlkun. Íslendingar urðu fyrir miklu manntjóni og eignatjóni á stríðsárunum, eins og öllum er í fersku minni, og Ísland er tiltölulega fátækt land, t. d. fátækara en Noregur og Danmörk. Þar að auki er hér um misskilning að ræða, því að þær þjóðir, sem njóta Marshallaðstoðarinnar, skipta á milli sín framlagi Bandaríkjanna, hvað skuli renna til hverrar um sig, og féllu 11 milljónir dollara í okkar hlut í ár. Síðan tekur viðreisnarstofnunin í Washington ákvarðanir um, hvernig þessu framlagi til hverrar þjóðar skuli varið, í hvaða formi það skuli vera, lán, gjöf eða fyrir seldar afurðir, þannig að þó að við fengjum framlög án endurgjalds, værum við ekki að taka neitt frá öðrum þjóðum, ef aðstoðinni verður framvegis hagað eins og gert er á þessu ári. Að meginstefnu til eru það Bandaríkin, sem ákveða, hvernig framlögum til hverrar þjóðar skuli háttað, eftir að búið er að skipta heildarframlaginu milli þátttökuríkjanna, og það gera þau sjálf.

Það er fyrst og fremst matsatriði, sem við verðum að gera upp sjálfir, hvort við þurfum meiri aðstoð en svarar afurðasölu okkar hverju sinni eða hvort við ætlum að ráðast í slíka hluti, að sú sala nægi ekki til að standa straum af þeim, og taka þá við gjöfum til viðbótar. Eins og margir hv. þingmenn hafa tekið fram, er ekki rétt að fara fram á gjafir nema til sérstakra framkvæmda, að því undanskildu, að um aflabrest eða algert efnahagslegt öngþveiti væri að ræða, svo að við ættum ekki um annað að velja. En ég vil benda hv. þingmönnum á, að þótt við fengjum framlög án endurgjalds í formi neyzluvöru, gæti það jafnvel gert mögulegt að kaupa kapitalvörur, sem við ella hefðum ekki efni á að fá. Því stoðar ekki að líta á það, í hvaða formi framlagið er hverju sinni, heldur hvort það gerir okkur fært að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, sem við gætum ella ekki ráðizt í. Menn eru yfirleitt enn að átta sig á þessum miklu möguleikum. Ég álít síður en svo varhugavert að taka við framlögum án endurgjalds, ef við gætum með því móti byggt upp atvinnulíf okkar betur en ella væri kostur á.

Ég vil vekja athygli á því, að framkvæmd þeirrar fjögurra ára áætlunar, eða frumdrátta að áætlun, sem hér hefur verið lögð fram, byggist að meira eða minna leyti á framlögum án endurgjalds, eða svo kynni a. m. k. að fara, því að ekki er víst, að venjulegur útflutningur nægi til að standa straum af þeim nyt-

sömu framkvæmdum. Hér er ekki um neina nýjung að ræða, þessar fyrirhuguðu framkvæmdir hafa ýmist verið lögfestar eða mjög um þær rætt af áhuga á undanförnum árum, en þær hafa stöðvazt vegna fjárskorts. Og ef menn vilja hrinda þeim áfram, verða menn að vera við því búnir að taka við framlagi án endurgjalds. Bandaríkjunum er vitaskuld engin þökk í því að troða upp á okkur gjöfum, þau vilja auðvitað heldur kaupa af okkur vörur sem framlaginu nemur, svo að viðskiptin geti komið tveimur þjóðum að gagni. Við megum ekki halda það, að Bandaríkin séu neitt áfjáð í að gefa okkur. Það erum við sjálfir, sem verðum að gera upp okkar dæmi, hvort við getum byggt upp íslenzkt atvinnulíf af eigin afrakstri og eigin rammleik eins og nauðsynlegt er eða ekki og hvort við getum aflað okkur nægra dollara á sama hátt. Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé nóg að leysa dollaravandamálið, heldur verði að byggja upp atvinnulífið jafnframt, og hér sé um einstakt tækifæri til þess að ræða, tækifæri, sem við eigum ekki að hafna. Og nú verðum við sjálfir að gera upp okkar dæmi. Stj. hefur ekki tekið fram fyrir hendur hv. Alþ. í þessu efni, heldur aðeins farið eftir fyrirmælum þess og látið sér nægja þá aðstoð að fá greitt fyrir sölu afurða í sambandi við viðreisnarstarfið. Ef Alþ. telur það miða til góðs að ráðast í 4 ára áætlunina, er það þess að óska eftir, að framlaga sé aflað til þeirra hluta.

Hv. 2. þm. Reykv. fór um það mörgum fögrum orðum í ræðu sinni, hvílíka ógnar ógæfu hálfs annars árs vera mín í ríkisstj. hefði leitt yfir landið. Ég óska hv. þm. til hamingju með mælskutilþrifin í þeim kafla ræðu hans, þar tókst honum vissulega bezt upp. Ég get ekki gert að því, að mér flaug í hug, hvað maður einn sagði í sambandi við umræður um lagningu landssímans á sinni tíð. Hann sagði, að hafís, hungur, bóla og eldgos væru ekki neitt í samanburði við þá ógæfu, sem landssíminn leiddi yfir þjóðina. Eins var það hjá hv. 2. þm. Reykv., engin ógæfa á að jafnast á við stjórnarárin mína, ekki einu sinni heimsstyrjöld, sem geisað hefur yfir öll byggð ból í 5—6 ár. Ég samgleðst hv. þm. yfir þessum glæsilegu lýsingum og tilþrifum í ræðu hans og ætla aðeins að taka til mín „komplimentið", því að það er hreint ekki lítið að jafnast á við öll stórveldin, þegar þau eru í vígahug, til að gera sem mest illt af sér.

Ég ásamt öðrum á töluverðan þátt í að sýna þjóðinni fram á, hvílíkur óheillaflokkur flokkur hv. 2. þm. Reykv. er. Og það er nú svo, að ég hef, kannske öðrum fremur, reynt að kynna mér framferði kommúnista í öðrum löndum. Þær athuganir gerðu mér fært, fyrr en ýmsum öðrum, að átta mig á kommúnistum hér á landi og starfsaðferðum þeirra. Og vegna þess sá ég ýmislegt fyrir í pólitík þeirra, sem fleiri en ég eru nú farnir að skilja, og ég skil vel, að hv. 2. þm. Reykv. telji mig mikinn bölvald fyrir stefnu sína, og er það vel. Ég álít, að hv. 2. þm. Reykv. sé í eðli sínu mesti sómamaður og vilji í rauninni allt hið bezta. En ógæfa hans er sú, að hann hefur gengið á hönd erlendri stefnu, sem hefur að lokum teygt hann svo langt, að hann veit ekki, hvert hann er kominn. Við vitum því, að öll andstaða hans við góð áform er beint eftir skipun æðri manna í Kominform, eins og Sdanoffs sáluga, sem gaf út skipun til kommúnista um öll lönd í fyrrahaust um að vera á móti Marshallaðstoðinni, enda rauk hv. 2. þm. Reykv. þá þegar upp hér á Alþ. Því miður er sá góði maður, Sdanoff, kominn á æðra tilverustig, sökum þess að hann er fallinn frá á bezta aldursskeiði. Það er síður en svo, að ég óski hv. 2. þm. Reykv. dauða og að komast í æðri tilveru, en þess óska ég, að hann litist nú um eftir betri lærimeistara og snúist til hins íslenzka málstaðar.

Forseti (JPálm): Eins og ég lýsti yfir í upphafi þessa fundar, var ætlunin að ljúka þessum umræðum í dag. En þar sem þingmenn óska ekki eftir næturfundi í kvöld, en vilja þó ræða málið lengur, þá fresta ég umræðunni að þessu sinni.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var enn fram haldið umr. um skýrsluna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var auðséð, að mikils þótti við þurfa á síðasta fundi, er mál þetta var rætt. Það töluðu hér af hálfu þeirra, sem Marshallsamþykktinni fylgja, sjö hv. þm., sex fyrrverandi og núverandi ráðh. og einn hagfræðiprófessor. Allir sungu þessir hv. þm. sömu lofgerðina um þennan samning, að telja þjóðinni trú um, hvílík gæfa hljótist af honum. Ég verð að segja það, að þessi lofgerð kom óþægilega við mig. Sá eini samningur, sem við höfum gert við Bandaríki N.-Ameríku fram að þessu, Keflavíkursamningurinn, er nú þverbrotinn, og hver sá hv. þm., sem vill hafa fyrir því að kynna sér, hvernig hann er framkvæmdur, hlýtur að sjá, hvernig búið er að taka þarna hluta af Íslandi og leggja undir erlend yfirráð, sjá þar viðgangast slík lögbrot í okkar landi, að áður hafa ekki önnur eins verið framin. Ég held, með þeirri reynslu, sem við höfum af framkvæmd Keflavíkursamningsins, og með tilliti til þess, hve ríkisstj. stendur illa í ístaðinu þar, að þá hefði átt að athuga það fyrst, áður en farið var að syngja þessa lofgerð um nýjan samning við Bandaríki N.-Ameríku. Þegar verið er að skera niður skólafé Íslendinga, þá er verið að byggja skóla á Keflavíkurflugvellinum. Handa hverjum? Þegar verið er að neita Íslendingum um nauðsynjar, þá er verið að gefa Ameríkönum dollara með því að heimta hvorki skatta né tolla af þeim. Svona lofgerð minnir mann á þá tíma, þegar þm. voru svo djúpt beygðir á 17. öldinni, að þeir voru látnir samþ. lofgerð um einokunarkaupmennina, sem beittu þá mestri hörku.

Ég ætla nú að taka fyrir það, sem þessir hv. þm. og ráðh. hafa verið að segja um þessi mál, og byrja á ræðu hæstv. utanrrh., vegna þess að hann sýndi helzt viðleitni til þess að bera af sér nokkrar sakir, sem ég hafði sérstaklega á hann borið. Hæstv. utanrrh. hafði hér fyrst og

fremst orð fyrir þeim, sem andmæltu þeim ásökunum af minni hálfu, að ekki væri að neinu leyti sannað, að Íslendingum væru tryggðir afkomumöguleikar með þessum samningi. Hann gerði ekki tilraun til að sanna slíkt. Hann sagði, að sendimönnum Íslands á Parísarráðstefnunni hefði verið fyrirskipað að benda á, hverjir væru hagsmunir Íslands af sjávarútvegi og fiskframleiðslu. Af því varð enginn árangur. Ekkert af því, sem ég hafði sýnt fram á, hve hættulegt væri málefnum Íslands, gat hann hrakið. Ég hafði sýnt fram á, að afkomuöryggi Íslendinga væri ekki tryggt með samningum og að markaðir fyrir fiskframleiðslu okkar væru ekki öruggari eða betri en áður, og það gat hann heldur ekki hrakið. Þegar ég benti á það, að svo illa væri nú komið, að ríkisstj. hefði gripið til þess að láta mikið af vörum okkar upp í eins konar gjafafé til þess að losna við þær og að skemmdir hefðu verið fyrir okkur markaðir, sem skapazt hefðu í tíð nýsköpunarstj., þá gat hann heldur ekki svarað fyrir það. Það stendur eftir að sanna höfuðatriðið og það, sem allt byggðist á í ræðu hæstv. utanrrh., að með þátttöku okkar í efnahagssamvinnunni séu að einhverju leyti tryggðir afkomumöguleikar Íslendinga.

Ég vil svo minnast á það, sem hæstv. utanrrh. hélt fram og beindi til mín. Í fyrsta lagi sagði hann, að ég hefði viljað slíta verzlunarsambandið við löndin í Vestur-Evrópu, en hæstv. utanrrh. og aðrir, sem hafa haldið þessu fram, hafa ekki haft hér fram að færa nokkurn skapaðan hlut til stuðnings máli sínu. Ég hef hvað eftir annað reynt að vekja athygli hv. alþm. á því, hvers konar pólitík ég áliti heppilegast, að Íslendingar rækju, þegar um er að ræða utanríkisverzlunarviðskipti. Ég hef aldrei viljað slíta verzlunartengslin við Vestur-Evrópuríkin og enga till. gert um neitt í þá átt. Mér er það ljóst, og ég hef lagt áherzlu á það, að flest þessi lönd, og sérstaklega þau, sem liggja að Atlantshafi, séu lönd, sem eðlilega séu í samkeppni við Íslendinga um fiskframleiðslu. Þetta eru lönd, sem öldum saman hafa stundað fiskveiðar á Íslandsmiðum. Þetta hefur enginn getað hrakið. Það, sem ég hef hins vegar sagt viðvíkjandi verzlunarsamböndum við Austur-Evrópuþjóðirnar, er þetta: Á árinu 1947 lagði ég alveg sérstaka áherzlu á það, sem ég áleit, að þyrfti að gera. Ég hafði áður, meðan nýsköpunarstj. var við völd, fengið tækifæri til að nokkru leyti að sýna, hvað hægt væri að gera í þessu efni, og sannað með staðreyndum, að hægt væri að opna Íslendingum stórkostlega markaði í Austur-Evrópu. Ég hef unnið að því sjálfur að opna markaði í Rússlandi og Tékkóslóvakíu. Þá gátum við, sem höfðum með stjórn landsins að gera, sannað það, hve gífurlega markaði var hægt að opna í þessum löndum, þá hefði verið hægt með fyrir fram samningum að tryggja sölu á 40% af útflutningi Íslands til þessara landa. Eftir að núverandi stj. tók við völdum, reyndi ég hvort tveggja, að vara við því að eyðileggja þessa markaði, og í þeim greinum, sem ég hef ritað um þessi mál, hef ég orðað mínar till. á sama hátt, sem sé, að ég áliti, að mögulegt væri að útvega markaði fyrir allt að helming af útflutningsafurðum okkar í Austur-Evrópu. Þessa staðhæfingu álít ég studda með þeim samningi, sem gerður var meðan nýsköpunarstj. var við völd. Í maí 1947, þegar frv. um fjárhagsráð var til umræðu á Alþ., gerði ég brtt. við það frv. um, að fjárhagsráði yrði lagt á herðar að tryggja markaði í þessum löndum fyrir Íslendinga. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hérna upp b-lið 3. málsgr. brtt.:

„Fjárhagsráð skal við samningu og framkvæmd útflutnings- og innflutningsáætlana sinna alveg sérstaklega stefna að því að afstýra því, að atvinnulíf landsmanna verði fyrir kreppum, markaðsvandræðum og verðhruni, en beita sér fyrir því, að afkomuöryggi landsmanna verði tryggt með útvegun öruggra framtíðarmarkaða, m. a. með því, að samið verði til nokkurra ára í senn um sölu afurða og kaup erlendra vara."

Og í grg. fyrir brtt. í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verzlunarpólitík landsins út á við verður líka að vera slík, að kreppa eða markaðsörðugleikar geti ekki teflt atvinnulífinu í tvísýnu. Þess vegna miða brtt. við 3. gr. að því að tryggja framkvæmd áætlunarbúskapar á sviði utanríkisverzlunarinnar og föst, varanleg viðskipti við trygg markaðslönd, m. a. á grundvelli viðskiptasamninga við einstök lönd til tveggja og þriggja ára í senn. Þess verðum við Íslendingar að minnast, er vér nú ætlum að byggja upp stórrekstur í sjávarútvegi og iðnaði, að fái ægilegar viðskiptakreppur auðvaldsheimsins að koma við áhrifum sínum fullum og óskoruðum hér á landi, þá geta þær feykt þessari nýbyggingu vorri um koll. Þess vegna er það eitt skilyrði þess, að glæsilegar framtíðarvonir vorar um nýbyggingu verði að veruleika, að verulegur hluti utanríkisviðskipta vorra sé við lönd, sem, sökum þess að þau hafa fullkominn áætlunarbúskap, eru ónæm fyrir viðskiptakreppum."

Þessi till. mín, greinargerð og rökstuðningur fékk ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj., og brtt. voru kolfelldar eins og aðrar till., sem ég hafði lagt fram. Það sumar fór ég út á vegum Alþingis, og á eftir til Tékkóslóvakíu, m. a. til að kanna, hverjir möguleikar mundu vera þar fyrir sölu á íslenzkum afurðum. Ég hafði séð það í blöðum erlendis, að ríkisstjórnirnar í hinum nýju sósíalistísku löndum væru í þann veginn að gera samninga sín á milli og við aðrar þjóðir til þriggja og fjögurra ára um milliríkjaviðskipti. Þegar ég kom heim, skrifaði ég grein í Þjóðviljann og lagði sérstaka áherzlu á það í útvarpserindi, sem hæstv. utanrrh. hefur gert að umtalsefni hér, að nú yrðum við Íslendingar að grípa tækifærið, nú væri nauðsynlegt að gera samninga við þessar þjóðir, Pólland og Tékkóslóvakía væru að taka ákvarðanir um, hvernig þau einbeittu sinni uppbyggingu, hvort þau ykju skipaflota sinn og ætluðu að afla sjálf fisksins eða tækju upp stórfelld milliríkjaviðskipti, t. d. við okkur Íslendinga. Ég lagði áherzlu á það, að það yrði að grípa tækifærið

þá þegar og að það mundi verða stórtjón fyrir okkur, ef því yrði sleppt. Þau lönd, sem hafa ábætlunarbúskap, taka á ákveðnum tímabilum sínar ákvarðanir um það, hvernig þau eigi að haga þjóðarbúskapnum. Þau leggja „plön“ til þriggja og fjögurra ára í höfuðdráttum, og þar með er þeirra nýbygging ákvörðuð. Þess vegna var um að gera að grípa tækifærið og gera ráðstafanir af okkar hálfu. Hæstv. ríkisstj. sinnti þessu ekki. Hún lét þetta fram hjá sér fara. Svo kemur hæstv. utanrrh. og kvartar yfir því, að Pólverjar séu farnir að byggja skipaflota og séu jafnvel farnir að fala kaup á íslenzkum togurum. Hverjum er hér um að kenna? Það er sama skeytingarleysið og kemur fram í því að draga í hálft annað ár að semja um smíði 10 togara, með þeim árangri, að hvert skip verður millj. kr. dýrara og fæst ekki fyrr en tveim árum seinna og tapa þannig gjaldeyri, sem skiptir tugum millj. kr. Það er óráðþægni og hik, sem einkennir ríkisstj. í þessum málum, þessi pólitík, að sleppa tækifærunum, þegar þau eru fyrir hendi, en vilja grípa þau, þegar það er orðið of seint. Það hefur greinilega komið fram í allri afstöðu, sem ég hef tekið um verzlunarpólitík, að okkur bæri að hafa verzlunarviðskipti bæði við Vestur- og Austur-Evrópu, bæði vestan og austan járntjaldsins, eins og hæstv. utanrrh. vill orða það. Það er algerlega rangt, að ég hafi lagt sérstaklega áherzlu á að verzla eingöngu við Austur-Evrópuþjóðirnar. En hitt hef ég ekki farið í launkofa með, að ég álít tryggara að geta náð í markaði í þeim löndum, þar sem engin markaðskreppa verður. Það má vera, að hæstv. utanrrh. eigi eftir að minnast þeirra orða betur, ef svo skyldi fara, sem ekki er ótrúlegt, þar sem auðvaldsskipulag er, að markaðskreppa skelli yfir, og það áður en mörg ár eru liðin, — og að þá fyrst sæi hann, hvað tapazt hefur með því að nota ekki tækifærið í tíma og skipta við þau lönd, þar sem engin markaðskreppa er til.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að með því að neita að taka þátt í efnahagssamvinnunni væri verið að neita viðskiptum við þessi lönd, sem eru þátttakendur í henni. Þetta er alveg ósannað mál. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki reynt að færa sannanir fyrir því, að það að neita að taka þátt í efnahagssamvinnunni mundi þýða, að við værum útilokaðir frá verzlunarviðskiptum við þessar þjóðir. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að gefa upplýsingar um það, hvort það hafi legið fyrir, þegar Íslandi var boðin þátttaka í þessu samstarfi, að svo framarlega sem við hefðum neitað, þá hefði verið sett á okkur viðskiptabann af hálfu þessara landa, svo framarlega sem við hefðum ekki tekið þátt í því, þá hefðum við verið útilokuð frá viðskiptum við þessi lönd. Ef um slíkt er að ræða, þá er þar um nýtt atriði að ræða, viðskiptakúgun. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að svara því skýrt og skorinort, hvort um einhverja slíka úrslitakosti af hálfu Bandaríkjanna hafi verið að ræða. Ég trúi því ekki, að þau hafi sett slíka úrslitakosti, en ef þau hafa gert það, er það mál, sem á að koma fram fyrir Alþingi Íslendinga. Þegar okkur var boðið að taka þátt í efnahagssamvinnu Norðurálfuþjóðanna, gátum við svarað því kurteislega og sagt þessum þjóðum, að við vildum hafa við þær verzlunarviðskipti og vera þeim hjálplegir með afhendingu á vörum, eins og við höfðum verið áður. Það þurfti engan veginn að svara slíkum tilmælum með því að kalla sendiherra okkar í London heim. Þvert á móti. Við gátum sagt við þessar þjóðir, að við vildum hafa við þær samvinnu og halda verzlunarsamböndunum við þær. Og ég er viss um, að ef þarna væri vel haldið á spilunum, mundu Bandaríkin og þessar þjóðir halda áfram sínum miklu viðskiptum við Ísland, eins og við höfum nú samkv. Marshallsamningnum, þó að við hefðum ekki gert þennan samning, því að þessi ríki vilja hafa vináttu við Íslendinga. Það er engum vafa bundið, að hvaða ríkisstj. sem á Íslandi situr getur fengið Bandaríki Ameríku til að taka tillit til óska Íslendinga án þess að ganga þeim á hönd. Ég veit, að menn skilja, hvað það er, sem rekur þessar ríkisstj. til þess að sýna Íslendingum ekki neina óvináttu. Þess vegna liggur ekkert fyrir um það, að við þurfum að neita verzlunarviðskiptum við þessar þjóðir, þó að við hefðum neitað að taka þátt í þessari samvinnu. Og ég veit ekki betur en að fjöldamargar þjóðir haldi viðskiptum við þessar þjóðir, þó að þær séu ekki sjálfar þátttakendur í þessum samningi. Og ég veit ekki betur en að þessar þjóðir, sem utan við þessi samtök standa, njóti stundum betri kjara af hálfu Bandaríkjanna en lönd, sem eru í þeim. Þess vegna er það, sem hæstv. utanrrh. segir, að einhver hafi viljað neita Bretum um að fá fisk, sagt út í loftið. Þetta eru viðbárur, sagðar út í loftið, varnir, sem eru örþrifaráð þess, er finnur, að hann er að verja vondan málstað og getur ekki varið hann.

Þá minntist hæstv. utanrrh. á það, að ég hefði verið að lesa upp blaðaskrif viðvíkjandi því, hvernig líta muni út með fisksölu í Englandi, þegar fram í sækir. Ég gerði það ekki hvað aðalatriðið snertir. Ég las aðeins úr skýrslu frá efnahagssamvinnustofnun Norðurálfuþjóðanna, þann hluta úr skýrslu hennar, sem fjallar um fiskveiðar. Hvernig stendur á því, að þm. er ekki veittur aðgangur að slíkum skjölum? Hvers vegna sér hæstv. utanrrh. ekki um, að þýtt sé fyrir þm. og lagt fyrir þá allt það, sem varðar okkar hagsmunamál allra mest? Hvers vegna leyfir hæstv. ríkisstj. sér að reyna að dylja þetta, og hvers vegna leyfir hæstv. utanrrh. sér að segja, að það séu blaðaskrif, sem þarna sé um að ræða? Ég las líka upp úr norskum fiskveiðiblöðum, en aðalatriðið, sem ég byggði á til þess að sýna, í hvert öngþveiti Marshalláætlunin stefnir efnahagsmálum Íslendinga, er skýrsla frá þessari ráðstefnu. Hvers vegna hefur stj. leynt þm. þessu? Stj. veit vel, að þm. hafa ekki aðgang að þessum skjölum, þ. e. engir aðrir en þeir, sem sæti eiga í utanrmn. Og mér finnst, ef utanrrh. vill sjá til þess, að þessi mál séu rædd af þekkingu og viti í þinginu, að hann eigi þá að sjá um, að þessi skýrsla liggi á borðum manna, svo að þm. geti fengið að vita, hvað sjálf alþjóðastofnunin segir, en hæstv. utanrrh. reynir að breiða yfir

þetta, hvað þarna er í húfi. Hann huggar sig við það, að kannske verði ekki framkvæmt fyrr en eftir næstu kosningar það, sem stendur í þessari áætlun. En þannig dugir ekki að hugsa fyrir Alþingi, sem á að ráða fyrir íslenzku þjóðina nú og sjá við þeim hættum, sem augljósar eru fram undan, eins og staðfest er í skýrslu frá sjálfri efnahagsstofnuninni. Og það er hart, að utanrrh., sem er þjónn þingsins, skuli ekki sjá um, að þm. fái þekkingu á þeim málum, sem eru hans sérmál, og skuli svo, þegar aðrir koma með það, reyna að dylja þingið þess, hvernig ástandið er. Þegar opinber nefnd, sem Ísland tekur þátt í, lýsir málinu svona, er tilefni til þess, að Alþingi Íslendinga fái að vita það og geri sínar ráðstafanir. — Því fer svo fjarri, að hæstv. utanrrh. hafi með einu orði reynt að hrekja það, sem ég hef sagt í sambandi við þessa merku skýrslu frá efnahagssamvinnustofnuninni. Hann veit sem er, að í þessu felst sá dómur, sem ekki verður hrundið.

Þá kom hæstv. utanrrh. að starfi sínu viðvikjandi verzlunar- og viðskiptasamningum við önnur ríki, og skal ég taka þá fyrir, lið fyrir lið. Hann reyndi að verja sig og sagðist hafa gert ósköp mikið og hefðu orðið framfarir frá því, sem áður hefði verið í þessum málum. Fyrst ætla ég að minnast á það, að nýsköpunarstj. var búin að sanna, hve miklir viðskiptamöguleikar voru við lönd í Austur-Evrópu. Ég lagði á það áherzlu 1947, að teknir yrðu upp samningar til 3—4 ára við stjórnirnar í þessum löndum, vegna þess að þessar stjórnir hafa allar áætlunarbúskap. Ríkisstj. bar þess vegna að halda áfram þeirri nýbreytni, sem nýsköpunarstj. hafði byrjað á, en gera það í stærri stíl. Það lá fyrir hæstv. ríkisstj., á grundvelli þeirrar byrjunar sem nýsköpunarstj. hafði hafið, að taka upp samninga við þessi lönd, auka þessi viðskipti mikið og gera þau tryggari fyrir Íslendinga en áður, því að flest þessi lönd voru að byrja að semja sínar áætlanir. Ríkisstj. lét þetta undir höfuð leggjast. Við skulum nú hins vegar athuga, hvað hún hefur gert, í stað þess að semja strax til lengri tíma. Hún gerði ekkert í þá átt. Hæstv. utanrrh. talaði um Pólland, sagði, að þar hefði orðið framför. Það er rétt, að selt var meira á síðasta ári til Póllands en áður. Hæstv. utanrrh. er kunnugt um ástæðuna til þess, að ekki var selt til Póllands meðan nýsköpunarstjórnin sat að völdum, en hæstv. utanrrh. reyndi að koma þessu á fyrrv. atvmrh. og sagði, að hann hefði farið með sölumálin og ekki dugað til þess frekar en annars. Það var utanrrh. í þeirri stj., eins og núv. hæstv. utanrrh., sem fór með þessi sölumál, og ástandið var þannig þá, að vegna þess að England og Bandaríkin litu Póllandsstjórn heldur illu auga, var viðskiptabann við Pólland af þeirra hálfu, og það bann virtist hafa það mikil áhrif hér heima, að aldrei fengust teknir upp hagstæðir samningar við Pólland á þeim tíma. — Hrossamarkaðurinn í Póllandi hefur rekið á eftir því, að eitthvað yrði reynt að gera, en ég er mjög tortrygginn gagnvart skýrslu þeirri, sem hæstv. utanrrh. hefur gefið um samninginn við Pólland. Ég sé ekki ástæðu til að ætla, að reynt hafi verið að koma þessum viðskiptum á af heilum hug. Ég hef á utanríkismálanefndarfundi árangurslaust beðið um skýrslu sendiherrans í Varsjá um samninginn, sem fram fór í fyrra sumar. En svo mikið veit ég, að þegar við vorum að gera þá samninga um miðjan júlí 1947, leið upp undir það heill mánuður áður en svarað var skeytum, sem send voru frá sendinefndinni í Varsjá, þannig að í millitíðinni eyðilagðist mikið af þeim möguleikum, sem hefðu verið fyrir hendi, ef samið hefði verið í júlí. Ég veit, að það hefur verið unnið af ríkisstj. með hangandi hendi að þessum samningum, og ríkisstj. reynir að dylja, hvernig þetta hefur verið gert. — Í samninganefnd utanríkisviðskipta var enginn fulltrúi frá stjórnarandstöðunni. Það litið, sem selt hefur verið til Póllands fram að þessu, er það minnsta, sem hægt hefur verið að komast af með. Og ég er hræddur um, að áður en hæstv. utanrrh. getur ætlazt til þess, að Alþingi trúi staðhæfingu hans, hans góða vilja að verzla við Pólland, verði hann að leggja skýrsluna frá þessari sendinefnd fyrir Alþingi, og skora ég á hann að gera það.

Þá vík ég að Tékkóslóvakíu. Hæstv. utanrrh. sýndi líka með tölum, hvernig viðskipti hefðu aukizt við Tékkóslóvakíu. Það er rétt. Hvers eðlis eru þau viðskipti? Viðskiptin við Tékkóslóvakíu hafa aukizt fyrst og fremst vegna þess, að Tékkóslóvakía hefur reynzt vera sá markaður, sem borgar bezt fyrir þá vöru, sem við eigum erfiðast með að losna við, þ. e. hraðfrysta fiskinn. Hefur hún borgað ábyrgðarverð fyrir hann og keypt mikið af honum, svo að það hefði orðið erfitt fyrir ríkisstj. að slíta verzlunarviðskiptum við Tékkóslóvakíu. Hins vegar er því ekki að neita, að það virðist hafa verið úlfúð ríkjandi hjá hæstv. ráðh. til þessa lands, og ekki gagnvart neinu stóru viðskiptalandi okkar öðru en Sovét-Rússlandi hefur sú illgirni komið jafnberlega fram, að vilja slíta verzlunarviðskiptunum. Hvernig er það með síldarmjölið? Á sama tíma og Tékkóslóvakía vildi kaupa síldarmjölið fyrir 45 £ tonnið, seldi hæstv. utanrrh. síldarmjöl til Englands fyrir 31 £ tonnið. Þetta er viljinn til þess að selja til Tékkóslóvakíu þá vöru, sem hæstv. utanrrh. er í vandræðum með að losna við, en Tékkóslóvakía leggur mjög mikla áherzlu á að fá. Þannig er viðskiptum við þetta land haldið niðri. En vegna þess, hve viðskiptamöguleikarnir eru miklir, kemst ekki hæstv. utanrrh. hjá því að láta viðskiptin við þetta land aukast. Það, að viðskiptin hafa aukizt, sýnir okkur bezt, hve gífurlega hefði verið hægt að selja til þessa lands, ef vilji hefði þá verið fyrir hendi hjá ríkisstj. Meira að segja svo langt hefur gengið þessi andúð ríkisstj. að selja til þessa lands, að Tékkóslóvakía hefur orðið að kaupa íslenzka síldarolíu gegnum Svía og Hollendinga. Þetta er viljinn að verzla við þessi lönd. Það er allt í lagi með það að láta sænska og hollenzka braskara hrifsa til sín mikinn milliliðagróða á kostnað íslenzkra útgerðarmanna og Tékkóslóvakíu til mikillar óþægðar og óhagræðis!

Hvernig er svo með þau lönd, þar sem ný-

sköpunarstj. hafði ekki unnizt tími til að opna nýja markaði fyrir Íslendinga, svo sem Rúmeníu og Balkanlöndin? Þar hefur ríkisstj. ekki gert nokkurn skapaðan hlut, en hefur látið ganga úr höndum sér alla markaðsmöguleika á þeim slóðum.

Og svo kemur röðin að Rússlandi, sem Íslendingar höfðu gert stærsta viðskiptasamninginn við af þessum löndum árið 1947, sem, ef hann hefði verið samþykktur, hefði þýtt það, að við hefðum selt Rússum ⅓ af framleiðslu okkar. Hvernig hefur hæstv. utanrrh. reynt að halda þessum miklu viðskiptum? Ég veit ekki, hvort hæstv. utanrrh. er ljóst, hvað hann er að gera, þegar hann segist vera að koma á viðskiptum við önnur lönd, eða hvort hann vegna flokksofstækis hér heima gáir ekki að sér, hvað hann segir og gerir í utanríkismálum Íslands. Hæstv. utanrrh. er mjög dugandi bardagamaður í flokksdeilum hér heima á Íslandi, en það verður að minna hann á, að hann er ekki í flokksdeilum við okkur sósíalista, þegar hann er að hefja viðskipti við stórþjóðir, og hann verður að gera svo vel, ef hann vill hafa utanríkismálin í höndum sem venjulegur utanrrh., að haga sér öðruvísi en hann hefur gert í þessu máli. Hæstv. ráðh. reyndi að telja okkur trú um, að hann hefði reynt það, sem hann hefði getað, til þess að hafa viðskipti við Sovét-Rússland. En hvað gerir hæstv. ráðh., þegar hann segist vilja koma viðskiptum á? Hann kallar sendiherra sinn burt frá Moskva. Í öllum milliríkjaviðskiptum þýðir það að kalla sendiherra heim tilkynningu viðkomandi ríkisstj. um það, að hún sé óánægð með hina ríkisstj. og vilji sem minnst við hana tala, þó að hún sliti ekki stjórnmálasambandi við hana og láti einhvern ábyrgðarlausan mann sendiherrans koma í hans stað. Það, sem því hæstv. utanrrh. hefur gert með því að kalla sendiherra sinn burt frá Moskva, er að tilkynna rússnesku stjórninni, að hann vilji ekki hafa með hana að gera. Ég veit ekki, hvort hæstv. utanrrh. hefur gert sér þetta ljóst. — Ég hef heyrt, að rússneski sendiherrann sé farinn héðan úr Reykjavík, en hann mun hafa verið hér alllengi eftir að sendiherrann í Moskvu var látinn fara þaðan. Hvort það er svona viðeigandi svar, veit ég ekki. Ég veit, að hæstv. utanrrh. er ákaflega kænn og slóttugur lögfræðingur, og veit, að honum er manna bezt trúandi til þess að finna upp svona ráð, eins og að kalla sendiherrann í Moskva burt, til þess að hindra viðskipti við Sovét-Rússland og segja svo við íslenzku þjóðina: Við erum alltaf að skrifa Rússlandsstjórn, en þeir vilja ekki sinna því. — Hæstv. utanrrh. hefur þarna tilkynnt, að hann vilji sem minnst við þessa stjórn tala. Ég veit ekki til þess, að hæstv. utanrrh. hafi kvatt sendiherra Íslands burt úr Washington, eða yfirleitt sendiherra nokkurra annarra ríkja. Þess hefur verið gætt að sýna þessum stjórnarvöldum fullkomna virðingu að þessu leyti. Og ég veit ekki betur en í Noregi sitji sendiherra, sem aldrei hreyfir sig þaðan, þó að hann hafi ekkert að gera. En í sambandi við það ríki, þar sem um er að ræða þá stærstu viðskiptasamninga, sem Ísland hefur nokkru sinni gert, þá er farið svona að. Það er þetta, sem mundi vera kallað ögrun til þess að framkvæma verzlunarsamvinnuslit á þann hátt, að þjóðin hérna heima tæki sem minnst eftir. Hæstv. utanrrh. ætti því síður að gera annað eins og þetta, þar sem hann líklega veit, að Sovétstjórnin er einmitt ákaflega viðkvæm fyrir öllu svona löguðu. Hún heldur ákaflega sterkt við allt, sem við kemur diplomatiskum viðskiptum. Hæstv. utanrrh. veit til dæmis, hvað menn eins og Churchill og Lloyd George lögðu mikið upp úr því, þegar Chamberlainstjórnin sendi til viðræðna við Rússa árið 1939 aðeins einn skrifstofustjóra sinn, í stað þess að senda einhvern af sínum ráðherrum. Svona hlutir, sem okkur Íslendingum finnast kannske smávægilegir, af því að við erum óvanir öllum þvílíkum diplomatiskum reglum, hafa mikla þýðingu í alþjóðaviðskiptum, og Sovétstjórnin er alveg sérstaklega viðkvæm fyrir slíku. Það er ef til vill af því, að hún er gömul byltingarstjórn, sem var lengi að vinna sér viðurkenningu hinna ýmsu ríkja, — um það veit ég raunar ekki, en hitt veit ég, að hæstv. utanrrh. kann þá siði, sem gilda í viðskiptum þjóða í milli, og hagar sér samkvæmt þeim gagnvart Bretum og Bandaríkjamönnum. Og hæstv. utanrrh. verður að muna það, að sem utanríkisráðherra er hann ráðherra Íslands og verður fyrst og fremst að gæta hagsmuna þess, og hann verður að gera sér ljóst, að með glópsku sinni getur hann valdið þjóðinni stórtjóni, og hann verður að vera minnugur þess, að það er ekki pólitískt ofstæki, heldur hagsmunir þjóðarinnar, sem eiga að ráða úrslitum mála. Ég álít, að hæstv. utanrrh. hafi eyðilagt samninga við Rússa og að hann hafi með aðgerðum sínum, sem ég hef lýst, raunverulega lýst yfir því, að hann vilji ekki við þá tala. Hins vegar álít ég, að enn séu möguleikar til þess að skapa viðskipti við Sovétríkin, þó að þeim möguleikum hafi stórlega verið spillt fyrir tilstilli hæstv. utanrrh.

Þannig var það þá um viðskiptin við Austur-Evrópu, að hæstv. utanrrh. hefur ýmist ekki getað komið í veg fyrir austurviðskipti, eins og við Pólland og Tékkóslóvakíu, en þó séð fyrir, að þau yrðu ekki nægilega mikil, eða þá að hann hefur alveg stoppað viðskiptin, eins og við Sovét-Rússland, eða hann hefur svikizt um að leita nýrra markaða, eins og til dæmis í Ungverjalandi, Rúmeníu og Balkanlöndunum. Allt, sem hann vildi halda fram um frammistöðu sína í þessum efnum, er því rangt, og aðgerðir hans hafa þegar bakað þjóðinni stórtjón, sem verður því tilfinnanlegra sem lengra líður og skapar blátt áfram ægilegt ástand, ef markaðskreppur skella yfir auðvaldsheiminn.

Hæstv. utanrrh. minntist á, að Rússar ætluðu sér að auka fiskiflotann. Ég er ekki hræddur við þá aukningu meðan hún er ekki meiri en hæstv. utanrrh. lýsti, því að 150 togara aukning hjá stórri þjóð er ekki mikil, til dæmis borið saman við þá aukningu, sem orðið hefur á okkar togaraflota. Það er því alveg ástæðulaust að óttast þetta.

Þá minntist hæstv. utanrrh. á fyrirtæki, sem

við þekkjum báðir og höfum gaman af að tala um, og þetta fyrirtæki var Unilever, og það má mikið vera, ef nafn þessa fyrirtækis stendur ekki eftir svona 2 ár í sama ljóma hér á Íslandi og nafn hörmangarafélagsins í gamla daga. Hæstv. utanrrh. sagði, að Unilever væri „general agent“ fyrir ríkisstjórn Tékka, og skal ég upplýsa þetta og rekja það, hvernig á því stendur. Þegar við Pétur Benediktsson vorum í Prag á vegum nýsköpunarstj., þá töluðum við við ríkisstj. Tékkóslóvakíu um þær vörur, sem hún mundi vilja kaupa, og alveg sérstaklega síldarolíu. Ástandið var þá þannig í Tékkóslóvakíu, að stj. hafði þjóðnýtt allar herzluverksmiðjur í landinu, en þær höfðu áður verið í eign Georgs Schichts, þýzk-tékknesks hrings, sem var hluti úr Unilever. Stj. hafði sem sagt þjóðnýtt verksmiðjurnar, og strax að stríðinu loknu komu fulltrúar Unilever frá Englandi til Prag og sögðu ríkisstj. Tékkóslóvakíu, að ef hún gengi ekki að öllum skilyrðum þeirra varðandi skaðabótagreiðslur fyrir verksmiðjurnar, þá mundi fyrirtækið beita sér fyrir banni á sölu feiti til Tékkóslóvakíu. En við lofuðum að selja Tékkum síldarolíu, og þeir urðu því mjög fegnir. Við spurðum um verð, og þeir svöruðu: Nefnið þið verðið, við borgum. Við nefndum mjög hátt verð, og þeir féllust umsvifalaust á það. Þeir vildu fá olíuna, hvað sem hún kostaði. Feitiskorturinn var tilfinnanlegur, og þeir vissu, að Unilever ætlaði að setja bann á þá. Þetta dæmi nægir til að sýna okkur það, að við sem feitiframleiðendur, því að við erum miklir feitiframleiðendur, jafnvel á heimsmælikvarða, ættum að selja feitina beint til viðskiptalanda okkar og taka sjálfir gróðann af þeim viðskiptum, en láta ekki auðhringa vera milliliði fyrir okkur og hirða gróðann eins og fyrir stríðið, þegar Unilever átti allar herzluverksmiðjur í Evrópu. Því lögðum við Pétur Benediktsson til að selja Tékkum síldarolíu og fengum það fram. En hver var afleiðingin af því, að við gátum selt Tékkum síldarolíu með stórhækkuðu verði? Hver var afleiðingin af því, að við seldum olíuna beint til Tékkóslóvakíu fram hjá Unilever? Afleiðingin var sú, að Unilever beitti sér fyrir því, að bannað yrði að selja smjörlíkisolíu til Íslands. Ef hæstv. utanrrh. vill lesa upp skjöl stjórnarráðsins fyrir þingheimi, þá mun það heyrast, að Combined foodboard, sem er matvælaúthlutunarnefnd Breta og Bandaríkjanna, lagði bann við því að selja smjörlíkisolíu til Íslands, og í bréfi frá Thor Thors sendiherra í Washington segir, að það sé vegna þess, að Íslendingar selji síldarolíu til Tékkóslóvakíu. Þetta var ástæðan til þess, að smjörlíkisolía fékkst ekki til landsins á fyrra hluta ársins 1946. Vegna þess, að við reyndum að losna úr klóm þessa auðhrings, vorum við beittir refsiaðgerðum. Ég hafði afrit af þessum bréfum, og haustið 1946, þegar Keflavíkursamningurinn var á dagskrá, hafði ég hugsað mér að lesa þetta upp til þess að sýna, hvers við mættum vænta af Bandaríkjunum, en tveim dögum áður en það yrði, þá barst skeyti frá Washington, þar sem sagði, að þessu banni væri aflétt. Bandaríkin hafa víst séð sitt óvænna í þessu efni, þegar þeim lá á að fá hér þýðingarmikil ítök. Meðan nýsköpunarstj. sat að völdum, seldum við síldarolíuna beint til viðskiptalandanna og verðið margfaldaðist. Í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. erum við aftur komnir undir ok þessara hörmangara nútímans fyrir aðgerðir hæstv. utanrrh., sem lætur Unilever fá alla olíuna, svo að hann geti þrýst verðinu niður og stórgrætt á henni. Ég veit ekki af hverju þessi þjónusta hæstv. utanrrh. við Unilever stafar. Ef hann þorir, ætti hann að upplýsa það fyrir þingheimi. Og það er staðreynd, að allan tímann, sem við vorum hernumin, þá hirðir Unilever alla okkar síldarolíu og ákveður verðið 38 sterlingspund pr. tonn. Hv. þm. mun þó ljóst, að ekki hefur síður legið á að fá feitina meðan á stríðinu stóð heldur en eftir stríðið. En á þessu verði urðum við að láta olíuna. Hún var tekin af okkur með hervaldi. Svo þegar við urðum frjálsir gerða okkar, þá gátum við selt olíuna fyrir hvorki meira né minna en 148 sterlingspund tonnið. Hækkunin er 2700 kr. á hvert tonn. Það er því ekkert smáræði, sem Unilever hefur rænt af okkur og rænir okkur og það fyrir þjónustu sjálfrar ríkisstj. Það eru einmitt slíkar leppstjórnir, sem valda því, að okkur blæðir. Og nú selur hæstv. utanrrh. Unilever olíuna á 95 sterlingspund pr. tonn. Lengra hefur hann ekki komizt enn, en við sjáum, hvað verður. Þetta er sama ástand eins og þegar danskir kaupmenn héldu hér uppi einokun, svo að landsmenn voru neyddir til að láta þá hafa vörur sínar fyrir miklu lægra verð en þeir gátu fengið í frjálsum viðskiptum.

Ég hef þá skýrt frá því, hvers vegna Unilever er í dag „general agent“ fyrir Tékkóslóvakíustjórn. Það er vegna þess, að hæstv. utanrrh. vill ekki selja síldarolíuna til Tékkóslóvakíu, heldur afhenda Unilever hana til að græða á. Það er skiljanlegt, að þeir menn, sem þykjast vera hlynntir frjálsri verzlun, vilji sem minnst um hana tala, þegar svona er á málunum haldið. Aðferðir hæstv. utanrrh. miða að því að halda okkur undir því oki, sem við þurftum nauðsynlega að losna undan. Kaupmannahöfn arðrændi okkur í gamla daga. Unilever sér um það núna.

Þá talaði hæstv. utanrrh. um lánið til síldariðnaðarins. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn fengizt til að svara því, hvort hún hafi reynt það, sem hægt var, til þess að fá það lán í alþjóðabankanum eða alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þar sem við þó eigum 2 milljónir dollara, og meðan hæstv. ríkisstj. þorir ekki að gera grein fyrir þessu, þá lít ég svo á, að hún hafi svikizt um að gera það, sem Alþingi fól henni, sem sé að reyna að fá þetta lán á öðrum hvorum þessum stað. Og ég skora enn á hæstv. ríkisstj. að skýra frá því, ef hún hefur reynt að fá lánið einhvern veginn öðruvísi en í gegnum Marshallaðstoðina. Hæstv. ríkisstj. minntist heldur ekki á, hvers vegna hún hafði fallizt á 3% vexti. Henni finnst víst, að hún sé hafin yfir að gefa þingmönnum skýrslu um það, en skýrsluna semur hún á ensku og sendir síðan til Parísar. — Hæstv. utanrrh. sagði, að ef mér fynd-

ist þjóðhættulegt að taka Marshalllán, þá gæti ég ekki staðið við að eiga sæti í stjórn Örfiriseyjarverksmiðjunnar. Um þetta mál er það að segja, að við sósialistar samþ. heimildina handa ríkisstj. til að taka lán til byggingar síldarverksmiðju og kaupa á síldarbræðsluskipi, því að við vissum, að hægt var að fá slíkt lán með góðum kjörum utan við Marshallaðstoðina. Við vildum gera allt, sem í okkar valdi stóð, til þess að fyrirtæki þetta kæmist upp og yrði rekið þjóðinni til hagsældar. Áttum við svo að láta það bitna á fyrirtækinu, þegar hæstv. ríkisstj. gerir að þarflausu smánarsamning við erlend ríki? Við sósialistar styðjum sem sagt þetta fyrirtæki, og því tók ég sæti í stjórn þess, að ég vildi beita áhrifum mínum í þá átt, að fyrirtækið yrði ekki erlendu auðvaldi að bráð, því að mér er kunnugt um, hvernig auðhringarnir reyna að arðræna svona fyrirtæki. Eitt mitt fyrsta verk í stjórn þess var að leggja til, að fyrirtækið reyndi að birgja sig upp af sojabaunum og kókoshnetum, svo að vélarnar gætu unnið feiti úr því hráefni þann tíma, sem engin síld barst, því að það eru sams konar vélar sem vinna feitina úr þessum efnum og síldinni. Þannig gætum við komið upp stórkostlegri feitiframleiðslu, eins og t. d. Danir, sem komið hafa upp hjá sér Aarhus Oliefabrik, sem framleiðir geysimikið magn af olíukökum og öðru slíku. Og þótt hæstv. ríkisstj. geri vitlausan samning, þá verður það ekki til þess, að við sósialistar hættum stuðningi okkar við íslenzkt atvinnulíf, því að það gerum við aldrei. Ég mótmæli því algerlega, sem fram hefur komið hjá hæstv. utanrrh. og fleirum, að það sé Bandaríkjamönnum að þakka, að þetta fyrirtæki er að komast upp. Það er okkur Íslendingum einum að þakka. Við þurfum að borga þeim lánið og vextina, og á vélarnar, sem við kaupum af þeim, leggja þeir um 50%. Þeir eru því ekkert að gefa okkur, og við höfum þeim ekkert að þakka. Það er vægast sagt óviðfelldið að vera að ala upp þakklætiskennd og þýlyndi í garð Bandaríkjanna fyrir það að láta okkur hafa fé og vörur, sem við greiðum dýru verði. Það eru Íslendingar, sem eru að skapa Örfiriseyjarverksmiðjuna, og hún er þeim einum að þakka. Ég tók eftir því hjá hæstv. utanrrh. og hv. þm. S-Þ., að þessi þakklætistónn til Bandaríkjanna kvað við. Hv. þm. S-Þ. var sérstaklega með það, að Bandaríkjamenn hefðu hreint og beint haldið í okkur lífinu, meðan á stríðinu stóð, þeir hefðu gefið okkur bæði mat og peninga, og hæstv. utanrrh. talaði um sölu sína á hraðfrysta fiskinum núna eins og um samsvarandi sölu væri að ræða og þegar við seldum þeim skv. láns- og leigulögunum. En það er eitthvað annað en við Íslendingar höfum Vesturveldunum eitthvað að þakka fyrir viðskiptin á stríðsárunum. Það er a. m. k. undarlegt, ef við eigum að þakka þeim fyrir að taka allar okkar vörur lágu verði, láta sjómenn okkar færa þeim vöruna, drepa 200 þeirra og skjóta niður skipin. Við biðum hlutfallslega meira manntjón í stríðinu en t. d. Bandaríkin, og Bandaríkjamenn voru eina þjóðin, sem græddi á stríðinu, og svo koma hv. þm. og jafnvel ráðh. og segja, að við eigum að knékrjúpa Bandaríkjamönnum og þakka þeim fyrir að hafa haldið í okkur lífinu. Það væri nær að halda því fram, að við hefðum haldið lífinu í Englendingum, þegar við stöðugt lögðum líf sjómanna okkar í hættu við að færa þeim matvæli, og Bandaríkjamönnum lánuðum við landið, en það stytti að þeirra dómi stríðið um 1/10 og sparaði þeim þannig 30 þúsund milljónir dollara í herkostnaði, og svo talar hæstv. utanrrh. um, að við eigum að vera þakklátir. Þetta þýlyndi er óþolandi og getur ekki gengið. Með því að ala betlilúkuhugsunarháttinn upp í þjóðinni er verið að eyðileggja hana. Þjóðin gat ekki þolað einokunarkaupmennina, en til voru þó menn, sem gátu það. Enn í dag eru þeir til, sem þola það að láta aðra ræna arðinum af framleiðslu þjóðarinnar. Við borgum Bandaríkjamönnum lánin, vextina og vörurnar, sem við kaupum af þeim, og því er óþarfi að gefa þeim frumburðarréttinn fyrir einn baunadisk. Og það er alveg óþarfi að vera þeim svo þakklátur, að við framlengjum Keflavíkursamninginn, eins og margt bendir nú til, að hæstv. ríkisstj. ætli að gera, eða göngum jafnvel enn þá lengra. Það er verið að reyna að telja þjóðinni trú um, að við Íslendingar séum ekki neitt. Bandaríkin geri hér allt og við séum einskis megnugir, þetta er sama hugsunin og fram kom hjá einstökum mönnum við stofnun lýðveldisins. Nú skjóta þessar hugsanir upp kollinum á ný, og það er sannarlega kominn tími til að kveða þær niður fyrir fullt og allt. Og þetta tal um, að þetta sé frá Marshall og hitt frá Moskva, en við sjálfir getum ekkert, er alveg óþolandi. Hæstv. utanrrh. sagði, að allt, sem ég segði, væri samkvæmt fyrirmælum frá Moskva. Ég segi það, að ég hef mikla samúð með hinu sósíalistiska skipulagi í Rússlandi og með leiðtogum þess, en ég frábið mér alveg að láta taka hugmyndir og verk okkar íslenzkra sósíalista og gefa þau Rússum. Hæstv. utanrrh. sagði ég fyrstum utan minna flokksmanna frá hugmyndum mínum varðandi þá nýsköpun atvinnulífsins, sem fyrrv. ríkisstj. vann að, og hæstv. utanrrh. kunni það vel að meta. En mér mundi þykja hart, ef hugmyndir okkar íslenzkra sósíalista varðandi nýsköpun atvinnulífsins verða teknar og eignaðar Moskva, og eins þykir mér hart, þegar Marshall og Bandaríkjunum er eignað það, sem þau eiga alls ekki skilið. Sannleikurinn er sá, að við erum sjálfir færir um að byggja upp okkar atvinnulíf. Enn þá hefur hæstv. utanrrh. ekki gefið skýringu á því, hvernig á því stóð, að ríkisstj. var búin að ákveða að gera þennan samning 8. apríl, áður en hún vissi, hvernig Marshalllögin voru. Ef til vill var það til að koma þeirri hugsun inn hjá Íslendingum, að án Bandaríkjanna gætu þeir ekki neitt, en ég vil minna á í því sambandi, að einu sinni voru líka til menn á Íslandi, sem sögðu, að án Dana gætu Íslendingar ekki neitt. Og ef það á að fara að endurskapa þann hugsunarhátt gagnvart Ameríku, þá er það nýsköpun, sem ég að minnsta kosti vil ekki taka þátt í.

Þá kom hæstv. ráðh. inn á síðustu afurðasöluna eða gjöfina, það er að segja hraðfrysta

fiskinn, og sneri hreinlega út úr orðum mínum. Ég skýrði mína afstöðu fullkomlega og míns flokks og skal nú reyna að gera það aftur, þó að það hafi eflaust ekkert að segja gagnvart hæstv. ráðh. Ég reyndi í fyrri hluta ræðu minnar að skírskota til hans sem sjálfstæðismanns, sem væri í rauninni sjálfstæðismaður. Ég benti á, hve hættulegt það gæti orðið sjálfstæði þjóðarinnar að taka við gjöfum frá framandi stórveldi. Sú skírskotun hafði auðvitað engin áhrif. Ég sagði honum þá, að Sósfl. væri eins og kunnugt er andvígur allri þessari pólitík, við þyrftum enga Marshallaðstoð, en úr því að ekkert þýddi að skírskota til hans sem sjálfstæðismanns og afráðið væri, að Ísland tæki þátt í Marshallplaninu, skulum við, sagði ég, athuga aðra hlið málsins, en þetta sagði ég vitanlega ekki vegna þess, að ég hvikaði í neinu frá standpunkti okkar sósíalista í málinu. Við skulum þá líta á málið út frá hreinu kaupmennskusjónarmiði, sagði ég. Og ég sagði við hæstv. utanrrh., að ef hann þægi gjafir, þá væri vitanlega betra að nota þær almennilega, þiggja þær hreinlega, í stað þess að láta útflutningsvörur okkar koma á móti gjafafénu til þess að láta líta svo út, að tekizt hefði að selja vörurnar. Ég skal nú taka ljóst dæmi til skýringar, en tek það fram, að skýringartölurnar eru aðeins hugsaðar, en ekki byggðar á neinum útreikningi eða áætlun.

Segjum, að við hugsum okkur að framleiða fyrir 1400 millj. kr. á 4 árum og framleiddum það, og segjum, að við gætum fengið Marshallgjafir og Marshalllán á þessu tímabili að upphæð 250 millj. kr., það eru samanlagt 1650 millj. kr. Nú er það gefið, að töluverðan hluta af 1400 milljónum væri hægt að nota til að kaupa og byggja fyrir stór framleiðslutæki, segjum, að til þess væri hægt að verja 300 milljónum. Og ef stj. er að þiggja gjafir upp á 250 milljónir, þá eru þessar 250 milljónir viðbót við þær 300 milljónir, sem ég hugsaði mér, að hægt væri að verja til öflunar stórra framleiðslutækja, og yrði þá samtals hægt að verja 550 milljónum til þess samkvæmt þessum hugsuðu tölum mínum. Hvað gerist því, er hæstv. utanrrh. fer inn á þá pólitík að gefast upp við að selja heildarframleiðslu þjóðarinnar fyrir 1400 millj. kr., sem raunverulega væri hægt að fá fyrir hana, en taka það, sem á vantaði söluna, af gjöfunum, segjum 150 millj. kr.? Þá lækkaði hann hina raunverulegu vörusölu um 150 milljónir og rýrði jafnframt möguleika þjóðarinnar til að afla sér framleiðslutækja um 150 milljónir, svo að í stað 550 milljóna, sem ég hef áður reiknað með í dæminu, hefðum við aðeins úr 400 milljónum að spila til að kaupa fyrir framleiðslutækin og byggja upp atvinnulífið. Hvert skólabarn skilur það, að þegar ríkisstj. er að taka útflutningsvörurnar og láta upp í Marshallaðstoðina, þá er hún að éta upp óskalistann sinn í stað þess að þiggja gjafir og í stað þess að byggja upp atvinnulífið, fyrst hún á annað borð vill lítillækka sig til að þiggja gjafir af erlendu stórveldi. Og þetta gæti stj. skilið líka, ef hún aðeins fengist til að hugsa um það, sem Ísland varðar. En hæstv. utanrrh. einokar utanríkisverzlunina undir sig og er að reyna að fá Bandaríkin til að taka afurðir okkar upp í gjafirnar. En það þarf ekki að bjóða íslenzkar afurðir sem þóknun fyrir gjafir, þó að hæstv. ráðh. reki upp kveinstafi um, að Íslendingar geti ekki neitt, með því að fara að tala um, að landið sé svo snautt og fátækt. Honum er ekki nóg að reyna að svipta þjóðina öllu trausti á sjálfa sig, heldur á nú að fara að reyna að svipta hana trúnni á landið, telja henni trú um, að það sé snautt að gæðum, svo að vart sé hægt að lifa í því, þó að það sé ríkasta land í Evrópu að fossaafli og fleiri náttúrugæðum. Aftur á móti hafa beztu menn þjóðarinnar á síðustu öldum og allt fram á þennan dag ekki þreytzt á því að telja þjóðinni trú um, að landið sé gott, og engin kynslóð hefur betur fundið það en við, hve landið er gott. En þessi versta ríkisstj., sem setið hefur hér að völdum, reynir að kenna landinu um, þegar hún er svo snauð að hugmyndum og viti, að hún getur ekki nytjað þetta gjöfula og ríka land handa börnum þess. Nei, ég held, að sú stjórn, sem grípur til þeirrar auðsveipnis prédikunar að níða þjóð og land, — ég held sú stjórn ætti sem fyrst að fara frá og gefa íslenzku þjóðinni sjálfri frelsi til að skapa sér betri lífskjör, í stað þess að stj. einokar alla lífsmöguleika hennar.

Þá ætla ég að vikja að ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem reyndi að tala hér málefnalega. Hann ræddi sérstaklega um hin almennu og sérstöku gjaldeyrisvandræði, sem Íslendingar ættu við að búa, og sagði, að ég hefði ekki bent á neina hagnýta lausn þess vanda í ræðu minni. Við skulum nú athuga þetta. Fyrst ræddi ég um dollarana. Það var orðinn skortur á dollurum þegar árið 1945. Þá voru aðeins dollarar til í nýbyggingarsjóði, og þá vildum við sósíalistar, sem tókum þátt í ríkisstj., tryggja dollarasparnað, höfðum áður reynt að tryggja sparnað á þeim dollurum, sem eytt var utan sjóðsins, og vildum hindra 1945, að farið væri að taka dollara úr sjóðnum til almennrar eyðslu. En við fengum ekki við það ráðið. Sjálfstæðismenn höfðu það fram, að dollarar voru teknir úr sjóðnum og yfirfærðir til viðskiptaráðs, og sýndi það sig glögglega, að heildsalarnir vildu fá dollarana til umráða og þrýstu þingmönnum sínum til þessara ráðstafana. Hins vegar tókst með samningum við Sovétríkin að afla dollara fyrir vörur okkar, og hefur það því sýnt sig, að víðar er hægt að fá dollara en í Bandaríkjunum. Þetta er rétt að athuga og hafa í minni.

Í Morgunblaðinu í vor var birtur listi yfir vörur upp á 10½ millj. dollara upp í Marshallaðstoðina við Íslendinga. Ég hef enn þá ekki fengið upplýst opinberlega, hvort þessi upphæð sé rétt né sundurgreiningin á vörunum, eins og hún var í blaðinu. En ég tók þá strax fyrir þessa sundurgreiningu eins og hún var og sýndi fram á, hvar hægt væri að fá þessar vörur, sem þarna voru tilnefndar, án þess að greiða þær í dollurum. Ég sýndi fram á, að allar þessar vörur væri hægt að kaupa utan Bandaríkjanna, nema sem svaraði 1½ milljón eða rúm-

lega það, t. d. olíu, kol, korn, áburð og fleira. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ekki væri hægt að fá korn og olíu nema fyrir dollara. Korn er hægt að fá frá Sovétríkjunum í skiptum fyrir vörur okkar. Þannig hafa nokkur ríki í Evrópu verzlað við Sovétríkin, t. d. Sviss, sem hefur nú afnumið brauðskömmtun hjá sér. Og olíu er hægt að fá fyrir pund með viðskiptum við England, en hér ráða pólitískar ástæður viðskiptunum eins og viðar, því að amerískur auðhringur hefur heimtað að selja hingað olíu, svo að hér er um pólitíska þvingun að ræða. Og svo talaði hv. 4. þm. Reykv. um áburð, og það er sannarlega ástæða til að ræða um áburð. Allri nýrækt hefur verið haldið niðri hér á landi um 8 ára skeið sökum áburðarskorts. Bændur hafa ekki fengið nema einn þriðja hluta þess áburðar, sem þeir hafa þurft, frá Bandaríkjunum. Þeir hafa viljað fá meiri áburð, en ekki fengið hann af pólitískum ástæðum, af því að Bandaríkin hafa ekki viljað selja meira. Þau hafa rekið sömu pólitík gagnvart öðrum löndum í Evrópu til að halda niðri kornframleiðslunni og koma með því í veg fyrir offramleiðslu hjá sér, þó að þessi pólitík sé vitanlega vitleysa gagnvart Íslendingum, sem framleiða ekkert korn. En Combined foodboard segir, að bændur skuli ekki fá meiri áburð, og íslenzka ríkisstj. lætur sér það lynda, þótt bændum sé þar með settur stóllinn fyrir dyrnar um að notfæra sér hin stórvirku nýju tæki til ræktunar, sem þeir hafa nú fengið. En það er vitað, að fleiri framleiða áburð en Bandaríkin. Sovétríkin eru t. d. stórútflytjandi áburðar, og ég veit ekki til, að reynt hafi verið að fá áburð þar.

Vélar þurfum við sérstaklega að fá frá Bandaríkjunum, það er rétt. Það er líka það eina, sem við þurfum nauðsynlega að kaupa þar, en þó þurfum við ekki eingöngu að vera upp á Bandaríkin komnir í þeim efnum. Tékkar framleiða t. d. mjög mikið af vélum, t. d. vélar í áburðarverksmiðjur og sementsverksmiðjur. Ég held því, að ef hv. 4. þm. Reykv. gæti fengið lista hjá ríkisstj. yfir þær vörur, sem við þurfum að kaupa fyrir dollara í Bandaríkjunum, og listinn væri eins eða svipaður og í Morgunblaðinu í vor, þá kæmi í ljós, að við þyrftum ekki að kaupa þar fyrir meira en tvær milljónir. Mér dettur hins vegar ekki í hug að neita yfirburðum Bandaríkjanna um ýmsa framleiðslu, það er langt frá því, að ég viðurkenni þá ekki fullkomlega, sérstaklega varðandi stórframleiðslu, en við þurfum að beina viðskiptum okkar til annarra landa, og þá væri dollaraskorturinn ekki eins mikill og af er látið. Hitt er annað mál og það, sem ræður úrslitum, að hér eru umboðsmenn fyrir ameríska auðhringa, sem vilja selja hingað, stj. er „interesseruð" í slíkum viðskiptum og í nánum tengslum við heildsalana, sem viðurkenna ekki þjóðarhagsmuni né forgang þeirra nema að mjög takmörkuðu leyti, og vald auðhringanna ræður.

Þá kom hv. 4. þm. Reykv. að því í ræðu sinni, að það væri ekki hægt að leysa hin almennu gjaldeyrisvandræði þjóðarinnar með þeim aðferðum, sem ég hefði lagt til. En þar gerði hann mér upp skoðun, sem ég hef ekki. En hún er sú, að um tvennt sé að velja, annaðhvort verzlun fyrir pund og dollara eða clearingverzlun. Ég hef aldrei gengið út frá þessu. Ég veit, að við framleiðum svo mikið með hinum nýju atvinnutækjum, að okkur er óhjákvæmilegt að halda mörkuðum bæði austan og vestan járntjaldsins, sem alltaf er verið að vitna í, og láta ekki pólitíska flokkaskiptingu og flokksofstæki leiða okkur út í að gera vitleysur í verzlunarutanríkispólitík okkar. Því er það, að við getum selt gegn dollurum, pundum, clearing og fleiri myntum, og þurfum á öllum þessum leiðum og aðferðum að halda í utanríkisverzlunarpólitík okkar. Við megum ekki segja, að við seljum aðeins gegn dollurum og pundum, og við verðum að vera nægilega liðugir í verðlagsútreikningum hér heima, flytja vörurnar inn þaðan, sem hagkvæmast er, og þegar hagkvæmast er, en gæta þess jafnframt vel að láta innflutninginn ekki skapa glundroða á innanlandsmarkaðinum, og það gæti ég hugsað mér að væri einna bezt að skipuleggja með innkaupastofnun, sem ríkið hefði með höndum og hefði yfirsýn yfir allt, sem flutt væri inn á markaðinn hér heima.

Þá talaði hv. 4. þm. Reykv. um það, að verðlag í clearinglöndunum væri of hátt til þess, að hægkvæmt væri að verzla við þau. Spursmálið er ekki um það, hvort við veljum dollara- eða clearingverzlun, við þurfum nefnilega að fara báðar leiðirnar. Hann nefndi ákveðnar vörur, sem væru 50% dýrari í Tékkóslóvakíu en í Englandi. Segjum, að þetta sé rétt. En á móti þessu kemur, að verðið, sem við fáum í Englandi fyrir hraðfrysta fiskinn, er helmingi lægra en í Tékkóslóvakíu, og því borgar sig þjóðhagslega að kaupa 50% dýrara, ef við fáum 50% meira fyrir okkar vörur. Það jafnar sig út, það þarf ekkert að hækka okkar dýrtíð. En svo er annað, og það er það, að við getum keypt mjög mikið af vörum í Tékkóslóvakíu fyrir sama verð og í Englandi, og ef Tékkar kaupa miklu hærra af okkur, fáum við vörurnar raunverulega miklu ódýrari þar en í Englandi. Við eigum beinlínis að stúdera vöruverð og allar viðskiptaaðstæður í hinum ýmsu löndum. Ég vil t. d. benda hæstv. ríkisstj. á, að vélar eins og við þurfum í sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju eru Tékkar samkeppnisfærir við Bandaríkjamenn um að framleiða, en það liggur í því, að hér er um einstakar vélasamstæður að ræða, og um það standa báðir álíka vel að vígi. Það er aðeins fjöldaframleiðslan á ýmsum hlutum í Bandaríkjunum, sem aðrar þjóðir geta ekki keppt við, þar standa Bandaríkin langtum betur að vígi. En ef við þurfum að fá dynamó og vélar í ákveðið raforkuver, má eins reyna fyrir sér hvar sem er. Hins vegar hefur hæstv. viðskmrh. slíkan imugust á að reyna þessi praktisku viðskipti við Tékkóslóvakíu, að hann fékkst ekki til þess, meira að segja meðan hann var í nýsköpunarstj., að leita þar tilboða í dynamó í Sogsvirkjunina. Það er þess vegna alveg víst að því er snertir lönd eins og t. d. Tékkóslóvakíu, að við getum tryggt okkur að fá ýms-

ar vörur þaðan, og þó að við verðum að greiða hærra verð fyrir vörurnar frá t. d. Tékkum heldur en Bandaríkjunum, þá jafnar það sig upp þjóðhagslega í útflutningsvöruverðinu, þar sem þeir greiða hærra fyrir þær. Þá vil ég benda hv. 4. þm. Reykv. á, að ýmsar af vörum í þessum löndum þarna eystra, sem við höfum keypt, eru fullkomlega samkeppnisfærar og meira en það, eins og t. d. kolin og einnig matvörur, sem við höfum fengið frá Rússlandi, á meðan við skiptum við það. Að svo miklu leyti sem það á við er ég ekki á móti því að framkvæma slík viðskipti sem þessi, en það er hægt að hagnýta sér alla þessa viðskiptamöguleika, að leysa okkar sérstöku gjaldeyrisvandræði og komast einnig miklu lengra að leysa okkar almennu gjaldeyrisvandræði, en það er helzt ekki hægt með þeirri stefnu, sem nú er verið að taka í okkar viðskiptamálum og virðist vera keppt eingöngu að, að einangra okkur sem allra mest frá t. d. Austur-Evrópuríkjunum.

Ég tók eftir því, að hv. 4. þm. Reykv. átti dálítið erfitt með að sætta sig við gjafir. Mér þótti vænt um að heyra, að þær skyldu standa í honum. Ég tók eftir því, að hæstv. utanrrh. var að reyna að sannfæra þennan hv. þm. og aðra um það, að það væri ekki svo hættulegt. Við fáum kannske að sjá, þegar ofur lítið lengra líður á þingið, hvort hæstv. ráðh. hefur tekizt að snúa hv. 4. þm. Reykv. í þessu efni. En heldur fannst mér það slæm vísbending, sem kom fram hjá honum, að hans afstaða gagnvart Marshalláætluninni sem heild væri sú að reyna að verja þessar ráðstafanir eftir mætti. Hann gerði sem sagt ekkert til þess, sem annars var mjög þægilegt fyrir hann, sem hefur hagfræðilega þekkingu á þessum málum, að reyna að útskýra fyrir hv. þm. þær hvatir hjá Ameríkumönnum, sem liggja á bak við þennan samning og þetta stórkostlegasta undirokunarplan, sem nokkurn tíma hefur verið undirbúið. Það var einmitt verkefni fyrir mann, sem er sérfróður í hagfræðilegum málum, að þekkja hvenær auðhringar Ameríku sjá sér leik á borði fyrir sína hagsmuni. Það var hægt fyrir hagfræðinginn, ef hann hefði þorað, að segja hv. þm., sem ef til vill hafa lagt einhvern trúnað á fagurgala Marshalláætlunarinnar, ef vilji hefði verið til, að segja sannleikann og hvað í húfi væri.

Eins og ég hef hér rakið á undan, þar sem ég hef svarað hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. utanrrh., þá kemur í ljós, að afkoma Íslendinga hefur með Marshallsamningnum á engan hátt verið tryggð. Íslendingar hafa engan hagnað af samningnum, heldur þvert á móti, með því að einangra sig með viðskipti við Vestur-Evrópuþjóðirnar. Meira að segja þurfum við að geta verzlað við þjóðirnar báðum megin járntjaldsins, öll einangrun er stórhættuleg í þessu efni; og forsvarsmenn Marshallsamningsins hafa engin rök fært fyrir því, að óhjákvæmilegt hefði verið að ganga svona inn á þennan samning. Og það hefur ekkert verið gert til þess að reyna að hrekja það, sem ég hélt fram, að Bandaríkin áskildu sér rétt til þess að hafa eftirlit og yfirstjórn á okkar verzlunarmálum með þessum Marshallsamningi.

Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem tala um gjafir til okkar til þess að reisa verksmiðjur, gera sér það ljóst, að það, sem gert er fyrir Marshallfé, er bundið þeim skilyrðum, að gefendurnir ráði yfir því, þannig að þær vörur, sem framleiddar eru í þeim verksmiðjum, megum við ekki selja til annarra landa en þeirra, sem Ameríkumenn leyfa okkur. Ef byggð væri áburðarverksmiðja fyrir slíkt fé, þá mundu vafalaust þessi skilyrði verða sett fyrir þeirri sölu, ef við flyttum út áburð. Þetta er í sjálfum Marshalllögunum, sem ég hef vitnað í, og hæstv. utanrrh. hefur ekki reynt að hafa á móti þessu, og hef ég lesið þá grein upp, því að ég er hræddur um, að hæstv. utanrrh. ætli sér að skáka í því skjóli, að hv. þm. viti ekki um það skilyrði, og ríkisstj., sem hefur gert samninginn upp á sitt eindæmi og alveg án þess að spyrja Alþ. neitt um sitt álit, ætli að láta alveg undir höfuð leggjast að kynna hv. þm. hann.

Þá kem ég næst að þeim þremur, hv. 1. þm. Reykv., hv. þm. V-Húnv. og hæstv. núverandi menntmrh., og mér liggur við að segja, að sami andinn hafi talað úr þeim öllum saman, þó að þar væru þrjár tungur. Ég kenndi í brjósti um þessa menn, ég held að þeim hljóti að líða eitthvað illa innan um þessa risaáætlun, sem hæstv. forsrh. talaði svo mikið um. Það er eitthvað annað, sem þessir menn með afskiptum sínum af þjóðmálum hér á Alþ. vilja fremur tala um, en það að semja einhverja risaáætlun, enda tók ég eftir því, að þessir hv. þm. voru ekki lengi að gera þessa risaáætlun hæstv. forsrh., en það orð notaði hann um fjögurra ára áætlunina, að óskaseðli, sem ég held, að hv. 1. þm. Reykv. hafi notað um hana. Ég verð líka að segja, að mér hefði brugðið við, ef hv. 1. þm. Reykv. hefði nú haldið hér sína fyrstu ræðu á Alþ. sem þm. án þess að koma inn á verðbólgu, enda var verðbólgan ekki farin að verða neitt smáræði í hans augum.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við sósialistar hefðum fengið fyrirskipun um það að vera á móti Marshalláætluninni. Hann virðist eiga bágt með að hugsa sér, að menn geti skapað sér sjálfstæðar skoðanir, enda verð ég að segja, að sú sjálfstæða skoðun, sem hann hefur reynt að mynda sér um viðskiptamál Íslands, hefur ekki reynzt sérlega vel, svo að það er von, að hann trúi meir á það, sem útlendir fræðimenn segja, en það, sem hann hugsar sjálfur. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að Íslendingar yrðu að vera með Marshalláætluninni, þangað til Evrópa væri aftur orðin góður viðskiptavinur — það yrði 1951. Hvað var Evrópa góður viðskiptavinur fyrir stríð? Er hv. 1. þm. Reykv. alveg búinn að gleyma viðskiptunum frá 1930 til 1939? En hv. þm. gerir sér þessa hugmynd um viðskipti við Evrópu 1951. Hverjar verða svo staðreyndirnar? Þær verða þær, að þá er einmitt hætta á, að með því að einangra okkur svona núna, eins og helzt lítur út fyrir, að verið sé að keppa að, þá verði komin svo mikil framleiðsla í Evrópu, að erfitt verði að vinna markaði þá, a. m. k. ef við erum þá bundnir við Vestur-Evrópu.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur í ræðu, sem hann

hefur haldið hér á Alþ. áður, látið ljós sitt skína um verðlag og markaðsmöguleika erlendis. Hann segir í ræðu 11. sept. 1944, útvarpsræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Vér seljum í dag fiskafurðir vorar fyrir hátt verð, en um næstu áramót, eftir aðeins hundrað daga, getum við búizt við, að samningar falli niður og verð afurðanna fari stórum lækkandi.“ Síðan heldur hv. þm. áfram í sömu ræðu: „Verðfall á íslenzkum afurðum og framleiðsluvörum hlýtur að koma þegar friður er fenginn og viðskiptin leita í eðlilegan farveg.“ Síðar í sömu ræðu: „Síldarafurðirnar mundu ekki seljast á næsta ári fyrir það verð er næmi framleiðslukostnaðinum, enda þyrfti verð á mjöli og lýsi að hækka mikið frá því, sem nú er. Síldarútgerðin gæti því stöðvazt næsta sumar með sama áframhaldi.“ Og enn segir í sömu ræðu: „Íslenzk útflutningsframleiðsla með núverandi framleiðslukostnaði er í gersamlega vonlausri aðstöðu eftir stríð. Ef hún á að halda áfram að vera í þeirri aðstöðu, getur hún ekki notað sín eigin fátæklegu, úreltu tæki til fullnustu, hvað þá heldur notfært sér stórkostlega tekjuaukningu. Vörurnar verða óseljanlegar, vegna þess að þær eru of dýrar, og vörur, sem enginn vill kaupa, eru ekki framleiddar til lengdar.“ Og enn segir hv. þm.: „Nýsköpunin verður því að byrja á verðlaginu og vinnukostnaðinum í landinu.“

Síðan segir þessi hv. þm. í grein, sem hann skrifaði nokkru seinna, 9. nóv. 1944, þegar nýsköpunarstj. er mynduð: „Loforðin um hina stórhuga nýsköpun atvinnuveganna eru fallegar myndir, en léttvægar og innantóm orð, sem aldrei verða að veruleika, nema búið sé svo að framleiðslunni í landinu, að hún geti borið sig.“

Þetta sagði hv. 1. þm. Reykv. fyrir 4 árum, þá reyndi hann að telja okkur trú um, að um leið og stríðinu lyki, mundi verðlagið hrynja, og íslenzka útgerðin 1945 svo að segja. Hvað hefði orðið, ef við hefðum trúað orðum þessa hv. þm., þegar hann var fjármrh. 1944? Við hefðum orðið að vera án þeirra hundruð millj. kr., sem útgerðin færði okkur einmitt á þessum tíma, og við mundum nú ekki hafa nein tæki til þess að afla þeirra verðmæta, sem við nú höfum vegna þess, að það tók þá við ríkisstj., sem hafði áræði og skynsemi til þess að hagnýta sér þá möguleika. Þessi hv. þm. hefur því reynzt falsspámaður um verðlag fjögur síðustu árin á Íslandi. Það hefði orðið hrapallegt tjón fyrir atvinnulíf á Íslandi og alla þjóðina í heild, ef farið hefði verið að ráðum hv. 1. þm. Reykv. Nú kemur hv. 1. þm. Reykv. til okkar í dag og segir: „Nú getum við verið aldeilis róleg. Við höllum okkur að Marshall og seljum honum í hendur yfirráð yfir okkar framkvæmdum og mörkuðum fram til 1951, þá er kannske Evrópa orðin góður viðskiptavinur aftur.“ Ég er hræddur um, að með þessari pólitík, sem hann og hans flokkur rekur, muni fara um okkar verðmæti líkt og hann spáði 1945, en við höfum aldrei selt okkar vörur á hærra verði en þá. Nú segir þessi sami hv. þm., að við skulum alveg vera róleg, því að Marshall muni gæta okkar vel, en við skulum vara okkur á spádómum þessa hv. þm., ég er hræddur um, að við Íslendingar þurfum einmitt að passa okkur.

Þá er það hæstv. menntmrh., já, ég veit ekki, hvort ég á að eyða mörgum orðum á hann, hann talaði svo barnalega í þessu máli. Mér fannst hann helzt vera að lesa upp úr Tímanum gömlu tugguna um það, að við vildum allt eyðileggja, þessir sósialistar, og bara ef við semdum nú við Marshall, væri allt í þessu fína lagi. Hæstv. menntmrh. sagði, að það væri búið að kveða niður í umr. þær skoðanir, sem ég hefði haldið fram, en ég man ekki eftir, að neinn hafi reynt að hrekja það. Hæstv. menntmrh. sagði, að við þyrftum að fá meira fjármagn en við gætum fengið gegn útflutningi okkar. Þessi góði fjármálamaður lofaði Englendingum á sínum tíma að taka engin erlend lán, en hann lét þess á engan hátt getið, að hæstv. ríkisstj. hefði í raun og veru nokkuð reynt til þess að fá lán erlendis. Hann hefur sjálfur farið í sendiferð út til þess að athuga möguleika fyrir láni, en eitthvað minnir mig að sú för þætti með vasabókarsniði. Ég er hræddur um, að hæstv. menntmrh. verði að reyna að mennta sig betur í fjármálum heimsins, áður en hann lætur sér nægja að koma aðeins með fullyrðingar án þess að reyna að rökstyðja þær á nokkurn hátt.

Hv. þm. V-Húnv. tók miklu skynsamlegar á málinu. Hann hugsaði eitthvað á þá leið, að úr því að hann tæki þetta að sér, að verja þennan málstað, og svo líka hitt, ef hér væri um einhverjar framfarir að ræða, þá skyldu menn fá að vita, hvaða flokki þær væru að þakka, því að auðvitað væru þær að þakka Framsfl. og engum öðrum flokki þingsins. Hv. þm. V-Húnv. byrjaði með því að tala um nýsköpunina og gamla daga og sagði, að það hefði bara verið eyðsla að kaupa t. d. togarana, enda þótt þeir hafi fært okkur tugi millj. kr. í þjóðarbúið, það væri allt eyðsla. Hins vegar vildi hv. þm. V-Húnv. leggja mikið upp úr því, að hann hefði viljað leggja mikið til hliðar af erlendum gjaldeyri. Við sósialistar höfum reynt að fá það fram, að lagðar yrðu til hliðar 500 millj. kr., sem við gátum ekki fengið samning um, og býst ég við, að ein af ástæðunum fyrir því, að við gátum ekki fengið samning um það, hafi verið sú, að Framsfl. bilaði, hann vildi alls ekki stuðla með ríkisstj. að neinni nýsköpun, hann skarst algerlega úr leik og vildi ekki vera með að mynda neina stjórn eða vera með því að leggja nokkurt fé til hliðar, heldur tilkynnti hann, að fyrst yrði að lækka kaupið, áður en farið yrði út í slíkt. Framsfl. virtist treysta því, að hann fengi Alþfl. til þess að vera ekki með neinni stjórn, sem Sjálfstfl. og Sósfl. mynduðu. Framsfl. treysti því, að það væri ekki hægt að mynda neina stjórn án hans, og 3. okt. tilkynnir hann, að hann verði ekki með í því að mynda stjórn með þessum flokkum. Síðan reynir Framsfl. að vinna gegn því, að nokkurt fé yrði lagt til hliðar. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar framsóknarmenn koma og segjast hafa viljað, að nýsköpunin væri meiri. Jú, þegar þeir sáu, að þeir höfðu tapað, þá komu þeir með yfirboð og lögðu til, að lagðar yrðu til hliðar

300 millj. kr. En fulltrúar Framsfl. í viðskiptaráði, sem sá um almenna fjárveitingu úr nýbyggingarsjóði, hafa alveg jafndyggilega og aðrir komið þeim peningum fyrir kattarnef. Að minnsta kosti fengum við sósialistar ekki stuðning frá Framsfl., þegar við vorum að berjast fyrir því, að sparað yrði. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. V-Húnv. að segja við mig, að nú muni ég sjá það, hvers konar mistök það hafi verið að leggja ekki meira til hliðar. Ég lagði frá upphafi áherzlu á það, að við legðum til hliðar erlendis fyrir því, sem við öfluðum. En það var vegna áhrifa heildsalanna á ríkisstj. vegna þeirra innflutnings, að þeir heimtuðu að fá meiri leyfi fyrir innflutningi. Hv. þm. V-Húnv. veit vel, hvað áhrif heildsalanna eru sterk innan vissra flokka, og ég býst við, að núverandi ríkisstj. þekki þau vel. Hins vegar fengum við sósíalistar samið um, að 15% af árs útflutningsgróðanum yrðu lögð til hliðar á nýbyggingarreikning, og ef það hefði verið gert fyrir árin 1946—48, þá mundi sú upphæð vera um 150 millj. kr. En þessi ákvæði eru í l. nú, ef Framsfl., sem nú stendur að ríkisstj., hefur vilja á að framkvæma þau, og hvort þær ráðstafanir hafa verið gerðar, getur hv. þm. V-Húnv. gefið skýrslu um, og væri þá einnig gaman að heyra, hvaða skilyrði Framsfl. hafi sett fyrir þátttöku sinni í því sambandi og hvernig honum gangi að láta heildsalavaldið ganga með sér undir jarðarmen, eða hvort Framsfl. hafi orðið að smeygja sér inn um þær þröngu dyr, eins og komizt var að orði á fundi sjálfstæðismanna á Akureyri í vor, og hafi síðan orðið að sætta sig við að vera með í þeirri verstu stjórn á fjármálum, sem þekkzt hefur síðan við fengum okkar fjármálastjórn í eigin hendur.

Ég vil enn fremur minna hv. þm. V-Húnv. á, fyrst hann talar svo mikið um nýsköpunarmálin, að Framsfl. vildi, þegar togararnir voru keyptir, ekki kaupa fleiri togara en við gætum borgað út. Með öðrum orðum, það voru ríku mennirnir í landinu, sem áttu að fá að kaupa togara, og fleiri ekki. Ég er hræddur um, ef farið hefði verið eftir ráðleggingum hv. þm. V-Húnv., að lítið hefði orðið úr nýsköpuninni á þeim tíma. Nú, þegar hv. þm. V-Húnv. sér, að það á að gerast eitthvað í sambandi við Marshallaðstoðina, þá vill hann láta það líta þannig út, að það sé nýsköpunarflokkurinn Framsókn, sem eigi heiðurinn af því, að allt, sem gert hefur verið áður, eru aðeins skýjaborgir, þær hafa ekki verið nema smáræði í samanburði við hina góðu Marshallnýsköpun, sem Framsfl. ætlar nú að beita sér fyrir. Staðreyndirnar dæma, þegar þar að kemur. Það skein þó aðeins í það hjá þessum 3 hv. ræðumönnum, sem ég nefndi áðan, að ef ekkert yrði nú úr þessari miklu nýsköpun ríkisstj., sem hún hefur talað um sem 4 ára áætlun, þá sé ekkert annað en að skella skuldinni á verðbólguna, en verði hins vegar eitthvað úr henni, þá þora þeir ekki að taka svona illa í hana í annað sinn, og hafa þeir þess vegna vaðið fyrir neðan sig.

Þá sný ég mér næst að hæstv. forsrh. (*Forseti:* Á hv. þm. mikið eftir af þessari ræðu? Ef svo er, tel ég rétt að fresta umr.) Já, það er líklega rétt, vegna mikillar virðingar við hæstv. forsrh. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var enn fram haldið umr. um skýrsluna.

Einar Olgeirsson [Frh.]: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að Evrópa skiptist í tvennt um Marshallaðstoðina. Hann gleymdi því í sambandi að koma inn á það, sem ég minntist á í fyrri ræðu minni, að Evrópa hefur verið ein heild um hjálp við þær þjóðir, sem verst hafa orðið úti í stríðinu. Hann gleymdi að geta þess, að gegn vilja allra Sameinuðu þjóðanna, vestrænna og austrænna, afnámu Bandaríkin UNNRA og móti vilja formanns UNNRA, í þeim tilgangi, að ekki yrði haldið áfram viðreisnarstarfseminni á mannúðar- og jafnréttisgrundvelli, heldur skapað skipulag, þar sem Bandaríkin kæmu sínum pólitísku áformum fram. Og það er Marshallhjálpin.

Þá kom hæstv. forsrh. inn á, að löndin skiptust pólitískt með og móti Marshallaðstoðinni, annars vegar væru kommúnistar á móti, en hins vegar væru allir aðrir flokkar með. Þetta er rangt. Það hefur að vísu tekizt fyrir Bandaríkin að fylkja mörgum borgaraflokkum með þessu kúgunarskipulagi sínu. En engu að síður er rétt að minna á, að þetta hefur ekki tekizt með alla. Ég vil, vegna þess að hæstv. forsrh. er mikill vinur Svía, minna hann á, að Branting senator, sonur gamla Brantings, lagðist mjög á móti Marshallaðstoðinni og varaði þjóð sína eindregið við að taka þátt í henni. Í Englandi hefur Beaverbrock lávarður blaðakóngur beitt blaðakosti sínum móti Marshallaðstoðinni, af því að hann álítur hana undirgefni undir amerísku auðmannastéttina.

Þá kom hæstv. forsrh. inn á, að það væri ekki allt auðmannastéttir í Bandaríkjunum, sem væru með Marshallaðstoðinni, heldur væru það vinstri öflin í Bandaríkjunum, verkamannastéttirnar, sem fylgdu henni fram. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hverjir eru það, sem hafa sett l. þar og stjórna framkvæmdum þar? Frá því að Roosevelt dó, hefur orðið sú breyting á stjórn Bandaríkjanna, að Wallace og aðrir slíkir ráðherrar hafa verið settir frá. Og hverjir hafa komið í staðinn? Forstjórar auðhringanna í Bandaríkjunum og bankastjórar í stærstu bönkunum, svo sem Harriman bankastjóri og Hoffmann, einn af voldugustu bílakóngum Ameríku. Hæstv. forsrh. veit vel, hvernig fór, þegar sósialistaflokksstjórnin í Englandi tók milljarðalánið. Auðhringarnir amerísku hækkuðu vöruverðið. Hvað nam það miklu? Verðhækkunin, sem amerísku auðhringarnir framkvæmdu, svipti þessa peninga ⅓ af verðgildi þeirra. Þessi aðstoð hefur verið notuð af auðhringunum amerísku til að græða vægðarlaust á þessari þjóð, sem aðstoðina hefur fengið.

Þá talaði hæstv. forsrh. um, að kommúnistisku öflin vildu ekki viðreisn. Ég kann illa við svona barnaleg rök. Það er hægt að deila án þess að grípa til svona aumingjalegra raka. Ég

býst við, að hæstv. forsrh. sé ekki svo ókunnugur því, sem gerist í Evrópu, að hann viti ekki, að þar, sem kommúnistar og sósíalistar ráða, hefur viðreisnin gengið svo ört, að ráðherrar ensku stj. hafa ekki getað annað en dáðst að því, t. d. uppbyggingunni í Póllandi, sem var mjög illa leikið. Hún hefur gengið örar í þessum löndum, þar sem engin Ameríkuhjálp hefur komið til, og þó hafa þau lönd orðið miklu verr úti en í Vestur-Evrópu. Það er kjánalegt að koma með þau rök, að alþýðustéttirnar vilji ekki viðreisn. Og að því er snertir hér heima, þá var hann að koma að því, að Sósfl. vildi enga viðreisn. Ég hélt, að það væri úrelt að koma með slíkar „röksemdir". Allra sízt ættu þeir að koma með slíkt, sem börðust á móti því, að Sósfl. tækist að gera samkomulag við Sjálfstfl. um nýsköpun atvinnuveganna. Hæstv. forsrh. ætti sízt allra að minnast á slíkt, hann, sem barðist á móti því eins og hann gat í flokki sínum, að nýsköpunarstj. væri mynduð. Hann spillti fyrir því eftir megni, að sú mikla viðreisn, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, gæti tekizt.

Hæstv. forsrh. vill gefa í skyn, að allt atvinnulíf á Íslandi byggist á Marshallhjálpinni, en hann hefur haft jafnlítið við það sem aðrir ráðh. að sanna það. Honum hefur ekki tekizt að færa fram sannanir fyrir, að svo væri, en vitanlega eru þessar fullyrðingar endurteknar í blöðum stj. án þess að reyna að færa fram rök. Nei, við Íslendingar getum byggt upp atvinnulíf okkar án þessarar hjálpar. Við getum fengið lán til áframhalds viðreisnarinnar án þess að sækja það til Marshallaðstoðarinnar. En hæstv. stj. hefur unnið slælega að því, ef ekki sviksamlega, að útvega slík lán, og það er ekki hægt að fá hana til að upplýsa, hvort hún hafi þar snúið sér til þess sjálfsagða aðila, alþjóðabankans, sem þjóðin á 2 millj. dollara í.

Hæstv. forsrh. hefur mjög gaman af að beita mikið tilvitnunum, og það er þá bezt, fyrst hann vill, að fara inn á það og svara í sömu mynt og vitna í ummæli erlendra blaða um Marshallaætlunina. Ég veit, að hæstv. forsrh. metur mikils reynslu Norðurlanda, og ætla ég því að lofa honum að heyra, hvað Danir segja um þetta mál, og getur það þá verið honum til glöggvunar, þegar hann er að þylja upp trúarjátningu sína við Marshallaðstoðina.

Dönsk blöð lýsa því, hvernig Marshallúthlutunin hafi verið fyrsta árið. Þau segja, að Danir hafi fengið vörur fyrir 511 millj. kr., sem þeir hefðu vel getað komizt af án, en hafi fengið vörur, sem þeir þurftu til uppbyggingarinnar, fyrir 118 millj. kr.

Svíþjóð hefur fengið á einu ári vörur fyrir 28,4 millj. dollara, og þar af hafa þeir keypt bíla fyrir 6,9 millj. kr. Menn sjá af þessu, hver á að ráða skömmtuninni, þegar Svíar verða að flytja inn bíla fyrir stórfé. Aftur á móti hefur Svíum verið neitað um ýmsar vörur, sem þeir hafa lagt mikið upp úr að fá, t. d. skipastál, sem þeim var neitað um.

Berlingske Aftenavis segir svo um Marshallaætlunina, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Marshallaætluninni fylgir óaðskiljanlegur skuggi hennar: hættan á atvinnuleysi. Það kemur af hráefnaskortinum. Það er ekki gert ráð fyrir vissum hráefnum í Marshallaætluninni. USA getur veitt dollara, en ekki vissar hráefnategundir. Atvinnuleysið vofir sérstaklega yfir Belgíu. Belgísku iðjuhöldarnir segja, að það verði að gerast kraftaverk, ef Belgía eigi að komast hjá verulegu atvinnuleysi. Það er talað um 1 milljón atvinnuleysingja, og það í landi með 8 milljónir íbúa. Í Frakklandi er atvinnuleysið orðið tilfinnanlegt, og er það því eftirtektarverðara sem Frakkland varð fyrir skömmu að fá vinnuafl frá Ítalíu og Þýzkalandi."

Þetta er lýsing í dönsku íhaldsblaði meira að segja, hvernig atvinnuleysi hlýtur að breiðast út í Belgíu og Frakklandi. Síðan er því lýst, hvernig Bandaríkin í krafti Marshallaðstoðarinnar skipa Frakklandi að loka sínum iðnaði. Bílasmiðjurnar í Ítalíu eru nú svo að segja stöðvaðar. Fyrir þremur mánuðum var lokað þremur bílasmiðjum í Vestur-Þýzkalandi. Það er engin tilviljun, að bílasmiðjunum er lokað einna fyrst. Hoffmann, framkvæmdastjóri Marshallaætlunarinnar, er sérstaklega fulltrúi fyrir bílaiðnaðinn í Bandaríkjunum. Bílaframleiðsla Ameríku er sú atvinnugrein, sem er viðkvæmust fyrir kreppum. Það er eðlilegt, að ef fjárráð manna minnka mikið, þá komi það einna fyrst fram á bílakaupunum. Það er eitt fyrsta kreppumerkið í auðvaldsskipulaginu, að menn treysta sér ekki til að kaupa bíla. Þess vegna gera Bandaríkjamenn þarna þær ráðstafanir, að bílasmiðjum sé lokað í Marshalllöndunum. Þannig á að fórna bílaframleiðslu Evrópu fyrir hinar miklu bílaverksmiðjur í Bandaríkjunum. Svo er verið að reyna að telja okkur trú um, að auðhringar Bandaríkjanna fari hér ekki eftir verzlunarlegum hagsmunum sínum.

Þá væri ekki úr vegi að lofa hæstv. forsrh. að heyra, hvað Tyrkir segja um Marshallaætlunina. Aðalblað tyrknesku stjórnarinnar „Cumhuriyet" segir svo í marzlok, með leyfi hæstv. forseta: „Tóbaksframleiðsla okkar eins og allt atvinnulíf landsins færist óðfluga nær kreppu, sem erfitt er að sigrast á, af því að Bandaríkin veita tóbaksiðnaði okkar ægilegt högg með því að flytja ódýrt Virginíutóbak inn í Evrópu undir yfirskini Marshallaætlunarinnar og banna innflutning tyrknesks tóbaks til Þýzkalands, en þannig verður þessi ráðstöfun áfall fyrir allt atvinnulíf okkar." Þetta segir þetta tyrkneska stjórnarblað og minnir um leið á hið mikla starf, sem þetta vestræna lýðræðisríki hafi innt af hendi í baráttunni gegn kommúnismanum. Það er ekki nema rétt, þegar hæstv. stj. stingur höfðinu niður í sandinn, að hv. þm. fái að heyra, hvað stjórnarblöðin segja í þeim löndum, þar sem Marshallskipulagið er komið á.

Þá vil ég gefa hæstv. ráðh. svolítið sýnishorn af því, hvað Bandaríkjamenn segja sjálfir um þetta skipulag.

Bandaríska tímaritið „United States News and World Report" birti 27. febr. grein, sem heitir: „Hvað fá Bandaríkin fyrir hjálp sína til útlanda". Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjóri áætlunarinnar verður að vera raunverulegur forstjóri heimsviðskiptanna. Hann fær aðstöðu til að segja t. d. Frakklandi, hvort eigi að endurbyggja járnbrautirnar þar í landi eða bæta þjóðvegina. Hann getur ákveðið, hvort auka skuli vélanotkun landbúnaðarins. Hann mun ákveða, hvort Ruhr eða Bretland ganga fyrir að fá kolanámuvélar. Og hann mun stöðva dollarastrauminn alveg, ef einhver lönd halda ekki skilyrði hans. Heimsviðskiptin munu verða fyrir áhrifum af ákvörðunum framkvæmdastjórans. Hann mun fá vald til að afráða, hvort timbur skuli keypt frá Finnlandi, Svíþjóð eða Kanada, hvort bandarískt eða kanadiskt hveiti skuli hafa forréttindi við dollarakaup, hvort Brasilía eða Bandaríkin eigi að selja evrópskum vefnaðariðnaði bómull."

Þetta eru orð þessa Bandaríkjablaðs. Þeir eru ekki myrkir í máli, Bandaríkjamenn sjálfir, þegar þeir ræða um þessi mál. — Ég vil í sambandi við það, sem ráðherrar okkar hafa sagt hérna, að Bandaríkjamenn séu lausir við eiginhagsmunasjónarmið, skora á ríkisstj. að segja Alþ. um það, hvort það sé skilyrði eða ekki af hálfu Bandaríkjanna, hvort Bandaríkin ráði, hvert vörur þær séu seldar, sem framleiddar eru með þeim vélum, sem þannig eru til orðnar, ef við t. d. byggðum áburðarverksmiðju fyrir gjafafé. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að upplýsa svona mál fyrir þm. Ég hef gert það og vitnað í lög og ákvarðanir Bandaríkjaþings, en ríkisstj. treystir sér ekki einu sinni til að ræða málið.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um áburðarverksmiðju, að hún yrði að geta staðizt samkeppni, þá vil ég minna á þann hlut, að Bandaríkin áskilja sér samkvæmt Marshallaætluninni yfirráð yfir verzlun með þær afurðir, sem framleiddar eru með þessum tækjum. Bandaríkjastjórn áskilur sér og að ráða því, hvers konar rekstrarfyrirkomulag sé haft í viðkomandi landi, þegar verið er að stofna til rekstrar á grundvelli Marshallaðstoðarinnar. E. t. v. kemur það einstökum mönnum vel, að reynt sé að dylja þetta, hvort Bandaríkin geti skipt sér af þessu. En það er bezt, að þm. gangi ekki gruflandi að þeim hlutum.

Við höfum gengið út frá því í sambandi við áætlun um áburðarverksmiðju, sem komið yrði upp, að það væri ríkið, sem ræki hana. Vill hæstv. ríkisstj. upplýsa, hvort þeir samningar, sem hún hefur gert við Bandaríkin, séu þannig, að Bandaríkjafulltrúi geti sagt við Íslendinga: Við skulum styðja ykkur í að koma upp áburðarverksmiðju, ef það eru einstaklingar, sem eiga hana, en ekki, ef það er S. Í. S. eða önnur slík fyrirtæki? Ég skora á hæstv. ríkisstj. að gefa upplýsingar um þetta.

Ég vil skýra frá því, hvað Hoffmann segir 14. maí í vor: „If a plan came to us asking for dollars to modernize the steel industry and the British Government announced a nationalization scheme for that industry help might have to be denied". Það er að segja: Ef komið væri til okkar með áætlun og við beðnir um dollara til þess að færa stáliðnaðinn í nýtízku horf, og ef brezka ríkisstjórnin tilkynnti um þjóðnýtingu á þeim iðnaði, gæti farið svo, að við yrðum að neita um hjálp. — Það er vitað, að Bevin lýsti því yfir fyrir nokkru, að Bretar mundu láta þjóðnýta iðnaðinn í Ruhr. En nú er brezka stjórnin raunverulega búin að afhenda stóriðnaðinn í Ruhr í hendur þýzku og amerísku auðvaldi. Með öðrum orðum, ameríska stjórnin neyddi brezku ríkisstj. til þess að hætta við þjóðnýtingu á stóriðju í Ruhr og hefur komið henni í hendur þýzkra og amerískra auðhringa. Og svo er verið að halda því fram, að þær stjórnir, sem ganga undir svona skilmála, séu sjálfstæðar stjórnir, — stjórnir, sem þora ekki að framkvæma sín efnahagslegu prógrömm vegna yfirdrottnunarstefnu hins ameríska auðvalds. Og svo er verið að breiða blæju bróðurþels og mannkærleika yfir allar þessar svívirðingar!

Svo segir forsrh., að það séu vinstri kraftarnir í Bandaríkjunum, verkalýðssamtökin, sem Bandaríkjaþing nýlega er búið að gera svívirðilegar ráðstafanir til að fjötra, sem ráði Marshallaætluninni. Hann vildi jafnvel gefa til kynna, að það væru sósialistiskir kraftar, sem kæmu þar til greina. Ég vil lofa hæstv. forsrh. að heyra það, sem bandaríska blaðið „U. S. Information Service" segir um þetta mál 6. apríl í vor, en þar segir svo: „Encouragement of american private capital investment in Western Europe is in accordance with a principal and objective end of the american aid programme. The U. S. Government is pursuing a policy og encouraging private American capital to take the place — if not wholly, at least partially — of direct U. S. Government assistance." Eða þýtt á íslenzku: Það er í samræmi við takmark hinnar amerísku hjálparstefnu að ýta undir amerískt einkaauðmagn í því að frysta fé sitt í Vestur-Evrópu. Stjórn Bandaríkjanna framkvæmir þá pólitík að reyna að fá amerískt einkaauðmagn til þess að koma, ef ekki að öllu leyti, þá að minnsta kosti að nokkru leyti í staðinn fyrir aðstoð Bandaríkjastjórnar. — Með öðrum orðum, það er margviðurkennt af opinberum málgögnum Bandaríkjastjórnar sjálfrar, að það sé einkafjármagnið ameríska, sem allra mest eigi að hafa með samninga að gera við hin einstöku ríki, og ameríska stjórnin ýti undir þetta. Hérna heima vitum við, hvernig það hefur verið undanfarið, að sú auðmannastétt, sem hér hefur risið upp, hefur haft mjög mikla andúð á fyrirtækjum ríkisins. Og við sjáum það í sambandi við fiskiðjuver ríkisins, hvernig ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að taka það úr eigu ríkisins og selja einstökum auðmönnum, því að þetta hefur reynzt gott og arðvænlegt fyrirtæki. Þegar nú Marshallhjálp ríkisstj. kæmi þarna til aðstoðar, býst ég við, að þessi tilhneiging mundi aukast um allan helming. Ef svo þetta lag kæmist á hér á landi, með aðstoð Bandaríkjanna, að einstakir auðmenn kæmust yfir fyrirtæki í eigu ríkisins, og ef einhver stjórn á Íslandi væri eindregið á móti slíku og vildi ekki þola það — ég er ekki að drótta því að stjórn þessa hæstv. forsrh., að hún yrði óþæg í þessum efnum, en ef hér sæti slík stjórn, þá eru Bandaríkjamenn nú þegar

viða búnir að steypa slíkum stjórnum. Í viðurkenndu blaði í Bandaríkjunum stendur: „We are already in the business of breaking and making foreign governments.“ Eða á íslenzku: Við erum nú þegar farnir að steypa erlendum stjórnum og mynda erlendar stjórnir. — Bandaríkjamenn viðurkenna ósmeykir, að með Marshallaðstoðinni séu þeir að fyrirskipa viðkomandi þjóðum, hvers konar skipulag eigi að vera á atvinnurekstri þeirra, og vilji stjórnirnar ekki hlýða slíku, láta Bandaríkjamenn þessar stjórnir fara frá og setja nýjar í staðinn. — Hoffmann sagði, þegar hann 13. maí mætti fyrir fjárhagsnefnd öldungadeildarinnar: „Við erum eins og bankastjóri. Við getum sagt, að við viljum ekki láta okkar dollara, ef þér gerið ekki þetta og þetta.“

Nei, að vera að prédika yfir okkur, að það sé hugsjónaást af Bandaríkjunum að gera þetta! Ég veit ekki, hvort það er sjálfsblekking af ráðh. að gera þetta. En sú ósvífni að reyna að telja almenningi trú um, að þetta sé af hugsjónaást, hún er dæmalaus. Framkvæmdastjóri Marshallástlunarinnar og allir, sem um þetta mál fjalla og skrifa, fara ekki í launkofa með það, hvað þeir ætla sér með þessari áætlun. Það, sem þeir framkvæma með henni, eru efnahagsleg yfirráð Bandaríkjanna yfir öllum Marshalllöndunum og sem afleiðing af þeim efnahagslegu yfirráðum raunveruleg pólitísk yfirráð yfir þessum löndum.

Svo lýkur hæstv. ríkisstj. yfirlýsingum sínum í sambandi við þetta mál með því að segja, að nú ætli hún að framkvæma það, sem hæstv. forsrh. kallar risaáætlun, á grundvelli þessarar Marshallaðstoðar, fjögurra ára áætlun. Það er gott, að ríkisstj. skuli hafa farið inn á þessa áætlun. Ég lagði til 1947, að sú breyting yrði gerð á fjárhagsráðslögunum, að þessu ráði yrði falið að semja fjögurra eða fimm ára áætlun. Sú tillaga var felld. Í maí 1947 var talið ófært að semja áætlun til lengri tíma, þegar Íslendingur kom fram með þessa till. En þegar erlendir erindrekar í París sýna vilja sinn til þess, að þetta sé gert, þá er öðru máli að gegna. Ef fyrirskipanir koma erlendis frá um að semja áætlun, þá er sjálfsagt að verða við þeim. Og nú er ríkisstj. búin að tilkynna, að hún hafi látið semja fjögurra ára risaáætlun, byggða á Marshallhjálpinni. En hæstv. ríkisstj. láðist bara að tilkynna hv. þm. um leið, að Marshallaðstoðin er ekki til neinna fjögurra ára. Upphaflega var í París gerður samningur til fjögurra ára, til þess að allar viðkomandi ríkisstj. gætu samið áætlanir fyrir sitt leyti til fjögurra ára. En hvernig var þessu breytt á Bandaríkjaþingi? Hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft fyrir því að segja þm. frá því, að þessi breyting var þannig, að það var ákveðið að semja ekki áætlun til fjögurra ára og veita ekki fé til fjögurra ára, heldur til eins árs í senn. Það þýðir, að ekkert ríki gat ráðizt í framkvæmdir, sem náðu til meira en eins árs, vegna þess að þau voru ekki örugg með að fá styrkinn lengur en til eins árs. Ef t. d. kreppa kemur í Bandaríkjunum, getur verið, að þau skeri þessa hjálp niður. Bandaríkin hafa ekki skuldbundið sig til neinnar aðstoðar til fjögurra ára. Það er samið aðeins fyrir eitt ár í senn og þessi styrkur aðeins veittur fyrir eitt ár í senn, þannig að ríkisstj. íslenzka hefur ekki möguleika til þess að byggja neina fjögurra ára áætlun, heldur getur hún aðeins gert áætlun fyrir eitt ár í senn. Þetta er eitt af því, sem stj. hefur látið undir höfuð leggjast að segja þinginu frá, en það er að minnsta kosti rétt, að það komi fram.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að ríkisstjórnin íslenzka verður á hverju ári innan þessarar fjögurra ára áætlunar að koma með bænarskrá til Bandaríkjanna, til þess að biðja þau um að láta svona og svona marga dollara til þessa og þessa. Ríkisstj. fær ekkert að vita, hvort hún fær þessa peninga, fyrr en seint og síðar meir frá Bandaríkjunum og þá fyrir eitt ár í senn. Með öðrum orðum, öll þessi risaáætlun til fjögurra ára byggist á því að betla út úr Bandaríkjunum styrk til eins og eins árs í hvert skipti. Þetta þýðir, að meiri hlutann af þeim vélum, sem þyrfti að fá, verður að panta með jafnvel 2—3 ára fyrirvara. Það þýðir, að ef við ætlum t. d. að koma upp áburðarverksmiðju, sem á að vera tilbúin 1951, þyrftum við að panta vélarnar á morgun. En hæstv. ríkisstj. fær ekki að vita hjá Bandaríkjastjórn fyrr en rétt fyrir árið 1951, hvort nokkur styrkur verður veittur til íslenzku stj. á því ári. Það er með öðrum orðum ómögulegt að byggja áætlun, þar sem panta þarf vélarnar mörgum árum fyrir fram, á þessari Marshallhjálp. Það er hreinasta blekking. Við getum, Íslendingar, pantað þessar vélar, ef við getum reiknað með því að eiga fé sjálfir fyrir þeim. Og ef þessi ríkisstj., sem nú situr, ræður pólitík Íslands 1951, og ef Bandaríkjastjórn þá veitir styrk fyrir það ár, mundi hún kannske þiggja þá fjárveitingu. En hitt er ekki til neins fyrir ríkisstj., að ætla nú að koma fyrir Alþingi og segja: Hér er ég með fjögurra ára risaáætlun og ætla að byggja þessa fjögurra ára risaáætlun á styrk frá Bandaríkjunum, sem ekki er ákveðinn nema fyrir eitt ár í senn. Af hverju leyfa hæstv. ráðh. sér að halda langar ræður hér í þinginu og tala um þessa risaáætlun og koma ekki að einfaldasta atriðinu, hvort hægt er að framkvæma þetta eða ekki?

Svo ætla ég að minnast á það, hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur Íslendinga tilfinningalega séð að eiga að koma á hverju ári skríðandi til Bandaríkjanna og biðja þau um fé til þess að framkvæma áætlanir okkar. Hér í gamla daga var samþykkt á Alþingi Íslendinga bænaskrá, sem þá var send til Kaupmannahafnar. Nú á að samþykkja á Alþingi Íslendinga bænaskrár, sem senda á til Washington. Og svo á að telja þjóðinni trú um, að hún sé enginn maður til þess að byggja upp atvinnulíf sitt sjálf, en verði að vera þæga og góða barnið á hverju ári, því að annars skeri Bandaríkjastjórn niður fjárveitingar til hennar á næsta ári. Bænaskráin á þannig að fara að verða efnahagslegur grundvöllur fyrir sjálfstæði Íslendinga. Og mennirnir, sem standa að því að koma þessu á, eru mennirnir, sem stóðu mest á móti því, að Íslendingar fengju sjálfir að hag-

nýta sér þá peninga, sem þeir unnu sér inn á stríðsárunum, til þess að byggja upp avinnulíf sitt. Ef hæstv. forsrh. skyldi svara með því að segja, að Íslendingar séu svo fátækir, að þeir gætu ekki byggt upp fjögurra ára áætlun án þess að fá hjálp Bandaríkjanna, þá vil ég skjóta því að hæstv. forsrh., af því að ég er að tala mig dauðan, hvort við Íslendingar séum fátækari en við vorum 1934. Þá var til flokkur, sem hét Alþýðuflokkur og gekk til kosninga á fjögurra ára áætlun og vann mesta kosningasigur, sem hann hefur unnið, í trausti þess, að Ísland gæti framkvæmt fjögurra ára áætlunina, jafnfátækt og það var þá. Hæstv. forsrh. hefur því miður haft meira að gera með örlög þess flokks nú en hann hafði áður, og þess vegna býst ég við, að hæstv. forsrh., sem nú hefur eyðilagt það, sem eftir var í þeim flokki af einhverjum manndómi, og skemmt allan þann stórhug, sem var til í honum, t. d. í sambandi við fjögurra ára áætlunina, — ég býst við, að hæstv. forsrh. sé farið að líða þetta úr minni. Ég minnist bara á þetta vegna þess, að það var áreiðanlega hægt, ef skapaðar voru pólitískar forsendur til þess, að framkvæma fjögurra ára áætlun á Íslandi þá.

Í sambandi við þá efnahagsáætlun, sem viðskmrh. las upp, vildi ég minnast á það hérna, að það var dálítið einkennilegt með þessar framkvæmdir. Þær voru allar stílaðar eins og það ætti að fresta að byrja að vinna að þeim þangað til eftir 1950, en þá eiga kosningar að fara fram. Það er eins og ríkisstj. hafi hugsað sér, að það mætti ekki stíla áætlunina þannig, að sannprófa mætti nokkurn hlut áður en kosningar færu fram. Nei, það er auðséð og mun sýna sig, að hæstv. ríkisstj. hugsar þetta ekki sem neina risaáætlun í framkvæmd, heldur aðeins sem kosningapólitík. Ég tók t. d. eftir því, að hv. 1. þm. Reykv., sem hér talaði, minntist ekki á risaáætlun, heldur talaði hann bara um óskaseðil.

Fyrir Íslendingum er það alvara að halda áfram nýsköpun atvinnulífsins, eins og byrjað hefur verið á henni — að koma upp lýsisherzluverksmiðjunni, síldarniðursuðuverksmiðjunni, áburðarverksmiðjunni o. s. frv. — og þjóðin sættir sig ekki við annað, hvort sem Íslendingar bera gæfu til að ráða í raun og sannleika málum sínum eða þeir verða enn um sinn að þola yfir sér þá stjórn, er nú situr. Sú 4 ára áætlun, sem ríkisstj. veifar nú sem kosningaplaggi og kallar þó í öðru orðinu „óskaseðil", skal verða framkvæmd, ef þjóðin fær að njóta sín og hafa áhrif á stjórn landsins og framvindu sinna mála og þarf ekki að burðast með ameríska leppstjórn. Hins vegar skil ég, að sú hæstv. ríkissj., er nú situr, treysti sér ekki til þess að stjórna sjálfstæðu Íslandi, — og kannske ekki að undra, þótt frá hennar sjónarmiði sé ekki mikið við það að athuga, þótt við þurfum í þessu efni að knékrjúpa öðrum þjóðum og verðum viðskiptalega háðir Bandaríkjunum.

Ég skal nú að síðustu víkja nokkuð að máli þess, er hér talaði fyrstur, hv. þm. S-Þ., sem er raunverulegur andlegur leiðtogi þeirra 7 þm. er allir töluðu hér í einum kór, enda talaði hann af hreinskilni og eins og sá, sem vissi, hvað hann vildi og hvert hann stefndi. Hann var eins og herforinginn — óhræddur við að láta hernaðaráætlunina í ljós.

Þessi hv. þm. S-Þ. taldi, að okkur sósialistum væri ekki vel við hæstv. forsrh. Það er þó algerlega úr lausu lofti gripið. Hv. þm. veit vel, að alþingismenn kunna vel að meta leikni hins æfða stjórnmálamanns, og fáir munu eiga hana í svo ríkum mæli sem hæstv. forsrh., eins og bezt má marka af því, hvernig hann hefur leikið vinstri arm Alþfl. Þetta kom skýrt í ljós í þessum umræðum, er það sást, að hv. 4. þm. Reykv. var alveg á sama máli og hv. þm. S-Þ., eins og þeir væru bræddir saman í eina æðri ameríska heild — og er þess þó skemmst að minnast, er hv. 4. þm. Reykv. var kosinn á þing, að vinstri armur Alþfl. setti miðstjórninni úrslitakosti um sæti hans á listanum og lagði við sprengingu Alþfl., ef ekki yrði gengið að þeim; og sakir óvinsælda hæstv. forsrh. tókst uppreisnarmönnum að hafa mál sitt fram. Hefði mátt álíta, að með því hefði verið stigið fyrsta sporið til þess að senda hæstv. forsrh. út í hin yztu myrkur. En er það nú ekki dásamlegt dæmi um leikni hins æfða stjórnmálamanns, að þessi maður skuli nú vera forsrh. og hv. 4. þm. Reykv. ein hans aðalstoð, og að hv. 4. þm. Reykv. skuli nú fallast í faðma við hv. þm. S-Þ., enda þótt hann virtist ekki kunna við annað, vegna fyrri afstöðu sinnar, en að vera eitthvað ofur lítið á móti Ameríkönum? Og er það ekki dásamlegt dæmi um leikni hins æfða stjórnmálamanns, að hæstv. forsrh. hefur nú leikið Íslendinga þannig, að þjóðin gengur betlandi að knjám Bandaríkjanna um það að fá að byggja framtíð sína á bænarskrám og gjöfum? Það er sannarlega misskilningur hjá hv. þm. S-Þ., að við sósialistar sjáum ekki, að það þarf hvorki meira né minna en leikni hins æfðasta stjórnmálamanns til þess að koma Fjallkonunni svo á kné. Hv. þm. S-Þ. gerði það að aðalatriði í ræðu sinni, að hann hefði talið við síðustu kosningar, að tryggja bæri varnir Íslands, með því að veita Bandaríkjunum herstöðvar á íslenzkri grund; væri því verki enn ekki lokið, en sú stund nálgaðist nú óðum, að það verk, sem hindrað var, er Bandaríkin fóru fram á þrennar herstöðvar til 99 ára hér á landi, yrði fullkomnað. Hv. þm. S-Þ. má eiga það, að hann hefur einurð til að gerast opinber talsmaður þess, sem margir þeirra þm., sem í hann hnýta, hafa ekki þorað að láta opinskátt í ljós. Og varðandi þetta mál kom hann réttilega að því, að það er nátengt Marshallmálunum, sem eru nú til umræðu. Það er ekki af engu, að hv. þm. S-Þ. hefur á undanförnum árum verið einn af aðalstjórnmálamönnum landsins; hann er svo raunsær, að hann veit, hvað er að gerast, og hann segir það opinskátt, hvað fyrir ríkisstj. vakir, en hún þorir ekki að minnast á. En þótt hæstv. ríkisstj. megi ekki mæla, þá talar þögn hennar því hærra. — Ef nú hefði verið október 1946, hefði hæstv. forsrh. risið upp og sagt: „Ef talað er um herstöðvar hér á Íslandi, þá er enginn til í þessum sölum, er taki slíkt í mál. Allir eru á móti því." — En

nú, þegar hv. þm. S-Þ. afhjúpar herstöðvaeðli Marshallsamningsins, þá þegir hæstv. forsrh. Hann veit þó vel, samkvæmt opinberum yfirlýsingum frá Bandaríkjunum, að Marshalláætlunin er óhjákvæmilega tengd hernaðarfyrirætlunum þessa stórveldis. Það hefur ekki verið reynt að draga mikla fjöður yfir það. Ég skal t. d. lofa hv. alþm. að heyra það, sem New York Nation, sem er eindregið stuðningsblað Bandaríkjastjórnar, segir um þetta í vor:

„The degree to which politics and military plans today dominate economic aid is illustrated by the inclusion in the final E.P.P. bill of the military appropriations for Greece and China. This clumb of $ 425 m. links Truman Doctrine to Marshall Plan in an indissoluble whole. Guns, goods, dollars — all are lumped together along with the military-political purposes they represent." — Eða — í lauslegri þýðingu: „Það, hvernig stjórnmál og hernaðarfyrirætlanir ráða eða ákveða efnahagslega aðstoð í dag, sést bezt á innsetningu hernaðarfjárveitinganna til Grikklands og Kína í endanlegu lögin um viðreisnaráætlun Evrópu. Þessi fjárveiting, 425 millj. dollara, tengir Truman-kenninguna við Marshalláætlunina í órjúfanlega heild. Byssur, vörur, dollarar — öllu er slengt saman, ásamt þeim hernaðarlegu og stjórnmálalegu markmiðum, sem þetta táknar."

Bandaríkin fara því síður en svo dult með, að hverju stefnt er, og þetta veit hæstv. ríkisstj. mæta vel. Hún veit, að Bandaríkjastjórn hefur komið því svo fyrir, að fjárveitingar samkvæmt Marshalllögunum fara aðeins fram til eins árs í senn, til þess að hún geti sett sín skilyrði jafnóðum. Í hvert skipti, sem hæstv. ríkisstj. kemur til Washington með nýjan betlilista, getur hún átt von á því, að hún verði að ganga að nýjum afarkostum. Svo kemur hæstv. ríkisstj. til með að segja við þjóðina einn góðan veðurdag: Nú getum við alls ekki byggt áburðarverksmiðju, ef við ætlum að fjandskapast við Bandaríkin og neita þeim um herstöðvar á Íslandi. Það er fjandskapur við Bandaríkin að neita þeim um herstöðvar. Ef það hefði verið fyrir ári liðnu, sem hv. þm. S-Þ. talaði hér á Alþingi eins og hann gerði nú, þá býst ég við, að hv. 4. þm. Reykv. hefði risið upp til andmæla. Hann steinþagði. Öll rök hans beindust að því að sanna, að Marshalllögin væru hin óeigingjarnasta hjálp. Ekki eitt orð til að vara við því, hvað á bak við lægi. — Þögnin um þessa alvarlegu hluti talar skýru máli. Hæstv. ríkisstj. skýtur sér undan að svara, er fyrirspurnum er beint til hennar, og leynir hinum þýðingarmestu gögnum fyrir hv. þm., og þessi þögn er sönnun þess, að það er verið að undirbúa að afhenda Bandaríkjunum — eftir að við höfum verið tengdir þeim efnahagslega — opinberar herstöðvar í landinu; og þeir menn, sem vinna að því í dag, að gera okkur efnahagslega háða þessu stórveldi, eru líka að beygja Íslendinga undir það að ganga að kröfum um herstöðvar í landinu.

Þau gögn, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. í þessu máli, eru til skammar. Það er gersamlega óforsvaranlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki leggja hv. þm. upp í hendur Marshalllögin sjálf né heldur gögn Parísarráðstefnunnar. En það þorir hún ekki, og skýtur sér þar á ofan undan að ræða málin. Ég skil, að hæstv. ríkisstj., sem ekki treystir sér til að ræða málin, ætli sér að komast hjá því að leggja samninginn fyrir þingið; hún þorir ekki að gefa neinni þingnefnd kost á að rannsaka málið og hafa aðgang að skjölum, sem það varða. Ég álít allan þennan frágang Alþ. til vansa. Ég álít, að með þessum samsærisaðferðum sé verið að vinna að því markmiði, sem hv. þm. S-Þ. kvað upp úr um, að gera okkur háða bandarískri yfirdrottnun eins og við vorum áður háðir Danmörku, og tryggja Bandaríkjunum opinberar herstöðvar í landinu, sem hljóta að auka stórum á þá tortímingarhættu, sem vofir yfir okkar þjóð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að ég kvaddi mér hljóðs á undan hv. 2. þm. Reykv., sem nú hefur talað í 4 klst. En væntanlega nægja mér 10 mínútur til þess að ljúka máli mínu.

Ég rifjaði hér upp síðast þá sorgarsögu frá árinu 1944, er stuðningsflokkar þáv. ríkisstj. felldu till. okkar framsóknarmanna um að festa af gjaldeyriseign þjóðarinnar á nýbyggingarreikningi 450 millj. kr. í stað 300. Ef nú hefðu verið til þær 150 millj., sem á milli bar, hefði t. d. mátt kaupa fyrir þær allt efni og vélar, sem samkv. nýju 4 ára áætluninni þarf til áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og allt efni til rafstöðva og raflagna, sem ráðgert er að byggja skv. áætluninni, og þó mundi vera nóg eftir fyrir helmingnum af nýja skipaflotanum, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Menn sjá af þessu, hve stórkostleg og örlagarík mistök það voru, að till. okkar framsóknarmanna um þetta skyldi vera felld. Og það er ekki undarlegt, þótt hv. 2. þm. Reykv. reyndi að klóra í bakkann og afsaka óhappaverkið. En árangurinn af þeirri viðleitni hans var heldur óburðugur. — Hann byrjaði málsvörn sína með því að segja, að þeir Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksmenn hefðu viljað festa 500 millj. á nýbyggingarreikningi. Það fær ekki staðizt, því að þeir greiddu atkvæði á móti till. okkar framsóknarmanna um að hækka framlagið úr 300 í 450 millj. kr. Þá staðhæfði hann, að eiginlega hefði það verið okkur framsóknarmönnum að kenna, það hefði stafað af því, að við vorum ekki með í stjórninni. Það er víst svo að skilja, að ef framsóknarmenn hefðu verið með í stjórninni, þá hefðu sósialistar mannað sig upp og greitt atkvæði með því að auka við nýbyggingarféð. En jafnskjótt og hv. þm. hafði þetta mælt, sló heldur en ekki í bakseglið. Þá segir hann, að ef framsóknarmenn hefðu mátt ráða, hefðu þeir komið í veg fyrir alla nýsköpun. Málflutningur hv. þm. er því að efni til á þessa leið: Það, að ekki var látið meira fé til svonefndrar nýsköpunar en gert var, stafar af því, að framsóknarmenn voru þá ekki í ríkisstj. En ef framsóknarmenn hefðu mátt ráða, hefði ekkert orðið úr nýsköpuninni!

Vitanlega er æskilegt, að Alþingi athugi þetta

mál sem vandlegast, en að ætla 50 fullorðnum mönnum að hlusta á slíkt fjas er sannarlega of langt gengið, þótt hins vegar sé ekki gott við að gera og vafasamt að fara inn á þá braut að hefta málfrelsi manna.

En þar með var nú ekki allt búið. Hv. þm. strikaði svo yfir allt þetta, og það var nú ekki lengur Framsfl. að kenna, að ekki var fest meira fé á nýbyggingarreikningi, heldur heildsölunum. — Ekki batnar hlutur hv. þm. við þetta. Trúlegt er það að vísu, að heildsalarnir hafi verið á móti þessu, því að gróðavonir þeirra voru meiri, þegar mikið af erlendu inneignunum var óbundið; en hv. þm. gaf enga frambærilega skýringu á því, hvers vegna hann og hans flokksmenn hjálpuðu þeim til að auka eyðsluna, óhófið og sukkið í þjóðfélaginu. Hv. 2. þm. Reykv. og flokkur hans eiga hér, ásamt fleirum, til stórra saka að svara. Þó að hann tali og tali í fjögurra klst. ræðum og jafnvel þó að hann héldi slíkar ræður á hverjum degi allt til æviloka, mun honum ekki takast að hreinsa sig og sinn flokk af þessu ámæli.

Ég vil svo fara þess á leit við hæstv. forseta að mega fresta niðurlagi ræðu minnar þar til hæstv. utanrrh. verður viðstaddur. (*Forseti:* Já.) Ég þakka hæstv. forseta.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Því hefur verið lýst yfir úr forsetastóli, að ræðutími sé takmarkaður við 10 mínútur, og verður svo að vera, þótt skammur tími sé, þegar til umræðu er þetta stóra mál. Mér virðist lítið hafa borið á því í umræðum hér, að málið á ekki eingöngu að ræðast frá því sjónarmiði, hvort það sé til blessunar eða ógæfu fyrir Ísland. Það ber einnig að ræða sem lið í því þýðingarmikla starfi að tryggja friðinn í álfunni. Það er að því leyti í beinu framhaldi af því, sem samið var um, er samningurinn var gerður um Keflavíkurflugvöllinn. Og fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, hélt þá þannig á þessum málum, að enginn er sá hér, sem er ekki haldinn pólitísku ofstæki, sem ekki viðurkennir, að þar hafi verið rétt stefnt. Nú hefur þessi hluti Alþfl. séð að sér, en í Framsfl. er enn tvískinnungur um það, hvort flokkurinn eigi að taka þátt í því að byggja upp friðinn í Evrópu, ef dæma á eftir ræðu hv. þm. V-Húnv. Það er ljóst, að ef íslenzka þjóðin er ekki sammála um það að nota þetta okkur og friðnum til blessunar, þá verður minna úr en ella, og hv. þm. V-Húnv. hefur gefið tilefni til, að menn ætli, að hann vilji ekki af einlægni vinna að þessu.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að ekki mundi vera þörf á hjálp, ef till. framsóknarmanna frá 1945 um, að 450 millj. kr. væru lagðar til hliðar, hefði ekki verið felld. Eftir að hafa hlustað á hv. þm. segja þetta tvisvar, get ég ekki séð annað en að það vaki fyrir hv. þm., að Íslendingar hafi einir hag af þessu, og að hann loki augunum fyrir þeirri grundvallarhugsun, sem hér er um að ræða.

En er það þá rétt, að Íslendingar hefðu ekki þurft á þessu að halda, ef 450 millj. kr. hefðu verið lagðar til hliðar 1945? Fyrst er nú þess að geta, að þetta var yfirboð, gert til þess að sprengja ákveðið samkomulag, og ef átt hefði að fara með þessar 450 millj. kr. eins og framsóknarmenn vildu, að farið yrði með 300 millj., hvað hefði þá orðið? Framsfl. gerði allt, sem hann gat, til þess að hindra, að þær yrðu notaðar til uppbyggingar. Hefur hv. þm. gleymt því, sem hann sagði um togarana og víðfrægt er orðið? Hann sagði: „Fyrst kom spýta, svo kom spýta, svo kom spýta í kross, svo kom spýta upp, svo kom spýta niður og svo fór allt í gang", en hv. þm. sagði, að togararnir mundu aldrei fara af stað. Hefur hv. þm. gleymt því, að form. Framsfl. sagði, að togararnir væru keyptir fyrir helmingi hærra verð en ástæða væri til, og hélt því fram, að ég hefði sagt það á leynilegum fundi? Hefur hv. þm. gleymt þeirri andúð, sem Tíminn alla tíð sýndi nýsköpuninni, og hefur hann gleymt því, að staðreyndir hafa sannað, að allt var ósatt, sem framsóknarmenn sögðu í þeim efnum, sprottið af fjandskap til þessa atvinnuvegar og fyrrv. ríkisstj.? Ef þessir „krossspýtutogarar", sem hv. þm. ekki vildi, hefðu ekki komið, hvernig væri þá ástandið í gjaldeyrismálunum?

Reynslan sannaði, að allt, sem Framsfl. sagði um þessi mál, var fjarstæða. Hver einasta ferð togaranna sýndi, að þeir höfðu rangt, og auglýsti betur en nokkuð annað stórhug og þrótt íslenzku þjóðarinnar. Þegar skipin settu aflamet og sölumet samtímis því, sem það kom í enskum blöðum, að miðin væru fiskilaus, og einn togari setti sölumet, sem kunnugt varð um alla Evrópu, þá fyrst opnuðust augu Framsfl. fyrir því, að þeim yrði ekki stætt á því að halda við fyrri skoðanir á þessum málum, og þá gengu þeir inn á það að byggja 10 skip til viðbótar. Eftir að hafa sagt, að verðið á nýsköpunartogurunum væri um helming of hátt, láta framsóknarmenn nú fulltrúa sinn skrifa undir að kaupa skip fyrir ¼ millj. kr. meira hvert skip en 1945. Þeir ættu að viðurkenna, að allt, sem þeir sögðu 1945, var fleipur eitt, og það er furðulegt, að hv. þm. V-Húnv. skuli ætla að reyna að telja Alþingi trú um það, að það sé vegna aðgerða stj. 1945, að við þurfum á þessari hjálp að halda.

Það er full ástæða til þess að minna á í þessu sambandi, hvað Framsfl. hefur aðhafzt í öðrum málum. Hvað skyldi vera hægt að kaupa margar sláttuvélar fyrir þær 700 þús. kr., er töpuðust á hraðbátunum, sem aðalpostuli Framsfl. keypti? Hvað á að segja um þá tvo strandferðabáta, sem þeir keyptu, og ekki er hægt að losa eða lesta nema í innilokaðri höfn? Þeir hafa líka keypt farþegaskip, sem þurft hefur að styrkja, svo að það geti gengið við ströndina, og um borð er ekki hægt að lesa í bók, þegar skipið er í gangi. Á sama tíma sem þeir trúa ekki sjálfstæðismönnum til þess að gera ný kaup, senda þeir þennan postula sinn til að gera nýja samninga um nýtt skip. Hvað ætli að hægt væri að kaupa margar sláttuvélar fyrir það fé, sem tapazt hefur á öllu þessu, að ógleymdri Súðinni og fleiru?

Ég held, að framsóknarmenn hafi annað þarfara að gera en að segja ósatt um stj. 1945—46. Sambandið hefði ekki einu sinni getað

keypt þá mörgu bíla, sem það hefur fengið í sinn hlut, ef þá hefðu ekki verið stigin þau heillaspor, sem raun ber vitni um. Mörg óþarfaeyðsla hefði þá ekki verið framkvæmd, t. d. í skólamálunum.

Björn Ólafsson: Hv. 2. þm. Reykv. gat mín að nokkru í hinni löngu ræðu sinni. Hann sagði m. a., og það hefur oft komið fram hjá kommúnistum, bæði í blaði þeirra og ræðum, að ég hefði fyrir fjórum árum verið með hrakspár um sölu afurða okkar og að þessar hrakspár hafi verið staðlausir stafir, eins og mín var von og vísa. Það, sem ég sagði þá, var það, að framleiðslan stæði á leirfótum sakir dýrtíðar og að lífsnauðsyn væri að lækka svo framleiðslukostnaðinn í landinu, að samræmi kæmist á við afurðaverð nágrannaþjóðanna. Þetta eru þær hrakspár, sem kommúnistar vitna í. Ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að á landsfundi útvegsmanna nú lýsti form. þess fundar yfir því, að enginn grundvöllur væri í dag fyrir rekstri sjávarútvegsins og hefði ekki verið undanfarin fjögur ár. Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta, því að það var frekar í sambandi við annað, sem ég kvaddi mér hljóðs.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur sakað hæstv. utanrrh. freklega um það, að hann hafi ekki viljað selja Rússum afurðir okkar. Þótt þessi ásökun sé ekki ný, eru þetta svo sjaldgæf óheilindi, að ég verð forviða í hvert sinn, sem ég sé þetta á prenti eða hlusta á það í ræðu.

Ég var einn þeirra, er fór til Moskva í byrjun árs 1947, og var þar næstum í tvo mánuði. Við áttum viðræður við ráðamenn þar og héldum með þeim marga fundi. Er við höfðum verið í Moskva í sjö vikur, höfðum við ekki fengið svar við neinu af því, sem við höfðum borið fram, og þó vorum við með langan lista yfir afurðir okkar og máttum næstum bjóða forgangsrétt á sumum vörum. Er við höfðum verið þarna í sjö vikur, sögðum við, að nú yrðum við að fá að vita, hvað þeir vildu og gætu keypt af okkur. Við buðum Rússum 50000 tonn af saltfiski, en þeir svöruðu: „Við getum ekki notað hann". Við buðum álíka magn af ísfiski, en þeir kváðust heldur ekki geta keypt hann eða notfært sér. Þeir vildu ekki niðursuðuvörur, ekki hrogn og ekki landbúnaðarvörur. Þeir sögðu hreinskilnislega: „Við höfum ekkert við þessar vörur að gera". Þeir vildu ekki frosinn fisk, en sögðust vera reiðubúnir til að kaupa hann til þess að fá síldarolíu. Það, sem þeir vildu, var síldarolía, þorskalýsi og síld. Þeir sögðu hreinskilnislega frá því, að þeir hefðu enga þörf fyrir aðrar vörur og engan áhuga á þeim. En svo standa þessir herrar upp og segja, að hæstv. utanrrh. og aðrir vilji ekki selja Rússum íslenzkar afurðir, enda þótt þeir viti, að þetta eru bein ósannindi og einstök óheilindi, því að Rússar vilja ekki kaupa vörurnar.

Mér er ekki grunlaust um, að hv. 2. þm. Reykv. hafi séð þetta, er hann var í Moskva, því að það er sagt, að honum hafi ekki liðið þar vel, og enginn Íslendingur, sem hafi haft þar jafnskamma dvöl, hafi sótt eins fast og hann að komast fljótt burt.

Gylfi Þ. Gíslason: Hv. 2. þm. Reykv. eyddi alllöngum kafla sinnar löngu ræðu til þess að svara ræðu, er ég flutti um þetta mál.

Ég ætla fyrst að ræða nokkuð þann ágreining, er hann taldi vera í Alþfl., en það er efni, sem hv. Sósialistaflokksmenn láta sér tíðrætt um, sérstaklega framboðið í Reykjavík við síðustu kosningar. Hv. þm. talaði um það eins og einhverja nýjung, að ágreiningur væri um framboðslista við kosningar. Hv. þm. veit þó vel, að það er nær undantekningarlaust, að ágreiningur verður í þessum efnum. Þetta hljómar líka því kjánalegar af vörum þessa hv. þm., þar sem hann ætti manna bezt að vita, að það var fjarri því, að samkomulag væri um lista Sósfl. Hvernig var það með hv. 4. landsk.? Var hann á listanum? (*SigfS:* Er hann formaður flokksins?) Hann er formaður flokksins inn á við, eins og það heitir. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að formaður Alþfl. hefði verið rekinn í útlegð, en var þá ekki hv. 4. landsk. líka rekinn í útlegð? Hann bauð sig fram í Vestmannaeyjum, en það var ekki samkvæmt óskum kjósenda þar, svo kunnugur er ég í Vestmannaeyjum síðan ég var þar í framboði, heldur af innanflokksástæðum í Reykjavík. Framboð hv. 4. landsk. vakti ekki sérstaka hrifningu í Vestmannaeyjum.

Að því er snertir ágreining í Alþfl. vil ég segja það, að við erum frjálsir menn og drögum ekki dul á skoðanir okkar, enda höfum við frelsi til að láta þær í ljós og búum ekki við austrænt stjórnarfar í flokknum. Mér er því nær að halda, að allt þetta tal byggist á öfund yfir frjálslyndi Alþfl. En sömu sögu er ekki að segja úr herbúðum flokks hv. 2. þm. Reykv. Í öllum kommúnistaflokkum heimsins er nú ágreiningur um afstöðuna til Sovét-Rússlands og Kominform. Í öllum kommúnistaflokkum Vestur-Evrópu er opinber ágreiningur um deilur Kominform og Titos. Það er bara einn flokkur, þar sem ekki er opinber ágreiningur, og sá flokkur er íslenzki kommúnistaflokkurinn, af því að hann er aumastur allra kommúnistaflokka í Vestur-Evrópu. Hvort þetta stafar af því, að stjórn flokksins hafi hér strangust tök á flokksmönnunum, eða af aumingjaskap fylgismannanna, veit ég ekki, en hvort tveggja væri flokknum til jafnlítils sóma. Margir meðlimir Sósfl. eru ósammála málflutningi Þjóðviljans í verulegum atriðum, en þeir láta aldrei orð frá sér heyra opinberlega. Annaðhvort eru þeir þrælkúgaðir eða svo aumir, að þeir eru ekki menn til þess. Það er því hlægilegt, þegar hv. 2. þm. Reykv. gerir sér tíðrætt um ágreining í Alþfl.

Hv. 2. þm. Reykv. gerðist býsna barnalegur, þegar hann fór að reyna að stríða mér með því, að hv. þm. S-Þ. væri mér sammála í þessu máli! Ég skal játa, að mér er engin ánægja að því. En hv. 2. þm. Reykv. hefur oft verið á sama máli og hv. þm. S-Þ., t. d. í skilnaðarmálinu, og ég er ekki það barn að detta í hug að gera slíkt að umtalsefni. Ég skal líka játa, að mér er engin ánægja að því, að hv. þm. Barð. skuli vera mér sammála, en hv. 2. þm. Reykv. hefur líka orðið að þola þá raun að hafa hv. þm.

Barð. sammála sér. Hv. þm. Barð. studdi manna mest „nýsköpunina“ við hlið hv. þm. Reykv. Þurfi ég að skammast mín fyrir hv. þm. Barð. sem samherja, þá ætti hv. 2. þm. Reykv. að vera búinn að skammast sín í mörg ár.

Ég vil í þessu sambandi nota tækifærið til þess að andmæla því, sem hv. þm. Barð. sagði, að Marshallaðstoðin væri framhald Keflavíkursamningsins. Það er furðulegt, að jafnaðsópsmikill stuðningsmaður stj. skuli taka undir bull hv. 2. þm. Reykv. um þetta. Ef þetta er rétt, hvaða Keflavíkursamning hafa þá Noregur, Danmörk og Svíþjóð gert og yfirleitt þau 16 lönd, er að þessu standa? Hvar eru þeir samningar? Þetta ætti að vera nægilegt svar við þessari furðulegu röksemd.

Hv. 2. þm. reyndi að andmæla því, sem ég sagði, að viðskiptin við clearinglönd hefðu í rauninni jafngilt gengislækkun. Hann sagði, að það skipti ekki máli þótt verðlagið á vörum, sem við keyptum í þessum löndum, væri hærra en á vörum frá sterlings- og dollaralöndunum, ef þau greiddu jafnmiklu meira fyrir vöru, sem við seldum þeim, en sterling- og dollaralöndin, það gerðu þau, og vegna þess væru viðskipti við clearinglöndin þjóðhagslega jafnhagstæð og viðskipti við dollara- og sterlinglöndin. Ég vil taka fram, að það var engan veginn tilætlun mín í fyrri ræðu minni að andmæla því, að nokkrir viðskiptasamningar væru gerðir við hin svokölluðu clearinglönd. Ég tel þvert á móti rétta þá stefnu hæstv. ríkisstj. að gera samninga við þessi lönd, bæði til þess að afla nýrra markaða og eins til þess að selja vörur, sem ekki er hægt að selja í sterling- eða dollaralöndunum. En það, sem ég átti við, var það, að viðskipti við þessi lönd gætu ekki komið að öllu leyti og jafnvel ekki að verulegu leyti í staðinn fyrir viðskipti við dollaralöndin, auk þess sem við, með því að fara inn á þá braut, beittum sömu aðferðum til lausnar vandamálunum og hingað til hefur verið kallað gengislækkun. Það ætti að vera hverjum manni auðskilið, að ef ekki er talið fært að selja til t. d. sterlinglanda vegna þess, að verðlagið er talið of lágt, en hins vegar talið hægt að selja til clearinglanda, vegna þess að verðlagið þar sé hærra, þótt verðlagið á innfluttum vörum sé líka hærra þaðan, þá hefði auðvitað eins mátt breyta genginu á pundinu, svo að útflutnings- og innflutningsverðið í viðskiptunum við sterlinglöndin hefði orðið það sama og verðið í viðskiptunum við clearinglöndin. Að hverfa frá viðskiptum við sterlinglönd og taka upp viðskipti við clearinglönd, þar sem útflutnings- og innflutningsverð er hlutfallslega jafnmiklu hærra en í sterlinglöndunum, jafngildir þess vegna algerlega því, að krónan hefði verið lækkuð gagnvart sterlingspundi. Auðvitað eru slík clearingviðskipti ekkert óhagstæðari þjóðhagslega séð en sterlingviðskiptin, en eins má að sjálfsögðu segja, að sterlingviðskiptin séu ekkert óhagstæðari, eftir að krónan hefur verið lækkuð, en þau voru áður. Það, sem ég hef sagt, er, að það að taka upp clearingviðskipti með hærra verðlagi í stað t. d. sterlingviðskipta, jafngildir því að lækka krónuna gagnvart sterling, og þetta er rétt, hvort sem menn skilja það eða ekki og hvort sem menn vilja játa það, þótt menn skilji það, eða ekki.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 28. okt., var enn fram haldið umr. um skýrsluna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. flutti hér ræðu fyrir nokkrum dögum um það mál, sem hér er á dagskrá, og það er við upphaf hennar, sem ég vildi nú gera nokkrar athugasemdir.

Ég hafði vikið nokkuð að þeim ágreiningi, sem varð hér á Alþ. 1944 um það, hve mikið af erlendu innstæðunum, sem þjóðin átti þá, skyldi færast á nýbyggingarreikning, og í sambandi við þetta mál vék hæstv. utanrrh. að mér nokkrum orðum. Hann sagði t. d., að ég, sem var flm. að till. um það að hækka upphæðina, sem fest væri á nýsköpunarreikningi, um 150 millj., væri íhaldssamasti maðurinn, sem sæti ætti á Alþ. — Að hans dómi eru það þá sennilega hinir sönnu framfaramenn, sem drápu tillöguna. Ráðherrann virðist eftir þessu hafa gaman af öfugmælum og vera byrjaður á að leggja þá tegund skáldskapar fyrir sig. Raunar tel ég íhaldsnafnið ekkert krenkjandi lengur, svo langt sem nú er liðið síðan ákveðinn flokkur hér á landi bar það nafn. — Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að ég hefði verið á móti því, að nýju togararnir væru keyptir. — Af því að ég *vil gera ráð fyrir*, að hæstv. utanr.- og dómsmrh. vilji hafa það sannasta í hverju máli, vil ég benda honum á, að hann fer hér með rangt mál, og ef hann vill athuga alþingistíðindin, þá getur hann sannfært sig um það. Þetta mun sennilega stafa af gáleysi hjá hæstv. ráðh., vegna þess að hann hafi ekki munað gang málanna, en lagt trúnað á frásagnir miður sannorðra manna um þetta. En ósannar sögur um þetta hafa verið settar á gang. Ég hef t. d. heyrt það sagt, að sumir sjálfstæðismenn hafi stundum lesið upp úr ræðum eftir mig á fundum, sem þeir hafa haldið, og sérstaklega hafi þeir fengið mikla ást á einum ræðukafla, sem byrjar svo: „Fyrst er spýta, svo er spýta.“ Auðvitað er það þeirra tilbúningur, að ég hafi þar verið að lýsa nýju togurunum.

Ég get nú vel skilið, að þeir sjálfstæðismenn þykist þurfa eitthvað af sæmilegu efni frá öðrum til að flytja, t. d. á landsfundum. En hér er sá galli á, að nokkuð af því, sem þeir hafa haft eftir mér, er afbakað, og þannig brugðið upp rangri mynd af ummælum mínum. Það er líka skröksaga, að Framsfl. hafi beitt sér á móti nýsköpuninni og fjandskapazt gegn nýju togurunum, og um það vitna alþingistíðindin, ef menn kynna sér þau. Þó að slíkar frásagnir kunni að þykja vel boðlegar á vissum pólitískum samkomum, er slíkur málflutningur alls ekki viðeigandi á Alþingi. Að vísu má gera undantekningu með hv. þm. Barð., því að ekki er tiltökumál, þótt hann grípi til slíks, t. d. er hann vill hlaupa undir bagga með 2. þm. Reykv. En enginn hæstv. ráðherra getur leyft sér að fara með fullyrðingar, sem stangast við

þingtíðindi, svo að hann hljóti ekki með réttu ámæli af. Ég vil því ljúka máli mínu með þeirri góðu ósk til hæstv. ráðh., að hann gæti sín svo vel eftirleiðis, að honum auðnist að komast hjá óhöppum, slíkum sem þessu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. V-Húnv. fyrir góð orð í minn garð og fagna því, að hann skuli vera orðinn svo mikill nýsköpunarmaður, og má þar um segja, að betra er seint en aldrei. Og þar sem ég geri ráð fyrir, að hann verði henni meiri haukur í horni en hingað til hefur komið í ljós, þá er gott, að hann skuli nú lýsa sér sem einum mesta stuðningsmanni hennar. — Ég sé annars ekki ástæðu til að þræta um þetta, og er bezt að hlíta þar dómi þingtíðindanna. En ég vildi mega óska hv. þm. þess, að hann leggi jafnmikla stund á að fylgja góðum málum eins og hann er orðheppinn, þó að ég viti hins vegar, að hann getur ekki gert að íhaldssemi sinni.

Ég hef ekki átt þess kost að fylgjast með hinni löngu ræðu hv. 2. þm. Reykv. Eins og hið ágæta blað, Þjóðviljinn, komst að orði, varð ég að laumast út, þar sem ég hafði öðrum störfum þarfari að gegna. En í því, sem ég heyrði af ræðu hans, var ein alvarleg missögn, hvort sem hún hefur nú stafað af því, að minni hv. þm. sé orðið mjög ábótavant, eða af öðrum ástæðum. — Hann gerði sér að vanda mjög tíðrætt um vilja minn til að slíta viðskiptasambandi við Rússland, lýsti klókindum mínum í því að nota mér einfeldni þeirra og viðkvæmni til þess að egna þá til að slíta öllum verzlunarviðskiptum við okkur; og hjá báðum, mér og Rússum, var það sameiginlegt, að við vildum láta Íslendingum líða illa — ég vildi láta þá svelta vegna míns pólitíska ofstækis, og Rússar, til þess að hefna sín á mér, láta vera að hafa nokkur viðskipti við landið.

Sem betur fer virðast nú engar líkur benda til þess, að Rússum sé það kappsmál að slíta öllu sambandi við okkur — þvert á móti ber t. d. sú glæsilega sýning, sem við skoðuðum áðan, vott um það, að Rússar láti sér annt um okkar uppfræðslu. Hitt er annað mál, að þeir sýna lítinn vilja til að kaupa fiskinn af okkur. En ef það er rétt, — eins og hv. 2. þm. Reykv. heldur fram og Þjóðviljinn hefur prentað, — að það sé vegna þess, að enginn íslenzkur sendiherra sé í Moskva, að þeim hefur ekki sýnzt að kaupa af okkur fisk, þá vil ég benda á, að það eru allir aðrir en ég, sem bera ábyrgð á þeirri skipan, sem nú er, að við höfum ekki sendiherra með búsetu í Moskva. — Og hvenær komst þá sú skipan á? Jú, það var haustið 1945, þegar hv. Sameiningarfl. alþ. — Sósialistaflokkurinn stóð að ríkisstj., að sú ráðstöfun var gerð, en þá um sumarið var sendiherra Íslands í Moskva, Pétur Benediktsson, hér á ferð og var sendur út um haustið til þess að ferðast um Evrópulöndin og m. a. til viðræðna við stjórnina í Moskva, og var sendiherrann látinn skýra stj. frá því, að sú ákvörðun hefði verið tekin, að hann hefði þar ekki búsetu lengur. En sá maður, sem með honum var í þessari för til Moskva, var enginn annar en hv. 2. þm. Reykv., og gekk hann með sendiherranum á fund Vishinskys, er þetta var tilkynnt. Svo að ef þetta á að skoða sem samvinnuslit, þá er það hv. 2. þm. Reykv., sem sjálfur stóð að því að flytja þau skilaboð, sem hann telur, að hafi verið móðgun í garð Rússa; og tjáir þar ekki í móti að mæla, því að þetta liggur fyrir í opinberum skjölum. — Ég hef aldrei vitað meira blygðunarleysi í allri sögu þingsins en þessa framkomu hv. 2. þm. Reykv., að ráðast á mig fyrir það, sem hann á sjálfur þátt í, og ég trúi ekki, að hann geti sýnt sig framar á heiðarlegum stöðum eftir slíka frammistöðu. — Sendiherrann dvaldi svo utan Rússlands það, sem eftir var af stjórnarsetu hv. Sameiningarfl. alþýðu — Sósialistafl. og viðskiptasamningarnir 1946 voru gerðir án þess, að hann kæmi þar nokkurs staðar nærri. Og sá, sem sendi hann aftur til Moskva, það var ég, þar sem ég taldi slíkt óviðurkvæmilegt, og hann dvaldi í Moskva á árinu 1947 eftir beinu ráði mínu. Ég hef að vísu ekki lagt fyrir hann að fara aftur til Moskva, vegna þess að síðan í okt. hafa Rússar ekki svarað því, hvort þeir vildu ræða um kaup á fiskafurðum okkar. — Ég hef hér borið af mér sakir, og mun ekki að sinni elta ólar við það, sem Marsallsamtökunum er fundið til foráttu af hv. 2. þm. Reykv. og meðstarfsmönnum hans, en þar skipa sér til andstöðu kommúnistar í öllum löndum og verstu auðvalds- og afturhaldsöflin, t. d. blöð eins og Wall Street-Journal, — þannig er sú fagra samfylking hvarvetna og málstaður og málflutningur eftir því.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í hinni löngu ræðu hv. 2. þm. Reykv. voru, þegar öllum umbúðum er vikið frá, aðeins tvö atriði, sem vert er að taka til athugunar. Það er þá fyrst, að hann telur, að við fáum ekki tryggðan rétt til að selja allar okkar fiskafurðir, og talaði um í því sambandi, að samkv. upplýsingum í nál. undirbúningsnefndar efnahagsstofnunarinnar væri fyrirsjáanlegt, að þeim atvinnuvegi okkar væri stefnt í voða í náinni framtíð. — Ég hef þessa skýrslu undir höndum, og þess ber vel að gæta, að hún er eftir undirbúningsnefnd, sem ekki hafði fengið neinar fullnaðartölur. Þar sem þar er talað um fiskframleiðslu, er átt við hvers konar fisktegundir, en ekki þær tegundir fyrst og fremst, sem við framleiðum til útflutnings. Og þótt tölurnar verði okkur óhagstæðar eins og hann les í málið, þá segja þær t. d. ekkert til um framleiðsluaukningu saltfisksins. Það stendur líka í skýrslunni, að tölurnar séu áætlunartölur og geri meira úr framleiðsluaukningunni en rétt er. Ríkisstj. hefur svo á hinn bóginn lagt áherzlu á það að tryggja okkur fiskframleiðslu og undirstrikað það í áætlun þeirri, er send var til efnahagssamvinnustofnunarinnar í París, að við værum fiskveiðiþjóð og ættum allt undir því, að sá atvinnuvegur gæti blómgazt. Í inngangsorðum að áætlun okkar til efnahagssamvinnustofnunarinnar er lögð rík áherzla á það, að í því sé fólgin hætta fyrir okkur, að aðrar þjóðir auki mjög fiskframleiðslu sína, og að við höfum þá aðstöðu, að eðlilegt sé, að við fáum að einbeita

okkur að því að framleiða fisk, þar sem við getum framleitt hann „effektivar" en aðrar þjóðir. Enn fremur það, að nauðsynlegt sé, að fiskimið okkar séu vernduð. Þetta sýnir, að það hefur ekki verið látið undir höfuð leggjast að reyna að tryggja það, að aðstaða okkar í þessu efni yrði eins góð og unnt er.

Hitt atriðið svo, sem einkum er athugavert í ræðu hv. 2. þm. Reykv., er það, að Bandaríkin mundu ekki láta þátttökuríkin fá þær vörur, sem þau þyrftu helzt, heldur umframvörur, sem þau þyrftu sjálf að losna við. — Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. hefur þetta. En það stangast berlega við veruleikann. Það, sem okkar sendimenn í sumar fengu einmitt fyrirmæli um, var þetta, að þeir ættu ekki að taka neinar þær vörur upp í innflutningsáætlunina frá Ameríku, sem unnt væri að fá innan þátttökuríkjanna, enda er það í fullu samræmi við aðaltilgang þessa samstarfs að örva viðskiptin milli þátttökuríkjanna sjálfra innbyrðis. — Annað mál er það, að listinn, sem gerður var yfir þær vörutegundir, sem við þurftum að flytja inn frá Ameríku, sýndi það, að þörfin var svo mikil, að hallinn nam um 8 millj. dollara. Og það er svo fjarri því, að það væri reynt að pína inn á okkur sígarettur t. d., að sá listi, sem við lögðum fram yfir okkar nauðsynjavörur, hefur verið tekinn fullkomlega gildur eins og við lögðum hann fyrir. Og mér vitanlega hefur aldrei komið fram í neinu formi tilhneiging til þess að setja þátttökuríkjunum slíka kosti, gagnstæða öllu eðli þessa samstarfs.

Ég vil ekki setjast niður án þess að láta þess getið, að af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um hina skilorðsbundnu aðstoð, sem við tókum á móti fyrir nokkrum dögum, varð ekki betur skilið en hann væri að vita það, að ekki var krafizt óendurkræfs framlags. Þegar það er svo borið saman við þá fullyrðingu, að til hinna miklu framkvæmda, sem við áætlum hér heima, þurfum við enga aðstoð, sést ósamræmið glöggt á milli staðhæfinganna. Sú aðstoð hins vegar, sem við fáum fyrir þátttöku okkar í þessu samstarfi, er tvenns konar. Í fyrsta lagi ýtir þessi samvinna undir og örvar viðskiptin við Evrópuþjóðirnar, og í öðru lagi gerir hún okkur kleift að fá vörur, sem við værum ella útilokaðir frá að fá, ef framleiðslan hrykki ekki til að afla gjaldeyris. Við fáum þannig dollara fyrir umframvörur til Evrópu, og ef framleiðslan nægir ekki til þarfa okkar, þá eru fyrir hendi skilyrði til þess að fá nauðsynlegt fé, annaðhvort sem lán eða óafturkræft framlag. Ég tel þessi hlunnindi svo mikil, að það væri óverjandi, ef við tækjum ekki þátt í þessu samstarfi.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. kallaði umframvörur þessi 8—9 þús. tonn — það voru víst 8 þús. — af freðfiski, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú selt til meginlandsins fyrir milligöngu Bandaríkjanna. Það eru skrýtnar skoðanir, ef þetta á að kallast umframvörur. Hitt er annað mál, að hæstv. ríkisstj. er að gefast upp á því að afla markaða með eðlilegum hætti fyrir framleiðslu okkar. Það er vafalaust gott að fá dollara, og þessi sala bendir til þess, að Bandaríkin geri sér ljóst, að þau þurfi að kaupa vöruna á fullu verði. En ef Marshallaðstoðin á að vera einhver framtíðargrundvöllur til að byggja á, þá verður það ekki með þessu móti, því að við erum til dæmis búnir nú með þessari sölu að eyða helmingnum af aðstoðinni í ár til þess að greiða fyrir eðlilegri framleiðslu okkar, sem við hefðum átt að geta selt með venjulegum hætti á frjálsum mörkuðum. Þetta er því það, sem kallað er að pissa í skó sinn.

Um viðskiptamál okkar er annars það að segja, að stjórnin á sök á því, hvernig viðskipti okkar við Austur-Evrópu, og þá fyrst og fremst Rússland, hafa dregizt saman. Orsökin til þess kom greinilega fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., og það er mergur málsins, að lögð hefur verið einhliða áherzla á það að fá Rússa til að kaupa af okkur vörur, án þess að við legðum okkur fram til þess að athuga, hvað við gætum keypt af þeim í staðinn. Á árinu 1946, þegar afurðasalan var mest til Rússlands, keyptum við þaðan allmikið og fengum mismuninn greiddan í dollurum. Sá mismunur varð síðar enn meiri, og þess hefur ekki verið gætt, að þessi þjóð hefur jafnmikla þörf og við til að selja vörur sínar. Það hefði þurft að koma fram við hverja samninga, að við vildum eitthvað kaupa af þeim á móti því, sem við leituðumst við að selja. — Það er vitanlega *móðgandi* að hafa engan sendiherra í stórum viðskiptalöndum eins og Rússlandi, en aðalatriðið er þetta, að af því að við höfum þar engan sendiherra, þá er þar engin starfsemi í gangi til þess m. a. að afla þeirra vara, sem við gætum þaðan keypt. Höfuðsyndin er þannig sú, að að ekki hefur verið lögð áherzla á það að koma því til leiðar, að viðskiptin yrðu gagnkvæm.

Ég vildi nú fara nokkrum orðum um ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem átti að fjalla um Marshallaáætlunina, en snerist raunar aðallega um hans eigið Marshallplan. Hv. þm. var ákaflega undrandi og hneykslaður yfir þeirri staðhæfingu í ræðu hv. þm. Barð., að Marshallsamningur hæstv. ríkisstj. væri ekkert annað en eðlilegt framhald af Keflavíkursamningnum. Hann leitaðist þó ekki við að færa önnur rök fyrir máli sínu og hneykslun heldur en þau, að ýmis önnur lönd, sem hefðu gert Marshallsamninga, hefðu ekki látið af höndum herstöðvar. — Hv. þm. hlýtur þó að vita, að nú er gengið í skrokk á hverju ríkinu af öðru um herstöðvar, eins og t. d. Dönum um herstöðvar á Grænlandi, og róið að því öllum árum að fá Norðurlöndin t. d. til þess að ganga í Vesturblökk, og það strandar nú á Svíþjóð, því að Danmörk og Noregur eru reiðubúin. Hv. þm. hlýtur að vita, að Marshallaáætlunin er órjúfanlega tengd hernaðarfyrirætlunum Bandaríkjanna og að þau sækjast eftir hernaðarlegri aðstöðu í þátttökulöndunum. Hv. 4. þm. Reykv. hefur þannig snúizt í lið með þeim mönnum, sem vilja veita þeim slíka aðstöðu hér á landi. Og í samræmi við þá breyttu afstöðu sína syngur hann Marshallplaninu lof og dýrð. Eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv. er þess vert að minnast á. Hann taldi að clearingviðskipti við Austur-Evrópu þýddu sama og

gengislækkun. Þá lýsti hann yfir því, að hann væri á móti gengislækkun. Og enn kvað hann sig svo vera fylgjandi viðskiptum við Austur-Evrópu. Hv. þm. fór þannig algerlega í kringum sjálfan sig í staðhæfingum sínum, og fer það að vonum. Staðreyndirnar eru þær, að við getum alls ekki byggt okkar atvinnulíf á því að selja okkar vörur eingöngu fyrir pund og dollara. Ef við ættum að skapa varanlega og gróðavænlega markaði fyrir útflutningsvörur okkar, þá verðum við að beina viðskiptum okkar til þeirra landa, sem hafa brúk fyrir okkar vörur. Það var helzt að skilja á hv. 1. þm. Reykv., að Rússar ætu alls ekki fisk. Hann veit sjálfsagt ekki, að þeir framleiða talsvert af saltfiski, þó að sú framleiðsla fullnægi ekki nándar nærri þörf þeirra og þeir kaupi því saltfisk í stórum stíl frá öðrum löndum. Freðfisk hafa þeir svo keypt af okkur í 2 ár, og loks hafa þeir svo fyllilega brúk fyrir síldarolíu og síld. Það er því vonlaust, að ætla sér að sanna, að þar sé engra markaða að leita fyrir okkar vörur.

Hæstv. ríkisstj. ætlar Marshallhjálpinni að leysa augnabliksvandamál, sem skapazt hafa fyrir ranga stefnu í markaðsmálunum; og henni liggur það í léttu rúmi, þótt hún kippi undan okkur eðlilegum markaðsgrundvelli og við komum til með að eiga það undir náð, hvort við getum selt okkar vörur. Með Marshallsamningnum er stórt skref stigið á þeirri braut að gera okkur ófæra um að standa á eigin fótum fjárhagslega.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hæstv. utanrrh. hafði í frammi undanbrögð til að afsaka það, að sendiherra okkar í Moskva var kallaður þaðan í heilt ár. Þó að ég væri í ferð með sendiherranum 1945, er hann tilkynnti sovétstjórninni, að hann yrði líka sendiherra í París, er það engin afsökun fyrir þessu; og hæstv. ráðh. veit það vel, að í nýsköpunarstj. voru sósialistar andvígir því, að sú ráðstöfun væri gerð. Mergur málsins er sá, að sendiherrann er kvaddur frá Moskva í fyrrasumar til að vinna að Marshalláætluninni í París, og þar hefur verið sendiherralaust síðan. En í alþjóðaviðskiptum þýðir sú ráðstöfun þetta, að íslenzka ríkisstj. leggur ekki áherzlu á viðskipti við Sovétríkin.

Hæstv. viðskmrh. minntist á tölulegar niðurstöður í nál. undirbúningsnefndar efnahagsstofnunarinnar. Það verður ekki komizt fram hjá því, að tölurnar sýna, hve gífurlega viðkomandi þjóðir auka framleiðslu sína á fiskafurðum, svo að þessum atvinnuvegi okkar, sem við eigum allt undir, stafar bráð hætta af, eins og ég hef sýnt fram á áður, að það stendur óhrakið.

Hæstv. ráðh. kom inn á gjafirnar og taldi, að ég hefði verið þeim meðmæltur. Ég hef nú skýrt afstöðu mína svo til þessara samninga allra, að ég held, að enginn geti á því villzt, að ég er á móti þeim og engu síður því, að Íslendingar þiggi hið óafturkræfa framlag. Hitt er annað mál, að ef þetta fé er þáð, er einsætt að hagnýta það skynsamlega, til uppbyggingar atvinnulífinu, en ekki sem eyðslueyri.

Hv. 4. þm. Reykv. kom að samningunum við Rússa; þeir hefðu staðið yfir í tvo mánuði og ekki tekizt. Við höfum þó selt Rússum fyrir 96 millj. kr., en þess er vandlega gætt að minnast ekki á það í blaði hans, og hann sleppti því líka í sinni ræðu. Ég verð að segja, að mér finnst undarleg þögn hv. 4. þm. Reykv. um það, sem hann hlýtur að vita betur í þessu máli. Hann hefur varla sagt eitt orð á móti þessum viðsjárlegu samningum. E. t. v. er hann farinn að þreytast á að bera sannleikanum vitni gegn flokki sínum, enda hefur hann fengið reynsluna af því, hvernig gengur að fá birtar greinar í Alþýðublaðinu, þar sem orðinu er eitthvað hallað á Bandaríki Norður-Ameríku.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. þarf ég nú ekki að svara miklu, en hv. þm. Siglf. reyndi að bera það fram, að viðskiptin við Sovétríkin hefðu strandað á því, að við hefðum ekki keypt nógu miklar vörur af þeim í staðinn fyrir þær vörur, sem við seldum þeim. Sannleikurinn er nú sá, að þetta hefur stöðugt verið til athugunar, og þó að sendiherra okkar hafi ekki haft aðsetur í Moskva, þá hefur verið þar opið sendiráð og ávallt verið þar einn fullgildur maður, sem hefur kynnt sér þessi mál. Rússar töldu 1947, að við hefðum leyst þeirra þarfir í þessu með því að fallast á vörulista um það, hvað við gætum keypt af þeim. Staðhæfingar hv. þm. Siglf. fá því yfirleitt ekki staðizt. — Varðandi þá staðhæfingu hv. 2. þm. Reykv. hins vegar, að hægt sé með einum pennadrætti að kippa grundvellinum undan mörkuðum, sem við höfum unnið, vil ég benda honum á, að sú hætta er nú mest, þar sem einræði ríkir og önnur sjónarmið en viðskiptalegs eðlis koma til greina. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að við ættum að hafa viðskipti við sem allra flestar þjóðir. Sósíalistar vilja aftur á móti einbeina viðskiptum okkar til Austur-Evrópu, hvort sem það stendur nú í sambandi við það eða ekki, að þar ríkir þeirra pólitíska kreddutrú. Til þess virðist framkoma þeirra benda og blindni í öllum þessum málum. Varðandi síðustu sölu á hraðfrystum fiski, sem kommúnistum verður svo tíðrætt um, er hið sama að segja og um aðrar slíkar sölur eftir stríð, við hana er auðvitað ekkert athugavert. Skilyrði fyrir varanlegum fiskmarkaði í Þýzkalandi er að nota sér hinar tæknilegu framfarir og nota sér markaðinn nú, á meðan Þjóðverjar fiska ekki meira sjálfir. Það er ákaflega mikilvægt að komast inn á þýzka markaðinn, og að þessari sölu verður kannske enn þá varanlegri gróði en flestum öðrum sölum, sem gerðar hafa verið að undanförnu. Það hefði verið hægt að selja þessa framleiðslu viðar, en upp á framtíðarsölumöguleika var hvergi betra að selja en til Þýzkalands, og af þeirri ástæðu var tilboðinu tekið þar.

Ég skal að lokum játa að ég er sammála því sjónarmiði, sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum sósíalista hér, að við eigum að taka við framlögum án endurgjalds í sambandi við Marshallaðstoðina, ef þau standa til boða og við þurfum á að halda atvinnulega séð. Ég vona

því, að þessir hv. þm. greiði atkv. með frv., sem væntanlega verður lagt fram, um að heimila stj. að gera slíkar ráðstafanir.

Varðandi tal hv. 2. þm. Reykv. um sendiherrann í Moskva, þá vil ég minna á, að þessi hv. þm. var sjálfur sendur til Moskva til þess að eiga þátt í, að sendiherrann yrði kallaður þaðan, og má hann því sjálfan sig saka, en ekki mig, í því efni. Í þessari sömu ferð gekk þessi þm. á fund Vishinskys, en hraðaði sér hið bráðasta úr Moskva og mun aldrei hafa haft þar skemmri viðdvöl.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. utanrrh. hefur nú svarað rækilega flestu því, sem ég ætlaði að svara hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að ástæðan til þess, hve treglega gekk með sölu til Rússlands, hefði verið sú, að við, sem vorum í nefndinni, hefðum ekki viljað kaupa vörur af Rússum. Þetta er gersamlega rangt með farið, hvort sem það er viljandi gert eða ekki, eða af ókunnugleika mælt. Nefndin reyndi gaumgæfilega að finna þær vörur, sem okkur hentuðu og voru við hæfilegu verði og við gætum keypt af Rússum. Það mátti segja, að við leituðum með logandi ljósi í þessu efni. Og Rússar viðurkenndu líka, að þeir hefðu ekkert undan okkar undirtektum að klaga. Við keyptum þaðan timbur, kol, sement og lítils háttar af öðrum vörutegundum, og það voru líka þær einu vörur, sem gátu hentað okkur og hægt var að kaupa á þeim tíma. Ég tel svo ekki nauðsynlegt að fara lengra út í þetta mál.

Ég vil minnast á það, sem hv. þm. Siglf. sagði, að Rússar hefðu viljað kaupa af okkur fisk. Allir þekkja þá sögu, þegar þessi hv. þm., sem þá var ráðh., samdi við rússneskan mann, sem hér var til þess að taka á móti fiski. Ferð sendinefndarinnar til Moskva 1947 var að miklu leyti byggð á viðtölum fyrrverandi atvmrh. við þennan mann, og þegar við komum til Moskva, spurðum við, hvort við gætum fengið að tala við hann. En við fengum það svar, að hann væri vörumóttökumaður, en ekki samningamaður. En þegar við ítrekuðum ósk um að fá að tala við þennan mann, þá var okkur sagt að hann væri ekki til viðtals, hann væri á spítala. Við ræddum málið ekki frekar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt, að Rússar hefðu ekki viljað kaupa neitt af okkur. Það er alrangt. Ég sagði, að þeir hefðu viljað kaupa lýsi og síld, en það skilyrði fylgdi af okkar hálfu, að þeir keyptu freðfiskinn með. Rússar viðurkenndu hreinskilnislega, að þeir keyptu fiskinn aðeins vegna lýsisins, sem fylgdi honum.

Það er rétt að geta þess, að ummæli mín í þessu sambandi hafa einnig verið rangfærð hér í einu dagblaðanna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. hefur undarlegan hátt á, þegar hann er að vísa í skýrslur. Norðmenn hafa aukið fiskframleiðslu sína um 9%, en Bretar um 30%. En ef reiknað væri út með aðferð hv. 2. þm. Reykv., hefðu þessar þjóðir tvöfaldað eða þrefaldað framleiðslu sína. Það lítur illa út á pappírnum, en ef það er athugað nánar, kemur allt annað út.

Hv. þm. bar enn fram þau ósannindi, að Bandaríkin vildu þvinga upp á okkur vörum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að viðreisnarstofnunin í Washington segir að við skulum kaupa sem mest af hinum þátttökuríkjunum í Vestur-Evrópu, en að þeim frágengnum í Ameríku, eins og ég hef sagt hér oftar en einu sinni áður. Vörulisti hvers lands er síðan lagður fyrir viðreisnarstofnunina, og hvað fólst í lista Íslands, gaf ég upp hér í skýrslu ríkisstj., ég taldi upp vörurnar lið fyrir lið.

Hv. þm. spurði hvort reynt hefði verið að útvega korn og olíu utan Bandaríkjanna. Um olíuna er það að segja, að það hefur verið reynt í haust. Olíufélögin höfðu fengið að flytja inn olíu eftir því sem viðskiptavinirnir þurftu með. En vegna dollaraeklu var þeim bent á það í sumar, að það gengi ekki lengur að flytja inn olíu fyrir dollara, ef hægt væri að fá hana utan dollarasvæðisins. Mér er kunnugt um, að nú hafa verið gerðar ráðstafanir til að fá olíu frá Danmörku og fleiri Evrópulöndum.

Varðandi korn er það að segja, að rúgmjöl og haframjöl hefur t. d. verið reynt að útvega frá Danmörku, en hveiti verður áfram að fá frá Ameríku, eins og ráð er fyrir gert í áætluninni. Áburð hefur verið reynt að útvega frá Noregi, og vænti ég, að það beri árangur.

Hv. þm. Siglf. sagði, að sá ljóður væri á afurðasölum ríkisstj., að með þeim væri ekki verið að vinna markaði til frambúðar. Það er ekki rétt, að hér sé aðeins miðað við líðandi stund. Við höfum reynt að selja þeim löndum, sem hafa markaði, en vantar peninga. Við getum til margra ára selt fisk til þeirra staða, sem nú er sent til, og við hefðum möguleika til enn þá víðtækari viðskipta, ef viðkomandi land fengi fé milli handa. Í þetta skipti höfum við fengið greitt fyrir fiskinn í dollurum frá Bandaríkjunum, en jafnframt er verið að reyna að gera þessi markaðssvæði þess umkomin að greiða sjálf fyrir þessa vöru síðar, þegar Marshallaðstoðinni lýkur, og þegar málið liggur þannig fyrir, er óneitanlega verið að undirbúa og vinna markaði til frambúðar.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að segja miklu meira um þetta, en vil þó vekja athygli á því, að bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. telja sjálfsagt að selja afurðir okkar til Evrópu, en reyna síðan að fá dollara að gjöf frá Ameríku. Þetta er „princip", sem ríkisstj. er algerlega andstæð. Hún óskar eftir að greiða allan innflutning með útflutningi, en ekki með gjöfum né lánum. Því aðeins að innflutningurinn verði meiri en útflutningurinn viljum við tala um gjafir og lán. Við viljum ekki tala um að taka á móti gjöfum eða lánum, nema innflutningurinn verði svo mikill að útflutningstekjurnar hrökkvi ekki til, eða ráðizt sé í atvinnuframkvæmdir, sem ella væri ekki gert. Ég veit líka, að þessi skoðun á hljómgrunn hjá þjóðinni sjálfri. Hún vill ekki binda sér bagga, nema byggja þá jafnframt upp atvinnutæki og verðmæti, sem ella yrði að vera án, en talin væru nauðsynleg.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. sagði, að við hv. 2. þm. Reykv. værum komnir á þá skoðun, að Íslendingar ættu að sækjast eftir gjöfum frá Bandaríkjunum. Ég skil ekki hvað hann á við. Þessi ummæli eru þvert á móti hreinasta fjarstæða, eins og allir vita. Ég sagði einmitt það, sem vitað er, að við sósíalistar værum allir á móti Marshallsamningnum. En ríkisstj. gerði þennan samning með þingmenn sína að bakhjarli að hennar eigin sögn, þótt vafasamt hafi verið, án þess að leggja hann fyrst fyrir Alþ. En hvað um það. Ríkisstj. hefur gert samninginn og undirgengizt skuldbindingar hans gagnvart Bandaríkjunum undir því yfirskyni, að hér eigi að stofna til risavaxinnar 4 ára áætlunar. Samkvæmt þessum samningi stj. eigum við að fá 11 milljónir dollara í okkar hlut á þessu ári og erum þegar búnir að fá 4½ milljón dollara. En hvernig höfum við notað þetta nýsköpunarfé, sem stj. æpir hæst um? Við höfum notað það til að selja eðlilega framleiðslu okkar. Þannig er nú afurðasala okkar, og hæstv. utanrrh. losaði sig alveg við að svara þeirri spurningu, hvernig bæði væri hægt að framkvæma hér stórfellda nýsköpun með Marshallpeningunum og eyða þeim þannig eins og gert hefur verið.

Já, við sósíalistar erum algerlega á móti Marshallsamningnum og teljum hægt að halda áfram nýsköpuninni hér heima án Marshallaðstoðar, og undir niðri býst ég við að hæstv. viðskmrh. sé sammála um það, en allt er komið í óefni hjá þessari stj., og því hefur hann gripið þetta strá. Við þurfum ekki aðstoð Bandaríkjanna til að kynna þjóðum Evrópu freðfiskinn og selja hann þangað. Þessar þjóðir geta greitt fyrir fiskinn með eigin framleiðslu, og við sköpum okkur ekki varanlega markaði þar, nema við leitum jafnframt að vörum hjá þessum þjóðum, sem við getum að miklu leyti tekið af þeim sem greiðslu.

Hv. 1. þm. Reykv. lýsti því yfir hér í gær með miklum bægslagangi, að Rússar hefðu ekkert viljað kaupa af íslenzku viðskiptanefndinni, sem fór til Moskva 1947. Vísir hefur tekið þessi ummæli upp, en nú segir 1. þm. Reykv., að þetta sé rangt eftir sér haft í blaðinu. Hann hefur þó ekki séð ástæðu til að leiðrétta þessa herfilegu missögn í blaðinu í dag, sem full ástæða væri þó til, í stað þess lætur hann nægja að lýsa yfir hér í þinginu, að blaðið hermi rangt frá. En ég verð nú að taka upp hanzkann fyrir blaðamanninn í þetta skipti, — ég hlustaði sjálfur á hv. 1. þm. Reykv. Skýringin hlýtur að vera sú, að hann viti ekki sjálfur, hvað hann er að segja. Og annað, sem hann sagði um viðskiptamál, bar þann sama stimpil.

Það hefur ekkert verið gert í alvöru í tíð þessarar ríkisstj. til að auka vörukaup frá Rússlandi. Það væri fróðlegt að sjá óskalistann yfir þær vörur, sem við óskuðum nú eftir að fá þaðan, og sæist þá, hve langt við hefðum teygt okkur til að ná viðskiptum við Sovétríkin, hvort við hefðum teygt okkur lengra en við samninganna 1946 og 1947.

Hæstv. utanrrh. tók upp þann útursnúning hæstv. viðskmrh., að við sósíalistar værum að mæla með styrkjum frá Bandaríkjunum. Þetta er nú svo auvirðilegur upptíningur og útúrsnúningur, að hann er ekki svaraverður. Við sósíalistar vorum aldrei kvaddir til þessarar samningsgerðar, við vorum aldrei spurðir ráða. Ríkisstj. gerði þennan Marshallsamning og ber ábyrgðina á honum. En við sósíalistar höfum hins vegar bent á það, að þegar búið er að undangangast slíkar skuldbindingar sem samningnum fylgja og ætt er um risaáætlun, þá verður að verja fénu til að framkvæma hana, en ekki eyða því til að selja eðlilega framleiðslu okkar, ella verður aldrei nein áætlun framkvæmd.

Hæstv. utanrrh. sagði, að síðasta freðfisksalan, ef sölu skyldi kalla, væri sama eðlis og sölur á stríðstímum. Það er rétt, að við getum jafnlítið treyst á hana til að vinna varanlegan markað eða varanleg viðskipti. En nú ber okkur einmitt að vinna varanlega markaði — að halda áfram styrjaldarástandi er sama og gefast upp við að afla markaða.

Helzt var að skilja á hæstv. utanrrh., að ekki væri þorandi að skipta við einræðisríkin, og býst ég við, að hann, eins og Morgunblaðið og fleiri blöð, eigi þar við þau ríki, sem ekki falla Bandaríkjunum í geð. Við sósíalistar höfum aldrei mælt með því að skipta eingöngu við einhver sérstök ríki, hvorki austan né vestan járntjaldsins eins og oftast er nú kallað. En við höfum viljað tryggja markaði í Englandi, Þýzkalandi og öðrum löndum, sem við höfum skipt við, og vegna ríkjandi ástands í Þýzkalandi höfum við viljað færa út kvíarnar til fleiri landa á meginlandi Evrópu, sem þurfa fisk. Þetta hefur verið og er okkar skoðun. Við höfum aldrei viljað flytja öll okkar viðskipti til einræðisríkjanna, sem hæstv. utanrrh. kallar svo, en sýnilegt er hins vegar, að ríkisstj. stefnir að því að draga öll viðskipti okkar frá þessum löndum og til vesturs. Staðreyndirnar tala í þessu efni, og við vitum, hvaðan þessi stefna er upprunnin. Það skauzt upp úr hæstv. ráðh., er hann var að tala um einræðisríkin, að við yrðum samkvæmt Marshallsamningnum að hafa samráð við Bandaríkin um það, hvert við flyttum vörur okkar, svo að verið getur, að ríkisstj. sé með þessari augljósu tregðu sinni að framkvæma einn lið þessa samnings, og er það ekki ólíklegt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp til að svara fyrirspurn, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til mín. Hann spurði allgleiðgosalega, hvernig það væri, hvort ég hefði fengið ræðu, sem ég flutti í þjóðvarnarfélaginu, prentaða í Alþýðublaðinu, og það lá í orðunum, að hann gæti sjálfur svarað þessari spurningu neitandi. Það er rétt, að ég flutti ræðu í þjóðvarnarfélaginu, en það kom aldrei til orða að fá hana prentaða í Alþýðublaðinu. Ég bað aldrei um, að þessi ræða væri prentuð, og það af þeirri einföldu ástæðu, að ég hafði áður flutt ræðu um sama efni á Alþingi, og sú ræða var prentuð í blaði þessa félags, Þjóðvörn. Og ég a. m. k. sá enga ástæðu til að fara þess á leit við mitt flokksblað, að það birti þessa ræðu, svo að orð hv. 2. þm Reykv. eru algerlega út í blá-

inn. Annars verð ég að segja, að skörin er farin að færast upp í bekkinn, þegar hv. 2. þm. Reykv. fer að bera sérstaka umhyggju fyrir frjálslyndi og víðsýni blaða. Hann hefur sjálfur verið ritstjóri dagblaðs í Reykjavík í nokkur ár, og var það þá þröngsýnast og einsýnast allra blaða á Íslandi. Stjórnaði hann því blaði þannig, að þar fékkst aldrei birt nokkurt orð, sem ekki væri í fullu samræmi við hans skoðun og yfirboðara hans; og þeirri stefnu hefur síðan verið dyggilega fylgt. Í þessu blaði sést varla nokkurn tíma nokkurt orð, sem ekki sé í algeru samræmi við skoðanir hinna tiltölulega fáu æðstu ráðamanna flokksins. Ein undantekning gerðist þó fyrir fáum vikum. Það heyrðist þar ein rödd, sem var svolítið öðruvísi en maður á að venjast í því blaði. En mér skilst, að það hafi verið óvart, sem sú rödd heyrðist. Ástæðan mun hafa verið sú, að ritstjórinn og helzti aðstoðarmaður hans voru fjarverandi og blaðamenn aðrir ekki eins vel vakandi eins og æðstu stjórnendur blaðsins venjulega eru. Nei, það situr áreiðanlega illa á þessum hv. þm. og flokksbræðrum hans að tala digurbarkalega um stjórnendur annarra blaða og um skort á frjálslyndi.

Einu atriði í ræðu hv. þm. Siglf. langar mig til að svara. Hann kvað mig hafa sagt, að clearingviðskipti jafngiltu gengislækkun, og hins vegar, að ég væri á móti gengislækkun. Taldi hann illt að koma þessu heim og saman. Mér vitanlega hefur enginn haldið því fram, að við Íslendingar ættum að taka upp utanríkisviðskipti við Bretland og Bandaríkin ein eða Sovétríkin ein. Það, sem um hefur verið að ræða, eru ekki slíkar öfgaskoðanir, heldur það, hvort leggja skyldi meiri áherzlu á bein viðskipti til dollara- og sterlinglandanna eða clearinglandanna. Ég vil ekki dylja — af ástæðum, sem ég hef oft gert grein fyrir —, að ég tel að ýmsu leyti varhugavert að beina viðskiptunum mjög mikið í áttina til clearinglandanna, vegna þess hvernig viðskiptaaðstaðan er í þeim löndum. En fulltrúar Sósfl. eru á þeirri skoðun, að þessi viðskipti séu engan veginn óheppileg. Ég hef hins vegar sýnt fram á, og hygg, að allir glöggir menn hafi skilið, að þessi viðskipti koma í sama stað niður og ef dollarinn og pundið lækkuðu og viðskipti við þau svæði færu fram á þessu lækkaða gengi. Og af þessum sökum fyrst og fremst hef ég talið það óeðlilegt að beina viðskiptunum til clearinglandanna frekar en beinlínis er nauðsynlegt til þess að tryggja þar markað fyrir vörur, sem ekki er hægt að selja annars staðar, — og einnig frá því sjónarmiði, að æskilegt hlýtur að teljast, að við Íslendingar höfum viðskiptin sem víðast, jafnvel þótt kjörin, sem við njótum í hinum ýmsu löndum, séu mismunandi góð. Af markaðsöryggisástæðum er nauðsynlegt að selja til sumra landa, þótt þau bjóði ekki eins hagstæð kjör og önnur. Og það er það, sem á sér stað að því er clearingliðin snertir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hv. þm. Siglf. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort ríkisstj. hefði óskað eftir vörum frá Rússlandi á seinni árum, sem hún hefði ekki keypt við fyrstu samninga. Ég get nefnt þetta strax, af því að ég man það: Kornvörur, sem við fengum ekki fyrr en við höfðum ítrekað tilkynnt, að við værum reiðubúnir að kaupa þær í mjög verulegum stíl frá Rússlandi. Ég er hissa á hv. þm., að hann skyldi ekki, þegar hann var ráðh. og hafði með sölu sjávarútvegsins að gera, beita sér fyrir kornvörukaupum frá Rússlandi, ef hann hefði talið, að kaup frá Rússlandi hefðu jafnmikla þýðingu og nú. Vitað var, að Rússar hafa öll þessi ár haft korn til sölu. Við munum, að fyrir síðustu þingkosningar í Frakklandi sendu þeir korn til Frakklands, einn eða tvo skipsfarma. Að vísu varð lítið framhald á því. Og þeir sendu líka korn til Tékkóslóvakíu í stórum stíl rétt fyrir byltinguna í vor. Og fleiri dæmi má nefna, sem sýna, að korn er þeim ætíð útfalt, — á vissum tímum a. m. k. Og íslenzka stj. hefur einmitt óskað eftir að fá korn frá Rússlandi, en ekki fengið. Ég geri ráð fyrir, að við þyrftum ekki að fá í kaupið það, sem fylgir með sums staðar annars staðar.

Hv. þm. Siglf. sagði, að ég hefði sagt, að ekkert ætti að kaupa frá Ráðstjórnarríkjunum. Þetta sagði ég aldrei. Ég tók undir það, sem hv. þm. sagði, að varhugavert væri að byggja viðskipti landsins einungis eða að mestu leyti upp af viðskiptum við þau lönd, þar sem hætt væri við, að með einu pennastriki yrðu viðskiptin útilokuð. Og ég er þessu fyllilega sammála. En sú hætta er fyrst og fremst fyrir hendi í einræðisríkjunum, þar sem einræðisherrarnir hafa það í hendi sér, ekki aðeins stjórnmálin og utanríkismálin, heldur einnig verzlunina. Það var nánari útskýring á því, sem hv. þm. Siglf. sagði, sem ég gaf. Hins vegar lýsti ég yfir, að ég er — þrátt fyrir einræði í þessum ríkjum — mjög hvetjandi þess, að áfram sé skipt við þau ríki, eftir því sem atvik standa til og mögulegt er hverju sinni, þó að ég vildi ekki eiga viðskipti við þau ein. Annars finnst mér þessar umræður hafa haft mjög gleðilegan árangur, ef það er komið fram — ef má marka ummæli hv. þm. Siglf., þar sem hann segir, að viðskipti okkar ættu aðallega að vera við okkar gömlu viðskiptalönd, og fyrst og fremst ættum við að skipta við Bretland og þar næst við Þýzkaland. Það er einmitt það, sem ríkisstj. hefur gert undanfarið og er verið að undirbúa áfram með þátttöku í Marshalláætluninni. Og við erum svo fyllilega sammála, að það eigi einnig að þreifa fyrir sér til frekara öryggis, og meira en þreifa fyrir sér, — afla til frekara öryggis nýrra markaða, en umfram allt að byggja á þeim gömlu, meðan nýrra er ekki aflað. Það er einmitt þetta, sem er verið að gera með Marshallsamstarfinu. Það er fullkominn misskilningur, að ég hafi amazt við því að selja til Austur-Evrópu. Ég hef margtekið fram, að það er ætlazt til, að þvílík viðskipti haldi áfram. Það er meira að segja játað af öllum aðilum, að það er forsendan fyrir því, að Marshallsamstarfið nái tilætluðum árangri, að eðlileg viðskipti eigi sér stað milli allra landa í Evrópu. En það er greinilegt, að hv. þm. Siglf. gerir sér ljóst, að einhliða áróður þeirra flokksbræðra fyrir viðskiptum aðeins eða að langmestu leyti við

Austur-Evrópu hefur ekki hljómgrunn. Og þess vegna hefur hann hörfað inn á sömu grundvallarskoðun í þessu eins og ég og aðrir hafa haldið fram undanfarna mánuði í mjög harðri andstöðu við hv. þm. Siglf. Hv. þm. Siglf. segir kannske enn þá: En utanrrh. vill ekki selja Rússum. En ég segi bara: Lítið á reynsluna. Þegar gerðir voru samningar við Rússa fyrir um 97 millj. kr. verzlun, hver bar ábyrgð á þeim hæstu samningum af því tagi, sem gerðir hafa verið við Rússland? Var það ekki einmitt ég? Hver hefur sýnt betur en ég í verki, að ég vil eðlileg viðskipti við Rússland? Mér nægir að vitna í reynsluna og get líka vitnað í það, sem ég sagði í upphafi gagnvart því, að við vorum sagðir ekki vilja kaupa aðrar vörur en við keyptum í fyrra af Rússum. Við fórum fram á fleiri vörutegundir og vildum efla viðskiptin eftir föngum. Allt er þetta sannað og vitað, hv. þm. veit það eins og aðrir. — Hv. þm. Siglf. telur það algera fásinnu, að við skulum hafa selt þessar vörur fyrir dollara og þannig eytt gjöfunum. Við höfum báðir ráðh. sýnt fram á mótsögnina í þessu hjá honum og hv. 2. þm. Reykv. En hv. þm. Siglf. klifar nú á því æ ofan í æ, að það sé ekki hægt að byggja neitt upp hér fyrir það, sem selt sé með venjulegum hætti. En hann var einmitt að segja það, hv. þm., að með hinum nýju tækjum væri hægt, ef við seldum afurðirnar, að halda áfram hér stórkostlegri nýsköpun. Það er einmitt það, sem við höfum verið að gera. Við höfum selt afurðirnar með þeim hagkvæmasta hætti, sem hægt er. Hv. 4. þm. Reykv. sýndi glögglega hér á dögunum, að vörur frá clearinglöndunum væru í mörgum tilfellum, sérstaklega iðnaðarvörur, 50% dýrari en vörur frá Bretlandi. Það er vitað mál, að vörur frá Bretlandi eru yfirleitt dýrari en vörur frá Bandaríkjunum, þannig að menn mundu heldur kaupa frá Bandaríkjunum, ef þeir hefðu dollara. Síðasta sala hraðfrysta fisksins, sem við seldum til Rússlands, varð fyrir 9 pence. Nú seldum við fisk fyrir dollara, og var verðið 12½ pence, — mun hærra verð, og auk þess eru dollarar okkur hagkvæmur gjaldeyrir. Þannig er það gefinn hlutur, að þetta samsvarar því, að við hefðum selt vöruna fyrir helmingi hærra verð heldur en ef selt hefði verið í clearinglöndum. Það er alveg ljóst, að slík vörusala hlýtur mjög að ýta undir og gera mögulegri meiri nýsköpun hér á landi en ef fylgt hefði verið ráðum hv. þm. og selt í clearinglöndum, jafnvel þótt selt væri á venjulegum markaði. En gallinn er sá, sem skiptir öllu máli í þessu sambandi, að það var ekki hægt að selja í clearinglöndum, þótt ítrekaðar og stöðugar tilraunir hafi verið gerðar til þess allt árið, eins og ég sýndi glögglega fram á í ræðu minni á dögunum.

Brynjólfur Bjarnason: Það er ekkert tækifæri til þess á þeim tíma, sem mér er skammtaður, að ræða almennt um þetta mjög svo viðtæka mál. En það almerkilegasta, sem mér hefur fundizt koma fram í umr., er játning hæstv. utanrrh. í næstsíðustu ræðu, þar sem hann sagði, að sér fyndist í alla staði mjög hættulegt að eiga mikil viðskipti við einræðislöndin, og á hann þar við löndin í Austur-Evrópu. Um öll önnur lönd hefur hann verið að sýna fram á, að hann geri allt, sem hann getur, til að eiga viðskipti við. Í þessari einu ræðu sagði hann satt, og þar með hefur hann komið með skýringu á allri hans framkomu og í rauninni það, sem snertir afstöðu hans til Marshallsamningsins. Hæstv. ráðh. hefur fengið hv. 1. þm. Reykv. til þess að aðstoða sig einmitt í þessu máli, vegna þess að hann var fulltrúi Íslands í samninganefndinni í Moskva á sínum tíma. Þessi hv. þm. sagði það vera rangt, að íslenzku fulltrúarnir hefðu ekki gert allt, sem þeir gátu, til þess að eiga viðtæk kaup við Sovétríkin. En hann bætti við, að ekki væri um annað að ræða en timbur og sement. Ég veit, að þetta er rangt. Ég hef rætt við aðra menn í n., og þeir hafa sagt það mótsetta, að hægt hefði verið að gera miklu stærri samninga við Sovétríkin, ef við hefðum verið reiðubúnir að kaupa fleiri vörur, enda vitanlegt, að hægt var að kaupa korn þaðan líka og enn fremur þurrkaða ávexti og fleira. Annars virðist mér einkennilegt að senda slíkan mann í þessum erindum sem fulltrúa Íslands til Sovétríkjanna, mann sem ekkert tækifæri lætur ónotað til að hafa uppi áróður gegn viðskiptum við Sovétríkin. Slíkt er til að eyðileggja þessi viðskipti. Það er furðuleg dirfska af slíkum manni að leggja hér orð í belg. Það er vitanlegt, að hann hljóp frá samningunum áður en þeim var lokið. Hann segist hafa setið sjö vikur áður en saman gekk. En hann gat þess ekki, að eftir allan þennan tíma höfðu Rússar ekki fengið að vita, hvað Íslendingar vildu selja af síldarlýsi. (*BÓ:* Þetta er ekki rétt.) Þetta kunna að hafa verið sex vikur, ég veit það ekki svo nákvæmlega, a. m. k. sat hann á málinu. Hann gat þess ekki, að hann sjálfur ásamt meiri hl. n. hljóp frá samningunum í miðjum klíðum. Og húsbændur hans létu ekkert tækifæri ónotað meðan á þessum samningum stóð til þess í embættis nafni að hafa taumlausan áróður í frammi gegn Sovétríkjunum og þeirra fulltrúum. Hann gat þess heldur ekki, að hæstv. utanrrh. hefur, eins og margsinnis hefur verið bent á, kallað sendiherra Íslands burt frá Moskva og þannig á diplómatiskan hátt lýst yfir raunverulega, að Ísland vildi ekki hafa viðskipti við þetta land, eins og hann raunar lýsti yfir áðan. Hann gat þess ekki, að stj. gerði samning við Ameríku, þar sem eitt atriðið var að selja Sovétríkjunum ekki annað en það, sem Bandaríkin leyfðu, þ. e. a. s. vörur, sem Bandaríkjamenn banna ekki að selja Marshalllöndunum. Hverjum manni er ljóst, að með þessari aðferð er búið að eyðileggja viðskipti við Sovétríkin. Og það er verk núverandi stjórnar.

Úr því að ég stóð upp, vildi ég aðeins segja nokkur orð við hv. 4. þm. Reykv. Mér hefur oft virzt hann svona heldur aumur í málflutningi sínum, en aldrei aumari en nú, síðan hann gerðist skjaldsveinn flokksforingja síns, forsrh., — maðurinn, sem setti flokki sínum tvo úrslitakosti, að annaðhvort yrði foringinn að vera í framboði úti á landi eða hv. 4. þm. Reykv.

byði sig fram á sérstökum lista í Reykjavík. Í tilefni af því, að hann var minntur á þetta, sem ég var að nefna, talaði hv. þm. um ágreining í Sósfl. En þetta er bara tilhæfulaust tal hjá honum. Þar var enginn ágreiningur um uppstillingu til þings. Það var samkv. till. minni, að ég var ekki í kjöri í Reykjavík. Og sú till. var einróma samþ. í flokknum. En að ég fór til Vestmannaeyja var samkv. einróma samþykkt flokksins í Vestmannaeyjum.

En enn þá ömurlegra var að heyra frammistöðu hv. þm. að því er snertir viðskiptin við Austur-Evrópu. Í fyrstu ræðu sinni sagðist hv. þm. vera yfirleitt á móti viðskiptum við Austur-Evrópu, a. m. k. ekki í stórum stíl, af því að það þýddi sama sem gengislækkun. Og í því sambandi nefndi hann tvær vörutegundir, sem eru mun dýrari í þessum löndum. Þá var honum bent á af hv. 2. þm. Reykv., að hægt væri að hafa mikil viðskipti í þessum löndum, þó að við keyptum þaðan aðeins þær vörutegundir, sem eru fyllilega samkeppnisfærar. Hann hefur heldur ekki neitað því. Enn fremur var honum bent á það, eð ef við gætum selt vörur til þessara landa með 50% hærra verði en t. d. til Bretlands og Bandaríkjanna, eins og t. d. síldarmjöl, og ef við keyptum fyrir það aðrar vörur, sem væru 30% hærri en við gætum fengið í dollaralandi, þá væru það hagkvæm viðskipti. Hv. þm. játaði, að þau væru hagkvæm, en þau séu bara gengislækkun. (*GÞG:* Ég sagði aldrei, að þau væru hagkvæm.) Nú, jæja. Nú er hv. þm. kominn í svo mikið öngþveiti, að hann veit ekki, hvernig hann á að snúa sig út úr því. Skilur hv. þm. ekki svo einfaldan hlut eins og það, að það er aðeins um reikningsfærslu að ræða að því er snertir á hvaða verði við seljum slíkar vörur hér á landi? Aðalatriðið er, að viðskiptin séu hagkvæm. Og því hagkvæmari sem þau eru, því ódýrara getum við selt vörurnar hér á landi, ef við kærum okkur um það. Það er reikningsdæmi og það er stjórnarráðstöfun og ekkert annað, á hvaða verði við seljum vörurnar hér á landi. Það þarf ekki annað en lækka tölurnar ofur lítið. Hann veit, að það er vel hægt að lækka tölurnar þannig, að ekki verði úr nein hækkun á vöruverði hér á landi, þó að keyptar væru einstakar vörur dýrari en annars staðar. Það er ákaflega auðvelt fyrir þjóðfélagið að gera þetta, þegar það gerir slík viðskipti, sem eru hagkvæm. Þetta er nú allur galdurinn. Mér er sama, þótt hv. 4. þm. Reykv. verði sér persónulega til skammar. En mér er sárt um háskólann. Og þess vegna vildi ég bara mælast til þess við hann í allri vinsemd, að á meðan hann er prófessor við Háskóla Íslands, vildi hann halda framhleypni sinni ofur lítið í skefjum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég hef ekki miklu að svara. En við vorum viðstaddir hér fæðingu, ef svo mætti segja. Við sáum, hvernig ákveðin lygi varð til hjá þessum hv. þm., sem síðast talaði. Nú á að skrökva því í Þjóðviljanum á morgun með stórri fyrirsögn, að ég hafi sagt, að ég vildi ekki skipta við einræðisríkin. Ég vil vekja athygli á, að þessi ósannindi urðu til í munni hv. þm. Ég var að rökstyðja frekar það, sem hv. þm. Siglf. sagði, að við ættum ekki að vera háðir neinum aðila í viðskiptum, og að það væri enn þá hættulegra að vera háður einræðisríkjum heldur en nokkrum öðrum. Svo á að snúa því upp í það, að ég vilji ekki verzla við Rússa, af því að þeir eru einræðisríki. Um vilja minn til að skipta við Rússa vitna ég í það, að á mína ábyrgð var gerður við Rússa stærsti viðskiptasamningur, sem gerður hefur verið við þá af Íslands hálfu. Því er haldið fram, að tvær ástæður séu til þess, að sá samningur er ekki endurnýjaður. Önnur er sú hjá hv. ræðumanni, að við höfum ekki viljað kaupa af þeim í staðinn. Taki menn nú eftir, hvað það er, sem allt valt á og útilokaði hagkvæm viðskipti: Það eru þurrkaðir ávextir! En ég tel nú víst, að við hefðum viljað kaupa af þeim þurrkaða ávexti, (*BÓ:* Þeir höfðu þá ekki til.) jafnvel þótt ekki hefði allt oltið á því. Það er mikið, sem þessir menn vinna fyrir sinu kaupi, til þess að geta haldið áfram þessari endemis vitleysu.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það hér áðan, að sá, sem lengi dvaldi hér og keypti mest af hv. þm. Siglf. um árið, hefði verið veikur, þegar spurt var eftir honum í Moskva. Það vildi svo einkennilega til, að þegar spurt var eftir svari um það, hvort þeir vildu yfirleitt tala við okkur, þá var sá maður, sem samband hafði verið haft við, veikur, og þegar spurt var eftir, hvort ekki væri hægt að fá að tala við annan mann, þá var það ekki hægt. Það varð að tala við þennan eina. Sem betur fer, er hann samt kominn til góðrar heilsu. Ég get glatt hv. þm. Siglf. með því, að þótt hr. Semenoff hafi verið veikur í Moskva, þegar spurt var eftir honum þar, þá hef ég frétt til hans ekki alls fyrir löngu, og var hann þá við fulla heilsu og hafði mikinn áhuga fyrir Íslandsviðskiptum áfram. En það er saga, sem ég skal segja hv. þm. við tækifæri. Það er margt hægt að tína til handa hv. þm. um þessi efni, ef hann vill halda áfram umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég mun ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta mál, en ég stend upp eingöngu vegna þess, að einn ráðh., sem ekki hefur verið viðstaddur þessar umr., er nú staddur hér, og ég sé ástæðu til að beina til hans og ríkisstj. allrar nokkrum fyrirspurnum. Ég á hér við hæstv. fjmrh. Ef ég man rétt, þá fóru fram hér í þessari d. allmiklar umr. á síðasta þingi um þessa heimild til lántöku, sem ríkisstj. fékk, og m. a. var hæstv. fjmrh. um það spurður, hvort hann mundi nota þessa heimild til að taka lán með nokkrum óvenjulegum skilyrðum, og það leikur ekki á tveim tungum, að þegar þannig var spurt, var átt við Marshalllán. Það var beinlínis spurt um, hvort ráðh. mundi nota heimildina til slíkrar lántöku. Ég man ekki betur en að hæstv. ráðh. svaraði því til, að heimildin mundi aðeins notuð til að taka lán með venjulegum hætti, engin skilyrði mundu koma til greina í sambandi við lánið önnur en venjuleg lánskjör, þ. e. vextir og afborganir. Nú vill svo til, að ég hef gert tilraun

til að fletta upp í umr. um málið, svo að ekkert fari milli mála um yfirlýsingu hæstv. ráðh., en á skrifstofu Alþingis var mér sagt, að því miður gæti ég ekki fengið að sjá umr. um málið, því að þær hefðu verið fengnar að láni af fjmrh. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðherra um það, hvort það sé ekki rétt munað, að hann hafi gefið yfirlýsingu á síðasta Alþ. um, að hann mundi ekki nota lánsheimildina, sem ríkisstj. fékk, til að taka lán með neinum óvenjulegum skilmálum. Nú hefur því verið lýst yfir í löngum umr. hér, af ríkisstj., að Marshalllánið sé tekið samkv. þessari lánsheimild. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., ef ég man rétt hans yfirlýsingu, hvernig hann hefur séð sér fært að taka þetta lán samkv. þeirri heimild, sem fyrir hendi var, og með þeim yfirlýsingum, sem hann hafði sjálfur gefið. Ég veit, að hann hefur verið að athuga sín orð um þetta, þegar hann fékk lánaðar umræðurnar, og ég efast ekki um, að hann greini hér rétt frá því, sem hann hefur sagt um þetta mál, og mun hann ná til að færa sönnur á mál sitt, ef þurfa þykir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. síðasta ræðumanns, af því að það varðar fyrirtæki, sem hann er formaður fyrir, hvort rétt sé sú skýrsla, sem mér hefur borizt frá viðskiptanefnd, um, að þetta fyrirtæki hafi keypt blöð og tímarit án venjulegra leyfa af rússneska sendiráðinu hér í bæ. Mér finnst eðlilegt, að við fáum fullnægjandi svör frá formanni félagsins um þetta atriði.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum fyrirspurnum í sambandi við þá lántöku, sem þingið veitti heimild til, og viðvíkjandi því, sem ég þá lýsti yfir sem minni skoðun á þeirri lántöku, eins og hún þá lá fyrir. Ég fullyrði ekkert um það, hvort hv. þm. fer rétt með það, sem þar stendur skrifað, en hitt get ég sagt, að í Ed. lýsti ég yfir því, að ekki væri til þess stofnað við þessa lántöku, að það yrði Marshalllán. Það var það heldur ekki. Meðferð málsins varð önnur vegna breyttrar aðstöðu, og þegar svo var komið, að um það var að ræða, hvort lán skyldi tekið yfir höfuð að tala, og þar með að bjarga áfram þeim fyrirtækjum, sem átti að bjarga með láninu, eða ekki, þá hafði ég samráð við ríkisstj. um áframhaldandi meðferð málsins og tel mig hafa metið þá þörf mest, sem fyrir lá, að þiggja lánið, þótt það væri ekki veitt nákvæmlega samkv. þeirri fyrirmynd, sem ég hafði hugsað mér í fyrstu. Þessu er hér til að svara. Ég mun ekki bera af mér neitt, sem ég lét uppi sem mína persónulega skoðun við þær umr., en mun taka á mig ábyrgðina af því að hafa tekið við þessu láni, þó að aðstaðan hafi breytzt á þessu tímabili, því að ég vildi ekki taka á mig ábyrgðina af að hafna því og þar með að stöðva þau fyrirtæki, sem voru við lántökuna bundin. Ég vildi ekki hafna því sökum þess aðeins, að það var veitt innan Marshallrammans.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur svarað skýrt og greinilega, því sem um var spurt, og viðurkennt þá staðreynd, að hann hefur lýst því yfir við Alþ. síðastl. vetur, að ekki væri til þess stofnað af hans hálfu, eins og hann orðaði það, að lánsheimildin yrði notuð til að taka Marshalllán. Hann lýsti því yfir fyrir öllum þingheimi, að hann mundi ekki nota lánsheimildina eins og hún hefur verið notuð, og það er tvímælalaust, að atkvgr. um lánið valt hjá ekki allfáum þm. á þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. Venjulega treysta þm. því, að því megi treysta, sem sagt er úr ráðherrastóli sem hátíðleg yfirlýsing. Hæstv. ráðh. talaði um, að aðstaðan hefði breytzt og að hann hefði ekki viljað hindra það, að Marshalllán yrði tekið. Þetta er engin afsökun. Yfirleitt er ekki til afsökun fyrir því, að ráðh. geri að engu þær yfirlýsingar, sem hann gefur. En jafnvel þótt einhver ráðh. kunni nú að líta svo á stöðu sína, að yfirlýsingar þeirra á þingi séu bara marklaus orð, þá hefur hann heldur ekki neina afsökun frá sínu eigin sjónarmiði. Hæstv. ráðh. hafði í hendi sér að ná til þingsins og spyrja það, hvort það vildi veita honum heimild til þeirrar lántöku, sem hér um ræðir. Áður hafði hann fengið heimild til að taka lán á öðrum grundvelli. Það er svo sem sama, hvort þetta mál er rætt lengur eða skemur, hæstv. ráðh. á enga afsökun, og ég staðhæfi það, að í siðmenningarlöndum, sem oft er vitnað til, eins og t. d. í Bretland og á Norðurlöndum, hefðu þeir ráðh., sem slíkt hefði hent, að hafa yfirlýsingu gefna þinginu að engu, tafarlaust sagt af sér, og það á þessi hæstv. ráðherra að gera, ef hann skilur, hvaða ábyrgð fylgir starfi hans.

Ég heyrði, að það hljóp í skapið á hæstv. dómsmrh., eins og svo oft áður. Hann ætlaði að fara að yfirheyra mig hér, en honum tekst það ekki. Ég er hér ekki til neinna andsvara gagnvart honum um viðskiptamál. Ef hann telur sig hafa fengið upplýsingar um óleyfilegan innflutning hjá þessu fyrirtæki frá viðskiptanefnd, þá vil ég benda honum á, að hans er valdið. Komi hann og kæri. Honum mun verða svarað á réttum vettvangi.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Af því að hæstv. forsrh. er fjarverandi, en hv. 4. þm. Reykv., sem hefur átt hér nokkur orðaskipti við hv. 4. landsk., hefur talað sig dauðan, vildi ég, án þess að blanda mér frekar í þessar umr., leiðrétta þá missögn, sem fram kom hjá 4. landsk. út af framboði hv. 4. þm. Reykv. Hv. 4. landsk. fullyrti, að hv. 4. þm. Reykv. hefði sett Alþfl. úrslitakosti um, að hann mundi sprengja Alþfl., ef hann fengi ekki að verða hér efsti maður á lista við síðustu alþingiskosningar í Reykjavík, vegna þess hefði svo forseti Alþfl., núverandi forsrh., boðið sig fram í Eyjafjarðarsýslu. Mér er vel kunnugt um, að þessi ummæli hv. 4. landsk. eru bein ósannindi. Mér er vel kunnugt um það, að það var að eigin ósk hæstv. forsrh., að hann var í kjöri í Eyjafjarðarsýslu við síðustu alþingiskosningar, og lá þar ekki til grundvallar nein ósk frá nokkrum í Alþfl. og sízt af öllu frá hv. 4. þm.

Reykv. Mér er ljúft að staðfesta þetta, af því að ég tók mikinn þátt í kosningaundirbúningnum hér. Ég skil ekki, hvers vegna hv. 4. landsk. er að hefna sín á Alþfl. með þessari lygasögu, þó að hann hafi orðið fyrir því óláni hjá sínum flokki að vera hrakinn til Vestmannaeyja og biða þar hið mesta afhroð, á sama tíma og forsrh. jók fylgi Alþfl. í kjördæmi því, sem hann fór í. — Ég skal svo að öðru leyti ekki blanda mér í þessar umr., en vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann lét ekki stranda á því, að hér yrði komið upp stórkostlegum tækjum til síldarvinnslu, þó að hann yrði að taka til þess Marshalllán. Ég, eins og margir aðrir, tel, að á þessum framkvæmdum hér við Flóann geti beinlínis oltið með fjárhagslegt sjálfstæði landsins nú á þessu ári og næstu árum. Ég tel þess vegna, að hæstv. fjmrh. eigi þakkir skilið fyrir sína frammistöðu í þessu máli, en ekki ásakanir, svo sem hér hefur verið til hans beint. Auk þess er rétt að upplýsa það, að leitað var samþykkis þm. úr stjórnarflokkunum fyrir þessari breytingu, og ég hygg, að fyrir hafi legið fullkominn meiri hluti, þegar þessi breyting var gerð. Þeir einir geta veitzt að ríksstj. og fjmrh. fyrir þessa breytingu á lánskjörum, sem vilja, að fjárhagur Íslands og atvinnulíf leggist í rústir. Þeir einir geta álasað ríkisstj. fyrir þessa breytingu, sem eru til þess fengnir af erlendu valdi að koma atvinnulífi Íslendinga á kné. Þeim hefur svo farið eins og fávitanum, sem vilja vinna það fyrir vinskap erlendrar þjóðar, að fella ofan af sjálfum sér húsið, þó að þeir verði þá einnig undir rústunum.

Það, sem ég hef hlustað á af þessum umr., er mjög svipað þeim umr., sem fram fóru á þingi Sameinuðu þjóðanna vegna Marshallaðstoðarinnar í þær 3 vikur, sem ég sat þar, af Rússum og þeirra leiguþýi. Það er sama platan, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans nótar hafa spilað hér, og Rússar hafa haldið uppi undanfarnar vikur á þingi Sameinuðu þjóðanna. Sú plata er ekki einungis spiluð á þingi Sameinuðu þjóðanna og Alþingi Íslendinga, heldur er líka sami tónninn í öllum blöðum kommúnista um allan heim. Það er sama mótbáran, Vestur-Evrópu má ekki endurreisa. Það má ekki halda áfram nýsköpun íslenzks atvinnulífs, vegna þess að Rússar eru mótfallnir því. Það er leitt til þess að vita, að hér á Alþ. skuli svo margir fulltrúar hafa gert sig bera að því að reka erindi erlendrar þjóðar. — Ég mun ekki ganga út fyrir fundarsköp með því að halda langa ræðu, en vil endurtaka það, að sú gagnrýni, sem fram hefur komið hér á Alþ. um Marshallsamninginn, er nákvæmlega sama gagnrýnin og á þingi Sameinuðu þjóðanna, það er sú gagnrýni, sem lýðræðisunnendur telja sig ekki hafa ástæðu til að svara, af því að hún er tilbúin í landi, sem hefur tekið að sér að vinna þau verk, sem Hitler sálugi og Göbbels höfðu með höndum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil aðeins staðfesta það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að áður en ákveðið var að taka lán, svo sem gert var, til þess að koma upp síldariðnaðinum við Faxaflóa, þá var leitað fyrir sér hjá nógu mörgum þingmönnum til þess að staðfesta, að meiri hluti þingmanna væri samþykkur því, að lánið yrði tekið af viðreisnarfénu. Það er síður en svo móti vilja þingsins, en í beinu sambandi við óskir þingmanna.

Út af svari hv. 6. þm. Reykv. vegna fyrirspurnar minnar vil ég taka það fram, að hann svaraði eins og hans var von og vísa og ég bjóst við. Hann fékkst ekki til að ræða málið, svo málsskrafsmikill maður um flest málefni og ekki sízt um málefni Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Hv. 6. þm. Reykv. neitar nú að tala og segist skuli hitta mig á öðrum vettvangi. Ég efast ekki um, að hann verði að gera það, ef svo ber undir, því að hann getur ekki skorazt undan því frekar en aðrir að mæta fyrir réttvísi landsins, ef hann er til þess kvaddur. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi talað svo dólgslega í trausti þess, að hér í þetta mál er blandað erlendu sendiráði, sem íslenzk lögsaga nær ekki yfir. Hann treystir því, að ekki sé hægt að reka þetta mál með venjulegum hætti, og það kann eitthvað að vera til í þessu, að það komi honum að einhverju gagni, þegar hann kýs að þegja, en þögnin verður ekki misskilin.

Sigfús Sigurhjartarson: Tveir hv. þm., hæstv. utanrrh. og þm. Ísaf., hafa staðið hér upp til þess að gera tilraun til að afsaka fjmrh. Þeirra afsökun er þó engin afsökun. Málið liggur skýrt fyrir. Alþingi heimilar ríkisstj. að taka lán, og fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki taka Marshalllán, að hann muni ekki taka lán með neinum óvenjulegum kjörum. Þessi heimild er síðan notuð til þess að taka Marshalllán. M. ö. o., yfirlýsing ráðh. í embættisins nafni og hér á þingi er að engu höfð. Þetta er ósæmilegt, og það bætir málið ekki skapaðan hlut, þó að hæstv. utanrrh. fái eitt af sínum einkennilegu köstum. Ég kannast svo afar vel við þau, og ég endurtek það, að mér dettur ekki í hug að láta hann fara að yfirheyra mig um mál, sem honum kemur ekkert við, hér. (*Dómsmrh.:* Ég bjóst við því.) Ég endurtek það, hans er valdið. Hann þekkir mig það vel, að hann veit, að ég muni ekki láta fara að yfirheyra mig um mál, sem ég þarf honum engan reikningsskap fyrir að standa. Hafi fyrirtækið brotið lög, þá segi ég, komi hann og kæri. Honum verður svarað.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. utanrrh. og hv. þm. Ísaf. hafa að vísu gefið frekari skýringu gagnvart þessu, sem hv. 6. þm. Reykv. taldi ósæmilegt athæfi af minni hálfu. Ég mótmæli þeim skilningi, sem hv. þm. leggur í það, sem ég sagði í málinu, og það, sem ég hef gert í málinu. Þegar þessi lántökuheimild var til umræðu, þutu tveir flokksmenn hv. 6. landsk. upp og spurðu um, ef um lán væri að ræða, hvort það yrði Marshalllán. Ég sagði þá, að ekki yrði til þess stofnað af minni hálfu. Ég gaf ekkert fyrirheit um, að það kynni ekki að geta orðið það síðar meir, ef svo yrði að vera. Þegar svo eftir marga mánuði, að málið horfði þannig við, að ekki er hægt að fá það í gegn öðruvísi en innan þess ramma, sem kallaður er

Marshallaðstoð, þó að lánskjörin séu alveg eins og í hverjum öðrum lánssamningi og í engu frábrugðin, nema hvað vextirnir eru sérstaklega lágir, þá þótti mér rétt, að það yrði borið undir nægilega marga af stuðningsmönnum stj. á þingi, hvernig málið horfði við, áður en frá láninu yrði gengið. En viðurlögin voru þau, að þá var komið svo langt með undirbúning og vélakaup til þeirra framfaramála, sem frv. var í öndverðu flutt til að fleyta fram, að það hefði verið hið mesta tilræði við íslenzka atvinnuvegi, ef horfið hefði verið frá lántökunni, af hræðslu við, að það kynni síðar að verða átalið, að það væri Marshalllán. Annars er þetta ekki í fyrsta sinn, að þessi hv. þm. skorar á mig að segja af mér eða á Alþingi að reka mig í burt. Þetta hefur hann gert í svo mörg skipti, síðan ég kom í þetta sæti, að það má næstum segja, að ég megi ekki koma hér inn fyrir dyr, án þess að þessi virðulegi þm. Sósfl. hafi á einhvern hátt reynt að koma á mig klækihöggi, þótt lítið hafi orðið úr, og mun svo enn verða.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna síðustu orða hæstv. fjmrh. Það er alveg rangt hjá hæstv. fjmrh., að hann hafi ekki alveg skýlaust lýst því yfir í Ed., að það lán, sem um er að ræða, yrði ekki tekið nema með venjulegum skilmálum snertandi vexti og afborganir. Hæstv. ráðh. lýsti þessu alveg skýlaust yfir, og er ekki um það skuggi af efa, því að ég stóð upp og lýsti því yfir, að ég væri ánægður. Svo er annað. Þm. Str. hélt ræðu í málinu sem frsm. n. og gat þá m. a. um fyrirvara minn að því er þetta snertir. Kvað hann fyrirvarann raunverulega óþarfan, vegna þess í fyrsta lagi, að samkv. þessum l. væri ekki hægt að taka lán nema með venjulegum skilmálum að því er snertir vexti og afborganir, í öðru lagi vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefði lýst yfir, að annað kæmi ekki til mála. Ég man, að hv. þm. Str. lagði sérstaka áherzlu í þessum umr. á þarfleysu þessa fyrirvara, vegna þess að augljóst væri, að ekki væri heimild til að taka lánið nema samkv. venjulegum skilyrðum um vexti og afborganir, eins og frv. gerði ráð fyrir. Ég hygg, að það þýði ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að bera móti, að svona var þetta.

En úr því að ég stóð upp á annað borð, vildi ég segja við hæstv. utanrrh., að þegar hann segir eitt í einni ræðu og annað í hinni, þá er undir venjulegum kringumstæðum ekki gott að segja, hverju á að trúa. Hann hefur í ýmsum ræðum hér við umr. verið að reyna að telja mönnum trú um, að hann hafi gert það, sem hann gat, til að koma á viðskiptum við Austur-Evrópu og Sovétríkin. En í lok ræðu sinnar lýsir hann yfir, að það sé hættulegt að hafa mikil viðskipti við þessi lönd. Hverju á að trúa? Undir venjulegum kringumstæðum er ákaflega erfitt að greina það raunverulega, þegar menn segja sitt í hverju orðinu, sem stangast. En í þessu tilfelli er ég a. m. k. ekki í neinum vafa, hverju á að trúa. Ég trúi því, sem hann sagði hér í kvöld, því að það er í samræmi við sannleikann. Það hefur hann reynt nægilega að rökstyðja, þannig að hverju barni ætti að vera skiljanlegt. Þessi hæstv. ráðh. hefur eyðilagt viðskiptin við Sovétríkin og það vitandi vits. Það er sýnt og sannað. Og þegar hann viðurkennir það, þá dettur mér ekki í hug annað en að trúa því. Þá er hann að segja satt, þegar hann segist vera andvígur miklum viðskiptum við Sovétríkin. Annars vil ég segja það, að það er nokkuð hart að heyra þennan hæstv. ráðh. tala um, að það séu hættuleg viðskipti, sem byggjast á pólitískum grundvelli, þegar hann er að ráðast í viðskiptasamning, sem er sá pólitískasti viðskiptasamningur, sem Ísland hefur nokkurn tíma gert, og sá alpólitískasti, sem viðgengst í heiminum, en það er Marshallsamningurinn.

Þá þótti hæstv. ráðh. ég hafa fundið að því, að ríkisstj. hafi ekki viljað kaupa þurrkaða ávexti frá Rússlandi. Þetta sýnir aðferðina í málflutningnum. Ég sagði ekki annað en það, sem er sannleikur, að Sovétríkin höfðu á boðstólum fjölda vörutegunda, sem þeir vildu selja okkur. Og ef ríkisstj. hefði verið reiðubúin til að kaupa þessar tegundir, hefði verið hægt að gera stóran samning. Ég nefndi aðeins tvær tegundir, kornvörur og þurrkaða ávexti. Auðvitað minntist hann ekki á kornvörurnar. (*Dómsmrh.:* Búið að tala um þær nokkrum sinnum áður.) En ekki voru það aðeins kornvörur og þurrkaðir ávextir, heldur tugir vörutegunda og allt brýnar nauðsynjavörur, m. a. tæknivörur og fleiri. (*FJ:* Og sement.) Já, það var keypt sement og timbur. (*FJ:* Hvernig reyndist sementið?) Sementið reyndist vel. (*FJ:* Ha!) Ég get nú trúað, að þetta eigi að vera næsti leikurinn, að byrja að rægja vörur, sem koma þarna að austan. Það væri eftir þessum hv. þm. Annars hefði ég ekki staðið upp til að svara hv. þm. Ísaf. Hann er einn af þeim mönnum, sem maður telur fyrir neðan virðingu sína að eiga orðastað við, enda málflutningurinn þannig, að ekki tekur nokkur maður mark á honum. (*Dómsmrh.:* Hvernig var, þegar þeir voru í stjórninni saman?) Það var nú nokkuð skrykkjótt á köflum. (*Dómsmrh.:* Gátu þeir þá talazt við?) Hv. þm. Ísaf. ber fram fyrir okkur hér, að það hafi verið eftir eigin ósk flokksforingjans, núverandi forsrh., að hann var í framboði í Eyjafjarðarsýslu. Ekki hafði nú hv. 4. þm. Reykv. brjóstheilindi til þess að skrökva þessu. Það vita nefnilega allir, sem hlustuðu á þennan hv. þm., að þetta eru ósannindi. Samt ber hann þetta fram. En þessi hv. þm. er alltaf sjálfum sér líkur. Það er nefnilega svo, að þennan þm. er hægt að nota til þess að segja ósannindi, sem eru svo fjarstæð, að enginn annar mundi fást til að bera þau fram.

Finnur Jónsson: Ég ætla nú ekki að fara að skattyrðast við hv. 4. landsk. þm., enda er það svo, að ég kenni í brjóst um hann eftir þá útreið, sem hann og hans flokkur hafa fengið við þessar umr. Ég kenni í brjósti um hann fyrir það að þurfa að standa upp á Alþ. og kúga hina aðra flokksmenn sína til að standa að þessum málstað, sem hann nú flytur. Ástæðan fyrir því, að þessi málstaður er hér borinn fram, er í rauninni allri þjóðinni augljós. Og honum

sjálfum er það svo augljóst, að flokkur hans er þegar farinn að tapa á þessum málstað meðal þjóðarinnar. Einhvern tíma varð mælirinn að verða fullur. Og hann er sannarlega orðinn fullur nú. Það vita allir, að fylgi kommúnistaflokka í öllum nálægum löndum hefur stórhrakað. Og það vita líka allir, af hverju fylginu hefur hrakað. Á meðan fólkið stóð í þeirri meiningu, að þessir flokkar væru róttækir umbótaflokkar, sem vildu gera meira til að bæta kjör fólksins og meira í frelsisátt en aðrir flokkar, þá tókst þessum flokki í heild að blekkja verulegan hluta kjósenda til fylgis við sig. Nú er þessu ekki lengur til að dreifa. Nú hafa menn séð úlfseyrun á þessum flokki. Og þegar þau voru komin í ljós, hefur sú reynsla orðið, að fylgi þessa flokks er alls staðar að hrynja. Það er ekki lengur hægt að telja almenningi trú um, að þetta sé róttækur og frjálslyndur umbótaflokkur, enda er þetta þröngsýnn afturhaldsflokkur og ekkert annað, afturhaldsflokkur, sem hefur, eins og ég sagði áðan, tekið við þar, sem Hitler og Göbbels hættu, og er um margt kominn lengra í einræðis og kúgunar átt heldur en átti sér stað í Þýzkalandi, þegar það var upp á sitt hið versta.

Ég ætla ekki að svara köpuryrðum þessa hv. þm. að öðru leyti en því, að mér er miklu betur kunnugt um, hvernig hagað var framboðum Alþfl. við síðustu kosningar heldur en honum. Og ég hef gefið þessa yfirlýsingu um framboð forseta flokksins, Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem ég get fengið staðfesta af mörgum vitnum. En þessi hv. þm. hefur aftur á móti ekkert annað fyrir sinni staðhæfingu en sitt vonda skap yfir því að vera hrakinn mót vilja sínum út í Vestmannaeyjar til að tapa þar fylgi flokksins. Og ég get ósköp vel fyrirgefið honum, þótt hann sé skapvondur. Hann hefur oft verið það í minn garð áður, og það get ég vel þolað. En hitt get ég varla þolað án þess að aumkast, að sjá það hlutskipti, sem hann og hans flokkur hefur nú hér á Alþingi.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 15 fundi í Sþ., 10. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil beina til hæstv. forsrh. fyrirspurn í sambandi við fréttir, sem við höfum séð í blaði hans hér, um hugleiðingar ríkisstj. viðvíkjandi utanríkismálum landsins, — þær fréttir, að Íslendingum hafi verið boðið að senda fulltrúa á væntanlega ráðstefnu Atlantshafsríkjanna, og hvort Alþingi megi vænta, að ríkisstj. gefi skýrslu um þetta mál hér í þinginu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. skal ég geta þess, að ríkisstj. hefur ekkert um þetta rætt.

Á 24. fundi í Sþ., 3. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er ekki enn farið að kveðja saman til fundar í utanrmn. í Sþ., og eru nú bráðum liðnir tveir mánuðir frá því að þing hófst, og hafa á þessum tíma, meðan þingið hefur setið, verið teknar ákvarðanir, bæði viðvíkjandi sendinefnd verzlunarsamninga, sem hingað til hefur alltaf tíðkazt, að borið hafi verið undir utanrmn., og enn fremur hafa einstakir ráðh. átt í mjög þýðingarmiklum samningum við erlend ríki, sem Alþ. hefur heldur ekki verið skýrt frá enn þá. Ég álít slæmt, að þetta hefur dregizt svona lengi, og vildi mælast til þess, að hæstv. forseti hlutaðist til um það, að utanrmn. taki til starfa, til þess að vinna þau verkefni, sem henni er falið með lögum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil skýra frá því, að það er ranghermi hjá hv. 2. þm. Reykv., að það sé venja að bera slíkar sendifarir sem nú hafa verið farnar vegna verzlunarsamninga undir utanrmn. Ég hygg, að þessi hv. þm. megi minnast þess glögglega, frá því er hann var nefndarmaður þar, að það hefur ekki alltaf verið gert, en stundum hefur það verið gert, allt eftir því, hvernig málin lágu fyrir hverju sinni. En að slíkt hafi alltaf verið gert, má þessum hv. þm. vera kunnugt um, að ekki fær staðizt.

Varðandi samninga, sem hann talaði um, að staðið hafi við önnur lönd og Alþ. hafi ekki verið skýrt frá, vil ég afla mér upplýsinga hjá honum, vegna þess að ég hef ekki um þá heyrt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er misminni hjá hæstv. utanrrh., ef hann heldur, að það hafi verið venja, að skipun samninganefnda hafi ekki verið borin upp í eða í öllu falli verið rædd við utanrmn. Það hefur meira að segja verið venja á þeim tíma, meðan samninganefnd utanríkisviðskipta var starfandi, að stundum voru mál í sambandi við utanríkisviðskipti borin undir utanrmn. Hitt kann vel að vera, að þessi regla hafi stundum verið brotin. En þetta er reglan, og þó að dæmi kunni að vera til þess, að breytt hafi verið út af þeirri reglu, þá staðfestir það ekki það, að rétt sé að gera undantekningarnar að reglu og fara að ganga fram hjá Alþ. og nefndum Alþ. með stjórnarráðstafanir, eins og virðist koma fram tilhneiging til. — Hvað það snertir, að ráðh. hafi ekki átt í samningum við erlend ríki viðvíkjandi samningum, sem Ísland varða, þá hefur hæstv. forsrh. farið utan og tekið þátt í samkomulagsumleitunum um mál, að því er virðist af stjórnarblöðunum, sem hefur haft áhrif á stefnu ríkisstj. viðvíkjandi máli, sem hæstv. Alþ. hefur tekið ákveðna afstöðu í fyrir 30 árum. Það er þess vegna áreiðanlega fyllilega tími til þess kominn, að Alþ. og utanrmn. hafi eitthvað með það að gera, sem verið er að sýsla um þessi mál. Og mér finnst, að nær hefði verið af hæstv. utanrrh., þegar hann stendur upp hér á Alþ. til

þess að ræða um þetta, þegar ég mjög hóflega minntist á, að n., sem er mikilsverð n. í þinginu, hefur ekki tekið til starfa, — mér finnst, að það væri nær fyrir hæstv. utanrrh. að reyna að afsaka það, hve það hefur dregizt að kalla saman fund í nefnd þessari, heldur en að reyna að gera það að venju, sem hann virðist reyna að verja gagnvart þinginu, að senda sendinefndir til útlanda, án þess að ræða við utanrmn. um það. Ég álít, að þetta sé stefna í þá átt að reyna að þurrka sem mest áhrif þingsins burt í sambandi við stjórnarráðstafanir.

Ég mælist ákveðið til þess, að hæstv. forseti ýti við því, að þessi n. taki til starfa.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði í för minni erlendis nú fyrir skömmu gert samninga fyrir Íslands hönd út af einhverjum utanríkismálum. Þetta er með öllu rangt, gersamlega rangt og uppspuni frá rótum. Ég hafði aðeins viðræður, eins og tíðkast mjög milli ráðh. Norðurlandaríkjanna. Við forsætisráðherrarnir á Norðurlöndum höfðum viðræður út af áhugamálum Norðurlandaríkjanna yfirleitt. En þar voru engir samningar gerðir og engar skuldbindingar af hálfu Íslands gerðar og ekkert það gert, sem hefur áhrif á íslenzka utanríkispólitík yfirleitt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., ef hann heldur fram, að ég hafi sagt, að hann hafi gert samninga eða samkomulag fyrir Íslands hönd nú fyrir skömmu, er hann var í útlöndum. En hann hafði viðræður við forsrh. annarra ríkja um mál, sem Ísland varða, og hann staðfesti það í sinni ræðu. En það, sem gerði það hins vegar að verkum, að ég minntist á þetta, — án þess að ég ætli að fara að ræða þetta hér, — það er, að mér virðist vera orðin breyt. á yfirlýstri stefnu og það grundvallarstefnu, sem ríkisstjórn Íslands hefur haft í utanríkismálum, að ráðfæra sig við Alþ. eða nefnd frá Alþ., áður en ákvarðanir eru teknar um nefndir til viðræðna og samninga erlendis fyrir Íslands hönd. Mér virðist vera að verða mjög einkennileg breyt. á afstöðu ríkisstj. Þessi stefnubreyt. virðist mér hafa átt sér stað í sambandi við þær utanfarir, sem nýlega hafa átt sér stað, og þau samtöl, sem þar hafa orðið. — Ég fagna því að vísu, að hæstv. forsrh. sagði, út frá því, sem ég beindi til hans, að ríkisstj. hefði ekki frá nokkru að skýra um samningagerðir frá því er hann nýlega var í utanför. Það er gleðilegt, að hann staðfestir, að ekki hafi verið gerðir þá neinir samningar. Hitt út af fyrir sig, að forsrh. Íslands fer til annars ríkis og talar við forsrh. annars ríkis um það, sem Ísland varðar, það þykir á öllum venjulegum tímum tilefni til þess að ræða við utanrmn. um, hvað verði að gera til undirbúnings þess, hvaða hætta geti stafað af slíkum viðræðum og hvaða ráðstafanir verði að gera vegna öryggisins. Og það var þetta, sem gerði það að verkum, að ég fór hér að ræða um þessi atriði, þegar nú eru tveir mánuðir liðnir af þinginu, án þess að utanrmn. hafi verið kvödd saman til starfa.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það var rétt af hv. 2. þm. Reykv. að taka aftur það, sem hann sagði í fyrstu ræðu sinni, að íslenzkir ráðherrar hefðu nú á síðustu tímum gert samninga við erlenda ráðh. eða erlend ríki. Það er ekki einu sinni svo, að hér hafi verið um neinar samkomulagsumleitanir að ræða. Þessi hv. þm. talaði þannig, að fyrst voru það samningar, sem hann sagði, að gerðir hefðu verið af íslenzkum ráðh., en svo í seinni ræðu sinni sagði hann, að hér hefði verið um samkomulagsumleitanir að ræða. En það var hér heldur ekki um neinar samkomulagsumleitanir að ræða á milli forsrh. Norðurlanda. Hins vegar er það yfirleitt stefna ríkisstj. að stuðla að sem nánustu samstarfi milli ráðherra Norðurlandaríkjanna. Í sambandi við þessa stefnu hafa verið haldnir fundir af ráðh. Norðurlandaríkjanna, forsætis-, viðskipta- og utanríkisráðherrum, um ýmis sameiginleg mál þessara skyldu ríkja.

Út af því svo, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um einhver frávik frá viðurkenndri yfirlýstri hlutleysisstefnu Íslands, þá held ég, að í raun og veru hafi það frávik aldrei komið né heldur tilraun til slíks fráviks. Það er ekki rétt, að sú stefna hafi nokkurn tíma orðið almenn hér á landi. En að svo miklu leyti sem um frávik frá þeirri hlutleysisstefnu hefur verið að ræða hér á landi, þá hefur það átt sér stað af hálfu þess flokks, sem hv. 2. þm. Reykv. veitir forustu, því að það var sá flokkur, sem lagði mjög eindregið til undir stríðslokin síðustu, að Ísland gerðist aðili í stríði. Þá var af þessum flokki hlutleysið talið rangt. En ég segi það fyrir mitt leyti sem skoðun mína, að Íslendingar geta í raun og veru aldrei verið hlutlausir gagnvart vissum atburðum í heiminum, heldur verða þeir að taka afstöðu. Gagnvart yfirdrottnunarstefnum, hvaðan sem þær koma, verða Íslendingar og íslenzka ríkið aldrei hlutlaust. Það er aftur annað mál, að Ísland hefur engan her, og þar af leiðandi hefur það ekki tekið þátt í neinum hernaðaraðgerðum. En ég vonast eftir því, að íslenzka ríkið verði aldrei hlutlaust gagnvart þeim einræðis- og uppivöðslustefnum, sem mest hafa mótað stjórnmálin nú víða í heiminum.

Forseti (JPálm): Ég vildi nú, að menn færu ekki að ræða hér utan dagskrár um ráðherrafundi og utanríkispólitík. Það er nógur tími til þess ella.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er kannske ekki óeðlilegt, fyrst sú nefnd, sem lögum samkvæmt á að fjalla um utanríkismál, fær ekki að setjast á laggirnar og starfa samkvæmt lögum, að utanríkismálin beri á góma hér á hæstv. Alþ. — Ég stóð hins vegar upp nú til þess að leiðrétta það, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu viðvíkjandi afstöðu Sósfl. Það er að vísu ein af mörgum ósönnum fullyrðingum, sem hvað eftir annað er borið fram og við sósialistar hrekjum aftur og aftur, sem sagt er um okkar afstöðu til skilyrða fyrir inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, það ríkjasamband, sem kall-

að er því nafni. Við sósíalistar lýstum því yfir, að Þýzkaland eða þýzka stjórnin hefði brotið hlutleysisreglur á okkur og hefði farið með ófrið á hendur Íslendingum. Það hefur aldrei komið fram till. frá okkur um það, að við Íslendingar færum í stríð, heldur hitt, að við höfum haldið fram, að Þýzkaland ætti í stríði við okkur, vegna þess, að stjórn þess hefði brotið okkar hlutleysi. — Annars er hægt að rifja þetta upp aftur, og við skulum gjarna gera það. — Hins vegar þætti mér gaman, út frá þeirri fullyrðingu, sem hæstv. forsrh. hefur gefið, að spyrja hann, hvort hlutleysisyfirlýsing Íslands um ævarandi hlutleysi frá 1. des. 1918 sé í gildi enn. (*Forsrh.:* Samband ríkjanna hefur verið fellt úr gildi.) Þetta er mál, sem vert er að ræða, hvort sú hlutleysisyfirlýsing sé í gildi eða ekki. — Og viðvíkjandi því, hvort við Íslendingar séum hlutlausir gagnvart hinum og þessum stefnum, sem uppi vaða í heiminum, er annað spursmál heldur en það, hvort íslenzka ríkið sé hlutlaust að því er snertir stríð, þar sem notuð eru vopn. Íslendingar geta hver fyrir sig gjarna tekið afstöðu í þessum efnum á þann hátt, sem þeim þóknast. Og menn geta í þessu tilliti skipzt í flokka eftir vild. En ég vek eftirtekt hæstv. forsrh. á því, ef hann er að óska eftir, að Íslendingar sem þjóð taki afstöðu gagnvart yfirgangsstefnum, og vil minna hann á það, að það er aðeins eitt ríki í heiminum, sem sýnt hefur Íslandi yfirgang nú, síðan við urðum lýðveldi. Það er það ríki, sem reyndi í krafti herafla, sem það hafði hér á landi, — eftir að hafa haft í frammi samningsrof og lögbrot gagnvart íslenzka ríkinu — að þvinga okkur eða ætlaði að þvinga okkur til að láta af hendi til 99 ára friðindi í sambandi við afnot af okkar landi. Þetta er eina þvingunin, sem við höfum átt við að búa, eftir að lýðveldið var stofnað hér á landi. — Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. átti í ræðu sinni við þessa yfirgangsstefnu. — En það var ekki mín tilætlun með minni hóflegu aths. um, að utanrmn. tæki til starfa, að fara að tala hér um utanríkispólitík. En ég hefði kunnað betur við, að hæstv. forseti og hæstv. ráðh. hefðu tekið slíkri áminningu vel, því að ekki er hægt að segja, að það sé allt of of mikið starf unnið af Alþ., það sem af er þessu þingi, þó að starfi þessarar n. væri komið af stað.

Forseti (JPálm): Út af aths. hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka fram, að ég mun kynna mér, hvað því veldur, að hv. utanrmn. hefur á þessu þingi ekki verið kölluð saman til funda enn þá. — Að öðru leyti vil ég taka fram, að ég vildi mjög eindregið óska eftir, að ekki yrðu hér langar umr. um utanríkismál utan dagskrár.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. talaði síðast um það efni, sem hann hefur rætt hér, eins og það sé á ábyrgð ráðh., að n. þessi komi saman til funda. Það er nefndarinnar sjálfrar og formanns hennar að sjá um, að þessi n. sé kölluð saman til funda. Mér hefur aldrei dottið í hug, að það væri skylda mín sem utanrrh. að sjá um, að þessi n. komi saman. Hún kemur saman, þegar n. sjálf talar sig saman um það. Og hv. 2. þm. Reykv. getur að vísu haldið um þetta ræður fyrir sjálfum sér, ef honum finnst ástæða til þess, en það er ekki rétt að beina ásökunum til mín út af þessu. —Hitt er annað mál, að utanrmn. hefur náið samstarf við ríkisstj. og ríkisstj. leggur fyrir þá nefnd mál, þegar hún hefur sérstök mál til að leggja fyrir þá nefnd. Og það mun hún gera, þegar lög og venjur segja til. En enn hefur ekkert gerzt, síðan þetta Alþ. kom saman, sem gert hefur það að verkum, að ástæða hafi þótt fyrir ríkisstj. að bera sig saman við utanrmn. Þess vegna hef ég ekki kynnt mér, hvort n. þessi hefur komið saman á þessum tilgreinda tíma eða ekki. Og ég álít það alls ekki skyldu mína að kveðja saman þessa n. til funda, heldur nefndarmanna sjálfra. Í ræðu sinni með þessari fsp. varðaði utanrmn. brá hv. þm. fyrir sig danskri tungu í góðu samræmi við það, að hann hélt, að sambandslögin væru enn í gildi. (*EOl:* Ég mun hafa tekið mér dönsk orð í munn með tilliti til þess, að hæstv. utanrrh. hlyti að vera það mál sérstaklega kært, úr því að hann er nú orðinn riddari af Danebrog.) Sem betur fer, skyldi ég nú dönsku áður. En hitt kynni að vera, að hv. þm. hefði viljað vekja eftirtekt á því, að fleiri ættu skilið slíka vegtyllu, og hefði ég vissulega ekki nema gott eitt um það að segja, ef hv. þm. fengi hana. Varðandi hlutleysisyfirlýsinguna er annars það að segja, að hv. þm. ætti manna sízt að tala um hlutleysi, þar sem hann og hans flokkur voru á sínum tíma þeir einu, sem vildu fara í stríð við tvær þjóðir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins gera stutta athugasemd varðandi þá staðhæfingu hv. 2. þm. Reykv., að við höfum orðið fyrir kúgun af ákveðnu stórveldi. Þetta er rangt. Það var einungis farið fram á ákveðin réttindi með samningum, en engri kúgun beitt. Og við Íslendingar höfum ekki sætt neinni kúgun frá því stórveldi né öðrum. — Hins vegar er ekki hægt að neita því, að stórveldi fara misjafnlega að gagnvart smáþjóðum. Dæmi eru kunn af lítilli þjóð og hins vegar stórveldi, sem tók það með ofbeldi, sem það fékk ekki framgengt hjá henni með samningum. Og það er slík stefna, sem Íslendingar geta aldrei staðið hlutlausir gegn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að umrætt stórveldi fór hér fram á herstöðvar til 99 ára, og þó að styrjöldinni væri lokið, hélt það áfram að hafa hér her, og það var ein aðalforsenda þeirra manna, sem gerðu Keflavíkursamninginn, að með því móti einu fengjum við því framgengt, að herinn færi burt, og var talið, að hann mundi sitja áfram í trássi við gerða samninga, ef ekki væri orðið við kröfum þessa stórveldis.

Ólafur Thors: Herra forseti. Mér er sagt, að það hafi verið kvartað um það hér, að utanrmn. hafi ekki verið kölluð saman. Það hvílir nú víst á mér sú skylda að kalla saman nefndina, en ég hef nú ekki séð ástæðu til þess, og

enginn nm. hefur heldur farið fram á það, ekki einu sinni hv. fyrirspyrjandi. Hann veit þó, að hann á svo innangengt hjá mér, að hann hefði getað snúið sér beint til mín og geymt sér að vera hér með þessi látalæti.

Það er nú annars kunnugt, að Bandaríkin beittu engri kúgun við umrædda samninga, og er það meira en hægt er að segja um sum önnur stórveldi. Hitt er staðreynd, að Bandaríkin vildu halda því fram, að þeim bæri ekki skylda til að fara héðan með her sinn fyrr en friðarsamningar hefðu verið gerðir, enda var þar um atriði að ræða, sem gat orkað tvímælis. Hitt orkaði aldrei tvímælis, að þeir mundu fara, þegar skyldan byði.

Einar Olgeirsson: Aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. G-K. sagði. Ég býst við, að hann mundi vera búinn að kalla saman fund í utanrmn., ef ekki væri þannig mál með vexti, að það væri talið nægja að ræða málin innan flokksstjórnanna; og ég er hræddur um, að það sé kominn sá háttur á, að það sé talinn óþarfi að vera að tala við fulltrúa Alþ.

Hitt þótti mér svo vænt um, að í yfirlýsingu hans kom fram staðfesting á því, að Bandaríkin hefðu litið svo á, að þeim bæri ekki skylda til að fara með her sinn úr landinu fyrr en að friðarsamningum loknum. Þetta gerir sem sagt ljóst, hver var hin „juridiska" forsenda Bandaríkjanna fyrir því, að þau buðu okkur byrginn með þrásetu hersins.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég tel mér skylt að upplýsa það, að ástæðan fyrir því, að ég hef ekki kallað saman fund í utanrmn., er sú, að mér er ekki ljóst, að nein þau mál liggi fyrir, sem utanrmn. þurfi að fjalla um. Hv. 2. þm. Reykv. hefur átt nógu lengi sæti í þeirri n. til þess að vita það, að það er undantekning, ef n. er kölluð saman án þess að um það komi fram ósk frá utanrrh., og er ekki talið, að nefndin hafi annars brýnt erindi á fund, ef enginn nm. fer heldur fram á það. Hv. þm. hefur víst litið sjálfur svo á, að n. ætti ekki brýnt erindi á fund, annars hefði hann snúið sér til mín, þó að hann hafi hins vegar talið ágætt tækifæri að koma hingað með leiktjöld sín. — Ég man líka svo langt, að þegar ég var utanrrh., féll honum prýðilega, að ég réði þessu, og án þess að spyrja hv. Framsfl. Ég tek því ekki á móti ásökunum í þessu efni. Allir, sem í n. eru, vita, að á því er færi að fá hana kallaða til fundar, ef tilefni þykir fyrir hendi.

Bernharð Stefánsson: Þegar þessi fundur var boðaður í Sþ., hafði áður verið tilkynnt, að fundir færu fram í báðum deildum Alþ. Til umr. var ekki annað en það að leyfa fsp. á tilteknu þskj., og alls ekki búizt við því, að umræður hæfust hér um utanríkismál. Og ef sá háttur á að fara að verða á, að jafnvel fundir í Sþ., sem boðað er til út af smámálum, standi svo lengi, að deildarfundi sé ekki hægt að halda, þá fer að verða lítið um löggjafarstörf á Alþ. — Það má minna á það, að um daginn taldi jafnvel einn þm. sig bærari um að ráða dagskrá á fundum Sþ. en forseti. En ég hef álitið til þessa, að löggjafarstarfið væri aðalhlutverk Alþ., en ekki þessir þingfundir, sem hér eru haldnir um allt og ekki neitt.

Það er eftirtektarvert, að þessi fundur í Sþ. er sá 24. á þessum vetri; næsti fundur í Ed. verður líka sá 24, en í Nd. sá 26. En ég hygg, að þess finnist fá dæmi í þingsögunni, að fundir í Sþ. hafi verið haldnir nema svo sem helmingi færri en í deildum, og ætti þetta að sýna þeim, sem um það kvarta, að það er sízt ástæða til að álasa forseta Sþ. fyrir það, að hann taki ekki mál á dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. eða þess hluta hennar, sem enn þá er eftir í landinu og er ekki floginn burtu, og þá fyrst til hæstv. forsrh., fyrst hann er staddur hér nú, hvort ríkisstj. hafi fengið í hendur uppkast að bandalagssáttmála fyrir Norður-Atlantshafsríkin, og ef hún hefur fengið slíkt uppkast og þó að hún hafi ekki fengið það, hvernig á því standi, að sú ákvörðun hefur verið tekin, að senda helming ríkisstj. til annarrar heimsálfu án þess að hafa um það samráð við Alþ. og utanrmn. þess, eins og l. mæla fyrir. Mér þætti mjög vænt um, ef hæstv. forsrh. gæti upplýst Alþ. um þetta. Ég hef áður komið með fyrirspurnir viðvíkjandi þessum málum, og þá hefur því verið svarað, að enn sem komið er lægi ekkert fyrir um þessi mál. Hins vegar fáum við nú tilkynningu um það í útvarpinu frá öðrum þjóðum, hvað sé fyrirhugað í þessum málum, hvað okkar eigin ráðh. segi. Mér finnst þess vegna ekki seinna vænna, að Alþ. fái a. m. k. að vita um, hvað fyrir liggur.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég skal svara fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. út af Atlantshafssáttmálanum. Ríkisstj. hefur ekki fengið í sínar hendur neinn sáttmála, og þar af leiðir, að um það er ekkert frekar að ræða á þessu stigi málsins. Út af för hinna þriggja ráðh., sem tilkynnt hefur verið um, skal ég geta þess, að ríkisstj. þótti sjálfsagt og vera skylda sín, eins og oft er, að láta rannsaka málið, áður en það lægi fyrir til ákvörðunar þeim aðilum, sem um það eiga að fjalla. Það hefur verið gert víða annars staðar en á Íslandi, og þótti ríkisstj. það sjálfsagt og eðlilegt, að það væru fengnar upplýsingar um þetta mál þar, sem þeirra væri frekast að vænta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði í svari sínu, að ríkisstj. hefði ekki fengið neinn sáttmála. Ég spurði um uppkast að sáttmála. Ég bjóst ekki við, að sáttmálinn yrði lagður fyrir ríkisstj. alveg tilbúinn, og hitt þykir mér mjög óeðlilegt, ef engin uppástunga hefur komið eða engar upplýsingar liggja fyrir, þegar ríkisstj. tekur slíkar ákvarðanir eins og þær að senda hvorki meira

né minna en helming ríkisstj. utan. Og ég vil leggja áherzlu á það, að nú þegar á þessari stundu verði gefnar upplýsingar um þetta, svo framarlega sem þær eru fyrir hendi, upplýsingar um það, ef einhvert uppkast er þegar til eða tilmæli hafa komið um þátttöku Íslands í slíku bandalagi. Þá er ekki seinna vænna, að viðkomandi íslenzkir aðilar fjalli um málið. Ég vil minna á það í því sambandi, að það hefur komið fyrir áður, að það hafa komið plögg frá öðrum þjóðum til okkar, tilmæli um hernaðarbandalag, og sjálfur núverandi forsrh. var þá utanrrh., þegar slík tilmæli komu. Í þeirri tilkynningu um hernaðarbandalag fólst dulbúin tilkynning um yfirvofandi hernám landsins. Ríkisstj., núverandi forsrh. var þá utanrrh., leyndi Alþ. þessum tilmælum. Ég vil þess vegna, svo framarlega sem í nokkru formi liggja fyrir þær upplýsingar, sem nú hafa verið svo þungar á metunum, að ríkisstj. hefur allt í einu tekið ákvörðun um að senda helming ráðh. vestur um haf, mælast til, að þær verði lagðar nú þegar fyrir Alþ. og utanrmn. Alþ. Það eru skýlaus lagafyrirmæli, að utanríkismál skuli lögð fyrir utanrmn. Alþ. Það eru lögbrot, ef Alþ. og utanrmn. Alþ. eru leynd slíkum tilmælum, sem þá mundu liggja hér fyrir.

Ég er hræddur um, að okkar þjóð verði til athlægis um allan heim fyrir að senda helming ríkisstj. til annarrar heimsálfu til að rannsaka málið. Það er siður, að utanrrh. fari í slíkar ferðir og þá með þeim mönnum, sem eru sérstaklega til þess fallnir, og venjulega í samráði við utanrmn. Alþ. Ég vil taka það fram, að ef það er rétt, að ríkisstj. væri engar ákvarðanir búin að taka í þessu máli, þá er undarleg sú yfirlýsing, sem nú hefur komið fram frá ríkisstj. Ég hlustaði á viðtal við utanrrh. okkar í íslenzka útvarpinu, sem fór fram í New York. Það virðist svo sem ríkisstj. fáist til að tala meira, þegar hún er komin vestur um haf. Þeir virðast þar hafa þá menn, sem þeim þyki ástæða til að segja frá hlutunum, en þeir hafa lítið við Alþ. Íslendinga að segja. Utanrrh. segir í fyrri hluta þessa viðtals, að ríkisstj. sé ekki búin að taka ákvörðun um, hvort hún muni verða með eða móti Atlantshafssáttmálanum, en þegar fram í viðtalið kemur, segir hann hins vegar, að einu mennirnir á Íslandi, sem séu á móti sáttmálanum, séu kommúnistar, sem hann segir, að séu um 10% af þjóðinni. Ef utanrrh. skyldi hafa átt við Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl., þá mátti hann vita, að það er nær því að vera 20% þjóðarinnar, sem honum fylgir. Þar að auki er það svo með hans eigin flokk, að trúnaðarmenn flokksins segja sig úr honum vegna afstöðu flokksins til Atlantshafssáttmálans. Það var sérstaklega undarlegt í þessu sambandi, að í fyrri hluta viðtalsins lýsti utanrrh. því yfir, að verið væri að athuga, hvort Íslendingar yrðu með eða á móti Atlantshafssáttmálanum, en í síðari hlutanum, að það væru engir nema einn ákveðinn flokkur á Íslandi á móti sáttmálanum. Er ríkisstj. búin að komast að niðurstöðu, áður en hún framkvæmir rannsóknina? Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þegar utanrrh. Íslands talar svona við útlenda menn, þá er tími til þess kominn, að ríkisstj. tali við Alþ. og segi því, hvernig þessi mál standi.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég hjó eftir því, eins og hv. 2. þm. Reykv., að utanrrh. vor taldi, að vera mundi heldur minna af kommúnistum hér heima en er. Ég býst við, að utanrrh. álíti, að helmingur flokksins séu þegnlegir íslenzkir borgarar, en hreinir kommúnistar ekki nema 10%. — Út af fyrir sig get ég skilið, hve hv. 2. þm. Reykv. er óánægður með það, hvað fáir fundir eru haldnir í utanrmn., því að þeir munu hafa verið í fæsta lagi upp á síðkastið. Mér finnst alveg rétt að tala hér af hreinskilni, ekki sízt þegar form. þessa flokks finnur, að þetta er ekki eins og það á að vera. Þessu er líka þannig háttað, að það er sérstök ástæða, sem liggur til grundvallar því og er hv. þm. ljós. Í lýðræðisríkjunum eru til menn, sem ekki fylgja sínu landi, heldur eru á móti því. Þetta er orðið mjög áberandi, þannig að í mörgum löndum hafa helztu menn þess flokks, sem hv. 2. þm. Reykv. telst til, lýst því yfir, að þeir ætli að hjálpa óvinunum, ef á löndin verði ráðizt. Þetta er raunveruleg alvara, að hjá lýðræðisþjóðunum eru menn, sem vilja ljá óvinum landsins lið, ef það bara eru Rússar. Ástæðan til þess, að hér er ekki talað um þetta mál í utanrmn., eins og ætti að vera, er blátt áfram sú, að kommúnistar eru gagnvart þjóð sinni eins og þeir væru útlendingar, og þá er ekki hægt að treysta þeim eins og Íslendingum, og þess vegna er það, að mér skilst, að ekki er hægt að framkvæma þingstjórn að þessu leyti. Það eru til hér útlendir menn með útlendan hugsunarhátt. Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er ekki ný bóla hér. Ég vil enn fremur benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að þegar hans flokkur var í ríkisstj. og a. m. k. á yfirborðinu gott samkomulag á milli stjórnarflokkanna, sem stóðu saman að kosningunum 1946, þá kom eitt mál, flugvallarsamningurinn, sem flokkur hv. 2. þm. Reykv. tók óþjóðlega afstöðu til, en form. stj., sem kommúnistar höfðu talað vel um, sá hættuna og virtist ekki vilja ráðgast neitt við þennan hluta ríkisstj. um þetta mál. Þetta kom fram í umr. á Alþ., þar sem þessi þáverandi stjórnarflokkur var særður yfir því, að honum skyldi haldið utan við þær umr., sem formlega var rétt hjá þeim. Ég tek í sama streng í þessu máli. Hins vegar skilst mér, að betra hefði verið að taka þennan flokk aldrei inn í félagsskapinn. Kommúnistar eru á annarri línu, og þess vegna er ekki hægt að hafa þá með við afgreiðslu hinna stærstu mála.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af þeim ummælum í ræðu hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann talaði um, að ég hefði aðeins lýst því yfir, að ríkisstj. hefði ekki borizt Atlantshafssáttmálinn, þá innti hann eftir því, hvort íslenzka ríkisstj. hefði fengið sent frá þeim aðilum, sem þar um ræðir, uppkast að slíkum sáttmála. Ríkisstj. hefur ekki fengið slíkt uppkast í sínar hendur. Ég vil taka þetta skýrt fram.

í annan stað, út af orðum þessa hv. þm., vil ég taka það fram, að ég tel enga skyldu bera til þess, eftir ákvæðum, sem gilda í þingsköpum um utanrmn., að ræða við hana, þó að ríkisstj. óski eftir og vilji afla sér vissra upplýsinga með sendiferðum til erlendra ríkja. Það er ekkert í ákvæðum um utanrmn., sem bendir til þess, að ríkisstj. þurfi að bera slíkt undir hana. Hitt er annað mál, eins og að nokkru leyti kom fram í ræðu hv. þm. S-Þ., að ríkisstj. hefur ekki sérstaka tilhneigingu til að bera ráð sín saman við þá menn, sem tilheyra þeim alþjóðasamtökum, hvers forustumenn hafa lýst því yfir hver í kapp við annan, að þeir mundu berjast gegn sínum eigin þjóðum, ef annars vegar séu Rússar. Við slíka flokka er í rauninni lítið semjandi og lítið undir eigandi í utanríkismálum yfirleitt.

Forseti (BG): Þess er vænzt, að utan dagskrár fari ekki fram mjög yfirgripsmiklar og langar umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju, að umr. urðu um þetta mál, utan dagskrár. Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um utanrmn., er því að svara, að hún er sú eina n., sem sérstaklega er mælt fyrir um í l., að ekki skuli aðeins lögð öll utanríkismál fyrir meðan þing stendur yfir, heldur líka á milli þinga. Það er alveg sérstaklega til þess ætlazt og n. sérstaklega til þess stofnuð af Alþ., að Alþ. gegnum utanrmn. geti haft eftirlit með embættismönnum ríkisins — í þessu tilfelli ráðuneytinu — viðvíkjandi utanríkismálum. Viðvíkjandi yfirlýsingu hæstv. forsrh. nú vil ég aðeins taka það fram við hann, að ég veit ekki til þess, að búið sé að lögleiða herskyldu á Íslandi. Ég veit ekki til þess, að Íslendingar eigi að fara að berjast, og ég veit ekki til þess, að íslenzka ríkið sé búið að upphefja sína hlutleysisyfirlýsingu eða hafi á nokkurn hátt hugsað sér að berjast með eða móti, ef til stríðs kæmi, eða að það hafi tekið á löglegan hátt nokkra ákvörðun um slíkt. Hins vegar þótti mér mjög vænt um, að hv. þm. S-Þ. skyldi koma hér fram sem sjálfboðaliði fyrir hönd ríkisstj. Mér finnst, að einmitt í þessu máli sé það eðlilegt og sjálfsagt, að í hvert skipti sem ríkisstj. þurfi eitthvað að segja viðvíkjandi því, sem hún hugsar, þurfi hún ekki annað en að skírskota til þess, sem hv. þm. S-Þ. segir, vegna þess að hann segir það miklu berar og ótvíræðar en ríkisstj. og venjulega nokkrum árum áður en hún þorir að segja það. Hv. þm. S-Þ. hefur frá því áður en lýðveldi var stofnað á Íslandi byrjað áróður fyrir því að útvega erlendu stórveldi herstöðvar á Íslandi. Hann hefur haldið uppi þessum áróðri árum saman til þess að reyna að undirbúa hugi manna hér undir það að gefa erlendu stórveldi íhlutun og fangastað á íslenzkri grund. Honum hefur verið hjálpað til þess af erlendu stórveldi, sem þvingaði Alþ. til þess að ganga að nauðungarsamningi og braut hann síðan. Ég á við Bandaríki Norður-Ameríku, sem settu Íslendingum úrslitakosti þann 24. júní 1941 og þvinguðu þá til þess, með 24 stunda fyrirvara, að ganga að þeim úrslitakostum, rufu þann samning og frömdu pólitíska innrás í okkar land og þvinguðu meiri hl. Alþ. til að láta af hendi Keflavíkurflugvöllinn 1946 með hótun um að fara ekki á brott með herinn. Hv. þm. S-Þ. hefur dyggilega stutt þetta herveldi, sem er eina stórveldið, sem hefur beitt Íslendinga nauðung í seinni tíð, rofið á okkur samninga og skert yfirráð okkar yfir okkar eigin landi, og hv. þm. hefur öðru hvoru tekizt að fá meiri hl. Alþ. til að standa með sér í þessari árás á Ísland. Þm. má hins vegar eiga þökk fyrir þá hreinskilni, að hann segir venjulega frá því, sem hugsað er að gera, nokkrum árum áður en stj., sem fetar svo í fótspor hans, þorir að gera það opinbert. Hv. þm. S-Þ. vill hafa opinberar herstöðvar á friðartímum á Íslandi, en stj. er enn hrædd við að feta í fótspor meistara síns. Hv. þm. S-Þ. hefur enn fremur lýst því yfir, að hann álíti, að Íslendingar eigi að koma á herskyldu. Ríkisstj. er enn þá hrædd við að ganga inn á það mál. Ég býst við, að öll ríkisstj. verði að fljúga til Ameríku um það leyti, sem fyrirmæli koma um það atriði í samræmi við óskir hv. þm. S-Þ.

Að síðustu viðvíkjandi því, sem hv. þm. S-Þ. minntist á útreikning hæstv. utanrrh. á styrkleika Sósfl. hér á Íslandi, má hann manna bezt vita, m. a. af sínum eigin skrifum, að það munu ekki aðeins vera hinir þjóðhollu borgarar, sem eru í Sósfl., sem eru á móti Atlantshafssáttmálanum, heldur líka drjúgur hluti þess flokks, sem hv. þm. telur sig til. Þar er mjög ákveðin andstaða gegn Atlantshafssáttmálanum, og jafnvel þó að hv. þm. hafi tilhneigingu til að kalla þá menn alla kommúnista, sem eru á móti sáttmálanum, þá býst ég ekki við, að hann vildi gefa þau atkv. við kosningar. Enn fremur veit ég ekki betur, hvað Alþfl. snertir, en að hæstv. forsrh. sé í miklum vandræðum, meira að segja með þá menn, sem eru í framboði fyrir Alþfl., og jafnvel með þm. flokksins, út af þessu máli. Ég veit ekki betur en flokksmenn utanrrh. séu einnig í þeirra hópi, og ætti hæstv. fjmrh. að geta gefið nánari upplýsingar um suma þeirra.

Ef forsrh. vill fara út í pólitískar umræður um þetta mál, þá skal ekki standa á mér, en hann ætti að athuga, að það er þjóðin sjálf, sem mótmælir aðförum ríkisstj. og mótmælir þátttöku í hernaðarbandalagi. Víðs vegar að af landinu rignir yfir Alþingi mótmælum gegn þátttöku í hernaðarbandalagi, en ekki ein einasta samþykkt hefur Alþingi borizt því til stuðnings. Þegar um er að ræða jafnstórt mál sem hér er á ferðinni, þá er ríkisstj. skylt að leggja það fyrir utanrmn. Það er margt, sem þm. vilja vita um, áður en samningar eru hafnir við erlent stórveldi. Þess vegna mótmæli ég meðferð þessa máls í nafni Alþingis og íslenzku þjóðarinnar.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessar umr., en vil aðeins taka fram vegna ummæla 2. þm. Reykv., að ríkisstj. hafi ekki fylgt þingsköpum í meðferð þessa máls, að það er ekkert ákvæði í þingsköpum, sem bendir á slíkt. Það er gert

ráð fyrir, að utanríkismálum sé vísað til utanrmn., en það er hvergi tekið fram, að ríkisstj. megi ekki kynna sér málefnið fyrst, nema síður sé. Og um för hinna þriggja ráðh. til Washington er það að segja, að ríkisstj. þótti sjálfsagt og taldi sér skylt að láta rannsaka þetta mál, áður en það væri lagt fyrir þá aðila, sem ákvörðun eiga að taka. Hitt er svo annað mál, að það er ekkert æskilegt að leita ráða kommúnista, hvorki í utanrmn. né annars staðar, í máli eins og þessu, eftir að hafa heyrt yfirlýsingar flokksbræðra þeirra og leiðtoga erlendis.

Í sambandi við fyrirspurn um það, hvort kommúnistar mundu berjast með erlendum her gegn þjóð sinni, ef til átaka kæmi, eins og leiðtogar kommúnista sumra ríkja hafa lýst yfir, þá svaraði 2. þm. Reykv. því, að hann vissi ekki til, að hér ætti að stofna til herskyldu. Þetta er rétt, en þm. veit líka, að það er hægt að aðstoða erlendan her með öðru en vopnaburði, og það þekkja allir glögg dæmi þess í sambandi við innrásir nazista í stríðinu. Íslenzkir kommúnistar svara ekki, þegar þeir eru spurðir um, hvort þeir mundu aðstoða erlendan her gegn sinni eigin þjóð, en þeim er vel trúandi til þess, því að þeir eru ekkert annað en meiður af sama stofni og þeir, er slíkar yfirlýsingar hafa gefið. Svo þykjast þeir tala í nafni íslenzku þjóðarinnar. Það er smán.

Það er líka ógleymt, þegar einn þm. kommúnista lýsti yfir í sambandi við umræður um hervernd Bandaríkjanna 1941, að hér mætti „skjóta án miskunnar", ef það yrði til þess að létta undir með Rússum á austurvígstöðvunum. (*BrB:* Hver sagði það?) Sá, sem greip fram í. (*BrB:* Það er lygi. — *Forseti:* Það er alveg ótækt, að utandeildarmenn séu að grípa hér fram í. — *BrB:* Ég skora á ráðh. að sanna þetta, — eða mega ráðh. ljúga í deildinni? — *FJ:* Út með dónann.) Við skulum lofa honum að sitja. Það er auðséð, að samvizkan sló hann, en þm. getur flett upp í alþingistíðindum frá 1941 og lesið þar orð sín. (*EOl:* Ef samvizkan hefur slegið einhvern illa, þá er það ráðherrann sjálfan, — eða er svo komið, að hún slái ekki lengur þess konar herra?)

Í sambandi við hlutleysistal kommúnista er rétt að minnast þess, að það kvað við annan tón, þegar Þjóðviljinn barðist fyrir því, að Íslendingar tækju þátt í síðustu styrjöld „með öllum þeim ráðum og tækjum", sem þeir hefðu yfir að ráða, en samkvæmt kröfu Rússa átti það að vera aðgöngumiði Íslendinga að stofnun Sameinuðu þjóðanna. Þetta hefur verið rifjað upp og er hægt að rifja betur upp, þegar betra tækifæri er til. En mönnum með slíka fortíð getur íslenzka ríkisstj. ekki treyst í utanríkismálum. Ég mun ekki fara frekar út í þetta mál, nema tilefni gefist til, þar sem málið er ekki á dagskrá. En að lokum get ég sagt þm., að ríkisstj. mun leggja fyrir Alþingi þau mál, sem varða öryggi landsins, og Alþingi mun taka sínar ákvarðanir samkvæmt stjórnskipunarháttum Íslendinga.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að segja 2. þm. Reykv., að mín hreinskilni gagnvart því, hvers vegna hans flokkur er ekki hafður með í þessu máli, eru leifar af gömlum kunningsskap við þennan hv. þm. og hans flokk. Hitt, sem þessi þm. tók fram um afstöðu mína til málsins, þ. e. a. s. það að hafa nokkrar vopnaðar flugvélar á Keflavíkurvellinum, á eftir að verða vinsælt. Og þannig mun fara, að eftir því sem árásarhættan vex, þá skilur þjóðin betur, að það veitir ekki af að hafa nokkur þúsund manna her til að líta eftir fimmtu herdeildinni innanlands, þó að ekki væri annað.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Mér skilst á ráðh., að hann sé að biðjast undan að ræða þetta mál. Hann óskar ef til vill eftir, að það verði fremur á dagskrá í fyrirspurnatíma, þar sem þm. hafa ekki nema 5 mín. til umráða, en ráðh. fær ótakmarkaðan tíma til andsvara. Það kemur líka glöggt fram, að forsrh. er mjög órór, en slíkt er venja, þegar menn vinna ill verk á bak við tjöldin. Hvar skyldi það þekkjast, annars staðar en hér, að hálf ríkisstj. sé send úr landi með leynd og án þess að það sé svo mikið sem minnzt á það við utanríkismálanefnd þingsins? Slíkt er áreiðanlega hvergi gert nema hér. Og það er ofur eðlilegt, að forsrh. sé órór yfir þessu baktjaldamakki sínu og pukri. — Ég ætla annars ekki að lengja þessar umr., en langar samt til að bera fram tvær fyrirspurnir til forsrh. Sú fyrri er, hvort hann hugsi sér þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu sem einhverja ógnun við Rússa. Eftir orðum hans var ekki annað að skilja en að þátttaka Íslands í bandalaginu væri hernaðarleg ógnun við Rússa. Hin spurningin er sú, hver átt hafi frumkvæði að för ráðherranna þriggja til Bandaríkjanna. Var það ákvörðun íslenzku ríkisstj. eða fyrir frumkvæði Bandaríkjastjórnar?

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að svara þessum fyrirspurnum þm. Siglf. — Við fyrri spurningunni vil ég segja það, að ég fyrir mitt leyti tel slíkt fjarstæðu og svara því spurningunni neitandi, enda er það margyfirlýst, að þetta samband er fyrirhugað sem varnarbandalag, en ekki sem árásarbandalag. Það á að verjast árásum annarra þjóða, og slíkt ætti ekki að vera ógnun við Rússa, nema með einu móti, og því getur þm. svarað sjálfur.

Við hinni spurningunni er það að segja, að íslenzka ríkisstj. taldi sér bæði rétt og skylt að afla upplýsinga um þennan fyrirhugaða sáttmála, að svo miklu leyti sem hann er ákveðinn. Og utanför ráðherranna var ákveðin af ríkisstj., en ekki eftir ósk annarra og allra síst skipun.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég heyri, að forsrh. fellur nú betur í rulluna en í sinni fyrri ræðu, því að þá gleymdi hann í æsingnum að taka fram, að þetta væri aðeins varnarbandalag. — En í framhaldi af minni fyrri spurningu vil ég leyfa mér að bæta annarri við, og hún er þessi: Hefur ríkisstj. algerlega tekið þessa sendiferð upp hjá sjálfri sér, og hafa henni alls engar orðsendingar borizt, hvorki

munnlegar eða skriflegar frá stjórn Bandaríkjanna?

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af því, sem þm. Siglf. sagði, þá hef ég aldrei minnzt á í mínum ræðum, að Atlantshafssáttmálinn ætti að þýða sama og árásarbandalag. En hitt vitum við, að það eru til þjóðir, sem ráðast inn í lönd annarra og leggja þau undir sig, og við þekkjum vel dæmi um slíkt frá síðustu árum. Við vitum, hvaða stórveldi hefur ráðizt inn í fjölda landa og lagt þau undir sig og kúgað milljónir manna. (*EOl:* Það eru Atlantshafsbandalagsþjóðir, sem það hafa gert.) Það vita allir, hverjir það eru. (*EOl:* Eru það Bretar? — *ÁkJ:* Og hvað um Hollendinga?) Herra forseti. Ég vil óska eftir, að þessir þm. séu ekki alltaf að grípa fram í. Þeir virðast ekki kunna neina mannasiði. (*EOl:* Ef stjórnin kynni einhverja siði. — *Forseti:* Það verður að hætta umræðum um þetta mál, ef þm. gefa ekki hljóð.) Það er von, að þessir þm. eigi bágt með sig, og þeir eiga sannarlega bágt.

Út af síðustu ræðu þm. Siglf. og fyrirspurn hans, hvort nokkur munnleg eða bréfleg viðskipti hafi átt sér stað milli ríkisstj. og bandarísku stjórnarinnar, er því til að svara, að eins og gefur að skilja, þá fara ýmis bréfaskipti milli vinsamlegra þjóða, og meðal annars hafa Bandaríkin leitað eftir, hvort Íslendingar óskuðu eftir að koma einhverju á framfæri í sambandi við þessi mál, en að um boð eða skipun hafi verið að ræða af hálfu Bandaríkjanna í þessu máli, það er fjarstæða. Og þessi ákvörðun um för utanrrh. vestur ásamt fulltrúum hinna stjórnmálaflokkanna, sem þátt taka í ríkisstj., var tekin af íslenzku ríkisstj., eins og ég hef áður sagt, og þótti bæði rétt og skylt að kynna sér þessi mál, eftir að vitað var, að Íslandi yrði boðin þátttaka í Atlantshafsbandalagi, og áður en ákvörðun væri tekin í málinu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég fékk nú loks þær upplýsingar hjá forsrh., sem ég hef verið að leita eftir. Það er að segja upplýsingar um, að það hafa farið ýmis bréf og orðsendingar milli íslenzku ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar, og þá einkum þess efnis, hvort ekki væri eitthvað, sem Íslendingar óskuðu að koma á framfæri, sem sagt, þessi ferð ráðherranna er utanstefna. Ríkisstj. sendir 3 ráðherra utan, án þess að minnzt sé á það við utanrmn., og við þm. stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að hálf ríkisstj. er erlendis að semja um skilyrði, sem erlendir menn setja, og það án þess, að Alþingi hafi hugmynd um förina fyrr en eftir á. Þetta hefði forsrh. átt að upplýsa strax, en það er ósköp skiljanlegt, að hann hafi ekki kært sig um að upplýsa þetta baktjaldamakk stj. fyrr en í síðustu lög. En nú, úr því að tekizt hefur að fá þessar upplýsingar hjá ráðh., þá skora ég á hann að birta nú þegar öll þau bréf og orðsendingar, sem á milli hafa farið í þessu máli, og draga ekkert undan. Ríkisstj. hefur verið staðin að því að hafa farið á bak við utanrmn. og Alþingi í málinu og er sýnilega að reyna að draga þjóðina inn í hernaðarblakkir stórveldanna, en þjóðin á fullan rétt á að fá að fylgjast með þessum málum, og þess vegna vil ég endurtaka áskorun mína til forsrh., að hann láti nú þegar birta þau bréf og orðsendingar, sem á milli ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar hafa farið í þessu máli.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Mér finnst einkennilegt, þegar þessi þm. og flokksmenn hans eru að tala um æsing og óstyrkleika. Ég held, að óstyrkleikurinn og æsingin sé mest í þeirra hópi, því að bæði eru ræður þeirra lengri en mínar og auk þess er erfitt að fá hljóð fyrir fúkyrðum þeirra og frammígripum. Það var líkt þm. Siglf. að álykta eins og hann gerði af orðum mínum. Hann segir þvert á móti því, sem ég tók fram, að utanrrh. hafi verið kvaddur utan af Bandaríkjunum. Ég hélt, að ég hefði þó tekið það skýrt fram og það oftar en einu sinni í mínum ræðum, að utanrrh., ásamt fulltrúum hinna flokkanna, sem standa að ríkisstj., hafi farið út vegna ákvörðunar stj. sjálfrar, en hvorki vegna kvaðningar og allra síst skipunar erlendra aðila. En þm. má álykta öfugt við orð mín. Það eru rökin, sem hann telur sig þurfa að nota í sínum málflutningi og fyrir sínum málstað.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Loksins er búið að fá forsrh. til að meðganga. En það er eftir að fá upplýsingar um það, hvers vegna hálf ríkisstj. var send og þar af tveir menn, sem hvorugur hefur komið nærri utanríkismálum, þeir Emil Jónsson og Eysteinn Jónsson, nema ef telja á ferð Eysteins til Englands forðum, sem af fáum mun nú talin nein frægðarför. Hins vegar hafði ríkisstj. á að skipa mönnum, sem eru þaulvanir utanríkismálum og eiga auk þess sæti í utanrmn., þeim Hermanni Jónassyni varaformanni utanrmn. og Ásgeiri Ásgeirssyni ritara nefndarinnar. Hvernig stendur á, að ekki var heldur leitað til þessara manna eða annarra, sem þekkingu hafa á utanríkismálum? Jú, sannleikurinn mun vera sá, að ríkisstj. kærði sig ekki um að fara út fyrir sinn þrönga hring, það gat orsakað óþægilegar spurningar, sem ríkisstj. kærði sig ekki um að svara.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þessi síðasta ræða 2. þm. Reykv. gefur lítið tilefni til andsvars, því að hún er sama efnis og ræða þm. Siglf. Mig gildir einu, hvaða skýringar 2. þm. Reykv. gefur á utanferð ráðherranna, því að ályktanir og skýringar þessa þm. og flokksbræðra hans eru á þá leið, að það tekur enginn mark á þeim.

III. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hljóta að hafa orðið mistök við samningu þessarar dagskrár, sem liggur fyrir þessum fundi. Fyrir alllöngu bar ég fram ásamt fleiri þm. tvær till. til þál., og voru þær 24. og 25. mál þingsins. [Sérréttindi í áfengis- og tóbakskaupum, Vínveitingar á kostnað ríkisins.] Hvorug þessara till. er á dagskrá, en hins vegar hafa verið teknar á dagskrá fjórar þáltill., sem eru síðar fram komnar, og er ein þeirra 29. mál. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leiti eftir samþykki fundarins til þess að bæta þessum till. inn á dagskrá þessa fundar, það er að segja, hvernig ræða skuli. Sú meðferð tekur venjulega mjög stuttan tíma, og vildi ég vænta, að hæstv. forseti leitaði eftir samþykki fundarins til að bæta þessum tveimur till. á dagskrána, þar sem hér hlýtur að vera um nokkur mistök að ræða.

Forseti (JPálm): Í sambandi við það, sem hv. þm. V-Húnv. gat um áðan, vil ég taka fram, að ég geri ráð fyrir, að það sé nóg á þessari dagskrá, og verður henni ekki breytt í dag.

Skúli Guðmundsson: Mér finnst svar forseta dálítið einkennilegt og benda til, að hér hafi ekki verið um gáleysi að ræða eða mistök, eins og ég í fyrstu hugði, að vera mundi. Svo mikið er víst, að í þeirri n. í Nd., þar sem ég á sæti, er venja að taka málin til meðferðar í réttri röð, eftir því sem þau berast, og mér finnst þessi regla sjálfsögð, en ekki að haga undirbúningi dagskrárinnar eftir því t. d., hvort einstök mál eru sérstökum forseta geðþekk eða ekki. Ég vil því endurtaka áskorun mína til forseta um það, að hann beri undir þingfund, hvort þessar till. skuli teknar fyrir, þ. e. hvernig ræða skuli.

Forseti (JPálm): Ég skal lofa hv. þm. V-Húnv. því að taka þessar till. næst á dagskrá, en dagskrá þessa fundar verður ekki breytt.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Ég sé ástæðu til að gera aths. við dagskrá þessa fundar. Það er gert ráð fyrir því að taka fyrir 29. og 33. mál, en 24. og 25. mál hafa eigi enn verið tekin fyrir, og er þetta í annað sinn, sem þau eru látin bíða. Nú vil ég leyfa mér að skora á hæstv. forseta að taka 24. og 25. mál þegar fyrir til fyrri umr. á næsta fundi.

Forseti (JPálm): Dagskrám verður hagað hér eftir sem hingað til eftir því, sem hentugt þykir og eðlilegt er.

Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í sambandi við þessar fyrirspurnir vildi ég minnast á það, að ég hef orðið þess var, að menn undra sig á því, hve mikið af tíma þingsins fer í þær. Það er kunnugt, að á þingum erlendis er sérstakur tími ætlaður til fyrirspurna. Ég vildi nú skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki megi binda fyrirspurnir við þrjár stundir í viku, og að þá verði þeim fyrirspurnum svarað, sem unnt er að svara, en hinar látnar mæta afgangi þar til næst.

Pétur Ottesen: Ég vil, í tilefni af því, hve erfiðlega gengur að fá mál á dagskrá, taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Ég ætla, að ég sé flm. að þremur till., sem bornar voru fram í Sþ. snemma á þessu þingi, en hinar flyt ég ásamt öðrum þm. Það er nú komið á sjöttu viku, að ég ætla, síðan þessar till. voru bornar fram, en engin þeirra hefur komið á dagskrá. Það getur ekki verið á þennan veg til lengdar, að fyrirspurnir séu teknar á dagskrá öllum öðrum málum fremur og algerlega gengið fram hjá þáltill. Að hefta þannig framgang þeirra mála, sem till. lúta að, hlýtur að valda óánægju. Ég verð því að skora á hæstv. forseta að breyta um starfshætti og gera þegar ráðstafanir til þess, að þáltill. verði teknar á dagskrá. Annars verð ég að grípa til þess ráðs, sem þm. er í hendur lagt, er þeir eru beittir óeðlilegri meðferð af forseta, að koma fram með skriflega ósk til hans um þetta. Ég hef ekki gert þetta enn, en ef dráttur verður hér eftir, þá verð ég að grípa til þess eina ráðs, sem ég hef samkv. þingsköpum.

Ég vildi grípa tækifærið og láta í ljós óánægju mína yfir þessu, og ég vænti þess, að ábendingar hæstv. dómsmrh. og minar verði til þess, að breytt verði um starfshætti. Þetta ætti að vera því auðveldara sem annir þingsins eru minni. Ég hef setið á mörgum þingum og man ekki til þess, að nokkru sinni hafi verið jafnlítið gert og nú.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hæstv. dómsmrh. vil ég segja það, að ég get verið honum samþykkur um það, að tíminn, sem til fyrirspurnanna hefur farið, hefur verið um of. En, eins og hv. þm. Borgf. sagði, er þingið iðjulaust, það hefur ekkert gert síðan það kom saman, og ég get trúað hæstv. ráðh. fyrir því, að fyrirspurnirnar eru það eina lífsmark, sem það gefur frá sér. Þar fyrir er ekki rétt, að það taki marga daga að ræða þær. Kaldaðarnesmálið tók t. d. meiri tíma en þurft hefði. Eigi hins vegar að takmarka tímann, verða líka hæstv. ráðh. að gæta hófs um ræðutíma sinn. Mér finnst eðlilegt að nota hina brezku fyrirmynd í þessum efnum. Án fyrirspurnanna yrði þingið mjög leiðinlegt.

Forseti (JPálm): Út af þeim aðfinnslum, sem hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Borgf. hafa komið fram með, vil ég taka þetta fram:

Samkvæmt breyt., er gerð var á l. um þingsköp Alþ., er svo ákveðið, að prenta skuli vikulega þær fyrirspurnir, sem berast, og útbýta meðal þm. á fundi. Á næsta fundi skal það borið undir atkv., hvort fyrirspurnirnar skuli leyfðar eða ekki, og forseti síðan taka þær á dagskrá eigi síðar en viku eftir að þeim er útbýtt. Þessari reglu hefur verið fylgt án undantekningar síðan þessi ákvæði voru samþ. Ég hef ekki séð mér fært að víkja frá henni, nema svo hafi staðið á, að ráðh. hafi ekki verið við. Annars er það svo, eins og hv. þm. vita, að þm. mega ekki tala lengur en í 5 mín., en ráðh. hafa ótakmarkaðan ræðutíma og tala oft og einatt óþarflega lengi, oft um sömu málin. Það er því fremur hæstv. ráðh. að kenna en þm. eða forseta, hvað umr. eru langar. Ég get ekki gengið fram hjá skýlausum ákvæðum þingskapanna. Ég hef athugað möguleikana á því að hafa fundi seinni part dags, en hæstv. stj. hefur mælzt undan því, og ég hef talið það eðlilegt, að forseti hefði samráð við hæstv. ríkisstj. bæði um þetta og annað. Um þáltill. er það að segja, að þær hafa ekki verið taldar það þýðingarmiklar, að flýta þyrfti þeim svo, að þær væru látnar sitja í fyrirrúmi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það var ekki ætlun mín að ávíta hæstv. forseta, heldur að benda á það, að þörf væri á hagkvæmari starfsháttum. Engum þm. blandast hugur um það, að of mikill tími fer í þessar umr., jafnvel ekki fyrirspyrjanda allra tíma, og má þar um segja, að bragð er að þá barnið finnur. Reynslan hefur líka orðið sú, að fresta hefur orðið fundi vegna þess, að ekki hefur verið hægt að ljúka málum af. Mér finnst eðlilegast í þessum efnum, að einfaldlega sé skýrt frá staðreyndum, og held, að þá muni nægja þrjár klukkustundir í viku. Ég veit ekki betur en að svipaður háttur sé hafður í brezka þinginu. Svör ráðh. eru stutt, örfá orð, eða bara já eða nei, og þess vegna tekur þetta stuttan tíma.

Sem sagt, mér sýnist sem of mikið af tíma þingsins fari í þessar umr. um fyrirspurnir, það eru þó á áttunda tug mála, sem fyrir liggja, og sum þeirra stór og krefjast verulegrar vinnu. Það kann að vera rétt, sem hv. þm. S-Þ. segir, að landslýðurinn hafi gaman að fyrirspurnum, ekki síður en hann sjálfur, en það þarf fleira að komast að en sú skemmtun.

Pétur Ottesen: Hvað sem fyrirspurnunum líður, virðist nægur tími til þess að taka önnur mál á dagskrá, svo að þau þurfi ekki að bíða vikum og mánuðum saman. Það er því einkennileg ástæða fyrir þessum drætti, að þau séu ekki svo þýðingarmikil. Ég held, að hæstv. forseti geri sér ranga hugmynd um stjórnarhætti vora og þingræðið, ef hann lítur svo á, að hann eigi að haga dagskrá eftir sínu eigin mati á málunum. Þau mál, sem ég hef skirskotað til, hafa beðið síðan 19. okt. og 3. nóv. og hafa ekki enn verið tekin á dagskrá. Ég treysti þess vegna því, að hæstv. forseti sýni þá háttvísi og þann þingræðishug að taka þau á dagskrá við fyrsta tækifæri, svo að þau verði lögð undir dóm Alþ.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hæstv. dómsmrh. vil ég segja það, að hann miklar of minn þátt í fyrirspurnunum. Ég hef aðeins átt þátt í því að gera þær fyllri.

Forseti (JPálm): Það er ekki ástæða til að ræða það, sem hv. þm. Borgf. sagði. Það var byggt á fullkomnum útúrsnúningi á meiningu minni. Það hefur verið talið réttara að flýta frv. fremur en þáltill., en ég hef legið undir ámæli fyrir að taka of mikið tillit til þáltill. — Þetta verður ekki rætt meira.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Hv. þm. er kunnugt um það, að framan af þingum er venjulega ekki mjög mikið að gera fyrir þm., en hins vegar hefur oft verið sú reynslan, að síðari hluta þinga hlaðast mikil störf á þingmenn, er verða þá að vinna nótt með degi, bæði af því að þá er nú afgreiðsla á stærsta málinu, sem fyrir Alþ. liggur, fjárl., og eins hinu, að þá ryðjast mál frá nefndum, og fundir verða þá oft langir. Þetta leiðir oft til þess, að mál verða ekki afgreidd af þinginu sum, en sum með nokkuru flaustri. Nokkur brögð hafa ætíð verið að því, að þm. ynnu heldur slælega framan af þingi, en ég hygg, að aldrei hafi það keyrt eins úr hófi eins og nú. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um fyrir sólarhring síðan frá skrifstofunni, þá hafði verið þá vísað til nefndar hér í hv. d. 32 málum, en aðeins fimm verið afgr. frá nefndum. — Ég sé ekki, að það sé neitt á móti því að skýra frá þessu hér, því að þetta er viðkomandi öllum hv. þm.

Til fjhn. hafði þá verið vísað 10 málum og hún hefur ekkert afgreitt. Til samgmn. einu máli. Hún hefur ekki afgreitt það. Landbn. hefur fengið 4 mál og hefur afgr. eitt. Sjútvn. hefur fengið 3 mál og afgreitt 2. Iðnn. hefur fengið eitt mál og afgreitt það. Heilbr.- og félmn. hefur fengið 5 mál og ekkert afgreitt. Menntmn. hefur fengið 3 mál og ekkert afgreitt. Allshn. hefur fengið 5 mál og afgr. eitt. — Alls, eins og ég sagði, hafa nefndirnar fengið 32 mál til meðferðar í þessari hv. d., en afgreitt aðeins 5 af þeim. — Sjálfsagt liggja gildar orsakir til þess, að n. hafa ekki afgreitt öll málin frá sér. En þegar þess er gætt, að liðnar eru meira en sex vikur af þinginu, þá er dálítið leiðinlegt að sjá, að þingn. hafa ekki afgreitt einu sinni eitt mál til jafnaðar í þær sex vikur, sem liðnar eru af þinginu. Ég vil fyrir mitt leyti óska eftir því, að hæstv. forseti hafi á því athugun, hvernig þingnefndirnar vinna og geri sig að húsbónda yfir þeim í þessu efni, því að það verður ekki við það unað, að svona slælega sé unnið.

Á 24. fundi í Sþ., 3. des., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil enn leyfa mér að bera fram kvörtun yfir því, að 24. og 25. mál þingsins hafa enn ekki verið tekin til umr. hér. Það er liðið alllangt síðan við nokkrir þm., ég held niu talsins, sendum hæstv. forseta skrifl. áskorun um það að taka þessi mál fyrir, en þau höfðu þá beðið alllengi. Síðan hafa þau verið sett á dagskrá nokkrum sinnum, en þó ekki komið til umr., sakir þess að hæstv. forseti hefur sett önnur mál framar á dagskrána, þótt síðar hafi verið fram borin hér í þinginu. Nú vil ég enn, með tilvísun til þessarar skrifl. áskorunar, sem hæstv. forseti hefur fengið fyrir alllöngu um þetta, beina þeirri kröfu til hæstv. forseta, að hann taki þessi tvö mál fyrst mála fyrir á næsta fundi í Sþ., sem væntanlega verður haldinn næstkomandi mánudag — eða á næsta fundi, hvenær sem hann verður haldinn.

Forseti (JPálm): Út af þessari aths. vil ég geta þess, að það er rétt, að mér barst krafa um það frá sjö hv. þm. úr Nd. og tveimur úr Ed. að taka þessi mál á dagskrá, og það hef ég gert. Þau hafa verið á dagskrá á öllum þeim fundum í Sþ. síðan, sem hafa verið umræðufundir, en ekki hefur verið komizt að þeim. Og þau verða sjálfsagt á dagskrá og koma til umr. og afgreiðslu, þegar tími vinnst til. En á þeim fundum, þegar fyrirspurnir eru til umr., þá verða þær að sitja fyrir um afgreiðslu, eða það hefur verið svo, að fyrirspurnirnar hafa þá setið fyrir, og verður svo áfram, ef ekki verða fundir í Sþ. aðra daga en miðvikudaga, því að kvöldfundir hafa ekki verið haldnir í Sþ. enn.

Pétur Ottesen: Það er aðeins út af því, að tvær þáltill. hafa borizt hér til umr., sem hv. þm. V-Húnv. minntist á. Ég held, að það sé gert ráð fyrir því í þingsköpum, að þegar fram koma áskoranir frá tiltekinni tölu þm. um að taka mál á dagskrá, þá beri forseta að bera þau tilmæli upp fyrir Alþ., og ef þau tilmæli ná þar samþykki, þá skuli þau mál tekin fyrst á dagskrá á næsta fundi, sem haldinn er í Sþ., ef um mál er að ræða eins og hér, sem borin hafa verið fram í Sþ. En það hefur alltaf verið gengið á snið við þetta ákvæði þingskapa í þessu tilfelli. Og ef því á að halda áfram, þá verður að sjálfsögðu að gera að nýju tilraun af hálfu þeirra þm., sem hér eiga hlut að máli, um að bera fram slíka áskorun, og sjá þá, hvernig hæstv. forseti tekur á málinu. Og þetta verður að sjálfsögðu að gera og verður gert, ef þessi mál verða ekki tekin fyrst á dagskrá, þegar fundur verður haldinn í Sþ., eða þá a. m. k. næst á eftir þeirri fyrirspurn, sem nú liggur fyrir, að rædd verði í Sþ.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Það var víst annan fyrra mánaðar, að útbýtt var frv. um heimild til að flytja inn jeppabifreið. Það eru nú 6 vikur síðan málið fór til fjhn. og ég vildi biðja hæstv. forseta að sjá um, að n. geri skyldu sína varðandi þetta frv.

Einar Olgeirsson: Ég hef nýlega skilað tveimur nál. frá minni hl. fjhn., er annað um frv. um dýrtíðarráðstafanir, en hitt um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég hef orðið var við, að enn hafa ekki komið nál. frá meiri hl. n. um þessi mál, og er hræddur um, að það dragist. Mér þætti því vænt um, ef hæstv. forseti vildi taka þessi tvö mál á dagskrá. Það gengur hægt að fá sum frv. fram, sem liggja hjá fjhn., en þessi eru afgreidd og því hægt að taka þau á dagskrá. Önnur frv., eins og um fjárhagsráð og togarakaup ríkisins, hafa ekki verið afgreidd, þar sem stj. hefur enn ekki getað gefið þær upplýsingar, sem n. fer fram á.

Forseti (BG): Varðandi umkvartanir hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv. mun ég setja mig í samband við form. fjhn. og athuga, hvernig þessum málum er háttað.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi bara upplýsa í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að frá fjhn. eru öll mál afgreidd nema þrjú, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi, frv. um togarakaup ríkisins og frumvörpin um fjárhagsráð, málin 34 og 35. Það er af eðlilegum ástæðum, að þessi mál hafa ekki verið afgreidd, því að það er beðið eftir svari. Ég hefði getað skotið þessu að sessunaut mínum, hv. 5. þm. Reykv., en þarna er formaðurinn kominn.

Á 42. fundi í Nd., 17. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Síðastl. mánudag spurðist ég fyrir um frv., sem ég lagði fram fyrir 5 eða 7 vikum, og þá var það upplýst, að það hefði verið afgr. af n., þ. e. a. s. að n. hefði gengið frá því á fundi sínum fyrir síðustu helgi. Nú er senn liðin vika síðan, og n. hefur ekki enn sent frá sér nál. Ég vil nú spyrjast fyrir um það, hvort þessi n. muni ekki sjá sér fært, af því að þetta er smámál, að gefa út nál., úr því að hún er búin að samþ. að mæla með málinu. Það er óhæfilega langur dráttur, að nál. skuli ekki vera komið fram viku eftir, að n. hefur gengið frá málinu. Þetta er fjhn.

Forseti (BG): Ég geri ráð fyrir, að fjhnm. hafi heyrt ræðu hv. 5. þm. Reykv. Mér skilst, að það sé þeirra að svara þessari aths.

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. hefur afgr. málið frá sér og kosið frsm., sem ég skal benda honum á, hver er. Ég óska þess, að hann beini tilmælum sínum til hans, og það getur hann gert utan funda.

Sigurður Kristjánsson: Mér skilst, að sá maður, sem hefur verið kosinn fyrir frsm., hafi fyrst og fremst ekki verið á fundi, þegar hann var kosinn, og að hann sé andvígur meiri hl. n. í þessu máli, og fæ ég ekki skilið, hvernig þessi meðferð málsins getur átt sér stað.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu rétt, að frsm. var ekki viðstaddur, þegar hann var kosinn, en hann hefur fengið tilkynningu um það og hefur ekki mótmælt því við mig. Við höfum þess vegna fulla ástæðu til að halda, að hann sé að undirbúa þetta vandasama nál. og hv. flm. hljóti að hafa misskilið hann að einhverju leyti.

Á 53. fundi í Nd., 27. jan., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að lýsa eftir tveimur málum. Annað er frv., sem ég er flm. að, um innflutning á jeppabíl. Því var útbýtt hér 2. nóv. f. á., fór til fjhn. 4. nóv. og er þess vegna búið að vera líklega svona 6 vikur á leiðinni. Hefur ekki spurzt til þess síðan. Ég hygg, að þetta fari að nálgast að vera þingmet. — Hitt málið er frv., sem við hv. 3. þm. Reykv. (HB) erum flm. að, um afnám húsaleigulaganna. Því var útbýtt hér í d. 6. des. f. á. og fór til allshn. 9. des., en síðan hefur ekkert til þess spurzt. Vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann athugi hjá form. þessara nefnda, hvað veldur þessum drætti og hvort megi vænta þess, að málin komi inn í d. bráðlega.

Forseti (BG): Formenn beggja þeirra n., sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um, munu vera viðstaddir hér í d., svo að þeim gefst tækifæri til þess að greina frá orsökum til þess, að alllangur dráttur virðist hafa orðið á afgreiðslu þeirra mála, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef skýrt frá því áður, að n. hefur afgr. frv. um innflutning á einum jeppabíl. N. hefur hins vegar ekki talið sér skylt að reka sérstaklega á eftir því, að frsm., sem kosinn var, hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), kæmi með nál. sitt. Í slíku stórmáli er varhugavert að hindra fulla rannsókn, og verður að öðru leyti að vísa til hv. frsm., sem að vísu var svo óheppinn að vera ekki viðstaddur, þegar kosinn var frsm., en er aftur á móti svo heppinn að vera ekki viðstaddur nú.

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að tefja fundinn með því að ræða þetta mál, því að sennilega verður tækifæri til þess, ef hv. frsm. kemur inn í d. En það er dálítið hart fyrir mig að taka það sem góða og gilda vöru, að sífellt sé vísað til manns, sem ekki er viðstaddur. Fyrst er kosinn maður til framsögu, sem er ekki viðstaddur í n. og ekki er vitað, hvort er málinu fylgjandi eða andstæður því, og svo er vísað til hans til að svara, þegar hann er ekki hér í d. En eins og ég sagði, er ástæðulaust að þjarka um svona mál, þegar það er ekki á dagskrá, en ég vona, að þm. sjái, að meðferðin á þessu máli er ákaflega óvenjuleg og varla til fyrirmyndar fyrir hv. þingdeild.

Á 54. fundi í Sþ., 25. marz, utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Á þriðjudaginn var var ákveðin af hæstv. forseta ein umr. um till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina. Ég mæltist þá samtímis til þess, að leitað væri samkomulags milli þingflokkanna, samkv. þingsköpum, um að útvarpa umr. um vantraustst till. Síðan hefur málið ekki verið tekið á dagskrá. Nú er það siður í öllum þingræðislöndum, að þegar vantraust hefur verið borið fram á ríkisstjórn, þá sé það regla, að flest önnur mál víki til hliðar í bili og sannprófað, hvort ríkisstj. hafi traust meiri hluta þingsins. Og sá háttur hefur ætíð verið viðhafður í okkar þingi. Að mínu áliti hefur það nú dregizt allt of lengi að ræða þessa vantraustst till. Ég hef minnzt á þetta við hæstv. forseta nokkrum sinnum. En mér skilst, að hann hafi ekki getað fengið samkomulag við hæstv. ríkisstj. um það, hvenær þetta mál verði sett á dagskrá. Ég vil nú mælast til, að það verði ekki látið dragast lengur, að það vantraust á ríkisstj., sem fram hefur komið í þáltill.-formi, verði tekið á dagskrá.

Enn fremur vil ég ítreka það við hæstv. forseta, að þegar rætt var hér fyrir rúmri viku síðan um fyrirspurnir, þar sem var m. a. fyrirspurn frá mér viðkomandi aðflutningum til Keflavíkurflugvallarins, þá var því lofað, að henni skyldi verða svarað á miðvikudag í þessari viku. Málið hefur ekki verið rætt enn, og þó er komið fram yfir þennan miðvikudag. Hins vegar hef ég lagt mikla áherzlu á, að upplýsingar fengjust um þetta mál. Og ég hef ekki komið fram með svo margar fyrirspurnir á þessu þingi, að það hefði ekki verið hægt að ganga úr skugga um þau svör, sem þyrfti að gefa við þessari fyrirspurn minni.

Vil ég eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, í fyrsta lagi, að þáltill. um vantraust á ríkisstj. verði tekin á dagskrá sem allra fyrst og að samkomulagi verði reynt að ná um útvarpsumr. um hana. Og í öðru lagi vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að á næsta fundi sameinaðs Alþingis verði fyrirspurn sú, er ég gat um, tekin á dagskrá, og að þessari fyrirspurn vegna Keflavíkurflugvallarins verði svarað.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að grennslast um það við hæstv. forseta, hvort fyrirhugað sé um fundahöld hér í þinginu í dag og hvort fundur muni verða í þinginu á morgun. Ég sé, að aðeins er hér eitt mál á dagskránni, fjárlagafrv. til 2. umr., og sízt skal það lastað að hraða afgreiðslu þess máls, því að afgreiðsla þess máls er þegar þrem mánuðum of seint á ferðinni. En þó er á það að líta, að fleira er nú aðkallandi heldur en þetta mál. Það eru stór mál, sem þurfa að fá

meðferð í deildum þingsins líka. Í gær var útbýtt á þskj. 483 frv. frá mér og hv. 2. þm. N-M. um leigunám og félagsrekstur togara, sem flutt er í tilefni af þeirri togarastöðvun, sem hefur staðið nú á annan mánuð. Ég tel, að það sé svo alvarlegt mál, að það sé óhjákvæmilegt, að nú sé hið allra bráðasta reynt að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að skipin séu ekki lengur í höfnum inni. Og því ber ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. forseta, að ég hafði ætlað mér að fara fram á það við hæstv. forseta Nd., að kvaddur yrði saman fundur í þeirri hv. d., helzt í dag, eða þá í síðasta lagi á morgun, til þess að taka þetta mál fyrir. Og mun ég gera það, ef unnt verður, og vil reyndar leggja áherzlu á það, að reynt verði að hliðra þannig til, að hægt verði að hafa deildarfund nú fyrir helgina út af þessu máli.

Forseti (JPálm): Út af óskum hv. 2. þm. Reykv. varðandi till. um vantraust á ríkisstj. skal ég taka fram, að ég tel mér það skylt sem forseta að hafa um það samráð við hæstv. ríkisstj., hvenær þetta vantraust er tekið fyrir, og vegna þess, að formenn flokkanna hafa ekki verið reiðubúnir til þess að taka um það ákvörðun enn, þá hef ég ekki haldið fund um það, en mun hafa hann svo fljótt sem kostur er á. — Varðandi hitt atriðið, sem hv. 2. þm. Reykv. vék að, fyrirspurn hans varðandi tekjur af Keflavíkurflugvellinum, þá er það rétt, að ég lofaði því hér um daginn, að þessari fyrirspurn skyldi verða svarað. En eðlilega gat ég ekki gefið nein loforð um það, hvenær henni yrði svarað. Ég hef ekki lofað, að það yrði síðasta miðvikudag, enda hef ég það ekki á valdi mínu.

Út af þessu vil ég taka það fram, að ég hef orðið þess var, að ég hef legið undir ámæli af ýmsum fyrir það að taka of mikinn tíma í fyrirspurnir á þessu þingi. Ég tel, að þau ámæli séu með öllu ástæðulaus, vegna þess að ekki hafa verið til þau mál til afgr., sem störf þingsins fyrst og fremst velta á. Og ef þessar fyrirspurnir hefðu ekki verið, þá hefði þingið stundum ekki haft neitt að gera. Hins vegar, þegar fjárlögin eru til afgr. komin, get ég ekki dregið umr. um þau vegna fyrirspurna, en mun taka þær svo fljótt á dagskrá sem tími og tækifæri verður til, og í samráði við þá hæstv. ráðh., sem þeim eiga að svara. Og það eru margar fleiri fyrirspurnir heldur en þessi fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv., sem nú er ósvarað.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. skal ég taka til athugunar í dag, hvernig hagað verður fundum síðar í dag og á morgun. En að sjálfsögðu tel ég mér skylt að hafa samráð um það við hæstv. ríkisstj.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á tveimur frv., sem ég er meðflm. að og ekki eru enn komin frá n., enda þótt alllangur tími sé liðinn síðan deildin afgreiddi þau til n. Annað er 85. mál, um breyt. á l. nr. 44 7. maí 1946, um aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Hitt er 162. mál, um stóríbúðaskatt. Ég vildi nú mjög eindregið mælast til, að þessi mál verði tekin á dagskrá næsta fundar deildarinnar, svo að þau fái afgreiðslu á þessu þingi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd allshn. taka það fram, að frv. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa hefur ekki komið til n., svo að ég muni, en hitt málið, um stóríbúðaskattinn, hefur verið tekið fyrir í allshn., en var síðan sent bæjarráði til umsagnar, en sú umsögn var ekki komin á síðasta fundi nefndarinnar. Væntanlega liggur þessi umsögn fyrir á næsta fundi nefndarinnar, en þótt svo verði ekki, þá mun málið verða tekið fyrir. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram að gefnu tilefni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það má vera, að málið um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa hafi verið sent til heilbr.- og félmn. En hvað sem um það er, þá vænti ég, að þessi mál verði afgreidd frá þeim nefndum, sem um þau fjalla, sem fyrst og tekin til afgreiðslu í deildinni.

IV. Málshöfðunarleyfi gegn þingmanni.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að hæstv. aðalforseta verði gert viðvart, að fundarefni er að ljúka, þar sem hann hefur í sinni vörzlu mál, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir þennan fund. Hygg ég, að það sé ósk hans, að fundi verði ekki lokið áður en hann leggur það fyrir d., en að öðrum kosti mun ég tala aftur.

Forseti (StgrSt): Ég skal taka fram, að hæstv. aðalforseti orðaði þetta ekki við mig, en ég mun verða við þessum tilmælum hv. 4. þm. Reykv. og sjá, hvort hæstv. aðalforseti kemur ekki.

Forseti (BG): Forseta deildarinnar hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Föstudaginn 1. þ. m. birtist grein á annarri síðu Morgunblaðsins, og er hún talin vera ræða, er Ólafur Thors alþingismaður hafði flutt á Alþingi daginn áður, fimmtudaginn 31. marz. Í grein þessari eru meðal annars eftirfarandi ummæli:

„Í marga mánuði hafa kommúnistar reynt að æsa fólkið til ódæða. Oft hafa þeir beitt fyrir sig mönnum eins og séra Sigurbirni, Klemenz Tryggvasyni, Pálma Hannessyni, Einari Ól. Sveinssyni og Gylfa Gíslasyni. — Þessir fuglar hafa verið látnir ljúga því að landslýðnum, að

verið væri að selja landið ..... Ef eitthvað hefði skeð, ef eitthvað skeður, þá eru það þessir menn, sem ábyrgðina bera og til saka skulu fá að svara, og svo auðvitað þeir, sem þeim stjórna, sjálfir leiðtogar kommúnistanna."

Alþingismaðurinn hefur ekki leiðrétt þessi ummæli, og verður því að líta svo á, að þau séu rétt eftir höfð. Er hér um að ræða rakalausar staðhæfingar og mjög meiðandi ummæli í okkar garð, sem við teljum nauðsynlegt að fá hnekkt. Með skírskotun til 49. gr. stjórnarskrár Íslands leyfum við okkur því að fara þess á leit við háttvirta neðri deild Alþingis, að hún veiti heimild til þess, að við megum höfða mál út af ummælum þessum á hendur Ólafi Thors alþingismanni.

Reykjavík, 6. apríl 1949.

Einar Ól. Sveinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Pálmi Hannesson, Klemenz Tryggvason, Sigurbjörn Einarsson.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Efnisatriði málsins eru þegar kunn þdm. af bréfi því, sem hæstv. forseti hefur lesið upp. Ég vildi eingöngu, að það kæmi fram strax, að þegar við fimmmenningarnir, sem undir bréf þetta ritum, sáum þá frásögn af ræðu hv. þm. G-K., sem hann flutti hér á dögunum... (*Forseti:* Það eru ekki leyfðar umr. um málið.) Ég vil aðeins skýra frá, hvernig á því stendur, að bréfið er dagsett í gær, en ekki borið fram fyrr en í dag. Þegar við fimmmenningarnir hugleiddum í gær, hvert við ættum að stíla þetta bréf, leituðum við ráða hjá skrifstofustjóra Alþingis. Taldi hann eðlilegast, þar sem ummælin hefðu verið viðhöfð í Sþ., að þá væri bréfinu beint til forseta Sþ., og afhentum við honum það fyrir klukkan 2 í gærdag. En síðar kom í ljós, að slíkt mál væri mál þessarar hv. d., og tókum við því bréfið aftur til þess að stíla það til hv. Nd. Í millitíðinni hefur það gerzt, að hv. þm. G-K. hefur af málinu frétt og endurtekið ummælin í Morgunblaðinu í morgun og jafnframt gefið í skyn, að við hefðum tekið bréfið aftur og mundum falla frá þessari kröfu okkar. Þetta veit hv. þm. G-K., að er ekki rétt, og vildi ég þegar í stað leiðrétta þau ummæli, sem fram komu í Morgunblaðinu í gær, að við hefðum tekið þessa kröfu aftur, því að það er helber misskilningur. Að öðru leyti skal ég ræða málið, þegar það kemur til atkvgr.

Forseti (BG): Mál þetta verður tekið til umr. á næsta fundi, ef einhverjir óska eftir umr. um það.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var tekin til meðferðar:

Beiðni um leyfi deildarinnar til málshöfðunar gegn þingmanni fyrir ummæli í þingræðu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Síðan við fimm, Einar Ól. Sveinsson, Pálmi Hannesson, Klemenz Tryggvason, sr. Sigurbjörn Einarsson og ég, skrifuðum hæstv. forseta Nd. bréf í fyrradag með beiðni um leyfi til að sækja hv. þm. G-K., Ólaf Thors, til saka fyrir ummæli í ræðu, hefur það gerzt, að þingskrifari hefur skilað handriti sínu að umræddum ummælum. Við höfðum tekið þau upp úr Morgunblaðinu, og þar sem þau höfðu staðið þar í nokkra daga óleiðrétt, þá hefði mátt ætla, að þau væru rétt tilfærð, en nú hefur þingskrifari skilað handriti að ræðunni, sem þau eru í, og þá kemur það í ljós, að ummæli þm. eru mun alvarlegra eðlis en kom fram í Morgunblaðinu. Hv. þm. segir svo, samkvæmt handriti þingskrifarans — með leyfi hæstv. forseta:

„Í marga mánuði hefur þjóðin verið æst upp og henni sagt, að verið væri að svíkja föðurlandið. Og ég segi fyrir mig, að ef ég væri ungur maður og tryði því að einhverjir væru að svíkja föðurlandið, þá mundi blóð mitt hitna. Og menn eins og Sigurbjörn dósent Einarsson, Pálmi Hannesson rektor, Klemenz Tryggvason, Einar Ólafur Sveinsson og Gylfi Þ. Gíslason — þessir menn hafa æst bálið, og á þeim hvílir þung ábyrgð um þá atburði, sem hér urðu í gær. Það kann að vera, að þeir hafi ekki ætlazt til, að við værum drepnir. En þeir ætluðu að halda fund til þess að hindra ákvarðanir löglegs meiri hluta á Alþingi, en þeir gugnuðu á því, og kommúnistar komu svo sjálfir til fundar."

Þetta eru ummælin, svo að augljóst er, að talsvert hefur verið dregið í land, annaðhvort af hv. þm. sjálfum eða þingfréttaritara Morgunblaðsins, ef treysta má skrifum þingskrifarans, og hygg ég, að þau séu nærri lagi. Nú má að vísu segja, að þetta sé ekki verra en ýmis blaðaummæli, sem birzt hafa nú undanfarið, en hér er þess að gæta, að hér er ekki um blaðaummæli einhvers blaðamanns að ræða, heldur ummæli viðhöfð á Alþ. af formanni stærsta þingflokksins, form. utanrmn. og frsm. hennar í mikilvægu máli, fyrrv. forsrh. Íslands. Jafnframt er þess að gæta, að ummælum þessum er ekki beint gegn þm., heldur gegn 4 utanþingsmönnum, þar af 3 embættismönnum. Þegar málavextir eru þannig, þarf enginn að undrast, að ekki sé yfir þessu þagað. Menn í stöðu hv. þm. G-K. verður að taka alvarlega. Í ummælunum felst það, að borið er á 5 nafngreinda menn, að þeir beri ábyrgð á óeirðum þeim, sem urðu hér úti fyrir Alþ. fyrir skömmu.

Hv. þm. hefur gefið í skyn, að ekki sé útilokað, að við höfum ætlazt til, að þingmenn væru drepnir. Ég hygg, að það undri engan mann, þótt við viljum ekki una slíkum ummælum af hendi manns í jafnábyrgðarmikilli stöðu og hv. þm. G-K. er. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. G-K., hvort hann vilji standa við það, sem þingskrifarinn hefur skrifað hér eftir honum. Mér hefur virzt hv. þm. vera svo gunnreifur í blöðunum núna síðustu daga, að ég vona, að hann staðfesti það, sem ég hér hef lesið upp.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki séð þetta blað, sem hv. 4.

þm. Reykv. var að rétta mér og hann segir, að sé ræða mín, skrifuð af þingskrifara. Ég vil beina þeirri fsp. til hv. 4. þm. Reykv., hvort hann vill standa við allar ræður sínar eins og þær koma frá þingskrifurum. Ef hann vill gera það, þá skal ég standa við mínar ræður. Það, sem hefur verið sagt í blöðunum, er rétt eftir haft, og ég vil taka það fram, að þar sem ég hef endurtekið þessi ummæli utan þings, þá geta þessir menn sótt mig til saka, án þess að deildin þurfi að veita nokkra undanþágu, og einmitt á það lagði ég áherzlu, svo að deildin þyrfti ekki að upphefja þinghelgina, því að ég álít, að það sé óheppilegt, og ef allt ætti að tína til, sem hægt væri að höfða meiðyrðamál út af, þá mundi það verða æði margt. Hv. 4. landsk. þm. sagði t. d., að ég hefði gefið merki út um gluggann um daginn, annaðhvort til þess að ráðizt yrði á fólkið eða til þess að ráðizt yrði á þingið. Þá situr einnig við hlið mér annar þm., sem hefur látið sér ýmislegt um munn fara í þessu sambandi, svo að ég nú ekki nefni hina orðvöru fröken, sem situr mér hér á hægri hönd. En með ummælum mínum utan þingsins vildi ég leysa þm. undan þeim vanda að upphefja þinghelgina, og ég hika ekki við að endurtaka þau orð, sem ég hef sagt um þetta mál. Ég get ekki ákveðið, hvað deildin gerir í þessu máli, en ef til þess kemur, að gengið verður til atkvæða um þetta mál, þá skora ég á alla flokksmenn mína að samþykkja það, að þinghelgin verði upp hafin. Ég kæri mig ekki um neina hlíf af hálfu þinghelginnar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, vil ég bæta við örfáum orðum.

Hv. þm. G-K. kvaðst vera reiðubúinn að standa við þau, sem hann hefði sagt. Ég beini þeirri fyrirspurn til hv. þm., hvort hann vildi standa við þau ummæli, sem þingskrifarinn hefur haft eftir honum.

Þetta er það eina, sem ég vil fá svarað, já eða nei.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að vilji hv. 4. þm. Reykv. staðfesta sérhvert orð, sem þingskrifararnir hafa skrifað eftir honum, þá skal ég staðfesta þetta handrit ólesið. Ég hef ekki lesið þetta handrit og skal því ekki segja um, hvort ummæli mín eru rétt eftir höfð eða ekki, en hins vegar hef ég lesið yfir sumar ræður mínar, eftir að þær hafa komið frá þingskrifurum, og hafa sumar þeirra verið mjög rangfærðar. En ég vil standa við öll þingummæli mín, og ég skal skrifa öllum þessum mönnum með eigin hendi þessi ummæli, svo að þeir geti lagt út í baráttuna, og þá skulum við sjá, hver hefur það.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í stjórnarskrá okkar Íslendinga er, eins og í stjórnarskrám margra lýðræðislanda, ákvæði um málfrelsi þingmanna. Í okkar stjórnarskrá er ákveðið, að engan þm. er hægt að krefja ábyrgðar á orðum sínum, nema þingdeild leyfi. Þar, sem ég þekki til, er það mjög sjaldgæft, að veittar séu undantekningar frá þessari reglu, heldur er það venja, að þingmenn endurtaka ummæli sín utan þings, ef með þarf, og er þá hægt að höfða málsókn á hendur þeim án afskipta viðkomandi þingdeildar. Í þessu máli hefur sú leið verið valin af Ólafi Thors, að hann hefur endurtekið orð sín í einu dagblaðanna, og hafa því viðkomandi menn fullt leyfi til þess að höfða mál gegn honum út af þeim ummælum. Beiðni bréfritaranna er því algerlega óþörf og óþarfi fyrir Alþingi að verða við slíkri beiðni.

Um það má auðvitað deila, hvort þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar skuli standa til frambúðar, en meðan þau eru þar, verður að virða þau nokkurs. Ég þekki aðeins tvö dæmi, þar sem Alþingi hefur orðið við slíkri beiðni. Annað var fyrir aldamót, en hitt var fyrir aldarfjórðungi síðan, en þá voru ummælin ekki endurtekin utan þings. Ég vil því beina þeim tilmælum til hv. 4. þm. Reykv., að þeir bréfritararnir taki aftur beiðni sína, en ef það fæst ekki, er sjálfsagt að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, og því berum við hv. þm. Ísaf. fram svo hljóðandi dagskrártillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem þm. G-K. hefur endurtekið ummæli sín utan þings í blaðagrein undir nafni og leyfisbeiðendur geta því höfðað mál fyrir dómstólum út af þeim, telur deildin enga ástæðu til þess að veita umbeðið leyfi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Gunnar Thoroddsen, Finnur Jónsson.“

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. G-K. beindi hér til mín fyrirspurn, sem í fólst svo augljós fyrirsláttur, að ég veit varla, hvort ég á að svara henni. Auðvitað getur það ekki verið algerlega öruggt, að þingskrifarar nái ræðunum orðréttum, jafnvel þótt um ágæta hraðritara sé að ræða, en hér í þinginu eru mjög fáir hraðritarar, svo að meðan við höfum ekki mekaniskt tæki til þess að taka upp ræðurnar, getur slíkt aldrei orðið öruggt. Það kemur því ekki til mála, að við berum ábyrgð á því, sem þingskrifararnir skrifa, enda hefði ég þá ekki þurft að gera fyrirspurn til hv. þm. G-K. um það, hvort hann vilji standa við ummæli sín eins og þingskrifararnir hafa skrifað þau. Hins vegar reikna ég með því, að ummælin séu réttari eins og þingskrifararnir hafa þau heldur en eins og þau eru höfð í grein Morgunblaðsins, auk þess sem mig minnir, að þau hafi verið á þann veg, sem þingskrifararnir orða þau.

Þess vegna spyr ég enn: Er hv. þm. reiðubúinn til þess að standa við þessi ummæli sín? Eða, svo að ég orði það öðruvísi: Mundi hann vilja endurtaka það, sem stendur á blaðinu, sem liggur fyrir framan hann? Þetta vil ég fá skýrt fram án allra útúrdúra.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Snæf. vil ég segja, að það er rétt, sem hann segir, að það er mjög sjaldgæft, bæði hér og í nágrannalöndum okkar, að þinghelginni sé aflétt, en ég vil benda

á, að það er líka sjaldgæft, ef ekki einsdæmi, að maður í jafnábyrgðarmikilli stöðu og hv. þm. G-K. er í viðhafi slík ummæli.

Hv. þm. Snæf. gat þess, að beiðni okkar væri alveg þarflaus, þar sem ummælin hefðu verið endurtekin utan þings. Ég veit, að ég þarf ekki að skýra það út fyrir jafngóðum lögfræðingi og hv. þm. Snæf. er, að hér er mikill munur á. Ef farið yrði í mál út af því, sem stendur í Morgunblaðinu, þá yrðu það þau blaðaummæli, sem yrðu dæmd dauð og ómerk, en ekki ummæli, sem þm. og formaður utanrmn. hefur viðhaft í þingræðu. Þetta eru að vísu formsatriði, en hv. þm. Snæf. veit það, að formsatriði geta skipt geysimiklu máli í sumum tilfellum, og þannig er málum háttað í þessu tilfelli.

Því fer mjög fjarri, að við séum að leita að tilefni til þess að fara í mál, enda hafa undanfarnar vikur birzt um okkur margar blaðagreinar, sem mundu vera nægilegt tilefni í fjölda meiðyrðamála. T. d. er augljóst, að séra Sigurbjörn Einarsson gæti farið í fjölmörg meiðyrðamál við Morgunblaðið. Okkur hefur hins vegar ekki dottið í hug að höfða mál út af slíkum skrifum, en þegar sá einstæði atburður gerist, að formaður stærsta þingflokksins leyfir sér hér í þinginu að ráðast með svívirðingum á utanþingsmenn, þá getur enginn furðað sig á, þótt við viljum fá slíkum ummælum hnekkt. Það stoðar því ekki, þótt ummælin hafi verið endurtekin utan þings. Það eru þingummælin, sem við viljum fá dæmd ómerk, og við munum því ekki taka aftur beiðni okkar.

Ég vænti þess svo, að hv. flokksmenn hv. þm. G-K. taki alvarlega beiðni hans um að leyfa málshöfðunina og felli þá frávísunartill., sem hér hefur komið fram. Fyrst hv. þm. G-K. er svona óhræddur, ætti það að vera óhætt. Þegar Jón Magnússon var ráðherra, var þess eitt sinn farið á leit, að málshöfðun yrði leyfð gegn honum, og þá mæltist Jón eindregið til þess, að slík málshöfðun yrði leyfð. Ég vil nú óska þess, að hv. þm. G-K. leggi jafnmikla áherzlu á það við flokksbræður sína, að þeir leyfi þessa málshöfðun, eins og Jón Magnússon lagði mikla áherzlu á, að málshöfðunarbeiðnin yrði samþykkt gagnvart sér.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 19. apríl, var umr. fram haldið.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Mér sýnist þessi till. vera nokkuð óþörf, og þó ekki aðeins það, heldur líka þess eðlis, að lítil ástæða sé til þess að gera hana að frekara umtalsefni en orðið er. Það liggur sem sé fyrir, að a. m. k. einn hv. þm. telur, að talað hafi verið ógætilega um sig og e. t. v. fleiri hér í þingsalnum, og út af því vill hann fá leyfi til málshöfðunar. En sá hv. þm., sem á að hafa talað ógætilega, hefur birt þessi ummæli sín á eftir í einu fjöllesnu blaði, þannig að fallin er burt málefnaleg ástæða til þess, að beðið sé hér um þetta leyfi. — Sú ósk, sem nú liggur hér fyrir um leyfi til málshöfðunar, er í þessu tilfelli því bein móðgun við þingið. Ég álít, að þar sem í hlut á einn af vöskustu mönnum þingsins og maður, sem áreiðanlega getur borgað smásektir, þá þurfi ekki að kenna í brjósti um þann mann, sem beðið er um leyfi til að lögsækja. Hann mun geta svarað fyrir sig og borgað fyrir sig sekt, ef því er að skipta.

Þetta mál getur ekki orðið rætt nema á almennum grundvelli. Og ég er ekki fyllilega ánægður með þá dagskrártill., sem hv. þm. Snæf. hefur borið fram. Það er rétt og eðlilegt yfirleitt að eyða máli eins og þessu með dagskrá. En mér finnst, að ekki megi koma fram í dagskránni nokkuð, sem bendi til þess, að hv. þd. vilji verða við þessari ósk eða telji hana málefnalega rétta. Ég álít, að þegar menn athuga þetta mál, þá þurfi fyrst að setja sig í þau spor að athuga, hvað er átt við í stjskr., þegar þetta ákvæði var sett, að ekki væri hægt að lögsækja þingmann fyrir ummæli í þingræðu, nema með leyfi deildarinnar. Þetta ákvæði er vitaskuld sett inn til þess, að hægt sé að segja hér í umr. hluti, sem eru sannir, en þó getur varðað við lög að segja, sem sagt, til þess að þingmenn geti sagt sannleikann, hver sem í hlut á, þegar þörf gerist. Undantekningar, sem koma til greina, eru þær, ef orðræður af þessu tagi eru ekki í þjónustu málefnanna, sem til meðferðar eru á þinginu né landsins raunverulega, heldur þessu óviðkomandi.

Það er ekki ástæða til að neita því, að hér í þinginu er einn flokkur — ekki allir þm. hans, heldur sumir — kommúnistafl., sem þrásinnis hefur haft það orðbragð, sem ástæða væri til að lögsækja fyrir, ef menn legðu í vana sinn að lögsækja fyrir slíkt. Það hefur þó ekki verið gert, þessir menn hafa ekki verið lögsóttir. Ákaflega sjaldan í þingsögunni hefur verið óskað eftir slíkum lögsóknum. Það er meira að segja þannig, að eina dæmið, sem menn verulega muna eftir um beiðni til slíkrar lögsóknar eða lögsóknar fyrir samskonar hlut og hér er um að ræða, ummæli í þingræðu, það er frá því, þegar tveir mjög þekktir menn áttust hér við, Jón Magnússon og Jakob Möller sem nýkosinn þm. Þeir höfðu átt í deilum, og Jakob Möller bað þingið um leyfi til þess að mega lögsækja ráðherrann fyrir orð, sem honum þótti of harkaleg. Þetta leyfi fékkst. En Jakob Möller, sem þó vissulega var vaskur maður, sá, að það tók því ekki að lögsækja fyrir þessi ummæli, og notaði ekki heimildina. Þess vegna, þegar bæði þetta er sjaldan reynt og þá sjaldan, er um þetta er talað, hefur ekki þótt ástæða til að nota svona heimild, þá skilja menn, að það er nokkuð viðurhlutamikið að byrja á því á þessum tímum að opna þingið fyrir málaferlum út af orðum, sem a. m. k. í mjög mörgum tilfellum geta verið sönn í raun og veru, þó að það mætti kannske fá dæmt í einhverja sekt fyrir þau.

Nú er það mála sannast, að okkar þjóðþing og reyndar fleiri þjóðþing eru í mikilli hættu vegna þess, að það eru komnir inn í þingin menn, sem ekki virða leikreglur. Balfour, einn hinn mesti þingskörungur, sagði, að þingstjórnarskipulag gæti blessazt hjá þjóð, meðan allir

flokkar þess virða leikreglur þar. Ef einn flokkur hættir að virða leikreglur, sem þar eiga að gilda, getur þetta fyrirkomulag ekki blessazt. Það er hægt að yfirfæra þessa reglu yfir á það, sem er einfaldara, nefnilega einfalda knattspyrnu. Hana leika tveir leikflokkar. Ef einn maður tekur upp á því að virða ekki leikreglurnar og sparkar boltanum án þess að taka tillit til settra leikreglna, þá vita allir, og þótt þeir hafi ekki mikið fengizt við þennan leik, að sá leikur getur ekki blessazt eða yfirleitt átt sér stað með því móti. Og þetta dæmi er gott til útskýringar á því, sem Balfour átti við, er hann sagði, að þingræðisfyrirkomulagið gæti blessazt, meðan virtar væru leikreglur. Tilvera þess er bundin við það, að reglum þess sé fylgt.

Nú vitum við um eina þjóð, ekki illa gefna né illa menntaða, Þjóðverja, sem reyndu eftir fyrri heimsstyrjöldina að nota þingstjórnarfyrirkomulagið. Það var búin þar til góð stjórnarskrá. Eftir tiltölulega stutta stund voru orðnir tveir stórir flokkar í þýzka þinginu, nazistar og kommúnistar, sem ekki virtu reglurnar, sem þingstjórnarfyrirkomulagið þarf að fara eftir, og þar í þinginu voru barsmíðar svo að segja daglegir viðburðir og ofbeldi frá hálfu beggja þessara flokka. Og þessir flokkar gengu að síðustu frá Þýzkalandi, eins og það nú er. Það er þessara flokka sök beggja, að Þýzkaland er nú í meiri niðurlægingu en nokkurt land hefur verið í áður. — Það er þess vegna ekkert léttúðarmál fyrir frjálsa þjóð, hvort ákveðnar verða þær stjórnarbreyt. í landinu, að það frjálsa skipulag hætti að geta starfað lengur. Og ég verð að segja það, að þegar við erum búnir að fá flokk, sem skipar má segja meira en fimmta part af þinginu og er fræðilega yfirleitt alveg á sömu skoðun og kommúnistarnir í Þýzkalandi og hvar sem er í heiminum, þá er sannarlega ástæða til að athuga það, hvort eigi að byrja á því að slaka á þeim þingreglum, sem hafa verið settar undir þeim kringumstæðum, þegar enginn ófriður var í þinginu af neinu tagi. Ég segi nei. Ég segi, að það væri hin mesta fásinna, eftir að hér er kominn ofbeldisflokkur, sem hefur fulltrúa á Alþ. Við þurfum ekki annað en að líta á okkar eigin glugga hér á þessu húsi til þess að vita, hver mórall hans er. Og þegar þetta er allt athugað, þá held ég, að menn geti orðið samdóma um það, að Alþ. verði að gæta þess, að það er miklu meiri þörf á að gæta þessarar varúðar nú heldur en þegar stjskr. var sett og þetta ákvæði fyrst kom inn, sem ég hef gert að umtalsefni. Og þegar ég greiði atkv. um þessa dagskrártill. hv. þm. Snæf., sem ég mun verða með, þá fylgir það með minu atkv., að samfara minu atkvæði er ekki snefill af viðurkenningu á því, að það ætti undir nokkrum kringumstæðum að veita þetta leyfi. Og mér þætti vel við eiga, að fleiri hv. þm. létu í ljós, að okkur þm. sé ljós sú hætta, sem þingið er nú í, fyrir þá stefnu, sem sumir hv. þm. hafa, ef á þessum reglum væri slakað, sem gilt hafa um friðhelgi þm. viðkomandi þingræðum. Nú verður sá hv. þm., 4. þm. Reykv., sem hér kærir sitt mál, að gæta þess, að þó að hann sé ekki skráður meðlimur í þeim byltingarflokki, sem fulltrúa á hér á þingi, þá er hann í samvinnu við þá þeirra tryggi flokksbróðir. Þess vegna ber hann siðferðislega ábyrgð á því, sem gerðist, og getur ekki skotið sér undan því. Þessir menn geta ekki búizt við að hafa nein forréttindi, heldur þvert á móti verða þeir að læra að beygja sig undir lýðræðið, svo að ekki komi aftur til atburða eins og gerðust 30. marz s. l. Ég hefði viljað hjálpa þessum hv. þm., en það er ekki hægt að sýkna hann, enda þótt æfðari baráttumenn og kjarkmeiri félagar hafi tekið við, þegar baráttan harðnaði. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það ber að fagna því, að árásinni var hrundið og að tekizt hefur þrátt fyrir allt að tryggja utanríkismálin betur en áður var.

Um þessa málshöfðunarbeiðni vil ég að lokum segja þetta: Það er margt djarflega mælt á þingi, og menn ættu að geta sagt meiningu sína án þess, að einhverjir taugaveiklaðir — „fínir menn" gætu stokkið upp og heimtað málssókn í skjóli strangrar meiðyrðalöggjafar. Og 4. þm. Reykv. ætti að geta svarað fyrir sig eins og aðrir þm. hér á Alþingi, eða þorir þessi hv. þm. ekki að eiga í orðaskiptum við þm. G-K.? Þótt við hinir þm. viðurkennum, að þm. G-K. sé harðvítugur bardagamaður, þá höfum við alltaf svarað fyrir okkur og munum gera það áfram. Hitt er lítilmótlegt og ber vott um uppgjöf, þegar menn þora ekki að eiga hörð orðaskipti og vilja heldur skera úr deilum með málshöfðun.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins svara ræðu þm. S-Þ. nokkrum orðum. — Það er algerlega utangarna hjá þessum hv. þm. að ræða þetta mál eins og ég eigi hér einn hlut að máli. Eins og oft hefur verið tekið fram, þá eru bréfritararnir fimm, og ég er sá eini af þeim, sem sæti á hér á Alþingi. Ég get lýst því yfir, að ef málið snerti mig einvörðungu, þá hefði ekki til þessarar óskar komið, því að í slíku tilfelli tel ég, eins og þm. S-Þ., að þingið sjálft sé vettvangur, sem þess háttar mál eiga að ræðast á, og ég hefði vel treyst mér til að eiga orðaskipti um slíkt mál við þm. G-K. En hér er bara um allt annað að ræða, þar sem fjórir utanþingsmenn eiga hlut að máli, og það er þess vegna, sem málið er alveg óvenjulegt í okkar þingsögu. Ég hygg, að það sé algert einsdæmi, bæði hér og þó að víðar væri leitað, að einn áhrifamesti maður Alþingis ávarpi og ræði eins um utanþingsmenn á þingi eins og þm. G-K. gerði hér, og það án þess að forseti svo mikið sem hringi. Það hefur áreiðanlega oft verið hringt á þm. hér á Alþingi af þýðingarminna tilefni en hér um ræðir, einkum þegar þess er gætt, að hlut eiga að máli fjórir menn, sem gegna mjög mikilvægum embættum í þjóðfélaginu. Einn er rektor menntaskólans í Reykjavík, annar einn bezti fræðimaður okkar í íslenzkum fræðum og prófessor við háskólann, sá þriðji mjög mikils metinn guðfræðingur og sá fjórði hagfræðingur Landsbankans. Ég leyfi mér að fullyrða, að það eru látalæti, þegar þm. þykjast vera undrandi yfir, að þessir menn láti ekki bjóða sér ómótmælt, að sagt sé á Alþingi,

að þeir hafi æst til skrílsuppþota og það kunni að vera, að þeir hafi ekki ætlað að stofna til manndrápa. Slík undrun er yfirdrepsskapur, sem ekki liggur alvara á bak við. Það er allt annað mál, þó að stjórnmálamenn sætti sig við hörð ummæli og svívirðingar.

Spurt hefur verið um, hvers vegna við tökum ekki beiðni okkar aftur, þegar umræddur þm. hefur endurtekið ummæli sín utan þinghelginnar. Ég hef áður rakið ástæðurnar fyrir því og sé ekki ástæðu til að endurtaka þær, nema aðeins það atriði, að við viljum fá þingummælin dæmd ómerk. Við óskum ekki eftir málssókn vegna blaðaummæla eða að fá ummæli blaða ómerkt, þó að til þess væru ótal tækifæri, að minnsta kosti fyrir suma okkar, því að þau tökum við ekki alvarlega. Það er skoðun gagnmerkra lögfræðinga, að það sé engan veginn víst, að dómur félli á sama hátt um ummæli í þingræðu, sem leyft væri að kæra, og ummæli í blaði, þótt sömu ummæli væru. Meðferð málsins fyrir dómstólunum yrði nokkuð önnur, ef málið er rekið út úr þingummælunum, en ef það er rekið út úr blaðaummælum. Nú er það að vísu ekki fullvíst, hvað sagt hefur verið. Þingskrifarinn hefur skrifað annað eftir hv. þm. en hann hefur sjálfur látið eftir sér hafa í Morgunblaðinu. Ég hef ekki það gott minni, og ég geri ráð fyrir, að enginn hafi það, að ég vilji staðhæfa, hvað hv. þm. sagði, og hann hefur að sjálfsögðu rétt til þess að leiðrétta ræðu þingskrifarans, eins og hann telur í fyllstu samræmi við það, sem hann hefur sagt, og kemur mér ekki í hug að vefengja þann rétt hv. þm. En mér vitanlega hefur hann ekki enn leiðrétt ræðu sína og ekki heldur látið koma fram, hvað hann sagði, og meðan hann hefur ekki gert það, liggur ekki fullkomlega ljóst fyrir, hvaða ummæli raunverulega hafa fallið. Það mundi líka vera atriði, sem dómstólarnir þyrftu að taka til athugunar, hver ummælin hafa verið.

Út frá því, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að það væri viðurhlutamikið að byrja á málaferlum út af þingummælum, þá er það vissulega rétt, en ég tel, að fimmmenningarnir beri ekki ábyrgð þar á. Ég tel, að ábyrgðin hvíli á hv. þm. G-K., því að hann gerði sig sekan um að viðhafa ummæli, sem ómögulegt er fyrir utanþingsmenn að þegja við, með sérstöku tilliti til þeirrar stöðu og embætta, sem þeir menn gegna, og einnig með tilliti til þess, að sumir þeirra hafa engin afskipti haft af stjórnmálum almennt. Ég verð því að vísa þeirri ábyrgð af okkur fimmmenningunum.

Um fordæmi vil ég segja, að fordæmið er þegar til, því að í það eina skipti, sem farið hefur verið fram á slíkt leyfi, hefur leyfið verið veitt, en ég vil skjóta því til hv. þm. Snæf., að það, sem hann og hv. þm. Ísaf. stinga upp á, er nýtt. Það hefur aldrei komið fyrir, að slíkri beiðni hafi verið vísað frá með rökstuddri dagskrá. Auðvitað hefði Jón Magnússon getað farið að eins og hv. þm. G-K. og boðizt til að endurtaka ummælin utan þings, eins og hv. þm. G-K. gerði. En hann taldi ekki ástæðu til þess, heldur óskaði eftir, að d. leyfði, að mál yrði höfðað, og það hygg ég réttara og drengilegra fyrir hv. þm. G-K. að gera. Hann hefur að vísu farið fram á, að d. leyfði málshöfðunina. Ég met það við hann. En einn helzti flokksmaður hans hefur ekki tekið tillit til þeirrar óskar, og leggur til, að málinu verði vísað frá. Verð ég að láta í ljós undrun yfir því, að hv. þm. skuli ekki taka meira tillit til óska formanns flokks síns en hann virðist gera með því að bera fram þessa dagskrá. Hitt teldi ég í alla staði eðlilegast, að fara eftir ósk hv. þm. G-K. og leyfa málshöfðunina. Þá er fylgt fordæmi, sem fyrir hendi er frá Jóni Magnússyni, en hann var í útvarpinu í gær af þeim manni, sem lengst hefur átt sæti á þingi, nefndur einn mesti vitmaður, sem setið hefði á Alþingi. Ég hygg, að sá dómur sé réttur, hann hafi vissulega verið mikill vitmaður og góður maður. Það er því engin skömm fyrir d. að fylgja hans fordæmi og leyfa þessa málshöfðunarbeiðni. Ég vil því segja, andstætt því, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að það sé hættulegt fordæmi að neita um slíka beiðni. Hvað gæti ekki á eftir komið, ef menn gætu viðhaft alls konar ummæli og skákað í því skjóli, að neitað yrði um leyfi til málshöfðunar? Hitt skal ég játa, að það má of mikið að því gera að veita slík leyfi. Það má misnota þennan rétt eins og allt slíkt. En d. á að beita skynsemi og skera úr, hvenær eigi að veita leyfi og hvenær ekki.

Að síðustu vil ég taka þetta fram út af því, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að við bærum fulla ábyrgð á þeim ólátum, sem hefðu átt sér stað fyrir utan þinghúsið 30. marz: Mér skilst, að rökin séu þau, að við höfum verið sammála Sósfl. um afgreiðslu þess máls, sem hér var um að ræða. En ef fimmmenningarnir og við 3 þm., sem greiddum atkv. eins og Sósfl. í þessu máli, eigum að bera ábyrgð á gerðum Sósfl. fyrir það, þá vil ég minna hann á, hversu oft hann hefur sjálfur greitt atkv. eins og Sósfl. Hvað gerði þessi hv. þm. í sambandsslitamálinu? Var hann ekki sammála kommúnistaflokknum um sambandsslitin við Dani? Það gekk ekki hnífurinn milli hv. þm. S-Þ. og hv. þm. G-K. og Sósfl. og verulegs hluta Framsfl. Aldrei hefur mér dottið í hug svo óheiðarlegur málflutningur að halda fram, að þessir menn beri ábyrgð á því, sem Sósfl. skrifaði um það mál. Og hvað á að segja um þá, sem hafa setið árum saman með kommúnistum í ríkisstj.? Eina ríkisstj., sem kommúnistar hafa verið í hér á landi, var undir forustu hv. þm. G-K. Bar hann þá ekki ábyrgð á öllu, sem kommúnistar sögðu og gerðu á þeim árum? Það skyldi nú ekki vera, að þeir hafi einhvern tíma kastað grjóti, meðan hv. þm. G-K. var forsætisráðherra? Hvernig var það við Sjálfstæðishúsið, þegar ráðizt var á hæstv. núverandi utanrrh.? Mér kemur ekki til hugar að halda fram, að hv. þm. G-K. beri ábyrgð á þeim aðgerðum, þótt hann hafi þá verið sammála kommúnistum um marga hluti og mikilvæga. Engu að síður virðist hann og fleiri telja sér sóma að því að bera það á okkur, að við berum ábyrgð á því, sem gerðist hér 30. marz. Þetta hljómar hlægilega. Sjálfstfl. og Sósfl. hafa oft greitt saman atkv. í mikilsverðum málum, og það væri fáránlegt að ætla þar

með að gera Sjálfstfl. ábyrgan fyrir gerðum Sósfl. — Það er ekki laust við, að það sé spaugilegt að heyra hv. þm. S-Þ. beita þessum rökum, einmitt vegna þess, hversu oft hann sjálfur hefur verið talinn faðir íslenzks kommmúnisma og bera meiri ábyrgð á kommúnistaflokknum en nokkur annar. Í ótal skipti hefur hann verið kallaður faðir kommúnismans á Íslandi í blöðum Sjálfstfl., einungis af því að í sumum málum hafði hann sömu afstöðu og kommúnistar. Síðan hefur hann þurft að eyða verulegum hluta af sinni starfsorku til að afsanna, að hann væri kommúnisti, þótt hann hafi að vísu einhvern tíma haft skoðanir, sem kommúnistar hafa líka aðhyllzt.

Þá er einnig spaugilegt að heyra formann Sjálfstfl. halda því fram, að við Pálmi Hannesson og Einar Ól. Sveinsson berum ábyrgð á kommúnistum. Ég hef aldrei verið kommúnisti og verð það aldrei. Ég hef aldrei sagt eða skrifað nokkurt orð, sem getur talizt til málsbóta fyrir kommúnista eða hefur lyft undir þá og flokk þeirra. En sama getur formaður Sjálfstfl. ekki sagt, því að hann er sá maður utan kommúnistafl., sem mest hefur hossað þeim flokki og bezt tækifæri gefið honum til áhrifa. Eigi því nokkur maður utan kommúnistafl. skilið að vera kallaður faðir kommúnismans á Íslandi, þá er það þessi hv. þm., og er þó e. t. v. alveg ástæðulaust að vera að hreinsa hv. þm. S-Þ. af sinni ábyrgð. (*ÓTh:* Þetta getur maður kallað, að sé ný sköpunarsaga með tvo feður.) Hún stenzt í þessu tilfelli. Sósfl. getur rakið upphaf sitt sumpart til hv. þm. S-Þ. og völd sín og áhrif að verulegu leyti til hv. þm. G-K. og flokks hans, því að áhrifatímabil kommúnistaflokksins byrjar 1937—38 fyrir tilstilli Sjálfstfl., þegar hann reynir að veikja Alþfl. og lyfta kommúnistum upp í verkalýðssamtökunum. Þá er það, sem kommúnistar ná fyrst áhrifum í þjóðfélaginu. Síðan eflast þeir á Alþingi við kjördæmaskipunarbreytinguna. En svo ná þeir hátindi valda sinna með því að taka sæti í ríkisstjórn. Og fyrir tilverknað hvers? Hv. þm. G-K. Hann hélt þeim undir sínum verndarvæng í tvö ár. Þá var aðalblómaskeið kommúnismans á Íslandi. Þá höfðu íslenzkir kommúnistar meiri völd og áhrif en nokkurn tíma fyrr eða síðar. Því hefur verið haldið fram, að á þessu tímabili hafi kommúnistar gert óskaplega margt illt af sér. Nú er sagt, að að baki þeim liggi hreinn glæpaferill. En þessi glæpaferill var genginn undir forustu og leiðsögn hv. þm. G-K., fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafs Thors. Ég verð því að segja, að það er næsta spaugilegt, þegar þessir menn, hv. þm. S-Þ. sem fóstraði kommúnismann í æsku, að sögn Morgunblaðsins, og hv. þm. G-K., sem kom honum til vegs og valda á Íslandi með því að lyfta undir hann í verkalýðshreyfingunni og koma honum inn í ríkisstj., eru að reyna að koma á mig og Einar Ól. Sveinsson og hina, að við berum ábyrgð á því, sem kommúnistar hafa sagt og gert.

Ég vil síðan leyfa mér að taka sterklega undir þau tilmæli hv. þm. G-K. til d., að hún leyfi þessa málshöfðun.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef sjaldan heyrt jafnmargar mótsagnir og rökvillur í jafnstuttri ræðu sem þeirri, er Gylfi Þ. Gíslason var að ljúka við. Mér finnst sanngjarnt að verðlauna Jónas Jónsson fyrir þá rökföstu ræðu, er hann flutti í byrjun þessa fundar, með því að afhenda honum Gylfa og ræðu hans til meðferðar. — Fáar stuttar athugasemdir get ég þó ekki stillt mig um að gera.

Prófessorinn hóf mál sitt með því að segja, að hvað sig áhrærði væri málshöfðun óþörf. Hann gerði þessa játningu að vísu aðþrengdur af ögrunum Jónasar Jónssonar um kjarkleysi, er hann telur sig tilneyddan að leita skjóls í meiðyrðalöggjöfinni í stað þess að berjast eins og maður gegn mér hér á Alþ. En úr því prófessorinn nú hefur gefið þessa játningu, hvers vegna tekur hann þá ekki beiðni sína aftur? Af þeim fjórum, sem þá eru eftir, eru þrír, þeir Pálmi Hannesson, sr. Sigurbjörn Einarsson og Kl. Tryggvason í ritnefnd „Þjóðvarnar", blaðsins, sem Gylfi nú ólmur vill afneita, en seint fær þvegið sig af. — Þessir þrír menn eru siðferðilega og lagalega ábyrgir fyrir skrifum þessa blaðs og fá væntanlega að sannreyna, hvað af því leiðir. Eftir er þá Einar Ól. Sveinsson, sem erfiðara getur orðið að sanna á sakir, enda þótt vitað sé um samstarf hans við hina og meðábyrgð á orðum þeirra og gerðum í umræddu máli.

Prófessorinn er ungur þingmaður og fáfróður um það, sem gerzt hefur í sölum Alþingis. En mikill fádæma barnaskapur getur það verið, ef hann í rauninni heldur, að það sé eitthvað spánnýtt, að deilt sé á utanþingsmenn hér á Alþingi. Þinghelgin er ætluð til þess, að þingmenn geti sagt sannleikann um hvern sem er, jafnvel þótt hann sé ekki sannanlegur og slík ummæli varði því við lög, ef sögð eru utan þinghelginnar.

Gylfi Þ. Gíslason segir, að fimmmenningarnir taki ekki aftur beiðni um málshöfðun vegna þess, að þeir vilji fá þingræðuna dæmda ómerka, en ekki það, sem Morgunblaðið hafði eftir mér. Jafnframt lýsir hann þó yfir, að beri eitthvað milli handrits þingskrifara og míns eigin handrits, þá gildi auðvitað hið síðara, þ. e. a. s. það, sem Morgunblaðið hafði eftir mér. Hvaða hugsanagrautur er þetta. Prófessorinn segist vilja fá dæmd ómerk ummæli, sem hann viðurkennir, að ég hafi ekki viðhaft. Enn skýrari verður þessi hugsunarvilla Gylfa, þegar þess er gætt, að hann og félagar hans hafa ekki óskað þess að mega höfða mál út af því, sem greinir í handriti þingskrifara, heldur út af mínum eigin ummælum, eins og Mbl. hefur flutt þau. Nema þessir menntamenn þurfi nú enn að breyta beiðni sinni!

„Tveir feður", er það ekki nýr kapituli í sköpunarsögunni, herra prófessor? Ég get að sjálfsögðu enga ábyrgð borið á kommúnistum, hvorki fyrr né síðar, en áreiðanlega voru syndir þeirra fæstar og minnstar meðan þeir voru undir minni handleiðslu, og það samstarf var sæmilega einlægt, þ. e. a. s. fram á síðari hluta sumars 1946.

Það er mikill misskilningur hjá Gylfa Þ.

Gíslasyni, ef hann heldur, að hann hafi aldrei styrkt völd kommúnista á Íslandi. Öll barátta hans í umræddu máli var barátta til eflingar kommúnismanum hér á landi. Hitt skiptir þó meiru, að með framboði sínu hefur prófessorinn veitt kommúnistum ótrúlegan stuðning. Slíkur andstæðingur sem prófessorinn er mikils virði. Það mætti segja mér, að þau væru ekki fá atkv., er hrukku frá Alþfl. yfir til kommúnista, þegar verkalýðnum var sýnt framan í Gylfa Þ. Gíslason í stað eins höfuðskörungs Alþingis, Haralds Guðmundssonar.

Gylfa Þ. Gíslasyni þótti hart fyrir mig, að Gunnar Thoroddsen skyldi flytja dagskrártillögu sína án míns leyfis. Það þótti prófessornum lítið tillit til „formanns flokksins". Ég kem að því atriði síðar. Við skulum spyrja að leikslokum. En sannarlega getur þessi þingmaður djarft úr flokki talað, eða finnst mönnum það ekki? Hann er víst enn í flokki, allra þingmanna ótryggastur formanni sínum og flokki sínum til sárra leiðinda, já, og oft og einatt minnkunar.

Að öðru leyti lýk ég þessum stuttu athugasemdum við ræðu prófessorsins með því að leiða athygli að því, sem var aðalatriðið í hans ræðu, en það var að gera sig sjálfan hreinan á kostnað sinna samseku félaga. „Mér hefði aldrei dottið í hug að stefna". „Ég hef aldrei nærri Þjóðvörn komið". „Ég er ekki einu sinni í Þjóðvarnarfélaginu" o. s. frv., sagði Gylfi Þ. Gíslason. Hann er þá orðinn nokkuð fínn maður, eftir allt saman. En hvað um hina? Hvað um félaga hans? Vantar þá ekki einhvern málssvara?

Herra forseti. Það hefur hvarflað að mér, að vel væri viðeigandi, að þingtíðindin geymdu dálítið gleggri mynd af því, sem hér er að gerast, en enn er séð fyrir, jafnsjaldgæfan viðburð sem um er að ræða, er 5 svokallaðir menntamenn undir forustu eins hv. deildarm. hafa nú borið fram ósk um, að hv. deild léti af þinghelginni í því skyni, að þeir geti lögsótt einn alþingismann, mig, út af ummælum, er ég hafði um þá í þingræðu. En eftir því sem mér bezt er kunnugt, hafa slík tilmæli um afnám þinghelginnar aðeins tvisvar sinnum verið flutt á Alþingi síðustu hálfa öldina.

Til þess að sú mynd, er alþingistíðindin ættu að geyma af þessum mönnum, hégómagirnd þeirra, kjarkleysi, auðnuleysi og atferli öllu, mætti viðunandi teljast, hefði ég þó þurft að rannsaka nokkrar heimildir, lesa blað þeirra og bæklinga. Ummæli þeirra hefðu þurft að hanga á hempum þeirra og skrúða eins og heiðursmerki frá 5. herdeild Íslands fyrir dygga þjónustu í þágu erlends valdboðs. Jafnframt var svo nauðsynlegt að bera þessi ummæli hjáleigunnar, blaðsins Þjóðvarnar, saman við raddirnar frá höfuðbólinu, Þjóðviljanum, til þess með því að sýna, að óp Þjóðvarnar var aðeins bergmál Þjóðviljans, — sanna, að þessir samvöxnu andar voru ekkert nema leiksoppar sterkari vilja, manna, sem hafa ákveðið að fórna ættjörð sinni á altari hugsjónar, sem flestir Íslendingar afneita, hugsjónar, sem fram að þessu hefur svipt þjóðfélagsþegnana öllum helgustu og dýrmætustu verðmætum mannlegs lífs alls staðar þar, sem hún hefur rutt sér rúm og komizt í framkvæmd.

Ég verð að viðurkenna, að ég taldi vesöld fimmmenninganna þegar orðna svo mikla og landslýð öllum svo kunna, að mér sýndist nauðsynjalaust og þá jafnframt tæplega sæmandi að verja páskahelginni til þess að kynna mér til hlítar þá mynd, er þeir hafa teiknað af sjálfum sér. Blaðið Þjóðvörn geymir þessa mynd svo örugglega, að hún gleymist ekki. Sá óþverrahaugur verður grafinn, þegar til málsóknar kemur. Þar inni eru þessir herrar. Þangað skulu þeir sóttir, afklæddir og sýndir almenningi. Svipleiftur af þeim vil ég þó sýna.

Í margar vikur, marga mánuði, hafa þeir ráðizt í ræðu og riti á ýmsa af forustumönnum þjóðarinnar með brigzlum um landráð og föðurlandssvik. Málið sjálft sem um ræddi, Norður-Atlantshafssáttmálann, þóttust þeir þekkja til hlítar, áður en sjálfir höfundar sáttmálans höfðu náð samkomulagi um efni hans, hvað þá orðalag. Í skjóli þess, að við, sem út af fyrir sig óskuðum samstarfs við þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar að ætt, uppruna og andlegu atgervi, í því skyni að reyna að bægja voða þriðju heimsstyrjaldarinnar frá dyrum mannkynsins, gátum ekki fullyrt um, hvað í sáttmálanum mundi verða, einfaldlega vegna þess, að enginn vissi þetta á þeim tíma, staðhæfðu þessir menn, að sáttmálinn fæli í sér rétt erlendra þjóða til þess að hafa herstöðvar á Íslandi á friðartímum og jafnframt skyldu Íslendinga til þess að lögleiða herskyldu hér á landi, ef Ísland gerðist aðili. Á þessum forsendum var landslýðurinn blekktur og æstur, ekki aðeins til andstöðu gegn málinu, heldur og til óbeitar, fyrirlitningar og haturs á okkur, sem kunnir voru að fylgi við hugmyndina og ráðnir í því að tryggja þátttöku Íslands í bandalaginu, ef þess væri kostur, „þannig að fullt tillit yrði tekið til sérstöðu Íslendinga sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar". Með þessum hætti gerðust fimmmenningarnir og aðrir slíkir 5. herdeild íslenzku kommúnistadeildarinnar, sem hvað eftir annað hótaði að „hindra" löglega kosinn meiri hluta Alþingis í því að koma fram vilja sínum með löglegum hætti á löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Um heiðarleik þessara fimmmenninga og einlægni þeirra í baráttunni geta menn svo bezt dæmt, þegar athugað er framferði þeirra eftir að sáttmálinn var fullgerður og lagður fyrir alþjóð manna. Þá kom sem kunnugt er í ljós, að herskylda kom ekki til greina, heldur ekki herstöðvar á friðartímum né neitt það, er þjóðvarnardótið áður hafði staðhæft.

Hvað hefðu nú heiðarlegir menn gert í þeirra sporum?

Ég bið menn að minnast þess, að áróður sinn gegn sáttmálanum höfðu þjóðvarnarmenn byggt einmitt á því, að sáttmálinn fæli í sér herskyldu og herstöðvar á friðartímum. Á þeim forsendum höfðu þeir og herrar þeirra, kommúnistarnir, blekkt landslýðinn til andúðar og andmæla. Á þessum forsendum hafði þeim tekizt að afla mótmæla gegn þátttöku Íslands í bandalaginu. Nú lá fyrir skjalleg óyggjandi sönnun fyrir því,

að þessar forsendur væru rangar, ættu við ekkert að styðjast, fyrir þeim væri alls enginn fótur.

Og nú spyr ég enn: Hvað bar heiðarlegum mönnum að gera?

Svarið getur ekki orðið nema eitt af tvennu: Annaðhvort bar þeim að gleðjast yfir því, að Íslandi voru ekki sett nein óaðgengileg skilyrði fyrir þeirri auknu vernd landi og lýð til handa, sem í sáttmálanum felst, játa síðan villu sína og fara hamförum til þess að tryggja, að allir þeir, er látið höfðu blekkjast af orðum þeirra og athöfnum, fengju vitneskju um sinnaskiptin og hvað þeim hefði valdið —, eða, ef þeir samt sem áður voru andvígir þátttöku Íslands, ef ástæður fyrir mótspyrnu þeirra voru ekki þær, sem þeir höfðu ginnt landslýðinn með, heldur allt aðrar, ef þeim var það ekki gleðiefni, heldur vonbrigði, að sáttmálanum fylgdu engin óaðgengileg skilyrði, heldur einhliða fengur Íslandi til handa, — þá bar þeim samt sem áður að játa fyrir almenningi, að forsendurnar voru brostnar og félagssamþykktirnar því reistar á misskilningi. Jafnframt var þeim að sjálfsögðu frjálst að mæla gegn þátttöku Íslands.

Hvorugan þennan kost völdu þessir herrar. Nei, til þess skorti þá allt nema kannske menntunina. Þeir völdu aðra leið. Þeir hertu róðurinn. Mennirnir, sem allt þóttust vita um sáttmálann, meðan enginn gat vitað neitt um endanlegt efni hans og form, héldu því nú fram, nú, þegar sáttmálinn lá fyrir orði til orðs og allir vissu því allt um hann, að enginn vissi neitt um sáttmálann. Og nú var baráttan hert. Því hagstæðari sem sáttmálinn reyndist Íslendingum, því fjandsamlegri varð andstaða þeirra. Nú var ekki raka þörf, enda engin fyrir hendi. Helzt var þó haft að vopni, að ekkert væri að marka, hvað í sáttmálanum stæði, enda væri flest miðað við að blekkja Íslendinga. Þetta voru fátækleg rök. Þessi vopn bitu illa, það skildu jafnvel þjóðvarnarmennirnir. En þeir áttu önnur úrræði. Stóryrði, illgjarnar getsakir, hatursfullar persónulegar árásir og brigzl um landráð og föðurlandssvik. Þessi gróður óx og dafnaði í dálkum Þjóðvarnar svo furðulega hratt og vel, að þess er varla von, að menn festi trúnað á, að Hákon skógræktarstjóri hafi við nokkurri plöntu snert í þeim aldingarði.

Ég skal ekki orðlengja um þetta að sinni. Sáningunni var lokið. Uppskerunnar var beðið.

Og nú rann upp hinn 30. marz, dagurinn, sem löglegur meiri hluti Alþingis ætlaði að taka þá ákvörðun, sem „röddin", Þjóðviljinn, hafði tilkynnt, að „þjóðin" skyldi „hindra" þá ákvörðun, sem „bergmálið", Þjóðvörn, hafði æst landslýðinn gegn með lævísi og blekkingum. Ákveðið var að láta þjóðvarnarhetjurnar boða til borgarafundar í mótmælaskyni. Þá var útskýrt fyrir hetjunum, að þeir væru búnir að æsa landslýðinn svo mikið, að slíkt fundarhald gæti leitt til vandræða, — vandræða fyrir þá sjálfa. Það hreif. Vandræði — það var fyrir sig. En vandræði fyrir þá sjálfa. Slík fásinna kom ekki til greina. Ef um slíkt gat verið að ræða, þá var svo sem engin nauðsyn að vera með nein fundarhöld. Þá voru mótmæli „þjóðarinnar" a. m. k. þýðingarlítil. Þá varð Alþingi heldur að fá að selja ættjörðina í friði. Þetta smáslys, að kjarkurinn skildi við hetjurnar, varð svo til þess, að húsbændurnir neyddust til að koma sjálfir fram á sjónarsviðið. Þeir boðuðu, sem kunnugt er, fund þennan dag og stefndu þeirri fylkingu að alþingishúsinu.

Mér er óþarft að rekja hér rás viðburðanna 30. marz. Þeir eru öllum alþm. í fersku minni. Blöð landsins hafa birt frásagnir frá þeim, og umræður þær, er fram fóru hér á Alþingi daginn eftir, hinn 31. marz, hafa flutt þá sögu inn í þingtíðindin. Að þessu sinni læt ég nægja að segja, að það var djörf og karlmannleg framkoma lögreglustjóra Reykjavíkur og hans rösku manna, ró, festa og þolinmæði þess liðs, er lýðræðisflokkarnir höfðu kvatt til verndar öryggi og athafnafrelsi Alþingis, og greiðar undirtektir borgaranna í Reykjavík, er formenn lýðræðisflokkanna kölluðu þá á vettvang, er afstýrðu því, að ofbeldisseggjunum tækist að standa við hótanirnar um að „hindra" Alþingi í störfum. Án þessa hefði þessi dagur orðið sögurikur, og án efa hefðu þá gerzt ýmsir viðburðir, sem sumt af þjóðvarnarliðinu hefði ekki kært sig um að bera ábyrgð á.

En enda þótt tekizt hafi að afstýra því, sem verra var, hvíla þó viðburðir þessa dags sem smánarblettur á þeim, er þar höfðu verið og voru að verki. Ég viðurkenni, að ég sá engar þjóðvarnarhetjur kasta aur, fúleggjum og grjóti inn um rúður alþingishússins né miða þessu að höfði alþingismannanna og þess liðs, sem lýðræðisflokkarnir höfðu dregið saman til varnar þinghelginni. Ég sá yfirleitt ekkert til þess „fína fólks", meðan á bardaganum stóð, og eftir öðru að dæma tel ég líklegt, að það hafi haldið sig heima. Þeim hefur sjálfsagt þótt skynsamlegt að vera sem fjærst vettvangi, ef til vandræða drægi. Vandræðin voru hvort eð er ætluð öðrum en þeim sjálfum.

Ég get að sjálfsögðu ekki sundurgreint, hvort höndin, sem kastaði fúleggjunum, eða hin, sem kastaði aur og grjóti, lét stjórnast af boðskap Þjóðvarnar eða Þjóðviljans. Ég læt nægja að gizka á, að ef hetjurnar sjálfar hefðu verið á vettvangi og tekið virkan þátt í orrustunni, hefðu þeir talið fúleggið í eðlilegra líkamlegu og andlegu samræmi við þá sjálfa heldur en grjótið. En sem sagt, á þessu stigi læt ég það liggja milli hluta og lýk þessum þætti með því að segja, að svo er fyrir þakkandi, að nú mun mega treysta því, að enginn hafi né muni láta lífið út af þeim fólslegu árásum, sem gerðar voru á starfsfrið Alþingis af mönnum, sem logið var að, að Alþingi Íslendinga væri að svikja þjóðina.

Ég kem þá að því, sem hneykslinu veldur, því, sem knúið hefur þessa 5 saklausu og sauðfrómu hámenntamenn til þess að óska þess, að þinghelginni yrði aflétt, svo að þeir gætu lögsótt mig.

Eins og hv. þm. vita, urðu allsnarpar umræður hér á Alþingi daginn eftir að árásin á

Alþingi var gerð. Í þeim umræðum fór ég nokkrum vel völdum orðum um þátt þjóðvarnarliðsins í þeim sorgarleik. Þessi ummæli voru síðan prentuð í Morgunbl. 1. apríl. Fimm dögum síðar senda þessir menntuðu þjóðskörungar forseta sameinaðs Alþingis bréf og biðja þess, að þinghelginni verði aflétt, svo að þeir megi draga mig fyrir lög og dóm út af þessum ummælum. Varla hafa þeir þó afhent forsetanum bréfið fyrr en þeir koma til hans að nýju að biðja hann að skila sér þessu merka plaggi aftur. Áður hafði þó forsetinn sagt mér frá bréfinu, en síðar frá afturhvarfi skörunganna. Taldi ég nú líklegt, að það hefði runnið upp fyrir þeim, að óviðfelldið væri af ekki meira tilefni að bera fram ósk um, að aflétt væri þinghelginni, fremur en hitt, að þeir hefðu komizt á snoðir um, að eftir 5 sólarhringa bollaleggingar hefðu þeir villzt á forseta, sent beiðnina til forseta sameinaðs Alþ. í stað forseta neðri deildar. En hvað sem þessu leið, þóttist ég vita, að hefndarþorstinn og þar með sjálf óskin um að fá dregið mig fyrir lög og dóm lifði enn góðu lífi undir hempu prestsins og með „fína fólkinu".

Ég leitaðist við að skilja hugarfar „fína fólksins". Eiginlega hálfvorkenndi ég þeim. — Þeir höfðu barizt óheiðarlegri baráttu og tapað. Enginn vafi gat leikið á því, að fyrir dómstóli þjóðarinnar stóðu þeir sem dæmdir menn. Hver gat sagt um nema samvizkan gerði þeim líka einhver smáóþægindi? — Verst af öllu var kannske, að fólkið dró dár að þeim, — hló að þeim. Sjálft málið, sem þeir höfðu verið að berjast gegn, hafði verið borið fram til sigurs. Kannske var það nú fyrir sig. En mennirnir, mennirnir, sem þeir ætluðu sér að níða niður sem landsölu- og landráðamenn, þeir höfðu sigrað og vaxið af málinu.

Þannig stóð þessi bága og beygða hjörð og spurði: „Hvað skal nú til varnar verða vorum sóma?" Ekki veit ég, hver menntamannanna fyrstur hrópaði: „Hevreka." Ekki veit ég, hver snjallræðið fann. Ekki veit ég, hver vakti vonina um, að það, sem almenningsálitið hafði neitað þeim um, það, sem dómstóll þjóðarinnar hafði varnað þeim, það, sem jafnvel þeirra eigið samvizkubit hafði ekki viljað veita þeim, það kynni kannske ströng íslenzk meiðyrðalöggjöf að geta gefið þeim. Ef til vill mætti takast að telja fólki trú um, að þeirra hlutur væri eitthvað skárri en efni standa til, ef hægt væri að fá rétta lýsingu af ofbeldi þeirra dæmda ómerka vegna skorts á lagalegum sönnunum.

Ég skildi, að þessum mönnum leið ekki vel. Í marga mánuði höfðu sumir þeirra gengið í rús. Hver árás þeirra á ýmsa forustumenn þjóðarinnar var verðlaunuð með lofi og skjalli frá kommúnistum. Í Þjóðviljanum voru frásagnir um, hvernig mælska þeirra og andagift kveikti eld í íslenzkum hjörtum, bál, sem mundi loga og lýsa fram á veginn o. s. frv. Af öllu þessu tútnaði „fína fólkið út" í sælu og vellíðan hins hégómagjarna manns, er aldrei hefur fengið þrá sinni svalað. Þessi sæla stóð þar til þeim var bent á, að þeir skyldu dregnir til ábyrgðar. „Ef eitthvað hefði skeð, ef eitthvað skeður, þá eru það þessir menn, sem ábyrgðina bera og til saka skulu fá að svara", sagði ég í þingræðunni 31. marz. Þegar þeir heyrðu þessi orð, rann af þeim, þá byrjuðu timburmennirnir.

„Ábyrgð. Guð hjálpi mér," sagði prestlingurinn. „Mér líka", sagði söfnuðurinn. Og nú náði hræðslan á einu augnabliki þeim sigri, sem heilbrigð skynsemi þessara manna gat ekki unnið á mörgum mánuðum. Lof og skjall kommúnista hafði læst sig um hverja taug þeirra. En nú sigraði hræðslan skyndilega. Ábyrgð vildu þeir enga bera. Þá vildu þeir heldur afsala sér lofinu og mótmæla ábyrgðinni með málssókn á hendur mér, enda þótt herrum þeirra, kommúnistum, *falli ekki fyllilega slík* vinnubrögð.

Mér finnst rétt að leyfa prestinum og hjörð hans að svala hefndarþorstanum og leita um leið þess skjóls, sem meiðyrðalöggjöfin kynni að geta veitt illa stæðu mannorði þeirra. Hins vegar viðurkenni ég, að mitt álit er, að annað tveggja sé, að afnema beri með öllu þinghelgina eða að veita aldrei undanþágu frá henni. Hitt, að setja þingmenn, sem oft og einatt deila fast hver á annan, í þann vanda að úrskurða, hvenær þinghelgi skuli gilda varðandi þingbróður og hvenær ekki, er a. m. k. neyðarúrræði. Ég flýtti mér því að endurtaka ummæli mín utan þinghelginnar, til þess þannig að skapa fimmmenningunum aðstöðu til lögsóknar án þess að ónáða þingið. Ég þóttist og þykist enn hafa með þessum hætti tryggt óskertan rétt þessara manna til að lögsækja mig. Ég taldi því, og tel enn, að Alþingi þurfi engin afskipti að hafa af málinu. Ég vil hins vegar ekki eiga það á hættu að fimmmenningunum takist að telja fólki trú um, að ég hafi lagt stein í götu málssóknar þeirra. Öruggast hefur mér því þótt að fá flokksbræður mína til að samþykkja að aflétta þinghelginni. Þeir hafa margir verið tregir til þess, en þeir hafa þó a. m. k. sumir lofað að láta að ósk minni. Og nú leyfi ég mér að mælast til þess, að hv. þm. Snæf. (GTh) og hv. þm. Ísaf. (FJ) geri þá bón mína að taka rökstuddu dagskrána aftur, enda þótt hún að efni og formi sé réttmæt. Andstæðingana læt ég að sjálfsögðu eina um sínar gerðir.

Að lokum vil ég svo enn endurtaka fyrri ummæli mín, þau sem málareksturinn á nú að hefjast út af. Þau hljóða þannig:

„Í marga mánuði hafa kommúnistar reynt að æsa fólkið til ódæða. Oft hafa þeir beitt fyrir sig mönnum eins og séra Sigurbirni, Klemenz Tryggvasyni, Pálma Hannessyni, Einari Ól. Sveinssyni og Gylfa Gíslasyni. Þessir fuglar hafa verið látnir ljúga því að landslýðnum, að verið væri að selja landið. Ég get ekki undrazt, þótt blóðið hitni í æskulýðnum, ef hann trúir því, að við séum í rauninni að svíkja fósturjörðina. Ef eitthvað hefði skeð, ef eitthvað skeður, þá eru það þessir menn, sem ábyrgðina bera, *og til saka skulu fá að svara, og svo* auðvitað þeir, sem þeim stjórna, sjálfir leiðtogar kommúnistanna. Ég efast ekkert um, að Gylfi Þ. Gíslason segi það alveg satt, að hann hafi

viðbjóð á atburðunum, sem gerðust við þinghúsið í gær, og vilji sverja af sér sökina, en sem einn af þjóðvarnardótinu ber hann sinn hluta af ábyrgðinni á skrifum þess blaðs. Þar hefur að staðaldri verið spanað til ódæða. Undan ábyrgðinni af því kemst þetta „fína fólk" ekki. *Um það er því óþarft að gera sér vonir.*

Þjóðvarnarmenn eru leiksoppar kommúnista og ekkert annað. Kommúnistar segja þeim fyrir verkum. Þeir ákváðu fundarhöld þjóðvarnarmanna. — Í gær brást þeim bogalistin. Þjóðvarnarmenn ætluðu að boða fund kl. 5. Þá brast kjark. Þá komu hinir fram í dagsljósið og boðuðu fundinn sjálfir. Úr því gríman féll þeim úr höndum, urðu þeir að sýna smettið."

Ég óska engu orði að breyta, finnst dómur minn mildur. Ég er ekki lögfræðingur. Ég þekki ekki meiðyrðalöggjöfina og veit ekki, hvort ég á von á einhverri sekt fyrir þessi ummæli. En ég þekki sannleikann í þessu máli og veit því, að ég hef sagt það eitt, sem satt er og rétt. Ég er því ekki hinn seki í þessu máli, heldur mennirnir, sem ég og aðrir hafa kostað til margra ára mennta, að þeir mættu öðrum betur sjá sannleikann, skilja hann og boða og öðrum fremur verða trúað vegna þekkingar sinnar og mikilla metorða, en nú hafa lagt sig í framkróka til að blekkja landslýðinn og ljúga að honum, einmitt þegar mest reið á sigri sannleikans. Þetta eru sökudólgarnir. Þeim á að refsa.

Þessir háu herrar hafa nú borið fram ósk um, að þinghelgin verði rofin. Það má kannske segja, að sú fróma ósk sé meinlaus, vegna þess að ég hef þegar endurtekið ummæli mín utan þinghelginnar, og þannig geta menn með sanni sagt, að úr því svo er, skipti þinghelgin ekki lengur máli hvað þessi ummæli mín áhrærir, og greitt atkvæði í samræmi við það. En hvað sem því líður, mun nú málareksturinn hefjast. Kannske tekst þá að sanna, að þessir fuglar hafa fyrr leitað á þinghelgina. Kannske tekst þá skjallega að leiða í ljós þátt þeirra í árásinni á þingið, grjótkastinu, meiðslunum, er nær urðu manndráp, og öðru slíku. — Yrðu þá málaferli þessi ekki með öllu þýðingarlaus, og mætti þá með sanni segja, að saman fari gifta og *gervileiki* þessara vesölu manna.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég álít nauðsyn fyrir Alþingi að líta á þetta mál í sambandi við aðstöðu þingsins í heild sinni, og hv. 4. þm. Reykv. hrakti ekki rök mín, að þegar ofbeldi *er beitt í lýðræðislöndunum, þá er það, sem* liggur á, að laga sig eftir kringumstæðunum. Mér þykir rétt að benda á atvik úr þessum sal í sambandi við þetta mál. Það er vitað, að í þingræðislöndum, þá er gert ráð fyrir því, að forseti hafi algert vald yfir umræðum, og í Englandi, móðurlandi *parlamentarismans*, er það venja, að ef einhver þingmaður hagar sér óþinglega, þá vísar forseti honum af þingi, og hver einstakur þingmaður hlýðir því, ef svo ber undir. Nú vitum við, að 30. marz gerast þau undur, að einn af helztu þm. sósíalista, form. þingflokks þeirra, neitar að hlýða forseta. Hann tekur það beinlínis fram, að hann muni hafa úrskurð forseta að engu og muni tala eins lengi og hann vilji. Þannig verður þessi maður, sem annars er kurteis, þegar hann kemur fram sem byltingarmaður, og það er ekki grundvallareðlismunur á því að brjóta lög og reglur þingsins og brjóta rúður og hús og *særa menn með grjótkasti*. Fræðilega var því ekkert til fyrirstöðu, að maðurinn talaði í þrjá klukkutíma — annað eins hefur hann gert — enda þótt forseti ætlaði að ljúka umr. á þrem tímum. Það varð þó úr, að hann hætti eftir nokkuð langa stund. Þessi maður hafði þá raunverulega gert byltingu. Það hefur aldrei áður þekkzt, að menn óhlýðnuðust forseta svo. Ég heyrði þau orð falla, að eðlilegt væri, að forseti beitti valdi til þess að láta þm. hætta að tala, en fyrir því finnst enginn stafur í þingsköpum. Það hefði þó náttúrlega átt að gera strax og hann braut reglur þingsins og láta lögregluna fjarlægja hann, þótt vafalaust sé, að ýmsir hefðu kallað það óhæfu. En allt um það er það eftirtektarverð lexía, þegar einn hv. þm. lýsir því yfir, að hann neiti að hlýða forseta. Kommúnistar sýndu þarna, hvað þeir hugsa sér og telja sér fært að gera. Ég veit ekki, hvort þetta er nokkur furða, en það er nú þegar vitað, að annaðhvort verður forseti þingsins að gera, að láta þessa sökudólga og þeirra handbendi vaða hér uppi með frekju, eins og þarna varð raun á, eða að leita til lögreglunnar um að láta þá út úr þingsölunum. Það verður að gera ráð fyrir þessu valdi forseta, ef þingið vill ekki láta fara með sig eins og nazistar fóru með þýzka þingið.

Hv. 4. þm. Reykv. vill halda því fram, að hann og hans lið hafi ekki æst til ófriðar. Það er nú erfitt að segja, að hve miklu leyti þeir atburðir, sem hér urðu 30. marz, hafa verið þjóðvarnarmönnum að kenna. En ég skal segja hér eitt lítið dæmi um það, hverju áróður þeirra og kommúnista hafði fengið áorkað. Ég þurfti að fá bíl til að flytja mig eitthvað um bæinn daginn eftir í ein tvö skipti. Ég þekkti ekki hina myndarlegu bílstjóra, en annar þeirra fór að tala um atburðina og sagði m. a.: „Ég var vestur í bæ í gær, og kom þá kommúnisti þar inn í kjallara, þar sem öldruð kona var að þvo þvott, og sagði við hana: „Þú verður að koma niður á Austurvöll og hafa grjót í vasanum." Og fræin, sem sáð hafði verið í hennar sál, höfðu borið þann ávöxt, að hún hlýddi þessu." — Hinn bílstjórinn hafði ekið innan úr Hlíðum ungum manni. Hann var með böggul í hvítu bréfi, og án þess að bílstjórinn athugaði það, hélt hann fyrst, að í bögglinum væru kartöflur, en það kom í ljós, að það voru steinar.— Þarna hef ég þá frá áreiðanlegum sjónarvottum tvö dæmi — um gömlu konuna, sem er heimtuð frá vinnu sinni til þess að taka þátt í árás á *þinghúsið*, og um unga manninn í Hlíðunum, sem reiddi grjót í bögglí. Og við höfum séð þessa steina; bæði hafa þeir skaddað þingmenn og fyrst og fremst utanþingsmenn, og það vita allir, að á þeim á sökina orðbragðið í Þjóðviljanum og Þjóðvörn, og hv. 4. þm. Reykv. getur ekki neitað því, að hann sé einn af þjóðvarnarmönnum og beri því sína ábyrgð,

hann er talinn þar með, þótt nafn hans sé ekki á blaðinu. En hve Þjóðvörn er sniðin eftir Þjóðviljanum, kom e. t. v. hvað greinilegast í ljós núna eftir slaginn. Þjóðvörn réðst einkum á hæstv. menntmrh. og bar hann gömlum og nýjum sökum, m. a. þeim, að hann hefði lánað ofbeldismönnum stofu hér niðri í húsinu. Frekjan hefur aldrei verið meiri hjá Þjóðvörn heldur en núna eftir á, og vita þó allir, hvernig málflutningur hennar hefur verið í vetur.

Það væri nú ekkert á móti því, að benda þessum mönnum á það, að ef það er satt, sem þeir halda fram, að við höfum selt okkar land, þá er það jafnsatt um hin 10 ríkin, að þau hafa þá selt sig Bandaríkjunum, sem eru hinn sterki aðili í þessu bandalagi, en þar hefur aðild að bandalaginu yfirleitt alls staðar verið samþykkt með atkvæðum allra nema kommúnista eða manna, sem algerlega eru háðir þeim. Hvernig heldur hv. 4. þm. Reykv., að hann standi gagnvart þeirri staðreynd, að yfirleitt allur hinn menntaði heimur er í þessu bandalagi, sem nauðsyn hefur þótt að mynda vegna framkomu Rússa og til varnar gegn yfirgangi þeirra. Kommúnistarnir hér leyna því ekki, að flokkur þeirra sé á vegum Rússa. En um þjóðvarnarmenn er það að segja, að þeir þykjast ekki vera af þessu sauðahúsi, en eru það samt. Hv. 4. þm. Reykv. hefur eins og kommúnistarnir svívirt þetta mál, en það hefur fellt dóm yfir honum, og hann stendur miklu lægra en kommúnistarnir, sem köstuðu grjótinu; þeir þora þó að koma hreint fram og viðurkenna, að þeir séu handbendi Rússa. En hv. 4. þm. Reykv. sver fyrir það. En eftir að hann kom á þing, hefur hann skrifað greinar í kommúnistablaðið og staðið með þeim alltaf, bæði í flugvallarmálinu og núna. Þess vegna er það, að ég álít, að þd. verði að gæta að því að láta ekki þessa menn rjúfa þá helgi þingsins, sem sett hefur verið með fullum rétti og rökum viturra manna. Við höfum á Alþ. rétt til að gera þessa menn ábyrga fyrir hverjum steini, sem kastað hefur verið hér inn. Og það er því frekja á hæsta stigi hjá hv. 4. þm. Reykv. og hans nótum að vilja auðmýkja Alþ. enn meir og svívirða; því að ómögulegt er að líta á ósk hans öðruvísi en sem hliðstæða við steinkastið. Það á að opna Alþ. fyrir hinum mestu óbótamönnum, sem komið hafa fram gagnvart Alþ., því að aldrei hafa brigzlin um föðurlandssvik verið eins almenn og stöðug eins og nú af þessum mönnum og kommúnistum. Ég ræði þetta mál eingöngu frá sjónarmiði Alþ. sem alþm. Og ég tel algerlega rangt að slaka nokkuð á klónni gegn ofbeldinu, eins og hér er farið fram á, og mun því greiða atkvæði á móti þessu.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi leiða rök að því, að þeir þjóðvarnarmenn stæðu ekki frekar í tengslum við kommúnista vegna sömu afstöðu til þessa máls heldur en ég, þar sem ég var með þeim í skilnaðarmálinu við Dani. Um þetta er nú það að segja, að kommúnistar höfðu þetta ekki að neinu höfuðmáli. Það var búið að vinna að þessu máli í heila öld af öðrum, þegar kommúnistar komust á Alþ., og það vorum við hv. þm. G-K., sem tókum síðan merkið upp í fullri alvöru og reyndum að gera okkar ýtrasta til þess að leysa málið. Þegar kommúnistar komu þarna inn, réðu þeir því sjálfir, það var þeirra mál, en þeir komu ekki fram sem neinir leiðandi menn. Hins vegar bar á því, að nokkrir leiðandi menn í Alþfl. voru linir í málinu, og kommúnistar höfðu gaman af að láta þá leiða skömm yfir flokkinn. — Annars er rétt í þessu sambandi að segja hér svolitla gamansögu. Pólitískur andstæðingur minn, Björn Kristjánsson, kom úr framboðsferð og hafði haldið fundi í 16 hreppum. Hann sagði þá þetta: „Ég hef sagt á 16 fundum, að Jónas Jónsson væri kommúnisti, og hann er kommúnisti.“ Þegar beitt er slíkum furðurökum, er nú ekki vandi að komast að niðurstöðum. Svo var það, að þegar ég hafði starfað nokkur ár að stjórnmálum og verið einn vetur á þingi, þá var ungur lærdómsmaður í Alþfl., Jón heitinn Thoroddsen, sem skrifaði nafnlausa grein um mig í Alþýðublaðið og sagði, að ég hefði gerzt svikari við verkalýðssamtökin og hefði nú tekið að mér að svíkja bændurna. Þetta gaf mér kærkomið tækifæri til að svara þessu í blaðagrein í eitt skipti fyrir öll, og ég komst þar m. a. svo að orði árið 1923: „Ég vil vinna með verkamönnum, ef þeir hlýða lögum og reglum, en ef þeir standa með byltingarstefnum, ætla ég að leyfa mér að standa við hlið Ólafs Thors.“ Þessi yfirlýsing mín um það, að ég mundi, ef í það færi, standa með svartasta íhaldinu, sem þá var í landinu, var gerð til þess að gera alveg hreint fyrir mínum dyrum. Svo var það 1936, þegar „þriggja mánaða vixillinn“ var á döfinni og heimtað var af okkur að ganga inn á byltingarprógramm, að þá sagði ég og við allir, að þetta vildum við ekki. Það gengur þannig heimsku næst að bera saman afstöðu mína og svo aftur þjóðvarnarmanna til kommúnista. Ég hef markað glöggt afstöðu mína til þeirra. Og þó að mér þyki hv. 2. þm. Reykv. og félagar hans mjög þóknanlegir menn að tala við, þá er það lífsviðhorfið, sem okkur skilur.

En eins og hv. 4. þm. Reykv. getur ekki hreinsað sig af þjóðvarnarmönnum, eins geta þeir ekki hreinsað sig af kommúnistum. Hv. þm. man e. t. v., að kommúnistaflokkurinn sendi þá Sigurð Þórarinsson jarðfræðing og Jónas Haralz hagfræðing til þess að koma þjóðvarnarhreyfingunni af stað, og þegar það var búið, var hún látin halda áfram. Þjóðvörn var sköpuð af kommúnistum til að bæla Framsfl. fyrst og fremst. Það sést bezt á því, að eftir atburðina 30. marz ræðst blaðið ekki á Sjálfstfl. eða Alþfl., heldur á framsókn og menntmrh. fyrst og fremst, af því að sá flokkur hafði seinna tekið afstöðu, og gremja þeirra var því meiri sem þeir vonuðust eftir því um tíma, að þeir gætu afvegaleitt flokkinn. Þetta hlýtur hv. 4. þm. Reykv. að vita allt saman, og ég vona, að hann fari ekki svo í sæng í kvöld, að honum verði ekki ljóst, að hann verður aldrei hreinn í þessu máli.

Þá vil ég benda á eitt atriði, sem sýnir glöggt, hve langt hefur verið gengið í ofstækinu í málflutningi. Seinni daginn, sem hið fræga grjót-

kast stóð yfir, var forsrh. að ganga út úr þinghúsinu og heim til sín, og þá stendur þar ung stúlka, 15 ára gömul, fyrir utan þinghúsdyrnar, reiðubúin til að berja hann, og gerir það af ráðnum hug. Mér er sagt, að þetta sé greindasta stúlka, hversdagsprúð, og stendur að henni ágætt fólk, sem mér er kunnugt. Hvernig halda menn nú að þetta geti komið fyrir, að 15 ára stúlka af góðu heimili komi þannig fyrir fram ákveðin í að berja og svívirða æðsta mann ríkisstj., sem forustu hafði haft í þessu máli? Sýnir þetta ekki hvað bezt eðli hinna eitruðu æsingaskrifa? — Og hvað gerist svo? Á sjálfu Alþ. og í blöðunum eru tekin hin fegurstu dæmi til að fegra þennan verknað og stúlkunni líkt við hina frægustu kvenskörunga. Af Þjóðviljamönnum og þjóðvarnarmönnum er reynt að sýna henni mjög mörg virðingarteikn, sem hún hefði átt skilið fyrir allt annað en þennan glæp. — Og hvað verður svo upp á teningnum, þegar hún kemur í skólann? Hún er í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, en þar eru, að því er mér er talið, margir kommúnistar í kennaraliðinu, og þegar hún kemur í skólann, er henni sýndur þar opinber sómi og hátíðlega tekið á móti henni í sumum bekkjunum fyrir það að hún hefur svívirt forsætisráðherra landsins. Mér finnst nokkuð skorta á skörungsskap hjá hæstv. menntmrh., að hann skuli ekki hafa látið athuga þetta. Án þess að ég vilji gera nokkurn samanburð á mér og honum, þá minnist ég þess, að þegar ég var menntmrh. og það kom fyrir í einum skóla landsins, að einn kennaranna misþyrmdi börnunum líkamlega, þá setti ég hann af. En þessu hefur sem sagt hinn eitraði undirróður komið til vegar. Karlmennirnir leggja til grjót og skít, og svo kemur 15 ára stúlka og leggur þennan krans að hálsi forsrh. af hálfu kvenþjóðarinnar. Okkar þjóðfélag er nú sem sagt ekki sterkara en þetta. En þeir uppalendur æskunnar, sem gerast samsekir um svona atferli, ættu að hverfa til annarra starfa.

Af þessu getur nú hv. 4. þm. Reykv. séð, hverju hann og hans félagar hafa komið til vegar. En nú held ég það væri ekkert á móti því að minna hann á, hvernig hann stóð í skilnaðarmálinu við Danmörku ásamt allmörgum öðrum þjóðvarnarmönnum og mjög mörgum háskólamönnum yfirleitt. Þeir voru einhverjir alóþörfustu menn í skilnaðarmálinu og gerðu allt til að hindra framgang þess með lúalegum hætti. Þeir skrifuðu undir hvert skjalið eftir annað, einu sinni 62, í annað skipti 270 og enn einu sinni 14. Það er nú bezt, að hv. 4. þm. Reykv. viti, að fyrir þetta munu þessir menn fá sinn dóm. Þeir höfðu flestir verið í Danmörku og fengið matarást á henni og höfðu gleymt sínu eigin landi. Það var svipað um þá að segja og hina konungkjörnu þm. Hv. 4. þm. Reykv. veit, hverjir þeir voru; það voru menn af sama tagi og hv. 4. þm. Reykv. sjálfur, menn, sem Jón Sigurðsson hafði tekið að sér suma úti í Danmörku, en héldu, að þeim bæri að ganga erinda dönsku stjórnarinnar, undir eins og þeir voru látnir skipa hinn virðulega sess sem konungkjörnir þm. Það eru aðeins tveir af þessum lærðu mönnum, sem aldrei dignuðu, en það voru þeir Bjarni frá Vogi og Benedikt Sveinsson. Þessir tveir menn stóðu sig alltaf vel, en það eru líka þeir einu af þeim lærðu. Frá 1908, þegar Theodóra Thoroddsen kom í veg fyrir, að illa færi, hafa lærðu mennirnir gert sitt til að koma í veg fyrir, að sjálfstæðismálið næði í höfn. Og það er nærtækt dæmi um, hvernig þeir brugðust 1944, þegar jafnvel kommarnir stóðu sig sæmilega. En hvað veldur svikum lærðu mannanna við íslenzkan málstað? Það er ekki það, að þeir séu ekki nægilega lærðir, heldur hin pólitíska skammsýni, sem leiðir þá af réttri leið. Það er ekki séð fyrir þær afleiðingar, sem leitt gat af stefnu þessara manna 1944, en ef marka má af því, hvernig samningar við Dani hafa gengið síðan, þá værum við illa staddir nú, ef fylgt hefði verið stefnu þeirra. Í því sambandi má líka minna á, hvað þeir sögðu Stauning, þegar hann var hér á ferð fyrir styrjöldina. Þá sýndu þeir hug sinn, því að Stauning sagði, eftir að hafa dvalið með þeim, að það væri aðeins einn maður á Íslandi, sem vildi „fuld frihed". Og á sama hátt hefur öll barátta þeirra verið, þó að hún hafi komið greinilegast fram í þeim þremur stórmálum, sem undanfarið hafa verið þýðingarmest fyrir þjóðina, en þar á ég við sambandsmálið, Keflavíkursamninginn og svo núna Atlantshafssamninginn. Ég tel vel farið, að 4. þm. Reykv. hefur hreyft þessu máli, því að það hefur gefið tækifæri til að meta afbrot þessara manna og algera vöntun á þeirra pólitísku framsýni.

Umr. frestað.

Á 90. og 92. fundi í Nd., 22. og 25. apríl, var beiðnin tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var umr. enn fram haldið.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Síðast þegar ég sá mælendaskrána, stóð nafn mitt á eftir nafni hv. 2. þm. Reykv. á henni, en ef hann kýs að bíða, þá hef ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því.

Þeim tilmælum hefur verið beint til okkar flm. að hinni rökstuddu dagskrá, að við tækjum hana aftur. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að bera mig að fullu saman við 1. flm. till., hv. þm. Snæf., en er alveg reiðubúinn til þess að lýsa þeirri afstöðu minni í þessu máli, að ef hann óskar sérstaklega eftir því að hætta við að flytja dagskrána, þá mundi ég gera hið sama. Hins vegar mundi ég ekki breyta minni afstöðu um afgreiðslu þessa máls, sem er á þá lund, að ég er alveg ófáanlegur til að greiða atkvæði með því að gefa fimmmenningunum heimild Alþ. til málshöfðunar gegn þm. út af þessu máli. Ég tel, að ef inn á þá braut yrði farið, mundi verða ákaflega lítið öryggi í því fyrir alþm. að geta haft möguleika til að segja sína skoðun hér á Alþ., m. a. með tilliti til þess, að það kemur oft fyrir, að alþm. þurfa að láta í ljós skoðun sína á opinberum rekstri og þar með forstj. opinberra fyrirtækja. Og við vitum það allir þm., að meiðyrðalöggjöfin er þannig

úr garði gerð, að það er ákaflega hæpið, að hægt sé að segja sannleikann um menn og málefni á opinberum vettvangi án þess að eiga á hættu að lenda í kasti við meiðyrðalöggjöfina. Ef farið yrði að opna þinghelgina á annað borð, þá segi ég það fyrir mitt leyti, að ég veit ekki, hvar mundi verða hægt að stöðva. Ég mundi þess vegna, þegar af þessum ástæðum, vera á móti því að veita þá umbeðnu málshöfðun, og það því fremur sem ekki er nein ástæða til þess, að flm. leiti lengur eftir því að rjúfa þinghelgina, önnur en einhvers konar fordild að vilja heldur höfða mál út af þessum ummælum, sem féllu hér í umr. á Alþ., heldur en ummælum, sem þm. hefur endurtekið í opinberu blaði. Ég verð að segja það, að eins og áheyrendur eru hér venjulega fáir, þá hlýtur að verða þyngri sekt fyrir ummæli, sem endurtekin eru í víðlesnasta blaði landsins, heldur en þó að þau séu sögð hér á Alþ. Skal ég svo ekki fara frekar út í þetta atriði málsins, en vildi hins vegar gera nokkuð grein fyrir minni afstöðu til þeirra ummæla, sem hér hafa verið höfð, þó að þau komi ef til vill ekki beinlínis hinni rökstuddu dagskrá við né heldur afstöðu minni til málshöfðunarbeiðninnar.

Hér hefur verið gerð að umtalsefni samstaða annarra flokka við kommúnistaflokkinn. Ég hef heyrt einn þingmann komast þannig að orði, að ef samstaðan við kommúnistaflokkinn í þessu máli væri til eflingar fyrir kommúnista, hversu miklu frekar mundi þá ekki hafa verið til eflingar fyrir hann samstaðan við þá í stj. landsins á árunum 1944—46. Ég vildi leyfa mér, að gefnu tilefni, að fara örfáum orðum um þetta. Eins og allir hv. þm. vita, var samstaða með andstæðingum nazismans og einræðisstefnanna í Evrópu og kommúnistum, þegar nokkuð var liðið á síðustu heimsstyrjöld, og í rauninni var það þessi samstaða, sem varð þess valdandi, að niðurlögum Hitlers var ráðið miklu fyrr en ella hefði orðið. Þegar styrjöldinni var lokið, trúðu margir því, að kommúnistar hefðu tekið þátt í þessari baráttu á móti nazismanum af fullum heilindum. Í tilefni af vígstöðunni í ófriðnum var svo víða gerð tilraun til að taka kommúnista með í lýðræðislegar stjórnir, enda töluðu þá ekki aðrir meira um lýðræði en kommúnistar. Þessar samstjórnir lýðræðissinna og kommúnista voru m. a. mjög víða þar, sem lýðræðisjafnaðarmenn hafa ráðið miklu hér í Evrópu. Það má þess vegna segja, að með stjórnarmynduninni 1944 hafi á Íslandi verið gerð af hálfu lýðræðisflokkanna heiðarleg tilraun til þess að hafa samvinnu við kommúnista um áframhaldandi úrlausnir þeirra vandamála, sem m. a. höfðu orðið enn erfiðari vegna ófriðarins. Ég þarf í rauninni ekki að rekja það hér, hvernig kommúnistar stóðust þetta próf. Víðast hvar fór það svo, að lýðræðisflokkarnir losuðu sig við þá innan til þess að gera ekki langs tíma, en í ýmsum löndum, þar sem lýðræðissinnar voru ekki nógu fljótir að losa sig við þá, hafa þeir brotizt til valda með ofbeldi og notað það traust og þá vináttu, sem þeir fengu í ófriðnum, til þess að rífa niður lýðræðisflokkana í mörgum löndum Evrópu og svíkja viðkomandi föðurland í hendur Rússa. Þetta er reynslan, sem lýðræðisfl. fengu af samstöðunni með kommúnistum að ófriðnum loknum. Hér á Íslandi var efnt til þessarar stjórnarsamvinnu í sama hug og víðast hvar annars staðar, og ég held, að samstaða Alþfl. sérstaklega með kommúnistafl. hafi verið byggð á því, að með þeirri samvinnu væri reynt að koma fram ýmsum aðkallandi áhugamálum Alþfl. Vil ég þar sérstaklega nefna endurbyggingu skipastólsins, togaraflotans og vélbátaflotans, byggingu ýmissa fyrirtækja í þágu sjávarútvegsins og svo endurskoðun launalaganna og samþykkt alþýðutryggingalaganna. Öll þessi mál voru bein stefnuskrármál Alþfl., þó að aðrir tækju þátt í að koma þeim fram. Samstaðan við stjórn kommúnista var að vísu samþ. með litlum meiri hl. í miðstjórn Alþfl., en þó með löglegum meiri hl., þannig að stjórnarsamvinna Alþfl. og kommúnistafl. á árunum 1944—46 var, eins og ég tók fram áðan, hreinlega gerð til þess að koma fram vissum stefnuskrár- og áhugamálum Alþfl. og gerð með löglegri samþ. miðstj. Alþfl. Ég hygg, að því verði ekki með neinum rökum neitað, að framkvæmd þessara mála hafi stórkostlega styrkt jafnaðarstefnuna á Íslandi, og fyrir Alþfl. sérstaklega vil ég ítreka það, að þessi samvinna var í fullu samræmi við hans stefnuskrá og í fullu samræmi við löglegar samþykktir stj. Alþfl.

Aftur á móti gegnir talsvert öðru máli um samstöðuna við kommúnista nú. Þeir hafa, eins og öllum er kunnugt, bókstaflega brugðizt öllum þeim vonum og öllu því trausti, sem lýðræðisfl. báru til þeirra í stríðslok. Þeir hafa, eins og ég sagði áðan, notað sér það, að þeir fengu valdaaðstöðu gegnum trúnaðarstöður, sem skipaðar voru í ófriðnum, og hafa notað þá valdaaðstöðu til þess að svíkja mörg lönd hér í álfu í hendur Rússum. Þeir hafa notað hana til þess að svíkja lýðræðisstefnuna og allt það, sem við hér á landi höfum kallað heilög mannréttindi, og til að koma á einræðisskipulagi í þessum löndum, sem er enn svívirðilegra heldur en það, sem verst var í Þýzkalandi nazismans. Nú er það svo, að hvert spor, sem lýðræðisfl. stíga til þess að efla kommúnista, leiðir aðeins í eina átt, og hún er sú, að afnema lýðræðið í heiminum og innleiða einræði og kúgun, hinn svokallaða kommúnisma, sem er í rauninni ekki lengur neinn kommúnismi, en ekkert annað en einræði og hatursfull þjóðarrembingsstefna Rússa. Vegna þeirra vonbrigða, sem menn urðu fyrir af kommúnistum, sem ég nú hef lýst, tóku lýðræðisþjóðirnar sig saman, eins og þegar er vitað, og stofnuðu Atlantshafsbandalagið, og vegna þess, að sýnt var, að ef þessi ríki héldu áfram að vinna hvert út af fyrir sig, þá mundu Rússar éta þau, eitt og eitt í einu, þangað til þeir væru búnir að gleypa alla Vesturálfuna. Atlantshafsbandalagið er, eins og allir vita, ekkert annað en nauðvörn lýðræðisríkjanna í Vestur-Evrópu gegn kommúnistum. Þetta hefur komið svo greinilega í ljós á undanförnum árum, að hér þarf enginn um að villast. Menn geta deilt um það, hvort það sé heppilegra

skipulag að hneppa allar þjóðir í Evrópu í einræðisfjötra Rússa eða að halda við lýðræðisskipulaginu, en hitt geta menn ekki deilt um lengur, að ef lýðræðisþjóðirnar ekki hefðu myndað samtök með tilstyrk Bandaríkja Norður-Ameríku, væri nú svo komið, að enn fleiri þjóðir væru komnar í gin kommúnismans. Það er þess vegna alveg augljóst, að öll samstaða, sem miðar að því að efla framgang einræðisstefnu Rússa og draga úr samtökum lýðræðisþjóðanna gegn þessari helstefnu kommúnista, miðar beinlínis að því að efla einræðið í heiminum, og sú samstaða, sem við nú kynnum að taka með kommúnistum í þessu aðalbaráttumáli Evrópu, er í raun og veru ekkert annað en að efla kommúnismann, hvað svo sem menn vilja kalla það. Nú hefur það átt sér stað, að einstakir menn utan kommúnistafl. hafa haldið fram svokölluðu þjóðvarnarfélagi, sem var stofnað í sambandi við Keflavíkursamninginn. Þessir menn hafa í sinni baráttu haldið mjög á lofti lýðræðistali og sannleikstali og ýmislegu þess háttar tali, en þrátt fyrir allt þetta tal sitt hafa þeir gert sig seka um það, ásamt kommúnistum, að segja algerlega rangt frá samningnum um Atlantshafsbandalagið. Látum það vera, að þeir hafi gert sér hugmyndir um það, áður en samningurinn var birtur, að hann væri öðruvísi en hann er. Það mætti mannlegt heita, en hitt er í rauninni alveg ófyrirgefanlegt, að þegar búið er að birta samninginn, skuli þessir menn, sem hafa reynt að gera sig að sjálfskipuðum vörðum lýðræðis og frelsis fyrir Íslendinga, halda áfram að ljúga til um innihald samningsins og það með þeim árangri, sem varð hér 30. marz. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég get á engan hátt losað þá menn, sem standa að Þjóðvarnarfélaginu og blaðinu Þjóðvörn, undan ábyrgðinni af þeim atburðum, sem gerðust hér 30. marz s. l. við þinghúsið. Auk þess sem ég tel það gersamlega óhæfilegt að vera að opna þinghelgina út af þessum ummælum, sem hér um ræðir, mundi ég fyrir mitt leyti telja það óhæfu af þeim ástæðum, að a. m. k. sumir af þeim mönnum, sem óska málshöfðunar nú, þeir bera, eftir því sem ég álít og fjöldi landsmanna, ábyrgð á atburðunum, sem gerðust hér við alþingishúsið hinn 30. marz s. l.

Ég get þess vegna á engan hátt, hvað sem verður um þessa dagskrá, orðið við þeim tilmælum hv. þm. G-K. að greiða atkv. með málshöfðunarbeiðninni, heldur mun ég greiða atkv. á móti henni. Ég vil ítreka það, að ég veit ekki, hvert það mundi leiða, ef nú væri farið að opna þinghelgina til málshöfðunar. Ég mundi telja það ákaflega misráðið, nema því aðeins að þinghelgin væri með öllu afnumin, því að þinghelgi, sem væri verið að opna fyrir ekki meiri atburði en hér hefur gerzt, virðist ekki eiga nokkurn rétt á sér, og væri þá réttara að afnema hana með öllu. Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að ég hef lent í margri orðasennu og hef orðið fyrir ýmsum ómildum dómum og einnig oft verið ómildur í dómum við andstæðinga mína þann tíma, sem ég hef átt í þjóðmálabaráttunni, bæði hér á Alþ. og utan Alþ., en slíkan munnsöfnuð sem andstæðingar Atlantshafsbandalagsins, bæði Þjóðviljinn og Þjóðvörn, hafa haft í frammi um andstæðinga sína, hef ég aldrei séð fyrr á ævinni. Og ég er hissa á langlundargeði hæstv. ríkisstj., að hún skuli ekki fyrir löngu fyrir hönd okkar alþm., sem höfum tekið hér þátt í löglegum þingstörfum og sinnt verki okkar á þann hátt, sem við teljum bezt fyrir land okkar og þjóð, vera búin að hefja opinbera málssókn á þessi sorpblöð, Þjóðvörn og Þjóðviljann, og láta þau svara til saka frammi fyrir dómstólum landsins. Í báðum þessum blöðum hefur verið reynt að koma því inn hjá almenningi, að við, sem stóðum að þessari samþykkt, værum landráðamenn og óþokkar, og með slíku orðbragði, að við værum réttdræpir, hvar sem við næðumst. Sem betur fer er nú þjóðin farin að þekkja orðbragð þessara manna og tekur ekki mikið mark á þeim. Þó sýndi það sig 30. marz, að nokkrir voru orðnir svo æstir af orðbragði þessara blaða, að þeir gættu þess ekki, hvað þeir gerðu, og réðust á Alþingi með grjótkasti, sem vel hefði getað valdið manndrápum. Ég sit hér í þriðja sæti frá þessum glugga, og hér flaug steinn yfir höfuð þeirra tveggja þm., sem sitja næst glugganum, yfir höfuð mitt, með þeim afleiðingum, að glerbrot lenti í auganu á hv. 11. landsk. Það var ekki þeim, sem kastaði steininum, að þakka, að ekki varð úr þessu meira slys. Ég veit ekkert, hver kastaði þessum steini, en veit vel, að það orðbragð, sem Þjóðviljinn og Þjóðvörn hafa haft í frammi, hefur orðið til þess að æsa menn upp til slíkra óhæfuverka eins og þessara. Ég mundi þess vegna, jafnvel þótt ekki væri þinghelgin annars vegar, ekki treysta mér til að greiða atkvæði með beiðni þessara manna. Einn þeirra, hv. 4. þm. Reykv., hefur lýst yfir fyrir sitt leyti, að hann mundi ekki kæra sig um málshöfðun, þar sem hann mundi geta svarað fyrir sig hér, eins og hann er vanur að gera. Hann hefur líka lýst því yfir, að hann sé ekki í stjórn Þjóðvarnarfélagsins og ekki í stjórn Þjóðvarnar og ekki heldur í Þjóðvarnarfélaginu. Og ef hann er hvorki í stjórn Þjóðvarnarfélagsins né í Þjóðvarnarfélaginu, má segja, að hann beri ekki ábyrgð á þeim atburðum, sem hér gerðust. Hins vegar eru þrír þessara umsækjenda í ritnefnd Þjóðvarnar, og meðan þeir standa þar, bera þeir siðferðilega og lagalega ábyrgð á því, sem í þessu blaði birtist. Það má vera, að einn umsækjandinn hafi nokkra sérstöðu, sem ætti þá að birta, ef sakleysi hans væri svo mikið í þessu máli, að rjúfa ætti fyrir það þinghelgina.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hef alltaf ætlað mér, áður en þessu máli lyki, að segja um það nokkur orð, því að mér finnst vera hér á ferðinni atriði, sem sé vert umhugsunar. Eins og alþm. allir vita, eru þau ákvæði að finna í stjskr. Íslands, 49. gr., að þm. verði ekki látnir bera ábyrgð fyrir dómstólunum á orðum þeim, er þeir fella á Alþ., nema sú deild, sem á í hlut, samþykki það. Í raun og veru er þetta einn þátturinn í því, að alþm. á hverjum tíma geti hiklaust látið í ljós skoðanir sínar og rætt um þær á Alþ. án þess að eiga von á því, að hver

og einn vaði að þeim fyrir ummæli þeirra og höfði mál á þá fyrir það. Meðan þessu ákvæði er haldið, sem ég tel mjög eðlilegt, er það mjög aðgæzluvert, ef slíkt ber að höndum, að óskað er eftir, að einhver hv. þm. sé framseldur, hvort slíkt eigi að leyfa. Ég tel, að það ætti að vera alger undantekning, ef slíkt leyfi væri veitt. Ef farið væri inn á að veita slíkt leyfi, er óvandur eftirleikur annarra að sækja um slíkt, og mætti þá búast við, að meiðyrðamál gegn alþm. gætu hafizt í stórum stíl. Mér finnst, að þetta ætti ekki að eiga sér stað nema undir alveg sérstökum kringumstæðum og þætti helzt geta komið til greina að veita slíkt leyfi, ef að ástæðulausu væri ráðizt á menn utan þings, sérstaklega opinbera starfsmenn og trúnaðarmenn, sem ekki hafa sig í frammi í stjórnmálum og standa yfirleitt ekki í dægurbaráttunni. Ef sveigt væri harkalega að þeim, gæti að mínu áliti komið til greina að veita leyfi til málshöfðunar. En ég tel það fjarri lagi að veita leyfi til málshöfðunar, er í hlut eiga menn, sem sjálfir hafa haslað sér völl í stjórnmálunum með mikilli baráttu og ádeilum á alþm. og aðra, og þannig liggur málið fyrir. Þrír þessara umsækjenda bera ábyrgð bæði siðferðilega og lagalega á hverju einasta orði, sem ritað er í blaðið Þjóðvörn. Þetta blað hefur verið blaða óvægnast, stóryrtast og illyrtast í íslenzkum blaðaheimi, jafnvel ekki að kommúnistablaðinu undanteknu. Þessir 3 menn, sem biðja um leyfið, hafa sýnt það að fyrra bragði, án þess að við þeim væri blakað, að þeir töldu rétt af sinni hálfu að ráðast heiftarlega með stóryrðum og þungum dómum að Alþingi og einstökum flokkum og mönnum á Alþingi yfirleitt. Þessir menn hafa valið sér þetta hlutskipti, og væri þá nokkuð undarlegt, þó að á Alþingi Íslendinga væri nokkuð minnzt á þessa herra, sem sjálfir hafa valið sér það hlutverk að koma fram á vettvangi opinberra mála með ekki minni hógværð en þeir hafa gert? Til viðbótar má geta þess, eins og fram hefur komið hér í umr., að einn umsækjandinn, hv. 4. þm. Reykv., á sæti hér á Alþ. og getur þar staðið í stríðinu af sinni hálfu og hefur sjálfur lýst yfir, að hann þurfi ekki að rétta hlut sinn gegn ummælum alþm. með slíku leyfi sem hér er um að ræða, heldur treysti hann sér vel til að standa sjálfur fyrir máli sínu, ef sveigt væri sérstaklega að stjórnmálaskoðunum hans, og stóryrðum, sem fram kynnu að koma. Það er þá aðeins einn maður af þeim, sem hér er um að ræða, sem spurning gæti verið um, en það er Einar Ól. Sveinsson, því að hann ber ekki ábyrgð á því formlega, sem í Þjóðvörn stendur, og hefur ekki haft sig mjög í frammi, þó að hann hafi gert það nokkuð. Það væri þá hann einn, sem gæti komið til álita um, hvort rétt væri að víkja frá höfuðreglum stjskr. og leyfa málshöfðun honum einum til handa. Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess, því að það hefur ekki verið sveigt að honum fyrir hans borgaralegu störf, heldur fyrir afskipti hans af opinberum málum og þeim sérstaklega, sem Þjóðvarnarfélagið hefur látið til sín taka. Ofan á þetta allt bætist, að hv. þm. G-K. hefur þegar og rétt eftir að hann felldi umrædd ummæli á Alþingi látið birta þau orðrétt í víðlesnasta blaðinu hér í borginni, svo að þeir, sem vildu, gætu sótt hann til ábyrgðar út af þessum orðum hans. Þegar þetta er athugað, fyndist mér það ganga næst skripaleik að veita þetta leyfi og kasta litlum virðingarblæ á Alþingi, auk þess sem það gæti skapað mjög hættulegt fordæmi. Þeir menn, eins og Þjóðvarnarmenn, sem hafa valið sér það hlutverk að vera manna stórorðastir, þurfa ekki og eiga ekki að kveinka sér eða hrópa upp og láta ósæmilega, þó að að þeim sé beint nokkrum alvarlegum orðum eingöngu í tilefni af framkomu þeirra í þessu máli, sem þeir hafa barizt gegn á undanförnum tímum.

Niðurstaða mín með þessum orðum er í samræmi við þá niðurstöðu, sem komið hefur fram í þingflokki Alþfl., að við teljum alveg ástæðulaust að koma með svona mál inn í þingið, þegar eins stendur á og um þetta mál. Ég mun því, ef dagskrártill. gengur til atkvæða, hiklaust greiða atkvæði með henni. En verði hún dregin til baka, mun ég með tilvísun til þessara orða minna greiða atkvæði gegn því, að d. samþ. þetta leyfi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Bréf það, sem við Einar Ól. Sveinsson prófessor, Klemenz Tryggvason hagfræðingur, Pálmi Hannesson rektor og Sigurbjörn Einarsson dósent höfum sent hæstv. forseta neðri deildar í tilefni af einstæðri framkomu hv. þm. G-K. (ÓTh) í sameinuðu þingi 31. marz s. l., virðist hafa snert þennan hv. þm. mjög illa, ef dæma má eftir þeim ræðum, sem hann hefur flutt um málið, því rúmi, sem hann hefur látið blað sitt eyða í frásagnir af málinu, og því púðri, sem hann hefur sagt því að eyða á mig og hina bréfritarana í þessu sambandi. Síðast þegar mál þetta var hér til umræðu, kom hann með langa skrifaða ræðu til flutnings. Er að vísu ekki nema gott eitt um slíka vandvirkni að segja, en þm., sem lengi hafa setið á þingi, segja mér, að þeir minnist þess ekki, að þessi hv. þm. hafi vandað sig svo áður, nema þegar um útvarpsumræður hefur verið að ræða. Stafar þetta væntanlega af því, að hv. þm. hefur viljað reyna að gæta þess að láta ekki stráksskap sinn hlaupa með sig í gönur, þannig að hann yrði sér og þessari hv. samkomu til skammar í annað sinn á skömmum tíma. Auk þess hefur hina síðustu daga dregið talsvert úr hinni reigingslegu framkomu hans hér í þingsölunum. Fyrir nokkrum dögum gerðist t. d. það, að hann settist í fyrsta skipti í sæti sitt á almennum þingbekkjum síðan hann lét af ráðherradómi, en svo sem allir hv. þm. vita, hefur hann síðan 1946 ekki setið í sæti sínu innan um aðra hv. þm., heldur hefur hann, þá sjaldan hann hefur sýnt sig í þingdeildinni, valið sér sæti á miðju gólfi, fyrir framan ræðustólinn, þar sem öllum þingheimi og áheyrendum gæfist sem bezt tækifæri til þess að virða hann fyrir sér. En nú hefur hann sem sagt lítillækkað sig svo, að hann hefur setzt í sæti sitt, milli hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) og hv. 8.

þm. Reykv. (SG). Er þess að vænta, að þessi hv. þm. sýni á næstunni fleiri merki þess, að hann vilji vanda orð sitt og æði hér í þingsölum, og reyni að sitja á strák sínum og sýni fleiri merki hógværðar og lítillætis.

Ég undrast það annars ekkert, þótt hv. þm. G-K. virðist hafa tekið sér mál þetta nærri. Vissulega hefði það komið sér bezt fyrir hann, að ekki væri vakin á því sérstök athygli, hvernig framkoma hans var á Alþ. 31. marz s. l. Daginn áður hafði götuskríll óvirt Alþingi með því að kasta mold, eggjum og grjóti í hús þess. Daginn eftir áttu sér stað skrílslæti í sjálfum þingsölunum. Hv. þm. G-K., form. stærsta þingflokksins, formaður utanrmn., óvirti þá þingið með framkomu, sem lengi mun í minnum höfð. Hann jós úr sér fúkyrðum, sem talin mundu vera blettur á þjóðþingi sérhvers þeirra vestrænu ríkja, sem Ísland hefur nú nýlega tengzt sérstökum böndum, m. a. vegna sameiginlegrar menningar. Og hann lét sér ekki nægja að ráðast með slíkum hætti að samþm. sínum, sem þó hefði verið sök sér, þar eð þeir eiga þess auðvitað kost að svara fyrir sig á sama vettvangi. Hann réðst einnig með dæmalausum brigzlum að fjórum utanþingsmönnum, nafnkunnum embættismönnum, þ. á m. bókmenntasöguprófessornum við Háskóla Íslands, einum kunnasta visindamanni þjóðarinnar, og rektor eins stærsta og mikilvægasta unglingaskóla landsins. Samkv. handriti þingskrifara sagði hann um okkur fimm menn, sem hann nafngreindi, að á okkur hvíldi þung ábyrgð um þá hluti, sem gerzt höfðu daginn áður. Og hann bætti við: „Það kann að vera, að þeir hafi ekki ætlazt til, að við værum drepnir. En þeir ætluðu að halda fund til þess að hindra ákvarðanir löglegs meiri hluta á Alþingi.“ Hv. þm. hefur að vísu ekki viljað játa, að þingskrifarinn hafi haft rétt fyrir sér, og lét birta þennan ræðukafla nokkuð öðruvísi í blaði sínu og hefur endurtekið hann þannig síðan. En þar segir hann, að „þessir fuglar“ hafi verið látnir ljúga því að landslýðnum, að verið væri að selja landið. Og hann bætir við: „Ef eitthvað hefði skeð, ef eitthvað skeður, þá eru það þessir menn, sem ábyrgðina bera og til sakar skulu fá að svara.“ Þótt ég treysti mér að sjálfsögðu ekki til að staðhæfa það, er það skoðun mín og margra annarra, að handrit skrifarans sé nær hinu rétta en það, sem hv. þm. skrifaði sjálfur á eftir, og er það vissulega ekki undarlegt. Og ég þori að staðhæfa, að hann minntist á dráp, eins og þingskrifarinn hefur haft eftir, en það fellir hv. þm. niður í sínum ummælum. En jafnvel þótt ummælin hafi verið nákvæmlega eins og hv. þm. endurtók þau í Morgunblaðinu, felast auðvitað í þeim rakalausar og algerlega ósæmilegar staðhæfingar, staðhæfingar, sem eru blettur á þm. og blettur á þinginu, einkum þegar þess er gætt, að fjórir utanþingsmenn eiga í hlut.

Nú er það að vísu svo, að flestir okkar hafa áður orðið fyrir stjórnmálaárásum í blöðum. Ég segi flestir okkar, því að um einn okkar, prófessor Einar Ól. Sveinsson, minnist ég þess ekki, að hann hafi orðið fyrir þvílíku aðkasti, enda hefur hann engin almenn afskipti haft af stjórnmálum. Okkur hefur þó aldrei þótt ástæða til málshöfðunar út af slíku. Ég hef og átt í deilum hér á þingi, þar sem stóryrði hafa fallið í minn garð. Ég hef aldrei séð ástæðu til að óska málshöfðunarleyfis út af því. Íslenzk blaðamennska stendur á svo lágu stigi, að gífuryrði eru þar algengari en svo, að ástæða sé til að elta ólar við slíkt. Og orðbragð þm. í þingsölunum og ásakanir þeirra hvers í annars garð eru því miður oft með þeim hætti, að ósæmilegt er, svo að þeir kippa sér yfirleitt ekki upp við allt. En þó sýna þm. yfirleitt þann sjálfsagða drengskap, þá sjálfsögðu háttprýði, að deila ekki á utanþingsmenn í ræðum sínum, hvað þá að bera þá sökum og beinum brigzlum. Ég minnist dæma þess, að hinn ágæti forseti þessarar hv. d. hefur tekið fram í ræður þm., er þeir hafa deilt ósæmilega á utanþingsmenn, og bent þeim á, að slíkt sé óviðeigandi. En hvað gerðist svo í sameinuðu þingi 31. marz s. l.? Formaður stærsta þingflokksins, Ólafur Thors, réðst með dæmalausum brigzlum að fjórum kunnum utanþingsmönnum, án þess að forseti sameinaðs þings, Jón Pálmason, flokksbróðir Ólafs Thors, sæi ástæðu til að slá hamri í eitt einasta skipti í bjöllu sína, og hafði hann þó beitt honum óspart á sama fundi til þess að víta óþingleg ummæli. Íslenzkir blaðamenn eru vissulega stórorðir og íslenzkir alþm. gífuryrtir í innbyrðis deilum sínum. En vissar leikreglur eru þó yfirleitt haldnar. Ein þessara leikreglna og ein hin sjálfsagðasta er sú, að þm. noti ekki þinghelgina til árása á menn utan þings. Þessa sjálfsögðu leikreglu hefur nú formaður stærsta þingflokksins brotið á hinn freklegasta hátt. Þegar slíkt gerist, er það í rauninni alls ekki einkamál hlutaðeigandi þm. og þeirra, er hann ræðst á. Þá er um að ræða mál, er varðar sóma þingsins, þá er um að ræða mál, er snertir eðli stjórnmálabaráttunnar. Þeir, sem verða fyrir árásum, sem gerðar eru í fullu ósamræmi við reglur heiðarlegrar stjórnmálabaráttu, eiga ekki að láta sér slíkt lynda, ekki aðeins til þess að fá hnekkt hinum meiðandi ummælum, heldur einnig til þess að mótmæla því siðleysi, sem lýsir sér í slíkum árásum.

Hv. þm. G-K. hefur reynt að bera í bætifláka fyrir sig með því að staðhæfa, að deilur á utanþingsmenn séu engan veginn einsdæmi í þinginu. Það kemur auðvitað fyrir, að minnzt sé á utanþingsmenn í ræðum. En ég staðhæfi, að á síðari árum hafi það aldrei komið fyrir, að utanþingsmenn hafi verið nafngreindir til þess að bera þá jafnalvarlegum brigzlum og hv. þm. gerði sig sekan um 31. marz. Ef hann þekkir eitthvert dæmi slíks, þá skora ég á hann að nefna það. Ummælin, sem óskað var málshöfðunarleyfis út af í þau tvö skipti, sem það hefur komið fyrir á síðari árum, voru lítilfjörleg í samanburði við þann áburð, sem felst í ummælum hv. þm. G-K., og auk þess var ekki um að ræða ádeilu á utanþingsmann nema í annað skiptið.

Hv. þm. hefur haldið því fram, að þessi málshöfðunarbeiðni okkar hafi verið óþörf, þegar hann hafi endurtekið ummæli sín utan þings,

þ. e. í Morgunblaðinu. Í sambandi við þetta þykir mér rétt að geta fyrst smáatviks, sem varpar ljósi á drengskap og sannsögli þessa hv. þm. Að ráði skrifstofustjóra Alþingis afhentum við bréf okkar fyrst forseta sameinaðs Alþingis, þar eð hv. þm. hafði haldið ræðu sína í sameinuðu Alþingi. En nokkru síðar kom skrifstofustjórinn til mín og sagði mér, að neðri deild ætti að fjalla um málið, þar eð hv. þm. ætti sæti í þeirri d., og ætti því bréfið að stílast til forseta neðri deildar. Ég gekk þá til forseta Sþ. og sagði honum þetta og tók hjá honum bréfið til þess að fá það forseta Nd., en í þeirri d. átti ekki að vera fundur fyrr en daginn eftir. Það kom í ljós, að forseti Sþ., Jón Pálmason, hafði skýrt flokksbróður sínum frá bréfinu, áður en hann lýsti því af forsetastóli, og tel ég það hafa verið óviðeigandi. Hann skýrði hv. þm. G-K. einnig frá því, að ég hafi tekið bréfið til þess að afhenda það hæstv. forseta Nd. Þá rauk hv. þm. til og lét prenta ummælin eftir sér í Morgunblaðinu, en sýndi jafnframt þann ódrengskap að gefa það í skyn gegn betri vitund, að við hefðum tekið bréfið aftur og hætt við málshöfðunarbeiðnina. Ég ræddi þetta mál við forseta Sþ., og lofaði hann mér því, að hann skyldi leiðrétta það í Morgunblaðinu daginn eftir, að við hefðum ekki tekið bréfið hjá honum í því skyni að hætta við málshöfðunarbeiðnina, heldur til þess eins að afhenda það forseta Nd. Það loforð hélt forseti Sþ. ekki. Og enn ræddi hv. þm. G-K. um það í síðustu ræðu sinni, að við munum e. t. v. hafa ætlað að taka bréfið aftur, þótt hann hafi vitað og viti, að svo var ekki. Það ber ekki vott um mikinn drengskap að segja vísvitandi ósatt, og það ber ekki vott um mikil hyggindi að segja vísvitandi ósatt, þegar hlutaðeigandi veit, að algerlega vandalaust er að sýna fram á ósannindin.

Annars eru ástæðurnar fyrir því, að við viljum ekki taka beiðni okkar aftur, þótt hv. þm. hafi endurtekið það, sem hann telur ummæli sín, í Morgunblaðinu, tvær:

1) Við höfum ekki ætlað okkur að lögsækja hvorki Ólaf Thors né nokkurn annan fyrir blaðaummæli. Ef svo væri, þá væru sumir okkar þegar búnir að höfða tugi meiðyrðamála. Ástæðan til málshöfðunarbeiðninnar er sú, að formaður stærsta þingflokksins, form. utanrmn. og fyrrv. forsrh. hefur í þingræðu, í sögulegum umr., veitzt sameiginlega að fimm nafngreindum mönnum og þar af fjórum utanþingsmönnum, sem gegna ábyrgðarmiklum trúnaðarstöðum í þjóðfélaginu, og talið þá hafa hvatt til ofbeldis og bera ábyrgð á óeirðum og árásum á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hann hefur sagt, að þessir menn skuli fá að svara til saka, og hann hefur nefnt þá sökudólga og sagt, að þeim eigi að refsa. Ég veit, að mörgum finnst ástæðulaust að taka hv. þm. G-K. alvarlega. Það er alþjóð kunnugt, að hann er stráksleg ri og ógætnari í orðum en flestir þm. aðrir. Þess vegna sögðu ýmsir við okkur: Ef einhver annar hefði talað svona, væri sjálfsagt að gera ráðstafanir út af því, en stóryrði þessa manns tekur enginn alvarlega. Við vorum hins vegar þeirrar skoðunar, að meðan svona maður væri formaður þingflokks og form. utanrmn. og fyrst svona maður hefði verið forsrh., væri ekki gott að komast hjá að líta dálítið öðruvísi á hann en hvern annan þm. Það eru því ekki aðeins ummælin í sjálfu sér, sem eru tilefni þessarar ráðstöfunar okkar, heldur það, hvar þau eru viðhöfð og af hverjum, og síðast en ekki síst, að með þeim er brotin á freklegan hátt viðurkennd þinghefð. Ef. d. neitaði um málshöfðunarleyfið, yrðum við að fara í mál út af ummælum í Morgunblaðinu, og þau yrðu þá dæmd dauð og ómerk. Okkur gildir yfirleitt einu, hvað stendur í Morgunblaðinu, jafnvel þótt það sé uppprentun á því, sem hv. þm. G-K. hefur sagt á Alþingi. Við viljum fá það dæmt dautt og ómerkt, sem hv. þm. hefur sagt á Alþ. við umrætt tækifæri, og okkur hefur verið tjáð, að það geti haft áhrif á rekstur málsins, hvort það er höfðað út af ummælum í þingræðu og með leyfi d. eða út af blaðaummælum, jafnvel þótt um endurtekin þingræðuummæli sé að ræða. Þetta virðist hv. þm. og einhverjum fleirum hafa gengið illa að skilja, en við frekari umhugsun ætti þetta þó að geta orðið ljóst.

2) Það er ekki óumdeilt, hvað þm. hefur í raun og veru sagt. Handriti þingskrifarans ber ekki saman við það, sem þm. telur sig sjálfan hafa sagt. Þegar um jafnalvarlegar ásakanir er að ræða og felast í ummælum hv. þm., hlýtur það að sjálfsögðu að verða eitt af verkefnum dómarans að athuga, hvort hægt er að komast að hinu rétta um ummælin, ef hann telur slíkt fært. Það væri alvarlegt fyrir hv. þm., ef það kynni að sannast, að þingskrifarinn hefði rétt fyrir sér og hv. þm. hefði sagt, að fimm embættismenn, þar á meðal háskólakennarar í bókmenntasögu og guðfræði og skólastjóri við menntaskóla, hefðu e. t. v. ætlað að drepa hann og tugi annarra þm. Slíkt tal væri ekki aðeins einsdæmi í síðari tíma sögu Alþingis, heldur og vafalaust í síðari tíma sögu þjóðþinga á Vesturlöndum, og hefði margur þm. orðið frægur að endemum af minna tilefni en slíkri framkomu.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að við tökum beiðni okkar ekki aftur, heldur höldum fast við hana.

Á það hefur verið bent, að það sé hættuleg braut fyrir þingið að létta af þinghelginni og heimila málshöfðun á hendur þm. Ef það yrði föst regla að létta af þinghelginni, þegar þess væri óskað, má auðvitað segja, að þinghelgin yrði einskis virði. Með því að óska þinghelginni létt af út af hvaða smávægilegu tilefni sem væri mætti þá í rauninni afnema hana. En reynslan sýnir, að ekki hefur verið um að ræða neina viðleitni í þá átt. Á undanförnum áratugum hefur þessa verið óskað aðeins tvisvar sinnum. Í annað skiptið féll málið niður, enda var þá um tvo þm. að ræða, Jón Þorláksson og Tryggva Þórhallsson. Í hitt skiptið óskaði utanþingsmaður, Jakob Möller, málshöfðunarleyfis gegn Jóni Magnússyni. Í það skiptið var leyfið veitt, enda mæltist Jón Magnússon eindregið til þess. Það eru því fordæmi fyrir því að veita slíkt leyfi, en það er ekkert fordæmi fyrir því

að synja um það. Auðvitað hefði Jón Magnússon getað gert það sama og hv. þm. G-K. hefur gert nú, þ. e. rokið til og endurtekið ummælin utan þings, en hann valdi ekki þann kost, heldur taldi eðlilegra, að d. leyfði málshöfðunina, fyrst fram á hana hefði verið farið, vafalaust meðfram vegna þess, að utanþingsmaður átti í hlut. Ég tel, að miklu fremur mætti segja, að það væri hættuleg braut að taka að synja um leyfi til málshöfðunar. Það mundi óhjákvæmilega efla þá skoðun, að þm. geti leyft sér hvaða ummæli sem er, jafnvel um utanþingsmenn, án þess að hægt væri að láta þá sæta ábyrgð, og það mundi ekki auka á álit Alþingis, en það nýtur vissulega ekki of mikils álits.

Í síðustu ræðu sinni sagði hv. þm., að ekki sæti á okkur fimmmenningunum að vera að kvarta undan ummælum sínum, þar eð við hefðum borið sig og aðra jafnmiklum sökum í blaði okkar Þjóðvörn. Ég greip þá fram í fyrir honum og benti honum á að byggja ræðu sína á réttum forsendum. Við værum ekki allir í ritnefnd Þjóðvarnar, þ. e. ekki Einar Ól. Sveinsson og ég. Hv. þm. svaraði því þá til, að ég væri einn af stjórnendum Þjóðvarnarfélagsins. Ég benti honum enn á, að hann færi þarna ekki heldur með rétt mál. Þetta kallaði hv. þm. að sverja af sér Þjóðvörn og Þjóðvarnarfélagið, og blað hans, Morgunblaðið, sagði síðan daginn eftir, að ég hafi afneitað „öllu samneyti við Þjóðvarnarfélagið." Þá segir blaðið enn fremur: „Þá afneitaði Gylfi oft og ákveðið jafnt blaðinu Þjóðvörn sem félaginu Þjóðvörn, orðum þess öllum og æði, kvaðst enga ábyrgð bera á því fólki og helzt hvergi nærri þeim hafa komið né koma vilja." Ég læt hv. þm. um að dæma þá blaðamennsku, sem hér er um að ræða. Allir hv. þm., sem mál mitt heyrðu, vita, að ég sagði ekkert í þessa átt. Hugsum okkur, að ég færi að tala um hv. þm. G-K. sem ritstjóra Morgunblaðsins og hann segði sem rétt er, að hann væri ekki ritstjóri þess blaðs, en ég staðhæfði þá, að hann hefði afneitað Morgunblaðinu! Ég gerði ekki annað en að benda á staðreyndir, að gefnu tilefni, því að mér fannst ástæðulaust að láta hv. þm. haldast það uppi að ræða bréf okkar fimmmenninganna á öðrum forsendum en réttum. Og það er beinlínis hlægilegur útúrsnúningur að telja, að í slíku felist einhver afneitun á stefnu þessa blaðs og þessa félags. Að gefnu þessu tilefni skal ég taka fram það, sem raunar er kunnugt af því, sem ég hef áður sagt og skrifað, að ég tel stefnu Þjóðvarnarfélagsins og blaðsins Þjóðvarnar í þeim tveimur meginmálum, sem þau hafa látið til sín taka, Keflavíkurmálinu og Atlantshafsbandalagsmálinu, hafa verið rétta. Í ritnefnd Þjóðvarnar eru menn, sem ég met mjög mikils og þekki mjög vel, og það er beinlínis hlægilegt að herma það upp á mig, að ég vilji helzt hvergi nærri þeim hafa komið né koma vilja. Ég skora hér með á þá blaðamenn Morgunblaðsins og Þjóðviljans, sem sáu ástæðu til að snúa svo herfilega út úr ummælum mínum — og skírskota um leið til blaðamannsheiðurs þeirra — að skýra rétt og satt frá þessum ummælum mínum nú og leiðrétta þar með það, sem þeir birtu í fyrradag.

Í síðustu ræðu sinni lét hv. þm. G-K. sér tíðrætt um málflutning Þjóðvarnar í umræðunum um Atlantshafsbandalagið, en hann minntist aftur á móti ekki á sinn eigin málflutning og Morgunblaðsins. Ég skal því minna hann á nokkrar staðreyndir í því sambandi. Eða er hann kannske búinn að gleyma þessum ummælum sínum úr áramótagreininni síðustu:

„Þeirra dómur (þ. e. forustumanna stórþjóðanna) er, að hætta sé á ferð, hræðileg hætta, að hún stafi frá einræðisríkjunum og að hlutleysið sé óvitahjal, ekkert sé til varnar annað en sterkustu vígvélar og öflugustu morðtæki, svo sterk og öflug tæki til varnar og árásar, að engir þori á þá að ráðast."

Hvað er hv. þm. að segja hér? Hann er að boða, að væntanlegt bandalag verði geysiöflugt og harðsnúin hernaðarsamtök, bæði til varnar og sóknar.

Og hv. þm. bætti við: „Hvar mundi sá, sem hefur slíka styrjöld, byrja. Á hvern mundi hann fyrst ráðast? Er að minnsta kosti ekki ákaflega sennilegt, að hann sneri sér fyrst að þeim, sem er hernaðarlega mikilvægur, en samt óvarinn?"

Hvað er hv. þm. að boða hér? Er hann ekki að boða rússneska árás á Ísland í upphafi stríðs, ef landið sé óvarið?

Og enn bætir hann við: „Brjótist styrjöld út, veltur á öllu fyrir Íslendinga að forðast, að varnarleysi þeirra hrópi á árásaraðilann: Taktu mig. Það er útlátalaust, hér eru engar varnir, en mikilvæg hernaðaraðstaða."

Hefði hv. þm. getað sagt skoðun sína öllu skýrar? Hér er verið að krefjast landvarna, til þess að árásaraðili geti ekki tekið landið. Og hvernig geta menn nú undrazt, að þeir, sem telja það eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga í nútíð og framtíð, að hér séu engin hervirki og enginn útlendur her á friðartímum, hafi orðið skelfingu lostnir og fyllzt baráttuhug, þegar slík ummæli eru viðhöfð af formanni stærsta þingflokksins?

Hv. þm. les auðvitað eitthvað af útlendum blöðum. Hann hefur því vitað, að um síðustu áramót voru allar horfur á, að í Atlantshafssáttmálanum yrðu miklu meiri skuldbindingar en raun varð á, og að líklegt var, að í kjölfar hans fylgdi mjög náin hernaðarsamvinna samningsaðilanna, að öllum líkindum með bækistöðvum í ýmsum þátttökulandanna. Þess vegna hefur hann talað eins og hann talaði. Hv. þm. orðaði það aldrei, Morgunblaðið orðaði það aldrei, að það ætti að vera skilyrði af Íslendinga hálfu, að hér yrðu engar erlendar herstöðvar á friðartímum og enginn erlendur her. Þegar séra Sigurbjörn Einarsson hélt því fram í ræðu, að Íslendingar ættu að halda fast við hefðbundna stefnu hlutleysis í hernaðarátökum, hófst upp hinn ofsalegasti söngur um, að landið mætti ekki vera varnarlaust, og ráðizt var að séra Sigurbirni persónulega með enn þá meiri heift en þó er venja í íslenzkum blöðum fyrir það að berjast fyrir því, sem kallað var varnarleysi landsins. Þegar stúdentafundur

gerði ályktun, þar sem erlendum herstöðvum og erlendri hersetu var andmælt, var síðar en svo, að undir hana væri tekið. Henni var þvert á móti tekið mjög illa. Hún var afflutt og henni var andmælt. Ég skrifaði grein í Alþýðublaðið, þar sem því var haldið fram, að það eitt væri í samræmi við íslenzka utanríkisstefnu að taka ekki þátt í neinum þjóðasamtökum, sem haft gætu í för með sér erlendar herstöðvar og erlenda hersetu á friðartímum. Það var síðar en svo, að undir þessar skoðanir væri tekið, nema hvað þess er að geta, að Tíminn hélt fram svipuðum skoðunum. Vikur og mánuðir liðu þannig, að hvorki hv. þm. G-K. né Morgunblaðið sögðu nokkru sinni, að þeir væru andvígir erlendum herstöðvum eða erlendri hersetu í landinu. Þetta fyllti þúsundir manna um land allt tortryggni, og vegna þessa eru þær tortryggnar enn, því að það var ekki fyrr en eftir að erlend blöð voru farin að herma, að samningurinn mundi verða miklu lausari í reipunum en áður hafði verið búizt við og þar með, að ástæðulaust væri að gera ráð fyrir nokkrum ákvæðum um bækistöðvar í einstökum löndum, að hv. þm. og blað hans og flokkur lét í ljós þá skoðun, að hann væri andvígur erlendum her og herstöðvum hér á friðartímum. Þessi málflutningur verður munaður. Hann er frumorsök þeirrar ólgu, sem varð í umræðum um málið.

Á málflutningi hv. þm. og blaðs hans hefur og verið annað megineinkenni, bæði áður en samningurinn var gerður og eftir það. Reynt hefur verið að stimpla alla þá, sem hafa verið á öðru máli varðandi þessa samningsgerð, sem kommúnista. Það hefur verið beitt miskunnarlausum „terror" í málflutningi. Það hefur verið reynt að fæla menn frá skoðunum sínum, þeir skyldu stimplast kommúnistar og vera óalandi og óferjandi. Því hefur verið haldið fram þvert ofan í allar staðreyndir, að í nágrannalöndunum séu engir andvígir þessum samningi nema kommúnistar. Í Svíþjóð er þó ástandið þannig, að enginn þingflokkanna vildi mæla með aðild Svíþjóðar að samningnum, og eru Svíar þó ekki minni lýðræðisþjóð en hverjir aðrir. Í Danmörku greiddi heill flokkur, radikali flokkurinn, atkvæði á móti aðild Danmerkur, auk kommúnista, en Danir hafa reynzt svo siðaðir að gera engin hróp að þeim fyrir þá sök, og ekkert danskt blað hefur kallað þá fimmtu herdeild eða hrópað að þeim kommúnistabrigzlum vegna þessa. Þegar bandalagsmálið var tekið til fyrri umr. í norska stórþinginu, er mér sagt, að 22 þm. norska verkamannaflokksins hafi verið fjarverandi, án efa í mótmælaskyni við samninginn. Þegar svo endanlega voru greidd atkvæði um samninginn, greiddu tveir þm. verkamannaflokksins atkvæði gegn honum ásamt kommúnistum. Blað verkamannaflokksins skýrði frá ræðum þeirra og röksemdum eins og ræðum og röksemdum allra annarra, og þeim var síðar en svo brugðið um kommúnisma. Í forustugrein blaðsins var rætt um afstöðu þeirra af skilningi og hæversku, en þeir tóku fram, að þeir greiddu atkvæði gegn samningnum á öðrum forsendum en kommúnistar. Hér á Alþingi greiddum við þrír atkvæði gegn samningnum, auk hv. þm. Sósfl., en við gerðum það á öðrum forsendum en hv. þm. Sósfl. Við hv. 3. landsk. þm. bárum fram brtt. og gerðum samþykkt þeirra að skilyrði fyrir fylgi okkar við samninginn. Við lýstum því yfir, að yrðu þær samþ., mundum við greiða atkvæði með samningnum, en yrðu þær felldar, mundum við greiða atkvæði gegn honum. En það er ekkert skeytt um ástæður og rök fyrir mótatkvæðinu. Við skulum vera kommúnistar eða hjálparmenn kommúnista, fimmta herdeild þeirra, eins og allir, sem leyfa sér að hafa aðra skoðun á þessu utanríkismáli en hv. þm. G-K. og Morgunblaðið.

Hér er um að ræða alvarlegustu hlið þess málflutnings, sem nú er rekinn af mestu kappi hér á landi. Hér er verið að beita sömu bardagaaðferðinni og nazistar beittu með miklum árangri, þegar þeir stimpluðu alla andstæðinga sína kommúnista og reyndu að skipta þjóðunum milli sín og kommúnista. Þessi baráttuaðferð má ekki bera árangur hér á landi. Þá er voðinn vís. Hún skal ekki bera árangur. Íslenzkur almenningur er þroskaðri en svo, að hann muni láta þessa baráttuaðferð bera árangur.

Að síðustu ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim aðstoðarmanni, sem hv. þm. G-K. hefur fengið í þessum umr., hv. þm. S-Þ. (JJ). Ég geri það ekki af því, að hv. þm. G-K. sé nokkurt gagn að því, sem þessi hv. þm. hefur lagt til málanna. Það er löngu komið svo, að engum málstað er gagn að liðveizlu þess manns, heldur spillir hann fyrir þeim, sem hann reynir að hjálpa, auk þess sem það er nokkurn veginn víst, að um sláman málstað er að ræða, ef hann er reiðubúinn til að fylgja honum. Þessi hv. þm. er eini þm., sem opinskátt og opinberlega hefur óskað eftir erlendum her til Íslands og erlendum herstöðvum. Fátt sýnir þó betur, hve því fer víðs fjarri, að nokkurt mark sé tekið á honum í íslenzkum stjórnmálum, að þessar kenningar hans hafa litla athygli vakið, þótt vitað sé um algera andúð þjóðarinnar á þessum skoðunum. Þessi hv. þm. er afturganga í íslenzkum stjórnmálum, en þó að því leyti frábrugðinn öðrum afturgöngum, að enginn óttast hann og öllum er sama um, hvað hann segir og gerir. Annars ætti maður með slíkar skoðanir auðvitað að hafa vit á að hafa hljótt um sig, þar sem utanríkismál og öryggismál landsins eru á dagskrá, svo fáránlegar eru skoðanir hans og svo líklegar til óvinsælda og andúðar, ef eitthvað mark væri tekið á þeim.

Hv. þm. S-Þ. gerði tilraun til að endurtaka þau ummæli samherja síns, hv. þm. G-K., að við fimmmenningarnir bærum fulla ábyrgð á óeirðunum 30. marz, e. t. v. í þeirri von, að við óskuðum líka eftir að lögsækja hann. En honum tekst ekki að fá okkur frekar en aðra til að taka nokkurt mark á sér. Okkur gildir nákvæmlega einu, hvað hann segir og gerir, og munum að sjálfsögðu láta það algerlega afskiptalaust.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég hef verið nokkuð undrandi

yfir þessum umr. um þetta mál og gert það af ásettu ráði að tala ekki fyrr en þetta.

Hér hafa sérstaklega 3 þm., hv. þm. G-K. (ÓTh), hv. þm. S-Þ. (JJ) og hv. þm. Ísaf. (FJ), farið mjög mörgum orðum um atburði þá, sem gerðust hér 30. marz, og gefið frá eigin sjónarmiði langar lýsingar á því, sem þar hafði gerzt, og deilt þar mjög á þann flokk, sem ég tilheyri. Því hefur líka verið haldið fram, að það væri ákaflega undarlegt að fara fram á það að upphefja þinghelgina. Við gætum vel rifizt um málið í þinginu og það væri slæmt fyrir þm., að þetta væri gert, því að þeir töluðu svo oft ljótt hver um annan og erfitt að sæta meiðyrðamáli fyrir það allt saman. Hér væri nægur vettvangur fyrir slíkar skammir, og sérstaklega talaði forsrh. digurbarkalega um það, að ekki tæki að kveina undan því, þó að eitthvað væri verið að segja hérna. Ég hafði hugsað mér að nota nú þennan rétt til fullnustu, sem maður hefur hér í þinghelginni og þessir þm. hafa lagt áherzlu á. Hins vegar hefur brugðið svo undarlega við í þessum umr., að meginið af umr. af hálfu stjórnarflokkanna hefur farið í að ræða um sósíalisma í heiminum og þá baráttu, sem þeir segjast heyja gegn honum. Hv. þm. S-Þ. og hv. þm. G-K. stóðu upp mjög reiðilega og voru að reyna að nudda kommúnisma yfir á hv. 4. þm. Reykv., sem sór og sárt við lagði, að svo framarlega sem nokkur væri upphafsmaður kommúnismans, þá væri það þm. S-Þ. eða þm. G-K. Þannig hefur þetta gengið. Af því að mér finnst málið vera mér nokkuð skylt, sé ég ástæðu til að leggja nokkur orð í belg um þá hluti málsins, þegar ég ræði þau tilefni, sem urðu til þessarar umr.

Því hefur verið lýst yfir af hv. þm. G-K., að hann mundi ekki undra neitt, þótt hér hefðu gerzt aðrir eins atburðir og gerðust hér 30. marz, ef hann hefði sjálfur verið á þeirri skoðun, að verið væri að selja landið, og það, sem hann hefði verið að ráðast á einstaka menn fyrir, væri það, að þeir hefðu verið að reyna að koma inn þeirri skoðun, að verið væri að selja landið. Við komum þá að spurningunni: Var verið að svíkja þjóðina? Ég hefði nú satt að segja ekki haldið, að þeir fulltrúar sinna flokka, sem hér hafa talað og tekið í sama streng og hv. þm. G-K., hefðu farið að gera þessi mál að eins miklu umtalsefni og þeir hafa gert. Það liggur fyrir, að búið er að gerbreyta allri þeirri stefnu, sem verið hefur á Íslandi um langan aldur, með aðferðinni frá 30. marz. Hernaðarsamningur, sem Ísland gerir og veitir erlendri þjóð svo og svo mikil réttindi á Íslandi og undirbúning undir herstöðvar á friðartímum, er þvert á móti öllum yfirlýsingum, sem Íslendingar hafa áður gefið í þessu efni. 1941 fara Englendingar fram á hernaðarbandalag við Íslendinga. Þeim tilmælum er neitað. Síðan er samtímis farið fram á, að Íslendingar láti af hendi herstöðvar. Ríkisstj. neitar þeim tilmælum. Síðan kemur enskur her og hertekur landið. Þessu er mótmælt af þinginu og ríkisstjórninni. 9. júlí er svo gengið inn á það, þótt með nauðungarsamningi sé, að leyfa herstöðvar á Íslandi. En þá er það varið af hálfu þeirra manna, sem það gera, með því, að verið sé að skipta á hertöku þjóðar, sem hafi tekið okkur með ofbeldi, og hernámi hlutlausrar þjóðar, og varið með því, að verið sé að gera það eftir að það ástand skapaðist á Íslandi, að hér var komið hernám. Síðar, eða 1946, er því lýst yfir af Alþingi, að Ísland muni ekki einu sinni á ófriðartímum gefa aðstöðu til herstöðva hér á Íslandi. Það liggur því fyrir yfirlýst stefna, sem alltaf hefur verið skoðuð sem grundvöllur þess, að við gætum fengið að ráða yfir landi okkar einir og öðrum óháðir. Og það veit hver þm., sem þekkir reynsluna af Keflavíkursamningnum, að sé gengið inn á svona aðferð, að gefa Bandaríkjunum rétt til hernaðaraðstöðu á Íslandi, er sú aðstaða notuð eins ríflega og hugsazt getur. Það er því vitanlegt, að með því að samþykkja þennan samning er beinlínis verið að gefa útlendu herveldi vald yfir landi okkar með fyrir fram bandalagi og samningi. Það þarf ekki annað en hugsa til þess, hvernig framkvæmdin hefur orðið á Keflavíkursamningnum, til þess að skilja, hvers konar spor hefur verið stigið með samþykkt Atlantshafsbandalagsins.

Fyrir hvaða áhrif hefur verið brotið í bága við þessa stefnu, sem Íslendingar hafa haft fram að þessu? Þau áhrif, eins og ég mun nánar fara inn á, að Bandaríkin hafa sem voldugasta auðvaldsríkið í heiminum tekið upp starf þýzka auðvaldsins, eftir að Hitler féll, og gerzt forusturíki auðvaldsríkjanna í heiminum. Þau hafa tekið upp bæði slagorð og pólitík Hitlers-Þýzkalands og í öllum sínum framkvæmdum meira og minna fylgt aðferðum fasista. Þau reyna að láta líta svo út sem þetta sé allt byggt á lýðræðisgrundvelli, en eru meir og meir að þurrka hann út, sem bezt kemur fram í því, að þau líta nú á Franco-Spán sem öruggasta bandamann sinn. Samtímis því sem bandaríska auðvaldið hefur þannig tekið upp þessa stefnu og gert baráttuna gegn sósíalistum að höfuðverkefni sínu, hefur gerzt sá hlutur á Íslandi, að risið hefur upp voldugri auðmannastétt hér heima en við höfum haft nokkru sinni fyrr. Það þýðir, að auðmannastéttin á Íslandi hefur, vegna þess að hún hefur ótta af þjóðinni og ótta af því, að þjóðin kunni á lýðræðislegan hátt í kosningum að taka af henni völdin, gert bandalag við ameríska auðvaldið til þess að tryggja sér afskipti þess af innanríkismálum Íslands, ef henni þykir sér hætta búin. Með Atlantshafssáttmálanum er gerð ákvörðun, sem miðar að því að vernda kapítalismann í hverju landi fyrir sig. Í 2. gr. er beinlínis ákveðið um þetta, sem sýnir, að gerður hefur verið leynilegur samningur, sem gengur út á baráttu gegn sósíalismanum í hverju landi fyrir sig. Vegna þess tvenns, að auðmannastétt Bandaríkjanna hefur tekið að sér forustuna í veröldinni gegn sósíalismanum, og hins, að ríki og voldug auðmannastétt hefur risið hér upp, sem hins vegar er hrædd um völd sín gagnvart þjóðinni, hefur skapazt bandalag milli bandarísku auðmannastéttarinnar og íslenzku auðmannastéttarinnar um að framselja þetta land sem herstöð fyrir ameríska auðvaldið og þær aðrar auðmannastéttir, sem því fylgja, hverjar svo

sem afleiðingarnar kunna að verða fyrir þá, sem í þessu landi búa nú sem stendur. Þetta verk er að mínu áliti ekki aðeins landráð, heldur beinlínis fjörráð við þjóðina, og gegnir furðu, að þeir menn, sem hafa pínt þetta gegnum þingið með því að gerbreyta allri þinghelgi og öllum þingsköpum, skuli dirfast að koma nú fram og tala um þinghelgi sem eitthvað, sem þeir vilji vernda og helga. Ég álít þess vegna, úr því að þessir þm. hafa byrjað á því að ræða þessi mál, að ekkert sé að því, þó að ýtarlega sé út í það farið. Það voru hreinustu fjörráð og þjóðarsvik, sem þarna voru framkvæmd. Og þeim mönnum, sem að þessari samþykkt stóðu, þótti meira að segja of hættulegt að láta sína eigin fylgjendur, sína kjósendur fá að athuga þetta í næði og greiða um það atkvæði. Aðferðin við samþykkt Atlantshafssáttmálans líktist ekki að neinu leyti neinni meðferð á neinu þingmáli, sem nokkurn tíma hefur þekkzt á Íslandi. Það var hreinasta valdarán af hinni ríku klíku í landinu að stela völdunum af þjóðinni og framkvæma með þeim hluti, sem þjóðin mundi ekki hafa samþykkt, ef hún hefði fengið að segja sitt orð. Og ég efast um, að þeir þm., sem samþ. þennan samning, hefðu gert það, ef þeir hefðu fengið aðstöðu til þess að rannsaka þessi mál ofan í kjölinn. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að rætt sé um þær aðferðir, sem farið hafa fram í þingsölunum. Einn þm., hv. þm. S-Þ., sagði, að ég hefði margbrotið þinghelgina og hefði átt að henda mér út með lögregluvaldi. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi, að það var ekki ég, sem braut þinghelgina, og ekki heldur fólkið hérna fyrir utan. Þeir, sem brutu þinghelgina þá, voru ríkisstj. og forseti sameinaðs þings, — mennirnir, sem knúðu það fram vegna ofsa ríkisstj., að þetta mál var afgr. með þeim endemum, að aldrei hefur í íslenzkri sögu þekkzt nein svipuð afgreiðsla. Það var traðkað á öllu, sem heitir þingræði. Það var beinlínis verið að svipta þm. málfrelsi og hugsanafrelsi, verið að gera þeim ómögulegt að athuga þessi mál, til þess að margir þeirra vissu ekki, hvað þeir voru að gera með þeim ákvörðunum, sem þeir tóku. Með þeim ákvörðunum, sem þá voru teknar, var verið að gera breytingu á þjóðlífi Íslendinga, sem er eins mikil breyting og nokkur stjórnarskrárbreyting, sem hægt er að gera, þar sem Ísland er með henni gert að hernaðarríki. Og þessu er komið í gegn, ekki með breytingu á stjórnarskránni eða með lögum, heldur með einfaldri þál., sem knúin er í gegn á einum sólarhring. Og þetta er gert af flokkum, sem lýst hafa því þráfaldlega yfir, að þeir væru fylgjandi þingræði og lýðræði. En þeir brutu stjórnarskrána hinn 30. marz s. l., og samtímis beittu þeir próvókasjón gagnvart fólkinu til þess að stofna til óeirða, sem er í samræmi við fyrirmæli þýzka fasismans og bandarískra auðvaldsins. Síðan standa þeir upp, hv. þm. G-K., hv. þm. S-Þ. og hv. þm. Ísaf., og lýsa yfir, að hinir ljótu og vondu kommúnistar beri sökina á öllu því, sem gerðist 30. marz, en þar sem þeim þykir Sósfl. ekki nógu sterkur, hafa þeir gefið flokknum ýmsa góða menn, því að það er gagnslaust fyrir menn að hugsa réttilega, án þess að verða stimplaðir sem kommúnistar af auðvaldinu, og þann stimpil er ekki hægt að þurrka af sér. Þá voru þeir að ræða um það, hverjum sósíalisminn væri að kenna. Það er ekki óvanalegt, að menn, sem ekki eru sósíalistar, séu að bera hver öðrum á brýn, að þeir séu það. Í kommúnistaávarpinu, sem kom út fyrir 100 árum, er sagt, að allir, sem séu í stjórnarandstöðu, séu kallaðir kommúnistar. Þetta hefur verið gert allan tímann síðan kommúnistaávarpið kom út, en á þeim sama tíma hefur sósíalisminn vaxið, meðan auðvaldsskipulagið hefur hrunið. Fyrir 20 árum mætti ég þeim Ólafi Thors og Jónasi Jónssyni á fundi norður í Hegranesi í Skagafirði, og á þeim fundi var Ólafur að bera Jónasi það á brýn, að hann væri kommúnisti. Ég talaði á eftir og sagði, að réttast væri að nefna Kveldúlf sem stofnanda og auðvaldið yfirleitt. Hins vegar býst ég við, að Kveldúlfur dafni nú vel, og er það eitt gleggsta dæmi um það, hve hagur auðvaldsins er hér góður, að fyrir nokkrum árum var félagið á barmi glötunar, en vegnar nú vel. En auðvaldið skapar sósíalismann eins og aðallinn skapaði borgarastéttina á sínum tíma. Því útbreiddara sem auðvaldið verður, því sterkari verður sósíalisminn, sem mun erfa kapítalismann. Það er ekki hægt að bæla niður sósíalismann, eins og Hitler ætlaði að gera og eins og bandaríska auðvaldið hefur í hyggju nú. Þetta var líka á sínum tíma ljóst þeim mönnum, sem hér hafa lagt orð í belg, og vil ég þar til nefna þá hv. þm. S-Þ. og hv. þm. Ísaf., sem á sínum tíma voru kallaðir kommúnistar og bolsar. Þeim var ljóst, meðan þeir gátu athugað málin án þess að láta blindast af glýju auðvaldsins, hvernig auðvaldið var og að alþýðan mundi um síðir svipta auðvaldið yfirráðunum. Þeim var þetta einkum ljóst, þegar þeir litu til eins lands, þegar þeir um 1920 voru að athuga skipulagningu alþýðusamtakanna og íslenzka auðvaldið var enn ekki orðið nógu ægilegt. Þeim var ljóst, hvað bæri að varast að kæmi hingað, og þeir bentu þá á eitt land, sem þeir töldu ekki til fyrirmyndar á stjórnmálasviðinu. Þetta land var Bandaríkin. Þau voru víturnar, og það bar að forðast, að angi af þeim kæmist hingað til lands. Ég ætla mér í þessu sambandi að vitna í hv. þm. S-Þ., þó að ég hafi ekki gert það í langan tíma, og verð því að leita langt aftur í tímann, þar sem hann er nú andlegur leiðtogi þeirra manna, sem berjast fyrir ameríska auðvaldið. Grein þessi birtist í Skinfaxa 1912 og er endurprentuð í ritgerðasafni Jónasar, Vordögum, 1939, og vil ég leyfa mér að lesa kafla úr henni — með leyfi hæstv forseta. Menn eru beðnir að athuga, að þar, sem höfundur nefnir Bandamenn, þá á hann við Bandaríkjamenn:

„*Auðveldi Bandamanna.* Hvergi eru meiri verklegar framkvæmdir og stórauður en í Bandaríkjunum. Ef þvílíkar framfarir væru einhlítar um að gera manninn hólpinn á jarðríki, þá mundi það sæluríki hafa byrjað undir stjörnumerki Bandamanna. En þar er nú öðru nær. Svo er að sjá sem helztu mein þeirra sé auðurinn, sem svo mikið hefur verið haft fyr-

ir að ná. Hann er orðinn að heljarvél, sem þjóðin ekki fær ráðið við, að rammefldum, blóðlausum draug, sem vaxinn er yfir höfuð særingarmönnunum, feðrum sínum og orðinn þeim hættulegur.

Boðskapur forsetans. Wilson heitir hinn nýorðni forseti Bandamanna. Þegar hann hafði nýtekið völd, gaf hann út boðskap sinn til þjóðarinnar. Það er stefnuskrá hans, skýring á, hvað hann vilji gera, og hvers vegna þess þurfi við. Og þessi boðskapur snýst algerlega um auðvaldið í landinu og hvernig megi halda því í réttum skorðum. Fleiri forsetar hafa tekið í sama strenginn fyrr, en lítið verður um framkvæmdir, því að *milljónadraugurinn er illur viðskiptis*, hverfur undan högginu í jörð niður og kemur fram óskemmdur þar, sem friður er betri.

Auðvaldsbölið. Úr því stjórn Bandamanna telur auðvaldsbölið fyrsta og aðalvandamálið, þá hlýtur eitthvað að því að kveða, því að nóg viðfangsefni hefur jafnvoldugt ríki og þau ekki fá. *En það mál er enginn gamanleikur*, því að í höndum 1/10 af íbúunum eru 9/10 af auðnum. Þjóðfélagið allt er í klóm auðkýfinga, auðfélaganna og hringanna. Þeir eiga námurnar, verksmiðjurnar, varninginn á markaðinum, samgöngutækin, bankana, blöðin, heilan hóp af þingmönnum, ráðherrum og dómurum. Og auðkýfingarnir kunna að beita öllum þeim vopnum, sem þeir ráða yfir.

Í sliku landi getur alþýðan hvergi snúið sér, án þess að reka sig á hlekkina, sem auðvaldið hefur spennt um hana. Og hver forseti, sem dugur og dáð er í, finnur, að þarna er meinið, sem þarf að bæta. En það er erfitt að kveða niður afturgöngu, sem er sloppin laus. Með hverju ári færist þessi járnhönd auðvaldsins yfir löndin og lykur nú í sumum greinum allan heiminn í greipum sínum. Við erum farnir að kannast við hana í steinoliumálinu, og aðrar vöruteg-undir munu fylgja í förin."

Þetta er lýsing á auðvaldi Bandaríkjanna 1912, en síðan hefur það orðið margfalt voldugra, síðan hefur það orðið að auðvaldi, sem teygir sig út um allan heim eftir ítökum og herstöðvum. Þetta er lýsing hv. þm. S-Þ. á bandaríska auðvaldinu og ástandinu þar. En ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi ekki tekið minna í árina á blómatíma sínum á árunum frá 1920—30, er hann, Haraldur Guðmundsson og Vilmundur Jónsson landlæknir voru rauðustu bolsarnir. Við höfum líka lýsingu á bandaríska auðvaldinu frá fleirum. Matthías Jochumsson kallar þau mammonsríki, og hið stórgáfaða skáld, Stephan G. Stephansson, sem ágæt kynni hafði af málinu, hefur lýst ástandinu þar manna bezt. Meðan nokkurt vit og heiðarleiki var í þeim, hv. þm. S-Þ. og hv. þm. Ísaf., og meðan þeir unnu fyrir þá flokka, sem þeir voru forustumenn í um tíma, þá vöruðu þeir við þeirri hættu, sem stafaði frá Bandaríkjunum. En síðan íslenzka auðmannastéttin reis upp, hefur þeim snúizt hugur og vinna nú að því öllum árum að snúa landinu undir ameríska auðvaldið, sem þeir lýstu svo á árunum. Ég hefði haft gaman af að vitna í sambandi við það, sem hv. þm. S-Þ. sagði áðan, í aðra grein eftir hann, sérstaklega af því, að hann ræðir þar um pólitík íslenzka auðvaldsins. En nú vill hv. þm. S-Þ. styðja hv. þm. G-K. í baráttu hans, og ég veit, að hv. þm. G-K. vill launa honum það, og flokkur hans sýndi við síðustu kosningar, að hann vill styðja hv. þm. S-Þ., er hann sveik frambjóðanda sinn til að koma Jónasi á þing, enda hefur hann nú launað það vel. — En ég vil hér vitna í aðra grein eftir Jónas Jónsson, sem kom í Skinfaxa 1914 og er endurprentuð í Vordögum — með leyfi hæstv. forseta:

„Á engan hátt verður þessu máli, gildi auðvaldsins fyrir ættjörðina, svarað betur en með *sögulegum dæmum*. Dómur reynslunnar er óskeikulastur og sker þar bezt úr. Í sögu Íslands er í þessu efni ekki um auðugan garð að gresja. Þó má segja, að hér kenni auðvalds á Sturlungaöldinni og nú fyrir og eftir aldamótin 1900. Í fyrra sinn er það hinn gamli goðaaðall og í síðara skiptið kaupmannastéttin. Um afrek Sturlungaaldarhöfðingjanna fer ekki tvennum sögum. *Þeim var meira gefið en flestum öðrum* mönnum og urðu þó til mestrar ógæfu þjóð og landi með taumlausri sérdrægni og siðspillingu. Þeir höfðu uppi flokka til rána, brennuverka og bardaga og seldu síðan sjálfstæði landsins fyrir vegtyllur og fégjafir. Ekki er nein leið að kenna smábændum um, hvernig fór. Þeir voru háðir höfðingjunum, þeir voru viljalaus verkfæri í höndum þeirra. Og þeir þáðu engar mútur af Noregskonungi. Höfðingjar landsins eiga þar alla sök; fyrsta auðmannakynslóðin hér, sem var alvöld yfir fjöldanum, seldi frelsi sitt og þjóðarinnar fyrir lítilfjörlegan stundarhagnað."

Þetta eru orð hv. þm. S-Þ. á þeim árum, þegar hann var að leggja til baráttu við að skipuleggja samtök bænda og verkamanna gegn hinu litla auðvaldi, sem þá var í landinu. Nú hefur það orðið hið hörmulega hlutskipti hans að þiggja mútur af hinu bandaríska auðvaldi, og þar með ekki aðeins fórnað auðmannastéttinni á Íslandi, heldur frelsi þjóðarinnar fyrir bandaríska auðvaldið. Ég held, að það hafi verið lítil ástæða fyrir þessa hv. þm. að stofna til umræðna um þessi mál og kjaftshögga sjálfa sig með því bezta, sem þeir hafa sagt. Ég get þó ekki stillt mig um að ljúka máli mínu með því, af því að verið er að ræða um hernaðarbandalagið, að þreyta menn með tilvitnun í hv. þm. S-Þ., þar sem hann var að ræða um, að helzta hættan stafaði af alþýðuríkjunum, og þar sem nú er litið á hann sem andlegan leiðtoga auðvaldsins á Íslandi. Tilvitnunin er úr sömu grein og ég las úr síðast og hljóðar svo — með leyfi hæstv. forseta.

„Hverjir valda þessum ófögnuði? Ekki fátæklingarnir. Verkamenn í öllum vígalöndum styðja friðarhreyfinguna og standa á móti herbúnaði og styrjöldum. Þeir hafa ekkert að vinna við stríðin, nema að verða fallbyssumatur eða drepa saklausa, óþekkta menn. Nei, stríðin og undirbúningur þeirra er fyrir auðmennina, svo að þeir geti grætt sem mest."

Síðan tekur höf. lýsingu af Krupp og öðrum stóriðjuhöldum og heldur síðan áfram:

„Stjórnir landanna eru alls staðar hlynntar þeim, sem féð hafa, og má því segja, að utanríkismálin snúist mest um gróðakeppni. Og fjandskapurinn milli stórveldanna er ekki milli þjóðanna sjálfra, heldur einstakra manna, sem halda við æsingarblöðum og ala á og margfalda hvert deilumál, til að vinna ný lönd og opna markaði.

Varla verður það með nokkrum sanni sagt, að þetta yfirlit styrki þá kenningu, að auðvald sé nauðsynlegt til þjóðþrifa, því að bæði í sögu okkar og viðskiptum þjóða nú á dögum er það orsök mestu rangindanna og ósiðlætisins, herbúnaðar, styrjalda og ágangs á veikar þjóðir. Stórauður er þvert á móti hættulegur og gerir mennina hættulega. Hann veitir óheyrilega mikið, nær ábyrgðarlaust vald. Hann venur menn á að fórna öllu á altari mammons. Vegna spilltra auðmanna misstu Íslendingar, Búar og fleiri þjóðir sjálfstæðið, vegna þeirra stynur heimurinn undir oki hins vopnaða friðar, og vegna þeirra má á hverri stundu búast við, að morðvélarnar leggi hálfan heiminn í eyði.“

Þetta eru orð hv. þm. S-Þ., þegar hann var um skeið forustumaður róttækustu aflanna í landinu, og í anda þessarar baráttu voru Alþ.- og Framsfl. aldir upp. En nú er svo komið, að spámenn frá þessum tíma hafa gengið í bandalag við auðvaldið. Ég hef rakið þetta svo ýtarlega vegna þeirra staðhæfinga, að friðnum stafaði hætta frá sósíalismanum. En álit íslenzkrar alþýðu er það, að hættan stafi frá hringunum og auðvaldinu. Þess vegna byggist sú skoðun, sem ég hélt hér fram 29. og 30. marz, áreiðanlega á afstöðu, sem meiri hl. íslenzku þjóðarinnar fylgir. — Ég ætla svo að láta þetta nægja hvað snertir þann kafla ræðu minnar, sem sýnir, hvernig það er með ameríska auðvaldið, sem hefur farið í harðvítuga sókn gegn landi okkar, og hvernig það er með áhrif auðmannastéttarinnar íslenzku, sem hefur valdið því, að landið hefur verið svikið undir þetta ameríska auðvald.

Þá fóru bæði hv. þm. G-K. og hv. þm. S-Þ. nokkru nánar inn á afstöðu þeirra manna, sem þeir nú sérstaklega voru að ráðast á, þjóðvarnarmanna, til lýðveldisstofnunarinnar. Þeir þjóðvarnarmenn eiga hér fáa málsvara, og hv. 4. þm. Reykv., sem helzt hefur talað hér, er búinn að tala sig margdauðan, þannig að ég held, að það geri ekki til, þó að ég fari dálítið inn á þetta.

Eins og allir þm. vita, var Sósfl. allra flokka ákveðnastur í því, að lýðveldi skyldi stofnað á Íslandi, og hefur haft það á stefnuskrá sinni síðan 1938. Í fyrstu virtust allir flokkar nokkurn veginn ákveðnir í að skilja við Dani, en það breyttist 1939, er svo vildi til, að Stauning kom hingað til lands. Sú heimsókn hafði þá breytingu í för með sér, að Alþfl., sem hafði haustið 1938 samþ. að skilja við Dani, breytti um skoðun, líklega vegna þeirra viðtala, sem formaður flokksins, Stefán Jóh. Stefánsson, átti við Stauning. Og Stefán Jóhann lýsti því yfir, eftir að hafa siglt með Stauning til Kaupmannahafnar, að hann ætlaði að vera með því að koma á lýðveldi á Íslandi 1943. Vitanlegt var, að íhaldið var það ekki meiri sjálfstæðisflokkur en svo, að formaður hans, Ólafur Thors, lýsti því yfir fyrir stríðið, að Sjálfstfl. vildi raunar skilja við Dani, en konungstignina gætum við ekki afnumið. Hann var með öðrum orðum á þeim tíma á móti lýðveldisstofnun. Hins vegar tók Sósfl. allan tímann eindregna afstöðu með því að stofna lýðveldi. Þeir, sem hindruðu það, voru Bretar og Bandaríkjamenn með afskiptum sínum af okkar málum. Það tók svo langan tíma að skapa samkomulag milli þingflokkanna um þetta mál, og að lokum skapaðist samkomulag, án þess að einn flokkanna væri með í því. Alþfl. var ekki með, og það, sem olli því, var tilhliðrunarsemin við Dani. Svo kom fram hópur af menntamönnum, sem tóku afstöðu gegn því, að við stofnuðum lýðveldi þá. Ég átti í dálitlum deilum við þessa menntamenn og man sérstaklega eftir einni af þeim deilum, sem fór fram í hátíðasal háskólans. Þar kom mjög greinilega fram, hvers vegna þessir menn höfðu ótta af því, ef stofnað yrði lýðveldi á Íslandi þá. Þeir sögðu: Bandaríki Ameríku eru með lýðveldisstofnuninni að ná tökum á Íslandi. — Og þeir grundvölluðu þessa skoðun sína alveg sérstaklega á því, að þeir menn, sem tækju nú svo eindregna afstöðu með lýðveldisstofnun úr hópi íhaldsins, væru mennirnir, sem vildu auka amerísk áhrif á Íslandi. Ég lagði mikla áherzlu á það við þessa menn, hve ósammála ég væri þeim um lýðveldisstofnunina, en sagði um leið: „Það kann hins vegar svo að fara, eftir að við erum búnir að stofna lýðveldi, að þeir, sem standa á móti því, og þeir, sem standa með því, eigi eftir að tala saman, ef það sýnir sig, að ameríska auðvaldið hyggst að ná þeim tökum á landi okkar, sem Danir höfðu einu sinni.“ — Það hefur nú sýnt sig, að sá ótti, sem þessir menn báru í brjósti um það, að Bandaríkin mundu hugsa sér til hreyfings og ameríska auðvaldið reyna að ná tökum hér á landi, var á rökum reistur. Hins vegar hefur það sýnt sig, að þessir menn, sem grundvölluðu afstöðu sína gegn lýðveldisstofnun af ótta við amerísk áhrif, hafa ekki skilið þá pólitísku „taktik“. Þeir höfðu gert sér í hugarlund, að það mundi verða okkur einhver björgun gegn amerísku hættunni, að sambandið við Dani héldist órofið. Það hefur nú sýnt sig, að það var síður en svo. Okkur var engin vernd í því að halda áfram sambandinu við Danmörku gegn amerískum áhrifum. Gegn þeim áhrifum urðum við að bjarga okkur sjálfir og óstuddir. Þessi ótti þeirra hafði við rök að styðjast. En aðferðin, sem þeir vildu beita til þess að fyrirbyggja þetta, var ekki sú rétta. Það var sjálfsagt af okkur að stofna lýðveldi, en við áttum að stofna það í meðvitund þess, að við þyrftum að vera á verði. Og nú, þegar það hefur gerzt, að þeir flokkar, sem stóðu með okkur sósíalistum að stofnun lýðveldis á Íslandi 1944, hafa sýnt sig í því að hefja ameríska auðvaldið til valda á Íslandi, sem er ægilegra vald en það, sem Danir hafa haft hér á landi, þá sýnir það sig, að það er ekki umhyggja fyrir frelsi lands okkar, sem olli því, að þessir menn stóðu með í því að stofna lýðveldi. Atburðirnir frá 30. marz þessa árs sýna það ótvírætt. Það

kemur þess vegna úr hörðustu átt, að sá maður, sem harðast berst fyrir amerískum ítökum á Íslandi, skuli leyfa sér að ráðast hér á þessa menn og reyna að skýla sér þar með þátttöku sinni í lýðveldisstofnuninni 1944. Það er hart vegna þess, að þeim litlu þökkum, sem hann hefði átt skilið fyrir að taka þátt í lýðveldisstofnuninni 1944, hefur hann fyrirgert með því, sem hann hefur gert síðar. Ef hv. þm. S-Þ. hefði verið staddur hérna, hefði verið gaman að tala við hann. Ég tók eftir því sálræna fyrirbrigði í ræðu hans, að það var eins og hann fyndi þörf hjá sér til að reyna að grafa eitthvað upp og láta í það skína, að hann væri sjálfstæðishetja. Hann reyndi að tala um Danahatur og sérstaklega þessa þjóðvarnarmenn, sem þar hefði staðið á. Mér hefði þótt gaman, hefði hann verið staddur hérna, að bregða upp fyrir honum svolítilli spegilmynd af því, sem hann sjálfur er búinn að gera. Hann er ásamt hv. þm. G-K. og þeim, sem samþ. bandalagssamninginn, búinn að tryggja ákveðnu ríki herstöðvar á Íslandi, opinberlega á styrjaldartímum og reyndar líka á friðartímum. Og meðal þeirra þjóða, sem samkv. þeim samningi, er stjórnarliðið hefur beitt sér fyrir, geta samkvæmt ákvörðun herforingjaráðs Bandaríkjanna fengið herstöðvar hér, meðal þeirra þjóða eru Danir. Á meðan þeir hafa misst völdin í landi okkar, geta þeir fengið herstöðvar núna. Ég býst við, að bæði hv. þm. S-Þ. og hv. þm. G-K. sé þannig farið, að þeim mundi verða illa við, ef Danir fengju völd hér á Íslandi. Nú vill svo til, að þeir eru komnir í þetta bandalag við Danmörku núna, samtímis því sem nú er verið að hnýta okkur öðrum böndum við þá, ef hér er tekin ákvörðun um, að Íslendingar tilnefni sinn herflokk, sem eigi að stofna og Danir hafi sinn fulltrúa í, og þá er vitanlegt, að vel gæti svo farið, að t. d. dönskum hershöfðingjum yrði úthlutað að stjórna hér á Íslandi. Það var hér á árunum, að norska konungsvaldið fór að færa sig upp á skaftið og bjóða Íslendingum út. Ýmsir góðir Íslendingar stóðu á móti þessu og það tókst að hindra þetta og hv. þm. S-Þ. hefur skrifað hól í Íslandssögu um þá menn. Nú beitir hv. þm. S-Þ. sér fyrir því, að farið sé að koma út herútboði á Íslandi til þess að mynda smáher í þessu bandalagi. Ég gæti trúað, að hv. þm. S-Þ. ætlaði sér eina foringjastöðuna í þessum her. Og ef svo færi, að þetta endaði með því, að honum tækist að fá þetta fram, þá yrði líklega komið hér upp íslenzkum smáher, kannske undir danskri yfirstjórn. Líklega yrði þá hv. þm. S-Þ. „oberst", oberst Johnson, og líklega yrði danskur hershöfðingi yfir liðinu. Þegar svona er komið og búið að gera Ísland að hernaðarstöð annars ríkis, eru það orðnir forngripir fyrir þá menn, sem einu sinni voru á móti Dönum, að játa hatur gagnvart Dönum, en þora ekki að taka afstöðu á móti því ríki, sem sölsar undir sig sjálfstæði landsins og býr sig undir að fara með þetta vald, sem það fær yfir landinu, jafnvel enn verr en Danir fóru nokkru sinni með okkur.

Ég held þess vegna, að þær ræður, sem hér hafa verið haldnar af hv. þm. G-K. og hv. þm. S-Þ. móti þeim þjóðvarnarmönnum, hafi að öllu leyti verið mjög óviðkunnanlegar. Og ég vil alvarlega vara íslenzku auðmannastéttina við að fara inn á þá baráttuaðferð, sem hún virðist fara hér inn á, þegar hún ræðst á einstaka menn, líka utan þings, eins og hér hefur verið gert. Það er hægt að gera fjöldamörgum persónum í þjóðfélagi okkar ólíft með slíkum árásum. Og íslenzka auðmannastéttin og fulltrúar hennar hafa áreiðanlega það veikan málstað í þessu sambandi, að það er ekki praktiskt af þeim að fara inn á slíkar aðferðir. Íslenzk auðmannastétt hefur hvað eftir annað beitt þessari aðferð gegn andstæðingum sínum. Morgunblaðið þykist alveg sérstaklega vegna útbreiðslu sinnar hafa slíkt vald, að það geti með því að ráðast á slíka menn persónulega brotið þá á bak aftur. Það er varmennska að beita slíkum aðferðum og kemur þeim sjálfum í koll, sem það gera. Það er þess vegna bezt að halda sér við hitt, að við eigum fyrst og fremst að eigast við innbyrðis um þessi mál. Við þm. höfum tekið á okkur það ómak að taka á móti þeim árásum, sem á okkur eru gerðar. Við þm. erum orðnir því svo vanir og höfum orðið svo harðan skráp, að við kippum okkur ekki upp við allt, þar sem aftur á móti öðrum mönnum þýðir ekkert að fara út í slíkt. Við getum komið hér og rifizt, en við eigum ekki að vera að vega að þeim, sem utan við eru. Það er rétt í þessu sambandi fyrir hv. þm. G-K., þegar hann deilir í þessu efni, að beina geiri sínum þangað, þar sem hann á heima. Hann segist berjast við þjóðvarnarmenn, því að þeir séu kommúnistar. Það er þá bezt fyrir hann að vega að Sósfl. í þessu efni. Hann á nóga málsvara hér til þess að taka upp sókn.

Þá komu þessir hv. þm. inn á það, að við sósialistar og þeir Reykvíkingar, sem voru hér fyrir utan 30. marz, hefðum ekki virt leikreglur lands okkar. Þeir segja, að raunverulega sé varla hægt að ræða við okkur, við séum fyrir neðan allar hellur og brjótum allar leikreglur. Þetta er jafnan átyllan. Annars vil ég segja það í sambandi við hv. þm. G-K. og aðra hv. þm., að þeim ferst ekki að tala um leikreglur í þessu sambandi. Það hefur fyrr safnazt mannfjöldi hingað að alþingishúsinu. Hvort man nú þm. G-K. eftir mannfjöldanum, sem safnaðist hingað að alþingishúsinu um miðjan apríl 1931. Þingið var rofið, og ég vil skjóta því hér inn í, að þá var hv. þm. S-Þ. dómsmálaráðh. og þá og næstu daga á eftir var svo mikill mannfjöldi hér fyrir utan og á götunum, að stórir atburðir hlutust af. Því var haldið fram, að ríkisstj. hefði brotið stjórnarskrána og tekið sér einræðisvald. Því var lýst yfir í Morgunblaðinu, að engin lögleg stj. væri á Íslandi og ekkert löglegt konungsvald. Þeir, sem efast um, að ég segi satt, geta lesið Morgunblaðið frá þeim tíma. Þm. S-Þ., sem nú er náinn samstarfsmaður hv. þm. G-K., hélt því fram þá, að mannsöfnuðurinn fyrir utan Alþingi væru byltingarseggir, sem vildu taka völdin í sínar hendur. — Ég læt þessa hv. þm. svo um, hver hafði á réttu að standa.

Hv. þm. S-Þ. talaði mikið um það, að 30. marz hefði ung stúlka frá góðu heimili gefið

hæstv. forsrh. kinnhest, og taldi hv. þm. það bera vott um ægilega siðspillingu. Það er satt, að það ber vott um ægilega siðspillingu í íslenzku stjórnarfari, þegar ung stúlka frá góðu heimili gengur að sjálfum forsrh. og slær hann. En hvað heldur hv. þm. S-Þ. að múgurinn, sem fór í heimsókn til hans 1931, hafi ætlað að gera? Heldur hann, að það hafi bara átt að klappa honum á kinnina? Ég veit það ekki, en eitt er vist, og það er, að hv. þm. S-Þ. fór burt úr bænum, og Morgunblaðið birti mynd af Jónasi Jónssyni ásamt stórri fyrirsögn um það, að dómsmrh. væri flúinn út á land. Jónas Jónsson sagði svo af sér sem ráðh. skömmu síðar og annar ráðh. til, og Jónas Jónsson hefur ekki orðið ráðh. síðan. Mannfjöldinn setti hann úr embætti, og Sjálfstfl. sagði, að þetta væru sannar lýðræðisaðferðir. Morgunblaðið talaði um það með fögnuði, að ráðh. hefðu fylgt orð eins og „þjóðarræningjar, sem ekki þyrðu að sýna ríkiskassann", o. fl., og það gat þess, að það hefði verið sterk tilhneiging til þess að fleygja ráðh. í tjörnina. Jónas Jónsson og Ólafur Thors, sem nú stóðu og töluðu í 3 klukkustundir, rifust þá um, hver hefði brotið stjórnarskrána, en úr því að hv. þm. voru að tala um, að leikreglur hefðu verið brotnar af sósialistum, þá vil ég segja þeim, að Sósfl. er eini þingflokkurinn, sem ekki hefur brotið stjórnarskrána. Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. sameinuðust 1941 um það að brjóta stjórnarskrána með því að fresta kosningum, sem þá áttu að fara fram, um eitt ár, á þeim forsendum, að ófriðarástand ríkti í landinu, en þetta voru forsendur, sem þeir síðar viðurkenndu, að hefðu ekki við nein rök að styðjast. Þeir bara frestuðu kosningum, þegar þeim sýndist og þegar þeim hentaði bezt, þótt engar reglur væru til fyrir því. Svo segja þeir: „Þið haldið engar leikreglur." Sósfl. hefur einmitt haldið þessar leikreglur, en hinir flokkarnir þrír hafa brotið þær, þegar þeim hefur hentað. Þeir gáfu ægilegt fordæmi 1941, og mikill hluti þjóðarinnar er hræddur um, að þeir geri þetta aftur. Þeir kalla bandaríska herinn inn í landið og segja svo: „Það er ekki hægt að hafa kosningar, þar sem erlendur her er í landinu." Þannig sameinast þessir þrír flokkar um að brjóta stjórnarskrána, og síðasta dæmið er 30. marz s. l.

Við höfum setið hér í 6 mánuði við afgreiðslu fjárlaganna, en ekki aðeins því máli, heldur og 1. málinu, sem lagt var fyrir þingið, er ólokið enn og fæst ekki afgreitt, af því að hæstv. forsrh. á eftir að ræða málið við nefnd. Ríkisstj. getur ekki stjórnað landinu. Við höfum setið hér dag eftir dag yfir sama og engu, eða þingfundum hefur verið frestað, en þegar tekið er fyrir stærsta málið, sem Alþingi nokkurn tíma hefur fjallað um, þá á að afgr. það á 24 klst. eða alstytzta tíma, sem mögulegt er að afgr. það á. Þetta er gert hér. Íslenzkir ráðh. skipa að koma þessu í gegn á 24 klst., en sjálft Bandaríkjaþing tekur sér nægan tíma til þess að ræða þetta mál og hefur meira að segja ekki enn þá afgr. það. Þessi aðferð stjórnarflokkanna er algert brot á leikreglum þingræðisins. Að flaustra þessu stórmáli af, án þess að þm. gæfist kostur á að ræða það frá öllum hliðum, er þinghneyksli. Það er auðséð á því, sem þeir sögðu, hv. þm. G-K., S-Þ. og Ísaf., og svo því, sem Morgunblaðið heldur fram, að það hafa átt að gerast hér stærri hlutir 30. marz s. l. heldur en gerðust. Ríkisstj. ætlaðist til, að eitthvað það gerðist, sem gæfi henni átyllu til þess að segja, að sósialistar hefðu ætlað að taka Alþingi með valdi, og þá hefði verið hægt að gera ýmsar ráðstafanir til þess að lama Sósfl. Það átti að æsa fólkið upp gegn Sósfl., og enn þá er reynt af veikum mætti að koma sökinni á hann, en það fer allt út um þúfur, enda fer því fjarri, að nokkur fótur sé fyrir þessum ásökunum. Hitt er auðséð, að allur vígbúnaður hvítliðanna og lögreglunnar var ætlaður til framkvæmda gegn sósialistum. Þeir þekktu þýzka ríkisbrunann, og ameriska lögreglan þekkir slíkar „provókasjónir", enda er ekki örgrannt um, að einn af starfsmönnum bandaríska sendiráðsins hér hafi æft þessar hvítliðasveitir. Það er ljóst, að ríkisstj. vildi fá átyllu til að ráðast á Sósfl., og lögreglustjórinn, gamall nazisti, var tilvalinn til stjórnar. Nú er hugsanlegt, að einhverjir hv. þm. segi sem svo, að það sé ómögulegt, að íhaldið og Morgunblaðið láti sér detta í hug að fara þessa leið, en það vill nú svo vel til, að við höfum dæmi fyrir því, að íhaldið og Morgunblaðið hafa dálæti á slíku, eins og kom í ljós þegar Hitler og Göring beittu slíkum aðferðum 1933. Þá var Morgunblaðið eitt af þeim sárafáu blöðum í Evrópu, sem trúðu því, að kommúnistar hefðu kveikt í þýzka þinghúsinu, og eitt þeirra fáu blaða, sem lagði blessun sína yfir þennan áróður. Í Morgunblaðinu segir svo 1. marz 1933:

„Í gærmorgun bárust hingað þær fregnir, að þýzkir kommúnistar hefðu í fyrrakvöld gert hina stórkostlegu íkveikju í þinghúsi þýzka lýðveldisins, sem skýrt er frá á öðrum stað hér í blaðinu. Átti þinghúsbruninn að verða uppreisnarátákn fyrir gervallan byltingarlýð Þýzkalands."

Þetta sagði Morgunblaðið þá, og af því að Alþýðublaðið hafði sagt sannleikann í málinu, þá heldur Morgunblaðið áfram:

„En hvað gerir stjórnmálaritnefnd Alþýðublaðsins við fregn þessa? Hún snýr henni við. Það eru ekki kommúnistar, sem kveikt hafa í þinghúsinu í Berlín, segir hv. alþm. Héðinn Valdimarsson. Öðru nær. Það eru þýzk yfirvöld, sem lagt hafa hina glæstu þinghöll að miklu leyti í rústir(!). Eins og hann viti þetta ekki langt um betur en t. d. lögreglan í Berlín(!)."

Og enn heldur Morgunblaðið áfram og segir:

„En hvers vegna þessi yfirbreiðsla yfir talandi staðreyndir, hvers vegna þessar barnalegu málsbætur fyrir athæfi og byltingarstarfi þýzkra kommúnista? Skýringin er auðfundin. Alþýðublaðið, skjól og skjöldur hins íslenzka kommúnisma, breiðir í lengstu lög yfir ávirðingar erlendra skoðanabræðra — samstarfsmanna —, til þess að alþjóð manna hér á Íslandi gangi þess sem lengst dulin, að hér er flokkur manna, sem hlakkar yfir hermdarverkunum í Þýzkalandi og bíður þess með óþreyju, að þeim takist að láta loga hér við Austurvöll. Ríkisvald, varalögregluvald til þess að hindra komm-

únista í fyrirætluðum fordæðuskap sínum mega Alþýðublaðsmenn ekki heyra nefnt á nafn.“

Það er dálítið athyglisvert, að nú er Þjóðvörn kölluð sama nafninu og Alþýðublaðið var kallað þá. Þá var Alþýðublaðið nefnilega málgagn verkalýðsins, en Morgunblaðið var þá, eins og alltaf endranær, svarinn óvinur hinna vinnandi stétta. Þýzka ríkisstjórnin tók sig svo til eftir þetta og lét fangelsa þýzku verkalýðsleiðtogana, og þá fyrst og fremst kommúnista, og upp úr *því hófst svo hin ægilegasta morðöld* þar í landi. Um þetta segir svo í Morgunblaðinu 5. marz 1933:

„Kommúnistar byrjuðu kosningahríðina með því hermdarverki að kveikja í ríkisþinghöllinni, og jafnframt ætluðu þeir að koma af stað borgarastyrjöld í landinu, þannig að ekki væri unnt að ganga til kosninga. En þessi Lokaráð snerust svo í höndum þeirra, að nú er ríkisstj. einhuga um það að eyða þeim óaldarflokki algerlega. Sennilegt er, að hin djarfa framkoma stj. muni auka fylgi hennar víðs vegar um land, enda þótt ekkert tillit sé tekið til þess, hver áhrif valdsorð hennar gegn aðalandstöðuflokknum muni hafa.“

Það er heldur en ekki fögnuður og aðdáun hjá Morgunblaðinu yfir grimmdarverkunum, og þessa fregn sína um þýzka þinghúsbrunann hefur Morgunblaðið aldrei tekið aftur, enda þótt allir viti nú, hverjir raunverulega kveiktu í þýzka þinghúsinu. Og afstaða Morgunblaðsins í dag er nákvæmlega sú sama og þá. Það átti að nota 31. marz til þess að ráðast á Alþingi, og þess vegna var þessum ægilega áróðri komið á stað. Fyrirmyndin var beint frá Hitler, og nú hafa þessir gömlu aðdáendur hans grafið hana upp.

Ég læt svo þetta nægja viðvíkjandi því, hver hafi verið tilgangur ríkisstj. og hvernig hún hugsaði sér að misnota aðstöðu sína og hvernig það fór allt saman út um þúfur.

Hv. þm. Ísaf. sagði í ræðu sinni, að fyrrv. stj. hefði unnið saman að því að framkvæma stefnu Alþfl. Ég gat hins vegar ekki fundið annað en að það væri einmitt vegna samstarfs Sósfl. og meiri hl. Sjálfstfl., sem hægt var að draga Alþfl. inn í þetta nýsköpunarsamstarf á þessum árum. Meðan þetta samstarf stóð, og Alþfl. fylgdist með hálfnauðugur, var mikið gert og stærstu sporin mörkuð í atvinnulífi okkar Íslendinga. En hvað gerist svo, þegar Alþfl. myndar ríkisstj. og sósialistar, þessir ákaflega vondu menn, eiga þar ekki sæti lengur? Það, sem gerist, er það, að þá er farið að rífa niður það, sem hafði verið byggt upp. Fyrrv. ríkisstj. hafði veitt fé til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Þau lög nemur ríkisstj. Alþfl. úr gildi. Fyrrv. ríkisstj. samdi við verkamenn um kauphækkun. Síðan kemur fyrsta stjórn, sem Alþfl. myndar, og bindur vísitöluna við 300 stig og rífur þannig í burtu það, sem opinberir starfsmenn og launþegar almennt höfðu áunnið sér í tíð nýsköpunarstj. Hvað gerðist svo í alþýðutryggingamálunum, þeirri löggjöf, er sett hafði verið í tíð fyrrv. stj. og Alþfl. státaði sem mest af? Jú, fyrsta stj. Alþfl. setti lögin að mestu leyti úr gildi og frestaði framkvæmd þeirra. M. ö. o., ef Sósfl. naut ekki við til að framkvæma stefnuskráratriði Alþfl., þá féll hann í faðm svartasta afturhalds í landinu og eyðilagði allt saman.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um heilög mannréttindi, en ég veit nú reyndar ekki, hvaða heilög réttindi það eru, sem núverandi stj. hefur eigi traðkað á. Ég ætla ekki að ræða frekar það, sem hv. þm. sagði, en ég held, að honum veitti ekki af að rifja svolítið upp það, sem hann ætlaði einu sinni að berjast fyrir. Mér virtist hann vera búinn að steingleyma því, að hann var einu sinni með í að stofna flokk, sem ætlaði að berjast fyrir sósíalisma, en gegn auðvaldi. Ræða hv. þm. hefði verið sæmandi fyrir hvern auðvaldssinna sem væri og var t. d. ekkert ósvipuð þeim, er Ciano greifi og Ribbentrop héldu, þegar þeir undirrituðu antikommúnistabandalagssamninginn. Þessir menn, eins og hv. þm. Ísaf., eru gengnir í lið með auðvaldinu í að brjóta niður völd alþýðunnar í þeim löndum, sem hún nú ræður ríkjum í. (*Forseti:* Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) 4—5 mínútur, herra forseti.

Ég hef nú farið svo ýtarlega í þessi mál að gefnu tilefni í ræðum hv. þm. G-K. og hv. þm. S-Þ., enda álít ég, að þingið sé einmitt vettvangur fyrir slíkar umræður, og hef einnig af ásettu ráði farið svo nákvæmlega í þetta í sambandi við málshöfðunarbeiðni þjóðvarnarmanna. Ég skil þeirra afstöðu mjög vel, en álít það ákaflega varhugavert að aflétta þinghelginni. Ég hygg, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir þingmenn að geta sagt ríkisstj., samþingsmönnum og jafnvel embættismönnum utan þings skoðun sína óhikað, án þess að eiga það á hættu að vera dregnir fyrir dóm. Íslenzk meiðyrðalöggjöf er það ströng, að með því að beita henni eins og hægt er, þá er hægt að eyðileggja allt prentfrelsi í landinu, að minnsta kosti hvað snertir fátæk blöð. Það hefur verið það ástand úti í löndum, að þingið hefur verið eini staðurinn, þar sem sósíalistar hafa fengið að tala óhindrað. Eins gæti það ástand skapazt hér, og yrði þá þinghelgin enn dýrmætari en nú. Það var í Þýzkalandi 1878—1890, að öll blöð sósíalista voru bönnuð og flokkar þeirra máttu ekki starfa. Þingið var þá eini staðurinn, þar sem þeir máttu tala og segja skoðun sína óhindrað. Við, sem höfum staðið í því að koma upp blaði, er vinnur fyrir hina fátækustu í landinu, vitum, hvað það er að láta skerða prentfrelsið í landinu.

Ég get vel skilið afstöðu þeirra þjóðvarnarmanna, sem vilja láta upphefja þinghelgina vegna ummæla þm. G-K., en tel þetta mjög hættulegt fordæmi, sem fylgismenn núverandi stj. mundu nota sér síðar, t. d. gagnvart okkur sósíalistum. En ég vona, að aldrei verði svo aumt ástand á Alþingi Íslendinga, að þeir menn, sem taka jafndrengilega og skelegga afstöðu með íslenzkum málstað eins og þjóðvarnarmenn hafa gert, eigi sér ekki góða málssvara á þingi, og ég álít, að Alþingi sé einmitt vettvangur slíkra umræðna. — Ég er á móti hinni rökstuddu dagskrá, en vil eigi upphefja þinghelgi nokkurs þm. eins og stendur. Ég tel það

hafa verið mistök þessara mætu manna að fara fram á, að þinghelgin væri upphafin. En þeir menn, sem svo óverðskuldað hefur verið ráðizt á eins og á sér stað um þá þjóðvarnarmenn, er hér eiga hlut að máli, geta auðveldlega kveðið upp þann áfellisdóm í ræðum sínum og ritum yfir þm. G-K., sem lengur mun lifa og geymast í minnum manna og íslenzkri sögu en nokkur sá meiðyrðadómur, er félli til ómerkingar orðum hans. Ég álít því, að rétt sé fyrir þá að halda þeim vettvangi, er þeir hafa svo drengilega barizt á.

Að svo komnu máli legg ég á móti því, að þinghelgin sé upphafin, því að ég hygg, að svo geti farið, að Alþingi verði sá eini vettvangur, þar sem fullkomið málfrelsi ríkir á Íslandi.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var umr. enn fram haldið.

Forseti (BG): Um mál þetta hafa þegar orðið alllangar umr., og sér forseti því ástæðu til að takmarka ræðutíma manna hér eftir við 15 mínútur.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu fyrir mig til þess, í þessum stutta ræðutíma, sem nú er til umráða, að víkja neitt sérstaklega að hinni löngu ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. hélt og var að mínu viti að mestu leyti fyrir utan það efni, sem rætt hefur verið, — ræðu, sem ég hef áður heyrt sumt úr og á sjálfsagt eftir að heyra eitthvað úr. Hins vegar út af óeirðunum, sem hann nefndi, 1931, þá man ég ekki til, að þá væri nein grjóthríð hér á alþingishúsið, en ég er heldur ekki eins minnugur eins og hv. þm. Ég man hins vegar, að hann fór rangt með það, sem hann hafði eftir mér í sambandi við umr. um sjálfstæðismálið 1937, og sannfærði ég mig um það með því að lesa yfir umræðupartinn.

Það væri rangt, ef ég staðhæfði, að ræða sú, sem Gylfi Þ. Gíslason las hér upp í fyrradag, væri aumari en aðrar ræður hans í þessu máli. Hún var það ekki. Hún var ekki vesalli og heldur ekkert hressilegri en hinar ræðurnar, einfaldlega vegna þess, að þetta var sama ræðan í fjórðu útgáfu, sama efni — sama form. Efnið var eiginlega lítið annað en þetta:

„Fína fólkið er gott fólk. Ég er þó beztur, því að ég ber ekki lagalega ábyrgð á Þjóðvörn. Það er ljótt að vera að lýsa okkur á Alþingi. Þess vegna viljum við, að þinghelginni verði aflétt, svo að við getum stefnt. Ég vil að vísu ekki stefna. Ég þori vel í Ólaf Thors. Samt bið ég um leyfi til að stefna. Ég ætla nefnilega að stefna, þó að ég vilji það ekki. Að sönnu þarf ég ekki þingleyfi til að stefna, því að Ólafur er búinn að endurtaka ummæli sín utan þinghelginnar. Samt bið ég um þingleyfið. Ég geri það til þess að fá þingræðu Ólafs dæmda ómerka, en ekki blaðaummæli hans. Að vísu hef ég, og við, skrifað forseta og beðið um rétt til að stefna, ekki út af handriti þingskrifarans á þingræðunni, sem við viljum fá dæmda dauða og ómerka, heldur út af blaðaummælunum, sem við ekki óskum eftir að fá dæmd dauð og ómerk. Þetta kann að sýnast torskilið, það játa ég, en eitthvað hljótum við að meina. Við erum vísindamenn, svo að við finnum þetta út við rannsókn, þegar tími vinnst til. En sjálfur ber ég enga ábyrgð á Þjóðvörn. Því er þá verið að ávíta mig fyrir það, sem þar stendur? Ég er að vísu mikill vinur þeirra, sem ábyrgðina bera, og er sammála þeim. En samt sem áður hef ég aldrei sagt neitt ljótt, og hver getur sannað, hvað ég hugsa? Og hvað hina varðar, sem ábyrðina bera á fúkyrðum og landráðabrigzlum Þjóðvarnar, þá eru þeir ekki á þingi. Hér eiga þeir engan málsvara nema mig. Er það ekki dæmalaus ósvinna að gera svona illa stadda menn að umræðuefni á Alþingi? Er það furða, þótt við krefjumst þess, að þinghelgin sé afnumin."

Þannig var nú aðalinntakið úr hinni skrifuðu ræðu prófessorsins. Ég er áður búinn að svara þessu öllu og nenni ekki að vera að þreyta deildina á að endurtaka það. Auk þess er ræðumennska prófessorsins þannig, að hann svarar sér bezt sjálfur. Hjá honum rekst allt hvað á annars horn.

Ég treysti mér heldur ekki til að draga upp skýrari mynd af prófessornum og sálufélögum hans en hann sjálfur hefur gert með málatilbúnaði sínum og málflutningi öllum. Ég veit ekki, hvað verst er, siðleysið, hinn spillti hugsunarháttur, blygðunarleysið, sem því veldur, að þetta fína fólk, sem mánuðum saman er búið að reyna að reyta æruna af öðrum, skuli rjúka til og heimta þinghelgina afnumda, þegar komið er við kaun þeirra, eða tepruskapurinn, geðleysið og móðursýkin og hin fátæklegu rök, sem einkenna málflutninginn, eða loks auðnuleysi þeirra og glámskyggni á, hvernig þeir eru að leika sjálfa sig með þessu atferli sínu. Mynd prófessorsins er af kjarklitlum og vesölum mönnum, sem eru á flækingi á sviði stjórnmálanna, rakalitlir með rangan málstað; góð mynd, en þó ekki listaverk, heldur aðeins spegilmynd af venjulegum sálum af smærri gerðinni. Ágæt mynd.

Prófessorinn bregður mér um drengskaparleysi. Ég viðurkenni, að ég hef tekið hart í hann, þó ekki harðara en málefni stóðu til, en ég get sagt prófessornum það, að ég hef ekki leikið hann grárra en hann hefur leikið sig, og ég hef sýnt honum meira drenglyndi en hann mér.

Þá fór prófessorinn að snúa út úr áramótagrein minni um Atlantshafsbandalagið. Ég hef ekki tíma til að lesa upp þessi ummæli mín, en vil, með leyfi hæstv. forseta, aðeins víkja að nokkrum af þessum ummælum, án þess að slíta þau úr samhengi. Ég er að sýna fram á, að hlutleysið sé það, sem ég kalla ekki annað en fúið fen, að yfir allri Evrópu sé óttinn eins og martröð — óttinn við ásælni Rússa. Allir hinir, allir, sem kjósa lýðræði fremur en einræði, og einnig allir, sem ekki gera upp á milli austurs og vesturs, hljóta samkvæmt réttum rökum og heilbrigðri dómgreind að hafna hlutleysinu, einfaldlega vegna þess, að því fer svo fjarri, að hlutleysið sé líklegasta ráðið til þess að fjar-

lægja hættuna, að af öllum þeim úrræðum, sem Íslendingar eiga völ á, er ekkert jafnlíklegt og einmitt hlutleysið til þess að færa yfir okkur alla þá hættu, sem á ferðum kann að vera.

Þetta er mjög augljóst mál og auðsannað. Þess er engin þörf að gera upp á milli austurs og vesturs. Hér nægir það eitt að setja hagsmuni Íslands ofar öllu öðru. Hins vegar er ástæðulaust að tala tæpitungu. Allur hinn menntaði heimur veit, að það er satt, sem að framan segir, að Vestur-Evrópa óttast ágengni Rússa. Allir vita, að skelfing sú, sem þessi varnarbandalagshugmynd Atlantshafsþjóðanna sprettur af, stafar af því hugboði, að hinir fáu valdhafar Rússlands ákveði öllum að óvörum að hefja styrjöld, styrjöld, sem frá þeirra sjónarmiði kann að vera hafin vegna þess, að þeir telja, að styrjöld verði ekki umflúin, og sé þá betra að hefja hana nú en bíða þess, að aðrir ráðist á þá; en styrjöld, sem vestrænu þjóðirnar telja, að hægt sé að afstýra, ef bandalag þeirra verður svo sterkt, að enginn þori að ráðast á þá.

Þetta er það, sem heimurinn hugsar og talar um, svo að segja frá morgni til kvölds, sýknt og heilagt. Þetta er óttinn, sem hefur heltekið þann hluta mannkynsins, sem okkur er skyldastur, og gegnsýrir og eitrar svo að segja hverja stund ævinnar.

Sjálfsagt er Íslendingum hentast að setjast ekki í dómarasess í þessum málum. Forustumenn þessara þjóða, sem lifað hafa tvær heimsstyrjaldir, munu nú þykjast okkur dómbærari um það, hvort hætta sé á ferð, hvaðan hún stafi, hversu skuli til varnar snúizt og hvert gildi hlutleysisyfirlýsingar hafi í þeim efnum. Þeirra dómur er, að hætta sé á ferð, hræðileg hætta; að hún stafi frá einræðisríkjunum og að hlutleysið sé óvitahjal; ekkert sé til varnar annað en sterkustu vígvélar og öflugustu morðtæki, svo sterk og öflug tæki til varnar og árásar, að engir þori að ráðast á þá.

Við Íslendingar verðum nú að reyna að gera okkur grein fyrir, hvort Ísland hafi sérstöðu í þessum efnum og hvort sú hætta, sem yfir nágrönnunum grúfir, muni örugglega leggja leið sína fram hjá okkur eða sé a. m. k. líkleg til þess, ef við förum rétt að. Og enn er hlutleysinu hampað. Því er haldið fram, að hlutleysið sé a. m. k. okkar einasta vörn.

Það er nú að sönnu svo, sem fyrr segir, að Íslendingar hafa vitandi vits glatað hlutleysi sínu. En segjum, að við gleymum fortíðinni, strikum yfir söguna, gleymum óbeinni þátttöku í síðustu styrjöld, gleymum þeim, sem segja vildu Þjóðverjum og Jöpönum stríð á hendur, líka því, að við vorum herteknir, þrátt fyrir hlutleysið. Segjum, að við snerum baki við fortíðinni, afneitum djöflinum og öllu hans athæfi, íklæðumst hempu einfeldninnar, sakleysisins og tilkynnum öllum heiminum, að héðan af ætlum við að vera hlutlausir, hvað sem á dynur. Er nokkur sá Íslendingur, sem íhugar þetta mál, að hann trúi því, að sú yfirlýsing sé nokkurs virði? Nei, segja menn. Okkar yfirlýsing er að sönnu einskisverð. En við eigum nú þegar að tryggja okkur loforð stórveldanna, a. m. k. Bandaríkjanna, Bretlands og Rússlands, um hlutleysi Íslendinga. Það dugir, það dugir, a. m. k. ef nokkuð dugir.

Það liggur nú að sönnu í augum uppi, að slíka yfirlýsingu geta Íslendingar ekki fengið. Úr því Bretland og Bandaríkin telja, að eina vörn heimsins gegn styrjöld liggi í bandalagi Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, sem verði þó ekki nægjanlega sterkt án þátttöku Íslands, gefa þau að sjálfsögðu ekki út slíka yfirlýsingu, til þess með henni að telja Íslendinga af að verða þátttakendur í bandalaginu. En segjum samt, að yfirlýsingin fengist. Segjum, að Rússar, Bretar og Bandaríkin hétu Íslendingum hlutleysi. Setjum svo, að þriðja heimsstyrjöldin brytist út. Allir vita, að sú styrjöld yrði háð af hræðilegri grimmd en áður eru dæmi til. Allir vita, að þá yrði barizt um líf eða dauða ólíkra stefna og ríkja. Allir vita, að í þeim skelfilega hildarleik telur mannslífið ekki á móti dropa í hafi. Hver vill viðurkenna sjálfan sig svo heilagan einfeldning að játa, að honum svo mikið sem detti í hug, að sá aðili, sem telur sig tilneyddan eða sér sér hag í því að hefja slíkan voðaleik, svo mikið sem muni eftir því, að hér á þessum smáhólma búa 130 þúsund sálir, sem búið er að lofa að láta í friði. Nei, hvor aðilinn sem er, varnaðaraðilinn jafnt sem árásarmaður, mun, ef út í slíkt er komið, eigi aðeins telja sér heimilt, heldur líka skylt að hertaka Ísland, og því fremur sem reynsla síðustu styrjaldar sannaði hina geysimiklu hernaðarþýðingu landsins. Þetta er alveg umbúðalaus sannleikurinn. Og hann segir skýrt og skorinort þetta:

1. Hlutleysisyfirlýsing Íslendinga sjálfra er einskis virði.

2. Trygging stórveldanna á hlutleysi Íslands fæst ekki.

3. Þótt slík yfirlýsing væri gefin, væri hún ekki jafnvirði þess pappírs, sem hún væri skrifuð á.

Þetta er ljóst, svo langt sem það nær. Hlutleysið er gagnslaust, vita gagnslaust. Við nánari athugun sést einnig ljóslega, að hlutleysið er ekki aðeins gagnslaust, heldur beinlínis hættulegt.

Við skulum hugsa okkur, að varnarbandalag Atlantshafsríkjanna sé myndað án þátttöku Íslands. Setjum svo, að Vestur-Evrópa sé orðin ein vígvél, Norður-Ameríka önnur helmingi sterkari. Hvar mundi sá, sem slíka styrjöld hefur, byrja? Á hvern mundi hann fyrst ráðast? Er ekki a. m. k. ákaflega sennilegt, að hann sneri sér fyrst að þeim, sem hernaðarlega er mikilvægur, en jafnframt óvarinn?

Ísland er í sömu hættu sem önnur Evrópuríki, og ekkert minni. Í því duga engar frómar óskir, ekkert hlutleysishjal. Spurningin er eingöngu sú, hvernig helzt er hægt að draga úr þessari hættu. Svarið er: Að óbreyttum kringumstæðum virðist þátttaka Íslands í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna helgast af tveimur sjónarmiðum.

1. Nægilega sterkt varnarbandalag lýðræðisþjóðanna er haldbezta ráðið til þess að komast hjá styrjöld.

2. Brjótist styrjöld út, veltur á öllu fyrir Íslendinga að forðast, að varnarleysi þess hrópi

á árásaraðilann: Taktu mig. Það er útlátalaust, hér eru engar varnir, en mikilvæg hernaðarleg aðstaða.

Þetta var mín skoðun og er mín skoðun. Það er þessi skoðun, sem er til grundvallar fyrir því, að við börðumst fyrir því, að Ísland væri þátttakandi í varnarbandalaginu. Nú veit allur heimurinn, að það er sama að ráðast á Ísland og að ráðast á 12 þjóðir, og veit, að margar af þessum þjóðum eru nú að búa sig sterkum vígvélum til varnar og árásar, — svo sterkum, að við lifum í þeirri von, að enginn þori að ráðast á annan. Þetta er kjarni ræðu minnar, án útúrsnúninga. Það fer vel á því, að þessi maður, sem umvefur sig vísindamennskunnar og sannleikans blæju, skuli vera staðinn að því svo glöggt að falsa heimildir og snúa út úr öllu. — Ég verð að stytta mál mitt, þar sem ég hef lítinn tíma eftir til umráða.

Prófessorinn talaði um, að þessir fínu menn hefðu verið hart leiknir í þinginu, og þá sérstaklega Sigurbjörn Einarsson. Ég held, að það sé mesti misskilningur hjá prófessornum, að séra Sigurbjörn hafi verið verst leikinn, langverst leikinn er prófessorinn sjálfur, og ber margt til. Það fyrst, að hann hefur hlotið nafngiftu eina, er mönnum finnst svo vel sæma, að ég spái, að hún endist honum a. m. k. jafnlengi og líftóran. Heyrist mér þetta allra manna mál. Það annað, að hann hefur hlotið hér hirtingu tveggja foringja sinna, að sönnu verðskuldaða, en svo hlífðarlausa, að ég fullyrði, að þess eru engin dæmi í þingsögu Íslands og ekki þótt víðar væri leitað, svo að ég noti nú orð prófessorsins sjálfs. Það þriðja, að mennirnir, sem hann hefur nú mánuðum saman þjónað undir, kommúnistarnir, sýndu rétt mat á manngildi hans og atgervi öllu, er þeir sendu honum svo hljóðandi kveðju í blaði sínu:

„Gylfi Þ. Gíslason virtist staðráðinn í að ljúka þessu kjörtímabili svo, að hann eigi vísa vissa frægð í íslenzku stjórnmálalífi, þótt tímabilin yrðu ekki fleiri. Í gær hafði hann ekki við að afneita, afneita blaðinu Þjóðvörn, afneita Þjóðvarnarfélaginu."

„Vísa vissa frægð" — frægur að endemum. Þá eru þó Gylfa goldin launin að lokinni þjónustu.

Verst hefur þó Gylfi leikið sjálfan sig í þessum umræðum. Eru um það óteljandi dæmi og öllum kunn. Skal ég aðeins nefna það síðasta.

Í síðasta tölublaði Þjóðvarnar, er út kom 25. þ. m., segir Gylfi Þ. Gíslason í grein undir eigin nafni:

„Það er kunnugt af því, sem ég hef sagt og skrifað, að ég er sammála þeirri stefnu, sem Þjóðvarnarfélagið og Þjóðvörn hafa fylgt." Enn fremur: „Í ritnefnd Þjóðvarnar eru menn, sem ég met mjög mikils og þekki mjög vel."

Ég les illa Þjóðvörn og hef sannast sagt sjaldnast séð hana, þó að ég hafi haft fregnir af, hvað hún hefur sagt. En mér varð nú á, svona eftir að ég hafði lesið þessa yfirlýsingu Gylfa um, að hann sé „sammála" Þjóðvörn, að líta aðeins á næstu greinina á eftir þessum ummælum Gylfa sjálfs. Þar stendur:

„Í íslenzkum stjórnmálum er klíka sú, sem nú stjórnar Alþýðuflokknum, eitthvert allra óhugnanlegasta fyrirbæri í pólitískri sögu okkar."

O-já, það er þá þetta, sem Gylfi er sammála um. Eða er þetta þá bara sagt til þess að ögra honum, bara til þess að í sjálfri Þjóðvörn sjáist, hversu lítilmótlegur maður Gylfi er? Hann er sjálfur ritari þessa flokks, sem þetta stendur um. Ég hugsaði: Er meira blóð í kúnni, og las áfram. Þar stendur:

„Fámennur hópur manna hefur skriðið upp á bök fátæks verkafólks, ginið yfir hverju beini og bitlingi, sem auðið var um að bítast, en svikið við almenning hverja skyldu, flokkslega skyldu, mannlega skyldu.

Og til að tryggja sér betur valdaaðstöðuna, ganga þessir óseðjandi beinamenn til undirgefinnar þjónkunar við hatrömmustu fjendur hins vinnandi fólks, svo að slíks eru fá eða engin dæmi. Hagsmunamál fátæks almennings eru fyrirlitin, þau eru brotin niður samtímis og bein hleðst á bein framan við gin hinna gírugu. Fólkið, sem þeir ginntu, er smáð og einskis virt, það er í jafnri stígandi felldar á það þyngri og þyngri byrðar, um leið og embættum klíkunnar fjölgar. Þeir kalla sig flokk — Alþýðuflokk. Þeir eru hlutafélag — veiðiklær í landhelgi íslenzkra almenningshagsmuna. Þetta hefur verið fylgikona Sjálfstæðisflokksins um nokkurra ára bil.

Og nú hefur Eysteinn Jónsson fengið girndarauga á gripnum. Hann biðlar til dækjunnar í blaði sínu."

Og enn fremur:

„Um mannorð, spillt, valdasjúkt hugarfar, svik við fólk og málefni, þjóð og land, hverju skiptir það? Þar þarf engin breyting á að verða — að blaðsins dómi."

Ég verð að segja, að mig rak í rogastanz yfir ógæfu þessa manns. Hann er sjálfur stýrimaður á þessari „dækju". Um beinin skal ég ekkert segja, ég hef unnið tvö ár með tveim Alþýðuflokksmönnum og ekki orðið var við ásælni þeirra. En prófessorinn var í smánefnd fyrir ríkisstj. á s. l. hausti og ætlaði að taka mörg þúsund krónur fyrir, en gat ekki fengið, af því að aðrir þm., sem sæti áttu í þessari n., — þessi n. vann að rannsókn sjávarútvegsmála, — vildu ekki taka neitt fyrir þessi nefndarstörf. Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir þolinmæðina. Mér finnst prófessorinn eiga að fá að ráða, hvernig um þetta mál fer, hvort málið fer fyrir dómstólana. Hans dómur mun nægja honum. Verði honum að góðu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er þegar búinn að tala minn ræðutíma, enda þarf ég ekki að ræða meira um efnishlið málsins. En það eru tvö atriði í ræðu hv. þm. G-K. nú síðast, sem mig langar til að andmæla. Fyrst það, að ég hafi nýlega starfað í n. og viljað fá stórfé fyrir, en það hafi ekki verið greitt, af því að aðrir nm. hafi ekki viljað taka neitt fyrir nefndarstörfin. Ég lýsi yfir, að þetta eru alger ósannindi hjá hv. þm., og það eru ekki fyrstu ósannindin, sem hann fer með í sambandi þið þetta mál. Hafi hann þessa heimild frá form. þess-

arar n., sem er hv. þm. Barð., þá undrar mig mjög, að hann skuli segja jafnrangt frá því máli, sem hér um ræðir, og hann virðist hafa gert, ef hv. þm. G-K. hefur þetta eftir honum. Annar hvor segir ósatt, og ég trúi frekar, að það sé hv. þm. G-K., heldur en hv. þm. Barð. Sannleikurinn er sá, að við sátum 5 menn í þessari n. í haust fyrir ríkisstj. til þess að undirbúa dýrtíðarráðstafanir, sem þá var verið að gera. Við unnum þar allmikið verk, og nokkru eftir að verkinu var lokið, kvaddi hv. þm. Barð. okkur saman til þess að ræða um það, hvort við gerðum einhverja reikninga fyrir nefndarstörfin, og gerði ég engar sérstakar till. um laun til n. frekar en aðrir þm. Þetta getur hv. þm. V-Húnv. borið vitni um og mundi vafalaust gera það, ef ég óskaði þess. Þetta eru því bein ósannindi hjá hv. þm. — Þá vil ég fara um hitt atriðið örfáum orðum. Hv. þm. las upp svívirðingagrein um Alþfl. úr blaðinu Þjóðvörn og reyndi að gera mig ábyrgan fyrir þessari árás, sem vissulega mun falla um sjálft sig, þar sem ég gegni trúnaðarstöðu í Alþfl. Má hv. þm. gjarnan ætla, að menn geri leik að því að ráðast á sjálfa sig, en aðrir menn, sem skynsamari eru, fær hann ekki til að trúa slíku. Hvað því viðvíkur, að ég beri ábyrgð á þessari grein, þá er það sama fjarstæðan og annað, sem hv. þm. hefur sagt, þegar hann hefur verið að reyna að svara ræðum mínum. Öll þessi ummæli eru byggð á skökkum forsendum, þar sem ég er ekki í ritnefnd blaðsins Þjóðvarnar, eins og ég hef oft við hann sagt, þó að hann kjósi enn þá að endurtaka það, m. a. af þessu ómerkilega tilefni. Um þessi tvö atriði vil ég segja það, að þau lýsa framkomu hjá hv. þm., sem ég hef ekki orðið var við áður. Það í framkomu hans og tali, sem ég hef hingað til gert að umtalsefni, er hans alkunna steigurlæti og stráksskapur, sem hefur hér orðið þess valdandi, að hann hefur orðið sér og þinginu til skammar í þessu máli. En með þessari síðustu ræðu sinni hefur hann sýnt á sér nýja hlið, hann hefur sýnt, að hann er líka simpill.

Ólafur Thors: Ég brá mér yfir í Ed. til form. þeirrar n., sem hv. þm. starfaði í, og spurði hann, hvort það væri ekki rétt eftir honum haft, sem hann hafði áður sagt á flokksfundi, að prófessorinn hafi viljað fá a. m. k. 5000 kr. fyrir nefndarstörfin. Játaði þm. Barð., að þetta væri rétt eftir haft, en hins vegar hefði prófessorinn fallið frá því, þegar þm. V-Húnv. og þm. Barð. vildu ekki taka neina borgun fyrir sína vinnu, og ég trúi miklu betur þm. Barð. heldur en hinum báðum til samans. Að öðru leyti er ekkert í þessu seinasta hjali prófessorsins, sem hann er ekki áður búinn að segja. En ef menn vilja segja sjálfan kjarna málsins, þá er hann sá, eins og hæstv. forsrh. og hv. þm. Ísaf. tóku fram, að menn, sem sjálfir hefðu haslað sér völl í íslenzku stjórnmálalífi og ráðizt með fúkyrðum og brigzlum að þjóðþekktum mönnum, sem eru að sínu eðlilega starfi í þjóðmálum, teldu sér nú misboðið, þegar athæfi þeirra er gert að umræðuefni á Alþ. Hvaða móðursýki er þetta? Hvernig getur maður, sem hefur forustu í slíkum málflutningi, búizt við öðru en að Íslendingar með sínu skapferli hlæi að honum? Hvernig getur maður með þessu skapferli búizt við öðru en að nafngiftin, sem hann ávann sér, endist honum lengur en líftóran?

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. og ætlaði ekki að gera það, en mér finnst ástæða til að segja nokkur orð út af síðustu ræðu hv. þm. G-K., þar sem hann hefur leitt inn í umr. störf n., sem var við athugun á hag bátaútvegsins af hálfu ríkisstj. og eftir hennar beiðni á s. l. hausti og fyrri part vetrar, eftir að þing kom saman. Í þessari n. vorum við hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., sem var form. n., og þar að auki tveir utanþingsmenn. Við eyddum allmiklum tíma í þetta starf og áttum oft samtöl við fulltrúa frá L.Í.Ú. og fleiri um hag vélbátaútvegsins. Eftir að þessum nefndarstörfum lauk, kvaddi form. n., hv. þm. Barð., okkur eitt sinn saman á fund, m. a. til að ræða um það, hvort við ætluðum að senda reikninga til ríkisstj. fyrir þessi störf, og var nokkuð um þetta rætt fram og aftur. Mér er óhætt að fullyrða, að á þeim fundi var ekki rætt af neinum okkar um neina ákveðna upphæð í þessu sambandi, og niðurstaðan af þessu varð sú, að við komum okkur saman um það allir, og ágreiningslaust, að gera engar kröfur á ríkissjóð fyrir þessi störf og leggja það á vald ríkisstj., hvort hún borgaði okkur fyrir þetta. Engar kröfur, engir reikningar og engin upphæð var nefnd. Um þetta var enginn ágreiningur milli okkar þriggja þm. Ég sé ástæðu til að taka þetta fram, úr því þetta var gert að umtalsefni af hv. þm. G-K.

Ólafur Thors: Það er bara út af þessari yfirlýsingu hv. þm. V-Húnv. Þetta rekst ekkert á það, sem ég hef sagt. Form. sagði, að þeir hefðu allir verið sammála um, að annaðhvort yrði þetta 5000 kr. eða ekki neitt. Hv. þm. V-Húnv. segir, að þeir hafi að lokum orðið sammála um að gera engar kröfur, og það sama segir form. En form. segir, að hv. 4. þm. Reykv. hafi viljað fá borgun, en hætt við, þegar þm. V-Húnv. og þm. Barð. vildu ekki taka borgun.

Gylfi Þ. Gíslason: Það kemur fram, að hv. þm. G-K. hefur ekki getað flutt orð þingbróður síns rétt milli þd., því að hv. þm. Barð. hefur sagt hér hinum megin í d., að hann hafi sagt þessum þm., að það eina, sem hafi komið til orða í n., væri að taka annaðhvort 5000 kr. eða ekki neitt, enda væri tilhæfulaust að bera mig fyrir því, að ég hafi stungið upp á 5000 kr. þóknun, eins og hv. þm. V-Húnv. hefur þegar lýst yfir og skýrt rækilega. Þannig er ekki um að villast, að hér hefur hv. þm. G-K. einu sinni enn farið með simpil ósannindi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var umr. enn fram haldið.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. hv. þm. G-K. hefur borið fram þá ósk, að hin rökstudda dagskrá, sem við hv. þm. Ísaf. höfum leyft okkur að bera fram í þessu máli, verði tekin aftur. Með samþykki meðflm. míns (FJ) vil ég verða við þeirri ósk, en lýsi því jafnframt yfir, að ég mun greiða atkv. á móti þessari málshöfðunarbeiðni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Snæf. og þm. Ísaf. tekin aftur.

Málshöfðunarleyfisins synjað með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SkG, StSt, StgrSt, EystJ, GÞG, HB, HelgJ, JóhH, JG, JS.

nei: KTh, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, StJSt, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, IngJ, JPálm, JJ, BG.

ÁkJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (BÁ, HÁ, HermG) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jörundur Brynjólfsson: Það er íhlutunarlaust af minni hálfu, hvort þessir menn höfða mál eða ekki. Hitt, sem snertir beiðni þeirra til deildarinnar, skilst mér, að sé óþarft, þar sem hv. þm. G-K. hefur endurtekið ummæli sín utan þinghelginnar og fimmmenningarnir kæra í bréfi sínu yfir ummælum, sem birtust í Morgunblaðinu. Nú hefur í eitt eða tvö skipti verið óskað eftir sams konar leyfi Alþingis og hlutaðeigandi þá borið fram sams konar óskir og þm. G-K. nú um, að leyfið yrði veitt. Með skírskotun til þessa fordæmis og eindreginna óska hv. þm. G-K. segi ég já við þessari beiðni, en vil jafnframt taka fram, að samþykki mitt er aðeins gefið á þessum forsendum og nær ekki lengra.

Katrín Thoroddsen: Ég vil taka það fram, að ég lít svo á, að þm. G-K. hafi með ummælum þeim, sem óskað er málshöfðunar út af, sett blett á Alþingi, en ég tel ekki, að sá blettur verði afmáður, þó að þm. verði sviptur þinghelgi. Ég tel hins vegar ekki, að þeir ágætismenn, sem þessi ummæli beindust gegn, hafi þeirra vegna beðið álitshnekki, heldur þvert á móti vegna þeirra vaxið svo sem verðskuldað er. Málshöfðunarbeiðni þeirra tel ég því ástæðulausa þeirra vegna, og sé rógur sá, ósannindi og baknag, er þeir hafa orðið fyrir af hálfu hv. þm., borið saman við illgerðir hans gagnvart öllum landslýð, er málshöfðunarleyfið óneitanlega hégómlegt hismi. En yrði nú horfið að því ráði að svipta þm. þinghelgi, gæti farið svo, að það yrði síðar misnotað sem fordæmi og leiddi til þess, að þingmenn ættu á hættu að verða sviptir þinghelgi að ósekju, og segi ég því nei við þessari beiðni.

Lúðvík Jósefsson: Með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. þm. segi ég nei.

Ólafur Thors: Ég tek mjög nærri mér, ef ég hef meitt viðkvæma sómatilfinningu okkar orðvöru og óvenju prúðu ungfrúar, en það er þá líka hið eina hryggðarefni, sem orðið hefur á minum vegi, meðan á þessum fróðlegu og sérstæðu umræðum hefur staðið. Ég hef gert glögga grein fyrir viðhorfi mínu til þessa máls og einlægri fyrirlitningu minni á þeim, er beiðnina bera fram. Samt sem áður hef ég óskað, að beiðnin verði samþ., og segi því já.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. þm.

Sigurður Bjarnason: Ég tel þessa beiðni óþinglega og borna fram af furðulegum barnaskap og hégómleik, en vegna þess, að hv. þm. G-K. hefur fastlega óskað þess af flokksmönnum sínum, að þeir greiði atkv. með henni, þá segi ég já.

Sigurður Guðnason: Með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. þm. segi ég nei.

Sigurður Kristjánsson: Hv. þm. G-K. hefur farið fram á það við flokksmenn sína, að þeir samþykktu þessa málshöfðunarbeiðni, en ég segi eins og verzlunarmaðurinn hjá „Sameinaða" sagði forðum, þegar hann var beðinn að flagga við skipskomu: „Allt vil ég gera fyrir þig, Ziemsen minn, nema draga upp dönsku duluna", og segi ég því nei við þessari beiðni.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Með tilvísun til þeirra orða, sem ég hef áður sagt um þetta mál, og vegna þess fordæmis, sem veiting á slíku leyfi sem hér er farið fram á mundi gefa, og auk þess vegna þess, að ég tel ummæli þau, sem hér voru viðhöfð, ekki ástæðulaus, þá segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. þm. segi ég nei.

Hallgrímur Benediktsson: Ég segi já með tilvísun til grg. hv. þm. N-Ísf.

Jóhann Hafstein: Ég hef hina megnustu fyrirlitningu á þessu svokallaða kvígumáli, og réttast væri að anza ekki þessari skinhelgisbeiðni, en til að reyna að hjálpa fimmmenningunum í þessu málshöfðunarbrölti segi ég já.

Jón Pálmason: Vegna þeirrar beiðni, sem hér liggur fyrir, skiptir ekki máli, hvort hv. dm. segja já eða nei. Hv. þm. G-K. hefur gefið biðjendum ótakmarkað færi til málshöfðunar án þingssamþykktar. Fyrir vin minn og flokksforingja, sem hér á hlut að máli, vil ég gera margt, en við þeirri beiðni hans að samþ. þessa málshöfðun get ég með engu móti orðið. Sem forseti Alþingis tel ég mig hafa tvöfalda skyldu til að vera andvígur því, að þinghelgin sé leyst upp. Hún verður annaðhvort að gilda eða gilda ekki, og ég vil láta hana gilda skilyrðislaust. Það er nóg um deilur og óvild í okkar stjórnmálum, þó að því sé ekki bætt við, að þm. fari að elta hvor annan með málaferlum, enda þótt ýmis harðyrði falli í sambandi við heit deilumál. Ég segi því nei.

Jón Sigurðsson: Ég segi já með tilvísun til grg. hv. þm. N-Ísf.

V. Fjarvistir þingmanna.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, liggur fyrir að afgr. ýmis mál í þessari hv. d. fyrir jólafrí, svo að ég býst við, að tími verði skammur til annarra starfa vegna fundarhalda í d. En vegna þess, hve mjög deildarfundir hafa verið illa sóttir að undanförnu, vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að áminna suma hv. þm. um að mæta oftar í d. en þeir hafa gert hingað til. Í gær varð að hafa nafnakall um svo að segja hvert einasta mál, því að ekki sátu fundinn nógu margir menn. (*Forseti:* Ég vildi, að hv. þm. dokaði ögn við, til þess að sem flestir geti hlustað á mál hans.) — — — Það eru tveir hv. þm., sem varla hafa sézt hér í d. síðan þing var sett, þ. e. hv. þm. Str. og hv. 7. landsk. Ég vildi alvarlega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort ekki væri viðeigandi að gera sérstakar ráðstafanir þar að lútandi, að menn sæki svo fundi, að halda megi áfram störfum hindrunarlaust. Forseti hefur stundum ávítt okkur, sem sitjum dag eftir dag og fund eftir fund, en mér fyndist hann hafa meiri ástæðu til þess að setja ofan í við hina, sem sjást því nær aldrei, og hafa viðurlög við. Fundurinn ætti að vera það mannmargur, að ekki þurfi að senda okkur sem mætum, út um alla þingsali til þess að leita að hinum, sem mæta ekki og vanrækja þannig störf sín, eins og hefur verið á þinginu undanfarið í haust.

Forseti (BSt): Ég er hv. þm. sammála um það, að ekki sé einungis æskilegt, heldur sjálfsagt, að þm. sæki þingfundi og sinni þar þingstörfum. En hitt er annað mál, að með þeim þingsköpum, sem nú eru, þá getur forseti ákaflega litlar ráðstafanir gert til þess að sjá um, að þm. mæti, ef þeir finna ekki köllun til þess að inna þá skyldu af hendi. Áður gat forseti sett menn í þingvíti fyrir að mæta ekki. Ef þeir voru ekki mættir við atkvæðagreiðslu og höfðu ekki tilkynnt forföll, gat forseti svipt þá þingfararkaupi þann dag, en það ákvæði hefur nú verið afnumið úr þingsköpum. — Ég skal gera allt, sem ég get, til þess að hringja í menn, en get ekki verið eins og spretthlaupari um allt húsið að smala mönnum á fund.

Ég skal geta þess, af því að hv. Str. var ekki kominn, að hv. þm. Barð. nefndi tvo þm., sem sérstaklega sæktu hér illa fundi, og annar þeirra var hv. þm. Str., en hinn hv. 7. landsk., en hann er sem stendur veikur.

Hermann Jónasson: Ég þakka forseta fyrir, að hann benti mér á þetta. Ég kom hér á réttum fundartíma, en þá voru ekki svo margir menn mættir, að hægt væri að setja fund, svo að ég skrapp fram til þess að sækja þskj.

Sannleikurinn er sá, að viðvíkjandi fundarsókn hér á Alþingi þarf raunverulega aðra leiðréttingu en breytingu á þingsköpum, að mínu áliti. Það þarf breytingu á vinnuaðferðum í þinginu. Það eru ekki allir, sem hafa geð til þess að taka þátt í þeim störfum, sem stundum eru unnin hér á Alþingi, m. a. þeim störfum, sem fara fram á fundum Sþ., sem að mínu áliti hafa miklu fremur á sér þingmálafundasnið en það snið, sem Alþingi á að hafa á störfum sínum. Og þegar á dagskrá eru hvað eftir annað mál, sem eru slíkur leikaraskapur, eru ekki allir, sem telja sig hafa sérstaka ánægju eða skyldu til þess að taka þátt í því. En þegar eru á ferðinni mál, sem einhverju skipta, læt ég mig ekki vanta.

Forseti (BSt): Út af þessu skal ég taka fram, að það stendur í þingsköpum, að þm. beri að sækja þingfundi, hvaða álit sem þeir hafa á þeim málum, sem þar eru til meðferðar. Ég lít svipuðum augum á nefnd mál og hv. þm. Str., einkum þau, sem eru í Sþ., en sæki þar þó jafnan fundi, ef forföll banna ekki.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka fram, að ég hafði ekki hugsað mér að gera þetta að persónulegri ádeilu á hv. þm., heldur bendi ég á þessa staðreynd um tvo þm., sem hafa varla sézt hér á fundi í allt haust. T. d. var hér í gær mjög veigamikið mál, um miklar fjárgreiðslur úr ríkissjóði, og haldnir hér 3 eða 4 fundir, og varð þá að smala mönnum saman til atkvgr. Vildi ég beina til forseta, hvort ekki væri rétt að tilkynna þessum mönnum, sem hann veit, að mæta hér sjaldan, til þess að það sé staðfest, því að þeir heyra ekki þessar kvartanir, sem hér eru fram bornar. (*Forseti:* Það er öllum þm. tilkynnt bréflega um fundi með dagskrá.)

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég verð að þakka hv. þm. Barð. fyrir að hafa hreyft þessu máli hér, það er ekki að ófyrirsynju. Ég ætlaði ekki að fara að tala um það, hverjir eru sekir sérstaklega, en það eru of mikil brögð að því, að menn sæki ekki þingfundi og ræki ekki skyldur sínar, einkum í þessari hv. d., og þetta virðist vera að ágerast, sérstaklega hjá vissum mönnum, en varðandi hv. 7. landsk. skal ég upplýsa, eins og hæstv. forseti hefur gert, að hann hefur legið rúmfastur og verið undir læknisaðgerð og þar af leiðandi ekki getað mætt síðustu daga, en ég geri ráð fyrir, að hann mæti á morgun.

Ég vil segja það út af því, að hv. þm. Str. sagði, að þingstörfin væru með þeim hætti, að menn þyldu ekki að sitja undir þeim, og vitnaði þar í Sþ., að þá má vel vera, að hann og aðrir hafi svipaða skoðun um það. En það réttlætir ekki, að menn séu utan þingsalanna, því að í þingsalnum geta menn verið. Hins vegar rann mér til rifja í gær, þegar forsetinn hér varð að hafa nafnakall um hvert einasta atriði, sem hér þurfti að greiða atkvæði um, vegna þess, hve

fáir voru þá í d., og sá ég hv. þm. Str. skömmu áður hér í þinghúsinu, þannig að hann var hér í þinginu. En þannig var nú ástandið, og það er alls ekki til sóma Alþingi, þegar fólk horfir á það, að hv. alþm. vanræki svo skyldur sínar, jafnvel þótt þeir vilji forðast umr., þegar svo ber undir, og vænti ég, að hæstv. forseti reyni með þeirri lipurð, sem hann hefur til að bera, að tala til þeirra manna, sem mest vanrækja skyldur sínar í þessum efnum, og ég og aðrir eiga erfitt með að þola þetta.

Hermann Jónasson: Ég skal ekki ræða þetta frekar, en náttúrlega verða mér og ýmsum öðrum settar reglur um þetta, meðan sú regla er ekki haldin, sem er frumreglan, þ. e. að störfum í þinginu sé hagað þannig, að sæmandi sé fyrir þingið, því að sannleikurinn er sá, að þessu er nú þann veg háttað, að t. d. í gær voru flokksfundir boðaðir á sama tíma og deildarfundir, svo að við framsóknarmenn urðum að skipta mönnunum hjá okkur milli flokksfundar og í Ed., þar sem rætt var um dýrtíðarráðstafanir. (*Forseti:* Það var enginn flokksfundur í gær.) Það er rétt, hann var í fyrradag. En menn sjá, hve tilgangslaust það er að vera hér með mál, sem engu skiptir, til þess að halda fundi að nafninu til og láta líta svo út sem þingið starfi, er það hefur ekkert verið að starfa. Það koma inn mál rétt fyrir jólin, og það eru vinnubrögð, þegar þýðingarmikil mál eru til umr. hér í hv. Ed., að boða þá flokksfundi um leið. En hvaða mál hafa verið á dagskrá fram til þessa tíma, sem hafa haft þýðingu? Við skulum bara taka upp almennar umr. við þjóðina um þetta. Ég er fús til þess.

Hannibal Valdimarsson: Ég stóð ekki upp til þess að bera af mér neinar sakir, því að ég þykist oftast hafa verið mættur, þegar þingfundir hafa verið. En ég tók eftir því, að hæstv. forseti sagði, að dagskráin væri borin til þm., og væri fjarvera þeirra því ekki vegna þess, að þeir vissu ekki um fundina eða hvað á dagskrá væri. Ég held, að þetta sé ekki með öllu rétt. Ég held, að mér hafi ekki verið borin dagskrá, hvorki í fyrravetur né það sem af er þessum vetri, svo að ég hef ekki haft hugmynd um það, fyrr en ég hef grennslazt eftir því sjálfur. Má vera, að svo sé um fleiri þm.

Forseti (BSt): Það er lagt fyrir tilheyrandi starfsmenn þingsins að bera dagskrána til allra þm., og sé ekki hægt að boða þingfund með dagskrá, er hringt í alla þm. Nú skýrir hv. 3. landsk. frá, að hann hafi ekki fengið dagskrá, og skal reynt að bæta úr því. Ég mun taka þetta til greina og fyrirskipa, að þeir starfsmenn, sem um þetta eiga að sjá, beri dagskrána til hans, eins og annarra deildarmanna.

VI. Varamenn taka þingsæti.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd.

„Reykjavík, 12. okt. 1948.

Formaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins hefur í dag sent mér svolátandi bréf:

„Með því að herra alþingismaður Lúðvík Jósefsson verður fjarverandi næstu vikur sökum annríkis, hefur hann óskað þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Arnfinnur Jónsson skólastjóri, taki sæti hans á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt til athugunar með tilliti til þess, að fundur í sameinuðu þingi verður á undan fundi deildarinnar í dag.

Barði Guðmundsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þetta er tilkynning, sem ber að taka til greina. Kjörbréf þessa hv. varaþm. hefur áður verið rannsakað, svo að ég geng út frá því sem sjálfsögðu, að hann taki sæti á Alþingi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það væri æskilegt að fá upplýst, hvers konar annríki þetta er.

Forseti (JPálm): Það hefur ekki verið upplýst, en þetta hefur verið venja áður hér á þingi.

Á 21. fundi í Ed., 26. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Mér hefur borizt bréf frá hv. 1. þm. Reykv., dags. 25. nóv., svo hljóðandi:

„Herra forseti. Ég leyfi mér að tilkynna yður, að ég *mun fara utan á vegum ríkisstj.* næstu daga og vera fjarverandi 2—3 vikur. Óska ég þess, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi meðan ég er fjarverandi.

Virðingarfyllst

Björn Ólafsson."

1. varamaður hv. þm. er frú Auður Auðuns. Hefur kjörbréf hennar áður verið tekið gilt, og þess eru fordæmi, að varamaður hafi um stundarsakir setzt í þessa hv. d., er svona stendur á. Því tel ég ekkert við þessu að segja og álít, að frú Auður hafi rétt á að taka hér sæti, þegar henni þóknast. Hef ég af þessum sökum enga ástæðu til að láta bréf þetta ganga venjulega leið til hæstv. forseta Sþ.

(Varaþm. tók ekki sæti á þingi í fjarveru 1. þm. Reykv. þessu sinni).

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá

hæstv. forseta Ed. (ÞÞ), og er bréfið á þessa leið:

„Reykjavík, 26. jan. 1949.

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., hefur sent mér svolátandi bréf:

„Þar sem ég hef verið veikur og geri mér ekki von um að geta mætt á Alþingi næstu 14 daga, óska ég þess, að varamaður minn, Kristinn Guðmundsson skattstjóri á Akureyri, taki sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt til athugunar á fundi sameinaðs þings í dag.

Þorst. Þorsteinsson
1. varaforseti efri deildar."

Kjörbréf Kristins Guðmundssonar hefur áður verið rannsakað, og tekur hann nú sæti hv. 1. þm. Eyf. um sinn.

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BG): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Hallgrími Benediktssyni, 3. þm. Reykv.:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, óska ég þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Axel Guðmundsson skrifstofumaður, (1. varamaður, Auður Auðuns, er forfallaður), taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Ég vil bjóða hinn nýja þm., Axel Guðmundsson, velkominn til þings. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað, þar sem hann hefur áður átt sæti á Alþingi á kjörtímabilinu.

VII. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (BSt): Ég geri ráð fyrir því, að þetta verði síðasti fundur deildarinnar á þessu ári, þó að það geti nú hugsazt, að einhverjar ástæður valdi því, að fundur verði kallaður saman á mánudag.

Ég vil óska öllum hv. þdm., sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimkomu og góðrar ferðar, og öllum hv. þdm. gleðilegra jóla. — Til næsta fundar, sem væntanlega verður eftir þingfrestun, verður boðað með dagskrá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í garð okkar þdm., og óska honum og konu hans góðrar heimferðar og heimkomu og gleðilegra jóla. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Barð. árnaðaróskir í minn garð og sömuleiðis þakka ég undirtektir dm. — Fundi er slitið.

Á 29. fundi í Sþ., 20. des., mælti

forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 68. löggjafarþings, frá 20. desember 1948, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 21. janúar 1949.

Ritað í Reykjavík, 20. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson."

Samkvæmt þessu forsetabréfi lýsi ég hér með yfir, með því umboði, sem hér er veitt, að fundum þessa Alþ., 68. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja og verður kvatt til fundar að nýju eigi síðar en 21. jan. n. k.

Forseti (JPálm): Samkvæmt þessari ákvörðun, sem nú hefur verið hér gerð, og þar sem hæstv. forsrh. hefur lýst yfir frestun þingsins, þá skilja nú leiðir okkar þingmanna um stundarsakir, og margir þeirra, sem heima eiga úti á landi, fara sennilega heim til sín næstu daga og ef til vill þeir allir.

Ég vil óska hv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn og öllum starfsmönnum þingsins gleðilegra jóla og farsæls komandi nýárs, og öllum utanbæjarþm. og starfsmönnum góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég geri það fyrir hönd allra þingmanna — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð, og leyfi mér fyrir hönd okkar þm. að óska honum gleðilegra jóla nú, þegar hann fer heim, og hans fjölskyldu. Og eins óska ég hæstv. samforsetum hans, sem við höfum ekki haft tækifæri til að kveðja nú, gleðilegra jóla. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það samstarf, sem við höfum haft við hann, það sem af er þinginu, og vona, að við sjáumst aftur á næsta ári.

Ég bið hv. þm. að taka undir þessar óskir mínar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að taka undir þær. Ég vona, að við fáum að sjást hér heilir innan skamms aftur. — Fyrir þessum fundi liggur ekki fleira, og fundi er slitið.

Á 30. fundi í Sþ., 21. jan., mælti

forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Á ríkisráðsfundi 13. þ. m. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 68. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 21. janúar 1949, kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 13. janúar 1949.

Sveinn Björnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis, hins 68. löggjafarþings.

Forseti (JPálm): Samkvæmt þessari tilkynningu hefur nú Alþingi störf að nýju.

VIII. Minning látinna manna.

Á 14. fundi í Sþ., 5. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Í dag barst hingað sú fregn, að bændahöfðinginn Ágúst Helgason í Birtingaholti væri látinn, 86 ára að aldri. Hann átti sæti á Alþingi á einu þingi, 1926, og vil ég minnast hans með nokkrum orðum.

Ágúst Helgason fæddist í Birtingaholti 17. okt. 1862, sonur Helga Magnússonar bónda þar og konu hans, Guðrúnar Guðmundsdóttur bónda í Birtingaholti Magnússonar. Hann lærði söðlasmíði á æskuárum og síðar bókband. Hann reisti bú á Gelti í Grímsnesi árið 1888 og bjó þar næstu fjögur ár, en árið 1892 tók hann við búi í Birtingaholti og bjó þar alla tíð síðan. Snemma voru honum falin margháttuð trúnaðarstörf fyrir sveit sína og hérað. Hreppstjóri var hann um langt skeið og sýslunefndarmaður, formaður Sláturfélags Suðurlands frá stofnun þess 1907, formaður Búnaðarfélags Hrunamanna og formaður stjórnar Kaupfélags Árnesinga. Hann var skipaður í yfirfasteignamatsnefnd landsins 1919. Hann gerðist snemma áhugasamur um bætta búnaðarháttu og framfarir í verzlunarmálum bænda og var þar brautryðjandi á mörgum sviðum. Hann átti þátt í stofnun fyrsta rjómabús landsins, var einn af forgöngumönnum um stofnun Sláturfélags Suðurlands, Smjörbúasambands og Búnaðarsambands Suðurlands, Kaupfélags Árnesinga og Fiskiræktar- og veiðifélags Árnesinga. Hann var og fyrirmyndarbóndi og hlaut heiðurslaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda árið 1906.

Ágúst Helgason var maður stilltur og hóglátur, en vann ötullega og farsællega að þeim mörgu málum, sem hann gekkst fyrir eða var falið að standa fyrir, og var laginn að koma fram málum sínum án harðrar málafylgju, enda naut hann jafnan mikils trausts stéttarbræðra sinna og alls almennings.

Ágústs Helgasonar mun lengi verða minnzt sem eins helzta forustumanns sunnlenzkra bænda á sviði félags- og samvinnumála.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessa merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 30. fundi í Sþ., 21. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Um leið og þingið tekur nú aftur til starfa, vil ég minnast nokkrum orðum fyrrv. alþingismanns, sem fregn barst um í gærkvöld, að látizt hefði í fyrrinótt á 74. aldursári, Kára Sigurjónssonar bónda á Hallbjarnarstöðum á Tjörnesi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Kári Sigurjónsson fæddist á Kvíslarhóli á Tjörnesi 2. marz 1875, sonur Sigurjóns Halldórssonar bónda þar og konu hans, Dórotheu Jensdóttur bónda á Ingjaldsstöðum í Bárðardal Nikulássonar Buchs. Hann reisti bú á Hallbjarnarstöðum á Tjörnesi 1904 og bjó þar til dauðadags, en stundaði jafnframt bókbandsiðn, er hann lærði á æskuárunum. Þótt hann væri maður óframgjarn og hóglátur, var snemma tekið eftir greind hans og gjörhygli, og komst hann ekki hjá því að taka að sér ýmis trúnaðarstörf í héraði og þótti leysa þau öll vel og farsællega af hendi, enda var hann sérstakt snyrtimenni í öllum störfum, samvinnuþýður og manna prúðastur í framgöngu og viðskiptum við aðra menn. Af störfum þeim, er hann gegndi í almenningsþarfir, má nefna, að hann var sýslunefndarmaður frá 1912 og hreppstjóri frá 1924, þegar Tjörneshreppi var skipt frá Reykjahreppi. Hann sat á einu þingi, aukaþingi 1933, sem landskjörinn þingmaður og átti sæti í millþinganefnd í launamálum 1934.

Kári Sigurjónsson var margfróður og víðlesinn, þótt sjálfmenntaður væri, og lærði erlend tungumál af eigin rammleik. Einkum var hann vel að sér í jarðfræði. Í landi jarðar hans er Hallbjarnarstaðakambur með hinum alkunnu surtarbrandslögum. Orð er á því gert, hve vel hann var að sér um allt, er að þessari jarðmyndun laut, og urðu bæði innlendir og útlendir jarðfræðingar, er komu að skoða jarðlögin, furðu lostnir yfir þekkingu þeirri, er bóndinn á jörðinni hafði til að bera í þessum efnum, og fræðslu þeirri og leiðbeiningum, er hann gat veitt í rannsóknum þeirra.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa merkilega bónda og sæmdarmanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

IX. Kosningar.

1. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var tekin á dagskrá *kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1948 að telja til 31. des. 1951, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og var samkv. því kjörinn án atkvgr.

Bjarni Ásgeirsson atvmrh.

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var tekin á dagskrá *kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins 1948, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Sþ., 17. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason alþm., Jörundur Brynjólfsson alþm. og Sigurjón Á. Ólafsson alþm., á B-lista Ásmundur Sigurðsson alþm. — A-listi fékk 38 atkv., B-listi 8 atkv., 1 seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Pálmason,
Jörundur Brynjólfsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Stjórn áburðarverksmiðju.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var tekin á dagskrá *kosning þriggja manna í stjórn áburðarverksmiðju til ársloka 1952, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. (sbr. bráðabirgðaákvæði) nýafgreiddra laga frá þinginu um áburðarverksmiðju.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Sþ., 17. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram kom einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri,
Steingrímur Steinþórsson alþm.,
Jón Jónsson húsasmíðameistari frá Flateyri.

4. Skiptanefnd skáldastyrks og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. IX í fjárlögum fyrir árið 1949 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.*

Fram komu fjórir listar með einu nafni á hverjum. Þar sem stungið var upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson sýslum. (af D-lista),
Þorkell Jóhannesson prófessor (af B-lista),
Magnús Kjartansson ritstjóri (af C-lista),
Ingimar Jónsson skólastjóri (af A-lista).

X. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir lausir starfsmenn þingsins:

Skrifstofustörf og prófarkalestur:

Sigríður Bjarklind, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem, Erna Stefánsdóttir.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:

Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:

Teknir í þingbyrjun: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Ólafur Siggeirsson, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Emil Björnsson, Auðbjörg Tryggvadóttir (lét af starfi 13. marz; og var ráðinn í hennar stað Jóhannes Gíslason), Þorsteinn Valdimarsson, Sölvi Blöndal, Gísli Jónsson, Kristrún Guðmundsdóttir.

Teknir síðar eftir þörfum: Róbert Bjarnason, Baldur Jónsson, Halldór Ó. Jónsson (lét af starfi 21. apríl; og var þá ráðinn Indriði Pálsson), Þórður Jónsson, Sveinn Snorrason, Ólafur Jónsson.

Dyra- og pallavarzla:

Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Blandon, Jón Hjartarson, Þórður Jónsson, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Guðmundur Davíðsson, Albert Guðmannsson.

Þingsveinsstörf:

Rúnar Ólafsson (lét af starfi 17. des.; en eftir þinghlé voru ráðnir Páll Zóphóníasson og Sigurður Þ. Björnsson, hálfan daginn hvor), Ólafur Marinósson, Úlfur Hjörvar, Gunnar P. Ingólfsson (lét af starfi 24. nóv.; og var ráðinn í hans stað Guðni Arnberg Þorsteinsson).

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Halldóra B. Björnsson, Guðmundur Arnar Guðmundsson.

Fatagæzla:

Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Helgi Hjörvar.

XI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 113. fundi í Ed., 17. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Þetta verður að öllum líkindum síðasti fundur þessarar hv. deildar á þessu þingi, og vil ég því biðja um umboð hv. þdm. til að undirrita tvær síðustu fundargerðir. Ég skoða það samþ., ef enginn hreyfir andmælum gegn því. — Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka öllum dm. á þessu langa þingi ágæta samvinnu við mig sem forseta. Það gleður mig sérstaklega, að þótt deilur hafi orðið allharðar og sum orð verið látin falla, sem orka tvímælis, hvort þingleg séu, þá hefur slíkt ekki farið fram á fundum þessarar hv. d., heldur hafa hv. þm. sýnt hér mjög mikla prúðmennsku. — Ég óska svo öllum þeim, sem heima eiga utan Rvíkur, góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þdm. góðrar og farsællar framtíðar og sérstaklega nú gleðilegs og góðs sumars.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta góðar óskir í garð okkar þm. og fyrir ágæta fundarstjórn. Þá vil ég einnig óska honum góðrar framtíðar og gleðilegs sumars. Ég vil biðja hv. þm. að votta honum þakklæti sitt með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka þessar góðu óskir, um leið og ég endurtek mínar fyrri, og segi fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 113. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BG): Nú við lok síðasta fundar deildarinnar að þessu sinni vil ég nota tækifærið til þess að þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir ágætt samstarf og hið mikla umburðarlyndi þeirra gagnvart mér sem deildarforseta. Ég óska þeim hv. þingdeildarmönnum, sem eiga heima utan höfuðborgarinnar, góðrar ferðar og gleðirikrar heimkomu og öllum þingdeildarmönnum heilla og velfarnaðar í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að tala fyrir hönd allra þingdeildarmanna og þakka hæstv. forseta góðar óskir hans okkur til handa, þakka honum gott samstarf og drengilega fundarstjórn, óska, að við megum hittast heilir aftur og að hæstv. forseti megi eiga gott sumar. Vil ég biðja hv. þingdeildarmenn að standa upp og votta hæstv. forseta þakklæti okkar. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BG): Ég þakka alla þá velvild, sem mér er nú sýnd.

XII. Þinglausnir.

Á 78. fundi í Sþ., 18. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 11. okt. til 20. des. 1948 og frá 21. jan. til 18. maí 1949, eða alls 189 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	113
Í efri deild	113
Í sameinuðu þingi	78
Alls	304 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1.	Stjórnarfrumvörp:		
	a. Lögð fyrir neðri deild	22	
	b. Lögð fyrir efri deild	22	
	c. Lögð fyrir sameinað þing	2	
			46
2.	Þingmannafrumvörp:		
	a. Borin fram í neðri deild	69	
	b. Borin fram í efri deild	27	
			96
			142
Þar af:			
	a. Afgreidd sem lög:		
	Stjórnarfrumvörp	35	
	Þingmannafrumvörp	41	
	alls	76	lög
	b. Felld:		
	Þingmannafrumvörp		6
	c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:		
	Þingmannafrumvörp		9
	d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
	Þingmannafrumvarp		1
	e. Ekki útrædd:		
	Stjórnarfrumvörp		11
	Þingmannafrumvörp		39
			142

II. Þingsályktunartillögur:

49 bornar fram í sameinuðu þingi og 2 í neðri deild	51

Þar af:

a. Ályktanir Alþingis	8
b. Ályktun neðri deildar	1
c. Felld	1
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar	2
e. Ekki útræddar	39
	51

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuði þingi, 68, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	18

Þar af:

a. Ræddar að fullu	66
b. Rædd að nokkru	1
c. Ekki rædd	1

Mál til meðferðar í þinginu alls 211
Tala prentaðra þingskjala alls 822

Síðan mælti

forseti (JPálm): Ég þakka hv. alþingismönnum og hæstv. ríkisstjórn og öllu starfsfólki Alþingis góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta. Ég óska þeim öllum gleðilegrar hátíðar og gæfuríks sumars. Öllum utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vona, að þingmenn hittist heilir, þegar Alþingi hefst að nýju.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þm. að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Við kveðjum hann nú eftir langan vetur, er hann heldur heim til bústarfa sinna við Húnaflóa, þar sem hafísinn siglir nú inn. Við óskum honum góðrar heimferðar og heimkomu og honum og fjöl-

skyldu hans góðrar heilsu. Við vonum að hitta hann heilan á komandi hausti. Ég vil svo biðja alla hv. þm. að rísa úr sætum sínum til virðingar við hæstv. forseta. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að taka undir þær.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Í ríkisráði í gær var gefið út svolátandi bréf handhafa valds forseta Íslands:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gera kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 68. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gert í Reykjavík, 17. dag maímánaðar 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson (Sign.)
Jón Pálmason (Sign.)
Árni Tryggvason (Sign.)
(L. S.)

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir."

Með því að þetta reglulega Alþingi hefur lokið störfum, segi ég þinginu slitið.

Var síðan af þingi gengið.